Vinnumaður (1)	—	1200
Laun vegna sumarfría	—	2500
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	39700

14. Reykjahælið í Ölfusi:

Læknir (1)	kr.	4500
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Ráðskona (1)	—	1800
Vinnumaður (1)	—	1200
Starfsstúlkur (5)	—	3750
Prestur (1)	—	400
Laun vegna sumarfría	—	950
Samtals	kr.	15000

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál:

Vegamálastjóri (þar af kr. 1000 fyrir eftirl. með vatnsrennslismæl.)	kr.	7000
Skrifstofustjóri og bókari (1)	—	6750
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	5750
Verkfræðingar (4)	—	20000
Mælingamaður (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	3300
Ritari (1)	—	2700
Vélamaður (1)	—	4500
Samtals	kr.	55000

B. I. a. Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdarstjóri (1)	kr.	9000
Skrifstofustjóri (1)	—	6500
Bókari (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Innkaupamaður (1)	—	5000
Ritari (1)	—	2100
Verkstjórar (2)	—	9300
Samtals	kr.	41900

C. I.—II. Vitamál:

Vitamálastjóri (1)	kr.	7200
Vitaverkfræðingur (1)	—	5900
Hafnaverkfræðingur (1)	—	5900
Aðstoðarverkfræðingar (3)	—	15570
Gjaldkeri og bókari (1)	—	3600
Efnisvörður (1)	—	4560
Kafari (1)	—	3825

		Laun alls
Ritari (1)	kr.	3000
Vélritari (1)	—	2100
Vitaverðir (54)	—	32000
Samtals	kr.	83655

14. gr. fjárlaga.

A.
Þjóðkirkjan:

Biskup (1)	kr.	7000
Prestar (2)	—	11900
Prestur (1)	—	5813
Prestar (3)	—	17250
Prestar (3)	—	17100
Prestur (1)	—	5500
Prestar (3)	—	15225
Prestur (1)	—	4920
Prestar (2)	—	9750
Prestur (1)	—	4750
Prestur (1)	—	4480
Prestar (17)	—	71400
Prestar (38)	—	152000
Prestar (3)	—	11850
Prestar (4)	—	15000
Prestar (3)	—	11100
Prestar (4)	—	14000
Prestar (5)	—	17250
Prestar (6)	—	19500
Prestur (1)	—	3200
Prestar (2)	—	6000
Samtals	kr.	424988

B.
I. Háskólinn.

Prófessorar (8)	kr.	48000
Prófessor (1)	—	5500
Prófessorar (3)	—	15000
Prófessorar (3)	—	14850
Aukakennarar (2), 2000 og 1600	—	3600
Ritari (1)	—	4000
Samtals	kr.	90950

II. Rannsóknarstofa háskólans.

Forstöðumaður (1), (fyrir ranns. húsdýrasjúkd. kr. 1000)	kr.	8200
Aðstoðarlæknir (1)	—	7200
Aðstoðarstúlkur (7)	—	16800
Vikamaður (1)	—	720
Samtals	kr.	32920

III. Fræðslumálaskrifstofan.	Laun alls
Fræðslumálastjóri (1)	kr. 7000
Fulltrúi (1)	— 5400
Ritarar (2), 3600 og 2400	— 6000
Samtals	kr. 18400

IV. Menntaskólinn í Reykjavík.	
Rektor (1), (auk þess risnufé 2000, húsaleigustyrkur 3000)	kr. 5000
Yfirkennarar (4)	— 20000
Kennarar (3)	— 15000
Kennarar (2)	— 9492
Kennarar (3)	— 11763
Kennari (1), að ⅔	— 2510
Dyravörður (1)	— 1875
Samtals	kr. 65640

V. Menntaskólinn á Akureyri.	
Skólameistari (1), (auk þess risnufé 2000, húsnæði, ljós og hiti)	kr. 5000
Kennarar (2)	— 10000
Kennarar (2)	— 9492
Kennari (1)	— 4382
Kennarar, settir (3)	— 11763
Samtals	kr. 40637
Aukakennarar (stundakennsla)	— 23500
Samtals	kr. 64137

VI. Kennaraskólinn.	
Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4746
Kennarar (2)	— 7842
Kennari (1)	— 4600
Aukakennari (1)	— 3500
Aukakennari að ⅓	— 1255
Samtals	kr. 21943

VII. Stýrimannaskólinn.	
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2), 5100 og 4382	— 9482
Dyravörður að ⅓	— 600
Samtals	kr. 14682

VIII. Vélstjóraskólinn.	
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2), 5100 og 3500	— 8600
Dyravörður að ⅔	— 1200
Samtals	kr. 14400

IX. Bændakennsla.

1. Hólaskóli:	Laun alls
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr. 2875
Kennarar (2), 3250 og 2125	— 5375
Samtals	kr. 8250

2. Hvanneyrarskóli:	
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr. 2750
Kennarar (2), 2750 og 2000	— 4750
Samtals	kr. 7500

XIII. Barnakennarar.

Í Reykjavík (98)	kr. 171000
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur (68)	— 132000
Fastir kennarar utan kaupstaða (136)	— 247000
Farkennarar (137)	— 78000
Samtals	kr. 628000

XIV. Eiðaskóli.

Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4200
Kennarar (2), 3250 og 2500	— 5750
Samtals	kr. 9950

XVI. Málleysingjaskólinn.

Skólastýra (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 3500
Kennslukonur (3)	— 8437
Samtals	kr. 11937

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

Landsbókavörður (1)	kr. 6000
Bókavörður (1)	— 4600
Bókavörður (1)	— 4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	— 8800
Dyravörður í safnahúsinu (1)	— 1875
Samtals	kr. 25775

2. Þjóðskjalasafnið.

Þjóðskjalavörður (1)	kr. 4950
Aðstoðarmaður (1)	— 3960
Samtals	kr. 8910

3. Þjóðminjasafnið.

Þjóðminjavörður (1)	kr. 5500
Samtals	kr. 5500

42. Friðun Þingvalla.

Umsjónarmaður (1), (auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita)	kr. 4200
Samtals	kr. 4200

16. gr. fjárlaga.

2. Búnaðarfélag Íslands.	Laun alls
Stjórnarnefnd (3)	kr. 1500
Búnaðarmálastjóri (1)	— 6000
Ritstjóri búnaðarblaðs (1)	— 6500
Ráðunautar (7)	— 27350
Aðstoðarmenn (2)	— 7020
Ritarar (2)	— 8200
Ráðunautur um laxaklak	— 2700
Samtals	kr. 59270

3. Sandgræðslan.	
Sandgræðslumaður (1)	kr. 3600
Samtals	kr. 3600

15. Skógræktin.	
Skógræktarstjóri (1)	kr. 5240
Skógarverðir (2)	— 3000
Skógarvörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 600)	— 2100
Samtals	kr. 10340

17. Dýralæknar.	
Dýralæknar (3)	kr. 12110
Dýralæknir (1)	— 3500
Dýralæknir (1)	— 3125
Samtals	kr. 18735

20. Atvinnudeild í háskólanum.	
Efnarannsóknarstofan:	
Forstöðumaður (1)	kr. 4800
Aðstoðarmaður (1)	— 5600
Samtals	kr. 10400

21. Veðurstofan.	
Forstöðumaður (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	kr. 6900
Fulltrúi (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	— 7000
Aðstoðarmenn (2)	— 9460
Loftskeytamenn (2)	— 6520
Vélritari (1)	— 1275
Aukavinna	— 2745
Samtals	kr. 33900

22. Rafmagnseftirlit.	
Forstöðumaður (1)	kr. 5830
Skoðunarmaður (1)	— 4200
Skrifstofumaður (1)	— 2760
Samtals	kr. 12790

25. Fiskifélagið.	
Forseti (1)	kr. 7200
Stjórnarnefnd (2)	— 1000

		Laun alls
Vélfræðingur (1)	kr.	6000
Fiskifræðingur (1)	—	4800
Skrifstofustjóri (1)	—	5400
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Erindrekar (4)	—	10000
Samtals	kr.	36800

28. Laun yfirmatsmanna.

Fiskimatsstjóri (1)	kr.	8000
Fiskimatsmaður í Reykjavík (1)	—	5000
Fiskimatsmenn (3)	—	13800
Fiskimatsmaður (1)	—	3800
Ullarmatsformaður (1)	—	1000
Ullarmatsmenn (3)	—	1500
Kjötmatsmenn (3)	—	2250
Lýsismatsmaður (1)	—	2400
Samtals	kr.	37750

29. Skipaskoðun.

Skipaskoðunarstjóri (1)	kr.	6000
Skrifstofumaður (1)	—	3000
Skipaskráningarmaður (1)	—	1800
Samtals	kr.	10800

32. Gjaldeyrisnefnd.

Formaður (1)	kr.	8400
Nefndarmenn (4)	—	16800
Skrifstofustjóri (1)	—	7600
Ritarar (8)	—	33600
Vélritarar (4)	—	7620
Samtals	kr.	74020

61. Húsameistari ríkisins.

Húsameistari (1), (þar af persónul. uppbót 2400)	kr.	8400
Fulltrúi (1)	—	5400
Aðstoðarmenn (2)	—	9000
Samtals	kr.	22800

69. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Forstjóri (1)	kr.	8000
Landkynnir (1)	—	8000
Skrifstofustjóri og gjaldkeri (1)	—	6000
Bréfritari (1)	—	3600
Samtals	kr.	25600

17. gr. fjárlaga.

5. Tryggingarstofnun ríkisins.

Tryggingarráð (3)	kr.	5400
Forstjóri (1)	—	10000
Yfirlæknir, ½ laun	—	6000

	Laun alls
Endurskoðandi, ½ laun	kr. 2700
Deildarstjóri slysatr. (1)	— 6000
Gjaldkeri (1)	— 5000
Bókari sjúkratrygginga (1)	— 4800
Skrifstofumaður (1)	— 4200
Skrifstofustúlkur (3)	— 4500
Símastúlka (1)	— 1260
Sendisveinn (1)	— 1260
Samtals	kr. 51120

Stofnanir, sem ekki eru í fjárlögum.

Mjólkursamsalan:

Formaður (þar í ferðakostnaður og dvalarkostn. í Rvík)	kr. 3600
Nefndarmenn (6) (þóknun samkv. lögum, áætl.)	— 1000
Framkvæmdarstjóri (1)	— 12000
Bókarar (2)	— 10800
Gjaldkeri (1)	— 3300
Skrifstofustúlkur (2)	— 3900
Eftirlitsmaður (1)	— 3900
Samtals	kr. 38500

Kjötverðlagsnefnd:

Formaður (1)	kr. 4800
Nefndarmenn (4)	— 3000
Skrifstofustúlka (1)	— 2400
Samtals	kr. 10200

Fiskimálanefnd:

Formaður (1)	kr. 3600
Nefndarmenn (6)	— 14400
Skrifstofustjóri (1)	— 10800
Skrifstofumaður (1)	— 4200
Vélritunarstúlka (1)	— 2400
Sendimaður erlendis (1)	— 11700
Harðfisksráðunautur (1)	— 6600
Verkstjóri í hraðfrystistöðinni (1)	— 4800
Vélamaður (1)	— 4200
Samtals	kr. 62700

Síldarútvegsnefnd:

Formaður (1)	kr. 3500
Nefndarmenn (4)	— 10500
Skrifstofustjóri (1)	— 6000
Bókari (1)	— 3600
Starfsmenn ½ árið (3)	— 7800
Samtals	kr. 31400

		Laun alls
Síldarverksmiðjur ríkisins:		
Stjórnarnefnd (3)		kr. 13500
Framkvæmdarstjóri (1)		— 12000
a. Á Siglufirði:		
Skrifstofustjóri (1)	kr. 8000	
Verkstjóri (1)	— 6000	
Yfirvélstjóri (1)	— 6500	
Vélstjóri (1)	— 6000	
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4300	
Vélsmiður (1)	— 4000	
Rafvirki (1)	— 4000	
Lýsismaður (1)	— 3600	
Skrifstofumenn (2)	— 9000	
Skrifstofustúlka (1)	— 2400	
	————	— 53200
b. Á Sólbakka:		
Verkstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4800	
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4800	
	————	— 9600
c. Á Raufarhöfn:		
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)		— 3000
	Samtals	kr. 91300
Brunabótafélag Íslands:		
Forstjóri (1)		kr. 7200
Skrifstofustjóri (1)		— 6000
Gjaldkeri (1)		— 4800
Bókari (1)		— 4200
Ritari (1)		— 3300
Vélritarar (2)		— 6000
	Samtals	kr. 31500

Laun eru í starfsmannaskrá þessari talin, eins og þau eru greidd 1. jan. 1937, að viðbættum aldurshækkunum hjá þeim starfsmönnum, sem laun taka samkv. launalögum og nokkrum sambærilegum hækkunum hjá öðrum lágt launuðum starfsmönnum.

Skrá yfir lögmæt eftirlaun embættismanna, embættismannaekkna og barna 1. september 1937.

		kr.	kr.
	A. Skrá yfir lögmælt eftirlaun embættismanna:		
1.	Ari Arnalds, fv. bæjarfóg.	1260,00	
2.	Axel V. Tulinius, fv. sýslum.	1876,62	
3.	Björgvin Vigfússon, fv. sýslum.	1270,83	
4.	Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum.	1160,00	
5.	Davíð Sch. Thorsteinsson, fv. héraðsl.	1266,67	
6.	Einar Benediktsson, fv. sýslum.	641,91	
7.	Georg Georgsson, fv. héraðsl.	960,00	
8.	Guðm. Eggerz, fv. sýslum.	1558,52	
9.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1000,00	
10.	Guðm. T. Hallgrímsson, fv. héraðsl.	760,00	
11.	Guðm. Hannesson, fv. próf.	2266,67	
12.	Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifstofustj.	1120,00	
13.	Halldór Steinsson, fv. héraðsl.	1000,00	
14.	Helgi Guðmundsson, fv. héraðsl.	1000,00	
15.	Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	6000,00	
16.	Jón Jónsson, fv. héraðsl.	991,67	
17.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
18.	Magnús Guðmundsson, fv. sýslum.	1060,00	
19.	Magnús Helgason, fv. skólastj.	4200,00	
20.	Magnús Jónsson, fv. bæjarfógeti	4446,94	
21.	Magnús Torfason, fv. sýslum.	2333,33	
22.	Ólafur Thorlacius, fv. héraðsl.	860,00	
23.	Páll Einarsson, fv. hæstaréttard.	8000,00	
24.	Sigurður Briem, frv. aðalpóstmeistari	6000,00	
25.	Sigurður Magnússon, fv. héraðsl.	963,33	
26.	Sigurður P. Sívertsen, fv. próf.	1000,00	
27.	Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1180,00	
28.	Skúli Árnason, fv. héraðsl.	800,00	
29.	Steingr. Jónsson, fv. bæjarfógeti	5599,40	
30.	Steingr. Matthíasson, fv. héraðsl.	860,00	
			62897,11
	B. Lögboðin eftirlaun embættismannaekkna:		
1.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Níelssonar próf.	340,00	
2.	Álfheiður Helga Briem, ekkja P. Briem	625,00	
3.	Anna Daníelsson, ekkja H. Daníelssonar hæstaréttard.	859,37	
4.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis	150,00	
5.	Anna Jónsdóttir, ekkja Stef. Gíslasonar héraðsl.	187,50	
6.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar frv. ráðh.	750,00	
7.	Ásta Hallgrímsson, ekkja T. Hallgrímssonar skólak.	350,00	
8.	Carólína Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtm.	750,00	
9.	Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhs. Sigfússonar kennara	240,00	
10.	Christophine Bjarnhéðinsson, ekkja Sæm. Bjarnhéðinssonar prófessors	375,00	
11.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðsl.	187,50	
	Flyt	4814,37	62897,11

		kr.	kr.
	Flutt	4814,37	62897,11
12.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þ. Pálssonar héraðsl.	187,50	
13.	Guðrún Briem, ekkja E. Briem hæstaréttard.	1100,00	
14.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðsl.	189,37	
15.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hj. Jónssonar héraðsl.	305,00	
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar héraðsl.	212,50	
17.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðsl.	150,00	
18.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Aðils prófessors	340,00	
19.	Jenny Forberg, ekkja O. Forberg landssímastj.	500,00	
20.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðsl.	237,50	
21.	Lára Malvina Scheving, ekkja G. Scheving héraðsl.	187,50	
22.	Margrét Árnadóttir, ekkja P. V. Bjarnasonar sýslum. ..	350,00	
23.	Margrét Lárusdóttir, ekkja G. Þorsteinssonar héraðsl.	150,00	
24.	Martha Þorvaldsson, ekkja Jóns Þorvaldssonar héraðsl.	450,00	
25.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis ..... kr. 150,00 Samkvæmt konungsúrskurði 1⅝ 1927, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: Gunnar, f. ¾ 1922 ..... — 100,00 Ólafur, f. ⅝ 1924 ..... — 100,00	350,00	
26.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðsl. ..... kr. 187,50 Samkvæmt konungsúrskurði 2⅝ 1924, með börnum hennar til 16 ára aldurs 80 kr. árl.: Axel Valgarður, f. 2⅝ 1922 ..... — 80,00	267,50	
27.	Sigríður Blöndal, ekkja B. Blöndals héraðsl.	150,00	
28.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson, ekkja J. Jenssonar yfirdómara	500,00	
29.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bj. Jenssonar héraðsl.	187,50	
30.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara ..	450,00	
31.	Sigrún Bjarnason, ekkja Þorl. H. Bjarnason yfirkennara	400,00	
32.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja St. Stefánss. skólameist.	715,82	
33.	Súsanna Erlendsson, ekkja Hinriks Erlendssonar héraðsl. ..... kr. 187,50 Samkv. kgúrsk. ⅞ 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: 1. Sigríður, f. 1⅙ 1922 ..... — 100,00 2. Friðrik, f. 2⅖ 1925 ..... — 100,00 3. Bjarni, f. ⅘ 1927 ..... — 100,00	487,50	
34.	Susie Briem, ekkja Halldórs Briem bókav.	300,00	
35.	Theodóra Thoroddsen, ekkja Sk. Thoroddsen sýslum.	535,17	
36.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndal héraðsl.	187,50	
37.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sig. Pálssonar héraðsl.	212,50	
38.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðh.	1200,00	
39.	Þórunn Hafstein, ekkja Marino Hafsteins sýslum.	315,00	
	Flyt	15432,23	62897,11

		kr.	kr.
	Flutt	15432,23	62897,11
40.	Þórunn Siemsen, ekkja Fr. Siemsen sýslum.	391,90	
41.	Þuríður Kvaran, ekkja Sig. H. Kvaran héraðsl.	150,00	
42.	Margrét Björnsson, ekkja G. Björnssonar landl.	875,00	
			16849,13
	C. Lögmælt eftirlaun prestsekkna:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
3.	Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði	162,10	
4.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
5.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	256,84	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
8.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
9.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
10.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi	126,44	
11.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað	212,94	
12.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107,54	
13.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
14.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum	314,81	
15.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
16.	Guðrún N. Sveinsdóttir frá Lundi	100,00	
17.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
18.	Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168,00	
19.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,74	
20.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	158,95	
21.	Helga Ketilsdóttir frá Stað í Grindavík	100,00	
22.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
23.	Helga Stephensen frá Holti	184,36	
24.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
25.	Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142,56	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni	224,00	
27.	Kristín Jónsdóttir frá Brjánslæk	103,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum	314,81	
29.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	131,36	
30.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum	131,85	
31.	Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
32.	Ragnheiður Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði ..	131,36	
33.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti, Önf.	184,36	
34.	Sigríður Helgadóttir frá Odda	215,70	
35.	Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	129,42	
36.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
37.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
38.	Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti	156,00	
39.	Sigurlaug Knudsen frá Breiðabólstað	133,00	
40.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
41.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen frá Bjarnanesi	200,22	
42.	Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík	164,63	
43.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
	Flyt	6488,76	79746,24

		kr.	kr.
	Flutt	6488,76	79746,24
44.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
45.	Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu	82,72	
46.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
47.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
			6918,57
	D. Lög nr. 49 1923:		
	Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri alþingis		2500,00
	E. Lög nr. 51 1921, 8. gr.:		
1.	Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar símritara ..... kr. 220,00		
	Sonur hennar Örn, f. 3/6 1925, til 16 ára .. — 100,00		
		320,00	
2.	Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	300,00	
3.	Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarsonar dýral. ..	250,00	
4.	Ásta Halldórsdóttir, ekkja Óskars Jónssonar póstafgreiðslumanns ..... kr. 240,00		
	Börn hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Edda, f. 5/6 1931 ..... — 100,00		
	2. Eva, f. 12/8 1934 ..... — 100,00		
		440,00	
5.	Björg Jónsdóttir, ekkja Sig. Þórðars. prests kr. 200,00		
	Börn hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Bjarghildur Ingibjörg, f. 9/4 1926 ..... — 100,00		
	2. Oddrún Valborg, f. 3/1 1928 ..... — 100,00		
		400,00	
6.	Guðbjörg Árnadóttir, ekkja Jóns Karlssonar héraðsl.	350,00	
7.	Harriet Jónsson, ekkja Magn. Jónssonar lagaprófs.	450,00	
8.	Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndal póstritara	350,00	
9.	Hrefna Einarsdóttir læknisekkja	350,00	
10.	Ingibjörg Ögmundsdóttir, ekkja Guðm. Eyjólfssonar símstjóra ..... kr. 180,00		
	Sonur hennar til 16 ára aldurs:		
	Ögmundur, f. 23/4 1924 ..... — 100,00		
		280,00	
11.	Margrét Þórðardóttir, ekkja Guðna Hjörleifss. héraðsl.	450,00	
12.	María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgr. Péturss. fiskimm.	240,00	
13.	María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenssonar póstafgrm.	240,00	
14.	Marta Þórarinsdóttir, ekkja Viggós Snorrasonar símamanns ..... kr. 180,00		
	Barn hennar til 16 ára aldurs:		
	Helga, f. 21/7 1927 ..... — 100,00		
		280,00	
	Flyt	4700,00	89164,81

		kr.	kr.
	Flutt	4700,00	89164,81
15. Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar símstjóra	kr. 260,00		
Börn hennar til 16 ára aldurs:			
1. Guðný, f. 20/7 1925	— 100,00		
2. Magnús, f. 1/11 1928	— 100,00		
		460,00	
			5160,00
	Samtals	. . .	94324,81

2. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna hinnar miklu þátttöku, sem verði í síldveiðum á þessu sumri og hins mikla skipafjölda, sem á síldveiðar muni ganga, sé það fyrirsjáanlegt, að skortur hljóti að verða á vélstjórum með lögmæltum vélstjóraskírteinum og að full vissa sé fyrir því, að ekki verði hægt að gera öll skipin út, nema atvinnu- og samgöngu-

málaráðuneytinu verði heimilað að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum að því er snertir skilyrði til vélgæzlu á eimskipum. Samkvæmt þessu verðum Vér að telja brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Aabenraa, 30. maí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Við 32. grein kosningalaganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið fyrir viðkomandi kjördæmi, áður en birt hefir verið framboð manns þess, sem býður sig fram í stað þess, er lézt, ekki koma til greina við talning atkvæða og úrslit kosninga. Hinsvegar skal kjósendum, er greitt hafa utankjörstaðaratkvæði fyrir ofangreindan tíma, heimilt að kjósa á ný við utankjörstaðarkosningu, eftir því, sem tími vinnst til.

Þegar eftir að framboð staðgengils hins látna hefir borizt yfirkjörstjórn símar hún dómsmálaráðuneytinu um það, en ráðuneytið birtir framboðið í útvarpinu og sendir öllum yfirkjörstjórnum landsins tilkynningu um það. Miðast endurupptaka utankjörstaðarkosningarinnar við þessa birtingu.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar skulu einnig gilda eftir því, sem við á við kosningar samkvæmt 135. grein kosningarlaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð Oss, að einn af frambjóðendum til Alþingis við kosningar þær, sem fram eiga að fara hinn 20. þessa mánaðar, hafi látist hinn 8. þessa mánaðar. Nú sé í 32. gr. kosningalaganna, sbr. 135. gr., heimild til að bjóða fram mann í stað hins látna, en hins vegar vanti í kosningalögin ákvæði um, hvernig fara skuli með utankjörstaðaratkvæði, sem greidd hafa verið áður en hinn nýi frambjóðandi kemur til sögunnar; svo bresti og heimild til að endurtaka utankjörstaðarkosninguna vegna hins breytta ástands.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Við 32. grein kosningalaganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið fyrir viðkomandi kjördæmi, áður en birt hefir verið framboð manns þess, sem býður sig fram í stað þess, er lézt, ekki koma til greina við talning atkvæða og úrslit kosninga. Hinsvegar skal kjósendum, er greitt hafa utankjörstaðaratkvæði fyrir ofangreindan tíma, heimilt að kjósa á ný við utankjörstaðarkosningu, eftir því, sem tími vinnst til.

Þegar eftir að framboð staðgengils hins látna hefir borizt yfirkjörstjórn símar hún dómsmálaráðuneytinu um það, en ráðuneytið birtir framboðið í útvarpinu og sendir öllum yfirkjörstjórnum landsins tilkynningu um það. Miðast endurupptaka utankjörstaðarkosningarinnar við þessa birtingu.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar skulu einnig gilda eftir því, sem við á við kosningar samkvæmt 135. grein kosningalaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skagen, 10. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

4. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 5 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Lagt fyrir Alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Í stað „30. sept." í 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 5, 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda komi: 31. desember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 5, 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þar sem lánveitingum úr Skuldaskilasjóði vélbátaeigenda verði ekki lokið 30. september þ. á., sé óhjákvæmilegt að lengja þegar hinn lögákveðna lánveitingartíma til ársloka 1937. Teljum Vér því brýna nauðsyn bera til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Í stað „30. sept." í 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 5, 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda komi: 31. desember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 30. september 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

Nd. 5. Frumvarp til laga

um Byggingarsjóð sveitanna.

Flm.: Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum landsins.

2. gr.

Sjóðurinn er deild í Búnaðarbanka Íslands. Stjórn bankans annast alla stjórn sjóðsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er Byggingar- og landnámssjóður eins og hann er nú.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir og afborganir af útistandandi lánum.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 250 þúsund krónur.
3. Styrkur ríkissjóðs til endurbygginga, 100 þúsund krónur á ári næstu 10 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal gefa út vaxtabréf, er nefnast **byggingarsjóðsbréf.** Skulu það vera skuldabréf, er hljóða upp á handhafa. Stjórn sjóðsins kveður á um lögun og útlit bréfanna. Fjármálaráðherra og aðalbankastjóri Búnaðarbankans undirskrifa bréfin. Vaxtabréfin skulu gefin út í flokkum, og ákveður stjórn sjóðsins, hvenær hverjum flokki er lokið og nýr stofnaður. Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Byggingarsjóðs sveitanna. Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í fyrsta flokki gefur sjóðurinn út allt að 2 milljónum króna byggingarsjóðsbréfa, er séu undanþegin bæði tekjuskatti og eignarskatti, enda skal eigendum þeirra eigi skylt að telja þau fram til skatts. Vextir bréfanna mega eigi vera hærri en 3½% og söluverð þeirra eigi undir nafnverði. Að öðru leyti fer útgáfa byggingarsjóðsbréfanna eftir reglugerð, er ráðherra setur. Sé þar ákveðið um fjárhæð bréfanna, vexti, gjalddaga vaxtanna og hvernig haga skal auglýsingu um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabréfa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 50 árum frá því er flokkurinn var stofnaður.

5. gr.

Leggja skal í varasjóð 25% af tekjuafgangi þeim, sem verða kann samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins. Fé varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxta á þann hátt, að handbært sé, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Byggingarsjóðs sveitanna. Af fé varasjóðs skal greiða tap, sem Byggingarsjóður sveitanna kann að verða fyrir vegna útlána.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum Byggingarsjóðs sveitanna er:

1. Skuldabréf þau, er hann fær frá lántakendum.
2. Varasjóður Byggingarsjóðs sveitanna.
3. Höfuðstóll Byggingarsjóðs sveitanna.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, sé það gert í þeirri röð, sem hér er talin.

7. gr.

Lán úr sjóðnum eru eingöngu veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum með þessum skilyrðum:

1. Að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattaskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan samþykkt af stjórn sjóðsins.
5. Að húsin séu vátryggð í Brunabótafélagi Íslands.
6. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
7. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunabótafélags Íslands.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
2. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sé býlið ekki veðsett með 1. veðrétti.
3. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga, að áskildu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

9. gr.

Lánin veitast með þessum kjörum:

1. Vextir og afborgun lánanna sé ekki yfir 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Lán þessi mega nema:
   a. verði aðflutts byggingarefnis, að því leyti sem það er ekki greitt með byggingarstyrk. Þar til telst þó ekki sandur, mór, möl, steinn, torf eða mosi, þótt afla verði utan landareignarinnar.
   b. Allt að ⅔ hlutum af kaupi steinsmiða og trésmiða, er nauðsynlega þurfa að vinna að húsagerðinni.

   Lán þessi mega þó ekki fara yfir 6 þúsund krónur til sama manns.

10. gr.

Lánin greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum, þannig: Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er allt keypt og komið á staðinn. Annan hlutann þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð. Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir samkv. 9. gr.

11. gr.

Stjórn Byggingarsjóðs sveitanna er heimilt að verja árlega á næstu 10 árum allt að 100 þúsund krónum á ári til að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum.

12. gr.

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að skilríki þau, er lánbeiðandi leggur fram samkv. 7. gr., beri það með sér:

1. Að bóndinn getur ekki staðið straum af nauðsynlegu byggingarláni.
2. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði héraðslæknis, að heimilisfólki sé þar búið heilsutjón.
3. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða byggð samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936. Þegar þessi skilyrði eru fyrir hendi, á hlutaðeigandi rétt á byggingarstyrk, sem svarar

helmingi verðs útlends byggingarefnis til byggingarinnar, komins á næstu höfn, þó aldrei yfir 2000 krónur á býli.

Styrkurinn greiðist þegar stjórn sjóðsins hefir fengið fullnaðarreikning yfir byggingarkostnaðinn.

13. gr.

Stjórn sjóðsins setur byggingarfróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sé vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrirmælum hans. Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

14. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, er lán hefir verið veitt til úr sjóðnum. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

15. gr.

Byggingarsjóður sveitanna sér þeim, er lán fá úr sjóðnum, fyrir ókeypis teikningum af húsum þeim, sem lán er veitt til, svo og ókeypis leiðbeiningum um allt, er að byggingunum lýtur.

16. gr.

Stjórn Byggingarsjóðs sveitanna hlutast til um, að gefin verði út leiðbeinandi rit um húsagerð í sveitum, með fyrirmyndum og leiðbeiningum fyrir bændur, og er stjórninni heimilt að verja til þess af fé því, er sjóðurinn fær til umráða samkvæmt 3. lið 3. gr.

17. gr.

Nú verða ábúenda- og eigendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við Byggingarsjóð sveitanna, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því, er fasteignamat fór síðast fram.

Sé um leiguábúð að ræða, má eftirgjaldið ekki vera hærra en sem svarar 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat, og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar. Ef fasteign er seld eða leigð hærra en hér segir, fellur lán það, er á eigninni hvílir, í gjalddaga fyrirvaralaust.

18. gr.

Um endurskoðun reikninga Byggingarsjóðs sveitanna, starfsskýrslu o. fl. fer eins og fyrir er mælt í lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 35 7. nóv. 1928, um Byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim lögum, nr. 54 8. sept. 1931.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Byggingar- og landnámssjóður hefir nú starfað um 8 ára skeið. Sjóðurinn hefir á þessum árum stuðlað allverulega að byggingu íbúðarhúsa í sveitum, ásamt Ræktunarsjóði. Frá þessum tveimur sjóðum er megnið af því lánsfé runnið, er farið hefir

til bygginga í sveitum á síðari árum. Samkv. athugunum, er gerðar hafa verið, telst svo til, að sjóðirnir hafi lánað samtals 84 lán á ári að meðaltali síðari árin til íbúðarhúsbygginga í sveitum, en sterkar líkur benda til þess, að endurbyggingarþörf sveitanna sé að minnsta kosti 140—150 íbúðarhús á ári, og að svo muni verða næsta áratuginn.

Af þessu er það augljóst, að þessir sjóðir geta ekki fullnægt þörfum bændanna fyrir nauðsynlegum byggingarlánum með því fjármagni, sem þeir hafa nú yfir að ráða. Síðan Byggingar- og landnámssjóður tók til starfa hafa orðið stórfelldar breytingar á efnahag bænda. Margir, er þá voru taldir efnamenn eða góðir bjargálna bændur, eru nú tæplega sjálfbjarga efnalega og hafa orðið að veðsetja jörð og bú. Liggja til þess orsakir, sem flestum eru kunnar og ekki verða raktar hér.

Af þessu hefir leitt, að nú þurfa miklu fleiri bændur en áður hagkvæm lán og aðstoð til þess að koma upp sæmilegum byggingum á jörðum sínum. Gömlu bæirnir í sveitunum halda áfram að hrörna; þeir bíða ekki eftir bættum hag bænda. Við borð liggur, að margar jarðir víðsvegar um land fari í eyði vegna þess, að bæjarhús eru öll komin að falli og eigendur þeirra geta ekki byggt yfir sig viðunandi með þeim lánskjörum, sem nú eru í boði. Ef ekkert verður að gert, fara þessar jarðir smám saman í eyði, en fólkið flyzt í kaupstaðina og bætist þar í hóp atvinnuleysingjanna. Þegar þessar jarðir hafa verið í eyði 1—2 ár, teljast þær til eyðijarða og falla þar með undir ákvæði nýbýlalaganna.

Samkvæmt nýbýlalögunum getur sá, er byggir upp eyðijörð og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laganna, fengið allt að 2500 kr. sem beinan byggingarstyrk úr nýbýlasjóði (þ. e. ríkissjóði) til bygginga á jörðinni. Af þessu er það ljóst, að eins og löggjöfinni er nú háttað, er það tvöfalt tjón fyrir ríkið og þjóðarheildina, að byggilegar jarðir leggist í eyði; bændurnir og fjölskyldur þeirra flytja þá allajafnan frá framleiðslustörfum og ríkið verður að leggja fram allmikið fé til að koma aftur upp byggingum á þessum jörðum.

Það er því beinlínis búhnykkur fyrir ríkið að veita þessum bændum byggingarstyrk, er örðugast eiga með að byggja yfir sig, hjá því að láta jarðirnar fara í eyði, og sannast hér sem oftar, að léttara er að styðja en reisa.

Tilgangurinn með þessu frv. er að létta bændum að nokkru þá erfiðleika, er bent hefir verið á hér að framan. Byggingar- og landnámssjóði var upphaflega ætlað að vera lánstofnun bænda og nýbýlamanna. Með stofnun Nýbýlasjóðs er Byggingar- og landnámssjóður leystur frá öllum landnámsstörfum og starfar nú eingöngu sem byggingarsjóður bænda. Í frv. er því lagt til, að nafn hans breytist samkv. því og að sjóðurinn nefnist „Byggingarsjóður sveitanna“. Jafnframt falli burtu öll þau ákvæði, sem eru óþörf eða eiga ekki lengur heima í lögum Byggingar- og landnámssjóðs vegna nýrra lagasetninga.

Aðalnýmæli frv. eru tvö auk nokkurra smærri:

1. Að sjóðnum er heimilað að afla sér ódýrs rekstrarfjár með því að gefa út 3½% vaxtabréf, er séu undanþegin opinberum sköttum. Á þann hátt fengi sjóðurinn meira fé til útlána og gæti því liðsinnt bændum meira en nú er með aðkallandi byggingarlán. Hinsvegar er felld niður 5 millj. kr. lánsheimild til ríkisstjórnarinnar vegna sjóðsins, þar eð reynslan hefir sýnt, að sjóðurinn getur tæplega notfært sér dýrt lánsfé.
2. Að sjóðurinn veiti styrk til íbúðarhúsbygginga í sveitum, þar sem skýrslur bera það með sér, að bóndinn getur ekki byggt án slíkrar hjálpar, og líkur eru til, að jörðin fari í eyði af þeim ástæðum. Jafnframt leggi ríkissjóður í þessu skyni Byggingarsjóði sveitanna 100 þús. kr. á ári næstu 10 ár.

Alþingi hefir nýlega viðurkennt nauðsyn þess að fjölga sjálfstæðum framleiðendum í sveitum með stofnun nýbýla, og ákveðið að leggja árlega til þess 180 þús. kr. úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari stefnu verður þá einnig að vænta þess, að Alþingi telji það ekki síður skyldu sína að leggja fram fé til að viðhalda byggðinni. Hitt væri að byrja á öfugum enda og lítil hagfræði, að kappkosta að reisa nýbýli á

óræktuðu landi með ríflegum ríkisstyrk, en láta jafnhliða byggilegar jarðir fara í eyði vegna skorts á stuðningi frá því opinbera. Hvortveggja þessi nýmæli voru rædd á Búnaðarþingi nú fyrir skömmu og samþykkt þar með öllum atkvæðum. — Nánar í framsögu.“

Nd. 6. Tillaga til þingsályktunar

um að fela ríkisstjórninni að athuga um inngöngu Íslands í Þjóðabandalagið.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hver aukin trygging fyrir sjálfstæði Íslands myndi fást með því að það gengi í Þjóðabandalagið. Jafnframt að athuga, hvern kostnað og hvaða skuldbindingar það hefði í för með sér. Séu niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Frá því Ísland fékk fullveldi 1918 hefir orðið svo stórfelld breyting á alþjóðaháttum, að sú trygging, sem menn þá treystu á, að nægja myndi fyrir sjálfstæði smáþjóða eins og Íslendinga — virðing fyrir sjálfstæði þjóðar og drengskapur gagnvart vopnlausri smáþjóð — er nú horfin. Þeir atburðir, sem gerzt hafa síðustu 6 árin: innrás Japana í Manschuriu 1931, innrás Ítala í Abessiníu 1935, innrás Ítala og Þjóðverja á Spán 1936 og innrás Japana í Kína um þessar mundir — sýna, að alþjóðalög og venjur, sjálfstæði þjóða og samningar þjóða á milli eru að engu virtir af valdhöfum þeirra ríkja, sem þessar innrásir fremja. Og þar sem það er orðinn siður hjá þessum ríkjum — Þýzkalandi, Ítalíu og Japan — að láta flugvélar skjóta niður vopnlausa íbúa borga í löndum, sem þau ekki hafa sagt stríð á hendur, aðeins til þess að brjóta siðferðislegt þrek þjóðarinnar á bak aftur og fá hana til að ganga að pólitískum og viðskiptalegum skilmálum árásarríkjanna, þá verður ekki séð, að lönd eins og Ísland hafi neitt öryggi fram yfir þau eldgömlu menningarríki, sem orðið hafa fyrir þessum árásum.

Þótt Þjóðabandalagið hafi brugðizt mjög tilfinnanlega skyldu sinni um að koma þeim þjóðum, sem fyrir árásum urðu, til hjálpar, þá er Þjóðabandalagið þó í rauninni eina tryggingin, sem smáþjóð nú getur fengið fyrir réttindum sínum og sjálfstæði, jafnvel þó þessi trygging sé ekki meira en pappírsréttindi, og eini alþjóðlegi vettvangurinn, þar sem hægt er að krefjast þess, að réttindin séu haldin og sjálfstæðið virt.

Í Þjóðabandalaginu eru nú samankomnar flestar lýðræðisþjóðir heimsins og stefna þess er varðveizla friðarins. Benda atburðir síðustu vikna á, að ákveðnari aðgerðir séu nú í vændum af hálfu þjóðabandalagsríkjanna gegn friðarspillum heimsins, hinum fasistisku árásarríkjum.

Það virðist því að öllu athuguðu tími til kominn fyrir Ísland að athuga það mál alvarlega, hvort það skuli ekki gerast meðlimur í Þjóðabandalaginu og hafa sína fulltrúa á þingum þess, skapa sér þannig alþjóðlegan vettvang og nokkurn rétt, er það þó ætti kröfu á, að framkvæmdur yrði, ef á þyrfti að halda til að verja sjálfstæði þess.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Gísli Sveinsson, Thor Thors, Pétur Ottesen,
Jón Pálmason, Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

1. tölul. 11. gr. laganna orðist svo:

Ekkja eða ekkill, nema hjónin hafi verið skilin að lögum og annað eigi notið framfærslustyrks frá hinu látna, hljóta 3000 krónur.

5. tölul. sömu gr. orðist svo:

Foreldrar eða foreldri hins látna, ef þau eða það hafa annazt uppeldi hans eða framfærslu systkina hans í ómegð, hljóta 2500 krónur. — Framkvæmd þessa ákvæðis miðast við gildistöku alþýðutryggingarlaganna (1. apríl 1936).

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en teljast ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rétt til þess að tryggja sig á sama hátt og tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

3. gr.

2. tölul. 47. gr. orðist svo:

Af öðrum lífeyrissjóðum, sem lagðir kunna að verða til lífeyrissjóðs Íslands, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið samkv. VI. kafla þessara laga.

4. gr.

Fyrir „67 ára“ í endi fyrri málsgr. 48. gr. komi: 60 ára.

5. gr.

Fyrri málsgr. 49. gr., tölul. 1—2 orðist svo:

1. 5 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum og í kauptúnum, er hafa yfir 300 íbúa, og 3 krónum fyrir þá, er annarsstaðar eru heimilisfastir.
2. Hálfum af hundraði af skattskyldum árstekjum samkv. skattalögum.

6. gr.

4. tölul. 50. gr. orðist svo:

Greitt iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna eða barnakennara (l. nr. 51/1921 og nr. 33/1921).

7. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 51. gr. komi: 65 ára.
Fyrir „68“, „69“, „70“, „71“ komi: 66, 67, 68, 69.

8. gr.

Fyrir „16—67“ í fyrri málsgr. 52. gr. komi: 16—65.

9. gr.

4. tölul. 54. gr. orðist svo:

Nýtur lífeyris úr lífeyrissjóði embættismanna eða barnakennara.

10. gr.

60. gr. orðist svo:

Lögreglustjórar (tollstjóri í Reykjavík) annast innheimtu iðgjalda og fá (utan Reykjavíkur) innheimtulaun 2% af upphæð gjaldanna.

Bæjar- og sveitarstjórnir greiða iðgjöld (persónugjöld) þeirra tryggingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

11. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 61. gr. komi: 60 ára.

12. gr.

62. gr. laganna falli burt.

13. gr.

V. kafli laganna, 63.—74. gr. (báðar meðtaldar), falli burt. Greinatala í lögunum (og kaflatala) breytist samkvæmt burtfellingum.

14. gr.

Fyrir „67 ára“ í þriðju málsgr. 79. gr. komi: 65 ára.

Orðin „að frádreginni ... vöxtum ellistyrktarsjóðanna“ í öðrum málsl. sömu málsgr. falli burt.

15. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 80. gr. komi: 65 ára.

16. gr.

Við aðra málsgr. 81. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Og ennfremur þeir menn yngri en 65 ára, sem við gildistöku laganna voru orðnir fullra 60 ára.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Með tillagi sveitarsjóða teljast tilfallnir vextir af ellistyrktarsjóði hlutaðeigandi hrepps.

17. gr.

Í fyrri málsgr. 89. gr. fellur burtu síðari málsl. („Menn, sem ... lífeyrissjóðs Íslands“).

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 49 7. apríl 1936 (um frestun á framkvæmd o. s. frv., sbr l. nr. 4/1937), svo og l. nr. 41 13. júní 1937.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem lá fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt, er nú flutt á ný, enda þörfin söm og var. Í greinargerð fyrir því þá var m. a. tekið fram eftirfarandi:

„Það þykir nú sjálfsagt að bera fram tillögur til breytinga á þessari löggjöf, er m. a. styðjist við þegar fengna reynslu af framkvæmdinni, og er það gert með frv. þessu. — Þess skal þegar getið, að sleppt er hér að sinni að gera breytingar á III. kafla laganna, sjúkratryggingunum, er þarfnast alveg sérstakrar athugunar með hliðsjón af ástandinu í kaupstöðum og hinum fjölmennari kauptúnum (þar sem m. a. hafa hlotizt vandkvæði af því, að tilverandi sjúkrasamlög eru allri aðstoð svipt af hálfu hins opinbera, nema þau — nauðug viljug — gangi inn undir hin nýju lög), o. s. frv. Og annar heill kafli, sem sé V. kafli, um atvinnuleysistryggingarnar, er lagt til, að verði að öllu felldur burt úr lögunum, með því til þess var allt óundirbúið að setja um það lagaákvæði, og hefir síðan, eins og vænta mátti, verið tómt og dautt pappírsgagn, — sem jafnvel „stjórn hinna vinnandi stétta“, er kallar sig svo, hefir ekki séð sér fært að eiga neitt við. Að öðru leyti er reynt með frv.greinunum að bæta úr þeim helztu ágöllum, sem á lögunum eru yfirleitt og í einstökum atriðum, og má vitanlega enn meiri bætur gera eða breyta fleiru til samræmis við meðferð málsins í þinginu.

Meðal annars má telja þessar breytingar frv.:

1. Lagfært (í slysatr.kaflanum) um dánarbætur til eftirlifandi hjóna, og einkum færðar til fyrra og réttlátara horfs dánarbætur til foreldra, sem hafa orðið illa fyrir barðinu á hinni nýju löggjöf.
2. Tekið aftur upp ákvæðið um frjálsa vikutryggingu róðrarbáta með hálfu iðgjaldi, þar sem ekki er hægt að stunda vertíð.
3. Gjaldskyldu-aldur ellitryggðra yfirleitt færður niður í 60 ára takmarkið (ekki 67 ára) — og verður þá gjaldfrjálst tímabil fyrir fólk á þessum aldri úr því, þótt eigi hljóti það ellilaun fyrr en 65 ára (fært niður úr 67 ára), nema sá hluti þess, er orðinn var fullra 60 ára, er lögin komu í gildi. (Bráðab.lög nr. 109 23. sept. 1936 verða því óþörf með þessari breytingu á sjálfum lögunum).
4. Iðgjöld þessarar tryggingar eru lækkuð öll, — niður í 5 kr. í kaupstöðum og kauptúnum (úr 7 og 6 kr.) og í 3 kr. alstaðar annarsstaðar (úr 5 kr.) fyrir persónu, og af skattskyldum tekjum greiðist aðeins hálfur af hundraði, fyrir heilan af hundraði eftir lögunum.
5. Vextir ellistyrktarsjóða hreppanna skulu (að sjálfsögðu) teljast — meðan millibilsástand núverandi VI. kafla laganna helzt — með í tillagi sveitarfélaganna og úthlutast af sveitarstjórnum, en á móti leggi lífeyrissjóður fullt; leiðréttist með því hið hróplega ranglæti, sem lögin hafa gefið tilefni til í þessu efni. (Til greina gæti og komið, að nefndum vöxtum yrði algerlega haldið sér til úthlutunar).
6. Lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara eiga að halda sér sem sjálfstæðar stofnanir eins og hingað til, og mun flestum þykja það eðlilegt o. s. frv. Nánar verður málið væntanlega útskýrt í framsögu."

Ed. 8. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Setja skal með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrir árslok 1938, nánari ákvæði um, hverjar kröfur gera skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, og farþegafjölda, svo og um það, hvers gæta skuli við skipaskoðanir, sem gerðar eru samkv. lögum þessum eða öðrum lögum og alþjóðasamþykktum.

Í sömu reglugerð skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í svefnherbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustuhætti. Ennfremur um borðstofu, bað- og þvottaklefa og salerni.

Þar til ofangreind reglugerð verður gefin út, skal tilskipun, dags. 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, vera í gildi.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Eiganda skips eða útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að skip sé haffært, er það leggur úr höfn. Hið sama gildir um haffæri skips hvað hleðslu snertir, ef það tekur farm utan hafnar eða aflar fiskjar á hafi úti. Skylt er skipstjóra að öðru leyti að gera allt það, er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir hverskonar árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefir, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn um eftirlit með öryggi skipa. Hann skipar skoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum veitt nauðsynleg aðstoð við starfið.

Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna, fer eftirlitsferðir um landið til eftirlits um framkvæmd laganna og athugunar á störfum eftirlitsmanna.

Skipaskoðunarstjóri má engin störf hafa á hendi, launuð eða ólaunuð, er snerta umsjón með skipum, önnur en þau, er embætti hans tilheyra, enda sé hann með öllu óháður útgerð skipa.

Laun skipaskoðunarstjóra séu 6000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 7000 kr. Hann nýtur dýrtíðaruppbótar eftir fyrirmælum launalaganna eða þeim ákvæðum, er gilda um dýrtíðaruppbót sýslunarmanna ríkisins á hverjum tíma.

Kostnað við skrifstofu í Reykjavík og kostnað vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveða í fjárlögum.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skiptir landinu í skipaskoðunarumdæmi, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skipar til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn, sem þurfa þykir, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, enda hafi hann áður leitað álits Alþýðusambands Íslands um þær. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera óháðir útgerð skipa og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vinni starf sitt samvizkusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns. Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að umkvörtunum þeirra hafi verið fullnægt. Sé umkvörtunin þess eðlis, að talið verði, að ekki sé öruggt að skipið sé í förum, skal skoðunarmaður ekki láta skoðunarvottorðið af hendi, en tilkynna eiganda, að vottorðið verði ekki látið af hendi fyrr en úr göllunum sé bætt, og skipinu bannað að vera í förum. Þetta skal, verði því við komið, gera skriflega.

Sé minni háttar umkvörtunum (göllum), sem ekki hafa áhrif á haffæri skipsins, ekki fullnægt við skoðunina, vegna þess að það sé ekki fáanlegt á staðnum, skal skoðunarmaður gefa skipinu hæfilega langan frest til að afla þess, er vantaði, og skal þess getið í eftirlitsbókinni.

Þegar fresturinn er útrunninn, skal skoðunarmaður ganga úr skugga um, að umkvörtunum hans hafi verið fullnægt, en sé svo ekki, skal hann tafarlaust kæra skipið fyrir viðkomandi lögreglustjóra, og ekki má hann framlengja gefinn frest, þó kært hafi verið, nema með leyfi skipaskoðunarstjóra.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal skipaskoðunarmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

Skoðunarmönnum ber eftir megni að fylgjast með því, að hlýtt sé fyrirmælum um öryggi skipa á öðrum tíma en þeim, er skoðun fer fram, þótt þeim sé ekki falið

eftirlit það, er um ræðir í 5. og 6. gr. Verði þeir áskynja þess, að lögum þessum og reglugerðum, settum samkv. þeim, sé ekki framfylgt, ber þeim að tilkynna það tafarlaust skipaskoðunarstjóra eða lögreglustjóra á viðkomandi stað.

Þóknun til skipaskoðunarmanna fyrir starfa sinn ákveður ráðherra með reglugerð. Þóknun þessi greiðist úr ríkissjóði og miðast við gjald það, er eiganda skips er gert að greiða fyrir hverja skoðun. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjald af skipaeigendum með sama hætti og aðrar tekjur ríkissjóðs, og hefir það sama rétt og opinber gjöld, enda er skipaskoðunarmönnum skylt að tilkynna lögreglustjóra, er skoðun hefir farið fram.

Ef skipaskoðunarmenn takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal sá kostnaður greiddur úr ríkissjóði, án þess að hann sé endurkræfur af skipseiganda.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, er verða 8.—10. gr. og orðist svo:

a. (8. gr.): Auk hinna föstu skoðunarmanna skipar atvinnumálaráðherra minnst 4 eftirlitsmenn. Sé minnst einn fyrir hvern landsfjórðung, eftir nánari reglum, er ráðherra setur. Eftirlitsmönnum ber að fylgjast með á hverjum tíma, eftir föngum, hvernig lögunum er framfylgt. Þeir skulu hafa sjómennskuþekkingu og kunna glögg deili á, hvaða öryggisreglum ber að fylgja. Til þeirra geta einstakir skipverjar eða aðrir snúið sér með umkvartanir á því, er þeir telja ábótavant um öryggi skips. Eftirlitsmenn eru bundnir þagnarheiti um nöfn þeirra manna, er til þeirra hafa beint umkvörtunum, ef þeir óska þess vegna stöðu sinnar, enda sé umkvörtunin ekki gerð að tilefnislausu. Nú hefir eftirlitsmanni borizt umkvörtun um, að ákvæðum laga þessara eða reglugerðum, settum samkv. þeim, er ekki framfylgt, og ber honum þá að kynna sér, svo fljótt sem við verður komið, hvort umkvörtunin er á rökum byggð. Ef svo reynist, að umkvörtunin sé réttmæt, ber honum að tilkynna skipaskoðunarstjóra athugun sína eða lögreglustjóra á viðkomandi stað, ef ekki næst til skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir þá sjá um, að bætt sé úr því, er yfir hefir verið kvartað, hafi því ekki áður verið fullnægt.

b. (9. gr.): Í útgerðarplássum, sem örðugleikar eru á, að eftirlitsmenn geti haft fullnægjandi eftirlit með, sökum fjarlægðar frá þeim stað, er eftirlits er mest þörf, eða á þeim tímum árs, þegar fiskveiðar eru almennast og mest stundaðar, þá er ráðherra heimilt að fela skipaskoðunarmanni á viðkomandi stað eftirlit það, er um ræðir í 5. gr., enda uppfylli hann þau skilyrði, er gerð eru til eftirlitsmanna.

c. (10. gr.): Skipaskoðunarmenn og eftirlitsmenn þeir, er um ræðir í 4. og 5. gr., mega ekki vera eigendur skipa eða þátttakendur í útgerð.

Ráðherra ákveður þóknun til eftirlitsmanna og ferðakostnað, setur þeim starfsreglur og starfstíma, er má lengstur vera til 3 ára í senn.

Þóknun og ferðakostnaður eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

8. og 9. gr. laganna, er verði ein grein, 11. gr., skal orða svo:

Skoðunargerðir á skipum eru tvennskonar, aðalskoðun og aukaskoðun.

Aðalskoðun skal gerð á skipum í þessum tilfellum:

a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefir verið hér á landi eða breytt svo mjög, að mæla þurfi það að nýju, eða fengið er frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkum fána eða til útgerðar hér á landi.

b. Á öllum farþegaskipum, flutninga- og fiskiskipum 15 rúmlesta og stærri, sem eru 12 ára gömul og eldri, einu sinni á ári.

Í tilskipun eða reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. laganna, skal ákveðið, hver skip teljast farþegaskip.

c. Á öllum öðrum skipum annaðhvert ár.

7. gr.

11. gr. laganna verði 13. gr. og 3. málsgr. hennar til enda greinarinnar orðist svo:

Haffærisskírteini gildir um farþegaskip, flutninga- og fiskiskip 15 rúmlesta og stærri, sem eru 12 ára gömul og eldri, í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip í tvö ár frá sama tíma.

Nú er skip statt í útlöndum á þeim tíma, er haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins til ákveðins tíma, þó ekki lengur en í 3 mánuði, enda séu færðar fullar líkur fyrir því, að skipið sé haffært. Ef sérstaklega stendur á, í öðrum tilfellum, getur skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins um allt að því 45 daga, enda séu líkur fyrir því, að skipið sé haffært. Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum, og skal það ávallt sýnt við tollgreiðslur skipsins, lögskráningu í skiprúm, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og að öðru leyti hvenær sem þess er krafizt af yfirvöldunum.

Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipinu á þeim tíma, er lög þessi gera ráð fyrir, vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skipið er óhaffært, og skal þá lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri afturkalla skírteinið.

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 15. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald fyrir skip og yfirþiljaða báta upp að 12 rúmlesta stærð 1 kr. Opnir bátar og óyfirþiljaðir vélbátar (trillubátar) séu gjaldfrjálsir.

Fyrir skip frá			12—	20	rúmlesta	.....	2 kr.
—	—	—	20—	40	—	.....	3 —
—	—	—	40—	100	—	.....	5 —
—	—	—	100—	500	—	.....	10 —
—	—	—	500—	1000	—	.....	15 —
—	—	1000	rúmlesta	og	stærri	.....	20 —

8. gr.

22. gr. laganna verður 24. gr., og skal orða 2. og 3. málsgr. þannig:

Skipaskoðunarmönnum og eftirlitsmönnum skal frjáls aðgangur að skipinu og öllum rúmum í því. Þeir skulu eiga rétt á að athuga öll áhöld skips og búnað. Skipaskoðunarmönnum skal heimilt að krefjast þess, að farmur sé tekinn úr skipi, skip sett á land eða vélar hreyfðar, sé það nauðsynlegt vegna skoðunarinnar.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og skipshöfn er skylt að láta skipaskoðunarmönnum í té nauðsynlega aðstoð við skoðunina, og gefa þeir þær upplýsingar um skipið og öryggi þess, er þeir krefjast. Hinar sömu upplýsingar ber eftirlitsmanni að láta í té, ef krafizt er, að svo miklu leyti sem kunnugleiki hans á viðkomandi skipi nær til.

Nú fer fram flokkun (klössun) á skipi 12 ára og eldri innanlands eða erlendis, og er skipaskoðunarstjóra þá skylt að hafa eftirlit með flokkuninni (klössun). Heimilt er honum að setja hæfan mann í sinn stað til eftirlitsins. Kostnaður, sem af slíku eftirliti leiðir, greiðist af eiganda skips.

9. gr.

23. gr. laganna, er verði 25. gr., orðist svo:

Lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri, eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, stéttarfélög sjómanna eða í tilfellum þeim, er ræðir um í 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, meiri hluti skipshafnar eða vélstjóri, geta krafizt yfirskoðunar á skipi. Yfirskoðun gera helmingi fleiri menn en áður skoðuðu þann hluta skipsins, sem um er deilt. Skulu þeir hafa þá sérþekkingu, er til þess þarf.

Lögreglustjóri skipar yfirskoðunarmenn í hverju einstöku tilfelli. Úrskurður yfirskoðunarmanna um ástand skips, véla eða búnaðar þess skal vera fullnaðarúrskurður.

10. gr.

24. gr., er verður 26. gr., orðist svo:

Þeim, sem samkv. lögum þessum geta krafizt yfirskoðunar á skipi, er heimilt að krefjast þess, að yfirskoðunarmenn eiðfesti skoðunargerð sína fyrir sjódómi.

11. gr.

25. gr., er verður 27. gr., orðist svo:

Kostnað allan við skipaskoðanir greiðir skipseigandi.

Nú hefir skip reynzt óhaffært við skoðun, en yfirskoðun, sem gerð er samkvæmt kröfu þeirra, er um ræðir í 9. (25. gr.), telur skipið haffært, og skal þá kostnaður sá, er af yfirskoðuninni leiðir, greiddur úr ríkissjóði.

12. gr.

29. gr. laganna, er verði 31. gr., orðist svo:

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, svo og öll íslenzk skip, er sigla meðfram ströndum landsins og í hafinu kringum það, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930, eða þeim, er síðar kunna að verða gerðar.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða og eru 30 rúmlestir og minni, svo og skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum eða vörum eingöngu.

Atvinnumálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um mælingar og skoðanir, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja. Ef ekki eru til sérfróðir menn í landinu, sem kunna að ákveða hleðslumerki skipa, þá er atvinnumálaráðherra heimilt að veita þeim skipum, sem ekki sigla til útlanda, undanþágu frá því að hafa hleðslumerki.

Kostnaður við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur.

13. gr.

32. gr., er verði 33. gr., orðist svo:

Marka skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 30 rúmlestir, mælikvarða í desimetrum annarsvegar en í enskum fetur hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggi í sjó, auk hleðslumerkja, sem í 12. gr. (31. gr.) er gert ráð fyrir. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir skipseigandi.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 3. maí 1935 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki afgreitt. Samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsnefndar Ed. þingsins, er fékk málið til meðferðar, var óskað umsagnar skipaskoðunarstjóra. Gerði hann ýmsar breytingartillögur við það. Var það ætlun nefndarinnar, að ég sem flutningsmaður frv. ásamt skipaskoðunarstjóra athuguðum þær breytingartillögur nánar og fyndum samkomulagsgrundvöll um þær. En þessu varð eigi lokið er þinginu var slitið. Nú er frv. borið fram á ný með nokkrum breytingum, sem allar eru gerðar í samráði við skipaskoðunarstjóra. Um ástæður fyrir frumvarpinu skal vísað til greinargerðar, er því fylgdi á síðasta þingi. (Alþt. 1937, A. þskj. 58).

Nd. 9. Frumvarp til laga

um Raufarhafnarlæknishérað.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal, þegar landlæknir mælir með, sérstakt læknishérað, er nefnist Raufarhafnarlæknishérað, og skipa sérstakan héraðslækni til að þjóna því. Skal hann hafa búsetu á Raufarhöfn.

2. gr.

Raufarhafnarlæknishérað nær yfir Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluta Þistilfjarðar að Kollavík, og minnka núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishéruð sem því svarar.

3. gr.

Laun héraðslæknis skulu ákveðin af heilbrigðisstjórninni, unz þau verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Á meðan skilyrði 1. gr. eru ekki fyrir hendi skal ár hvert settur læknir á Raufarhöfn mánuðina júní—september, að báðum meðtöldum, og nái starfssvið hans yfir Raufarhafnarlæknishérað eins og það er ákveðið í 2. gr. Þóknun læknisins skal ákveðin af heilbrigðisstjórninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi. Frv. þessa efnis var einnig flutt á Alþingi 1936.

Íbúar Raufarhafnar og nágrennis þurfa nú að sækja lækni til Kópaskers, sem er mjög erfitt og kostnaðarsamt. Sömuleiðis eiga vesturbæir Þistilfjarðar mjög erfiða læknissókn til Þórshafnar. Er frv. flutt samkvæmt áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn 13. febr. 1936 og áskorunum, er síðar hafa borizt.

Áherzla skal á það lögð, að heilbrigðisástand á Raufarhöfn hefir undanfarið verið allalvarlegt, og að slysahætta er þar jafnan nokkur í sambandi við iðnrekstur yfir sumartímann. Um síldveiðitímann kemur þangað fjöldi skipa, sem geta þurft á læknisaðstoð að halda. Við þetta er bráðabirgðaákvæði 4. gr. miðað.

Að öðru leyti vísast til þeirra ástæðna, sem fram eru færðar í erindi til Alþingis, sem samið er af nefnd, er nefndur borgarafundur kaus til að rita Alþingi um málið.

Fylgiskjal.

Erindi til Alþingis.

Hinn 13. febrúar þ. á. var almennur borgarafundur haldinn hér á Raufarhöfn, þar sem m. a. var rætt um þá nauðsyn, að hér verði hið bráðasta stofnað nýtt læknishérað. Fundurinn kaus okkur undirritaða til að skrifa hinu háa Alþingi um málið.

Við viljum því hér með draga fram nokkur rök fyrir nauðsyn þessa máls, sem jafnframt geta verið til skýringar fyrir þá háttvirtu þingmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

Þess skal og getið, að héraðslæknir okkar, hr. Jón Árnason á Kópaskeri, er því mjög meðmæltur, að hér verði settur læknir, og er það því í fullu samráði við hann, að fram á þetta er farið, og nokkur af eftirfarandi atriðum eftir honum höfð.

1. Öxarfjarðarhérað nær, sem kunnugt er, frá Ormarsá, austan við Raufarhöfn, að Tunguheiði og upp á Hólsfjöll. Mun vegarlengdin enda á milli, héðan og upp á Hólsfjöll, eigi skemmri en ca. 200 km., en frá bústað læknisins til Raufarhafnar eigi skemmri en 60 km., og auk þess heiðarvegir allsnjóþungir og óvarðaðir á milli. Getur því að vetrarlagi verið næstum ókleift að ná í lækni um fleiri daga, jafnvel þótt hann sé heima, og sjúklingar því hjálparlausir þann tíma.
2. Kostnaður við læknisvitjanir hingað til Raufarhafnar og grennd verður svo mikill, að öllum þorra manna er nær ókleifur.

   Héraðslæknirinn hefir gefið okkur þær upplýsingar, að meðaltalskostnaður við hverja ferð sína hingað verði ca. kr. 70.00 auk læknishjálpar, og kostnaður við að sækja lækni til Þórshafnar, sem stundum hefir verið gert, verður oftast meiri, enda hefir sá læknir einnig víðáttumikið hérað og því ekki ætíð að hann geti við slíku snúizt.
3. Hér í þorpinu eru liðlega 200 manns heimilisfastir, og í grenndinni, sveitinni, sem hugað er að tilheyri þessu læknishéraði, annað eins, svo það mundu verða ca. 400 manns, sem læknis yrðu njótandi með hægara móti við þessa breytingu. Auk þess kemur hér á sumrin fjöldi skipa, einkum veiðiskipa, innlendra sem útlendra, sem stundum þurfa til læknis að leita, og svo er rekin hér síldarbræðsluverksmiðja, sem af getur stafað slysahætta, sem af annari vélaiðju.
4. Samkv. milliríkjasamningnum síðasta milli Íslands og Noregs, „norsku samningunum“, er Raufarhöfn ein af þeim höfnum, sem Norðmenn hafa leyfi til að notfæra sér, svo langt sem það nær, enda koma þeir oft hér við, er þeir koma hér upp á sumrin til síldveiða við Norðurland, til að taka vatn o. fl., áður þeir leggja út til veiða. Af þessum skipum, ásamt öðrum útlendum skipum, er hingað koma beint frá útlöndum, getur alltaf stafað farsóttarhætta, og því nauðsyn, að læknir sé ekki búsettur fjarri slíkum stöðum.
5. Héraðslæknirinn skýrir svo frá, að fyrir nokkrum árum hafi berklaveiki verið nálega óþekkt hér á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, en sé nú á seinustu árum mjög að breiðast út, og að ekkert viðlit sé fyrir sig í slíkri fjarlægð, er hann sitji, með víðáttumikið læknishérað, að hafa það eftirlit, sem nauðsynlegt sé í því efni.

Vér viljum því skora á hið háa Alþingi að athuga þau rök, er hér eru færð fram fyrir nauðsyn þess, að hér verði stofnað nýtt læknishérað.

Oss er það ljóst, hver útgjöld slíkt hefir í för með sér fyrir ríkið, en þegar betur er að gáð, gæti það ef til vill orðið sparnaður, að hér væri læknir, bæði fyrir ríkið og einstaklinga.

Óskum vér svo, að málaleitun vorri verði vel tekið af hinu háa Alþingi.

Með mikilli virðingu.

Raufarhöfn, 15. febrúar 1936.

Hólmsteinn Helgason. Einar B. Jónsson. Friðmundur Jóhannesson.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

Ed. 10. Frumvarp til laga

um fasteignamat.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Undirbúningur undir fyrsta mat eftir lögum þessum skal hefjast þegar eftir að lögin hafa öðlazt gildi, og skal því mati vera lokið fyrir árslok 1941 og fasteignamatsbók fullprentuð fyrir árslok 1942.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, sem fást af fasteigninni, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma, og virðingar til lántöku og brunabóta, þegar um húseignir er að ræða. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins og getur fyrirskipað, að yfirfasteignamatsnefnd skuli árið 1938 meta eina til þrjár fasteignir í hverju matsumdæmi til leiðbeiningar fyrir undirfasteignamatsnefndir. Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skal hreppstjóri í sveitum en bæjarfógeti í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skulu skrifaðar á eyðublöð, er yfirfasteignamatsnefnd lætur prenta, og skal senda þær formönnum undirfasteignamatsnefnda nokkru áður en aðalmat skal hefjast í hvert sinn.

Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum svo og einstaklingum að láta fasteignamatsnefndum í té allar upplýsingar, er þær óska, ef þær geta á einhvern hátt haft áhrif á matið eða gefið vitneskju um gæði eða verðmæti viðkomandi fasteignar.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er fornt býli eða býli byggt úr landi annarar jarðar.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið byggð á þeim eða ekki. Verði ágreiningur um það milli undirfasteignamatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli einhverja fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til yfirfasteignamatsnefndar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn.

Eyðijarðir, óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé þá sami eigandi að báðum.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum og fylgja þeim því ekki lengur.

5. gr.

Við mat fasteigna skal:

1. Meta sér verðmæti landsins, að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög.

2. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja (sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög).
3. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar.
4. Meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag.
5. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á.
6. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög.

Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annara jarða.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum, þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, skal meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. með sama hætti um mat lóða og húsa í kaupstöðum og sjávarþorpum og um mat jarða í sveitum.

7. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveita eða annara stærri heilda og notuð eru sérstaklega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, sem eiga rétt til hans. Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver fasteignin er; skal nafngreina eiganda og notanda, svo og hvort landamerki séu ágreiningslaus eða ekki.

9. gr.

Hvert tíunda ár, í fyrsta skipti 1938, skal fjármálaráðherra skipa þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu eða bæjarfélagi. Tveir nefndarmennirnir skulu skipaðir eftir tilnefningu viðkomandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa þrjá varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um. Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd, skal vinna eið eða heit að því að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi. Fasteignamatsnefndarmenn samkv. lögum þessum eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og njóta réttinda samkvæmt því.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn til 10 ára í yfirfasteignamatsnefnd, og skal einn þeirra skipaður formaður. Varamenn í yfirfasteignamatsnefnd skal skipa jafnmarga og til sama tíma. Yfirfasteignamatsnefnd hefir yfirumsjón með mati og starfi undirfasteignamatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal sjá um, að samræmi sé á mati allra undirfasteignamatsnefnda, og hefir fullt vald til að breyta mötum undirfasteignamatsnefnda eins og nauðsynlegt er til þess að samræmi fáist. Yfirfasteignamatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar jarða og húsa, sker úr öllum ágreiningi, er upp kann að rísa um mat undirmatsnefnda. og sér um útgáfu fasteignamatsbókar að mati afloknu og samræmdu.

11. gr.

Milli aðalmata, sem fara fram 10. hvert ár, sbr. 1. gr., skulu fara fram möt á öllum nýbyggingum, svo og möt á fasteignum, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Milli aðalmata skulu úttektarmenn framkvæma möt, þar sem þeir eru, en þar, sem þeir eru ekki til, skulu þau framkvæmd af manni, sem ríkisstjórnin tilnefnir til þess, og manni, sem viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til starfans.

Í Reykjavík skal formaður yfirfasteignamatsnefndar framkvæma mötin með 2 mönnum, sem bæjarstjórnin kýs.

Yfirfasteignamatsnefnd skal hafa eftirlit með því, að millimöt séu gerð þegar ástæða er til, og að öðru samræma þau og yfirfara eins og aðalmöt væru.

Nánari reglur um starf undir- og yfirfasteignamatsnefndar, svo og um framkvæmd millimats, skal setja í reglugerð.

12. gr.

Allur kostnaður fasteignamatsnefnda við matsstörfin, þar með talinn kostnaður við sendiferðir, síma, ritföng og annað, skal greiðast úr ríkissjóði.

Formaður yfirfasteignamatsnefndar skal hafa fast árskaup, en öðrum fasteignamatsnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því, og skal hún ákveðin af ráðherra á hverjum tíma. Þóknunin skal metin, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Fjármálaráðherra ákveður árskaup formanns yfirfasteignamatsnefndar.

13. gr.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð ákveða nánar um framkvæmd fasteignamats, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat skal fram fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið.

Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa á venjulegan hátt, hvenær þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

14. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðamanni viðkomandi fasteignar kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar, að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur að gefa matsnefndum allar þær upplýsingar um fasteignina, sem þeir óska og telja nauðsynlegar.

Sé eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þyki honum ekki samræmi í mati í viðkomandi hrepp, sýslu eða kaupstað, getur hann kært það til undirmatsnefndar, og skal hann þá leggja fram skrifleg rök til stuðnings máli sínu eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar kvartanir, aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða, hvort taka beri til greina og að hverju leyti, og breyta mötum eftir því. Að því búnu skal nefndin senda matið til yfirfasteignamatsnefndar, og skulu fylgja með lýsingu hverrar jarðar þær kvartanir, kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið varðandi mat á henni, svo og umsögn eða úrskurður undirfasteignamatsnefndar um málið.

Heimilt er jarðareigendum eða ábúendum að skjóta úrskurði undirfasteignamatsnefndar til yfirfasteignamatsnefndar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu og ákveður endanlegt fasteignamatsverð allra fasteigna.

15. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna, og ef henni þykir eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd, eiganda og notanda fasteignar, og skal að þeim fengnum lagfæra matið eftir því, sem henni þykir rétt vera í samræmi við önnur möt.

Að enduðu hverju aðalmati semur yfirfasteignamatsnefnd fasteignamatsbók eftir frumgögnum undirmatsnefnda og breytingum yfirfasteignamatsnefndar, og skal bókin prentuð og löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis sömu mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindin án endurgjalds.

16. gr.

Við öll millimöt, er fram fara samkvæmt 11. gr., skal fylgja sömu reglum og fyrirmælum, sem fylgt er við aðalfasteignamat.

Millimötum skal lokið ár hvert fyrir nóvembermánaðarlok. Skulu þau liggja frammi í desember og sendast til yfirfasteignamatsnefndar í janúar fyrir undanfarið ár. Yfirfasteignamatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum hvers umdæmis þær breytingar, sem verða á fasteignamötum vegna framkvæmdra millimata.

17. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli aðalfasteignamata, og skal hann þá senda yfirfasteignamatsnefnd um það rökstudda beiðni og færa líkur fyrir, að verð fasteignarinnar hafi breytzt verulega, og af hverju hann ætli, að sú breyting stafi. Yfirfasteignamatsnefnd úrskurðar síðan, hvort millimat skuli fram fara eða ekki.

Borgun fyrir framkvæmd millimöt skal greiða úr ríkissjóði eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, óski fasteignareigandi ekki matsins, en óski hann þess, greiði hann sjálfur kostnaðinn, sem af matinu leiðir, ef millimatið leiðir til þess, að matið lækkar frá því, sem áður var.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, lög nr. 14 frá 19. júní 1922, um skattmat fasteigna, lög nr. 41 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fasteignamat hefir tvisvar farið fram eftir lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, og hefir það komið greinilega í ljós, að ekki hefir náðst það samræmi í mati fasteigna, sem vænzt var eftir og ætlazt til. Í bæði skiptin hefir því orðið nauðsynlegt að setja sérstaka landsyfirfasteignamatsnefnd til að samræma mötin.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir undirmatsnefndum, er framkvæmi aðalmatið, eins og verið hefir, en skipun þeirra er með nokkuð öðrum hætti, sbr. 9. gr. Aftur er ekki gert ráð fyrir yfirfasteignamatsnefndum í hverju lögsagnarumdæmi, eins og nú er, heldur er hér gert ráð fyrir, að í stað yfirfasteignamatsnefnda og landsyfirfasteignamatsnefndar komi nú ein yfirfasteignamatsnefnd fyrir allt landið, er taki að sér störf beggja.

Það verður ekki séð af undanfarinni reynslu, að yfirfasteignamatsnefndirnar hafi gert neitt verulegt gagn annað en að úrskurða kærur, sem fram hafa komið viðvíkjandi mötum einstakra fasteigna. En eins og nú er komið, virðist ekki vera ástæða til að halda yfirfasteignamatsnefndum í lögsagnarumdæmunum, sem kosta 16000—20000 kr., þau ár, sem mat fer fram, til þess eins. Enda líkur til, að yfirfasteignamatsnefnd fyrir allt landið sé eins fær um að skera úr slíkum deilum og nefnd í héraðinu.

Það er lagt til í frumvarpinu, að yfirfasteignamatsnefndin sé föst nefnd, er starfi árlega, eftir því sem þörf krefur. Þetta byggist á því, að árlega þarf að framkvæma möt á nýbyggingum o. fl., og þessi möt, sem framkvæmd eru af úttektarmönnum, þar sem þeir eru, eru enn misjafnari en mötin, sem gerð eru þegar aðalmötin fara fram. Dæmi eru til þess, að munað hefir meira en um helming á millimötum, gerðum á húsum byggðum eftir sömu teikningu, og að minnsta kosti mjög líkum að frágangi. Þessi millimöt hafa aldrei verið samræmd, en þurfa vitanlega ekki síður samræmingar við en aðalmötin. Þá er þess og vænzt, að með því að hafa yfirmatsnefndina

til áður en aðalmat byrjar, þá geti hún unnið að því að samræma mötin og störf undirmatsnefndanna, bæði við undirbúning matsins og eins meðan undirmatsnefndirnar vinna að því, og ætti þetta að vera mikilsvert atriði og geta orkað miklu um það, að fá matið um land allt sem líkast og framkvæmt eftir sömu reglum.

Það fyrirkomulag, sem felst í lögum þessum, verður ríkissjóði nokkuð ódýrara en nú. Niður fellur kostnaður við yfirfasteignamatsnefndir í sýslunum, landsyfirfasteignamatsnefnd, og greiðsla til formanns undirnefndar í Reykjavík milli aðalmata. Í stað þess kemur yfirmatsnefndin, og verður hún nokkru ódýrari. Af frumvarpinu leiðir því sparnað, samhliða því, sem það skapar meira öryggi og festu í matinu en nú er.

Um hinar einstöku greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þó að það vegna breyttra aðstæðna sé orðið brýn nauðsyn að fá sem fyrst nýtt fasteignamat, þá mun ekki gerlegt að gera ráð fyrir, að því geti orðið lokið fyrir 1942, enda þá liðin 10 ár frá því núgildandi fasteignamat var lögleitt.

Um 2. gr.

Það nýmæli er í grein þessari frá núgildandi ákvæðum, að fjármálaráðherra er gefin heimild til að láta yfirfasteignamatsnefndina meta 1—3 fasteignir í hverju lögsagnarumdæmi, og er ætlazt til þess, að með því fái undirfasteignamatsnefndirnar hver um sig mælikvarða, er þær geti farið eftir, og með því fáist meira samræmi í matið milli héraða en áður hefir verið.

Um 3. og 4. gr.

Þurfa engra skýringa við, enda samhljóða eldri gildandi ákvæðum.

Um 5. gr.

Vegna ýmsra breytinga, er orðið hafa á löggjöf síðustu ára, og til samræmis því, er nauðsynlegt að sundurliða heildarmat lands og húsa meira en gert hefir verið, og er í þessari grein ákveðið, hvernig það skuli gert. Er gert ráð fyrir, að landsverðið sé skipt í þrennt þar, sem ástæða er til, þannig: það, sem eigandi á og getur veðsett og selt, það sem eigandi á, en getur ekki veðsett né selt, og það, sem jarðareigandi á, þegar um erfðafestulönd er að ræða. Á sama hátt er ætlazt til, að húsaverðið sé sundurliðað, og er það meðal annars nauðsynlegt, svo glöggt sjáist, hvað jarðareigandi á af húsum og hvað leiguliði, en þess þarf oft, meðal annars við ákvörðun eignarskatts o. fl.

Um 6., 7. og 8. gr.

Þurfa engra skýringa, enda samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 9. gr.

Hún gerir ráð fyrir annari skipun í undirmatsnefndir en nú er. Formaður er nú skipaður ævilangt, en hér er gert ráð fyrir, að hann sé skipaður til 10 ára. Þykir ástæða til þess að geta skipt um formann, reynist hann ekki vel, og því réttara að skipa þá til 10 ára, en ekki ævilangt. Hinsvegar má alltaf endurskipa formann, sem vel reynist, meðan hann er fær til þess vegna aldurs að leysa starfann vel af hendi.

Um 10. gr.

Hún ákveður að mestu starf og skipun yfirfasteignamatsnefndar. Hér er sú breyting á, að yfirfasteignamatsnefndir umdæmanna eru lagðar niður, en í staðinn kemur ein landsyfirfasteignamatsnefnd, sem ætlað er bæði að framkvæma starf landsnefndarinnar og starf allra yfirfasteignamatsnefndanna.

Um 11. gr.

Sú nýjung er í þessari grein frá eldri ákvæðum, að gert er ráð fyrir því, að formaður yfirfasteignamatsnefndar verði aðalmaðurinn í framkvæmd millimata í Reykjavík, og er þetta fyrst og fremst gert til sparnaðar, og þó jafnframt til þess að fá meira samræmi í mötin í Reykjavík og mötin úti um land en verið hefir.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir tveim breytingum frá því, sem nú er. Formanni yfirfasteignamatsnefndar er ætlað að hafa fast árskaup, enda ætlað að vinna ákveðið starf alltaf. Þetta hefir ekki verið, enda hafa millimöt aldrei verið samræmd. Jafnframt er honum ætlað að koma í stað annars fasts starfsmanns (formanns matsnefndar millimats í Reykjavík), og er því hér að ræða um litla hækkun frá því, sem áður var. Þá er ekki lögákveðið, hvert dagkaup fasteignamatsnefndarmanna skuli vera, og þykir það ekki rétt, eins og gildi peninga er valt, heldur að láta fjármálaráðherra ákveða það á hverjum tíma, með hliðsjón af gildi peninga og almennri kaupgreiðslu.

Um 13. gr.

Greinin þarf engra skýringa, enda samhljóða eldri ákvæðum.

Um 14. og 15. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa, enda að mestu samhljóða eldri ákvæðum.

Um 16. gr.

Hún ákveður, að fylgja skuli sömu reglum við framkvæmd millimata og gert var við síðasta aðalmat, hversu þau skuli leggjast fram, og að þau skuli tilkynnast viðkomandi skattayfirvöldum, en um þetta allt hefir vantað ákvæði.

Um 17., 18. og 19. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Flm.: Ísleifur Högnason.

Orðin „nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið“ í niðurlagi fyrri málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

Greinargerð.

Greiðsla á verkkaupi með skuldajöfnuði (greiðsla í vörum) hefir á síðari árum færzt mjög í aukana, að minnsta kosti í kauptúnum og kaupstöðum utan Reykjavíkur. Eins og lögin um greiðslu verkkaups eru nú, geta þeir, sem vinnu kaupa, borið fyrir sig málsgrein þá í lögunum, sem hér er lagt til, að felld verði niður, og greitt verkkaupið í vörum, ávísunum á vörur eða með skuldajöfnuði. Það er auðskilið, að slík greiðsla verkkaups þýðir launalækkun verkamannsins og takmarkar jafnframt val hans um það, á hvern hátt hann ver verkalaunum sínum. Með auknu atvinnuleysi og þar af leiðandi auknu framboði á vinnuafli hefir aðstaða verkkaupanda batnað til þess að knýja verkamenn til að semja um óhagkvæmari greiðslu verkkaups.

Með frumvarpinu er ætlazt til, að úr þessu verði bætt og að verkkaup verði skilyrðis- og undantekningarlaust greitt í peningum. — Nánar í framsögu.

Nd. 12. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til að endurskoða lög um eftirlit með skipum, nr. 93 3. maí 1935.

Flm.: Ísleifur Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd, er endurskoði lög nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um breytingar á þeim, er tryggi betur framkvæmd laganna og feli í sér refsiákvæði gagnvart skipaskoðunarmönnum, ef þeir vanrækja starf sitt. Leiti nefndin álits allra sjómannafélaga í landinu um, hverskonar breytingar séu nauðsynlegar. Sem bráðabirgðaráðstöfun felur deildin atvinnumálaráðherra að áminna alla skipaskoðunarmenn að rækja störf sín betur.

Greinargerð.

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu um bátstapa og bátsskaða fyrstu 9 mánuði ársins 1937, sem Slysavarnafélag Íslands hefir látið mér í té, hafa 3 vélbátar sokkið í hafi af völdum skyndilegs leka, svo að eigi hafðist við að dæla. Í öllum þessum tilfellum var veður eigi verra en það, að af því gat skaðinn ekki hlotizt. Mun óhætt að fullyrða, að bátarnir hafi verið óhaffærir, er þeir létu úr höfn, og full ástæða til að ætla, að um vanrækslu á eftirliti bátanna af hálfu skipaskoðunarmanna hafi verið að ræða.

Til þess að koma í veg fyrir slys, sem stafa af vanrækslu í útbúnaði skipa, hlýtur því að verða að herða á lögunum um eftirlitið, að það sé ekki af handahófi, og er tilætlunin með þingsályktuninni sú.

Nánar í framsögu, ef þörf gerist.

Ed. 13. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit

með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkurs staðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður kláða var einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal þegar gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og tvíbaðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðans, sem og að fjárhús verði sótthreinsað svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður annars var einhvers sjúkdóms, sem grunsamlegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart um það, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar þeirra á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjárhafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar á henni.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta dagaði uppi á síðasta þingi. Er frv. nú flutt á ný að tilhlutun landbúnaðarráðherra, er lét fylgja því þessar athugasemdir:

„Lög nr. 58 30. nóv. 1914 eru orðin nokkuð ófullnægjandi, einkum eftir að numin hafa verið úr gildi hin eldri sérstöku ákvæði um útrýmingu fjárkláðans með lögum nr. 90 3. maí 1935, sem gera ráð fyrir útrýmingarráðstöfunum í stórum stíl, sem

hinsvegar hefir ekki reynzt fært að framkvæma vegna ýmislegra kvilla og faraldurs í sauðfé landsmanna, síðan lögin voru sett. Er því nauðsynlegt, að ákvæði séu í lögum, er ótvíræðlega skyldi sauðfjáreigendur til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda fjárkláðanum í skefjum og reyna að útrýma honum, þar sem hans verður vart, enda ekki séð, hvenær fært verður að framkvæma allsherjarútrýmingarböðun samkvæmt téðum lögum, nr. 90 1935. Vera má og, ef þrifabaðanir eru rækilega framkvæmdar um allt land undir eftirliti hæfra manna, að unnt yrði þannig að útrýma fjárkláðanum, svo að aldrei þurfi að koma til allsherjarútrýmingarböðunar, sem mundi kosta mjög mikið fé og þó reynast hæpið, að kæmi að fullum notum.

Það mun nú að vísu mega telja, að skylda til tvíböðunar felist í lögum nr. 58 30. nóv. 1914, þar sem ekki verði á annan hátt framkvæmd þrifaböðun á kláðasjúku fé, sem komi að haldi. Hefir því ráðuneytið lagt fyrir sýslumenn og bæjarstjóra að gera ráðstafanir til, að sauðfé verði tvíbaðað, þar sem fjárkláði finnst í umdæmum þeirra. Til þess þó að taka af allan vafa um þetta þykir rétt að breyta sauðfjárbaðanalögunum í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til þess að gefa stjórnarvöldunum ákveðnari rétt um íhlutun til útrýmingar hverskonar óþrifum í sauðfé, sem ætla má, að framkvæma megi með rækilegum böðunum úr hæfu baðlyfi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1.—3. gr.

Aðalþrifabaðanatíminn mun heppilegastur eins og verið hefir, 1. nóv. til 15. janúar. Annars eru þessar greinar í samræmi við ákvæði laga nr. 50 1914.

Um 4. gr.

Það virðist nauðsynlegt, að sérstakir eftirlitsmenn athugi sauðfé allt a. m. k. einu sinni á vetri, til þess að ganga úr skugga um, hvort kláði eða önnur alvarleg óþrif eru í fénu, og er þá heppilegast, að þetta sé gert áður en böðun fer fram, eða um það leyti. Verður þá ástæða til að ganga sérstaklega ríkt eftir rækilegri böðun þar, sem grunsamleg óþrif finnast.

Um 5. gr.

Það er í samræmi við lög þau, sem hafa gilt um útrýmingu fjárkláðans, og hin nýju lög nr. 90 1935, að andvirði fjárkláðabaðlyfja sé greitt að hálfu úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Vegna hagsmuna fjáreigenda sjálfra verður að ganga að því vísu, að þeir muni fúsir á að tilkynna eftirlitsmanni, ef þeir verða varir einhverra grunsamlegra óþrifa í fé sínu eftir að kláðaskoðun hefir farið fram, og að ekki sé því nauðsynlegt, að kláðaskoðun fari fram nema einu sinni á ári.

Um 7.—9. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda.“

Ed. 14. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

67. gr. laganna hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og einum gæzlustjóra.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, skipar bankastjórnina og hefir umsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra og gæzlustjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara.

Bankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Laun gæzlustjóra og dýrtíðaruppbót ákveður ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra getur einnig veitt fráförnum gæzlustjóra og ekkju hans eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og gæzlustjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða gæzlustjóri forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

2. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

Bankastjóri annast dagleg störf bankans. Bankastjóri og gæzlustjóri skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjóra heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjóra þarf til, nema með samþykki bankastjóra eða gæzlustjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

Ráðherra setur fyrirmæli um störf og verksvið gæzlustjóra.

3. gr.

70. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Í stað „Aðalbankastjóri“ í 1. málsgr. komi: Bankastjóri.
b. Fyrir „bankastjórar“ í 2. og 3. málsgr. komi: bankastjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta, er lá fyrir síðasta þingi, en dagaði uppi, er nú aftur flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Fylgdu því frá ráðuneytinu svo hljóðandi athugasemdir:

„Í frv. því, sem hér liggur fyrir, um breyting á lögum nr. 31 frá 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, er gert ráð fyrir því, að sú nýja skipan verði á gerð um stjórn bankans, að bankastjóri sé aðeins einn og einn gæzlustjóri.

Það voru þegar í upphafi sterkar raddir uppi um það, þegar Búnaðarbanki Íslands var stofnaður, að þetta fyrirkomulag væri haft á stjórn hans, þótt það yrði hinsvegar ekki niðurstaðan. Má e. t. v. til sanns vegar færa, að það hafi ekki verið óeðlilegt að hafa stjórn bankans svo sem ákveðið var, meðan verið var að koma bankarekstri þessum í fast horf, þótt vitanlega sé um það og verði nokkur ágreiningur. En nú þykir eigi rétt að draga lengur að gera þessa breytingu. Er auðsætt mál, að auðvelt er að komast af með þetta fyrirkomulag, og er það til verulegs sparnaðar frá því, sem verið hefir.“

Nd. 15. Frumvarp til laga

um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Flm.: Thor Thors, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar húsa til að hraðfrysta fisk, allt að ¾ kostnaðarverðs bygginga og véla.

2. gr.

Til byggingar slíkra hraðfrystihúsa skal veittur úr ríkissjóði styrkur, er nemi ¼ kostnaðarverðs.

3. gr.

Hraðfrystihúsin skulu reist í verstöðum, þar sem góð skilyrði eru til að afla fiskjar til hraðfrystingar.

4. gr.

Hlunninda þessara laga geta aðeins notið félög útgerðarmanna og sjómanna, sem stofnuð eru í þessu skyni og eru opin öllum útgerðarmönnum og sjómönnum í þeirri verstöð eða nálægum verstöðum.

5. gr.

Umsóknir um lán og styrk samkvæmt lögum þessum skulu sendast atvinnumálaráðuneytinu, og fylgi þeim skilríki fyrir félagsstofnuninni og áætlun um byggingarkostnað.

6. gr.

Til tryggingar ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. er fyrsti veðréttur í frystihúsinu og vélum þess, ásamt lóð eða lóðarréttindum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Margsinnis hefir því verið lýst, bæði á Alþingi og utan þess, hver nauðsyn er á því, að breyta til um framleiðsluhætti á sviði sjávarútvegsins. Um langt skeið hafði saltfiskframleiðslan verið aðalstoð útvegsins. En á síðustu árum hafa komið í ljós stöðugt vaxandi örðugleikar við sölu þeirrar vöru. Veldur þeim einkum stórlega þrengd söluheimild í aðalviðskiptalöndum vorum, en hún á rót sína að rekja til verzlunarsamninga, er byggjast að miklu leyti á kröfunni um gagnkvæm viðskipti. Ennfremur gætir verulega þverrandi greiðslugetu viðskiptaþjóðanna og gjaldeyrisvandræða þeirra. Nú sem stendur er ástandið enn ískyggilegra en áður hefir verið, fyrst og fremst fyrir þá sök, að verzlun er mjög torvelduð við þá þjóð, sem drýgstur kaupandi hefir undanfarið verið að saltfiski vorum. Hin grimmilega borgarastyrjöld, sem nú geisar á Spáni, veldur því, að kaupmáttur þjóðarinnar hefir stórkostlega rýrnað og aðflutningar til landsins eru mjög erfiðir. Enda þótt það verði að vona, að þessum hryllilega hildarleik muni brátt lokið, er það vitað, að spánska þjóðin þarfnast jafnvel áratuga til að ná sér eftir eyðileggingar ófriðarins.

Á Ítalíu er nú svo komið, að þangað getum við aðeins selt gegn kaupum á ítölsk-

um vörum. Er það mjög takmarkað, hver not vér höfum þeirra, og ýmsir telja, að sumar vörutegundir, sem vér höfum flutt inn frá Ítalíu undanfarin ár, séu að gæðum lélegri en það, sem nágrannaþjóðirnar bjóða, en verðið þó hærra. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur því verið tvísýnn hagur af slíkum viðskiptum.

Portúgal er nú eina landið í Suður-Evrópu, er greiðir fiskinn með frjálsum gjaldeyri. En þar er samkeppnin svo hörð og aðstaða vor Íslendinga slík, að því aðeins getum vér náð sölum þar, að verðlag vort sé nokkru lægra en aðalkeppinautanna.

Frá síðustu aldamótum hafa meiri breytingar orðið í atvinnulífi voru Íslendinga en á öllum fyrri öldum í lífi þjóðarinnar. Upp úr aldamótunum taka landsmenn að eignast þau tæki til framleiðslu sjávarafurða, sem stórvirkust eru, og við það verður sú bylting í þjóðlífinu, að stóriðja skapast til sjávar. Hinn aukni fengur, sem nú verður dreginn á land, fær þjóðinni nýtt fjármagn, sem verður undirstaða margskonar verklegra framfara og breyttra viðfangsefna mikils fjölda landsmanna. Það kemst rót á þjóðlífið og þungamiðja atvinnulífsins færist úr sveitum landsins til sjávarins. Fólksstraumurinn úr sveitunum til sjávarins, til fljótfengnara fjár, hefst og fer stöðugt vaxandi. Afleiðingin verður sú, að kaupstaðir landsins og sjávarþorp stækka óðfluga og verkaskipting manna verður greinileg. Stéttaskipting hefst í þjóðfélaginu. Aðiljar framleiðslunnar verða tveir, annarsvegar atvinnurekendurnir, er ráða yfir framleiðslutækjunum, hinsvegar verkamennirnir, er lifa á vinnu sinni. Og hér á landi, eins og um gervallan heim, skapast hagsmuna-ágreiningur milli þessara aðilja. Deilur rísa um skipting arðsins, og leiða oft til vinnustöðvana, oftast til

tjóns fyrir báða aðilja og ætið á kostnað þjóðfélagsins í heild. Þess vegna ber ríkisvaldinu að láta þessi mál til sín taka og skipa þeim með lögum, sem öðrum mikilvægum þjóðfélagsmálum, þó á þann hátt, að réttur þessara aðilja til að ráða málum sínum og gæta hagsmuna sinna sé viðurkenndur með því fororði einu, að sjónarmið þjóðfélagsins séu ofar öllu öðru í þjóðfélaginu.

Vegna þess, hversu skammt er liðið frá því, að fyrrnefnd atvinnuþróun varð hér á landi, er eðlilegt, að íslenzk löggjöf sé enn fábreytt og frumstæð um vinnumálefni, enda erum vér nú orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum vorum í þessum efnum. Nú er því fyllsta þörf að hefjast handa, eigi eingöngu vegna atvinnuhátta sjávarútvegs, heldur einnig vegna breyttra hátta í verzlunarrekstri og vaxandi iðnaðar.

Einasti vísir íslenzkrar löggjafar í þessum málum eru lög nr. 55 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum. Voru þau lög sett með góðu samkomulagi beggja aðalaðilja þessara deilumála. Væri mjög æskilegt, að svo mætti einnig verða um þetta frv., og skal þess enn vænzt, þar eð það hefir eigi inni að halda önnur ákvæði en þau, sem allir stjórnmálaflokkar í nágrannalöndum vorum hafa sameiginlega lögfest eða látið haldast í gildi.

Þegar þessum málum skal skipa með lögum hér á landi, er það eðlilegast, að við lítum á aðgerðir hinna Norðurlandaþjóðanna og hagnýtum okkur reynslu þeirra á þessu sviði löggjafarinnar, svo sem vér höfum gert á nær því öllum öðrum sviðum hennar. En þær hafa nú allar lögfest þessi mál. Fylgdi löggjöf þeirra sem fylgiskjöl með þessu frv., er það var fyrst borið fram á Alþingi (þskj. 72 1936), og var þá nánar skýrt frá efni hennar við athugasemdir um ýmsa kafla frv. Aðeins skal þess getið hér, að Danir hafa að verulegu leyti leyst þessi vandamál án löggjafar. Þar tókst svo giftusamlega til, að vinnuveitendur og verkamenn gerðu, eftir langvinnar deilur, sætt með sér, 5. september 1899, þar sem þeir viðurkenna hvorir aðra og setja ákveðnar reglur fyrir ákvörðun vinnustöðvunar. Hefir samkomulag þetta, sem nefnt er septembersættin (sjá fskj. I með þskj. 72 1936), haldizt fram á þennan dag og haft heillavænleg áhrif á atvinnulífið.

Mál þetta á sér langan aðdraganda hér á landi og hefir fengið allrækilegan undirbúning. Það hefir verið vandlega rætt í Vinnuveitendafélagi Íslands, sem í aðalatriðum er því samþykkt. Alþýðusamband Íslands hefir hinsvegar ennþá tekið máli þessu með lítilli sanngirni eða skilningi. Það er þó vitað nú, að fjöldi verkamanna æskir þeirrar réttarverndar, sem frv. þetta færir þeim, og er því hlynntur, enda gætir frv. í hvívetna réttar þeirra engu síður en vinnuveitenda. En við flm. frv. lýsum því yfir, að við erum reiðubúnir til að taka til velviljaðrar athugunar sérhverjar skynsamlegar breytingar, er aðiljar málsins eða aðrir kunna að bera fram.

Aðalefni þessa frv. er þetta:

1) Vinnuveitendur og verkamenn og félög þeirra eru viðurkenndir jafnréttháir aðiljar.
2) Ákveðnar reglur eru settar fyrir ákvörðun verksviptingar og verkfalls.
3) Ákvæðin um sáttatilraunir í vinnudeilum eru aukin, og skylda og vald sáttasemjara skerpt frá því, sem nú er.
4) Stofnaður er Vinnudómstóll Íslands, er sker úr öllum ágreiningi út af samningum vinnuveitenda og verkamanna.

Réttur verkamanna til að beita verkfalli og vinnuveitenda til verksviptingar, til að knýja fram kröfur þeirra, er látinn haldast að höfuðefni, en skyldur þjóðfélagsins til að hindra slík örþrifaráð eru auknar og vald þess yfir þessum málum tryggt nokkuð.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um kafla frv. og einstakar greinar þess, er því hefir fylgt áður, svo og fskj. I—IX. (Sjá þskj. 72 1936).

Nd. 17. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigandi hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og getur þá sá, er hagnýta vill, notað alla orkuna kauplaust, en mannvirkjum skal hann haga þannig, ef við verður komið, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitið af matsmönnum og þeir talið það réttmætt.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Þeim, er jarðhitasvæði eiga eða jörð, þar sem hverir eða laugar eru, skal skylt við sölu slíkra eigna að bjóða ríkissjóði þær til kaups áður en þær eru seldar öðrum. Landbúnaðarráðuneytið skal innan fjögra vikna frá því, er því barst kauptilboðið, segja til, hvort ríkissjóður vill nota forkaupsrétt sinn. Að öðru leyti fer um sölu slíkra eigna og forkaupsrétt eins og fyrir er mælt í lögum nr. 55 15. júní 1926.

7. gr.

Ríkissjóður á rétt á að taka hveraorku jarðar eignarnámi til almenningsafnota. Ef héraðsstjórn (kaupstaður, sýsla eða hreppur) telur rétt að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðareigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum einnig að því leyti. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðareiganda einum og héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðaráætlunar um notkun jarðhitans.

12. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7 15. júní 1926, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

13. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

14. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Svo hljóðandi athugasemdir fylgdu því þá:

„Jarðhiti hér á landi hefir vafalaust mikið verðmæti í sér fólgið fyrir land og lýð. Það varðar þess vegna ekki litlu, á hvern hátt hann verður notaður. Af löggjafarvaldsins hálfu hefir lítið verið gert til þess að greiða fyrir notkun jarðhitans og tryggja það, að þessum hlunnindum verði ekki spillt.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum, að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.

Fyrir nokkrum árum var frumv. um þetta efni flutt á þingi, og í sumum atriðum er efni þessa frumv. svipað, en heildarstefna þess er þó á allt annan veg.

Nánar í framsögu."

Nd. 18. Frumvarp til laga

um lágmarksverð á sauðakjöti í innanlandssölu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Til þess að tryggja framleiðendum viðunanlegt verð fyrir sauðakjöt á innlendum markaði, skal fyrir sláturstíð ár hvert ákveða lágmarksverð á kjöti í heildsölu og smásölu innanlands. Verðið sé mismunandi eftir gæðaflokkum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna kjötverðlagsnefnd til þess að ákveða lágmarksverð á kjöti og framkvæma að öðru leyti fyrirmæli laga þessara. Nefndin skal skipuð þannig, að Samband íslenzkra samvinnufélaga nefnir einn mann í nefndina, Sláturfélag Suðurlands annan manninn, Búnaðarsamband Vestfjarða þriðja, Verzlunarráð Íslands þann fjórða og Búnaðarfélag Íslands þann fimmta. Ef einhver þeirra, er samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hefir rétt til að tilnefna mann í kjötverðlagsnefnd, lætur það ógert, tilnefnir Búnaðarfélag Íslands mann í hans stað. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf; einnig getur hún valið sér trúnaðarmenn eftir þörfum.

Ráðherra ákveður þóknun til nefndarmannanna. Greiðist sú þóknun og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga úr verðjöfnunarsjóði.

3. gr.

Landinu skal skipt í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaða. Ákveður kjötverðlagsnefnd síðan lágmarksverð á hverju verðlagssvæði samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Ekki má flytja kjöt né sláturfé milli verðlagssvæða nema með leyfi kjötverðlagsnefndar, og skal hún hafa á því athugun, að markaður offyllist ekki á neinum stað vegna aðflutnings frá öðrum verðlagssvæðum. Undanskildar eru smásendingar, sem ætlaðar eru aðeins til eigin neyzlu viðtakanda.

4. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal skipta útflutningi kjöts milli kjöteigenda. Skal þar farið eftir markaðsþörf kjöteigenda og aðstöðu þeirra til að nota hinn erlenda markað.

5. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af kjöti alls sauðfjár, sem slátrað er til sölu, nema kjöti af mylkum ám. Verðjöfnunargjald má vera mishátt eftir verðlagssvæðum og gæðaflokkum. Hvergi má verðjöfnunargjaldið vera hærra en 10 aurar á kg. Verðjöfnunargjaldið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrunin fór fram.

6. gr.

Verðjöfnunargjaldið rennur í verðjöfnunarsjóð, og skal kjötverðlagsnefnd geyma hann á tryggum stað þann tíma, er hún hefir hann undir höndum. Verðjöfnunarsjóði skal varið til verðuppbótar á það kjöt, sem selzt hefir lægra verði en fengizt hefir hæst fyrir samskonar kjöt á útlendum eða innlendum markaði, eftir því sem við verður komið. Skal verðuppbót hagað svo, að kjöteigendur fái sem jafnast verð fyrir allt það kjöt, sem að uppruna er jafngóð markaðsvara og engar skemmdir koma fram í, er ætla má, að kjöteigendur eða umboðsmenn þeirra eigi sök á. Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal það fé endurgreitt kjöteigendum í sömu hlutföllum og þeir greiddu í sjóðinn, ef sá afgangur nemur meira en 10% af sjóðnum. Ella skal þessi afgangur geymast til næsta árs.

7. gr.

Ráðherra setur, eftir tillögum kjötverðlagsnefndar, reglugerð um framkvæmd þessara laga. Í reglugerðinni skal kveða á um innheimtu verðjöfnunargjaldsins, skýrslugjafir og slátrun og önnur framkvæmdaatriði.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 2 9. jan. 1935, og 2. gr. laga nr. 90 19. júní 1933.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r .

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Tilgangur kjötsölulaganna var fyrst og fremst sá, að koma því til leiðar, að bændur fengju sem hæst verð fyrir sláturfjárafurðir sínar, og að minnsta kosti kostnaðarverð.

Þetta var hugsað að gera mætti með því:

1. að draga úr milliliðakostnaði, þannig, að minnka bilið milli þess, sem neytandinn borgar, og þess, sem framleiðandinn fær.
2. að greiða fyrir sölunni og sjá um, að framleiðendur fái sem jafnast verð eftir ástæðum.

Efndir á þessum atriðum hafa orðið þær, að fyrir 1. flokks dilkakjöt, sem neytendur hér í Reykjavík borga fyrir kr. 1,80—2,00, fá bændur í sinn hlut kr. 0,80—0,90.

Síðara atriðið hefir verið framkvæmt þannig, að bændur víðsvegar um land hafa nálega verið sviptir rétti til að ráða yfir sláturfjárafurðum sínum, en sláturfjárafurðirnar má telja, að sé svo að segja allt það, sem fjöldi bænda hefir að selja frá búum sínum. Hefir þetta komið sérstaklega hart niður á þeim bændum, sem hafa lítið

bú og því litlar tekjur af þeim, og verða því að spara sem mest útgjöldin, m. a. með því að sjá sjálfir um slátrun fjár síns og um sölu sláturfjárafurðanna. Þessi spörun þeirra á milliliðakostnaði er óbeinn auki við tekjur þeirra af búunum.

Tilgangi laganna mundi langbezt náð með því einu að koma á verðskráningu (lágmarksverði) á kjötinu á innlendum markaði, og koma að öðru leyti skipun á söluna innanlands og utan, með því að skipta mörkuðum réttlátlega og hagkvæmlega milli kjöteigenda. Nota síðan verðjöfnunargjaldið til þess að miðla þeim, er að lakari markaðsstöðunum sætu, frá þeim, er sætu að betri mörkuðum.

Er frumvarp þetta sniðið þannig, að þessum tilgangi verði að fullu náð.

Út í það skal ekki farið í þessari greinargerð, hve geysileg mistök hafa orðið á framkvæmd laganna í ýmsum greinum. Er með frumvarpi þessu reynt að setja undir þann leka, með því að hafa lögin sem einföldust og sem ákveðnust í hverju atriði."

Allar sömu ástæður eru enn fyrir hendi fyrir nauðsyn þess að breyta fyrirkomulagi kjötsölunnar. En eftir það, að frumvarpið var flutt í fyrra, kom fram ein afarmikilsverð sönnun fyrir því tjóni, sem núverandi skipun og framkvæmd á kjötsölunni hefir bakað bændum. Sönnun þessa er að finna í skýrslu skipulagsnefndar atvinnumála, bls. 174. Nefndin hefir safnað skýrslum um kjötneyzlu innanlands um langt árabil. Rannsókn þessi leiddi í ljós, að þegar kjötsölulögin gengu í gildi, hrapaði kjötneyzlan innanlands niður um rúml. 40%.

Þetta er að sönnu ekkert annað en það, sem flm. þessa frv. og margir fleiri sögðu fyrirfram, að leiða mundi af því, að svipta bændur rétti til framboðs og beinnar sölu á þessari aðalframleiðsluvöru þeirra. Er nú spá þessi orðin að sönnun, og er sú sönnun enn meira verð fyrir það, að hún er fundin og birt af þeim aðiljum, sem réðu orðalagi og ráðið hafa framkvæmd kjötsölulaganna, og hingað til hafa staðið fast gegn þeim umbótum á kjötsölunni, sem felast í þessu frumvarpi.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar

um að gera Bolungavíkurhöfn að öruggu skipalægi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað kosta muni að fullgera svo hafnarmannvirkin í Bolungavík í Hólshreppi, að öruggt sé fyrir skip allt að 1000 smálestir að liggja þar við landfestar. Rannsókn þessi sé gerð með það fyrir augum, að ríkissjóður láti framkvæma verk þetta á sinn kostnað að öllu leyti.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þál. var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Fylgdu henni þá eftirfarandi athugasemdir:

„25 ár eru liðin síðan byrjað var á hafnargerð í Bolungavík í Hólshreppi. Til hafnarbótanna hefir verið varið **hálfri milljón króna**, og hefir allt þetta fé farið í eitt einasta mannvirki, brimbrjótinn, sem nú er 152,6 m. á lengd. Þó er hafnarbót þessi ekki fullkomnari en það, að ekki geta þar legið togarar við landfestar, nema logn sé veðurs og ýfulaus sjór.

Af fjárhæð þessari hefir ríkissjóður lagt fram kr. 209935.00. En hreppurinn hefir lagt fram kr. 290065.00.

Stórfelldar misfellur hafa orðið á byggingu brimbrjótsins. Virðist til nýbyggingar hans hafa farið aðeins ca. kr. 140000.00, en til aðgerða og endurbóta um kr. 360000.00. Sýnir þetta ljósar en nokkuð annað, hver fádæma mistök hafa orðið á byggingu þessa mannvirkis.

Ríkið hefir frá öndverðu áskilið sér skilyrðislausan rétt til að hafa á hendi

yfirstjórn þessa verks. Verður því að líta svo á, að ríkið beri að langmestu leyti ábyrgð á þeim misfellum, sem orðið hafa. Er það eitt til dæmis um það, hversu til hafnarbóta þessara hefir verið kastað höndunum af hálfu ríkisins, að víkin hefir aldrei verið mæld.

Það eru hin mestu undur, að einn hreppur með um 800 íbúa skuli hafa látið af mörkum nær 300 þús. kr. í þetta mannvirki. Mundi og hreppsnefnd aldrei hafa komið slíkt til hugar, ef hún hefði ekki verið teygð út í það fet fyrir fet með áætlunum, sem ekki stóðust, og hinum tíðu skemmdum, sem ekki varð komizt hjá að bæta.

Hreppurinn er svo stórskuldugur orðinn vegna þessa mannvirkis, sem verður honum þó að tiltölulega litlu gagni, að þess er engin von, að hann geti lagt fram meira fé, né á nokkurn hátt tekið þátt í kostnaði við að fullgera það. Hinsvegar virðist ekki geta til mála komið, að ríkið láti mannvirki, sem kostað hefir hálfa milljón króna, grotna niður aftur ófullgert, án þess að verða nokkrum að liði. — Liggur því ekki annað fyrir en að ríkið láti ljúka þessu verki á einhvern þann hátt, er fullnægi þörf þorpsins, og kosti það verk að öllu leyti. Verður og ekki annað sagt en að ríkið sleppi þó vel gagnvart hreppnum, því öllum, sem mál þetta rannsaka, hlýtur að verða ljóst, að ríkið stendur í stórkostlegum óbættum sökum við hreppinn. Munu þess engin dæmi hér á landi, að sveitarfélag hafi verið jafnhart leikið af ríkinu eins og þessi elzta og frægasta verstöð Íslands að fornu og nýju.

Það, sem gerzt hefir, er í stuttu máli þetta: Ríkið ákveður, hvernig mannvirkið skuli vera, og áskilur sér yfirstjórn þess. Síðan koma kostnaðaráætlanir svo háar, að hreppurinn leggur með hálfum huga út í kostnaðinn. En áætlanirnar standast hvergi nærri, og fer verkið stundum 50—100% fram úr áætlun, og hreppurinn verður að teygja sig lengra og lengra. Svo hrynur það, sem gert er, stundum eftir nokkra mánuði, stundum eftir nokkra daga. Aðgerð verður ekki umflúin, og hreppurinn neyðist til að ganga lengra í framlögum en honum er stætt.

Hreppsbúar Hólshrepps hafa í þessu máli sýnt alveg dæmalausa þrautseigju og þolinmæði gagnvart ríkinu. En eins og áður segir, hafa þeir sumpart ekki átt þess kost að snúa aftur og sumpart hefir barátta þeirra verið háð vegna vissunnar um það, að framtíð sveitarfélagsins veltur að langmestu leyti á því, hvernig hafnarmálið leysist. Allt ber því að þeim sama brunni, að ríkið verður að ljúka verkinu á sinn kostnað. Og verður þá að byrja á því, sem gera átti fyrir 25 árum: Að rannsaka hafnarskilyrðin og leggja grundvöll að verkinu með fullkomnum áætlunum."

Fylgiskjal I.

Brimbrjóturinn í Bolungavík.

Skrá yfir framkvæmdir á árunum 1911—1936.

1911 Garðurinn lagður 31 m. frá landi. Kostnaður: 10490.00 kr.
1914 Framlenging: 29 m. Kostnaður: 31070.75 kr.
1915 Framlenging: 20,0 m. Kostnaður ca. 15500.00 kr.
1916 Endurbætur. Kostnaður ca. 12500.00 kr.
1918 Endurbætur. Kostnaður: 5899.16 kr.
1919 Endurbætur. Kostnaður: 27860.89 kr.
1922 Endurbætur og 10 m. framlenging. Kostnaður: 59905.29 kr.
1923 Endurbætur. Kostnaður: 21463.22 kr.
1926 Endurbætur. Kostnaður: 12657.92 kr.
1927 Steinnökkvinn lagður í framhaldi brjótsins. Framlenging: 57,0 m. Kostnaður: 42564.22 kr.
1928 Endurbætur. Kostnaður: 1990.57 kr.
1929 Endurbætur. Kostnaður: 18031.52 kr.
1930 Endurbætur. Kostnaður: 7303.41 kr.
1932 Endurbætur. Kostnaður: 6527.18 kr.

1934 Endurbætur. Kostnaður: 29966.95 kr.
1935 Endurbætur og framlenging 5,6 m. Kostnaður: 124014.59 kr.
1936 Endurbætur. Kostnaður: ca. 72000 kr.

Reykjavík, 9. apríl 1937.

Th. Krabbe.

Fylgiskjal II.

Greiðslur ríkissjóðs vegna brimbrjótsins í Bolungavík 1910—1936.

1910	Greitt	1000.00
1912	—	1000.00
1914	—	10000.00
1915	—	10000.00
1916	—	14516.08
1918	—	5899.16
1919	—	27860.89
1922	—	10000.00
1923	—	20000.00
1926	—	16000.00
1927	—	5000.00
1928	—	17500.00
1929	—	13757.48
1931	—	3651.70
1932	—	3750.00
1934	—	20000.00
1936	—	30000.00
	Samtals kr.	209935.31

Allur kostnaður við mannvirkið er við árslok 1936 um 500000 kr. Þar af hefir ríkissjóður greitt 209935,31 kr., en um 290000 kr. hafa verið lagðar fram annarsstaðar frá, þar með eru taldir ógreiddir reikningar frá 1935 og 1936, um 15000.00 kr.

Reykjavík, 9. apríl 1937.

Th. Krabbe.

Fylgiskjal III.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 10. apríl 1937.

Herra alþingismaður Sigurður Kristjánsson.

Samkvæmt ósk yðar, herra alþingismaður, sendi ég yður hér með yfirlit yfir kostnaðinn við brimbrjótinn í Bolungavík á árunum 1910—1936, svo og skrá yfir greiðslur ríkissjóðs við þetta mannvirki á sama árabili.

Eins og yfirlitin bera með sér, hefir kostnaðurinn allur orðið fram til síðustu áramóta um 500000 kr., og hafa þar af verið greiddar úr ríkissjóði kr. 209935.31, en þess ber að gæta, að á fjárlögum 1937 eru veittar 30000 kr. til verksins, og fjárlagafrumvarpið 1938 gerir ráð fyrir 10000 kr. lokafjárveitingu. Sé það meðtalið, verður tillag ríkissjóðs alls kr. 249935.31, sem er sem allra næst hálfur byggingarkostnaður.

Úr því að tiðrætt hefir verið um það, hve mannvirki þetta hefir orðið dýrt, og vitamálastjórninni kennt um það, vil ég benda á, að það, sem aðallega veldur því, að verkið hefir orðið svo kostnaðarsamt, er, að í upphafi skorti tæki til vinnunnar, en sérstaklega hin mikla yfirsjón, sem hreppsnefndin gerði 1927 með því að sökkva steinnökkvanum í framhaldi brjótsins án þess að styrkja hann á neinn hátt áður. Var það gert þvert á móti ráðum og tillögum skrifstofunnar og þrátt fyrir mótmæli hennar. Kostnaðurinn við það varð 1927 kr. 42564.22, en þar við bættust síðan 1935—1936, þegar nökkvinn, eins og fyrirsjáanlegt var, var að leysast upp, um 150000

kr. til þess að bjarga höfninni frá óbætanlegum skemmdum. Er því óhætt að telja, að þetta hafi hleypt kostnaðinum fram að óþörfu um ca. 100000 kr.

Um mannvirkið sjálft vil ég segja það, að ekki sé annað sjáanlegt heldur en að það sé nú fulltraust og í góðu standi. En enginn vafi er á því, að mikil þörf er á að stækka höfnina með því að framlengja garðinn og skipuleggja allt hafnarsvæðið, svo að þar myndist veruleg höfn fyrir allskonar útgerð. — Fyrsta sporið er vitanlega að gera fullkomna mælingu á höfninni og þar til heyrandi botnrannsóknir. En ég er ekki í neinum vafa um, að í Bolungavík séu teknisk góð skilyrði fyrir þýðingarmikla útgerðarhöfn.

Th. Krabbe.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar

um aukningu landhelgisgæzlu Íslendinga og um það, að Ísland taki að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Gísli Sveinsson.

1. Alþingi skorar á ríkisstjórnina að greiða landhelgissjóði nú þegar skuld ríkissjóðs við hann, og að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins nú þegar til byggingar fullkomins gæzluskips. Einnig skorar Alþingi á ríkisstjórnina að einbeita starfi varðskipanna að landhelgisgæzlunni.
2. Jafnframt ályktar Alþingi, að Ísland skuli, þegar 1. lið er fullnægt, neyta að fullu þess réttar, sem því er áskilinn í 8. gr. dansk-íslenzku sambandslaganna til þess að taka að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að það er krafa íslenzku þjóðarinnar, að gæzla íslenzkrar landhelgi sé örugg og eingöngu í höndum Íslendinga sjálfra. Alþingi hefir aðhyllzt þessa kröfu þjóðarinnar, og þess vegna lét það byggja tvö gæzluskip og keypti það þriðja. Og þess vegna áskildi Alþingi Íslandi þann rétt, er sambandslögin voru samþykkt, að Ísland gæti tekið landhelgisgæzluna í sínar hendur að öllu leyti, hvenær sem því sýndist að ákveða það.

Sú stefnubreyting hefir orðið í landhelgisgæzlumálunum, að fækka gæzluskipunum, sem fullkomin máttu teljast. Það var gert með sölu Óðins. Ráðgert var, að vélbátar skyldu smíðaðir fyrir andvirði Óðins. En það hefir þó verið vanrækt. — Verður það líka að teljast að minnsta kosti vafasamt, að heppilegt sé að breyta landhelgisgæzlunni á þá leið, að hún verði framkvæmd aðallega með vélbátum.

8. grein dansk-íslenzku sambandslaganna er svo hljóðandi:

„Danmörk hefir á hendi gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hendur að öllu eða nokkru leyti á sinn kostnað.“

Þegar lög þessi voru samþykkt, höfðu Danir eitt skip við landhelgisgæzlu við Ísland. Þó var skip þetta aldrei hér við land, nema nokkurn hluta ársins, en var að öðru leyti heima í Danmörku. Ísland átti þá ekkert gæzluskip.

Landhelgisgæzla Dana hér við land hefir ekkert breytzt þau 19 ár, sem liðin eru síðan sambandslögin voru samþykkt. En Ísland á nú tvö sæmilega búin gæzluskip og leigir einn til tvo vélbáta til landhelgisgæzlu lengri og skemmri tíma árlega. Auk þess er svo fyrir mælt af Alþingi, að öllu andvirði Óðins skuli þegar varið til aukningar landhelgisgæzluflota Íslendinga.

Af þessu ætti að vera alveg ljóst, að Ísland er fullkomlega þess umkomið að taka landhelgisgæzluna að öllu leyti í sínar hendur, ef fyrirmælum Alþingis um aukn-

ingu varðskipastólsins er framfylgt og skip landhelgissjóðs og leigubátar eru því aðeins notuð til annars en landhelgisgæzlunnar, að það ekki rýri hana. Undan er auðvitað skilið gæzlustarfið við Vestmannaeyjar og hjálp til handa skipum, sem stödd eru með áhöfn í háska.

Loks er skylt að taka fullt tillit til þeirra óska, sem fram hafa komið um það, að Ísland taki landhelgisgæzluna að öllu leyti i sínar hendur. Því viðurkenna verður, að það samrýmist á engan hátt metnaði þjóðarinnar, að annað ríki en Ísland hafi á hendi löggæzlu í ísl. landhelgi undir öðrum fána en fána Íslands.

Nd. 21. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingr. Steinþórsson.

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir á sviði landbúnaðarins. Sérstaklega skal leggja áherzlu á tilraunir í jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur, þar á meðal loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreytilegust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til þess í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvorn skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar.

Skólastjórar hafi að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækki á tveggja ára fresti um 500 kr., upp í 4400 kr.

Kennarar hafi að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækki á tveggja ára fresti um 500 kr., upp í 3800 kr.

Auk þess njóti bæði skólastjórar og kennarar ókeypis ljóss og hita. Dýrtíðaruppbót skal greiða skólastjórum og kennurum eftir sömu reglum og öðrum starfsmönnum ríkisins.

Auk áður talinna launa skal greiða hvorum skóla upphæð, er svarar tveim fullum kennaralaunum. Skal þeirri fjárupphæð, eftir því sem með þarf, varið til verklegrar og bóklegrar kennslu, að því leyti sem skólastjóri og kennarar ekki geta annazt hana.

Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða frí til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarfrí ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal leyft að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum og koma að vorlagi til hans.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
b. Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti eitt sumar í sveit eftir að hann varð 14 ára.
c. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem hetur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Í báðum deildum skal

ennfremur kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), landmælingar, steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum, eða öðrum stöðum, þar sem verklega kennslan fer fram, fá nemendur fæði og þjónustu tvö seinni missirin, án sérstaks endurgjalds. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 9. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að nemendur skólans fái fæði og þjónustu á skólabúinu með kostnaðarverði.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumanna, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið, til að kenna matreiðslu og geymslu garðávaxta og annara íslenzkra fæðutegunda.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1937.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi að tilhlutun landbúnaðarráðherra, er lét undirbúa það. Frumv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allar menningarþjóðir hafa fyrir löngu viðurkennt, að þekking og dugnaður þegnanna í atvinnuvegum þjóðanna sé undirstaðan undir menningarlegri og fjárhagslegri afkomu þeirra.

Beztu menn Íslendinga á 18. og 19. öld bentu á sem eitt helzta ráð til bjargar og viðreisnar, að kunnátta landsmanna í búnaðarstörfum og öðrum verklegum efnum yrði bætt frá því sem var. Þessir menn sáu ennfremur, að Íslendingar stóðu langt að baki öðrum þjóðum í öllu, er viðkom landbúnaði. Úr þessu var þó reynt að bæta með því að flytja inn útlenda bændur til búsetu hér á landi og senda Íslendinga til útlanda til að læra landbúnað. Árangurinn af starfi og búsetu útlendinganna hér á landi varð mjög lítill.

Um miðja 19. öld koma fram raddir um stofnun búnaðarskóla hér á landi. Þá höfðu um nokkurra ára skeið verið starfræktir búnaðarskólar í flestum löndum Norðurálfunnar.

Árið 1853 sendir Alþingi konungi tilmæli um að koma á fót einum búnaðarskóla á Íslandi. Fyrir Alþingi vakti, að skóli þessi yrði það fullkominn, að þar væri bæði hægt að veita bóklega og verklega kennslu. Úr framkvæmdum í þessu skólamáli verður þó ekkert verulegt fyrr en með stofnun búnaðarskólans í Ólafsdal 1880. Síðar eru hinir skólarnir þrír, á Hólum, Eiðum og Hvanneyri, stofnaðir á árunum til 1890. Námstíminn á skólunum var tvö ár, og kennslan bæði bókleg og verkleg. Þetta fyrirkomulag helzt að miklu leyti fram yfir aldamót, en þá er gerð gagngerð breyting á kennslufyrirkomulagi skólanna, verklega námið afnumið sem skyldunám og skólarnir eingöngu látnir starfa að vetrinum; námstíminn var tveir vetur.

Árangurinn af starfi skólanna undir þessu fyrsta fyrirkomulagi var á ýmsan hátt glæsilegur; mestar breytingar til bóta urðu á verklega sviðinu. Með þeim mönnum, er komu frá skólunum, breiddist út þekking meðal bænda um hagnýtari vinnuaðferðir og notkun nýrra verkfæra. Þrátt fyrir þennan árangur áttu skólarnir við ýmsa erfiðleika að stríða, afleitan fjárhag, lélegar byggingar og lítinn verkfærakost. Ennfremur var á þessum árum slæmt árferði og erfiður fjárhagur hjá bændastéttinni. Þau verkefni, sem skólarnir tóku upp þegar þeir voru stofnaðir, voru nýjungar, sem tiltölulega fljótt urðu eign almennings. En þegar frá leið, höfðu skólarnir ekki kraft til að taka upp ný óþekkt verkefni, og af þeim orsökum voru þeir ekki lengur brautryðjendur, er leið að aldamótum. Þessar ástæður munu hafa átt sinn þátt í því að draga allverulega úr aðsókn til skólanna, sem var orðin mjög lítil um aldamót.

Með breytingunni, sem gerð var á bændaskólunum eftir aldamótin, færist nýtt líf í skólastarfsemina, nýir áhugasamir menn koma að skólunum og aðsókn að þeim jókst stórum. Þessi breyting var fyrst og fremst að þakka forstöðumönnum þeirra, bættum kennslukröftum og vaxandi áhuga almennings fyrir skólamenntun.

Þeir menn, er komu frá skólunum á þessu tímabili, höfðu góða bóklega þekkingu á verkefnum landbúnaðarins, og á því sviði voru þeir fyllilega sambærilegir við búfræðinga nágrannalandanna. Aftur á móti var hin verklega kunnátta búfræðinga okkar mjög lítil, og oft og tíðum alls engin. Af þessu misræmi í menntun þeirra stafaði, að þeir höfðu margir hverjir, þegar þeir þurftu að fara að starfa að verklegum framkvæmdum, lítil not af sínu búnaðarnámi. Enda hafa margir íslenzkir búfræðingar verið í litlu áliti, sérstaklega af því, hversu lítið meira þeir kunnu af verklegum störfum en þeir bændur, er ekki höfðu gengið á búnaðarskóla. Þetta hefir verið almennt viðurkennt fyrir löngu, og oft komið fram raddir um það, að nauðsyn væri að taka upp viðtækari verklega kennslu við skólana.

Árið 1930 er gerð skipulagsbreyting á kennslufyrirkomlagi skólanna. Þá er nemendum gert að skyldu að stunda í það minnsta 8 vikna verklegt nám, vor og haust. Þessi breyting var spor í rétta átt, en alls ekki fullnægjandi; t. d. var ekki gert ráð fyrir neinu verklegu námi í búfjárhirðingu, en það verður að teljast mjög þýðingarmikið atriði í búnaði okkar. Sömuleiðis verður að teljast óheppilegt að slíta verklega námið í sundur, svo að nemendur geti ekki fylgzt með og tekið þátt í

hirðingu garða og akra allan vaxtartíma nytjajurtanna. Ennfremur verður að teljast nauðsynlegt, að bændaefni kynnist meðferð og notkun heyvinnuverkfæra og heyverkunaraðferðum, en það er eigi hægt nema verklega námið sé stundað allt sumarið.

Á síðastliðnum áratug hefir viðhorfið í íslenzkum búnaðarmálum breytzt mjög mikið. Nýjar búnaðargreinar hafa komið fram og þær eldri tekið nokkrum breytingum. Byrjað hefir verið á kornyrkju víðsvegar um land, en víða stendur þekkingarleysi þeirra, sem þetta reyna, í vegi fyrir bærilegum árangri.

Garðrækt, sérstaklega kartöflurækt, hefir aukizt, og er mikill áhugi fyrir framkvæmdum á því sviði. En til þess að árangurinn af þessari fjölbreyttari ræktun verði nokkurnveginn árviss, þá er það fyrst og fremst verkleg kunnátta í þessum efnum, sem bændur verða að hafa. Sama er að segja um notkun hesta við hin ýmsu búnaðarstörf. Hvað þessu atriði viðvíkur, þá stöndum við á mjög lágu menningarstigi og langt að baki öðrum þjóðum. Hjá okkur er hestanotkunin við bústörfin allt of lítil, og er það án efa einhver veigamesta orsökin til þess, að landbúnaðurinn er eins arðlítill og raun ber vitni um. Á þessu sviði eru því miklir möguleikar ónotaðir, og er ekki nema sjálfsagt, að bændaskólarnir verði hér brautryðjendur og kenni þeim mönnum, er þá sækja, rækilega meðferð og notkun hesta, en þetta er ekki hægt nema með alllöngu verklegu námi, sem þarf helzt að vera árlangt.

Margt er það fleira, er mætti nefna, sem krefur, að verklega námið sé yfir allt sumarið, t. d. sáðskiptiræktun. Sé verklega námið slitið sundur að sumrinu, tapa nemendur ýmsum mjög þýðingarmiklum atriðum í hirðingu nytjajurtanna og uppskeruvinnunni, sem skiptir miklu máli.

Heyskaparaðferðir okkar eru úreltar og seinvirkar og hafa lítið breytzt og ekki fylgzt með þeim framförum, er orðið hafa í grasrækt hér á landi síðustu árin. Þörf er því engu síður á verklegri kennslu í hagnýtum heyskaparaðferðum heldur en í jarðræktarstörfum. Sama er að segja um heyvinnuaðferðir; t. d. hefir votheysgerð langt frá náð þeirri útbreiðslu, sem vera ætti, og hjá mörgum, sem reynt hafa þessa heyverkunaraðferð, hefir hún mistekizt vegna skorts á verklegri kunnáttu.

Viðvíkjandi verkstjórn og skipulagningu búnaðarvinnunnar stöndum við Íslendingar mjög höllum fæti. Það er ekki sama, hvernig vinnan er framkvæmd. Vinnukostnaðurinn er hjá flestum aðalútgjaldaliðurinn við framleiðsluna. Það hefir því mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir bændur, að vinnan sé notuð á sem hagnýtastan hátt. Með lengra verklegu námi en verið hefir geta bændaskólarnir veitt nemendum sínum frekari æfingu í verkstjórn og skipulagningu landbúnaðarvinnu.

Eins og fyrr er getið, hefir nú um langt skeið ekki verið kennd nein verkleg búfjárhirðing á búnaðarskólunum. Verður það að teljast ófullnægandi fyrir búfræðinga okkar, að hafa ekki fengið tilsögn í verklegri hirðingu búfjártegundanna. Margir af þeim, sem sækja námið í skólana, hafa ekki komið nærri hirðingu búfjár, og sumir aðeins hirt eina búfjártegund, enda er ástandið í flestum sveitum landsins almennt slæmt hvað snertir hirðingu og meðferð búfjár. Kveður svo rammt að þessu, að afurðir búanna verða miklu minni en þær gætu orðið og ættu að vera, ef þekking landsmanna væri betri á þessu sviði. Það er því ekki nema eðlileg og sjálfsögð krafa, að bændaskólarnir geri tilraun til að bæta úr þessu, með því að taka upp kennslu í búfjárhirðingu. Á síðustu árum hafa breiðzt nokkuð út búfjártegundir, svo sem alifuglar, svín og refir, og má búast við frekari útbreiðslu og fjölgun þessara tegunda, en þar sem meðferð og hirðing þeirra er vandasöm, er hætta á meiri og minni mistökum, nema bætt sé úr þekkingarleysi manna á þessum atriðum. Einnig má í sambandi við kennslu í búfjárhirðingu brýna fyrir nemendum þýðingu og gildi kynbóta, og gefa þeim nokkra æfingu í að velja góð kynbótadýr, eftir ætt, ytra útliti og afkvæmum.

Sú kunnátta, sem er handfest undir verklegum athöfnum, verður haldbezt og kemur að mestu gagni í lífinu. Um leið og verkleg kennsla er tekin upp í búfjár-

hirðingu verður óhjákvæmilega að draga eitthvað úr þeirri bóklegu kennslu, sem verið hefir við skólana undanfarið, en það verður að gera það í þeim námsgreinum, sem sýnilega koma bændum að minnstum notum í daglegum störfum þeirra.

Þá verður ekki hjá því komizt að bæta við nýjum liðum í hina bóklegu fræðslu, t. d. um refarækt, svín, kornrækt o. s. frv. Ætti því hin bóklega fræðsla skólanna í framtíðinni, engu síður en hingað til, að geta búið bændaefni undir lífsstarf sitt, og einmitt frekar nú, þar sem ætlazt er til, að verklega kennslan aukist að mun frá því sem var, því almennt er viðurkennt, að bókleg fræðsla í verklegum efnum komi því aðeins að fullum notum, að hugur og hönd fylgist að.

Um 1. gr.

Með þessari grein er átt við, að þessir tveir bændaskólar fái rétt til að veita sérmenntun í búnaði.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að á skólastöðunum sé rekinn fjölbreyttur búskapur til stuðnings við kennsluna, sérstaklega verklega námið. Það er því mjög þýðingarmikið, að bú þessi séu fjölbreytt, bæði í jarðyrkju og búfjárrækt. Þá þarf á búunum að gera hagnýtar tilraunir í jarðrækt og kynbótum búfjár.

Séu búin starfrækt á þessum grundvelli, má alltaf búast við, að þau geti ekki að öllu leyti borið uppi kostnaðinn við búreksturinn. Af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt, að ríkið hlaupi undir bagga á einn eða annan hátt.

Milli skólans og búsins er náið samstarf, og búið mikið notað í þarfir kennslunnar. Af þessum ástæðum er bezt, að skólastjórar séu jafnframt bústjórar.

Um 3. gr.

Mjög hætt er við, að erfitt verði að halda góða kennara og starfskrafta við skólana, nema starfsmenn þeirra hafi aðstöðu til þess að mynda sjálfstæð heimili í nánd við skólastaðina.

Með þessari grein er því heimilað, að komið verði upp bústöðum og smábýlum fyrir starfsmenn skólanna og fjölskyldur þeirra.

Gert er ráð fyrir, að landstærð býla þessara verði ákveðin af landbúnaðarráðherra í samráði við skólastjóra. Óheppilegt verður að teljast, að þessir menn hafi stóran búrekstur, vegna þess, að það myndi geta dregið úr áhuga og dugnaði þeirra við skólann og skólabúið, þar sem starfskraftar þeirra eiga að notast.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að þrír fastir kennarar verði við skólann og laun þeirra miðuð við þau laun, sem þeir hafa eftir launalögum, auk launahækkunar fyrir lengri starfstíma ár hvert, sem þessi lög gera ráð fyrir.

Auk þessara föstu starfsmanna er gert ráð fyrir fjárveitingu til hvors skóla, er nemi tveim fullum kennaralaunum. Þessu fé ráðstafa skólastjórar, eftir því sem með þarf, til verklegrar og bóklegrar kennslu, að því leyti sem skólastjóri og kennarar geta ekki annazt hana.

Þó ætlazt sé til, að hinir föstu kennarar skólans veiti tilsögn um meðferð og hirðingu alidýra, mun óhjákvæmilegt að hafa sérfróða menn að auki um vissar greinir þessara starfa, svo að fyrirmyndarumhirða verði á öllum alidýrum. Þessir menn verða einnig að geta veitt nemendum tilsögn. Eðlilegast þykir, að skólastjóri ráði menn til þessara starfa með samþykki búnaðarráðuneytisins, því að oft getur verið ástæða til að skipta um menn, t. d. útlenda sérfræðinga, þegar orðin er völ á innlendum hæfum starfsmönnum.

Gengið er út frá, að fastir kennarar skólanna hafi mánaðarfrí frá kennslu ár hvert, og auk þess fjögurra mánaða frí sjötta hvert ár. Þetta ákvæði er sett svo kennararnir hafi tækifæri til þess að ferðast innanlands og utan, endurnýja þannig

þekkingu sína til að fylgjast með og læra þær nýjungar, sem koma fram og þeir geta haft gagn af í starfi sínu.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að námi skólanna skuli skipt milli tveggja deilda, yngri og eldri deildar. Námstíminn í yngri deild sé einn vetur, en í eldri deild eitt ár (sumar og vetur).

Í greininni er gert ráð fyrir, að námið í eldri deild sé bæði bóklegt og verklegt. Ætlazt er til, að verklega námið fari aðallega fram að sumrinu, nema kennslan í búfjárhirðingu.

Námið í yngri deild verður aðallega bóklegt og veitir nemendum almenna fræðslu, sem gerir þá hæfari til að tileinka sér kennsluna í eldri deild. Þá gerir þessi grein ráð fyrir, að þeir umsækjendur, sem eru þroskaðir og hafa góða undirbúningsmenntun, t. d. héraðsskólanám, fái leyfi til að setjast í eldri deild.

Margir sveitapiltar, sem hafa stundað skólanám einn eða tvo vetur, hafa ekki efni eða ástæður til þess að stunda búnaðarnám meira en eitt ár, og þykir því ekki rétt að útiloka þessa menn frá skólunum. Gert er ráð fyrir, að þessir nemendur byrji námið að vorinu, sem tryggir það, að þeir fái notið verklegu kennslunnar.

Um 6. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir, að ekki fái yngri piltar en 18 ára inngöngu í skólann.

Ef nemendur væru yngri, myndu þeir hafa minna gagn af námi sínu við skólana, því að búfræðinám krefst mikils þroska af nemendum, eigi þeir að hafa þess full not.

Um 7. gr.

Hér er ákveðið í höfuðdráttum, hvað skuli kennt í skólunum.

Starf bóndans er fjölþætt og staða hans í þjóðfélaginu þýðingarmikil og krefur víðtækrar menntunar, bæði bóklegrar og verklegrar. Eigi bóndinn að vera heilsteyptur í starfi sínu og þjóðfélaginu til sóma, þarf hann að nema og þroskast á báðum þessum sviðum. Náminu þarf að haga þannig, að bóklega og verklega kennslan haldist sem bezt í hendur og stuðli að alhliða þroska og menntun bændaefnanna.

Grein þessi ákveður því, að verklega námið sé aukið mikið frá því, sem verið hefir, og námstíminn töluvert lengdur. Með því er ætlazt til, að nemendur fái tækifæri til að glöggva sig á, taka þátt í og þar með fá nokkra æfingu í öllum bústörfum á heilu starfstímabili búanna.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um verklega námið, þar sem tiltekið verði um lágmarksvinnutíma hvers nemanda við hin einstöku bústörf. Á þetta að tryggja, að vinna nemenda verði ekki misnotuð og hann fái fjölþætta verklega æfingu.

Sjálfsagt þykir, að verklega námið fari fram á skólabúunum sjálfum, að því leyti sem verkefni eru þar fyrir hendi. En vanti verkefni þar, þá heimilar greinin, að einhver hluti verknámsins sé látinn fara fram annarsstaðar, þar sem fullnægjandi skilyrði eru fyrir hendi. Ekki þykir rétt, að með öllu sé útilokað, að nemendur geti fengið leyfi til að vera heima um heyskapartímann, ef þeim er það brýn nauðsyn vegna heimilisástæðna. En ekki er til þess ætlazt, að það sé notað, nema slíkar ástæður mæli með. Og rétt þykir, að samþykki ráðherra þurfi fyrir slíkri undanþágu.

Þá þykir rétt, að ákveðið verði nánar í reglugerð, hvaða bóklegar námsgreinar skuli kenna í skólanum, vegna þess að erfitt er að óreyndu að dæma um, hve langan tíma þurfi að nota til verklega námsins í búfjárhirðingu, og búast má við, að draga verði örlítið úr einstöku námsgreinum, sem kenndar hafa verið.

Um 8. gr.

Nemendur, sem ljúka námi, fái í styrk úr ríkissjóði 100 kr. Þar sem gera má ráð fyrir, að haga verði ýmsum störfum nemenda við verklega námið þannig, að búin

hljóti lítinn arð af þeirri vinnu, þykir rétt, að ríkið greiði búunum nokkra fjárhæð, er miðuð sé við nemendafjölda.

Um 9. gr.

Prófað skal árlega í þeim námsgreinum, er kenndar eru við skólana. Einnig er ætlazt til, að nemendum sé gefið fyrir dugnað og leikni í verklegum störfum. Þá er og ætlazt til, að þeir nemendur, er standast prófið, fái að því loknu skírteini, er gefi þeim rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Um 10. gr.

Lagt er til, að skólabúin selji nemendum fæði, en hætt verði við það fyrirkomulag, að piltar hafi sameiginlegt mötuneyti. Þar sem piltar nú eiga að fá seinni tvö missirin fæði og þjónustu frá búunum, sýnist ekki ástæða til, að matreiðsla fyrir nemendur skólans fari fram í tvennu lagi. Það hlýtur óhjákvæmilega að verða dýrara, bæði vegna mannahalds, eldsneytis o. fl. Þar sem skólabúin halda búreikninga, ætti að vera auðvelt að sjá, hvað fæðið kostar.

Um 11. gr.

Hér er ákveðið, að landbúnaðarráðuneytið skuli hafa yfirstjórn skólanna á hendi. Þykir það rétt, þar sem skólarnir eru fagskólar fyrir landbúnaðinn.

Um 12. gr.

Heimilað er, að halda megi stutt fræðslunámskeið við skólana fyrir bændur og aðra, sem hafa áhuga á búnaði, einnig námskeið fyrir ýmsa starfsmenn við félög bænda. Þýðing og gildi þessara námskeiða getur verið margþætt; þar koma bændur saman og hlusta á fræðandi fyrirlestra um þau atriði búskaparins, sem þá í það og það skiptið mestu varða. Hér fá þeir einnig tækifæri til að ræða áhugamál sín og læra hver af annara reynslu. Sama er að segja um námskeið fyrir eftirlits- og trúnaðarmenn; við að kynnast og bera ráð sín saman verður meira samræmi í störfum þeirra. Einnig er þeim gagnlegt að endurnýja og auka þekkingu sína, sérstaklega að kynnast öllum nýjungum, sem koma fram. Tekið er fram í þessari grein, að halda megi matreiðslunámskeið fyrir kvenfólk við skólana. Ætlazt er til, að aðallega verði kennd matreiðsla garðávaxta og annara innlendra fæðuefna. Kennsla þessi þarf því helzt að fara fram að haustinu.

Búast má við, að þessi starfsemi geti orðið til að auka ræktun matjurta í nágrenni skólanna, því að þekkingarvöntun á matreiðslu, geymslu og notkun garðávaxta stendur útbreiðslu þeirra fyrir þrifum.

Um 13. gr.

Ríkissjóður greiðir allan árlegan kostnað við rekstur skólanna, eins og verið hefir.

En vegna þeirra breytinga, sem lög þessi gera ráð fyrir á starfrækslu skólanna, svo sem lengingar starfstíma kennara ár hvert og aukinnar kennslu við verklega námið, verður hinn árlegi rekstrarkostnaður ca. 10000 krónum meiri nú en áður við hvorn skóla. Einnig má búast við, að ríkissjóður verði að leggja fram nokkurt fé til skólabúanna, til að gera þau fjölbreyttari og betur úr garði, svo að þau fullnægi þeim kröfum, sem verður að gera til kennslubúa.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Nd. 22. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Thor Thors, Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Frá 1. janúar 1938 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar íslenzkum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefir verið flutt á þrem næstliðnum þingum. Hafa stjórnarflokkarnir í öll þessi skipti haft samtök um að hefta framgang þess.

En nú hefir sú breyting á orðið, að þingmenn úr þessum sömu flokkum hafa lýst því yfir, bæði utan þings og innan, að gjald þetta eigi ekki nú orðið við neinn rétt að styðjast, og sé því sjálfsagt að fella það niður. Má af þessum ástæðum telja líklegt, að frv. þetta nái nú að verða að lögum.

Að öðru leyti vísast til greinargerða, er fylgdu frv. á síðasta þingi og við flutning þess árin 1935 og 1936.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum um alþýðutryggingar, nr. 26 1. febr. 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram fyrir næsta Alþingi nákvæma endurskoðun á lögunum um alþýðutryggingar. Skal sérstaklega gera gagngerðar breytingar á köflunum um elli- og örorkutryggingar og um ellilaun og örorkubætur, þannig að allar tekjur, sem ætlaðar eru til greiðslu til gamalmenna og öryrkja, verði jafnharðan notaðar til styrktar og framfærslu öryrkja og þeirra gamalmenna, sem komin eru yfir 60 ára aldur á hverjum tíma, og jafnframt verði öll iðgjöld stighækkandi eftir tekjum.

Ennfremur skal gera gagngerðar breytingar á kaflanum um atvinnuleysistryggingar, þannig að séð sé fyrir nægilegum tekjustofnum til þess að sjá verkamönnum farborða meðan þeir eru atvinnulausir og ekki reynist unnt að útvega þeim atvinnu, enda hafi allir verkamenn rétt til atvinnuleysisstyrks, án tillits til þess, hvort þeir eru félagar í verklýðsfélagi eða eigi. Kostnaður atvinnuleysistryggginganna sé borinn af atvinnurekendum, ríki og bæjarfélögum.

Greinargerð.

Í trausti þess, að frumvarp það um breytingar á lögunum um alþýðutryggingar, sem flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu flytur á þessu þingi og fjallar eingöngu um kaflann um sjúkratryggingar, nái fram að ganga, er sérstaklega tiltekið, að nauðsyn beri til að undirbúa gagngerðar breytingar á köflunum um elli-

og örorkutryggingar og um atvinnuleysistryggingar. Annars þurfa lögin í heild sinni algerðrar endurskoðunar við.

Bæði breytingartillögurnar við kaflann um sjúkratryggingar og þingsályktunartillaga þessi eru í fullu samræmi við kröfur þær um breytingar á alþýðutryggingunum, sem yfir 5200 Reykvíkingar sendu Alþingi í fyrra.

Nánar í framsöguræðu.

Ed. 24. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum um alþýðutryggingar, nr. 26 1. febr. 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Síðasta málsl. 23. gr. laganna skal orða svo:

Undanteknir eru þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómum og úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum frá 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

2. gr.

24. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

a. 1. tölul. 30. gr. laganna orðist svo:

Læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstofnun, að fullu, hvort heldur er í sjúkrahúsi eða utan sjúkrahúss. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt sé að koma því við.

b. 1. málsgr. 4. tölul. sömu lagagr. skal orða svo:

Í sjúkrasamlögum kaupstaða er ennfremur skylt að greiða dagpeninga til þeirra, sem óvinnufærir eru sökum veikinda. Dagpeningar skulu jafnan greiðast, er ein vika er liðin frá því að hinn tryggði varð óvinnufær, samkvæmt framansögðu, en aldrei frá fyrri tíma en viku eftir að hann hætti að taka laun, eða hætt er að reikna honum laun samkvæmt því, er segir í 41. gr. hér á eftir.

c. 1. málsl. b-liðs 4. tölul. sömu lagagr. skal orða svo:

Eigi hinn tryggði fyrir konu, börnum eða öðrum skylduómögum að sjá, nýtur hann, auk persónudagpeninga, fjölskyldudagpeninga.

4. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist: og meðlagskostnaður á sjúkrahúsi eða annar kostnaður samkv. 30. gr., að undanteknum dagpeningum, eigi fyrir þá, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

5. gr.

Fyrri málsgr. 34. gr. laganna skal orða svo:

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlaga upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess. Iðgjald manna, sem hafa minna en 2000 kr. í árstekjur, má þó aldrei vera hærra en 2 krónur á mánuði, og iðgjöld þeirra, sem hafa minna en 3000 kr. í árstekjur, aldrei meira en 3 krónur á mánuði. Það, sem á vantar til þess að samlögin fái nægilegar tekjur til að standa straum af skuldbindingum sínum, þegar heildarupphæð þessara lægstu iðgjalda hefir verið reiknuð út,

skal með stighækkandi gjöldum lögð á þá meðlimi samlaganna, sem hafa meira en 3000 kr. í árstekjur.

6. gr.

Við 35. gr. Orðin „þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann“ í fyrri málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

7. gr.

37. gr. laganna skal orða svo:

Iðgjöld samkvæmt 34. gr. greiðist fyrirfram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum. Bæjar- og sveitarstjórnir greiði iðgjöld atvinnulausra verkamanna fyrir þann tíma, sem þeir eru atvinnulausir, eða í atvinnubótavinnu, ef atvinnutími þeirra, þar með talin atvinnubótavinna, hefir ekki verið fullar tvær vinnuvikur næsta mánuð áður en iðgjaldið féll í gjalddaga. Ríkissjóði ber að endurgreiða bæjar- og sveitarsjóðum helming kostnaðar þess, sem þeir kunna að hafa haft af iðgjaldagreiðslum fyrir atvinnulausa verkamenn. Bæjar- og sveitarsjóðir greiði einnig iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig skulu greidd úr bæjar- eða sveitarsjóði ógreidd iðgjöld þeirra manna, sem bæjar- eða sveitarstjórn telur ástæðu til að halda í tryggingu. Gjaldið telst ekki framfærslustyrkur, en endurgreiðist ef ástæður leyfa.

8. gr.

2. tölul. 85. gr. laganna falli burt, og liðatalan breytist samkv. því.

Greinargerð.

Breytingartillögur þessar eru eingöngu við kaflann um sjúkratryggingar. En jafnframt ber ég fram þingsályktunartillögu um endurskoðun laganna í heild sinni. Er það gert vegna þess að brýnustu nauðsyn ber til þess, að mínum dómi, að sjúkratryggingarnar verði lagfærðar strax, en ef gengið er að því verki að lagfæra kaflana um elli- og örorkutryggingar og um atvinnuleysistryggingar, þá verður það ekki gert að gagni, nema þeir verði algerlega umskapaðir í þá átt, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögu minni um þetta efni.

Aðalinnihald breytingartillagnanna er þetta:

Það er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlögin þurfi ekki að bera kostnað af sjúklingum, sem eru haldnir alvarlegum, langvarandi sjúkdómum, en nú þurfa þau venjulega að bera kostnaðinn af þessum sjúklingum í 26 vikur.

Læknishjálp bæði í sjúkrahúsum og utan sjúkrahúss sé greidd að fullu af sjúkrasamlögum, en er nú aðeins greidd að $^3/_4$ utan sjúkrahúss.

Biðtími dagpeninga má ekki vera lengri en ein vika, í stað þess að í núgildandi lögum er sjúkrasamlögunum í sjálfsvald sett, hvað þau hafa biðtímann langan, og hefir S. R. notað þessa heimild til að ákveða biðtímann 16 vikur.

Þá er gert ráð fyrir, að allir, sem hafa fyrir hverskonar skylduómögum að sjá, fái fjölskyldudagpeninga.

Þá er ákveðið tiltekið hámarksiðgjald fyrir alla þá, sem hafa minna en 3000 kr. í árstekjur, 2 kr. á mánuði fyrir þá, sem hafa minna en 2000 kr. í tekjur, og 3 kr. fyrir þá, sem hafa minna en 3000 kr. í tekjur. Á hinum eru gjöldin stighækkandi og ættu ekki að komast upp fyrir 4 kr. fyrr en árstekjurnar eru komnar upp fyrir 4000 kr. — En jafnframt þessu er gert ráð fyrir, að allir njóti tryggginganna, þar sem þeir einir njóta þeirra nú, sem hafa minna en 4500 kr. í skattskyldum tekjum.

Þá er gert ráð fyrir, að ríki og bæjarfélög í sameiningu greiði iðgjöld fyrir atvinnuleysingja, sem ekki hafa haft atvinnu í fullar 2 vinnuvikur mánuðinn áður en iðgjaldið féll í gjalddaga.

Loks gerir frv. ráð fyrir, að foreldrar beri ekki ábyrgð á greiðslu iðgjalda fyrir börn sín og fósturbörn, eins og þeim ber skylda til samkvæmt núgildandi lögum.

Allar þessar breytingar, ásamt endurskoðun þeirri á elli-, örorku- og atvinnuleysistryggingunum, sem þingsályktunartillaga mín fer fram á, eru í fullu samræmi við áskorun þá, sem yfir 5200 Reykvíkingar sendu Alþingi í fyrra og hljóðaði á þessa leið:

„Við undirritaðir álítum, að svo stórir annmarkar séu á lögunum um alþýðutryggingar og framkvæmd þeirra, að brýna nauðsyn beri til að gera á þeim gagngerðar breytingar, svo að þær komi að góðum notum fyrir almenning í bænum.

Helztu breytingarnar, sem gera þyrfti, ættu að okkar áliti að vera þessar:

1. Sjúkrasamlög greiði læknishjálp að fullu bæði í sjúkrahúsum og utan þeirra.
2. Fjölskyldudagpeninga fái allir þeir, sem eiga fyrir skyldum að sjá.
3. Við ákvörðun iðgjalda til sjúkrasamlags sé tekið tillit til efnahags, þannig að iðgjöld séu stighækkandi.
4. Atvinnulausir menn séu undanþegnir greiðslu iðgjalda þann tíma, sem þeir eru atvinnulausir eða í atvinnubótavinnu, enda greiði bær og ríki iðgjöld þeirra til samlagsins.
5. Foreldrar og fósturforeldrar beri ekki ábyrgð á greiðslu iðgjalda fyrir börn og fósturbörn.
6. Biðtími dagpeninga sé ekki lengri en í gamla sjúkrasamlaginu.
7. Nefskatturinn til lífeyrissjóðs — 7 kr. gjaldið — falli niður. Greiðsla ellilífeyris hefjist þegar tryggði er 60 ára, ef hann er eignalaus maður.

Við álítum, að endurbætur á tryggingunum í þessa átt mundu gera að engu þá óánægju, sem andstæðingar tryggginganna hafa alið á að undanförnu, og skorum því á ríkisstjórnina og stjórn tryggginganna hér í bæ að sjá svo um, að framanritaðar breytingar verði gerðar á lögunum á næsta Alþingi.“

Tillögur, sem í öllum atriðum gengu í sömu átt, voru samþykktar í einu hljóði í verkamannafélaginu „Dagsbrún“ í Reykjavík og í mörgum öðrum verkalýðsfélögum víðsvegar um land.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um ríkisstyrk til byggingar niðursuðuverksmiðja.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Thor Thors, Garðar Þorsteinsson, Jón Pálmason, Sigurður E. Hlíðar, Eiríkur Einarsson, Gísli Sveinsson.

1. gr.

Þeir, sem reisa verksmiðjur til niðursuðu sjávarafurða, skulu njóta til þess styrks úr ríkissjóði, er nemi ¼ af verði bygginga og véla verksmiðjanna, eftir nánari ákvæðum 2. og 3. gr.

2. gr.

Hlunninda þeirra, er um ræðir í 1. gr., njóta aðeins félög, sem í eru aðallega útgerðarmenn og sjómenn, og þeir, sem vinna að hagnýtingu eða sölu sjávarafurða.

3. gr.

Verksmiðjur, sem um ræðir í 1. gr., skal reisa á þeim stöðum, sem vel liggja til móttöku sjávarafla, og skulu allir útgerðarmenn og sjómenn á þeim stað og í næstliggjandi verstöðvum eiga kost á að vera þátttakendur í stofnun fyrirtækisins, þótt framlag þeirra nemi ekki meira en 100 krónum.

4. gr.

Félög bænda, sem stofnuð eru í því skyni að starfrækja niðursuðu landbúnaðarafurða, skulu hafa sama rétt til styrks úr ríkissjóði til byggingar niðursuðuverksmiðja og félög þau, sem 2. gr. ræðir um.

5. gr.

Félag, sem sækir um ríkissjóðsstyrk samkvæmt lögum þessum, skal láta umsókninni fylgja skilríki fyrir félagsstofnuninni, teikningar af byggingum og áætlun um byggingarkostnað. Styrkurinn greiðist í tvennu lagi, 60% þegar byggingin er komin undir þak, en fullnaðargreiðsla, þegar verksmiðjan er fullbúin til starfa og kostnaðarreikningur gerður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnuleysi og óhagstæð verzlun eru nú sem stendur almennasta böl þjóðfélagsins og það, sem þyngstum búsifjum veldur. Löggjafarvaldið og stjórnarvöldin hafa reynt að lækna þessar meinsemdir með atvinnubótastyrkjum og innflutningshöftum, en með þeim árangri, að báðar aukast án afláts.

Ein öruggasta leiðin til þess að lækna þessi þjóðarmein er sú, að auka verðmæti útflutningsins. — Ef unnt væri að auka útflutninginn að verulegu leyti, mundu gjaldeyrisvandræðin leysast af sjálfu sér, aðfluttar nauðsynjar þjóðarinnar komast aftur í skaplegt verð og dýrtíðin þar með fjara stórum út; atvinnuleysið mundi þverra eða hverfa og mörg önnur vandræði leysast af sjálfu sér. Fjöldi manna, sem nú eru ósjálfbjarga sökum atvinnuleysis og dýrtíðar, mundi bjargast á eigin spýtur, en við það létti af sveitarsjóðum, bæjarsjóðum og ríkissjóði mörgum böggum og þungum. Það er því fyllilega vert yfirvegunar og rannsóknar, hvort unnt muni að auka verðmæti útflutningsins svo miklu nemi á fáum árum. Verður í því efni fyrst að athuga skilyrðin til sjávarins, því enn er þar úr mestu og álitlegustu efni að vinna.

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslum Hagstofu Íslands var útflutningurinn síðastl. ár kr. 48,2 millj. að verðmæti. Þar af voru endursendar erl. vörur og skip seld úr landi kr. 0,5 millj. að verðmæti. Raunverulegur útflutningur því 47,7 millj. En þar af voru sjávarafurðir kr. 40,2 millj. að verðmæti, eða ca. 84,3%.

Nú er rétt að athuga, hverra skilyrða krefur og hvaða skilyrði eru fyrir hendi til þess að auka þennan útflutning svo að verulegu nemi.

Það vita allir, að hráefnin eru svo að segja ótæmandi. Framleiðslutæki þau, sem til eru, geta afkastað miklu meira en þau gera, ef unnt væri að koma aflanum í verð, og vinnukraftur er nægur. En það, sem veldur því, að þessi skilyrði nægja ekki til þess, að verðmæti útflutningsins aukist, er markaðsörðugleikar. Þó hefir neyzla eða notkun sjávarafurða ekki minnkað, heldur stóraukizt. Vandinn, sem leysa þarf, er því sá, að haga framleiðslunni í samræmi við þörf neytendanna. Og til þess að fullnægja þeirri þörf, þarf fyrst og fremst það, að hafa á boðstólum „unna" vöru, í stað lítt unninna vara eða hreinna hráefna. En sá kostur fylgir því, að fullnægja þessari kröfu, að þá verður framleiðslan stórum verðmætari og veitir jafnframt landsfólkinu hina mjög þráðu atvinnu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að þær raddir hafa heyrzt, að íslenzkir útgerðarmenn hafi lagt of mikla áherzlu á saltfiskframleiðslu, í stað þess að stunda karfaveiðar og ufsaveiðar og að herða fiskinn. Er því rétt að taka fram, að fram til ársins 1930 var saltverkaður þorskur frá Íslandi svo góð markaðsvara, að framleiðsla hans megnaði að gera útgerðina mjög arðvænlegan atvinnurekstur og firra þjóðina með öllu atvinnuleysisbölinu, enda miklu arðvænlegri atvinnurekstur en karfaveiðar eða herðing fisks.

En nú eru ástæður breyttar; saltfiskneyzluþjóðirnar hafa hver af annari lent í greiðsluvandræðum, og eru nú lamaðar af ófriði og fjárhagsvandræðum, og ofan á það hefir bætzt aflatregða hér við land, sem að sönnu má með rökum telja aðeins árferði. Íslenzkir útgerðarmenn hafa eðlilega séð þetta og skilið fyrstir manna og verið viðbragðsfljótir í því að breyta framleiðslunni. Því til sönnunar er eftirfarandi skýrsla um breytingu þeirra tegunda sjávarafurða, sem út hafa verið fluttar.

Útfluttar sjávarafurðir:

1930	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 40272476	73,5%
—	Síld, lax o. fl.	— 5278331	9,5%
—	Fituefni	— 5334488	9,5%
—	Mjöl o. fl.	— 3721484	7,5%
	Útflutningur alls	kr. 54606779	100%
1931	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 31654938	74,0%
—	Síld	— 4399801	9,9%
—	Fituefni	— 3217312	7,87%
—	Mjöl o. fl.	— 3474961	8,23%
	Útflutningur alls	kr. 42747012	100%
1932	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 32086733	72,8%
—	Síld, lax o. fl.	— 4928799	11,22%
—	Fituefni	— 3677687	8,33%
—	Mjöl, bein o. fl.	— 3377746	7,65%
	Útflutningur alls	kr. 44070965	100%
1933	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 34063589	72,7%
—	Síld, lax o. fl.	— 4791624	10,0%
—	Fituefni	— 4375203	9,33%
—	Mjöl	— 3711929	7,97%
	Útflutningur alls	kr. 46942345	100%
1934	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 29206422	68,73%
—	Síld, lax og fl.	— 5422544	12,64%
—	Fituefni	— 4581940	10,07%
—	Mjöl og fl.	— 3659380	8,56%
	Útflutningur alls	kr. 42870286	100%
1935	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 26099555	63,75%
—	Síld, lax og fl.	— 6134758	15,0%
—	Fituefni	— 5738670	14,0%
—	Mjöl, bein og fl.	— 2947178	7,25%
	Útflutningur alls	kr. 40920161	100%
1936	Fiskur verkaður og óverkaður	kr. 19361740	48,2%
—	Síld, lax og fl.	— 7049690	17,5%
—	Fituefni	— 9482370	23,6%
—	Mjöl og fl.	— 4286520	10,7%
	Útflutningur alls	kr. 40180320	100%

Það er kunnugt, að einhver auðugustu fiskimið heimsins eru út frá ströndum Íslands. Það er einnig vitað, að fyrir sjávarafurðir er svo að segja ótæmandi markaður, ef framleiðslunni er hagað í samræmi við þörf neytendanna. Það er því ómótmælanlegt, að þau miklu skilyrði, sem þetta skapar, liggja opin fyrir Íslendingum. Við þurfum aðeins að breyta framleiðslunni, eða réttara sagt að auka framleiðsluna frá þessu sjónarmiði, og því verðum við að leggja höfuðáherzluna á það, að flytja út „unna“ vöru í stað hráefna. Það gefur margfalt verð og skapar stórkostlega atvinnu í landinu.

Samkvæmt útflutningsskýrslum er nú ekki flutt út neitt af fullunnum vörum úr sjávarafla nema síldarmjöl og fiskimjöl, að því athuguðu þó, að verkaður saltfiskur er neyzluvara í því ástandi, sem hann nú er fluttur út í. En hann er, eins og áður segir, seldur til þeirra landa, sem hafa mjög takmarkaða kaupgetu, og því ekki unnt að framleiða hann, nema með tapi fyrir framleiðandann. Því er það, að aukning útflutningsins verður að byggjast að verulegu leyti á því, að löggjafarvaldið hafi framsýni til þess að greiða götu þeirra breytinga á framleiðslu sjávarafurða, að þær verði sem mest „unnar" í landinu sjálfu. Við það verða þær ekki aðeins margfalt verðmætari en óunnu efnin, heldur verður þá einnig auðveldara að selja þær fyrir frjálsan gjaldeyri, en það mundi létta af landinu viðskiptaörðugleikum svo um munaði.

Árið 1935 fluttu Norðmenn út niðursoðnar sjávarafurðir fyrir kr. 33203883.00. Það sama ár fluttu þeir út saltaðan og hertan fisk fyrir samtals tæpar 33 milljónir króna, eða fyrir heldur lægri fjárhæð en niðursoðnar vörur úr sjávarafla.

Skilyrði Norðmanna og Íslendinga eru að mörgu leyti svipuð til þess að framleiða niðursoðnar vörur úr sjávarafla. Hjá báðum eru nærtæk og auðug fiskimið, ódýr orka til iðnaðar og nægur vinnukraftur. Fiskistofnar eru að sönnu ekki allir þeir sömu. En við Íslendingar eigum þó völ á nokkrum fisktegundum, sem hvergi munu betri. Svo er um efni í fiskibollur (ýsa, þorskur og lúða). Íslenzka síldin er og ágætlega fallin til niðurlagningar. Gnægð er og hér af ufsa, en reynsla síðustu ára sýnir, að fáar fisktegundir munu álitlegri til niðursuðu bæði að því er verð og markaðsrými snertir. Enn má nefna rækjur, sem af sérfróðum mönnum eru taldar mjög góð útflutningsvara. Og loks virðist nú vera að skapast mikill og mjög álitlegur markaður fyrir malaðan saltfisk í dósum.

Annars er það lítt rannsakað, hverjir verðmætir fiskstofnar til iðnaðar finnast á Íslandsmiðum. En vitað er þó um þessa, sem nefndir eru og nægja mundu til þess að framleiðslugrein þessi geti orðið stórfelld og arðvænleg eftir ísl. mælikvarða.

Þess má geta, að í fiskibollur er notað mjög mikið af mjólk, og gæti því framleiðsla þeirra haft einnig verulega þýðingu fyrir landbúnaðinn. Það má telja líklegt, að niðursuða ýmsra landbúnaðarafurða gæti tekizt jafnhliða niðursuðu sjávarafurða, enda er hin mesta nauðsyn á því að auka markað erlendis fyrir landbúnaðarvörur. Frv. ætlast því til þess, að niðursuðuverksmiðjur landbúnaðarafurða njóti sömu hlunninda og slík fyrirtæki við sjóinn.

Loks er vert að geta þess, að niðursuða er iðnaður, sem þarfnast geysimikils vinnuafls að tiltölu við annan iðnrekstur.

Nd. 26. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1938.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1938.
5. Kennslu-eftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1938.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1938.

7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1938 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1938.
8. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1938 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1938 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1938 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1938 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1938 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1938 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingarfræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er farið fram á, að frestað verði framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1938 þeim lögum og einstökum lagaákvæðum, sem frestað er framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða 1937, að undanskildu hámarki því, sem ákveðið var á framlagi til verkfærakaupasjóðs árið 1937. Hefir nú verið sett hærra hámark í nýju jarðræktarlögunum.

Verður ekki annað séð en full þörf muni verða fyrir þann sparnað árið 1938, sem af frumvarpi þessu leiðir, ef að lögum verður.

Ed. 27. Frumvarp til laga

um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á sumri komanda. Skal verksmiðjan geta unnið úr að minnsta kosti 5 þúsund málum síldar á sólarhring, og skal byggingu eftir föngum hagað þannig, að auðvelt sé að koma við stækkun á verksmiðjunni.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni og hálfri milljón króna, til greiðslu kostnaðar, sem leiðir af fyrirmælum 1. gr.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinnar nýju verksmiðju á Raufarhöfn fer að öðru leyti eftir lögum nr. 14 9. jan. 1935.

Greinargerð.

Á fundi Skipstjóra- og stýrimannafélags Reykjavíkur 16. des. 1936 var samþykkt m. a. að beina þeirri áskorun til hlutaðeigenda, að síldarverksmiðja ríkisins á Raufarhöfn yrði stækkuð og endurbætt fyrir síðastliðna síldarvertíð, og fylgdi þessum tilmælum svo hljóðandi greinargerð:

„Það er gömul reynsla síldarmanna, að mikið af síldinni fæst árlega austur við Sléttu og Langanes. Þegar svo stendur á, er mjög mikið komið undir afköstum verksmiðjunnar á Raufarhöfn. En hún hefir aldrei megnað að vinna úr þeim afla, er fæst á þessum slóðum. Leiðin fyrir Sléttu til Siglufjarðar er afarlöng, tekur allt að 20 klst., og kostar því sú sigling mikið fé. Auk kostnaðarins er að þessu feykimikil töf frá veiðum, því ef sæmileg tíð er og aflabrögð í meðallagi, geta skip fengið tvö fullfermi á þeim tíma, er fer í að sigla báðar leiðir; er hér miðað við það, að þau fengju afgreiðslu á Raufarhöfn. Kemur það fyrir, að ryðja verður aflanum í sjóinn aftur, ef veður versnar. Þegar svo stendur á á Siglufirði, að skipin þurfa að bíða affermingar eftir hina löngu ferð, er auðséð, hversu stórkostlegur hagnaður væri að því, að hafa afkastameiri verksmiðju með stærri þróm á Raufarhöfn, sem liggur svo vel við hinum auðugu síldarmiðum við Sléttu og Langanes. Síldarflotinn á sammerkt við önnur farartæki okkar Íslendinga á sjó í því að vera bæði gamall og úreltur, skipin eru smá og ferðlítil. Að haustinu, þegar tíð fer að verða umhleypingasöm, kemur það þráfaldlega fyrir, að veður hamlar algerlega ferðum frá Langanesi til Siglufjarðar með síldarfarm.

Af því, sem hér hefir verið sagt, sést, hversu brýn nauðsyn það er, að stækka verksmiðjuna á Raufarhöfn fyrir næstu síldarvertíð."

Erindi þetta var sent Skipstjórafélaginu Kára í Hafnarfirði, og var það samþ. á fundi, er haldinn var í félaginu 12. jan. 1937.

Aflatap síldveiðiflotans síðastl. sumar vegna skorts á nægum síldarverksmiðjum og þar af leiðandi afgreiðslutöfum er talið af kunnugum að nema allt að 500 þús. málum síldar, eða að útflutningsverðmæti um 7 millj. króna.

Það er áætlað, að þessi nýja síldarverksmiðja á Raufarhöfn vinni úr 250 þús. málum yfir vertíðina. Myndi hún því draga úr afgreiðsluvandræðunum að miklum mun, og miðar því frumvarp þetta að því að draga úr þessu stórkostlega tjóni fyrir síldarútveginn og þjóðina í heild, sem af þessum afgreiðsluörðugleikum hlýzt.

Raufarhöfn liggur, eins og fyrr er sagt, ágætlega við þeim síldarmiðum, sem talin eru ein hin fengsælustu og öruggustu hér við land. Hingað til hefir veiði á þessum miðum verið mjög erfið fyrir hin smærri skip síldveiðiflotans, vegna þess hve langt hefir verið að sækja þangað frá Siglufirði og Eyjafirði. Síldarverksmiðjan, sem nú er á Raufarhöfn, hefir bætt nokkuð úr, en þó langt frá því, sem þurft hefði, enda eru afköst hennar ekki nema um 1000 mál á sólarhring og vélar og útbúnaður verksmiðjunnar lélegur.

Þetta hefir leitt til þess, að hinir minni vélbátar hafa ekki getað hagnýtt sér þessi síldarmið nema að mjög litlu leyti. Ný verksmiðja á Raufarhöfn myndi bæta mjög aðstöðu hinna smærri síldveiðiskipa til þess að sækja á þessi mið, og myndi það verða þeim ómetanleg stoð.

Ed. 28. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 40 19. júní 1933 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Frv. þetta var flutt í Nd. á fyrra þingi þessa árs og hafði náð samþykki meiri hluta fjárhagsnefndar, en varð ótrætt sökum þingrofsins. Þess vegna er það borið fram enn á þessu þingi.

Nd. 29. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1935.

(Lagt fyrir alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

	Áætlun	Reikningur
I. Innborganir:	kr.	kr.
1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	11 275 000.00	12 259 691.71
2. — — 3. — A. —	1 894 400.00	2 947 203.05
3. — — 3. — B. —	24 650.00	23 904.49
4. — — 4. — —	518 940.00	504 456.21
5. — — 5. — —	50 000.00	91 063.11
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	474 051.00	12 659 428.14
7. Greiðslujöfnuður	99 845.17	67 966.64
Samtals	14 336 886.17	28 553 713.35

	Fjárveiting	Reikningur
II. Útborganir:	kr.	kr.
1. Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	1 547 576.00	1 499 877.67
2. — — 8. — —	60 000.00	60 000.00
3. — — 9. — —	250 920.00	335 739.56
4. — — 10. — —	407 846.00	542 518.43
5. — — 11. — A. —	1 065 760.00	1 507 292.43
6. — — 11. — B. —	231 000.00	296 250.68
7. — — 12. — —	721 371.00	938 349.21
8. — — 13. — A. —	1 341.402.00	1 575 488.27
9. — — 13. — B. —	716 000.00	688 002.09
10. — — 13. — C. —	535 700.00	604 277.64
11. — — 14. — A. —	358 420.00	389 761.63
12. — — 14. — B. —	1 507 477.00	1 689 596.99
13. — — 15. — —	209 010.00	215 698.91
14. — — 16. — —	2 629 675.00	3 322 824.75
15. — — 17. — —	1 158 200.00	1 250 228.59
16. — — 18. — —	268 684.17	278 334.52
17. — — 19. — —	100 000.00	257 917.36
18. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga ...	1 227 845.00	13 101 554.62
Samtals	14 336 886.17	28 553 713.35

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, sem áður hafa verið samþykkt. Ríkisreikningur fyrir 1935 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð sem fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. **30. Frumvarp til fjáraukalaga**

fyrir árið 1935.

(Lagt fyrir alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru á fjárlögum 1935, eru veittar kr. 2635128.72 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—12. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A. 1. Póstmál:

3. a.	Skrifstofukostn. í Reykjavík	kr.	4030.43	
c.	Húsaleiga utan Reykjavíkur	—	48.45	
d.	Önnur gjöld	—	30455.73	
				kr. 34534.61

A. 2. Síminn:

b. 1.	Aðalskrifstofa landssímans	kr.	5531.17	
2.	Ritsímastöðin í Reykjavík	—	27018.62	
3.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	10942.79	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	—	37153.25	
6.	Áhaldahúsið	—	877.16	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	—	10841.46	
8.	— á Seyðisfirði	—	4530.85	
9.	— — Ísafirði	—	5713.11	
10.	— — Borðeyri	—	1230.32	
11.	— í Vestmannaeyjum	—	8971.17	
12.	— á Siglufirði	—	12519.12	
c.	Eyðubl., prentkostn., ritföng o. fl.	—	7149.97	
f.	Viðhald landsímanna	—	71613.22	
g.	Framhaldsgjald	—	1603.00	
h.	Til kenslu fyrir símamenn	—	23.75	
j.	Ýmis gjöld	—	4538.90	
l.	Burðargjald	—	11433.60	

Eignabreytingar:

4.	Firðtalstöðvar í Vestmannaeyjum, Reykjavík og Siglufirði	kr.	36865.22	
5.	Talstöðvar í bátum	—	12455.98	
6.	Talstöð í Gufunesi og Vatnsenda	—	488031.68	
				kr. 759044.34
			Flyt	kr. 793578.95

			Flutt	kr.	793578.95
	A. 3. Víneinkasalan.				
1.	Laun starfsmanna	kr.	39086.28		
3.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	130.31		
4.	Annar kostnaður	—	45003.65		
				—	84220.24
	A. 5. Ríkisútvarpið.				
a. 1.	Yfirstjórn	kr.	1283.12		
2.	Útvarpsefni	—	44574.45		
3.	Skrifstofan	—	8837.45		
4.	Innheimta	—	14214.68		
5.	Útvarpssalur	—	5047.00		
6.	Húsaleiga	—	1593.74		
9.	Óviss gjöld	—	2063.43		
10.	Kosning í útvarpsráð	—	9591.87		
				—	87205.74
	B. 2. Arnarhváll.				
2.	Ýmis rekstrarkostnaður			—	6871.47
				kr.	971876.40

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

	I. Ráðuneytin, ríkisféhirðir o. fl.				
2.	Til utanferða ráðherra	kr.	11264.16		
3.	Laun starfsmanna	—	11813.16		
4.	Annar kostnaður	—	38741.80		
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	—	5642.32		
6.	Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings	—	43.50		
7.	c. Kostnaður við sendingu stjórnartíðinda	—	4158.51		
8.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað	—	920.43		
				kr.	72583.88
	II. Hagstofan.				
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	kr.	794.61		
3.	Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	—	1056.45		
5.	Aðstoð og skrifstofukostnaður ..	—	1770.64		
				—	3621.70
	III. Utanríkismál.				
2.	Til meðferðar utanríkismála ...	kr.	5127.85		
4.	Kostn. við sambandslaganefnd .	—	150.00		
5.	— vegna samninga við erlend ríki	—	55130.83		
				—	60408.68
				—	136614.26
			Flyt	kr.	1108490.66

Flutt kr. 1108490.66

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1.	b.	Annar kostnaður	kr.	6190.60	
4.	a.	Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	—	4525.00	
	b.	Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	—	720.00	
5.	a.	Laun 5 skrifara	—	5626.00	
	c.	Aðstoð og aukavinna	—	2879.00	
	d.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	1896.00	
	e.	Innheimtukostnaður	—	17657.00	
	f.	Ýmis gjöld	—	7508.48	
6.	a.	Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	—	9600.00	
	b.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	1632.63	
	c.	Ýmis gjöld	—	11277.61	
7.		Toll- og löggæzla	—	71037.33	
8.		Skrifst.k. sýslum. og bæjarfógeta	—	13802.28	
9.		Til landhelgisgæzlu	—	179756.66	
10.		Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	—	9954.89	
11.		Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	24616.17	
12.		Sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	—	26020.01	
15.		Til endursk. réttarfarslöggjafar .	—	3440.60	
16.		Kostn. við löggildingu vogar- og mælitækja	—	3182.33	
17.		Kostnaður við barnavernd	—	1363.50	
				kr.	402686.09

B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur:

1.	b.	Fyrir embættisskeyti	kr.	40054.81	
2.		Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna	—	1204.25	
3.		Til embættiseftirlitsferða	—	3286.80	
4.		Gjöld v/ yfirskattanefnda o. fl. .	—	12533.41	
5.		Til ríkisskattanefndar	—	3700.00	
6.		Eyðubl., bókband, auglýs. o. fl.	—	8140.17	
				—	68919.44
				—	471605.53

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

2.	Til skrifstofu landlæknis	kr.	2484.00	
5.	Til augnlæknisferða	—	800.00	
12.	Landsspítalinn	—	62265.68	
13.	Holdsveikraspítalinn	—	18636.22	
14.	Kleppur: I. Gamli spítalinn	—	18257.20	
	— II. Nýi spítalinn	—	54763.56	
15.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	—	44531.22	
17.	— — í Kristnesi	—	4567.50	
	Flyt	kr.	206305.38	kr. 1580096.19

		Flutt	kr. 206305.38	kr. 1580096.19
18.	c.	Til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..	— 7866.66	
	g.—h.	Varnir gegn næmum sjúkdómum	— 9756.96	
	i.	Varnir gegn kynsjúkdómum	— 7395.73	
	j.	Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	— 223.95	
	o.	Styrkur til gervilimakaupa	— 49.50	
	r.	Biðlaun til Páls Sigurðssonar, héraðslæknis	— 450.00	
				— 232048.18

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	2.	Laun aðst.verkfræðings ..	kr.	350.00
	3.	Ferðakostn. og fæðispen. .	—	79.85
	4.	Til aðstoðarm. og mælinga	—	8327.84
	5.	Skrifstofukostnaður	—	4351.14
II.	a. 1.	Kjósarvegur	—	4629.40
	2.	Andakílsvegur	—	6416.58
	3.	Mýravegur	—	97.83
	4.	Stykkishólmsvegur	—	162.18
	6.	Suðurdalavegur	—	1272.49
	7.	Geiradalsvegur	—	1520.84
	8.	Kollafjarðarvegur	—	651.56
	9.	Holtavörðuheiðarv.	—	3394.63
	10.	Saurbæjarvegur	—	2851.96
	11.	Hrútafj.v. við Hrútat. ..	—	639.72
	12.	Bitruvegur	—	521.99
	13.	Víðidalsvegur	—	1447.39
	14.	Patreksfjarðarvegur á-leiðis til Bíldudals ..	—	637.23
	15.	Breiðadalsheiðarvegur .	—	713.74
	16.	Blönduhlíðarvegur	—	545.49
	17.	Hofsósvegur	—	3821.13
	18.	Fljótavegur	—	107.82
	21.	Ljósavatnsskarðsvegur .	—	4510.98
	22.	Kópaskersvegur	—	1593.36
	23.	Raufarhafnarvegur	—	277.51
	24.	Þistilfjarðarvegur	—	131.06
	25.	Bakkafjarðarvegur	—	138.03
	26.	Vopnafjarðarvegur	—	179.58
	27.	Úthéraðsvegur	—	2543.91
	29.	Jökulsárhlíðarvegur ...	—	1173.43
	30.	Skriðdalsvegur	—	551.56
	31.	Norðfjarðarvegur	—	2496.65
	32.	Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði	—	374.08
	33.	Breiðdalsvegur	—	205.20
	35.	Suðursveitarvegur	—	623.95
	36.	Síðuvegur	—	337.11
	37.	Mýrdalsvegur	—	426.93
	40.	Gnúpverjahreppsvegur	—	2778.93
		Flyt	kr.	60883.08 kr. 1812144.37

	Flutt	kr. 60883.08			kr. 1812144.37
41.	Hrunamannahreppsv. ..	— 690.38			
42.	Sogsvegur	— 5874.32			
43.	Fellavegur	— 18103.50			
b.	Viðhald og umbætur	— 127360.98			
III.	Til brúagerða	— 24548.97			
			kr.	237461.23	

B. Samgöngur á sjó:

2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		kr.	841.66	

C. Vitamál og hafnargerðir:

I. 2.	Laun aðstoðarverkfræðings	kr. 350.00			
4.	Til skrifstofuhalds	— 4218.90			
5.	Ferðak. og fæðispeningar .	— 368.78			
6.	Til aðstoðarm. og mælinga	— 2260.00			
III.	Rekstrarkostnaður vitanna ..	— 32776.80			
IV.	Sjómerki	— 7000.00			
V.	Til áhaldakaupa	— 9531.29			
VI.	Ýmislegt	— 23531.71			
XII.	Sjómælingar	— 4570.65			
			—	84608.13	
					kr. 322911.02

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

a. 2.	Skrifstofukostnaður	kr. 2500.00			
b. 4.	Framlag til prestlaunasjóðs .	— 20837.59			
			kr.	23337.59	

B. Kennslumál:

I. g.	Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans ..	kr. 1000.00			
k.	Hiti, ljós, ræsting, vélgæzla	— 1176.92			
l. 2.	Ýmis gjöld	— 11724.21			
III. 3.	Skrifstofuk. fræðslum.stj. .	— 10856.76			
IV. b. 2.	Eldiviður, ljós, ræsting	— 159.76			
4.	Til stundakennslu og prófdómenda	4374.25			
9.	Ýmis gjöld	— 1503.28			
10.	Til verðlaunabóka	— 5.10			
V. b. 1.	Til aukakennara og stundakennslu	— 4134.00			
8.	Til ýmislegra gjalda ...	— 2665.79			
VI. b. 1.	Stundakennsla	6443.40			
3.	Bókakaup og áhöld	— 252.02			
6.	Ýmis gjöld	— 4363.31			
VII. b. 1.	Til stundakennslu	— 850.00			
4.	Ýmis gjöld	— 21.48			
VIII. b. 1.	Til stundakennslu	2514.00			
3.	Ljós, hiti og ræsting ...	— 34.17			
	Flyt	kr. 52078.45	kr.	23337.59	kr. 2135055.39

		Flutt	kr. 52078.45	kr. 23337.59	kr. 2135055.39
VIII. b.	4.	Til prófhalda	— 121.25		
	6.	Til stofn. rafmagnsd.	— 2781.00		
IX. c.	1.	Til verklegs náms	— 809.50		
	2.	Til kennsluáhalda	— 513.98		
	3.	Til eldiviðar og ljósa	— 903.21		
	4.	Ýmis útgjöld	— 991.42		
	2. c. 1.	Til verklegs náms	— 817.39		
	4.	Ýmisleg gjöld	— 1238.77		
XIII.	4.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	— 696.35		
	5.	Utanfararstyrkur til barnakennara til að sækja norrænt kennaramót	— 966.85		
XIV. 1. c.	4.	Til viðhalds	— 1839.06		
	5.	Til raflýsingar	— 10951.00		
	8.	Til bókasafna við unglingaskóla	— 150.00		
	9.	Ritstyrkur fyrir kennslubækur handa skólum	— 150.00		
XVI.		Til kennslu heyrnar- og málleysingja	— 10339.81		
				kr. 85348.04	
					kr. 108685.63

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista:

1.	c.	Til aðstoðar	kr.	400.00
2.	c.	Ýmis útgjöld	—	1248.86
5.	a.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	—	2317.26
	b.	Til viðhalds og áhalda	—	1673.31
54.		Kostnaður við friðun Þingvalla	—	3330.83
			—	8970.26

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja:

1.		Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum	kr.	12200.83
15.		Til fyrirhleðslu og vegagerða við Þverá í Fljótshl.	—	618.84
16.		Til Þykkvabæinga til notkunar skurðgröfu	—	694.11
20.	b.	Til aðstoðar	—	574.50
	c.	Til veðurathugana utan Rvíkur, áhalda o. fl.	—	1622.54
	d.	Til veðurskeyta o. fl.	—	329.90
	f.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	341.46
	h.	Til jarðskjálftamælinga	—	177.18
	i.	Ýmis gjöld	—	2427.76
22.		Til landmælinga	—	228.48
25.		Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	800.00
27.	e.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	—	3798.98
29.	b.	Til skrifstofukostnaðar	—	575.06
	c.	Ferðakostnaður	—	706.67
30.		Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum	—	4685.28
		Flyt	kr.	29781.59 kr. 2252711.28

	Flutt	kr. 29781.59	kr. 2252711.28
31.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	— 513.67		
32.	Kostn. vegna ráðstafana um inn- og útflutning	— 17183.08		
51.	Til vinnumiðlunar	— 4170.56		
58.	b. Skrifstofukostnaður	— 12462.58		
			—	64111.48

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

10.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	kr. 220.23		
27.	Styrkur til verkamannafélagsins á Þingeyri	— 300.00		
			—	520.23

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld ..... — 153432.36

12. gr.

Til gjalda samkv. þingsályktunum er veitt ..... — 164353.37

Samtals kr. 2635128.72

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1935, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Sþ. 31. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1936.

(Lagt fyrir alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru á fjárlögum 1936, eru veittar kr. 90845.45 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:

1.	Aðgerð á lögreglustöðinni, Pósthússtræti 3	kr. 12291.16	
2.	Húsgögn í lögreglustöðina	— 964.60	
			kr. 13255.76

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Aðgerð á safnahúsinu	— 2000.00	
2.	Girðing um listasafnshús Einars Jónssonar	— 7000.00	
			— 9000.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Vatnsveita í Hrísey ..... — 5000.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Kostnaður vegna konungskomunnar	kr. 56070.69	
2.	Kostnaður við athuganir um sementsverksmiðju ..	— 7519.00	
			— 63589.69
		Samtals	kr. 90845.45

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

Lokið var á árinu við aðgerð á lögreglustöðinni, sem hófst sumarið 1935 og fé var veitt til á fjáraukalögum fyrir það ár.

Um 3. gr.

1. Fjárhæð þessari var varið til þess að mála safnahúsið að utan fyrir konungskomuna, enda var þess orðin full þörf.
2. Vegna götugerðar var grafið undan einni hlið á girðingunni um listasafnshúsið. Var gerður þar vandaður steingarður í stað gömlu girðingarinnar.

Um 4. gr.

Í landskjálftunum við Eyjafjörð sumarið 1935, eyðilögðust brunnar í Hrísey, og var eyjarbúum veittur þessi styrkur til að koma upp vatnsveitu.

Um 5. gr.

1. Hér er talinn allur kostnaður við komu konungshjónanna hingað sumarið 1936.
2. Fenginn var erlendur verkfræðingur til að rannsaka hvort tiltækilegt væri að koma hér upp sementsverksmiðju, og er þetta kostnaður við ferð hans hingað, rannsóknir og álitsgerð.

Ed. 32. Frumvarp til laga

um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Magnús Jónsson, Bjarni Snæbjörnsson.

I. KAFLI

Skipun sjóðsins og ætlunarverk.

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkissjóðs, en undir sérstakri stjórn, sbr. 15. gr.

Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

II. KAFLI
Stofnfé fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

3. gr.

Stofnfé fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til eina millj. króna á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 1. janúar 1937, eftirstöðvar af skuld fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, danskar krónur 666 þús. Afganginn, kr. 333 þús., greiðir ríkissjóður eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins með jöfnum greiðslum á næstu fjórum árum.
2. Helmingur núverandi útflutningsgjalds á hverskonar sjávarafurðum rennur í sjóðinn, unz stofnsjóður hans er orðinn 12 millj. kr. Verði útflutningsgjald sjávarafurða, sem nú er, afnumið með lögum að nokkru eða öllu leyti, áður en sjóðurinn er orðinn 12 millj. kr., rennur í sjóðinn frá þeim tíma ¾ % af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu var létt af, þar til stofnsjóður nemur þeirri fjárhæð, er áður segir.
3. Eignir varasjóðs og veðtryggingasjóðs renna í stofnsjóð.
4. Eignir skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda renna í stofnsjóð fiskveiðasjóðs, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast.

4. gr.

Reiðufé fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

III. KAFLI
Útlánastarfsemi fiskveiðasjóðs.

5. gr.

Fé fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 80 rúmlestir, og séu þau ætluð til fiskveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.
3. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 80 rúmlestir.

Veitingar lána samkv. 3. lið skulu hefjast jafnskjótt og fjárhagsstyrkleiki sjóðsins leyfir, að áliti sjóðsstjórnarinnar. Um lánveitingar skal gilda sú meginregla, að lána einungis til nýbygginga.

6. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórn metur gildar, má lána allt að ⅗ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að ⅔ virðingarverðs.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert sinni.

Lengsti lánstími samkv. 1. lið 5. gr. er 12 ár, og hámark lána út á eitt skip samkv. sama lið 30 þús. kr.

7. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 5. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 24 þús. kr.

8. gr.

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu vera 4½ % — fjórir og hálfur af hundraði — á ári og greiðist fyrirfram fyrir eitt ár í senn eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóv., og má þá ennfremur reikna ½ % dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

9. gr.

Eignir þær, sem fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lántakanda af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta vátryggt í vátryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanrækslu verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast vátrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum, jafnt og fyrir láninu sjálfu.

IV. KAFLI

Um greiðslufall lána og réttindi fiskveiðasjóðs.

10. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

11. gr.

Nú er lán úr fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

12. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkv. tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboð, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn. En aðvara skal hann veðsala um það, í votta viðurvist, með 8 daga fyrirvara.

Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

13. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

V. KAFLI

Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

14. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

15. gr.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af þeim mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal, á miðju hverju reikningsári, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra hvenær sem er krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

17. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, kvittanir, skuldbindingar og yfirlýsingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignarvottorð og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

18. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu vátryggingargjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi vátryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðtryggt fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandinn lætur vátryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki vátryggingarsamning sinn við félagið.

19. gr.

Í reglugerð fyrir fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á fjórum undanförnum þingum, og er þetta því í fimmta skiptið, sem þingið fær það til meðferðar. Það hefir að undanförnu verið borið fram í hv. Nd., en er nú í fyrsta sinn lagt fram í efri deild Alþingis. Að sönnu hefir frumvarpið ekki verið borið fram alveg óbreytt á öllum þessum þingum, en kjarni þess hefir ávallt verið sá sami, og er enn: Að efla fiskveiðasjóð Íslands svo, að hann verði þess megnugur mjög fljótlega að sjá fiskveiðaflotanum fyrir öllum stofnlánum, og geti jafnframt orðið öflugur stuðningur fyrir þann iðnað, sem vaxið getur upp til hagnýtingar sjávarafurða. Í öðru lagi er lögð áherzla á það í frumvarpi þessu, að sjóðurinn sé efldur á þann hátt, að hann starfi með eigin fé, en ekki með lánsfé. Telja flutningsmenn þetta síðara atriði óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að sjóðurinn geti veitt hagkvæm lán í samræmi við stofnlánaþörf útvegsins til skipakaupa, og umsköpunar aflans í verðmæti.

Þessi stefna var tekin, þegar núgildandi lög sjóðsins voru samþykkt árið 1930. Er með þeim lögum svo fyrir mælt, að sjóðurinn skuli efldur mjög hratt. Ríkissjóði ber samkv. þeim lögum að leggja sjóðnum eina milljón króna, er greiðast skyldi að fullu fyrir 1. júní 1941. Var síðan með reglugerð ákveðið, að þetta ríkissjóðsframlag skyldi greitt með 100 þús. kr. á ári frá 1930. — Auk þess er svo fyrir mælt í lögunum frá 1930, að stofnfé sjóðsins skuli eflt með hundraðsgjaldi af útfluttum fiskafurðum, unz stofnsjóður nemur 8 milljónum kr.

Af þessu sést, að það er langt síðan Alþingi komst að þeirri niðurstöðu, að efla bæri fiskveiðasjóð, líkt og hér er gert ráð fyrir, og sett um það lagafyrirmæli.

En lög þessi hafa verið framkvæmd sem hér segir: Ríkissjóður hefir ekki greitt einn eyri ennþá af milljón þeirri, er honum ber að greiða sjóðnum. Og hundraðsgjaldið af útfluttum sjávarafurðum, eða hluti sjóðsins af útflutningsgjaldinu, var ákveðinn aðeins ⅛%, sem er 1/13 hluti útflutningsgjaldsins. Hefir sjóðurinn þannig orðið algerlega undir í samkeppninni við ríkissjóð um útflutningsgjaldið.

Afleiðingin af þessari meðferð á fiskveiðasjóðnum hefir orðið sú, að hann hefir orðið að starfa með dýru lánsfé. Hefir þetta kyrkt vöxt sjóðsins, en jafnframt orðið til þess, að hann hefir alls ekki getað veitt viðunandi lánskjör.

Á þinginu 1935 komu fram tvö önnur frumvörp til laga um fiskveiðasjóð. Höfuðmunurinn á þeim frumvörpum og þessu frv. liggur í því, að í þeim báðum er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn starfi aðallega með lánsfé. Á hann samkv. þeim báðum að gefa út handhafavaxtabréf, er nemi þrem milljónum króna. Bæði gera þau ráð fyrir, að lána megi 75—80% til nýrra skipa.

Frumvörp þessi hafa öll verið send stjórn sjóðsins (bankastjórum Útvegsbankans) til umsagnar. Er í bréfi sjóðsstjórnarinnar tekið eindregið undir tillögu frumvarps okkar um eflingu sjóðsins. Í bréfinu segir svo:

„Það verður naumast hjá því komizt að auka starfsfé fiskveiðasjóðs áður en langt um líður, ef sjóðurinn á ekki að draga mjög tilfinnanlega úr lánveitingum á næstunni, frá því sem verið hefir síðastliðin 5 ár.

... Vér vitum að vísu, að erfiðleikar eru um greiðslur úr ríkissjóði, en vér teljum það hina mestu nauðsyn að auka fjármagn sjóðsins. Vér teljum því rétt, að hin háttvirta sjávarútvegsnefnd beini sérstaklega athygli sinni að því að auka starfsfé sjóðsins, eins og raunar er sameiginlegt í öllum þessum frumvörpum, þótt það komi fram á mismunandi hátt, og viljum vænta, að nefndinni takist að finna til þess heppilegar leiðir."

Sjóðsstjórnin andmælir mjög ákveðið, að sú leið sé farin að auka starfsfé sjóðsins með lántökum. Um þetta atriði segir sjóðsstjórnin m. a.:

„Hefir hér að framan verið bent á það, að lántaka handa sjóðnum, er hann ætti sjálfur að standa undir, sé varhugaverð leið til þess að auka útlán sjóðsins. Ef ríkið tæki að sér að greiða sjálft danska lánið, mundi það auka starfsfé sjóðsins sem svarar afborgunum og vaxtagreiðslum, en sú fjárhæð er nú liðlega 120 þús. kr.

árlega, eða lítið eitt hærri fjárhæð en hið árlega tillag, sem ríkissjóði var ætlað að greiða í fiskveiðasjóð samkv. lögum frá 1930, en ekki hefir verið gert.“

Ed. 33. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Magnús Jónsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fasteignaskattur sá, sem ræðir um í lögum nr. 66 27. júní 1921, skal hér eftir innheimtur af bæjarstjórnum og sveitarstjórnum, og rennur í sjóð bæjarfélags eða sveitarfélags, þar sem fasteignin er.

2. gr.

Tekju- og eignarskattur skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og bæjarfélags eða sveitarfélags, þar sem gjaldandi er heimilisfastur.

3. gr.

Þar, sem útsala áfengra drykkja er frá Áfengisverzlun ríkisins, skal bæjarfélagið eða sveitarfélagið fá 25% af útsöluverði áfengisins á þeim stað, sem það er selt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Greinargerð.

Á nokkrum undangengnum þingum hafa verið flutt allmörg frumvörp og tillögur um auknar tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Fæst af frumv. þessum hafa hlotið samþykki, en á þinginu 1935 var það orðið flestum eða öllum alþingismönnum ljóst, að ekki yrði undan því komizt að finna nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Það þing samþ. því áskorun til ríkisstjórnarinnar um það, að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin skipaði síðan þriggja manna nefnd til þess að vinna verk þetta. Vann sú nefnd milli þinga, og fluttu síðan tveir nefndarmanna í efri deild frv. um þetta efni, en það náði ekki samþykki. Eins hefir farið um frumvörp, sem síðan hafa verið flutt um sama efni.

Um það virðist enginn ágreiningur nú, að bæjarfélög og sveitarfélög fái alls ekki risið lengur undir þeim útgjöldum, sem á þau hlaðast, nema þau fái nýja eða aukna tekjustofna, og standa bæjarfélögin þar einkum höllum fæti síðan hin nýja framfærslulöggjöf gekk í gildi. En í velflestum þeirra frumvarpa, sem áður hafa legið fyrir Alþingi, og þar á meðal frumvarpi milliþinganefndarinnar, var meðal annars gengið inn á þá braut að afla þessara tekna með auknum tollaálögum, en bæði er það, að flutningsmenn álíta það eðlilegast, að ríkissjóður sitji einn eða sem mest að tekjum þeim, sem fást með tollaálagningu, en víki heldur að einhverju leyti fyrir bæjar- og sveitarfélögum í innheimtu beinna skatta, og í öðru lagi er ýmsum bæjarfélögum, t. d. Hafnarfjarðarbæ, ófært að fara inn á tollabrautina, og eru til þess ýmsar ástæður.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir Hafnarfjarðarbæ, sem samþ. var á fundi bæjarstjórnar 12. jan. þ. á., treysti bæjarstjórnin sér ekki til að ná því öllu inn með útsvörum, er hún þurfti umfram fasta tekjustofna bæjarins til að standast nauðsynleg útgjöld, og var fjárhagsáætlunin því afgreidd með 30 þús. kr. tekjuhalla, í von um, að samþ. yrðu á vetrarþinginu síðasta lög um nýja tekjustofna fyrir bæjarfélögin. Í sambandi við þessa afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar var í bæjarstjórn-

inni bent á, að helztu tekjuöflunarleiðir að því er Hafnarfjörð snerti væru þær, er greindar eru í þessu frumvarpi. 3. apríl þ. á. var svo samþ. í bæjarstjórninni svo hljóðandi tillaga: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að afgreiða nú á þessu yfirstandandi Alþingi lög um tekjuauka fyrir kaupstaðina, sem mættu koma þeim að einhverju gagni til tekjuöflunar, þar sem ógerningur virðist vera að afla nauðsynlegra tekna með útsvörum einum."

Um einstakar greinar frv. þarf fram að taka:

Um 1. gr.

Í flestum frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga á undanförnum þingum hefir verið gert ráð fyrir að ná auknum tekjum með nýjum skatti á fasteignir. Yrði þá fasteignaskattur lagður tvisvar á hverja fasteign árlega. Þetta er neyðarúrræði. Virðist því eðlilegra, að ríkið láti bæjar- og sveitarsjóðum heldur eftir þennan tekjustofn, gegn því að þeir seilist ekki inn á tollasviðið.

Um 2. gr.

Það er kunnugt, að aðaltekjur bæjarsjóða og sveitarsjóða hafa frá öndverðu verið beinn tekju- og eignarskattur — útsvör. Lengi framan af lét löggjafinn bæjar- og sveitarsjóðina sitja svo að segja eina að þessum tekjustofni. Var það og eðlilegt og sjálfsagt, því varla var um tekjur fyrir þá að ræða af öðru. En á síðustu árum hefir ríkið gengið svo freklega á þennan tekjustofn, að til vandræða horfir fyrir bæjar- og sveitarsjóði. Rétt virðist því að draga glögga línu milli þessara sjóða í notkun þessa tekjustofns.

Um 3. gr.

Því verður ekki neitað, að þar, sem útsala áfengra drykkja er, skapar það bæjarfélögum þeim, er hlut eiga að máli, veruleg bein útgjöld auk óþæginda og annars böls, sem ógerningur er að meta til verðs. Er því í alla staða sanngjarnt, að allverulegur hluti þess hagnaðar, sem ríkið hingað til hefir eitt haft af sölu áfengis, renni í viðkomandi bæjarsjóð, þar sem opin áfengissala er.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar

um viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að veita Vestmannaeyjakaupstað allt að 30000 króna viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn, sem tillag ríkissjóðs til þeirrar dýpkunar á höfninni og innsiglingarleiðinni, sem unnið hefir verið að á þessu ári, og til þeirrar framhaldsvinnu í sama skyni, sem nauðsynlega þarf að framkvæma á næsta ári.

Á s t æ ð u r.

Á fyrra þingi þessa árs var flutt af sama flutningsmanni þáltill. um viðbótarfjárveitingu til Vestmannaeyjahafnar, og var sú upphæð, er þar var farið fram á, miðuð við fyrirhugaðan tilkostnað við dýpkun hafnar þeirrar, er um ræðir í þessari tillögu á yfirstandandi ári.

Með því þingið lauk ekki störfum, var þá engin ákvörðun tekin til fullnaðarúrslita um þessa fjárveitingu. Sökum aðkallandi nauðsynjar varð Vestmannaeyjakaupstaður samt að ráðast í dýpkunarframkvæmdir á þessu ári. Var unnið með dýpkunarskipinu og köfurum í allt sumar með góðum árangri, enda nam kostnaðurinn um 40 þús. króna. Óhjákvæmilegt er að halda þessu verki áfram á næsta

sumri, en þá má ætla, að nægilegt dýpi fáist á innsiglingarleið og höfn, sem er ásamt öryggi hafnarmannvirkjanna höfuðnauðsyn fyrir siglingar til hafnarinnar og þann fiskiskipaflota, sem stundar sjó frá Vestmannaeyjum.

Ætla má, að svipaður tilkostnaður verði af væntanlegri dýpkun hafnarinnar á næsta ári, eða allt að því, eins og hann hefir reynzt á yfirstandandi ári, og er með tillögunni farið fram á, að ríkissjóður veiti hæfilegan styrk til beggja áranna, eða þess verks, sem þegar hefir verið framkvæmt, sem og hins, sem ekki verður hjá komizt að vinna á næsta ári.

Það leiðir af sjálfu sér, að ofangreindar framkvæmdir hafa farið og fara fram undir eftirliti vitamálaskrifstofunnar.

Ed. 35. Frumvarp til laga

um rekstrarlánafélög.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Bjarni Snæbjörnsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 5, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a) að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.

b) að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

Síðarnefnda tilhögunin skal þó að jafnaði ekki höfð, og ekki nema ef alveg sérstaklega stendur á, og skulu um þetta sett ýtarleg fyrirmæli í félagslögum og reglugerðum.

6. gr.

Þátttaka útvegsmanns í rekstrarlánafélagi er eigi því til fyrirstöðu, að hlutaðeigandi útvegsmaður verði sér úti um rekstrarlán á annan hátt, ef honum þykir það hagkvæmara.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem:

að allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,

að í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu —, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið.

Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga.

að lánsstofnunin eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum á sama tíma.

9. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin sjá um og veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

10. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var fyrst flutt á þinginu 1934 af þáverandi minni hluta sjávarútvegsnefndar Nd. Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum, er starfaði 1933—34, samdi frv. og sendi ríkisstjórninni, en hún sendi það til sjávarútvegsnefndar Nd. og fór fram á það, að nefndin tæki málið til flutnings, en meiri hluti nefndarinnar taldi sig enga afstöðu geta tekið, og tók minni hlutinn málið til flutnings. Málið var aftur flutt á þinginu 1935, og enn á þinginu 1936, en hefir ekki orðið útrætt.

Vér teljum brýna þörf á því að hjálpa bátaútvegsmönnum til þess að fá hentugt rekstrarfé til útgerðar sinnar, og að gera þeim fært með því að sæta sem beztum kjörum á nauðsynjum sínum. Teljum vér þingið ekki mega lengur færast undan því að veita bátaútgerðinni þessa réttarbót, og fyrir því er það enn borið fram á þessu þingi.

Frv. er því nær alveg samhljóða frv. um sama efni, er flutt var á þinginu 1934, þskj. 695.

Að öðru leyti skal hér benda á greinargerð þá, er fylgdi frv. 1934.

Nd. 36. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist: né heldur héraðsmót ungmennafélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar. Í erindi því, er hér með fylgir og ritað hefir formaður sambandsins, hr. rithöfundur Þorsteinn Jósepsson á Signýjarstöðum, eru færðar fram ástæður fyrir þessari breytingu.

Fylgiskjal.

Þann 7. apríl 1936 fékk hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu heimild til að leggja skemmtanaskatt á skemmtanir, sem haldnar væru innan hreppsins, samkv. lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918.

Nú vill þannig til, að Ungmennasamband Borgarfjarðar heldur hið árlega héraðsmót sitt innan takmarka Borgarhrepps, eða að Ferjukoti í Borgarhreppi, og nær þessi heimild hreppsnefndarinnar því eins til héraðsmótsins sem annara skemmtana í hreppnum.

Þegar stjórn U. M. S. B. varð þess áskynja, að skattleggja átti héraðsmótið, fór hún þess á leit við hreppsnefnd Borgarhrepps, að hún veitti sambandinu undanþágu frá skattgreiðslu. Þessari beiðni var synjað, en sambandsstjórninni hinsvegar lofað því, að ef hún greiddi kr. 100.00 fyrir mótið 1936, skyldi frekari skatts ekki verða krafizt fyrir það ár. Að þessum kosti gekk sambandsstjórnin, en jafnframt var henni gefið í skyn af hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að þessi ívilnun fengist varla oftar. Má ungmennasambandið því búast við fullri skattálagningu þegar á árinu 1937, en skatturinn nemur allt að 20% af brúttótekjum mótsins. (Veitingar eru líklega undanteknar, en af þeim verður að greiða sérstakan veitingaskatt).

Nú horfir málið þannig við, að ef 20% skattur (auk veitingaskatts) verður lagður á héraðsmót Borgfirðinga, en það er svo að segja eina tekjulind ungmennasambandsins, þá á sambandið um þrjá kosti að velja:

1. Að halda mótinu áfram á sama stað og borga skemmtanaskatt. En það myndi

hinsvegar verða til þess, að hreinar tekjur af mótinu minnkuðu til stórra muna og starfsemi sambandsins væri lömuð í stórum stíl.

2. Að flýja með mótið yfir í annan hrepp, og þannig að auka sambandinu erfiði og geipikostnað, með því að rífa byggingar og mannvirki, flytja það og byggja á nýjum stað. Auk þess hlyti skemmtanaskattshættan að vera yfirvofandi, því að samkv. núgildandi lögum getur hvaða hreppur sem er fengið heimild til að skattleggja skemmtanir innan sinna hreppstakmarka.

3. Að leggja héraðsmótið alveg niður. En það væri það sama og U. M. S. B. væri hætt að starfa, því að án fjármagns er því ekki unnt að starfa áfram.

Hvað Ungmennasamb. Borgarfjarðar viðvíkur, kemur skemmtanaskattsálagning mjög hart og jafnframt ómaklega niður. Ungmennasambandið hefir frá því að það byrjaði að starfa verið einhver mesti og þarfasti menningarfélagsskapur í héraðinu, og menningarleg starfsemi þess hefir æ aukizt með ári hverju, meðal annars vegna þess, að tekjur sambandsins hafa farið vaxandi. Meðal þeirra mála, sem ungmennasambandið hefir frá fyrstu tíð haft með höndum, eru íþróttir og líkamsmenntun. Hefir það jafnan verið tengiliður milli ungmennafélaganna í íþróttamálum, styrkt þau til íþróttanámskeiða og íþróttakennslu, hvatt þau til aukinna íþróttaiðkana og árlega veitt nokkurt fé til íþróttaverðlauna. Auk þessa hefir það á hverju ári styrkt íþróttafélag Borgfirðinga svo það gæti keppt á landsmótum í íþróttum. Árangurinn ætti öllum að vera kunnur, sem áhuga hafa fyrir íþróttum, meðal annars fyrir glæsilegan árangur í víðavangshlaupinu í Reykjavík. Slík sigursæl íþróttakeppni Borgfirðinganna á landsmótum ætti að verða til þess að glæða áhuga í öðrum byggðum landsins fyrir líkamsmennt og íþróttum.

Til heimilisiðnaðar og garðyrkju hefir ungmennasambandið á flestum árum veitt nokkurn styrk, og nú hefir það einnig byrjað á því að veita ungmennafélögum styrk til bókakaupa, en áður var fé veitt til að leiðbeina ungmennafélögum um niðurröðun bóka í bókasöfnum. Öll eiga þessi málefni ótvíræðan rétt á sér og sýna, hve starfssvið ungmennasambandsins er víðtækt.

Þegar héraðsskóli Borgfirðinga var byggður í Reykholti, færðist ungmennasambandið það þrekvirki í fang að taka að sér 20 þúsund króna greiðslu af áföllnum kostnaði. Þessi skuldabaggi hefir á undanförnum árum að vísu verið þröskuldur í vegi fyrir öðrum framkvæmdum sambandsins, en hinsvegar orðið til þess að vekja ungmennafélögin til nýs lífs og áhuga fyrir menningarmálum þjóðarinnar. Ungmennasambandinu hefir tekizt úrlausn þessa fjárhagslega vandamáls svo vel, að skuldir hvíla orðið litlar á sambandinu, og þetta hefir vakið áhuga ungmennafélaga fyrir nýjum stórvirkum framkvæmdum, sem allar miða til aukinnar menningar.

Meðal þeirra mála, sem nú eru á döfinni í Ungmennasambandi Borgarfjarðar, er bygging húsmæðraskóla fyrir héraðið og bygging borgfirzks æskulýðsheimilis. Mun hvorttveggja að líkum eiga nokkuð langt í land, einkum vegna þess, hve fjármagn er lítið, — en hvað mundi verða, ef nettótekjur sambandsins minnkuðu um allt að helmingi, vegna óheilbrigðrar skattgreiðslu? Auk þessa, sem að framan er greint, hefir U. M. S. B. ákveðið að stofna til almenns fyrirlestranámskeiðs við Reykholtsskóla í samráði við skólanefnd skólans, og verður þetta námskeið haldið í vor að öllu forfallalausu. Einnig hefir U. M. S. B. hafizt handa með skuggamyndasöfnun af héraðinu, fegurð þess, þjóðvenjum, framkvæmdum, merkum mönnum, merkum stöðum, atvinnuháttum og öðrum framkvæmdum og menningu. Mun ungmennasambandið þannig ekki aðeins gera héraðinu ómetanlegt gagn með þessu starfi sínu, heldur er það og brautryðjandi á þessu sviði, því að vænta má, að önnur héraðasambönd og ungmennafélög taki þessa nýbreytni upp í framtíðinni. Er hinn fyrsti vísir nú þegar kominn í framkvæmd með ca. 50 skuggamyndaplötum af borgfirzku landslagi.

Auk þessa, sem að framan er skráð, hefir Ungmennasamband Borgarfjarðar frá fyrstu tíð haft fjölda mála til meðferðar, sem ýmist hafa miðað til aukinnar borgfirzkrar menningar eða alþjóðlegra heilla. Þarf ekki annað en minnast á fé það, er

það veitti til viðgerðar á Snorralaug, og margt fleira. Það má svo heita, að hverjum einasta eyri, sem U. M. S. B. hefir áskotnazt, hefir á einhvern hátt verið varið til aukinnar menningar og heilla. Af þessari ástæðu er það líka argasta óréttí beitt, ef meiri eða minni hluti af tekjum þess yrði að fara í skattgreiðslur.

En nú er það vitað mál, að það er ekki U. M. S. B. eitt, sem á óréttlátan skemmtanaskatt vofandi yfir höfði sér. Öll ungmennafélög og ungmennasambönd á landinu geta búizt við slíkri skattálagningu, ef hlutaðeigandi hreppsnefndum býður svo við að horfa. Ef skemmtanir ungmennafélaganna yrðu almennt skattlagðar, yrði það óhjákvæmilega til þess að lama starfsemi ungmennafélaganna til mikilla muna, jafnvel eyðileggja hana með öllu. Hinsvegar er það vitanlegt, að víða á landinu hafa ungmennafélögin verið ekki veigalítill þáttur til viðhalds sveitanna. Þeim er það m. a. að þakka, að æskan hefir ekki með öllu horfið úr sveitunum; þau hafa gefið æskunni ný viðfangsefni til að sigra, ýms mikilsverð umhugsunarefni til dægrastyttingar í einverunni, og venjulega hafa það verið ungmennafélögin, sem hafa gengizt fyrir stofnun lestrarfélaga, sundkennslu og öðrum íþróttaiðkunum til sveita, og stofnað til málfunda og skemmtana, og þannig uppfyllt að nokkru þarfir hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Nú er löggjöf landsins þannig háttað, að ef hreppsnefndum sveitanna býður svo við að horfa, geta þær með þröngsýni sinni lamað þessa einu æskulýðsstarfsemi í sveitum, sem vinnur að alþjóðlegri menningu og viðreisn. En þetta þarf að breytast. Ungmennafélög og ungmennasambönd landsins þurfa og eiga að njóta lagalegrar verndar — svo mikils virði hefir starfsemi þeirra verið til þessa — og þau eiga ekki að þurfa þess í framtíðinni að eiga allt sitt starf og alla sína framtíð komna undir duttlungum einstakra hreppsnefnda.

Signýjarstöðum, 15. febrúar 1937.

F. h. stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar

Þorsteinn Jósepsson.

Nd. 37. Frumvarp til laga

um landhelgissjóð Íslands.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Thor Thors.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er núverandi eignir landhelgissjóðs Íslands.

2. gr.

Stofnsjóður skal aukinn á þann hátt, að til hans rennur:

1. Allt sektarfé fyrir brot gegn fiskveiðalöggjöf landsins og lögum um verndun íslenzkrar landhelgi gegn ólöglegum veiðum, þar með talið andvirði upptæks afla og upptækra veiðarfæra.
2. Hálfar tekjur af björgunarstarfsemi varðskipa landsins.
3. 20000 kr. úr ríkissjóði árlega.

3. gr.

Stofnsjóð má ekki skerða og ekki verja fé úr honum til annars en byggingar og kaupa landhelgisgæzluskipa, viðhalds þeirra og nauðsynlegs útbúnaðar. Byggingar og kaup skipa skulu ákveðin af löggjafarvaldinu, svo og aukning tækja, sem nema verulegri fjárhæð.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal fé hans jafnan ávaxtað í banka. Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í Stjórnartíðindunum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 55 10. nóv. 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands.

Lög nr. 68 3. nóv. 1915, um breyting á lögum nr. 55 10. nóv. 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands.

Lög nr. 34 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 68 3. nóv. 1915 (landhelgissjóður Íslands).

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Landhelgissjóður var upphaflega stofnaður í þeim tilgangi, að gera Ísland þess umkomið að gæta sjálft landhelgi sinnar. Erfiðast var að eignast til þess nægan og hæfan skipakost, og svo er raunar enn. Í hinum upphaflegu lögum frá 1913 var svo fyrir mælt, að $^2/_3$ sektarfjár fyrir landhelgisbrot skyldu ganga til landhelgissjóðs. Ástæðan til þess, að ekki var ákveðið, að allt sektarfé félli sjóðnum, var eingöngu sú, að $^1/_3$ sektanna var áður bundinn með lögum.

Landhelgissjóður var um stund mjög vel efnum búinn; átti um hálfa aðra millj. kr. í reiðufé. Síðar var sú stefna tekin, að láta sjóðinn standa straum af rekstri varðskipanna. Er nú svo komið, að reiðufé sjóðsins er upp etið og byrjað að „slátra af fóðrunum". Var svo gert með sölu Óðins.

Það er augljóst, að varðskipin ganga úr sér og verða úrelt. Á vissu árabili verður því að endurnýja þau, og þar að auki er eðlilegt, að fjölga þurfi skipunum. En hætt er við, að fjárhagsástæður ríkissjóðs verði oft þannig, að örðugt verði að byggja ný og dýr skip, er ríkissjóður greiði að öllu leyti. Getur af því leitt háskalegan drátt á endurnýjun og aukningu varðskipastólsins. Þess vegna er ekki tryggilega séð fyrir landhelgisgæzlunni í framtíð, nema til sé sérstakur sjóður til nýbygginga. Verður varla betur fyrir þessu séð á annan hátt en þann, að haldið sé til haga fyrir landhelgissjóð því, sem inn kemur fyrir landhelgisbrot, og að fé hans megi aðeins nota á þann hátt, sem mælt er fyrir um í frv. þessu.

Það getur ekki verið ágreiningsmál, hver nauðsyn er á öflugri landhelgisgæzlu og að löggjafinn verður að vera vel á verði um verndun og vörzlu íslenzkra fiskimiða. Þar eru þau auðæfi, sem drýgst hafa reynzt í framsókn þjóðarinnar á undanförnum áratugum, og þangað verðum við á komandi tímum að sækja afl þeirra hluta, sem gera skal. Er oss því nauðsyn að vernda þessa fjársjóði og búa einir að þeim.

Ed. 38. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 3. og 4. málsgr. orðist þannig:

Verði eftirlitsmaður var við fjárkláða einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og baðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðanum, sem og að fjárhús verði sótthreinsuð, svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði

eftirlitsmaður var einhvers sjúkdóms, sem líklegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

2. Við 5. gr. Í stað „vitji fjárhafar þeirra“ komi: vitji fjárhafar baðlyfjanna.
3. Við 6. gr. Í stað „lækningar á henni“ komi: lækningar.
4. Við 8. gr. Á eftir „sveitarsjóð“ komi: eða bæjarsjóð.
5. Aftan við 9. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvíböðuðu fé sitt vegna fjárkláða veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt verður á fjárlögum 1938 til útrýmingar fjárkláða.

Alþingi, 20. okt. 1937.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 39. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson, Vilmundur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Hér eftir skal vega alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:
Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum, 200—5000 krónum.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram til þess að bæta úr því misrétti, er nú ríkir við kaup á bræðslusíld, þegar síldin er mæld, en ekki vegin. Allur bræðslusíldaraflinn var á síðastl. sumri um 2160000 hektólítrar. Þriðjungur þessarar síldar var mældur við móttöku, en tveir þriðjungar vegnir. Meðan síldin er ný mun koma nokkuð í sama stað niður, bæði fyrir kaupanda og seljanda, hvor aðferðin er notuð, en þegar síldin er orðin 2—3 daga gömul í skipunum og farin að þjappast saman, er almennt talið, að seljandi tapi um átta af hundraði á því að selja síldina mælda. Munar þetta með verði því, sem var á bræðslusíld síðastl. sumar, þegar hektólítrinn kostaði kr. 5.33, um 43 aurum á hektólítra. Ef gert er ráð fyrir, að um $\frac{2}{3}$ þeirrar síldar, sem seld var í bræðslu í sumar og mæld af kaupanda, eða um 500 þús. hektólítrar, hafi ekki verið alveg ný síld, nemur tap það, er seljendur hafa orðið fyrir, um 215 þús. krónum. Nú mun vera í ráði, að flestar síldarverksmiðjur setji upp sjálfvirk losunartæki fyrir næstu síldarvertíð, og mun þá almennt verða tekin upp mæling á síld í stað vogar, ef ekki er áður búið að lögleiða skilyrðislausa vigtun. Er því fremur full ástæða til að gera ráð fyrir þessu, þar sem þær tvær nýtízku verksmiðjur einstakra félaga, sem slík losunartæki hafa, þ. e. verksmiðja h/f Kveldúlfs á Hjalteyri og verksmiðjan á Djúpavík, einmitt mæla síldina, en

vigta eigi. Samkvæmt því, er að framan segir, hefði það munað sjómenn og útgerðarmenn um 400 þús. kr., sem þeir hefðu fengið minna fyrir bræðslusíldina nú á þessari vertíð, ef öll síldin hefði verið mæld hjá verksmiðjum þeim, sem vigtuðu síldina. Á bræðslusíldarveiði þeirri, sem nam í sumar rúmum 2,1 milljón hektólítrum, munar þannig með verði því, er var á bræðslusíld síðastl. sumar, um 600 þús. krónum, eftir því hvor aðferðin er viðhöfð.

Það þarf eigi orðum að því að eyða, hve hróplegt ranglæti hér hefir verið framið, og er það von flm., að háttv. Alþingi komi í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað framvegis, með því að samþ. frv. þetta.

Við uppskipun í síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði í sumar voru gerðar nokkrar athuganir á þyngd nýrrar og gamallar bræðslusíldar, og sýndu þær, að hvert mál af gamalli síld er um átta af hundraði þyngra en hvert mál af nýrri síld. Þá hefir fjöldi sjómanna athugað þetta, og ber mönnum saman um, að munurinn sé eigi minni en hér segir. Ennfremur er til umsögn um þetta sama atriði frá fyrrv. framkvæmdarstjóra ríkisverksmiðjanna, hr. Oscar Ottesen, sem nú er framkvæmdarstjóri hjá síldarverksmiðjunni á Djúpavík. Álit þetta birtist í Alþt. 1933, þskj. 134, og er svo hljóðandi:

„Kostir við vigtun á síld í stað mælingar.

Eftir beiðni skal ég hér með gefa óhlutdræga umsögn, út frá þeirri reynslu, sem ég hefi fengið, viðvíkjandi mælingu eða vigtun síldar.

Mitt álit um málið byggi ég á reynslu sem sjómaður með norsku fiskiskipi árin 1910—1911, vinnu við norskar söltunarstöðvar fyrir stórsíld, vorsíld og feitsíld frá 1914 til 1926, söltun á síld í tvö sumur á Siglufirði og móttöku á síld hjá Dr. Paul's síldarverksmiðju á Siglufirði árin 1927—1928 og 1929, ennfremur 1930—1931 við Síldarverksmiðju ríkisins. Ég skal strax taka það fram, að mæling á síld hefir æfinlega gefið og mun framvegis gefa tilefni til meiri eða minni ágreinings milli kaupanda og seljanda.

Ég hefi einu sinni, sem sjómaður í Noregi fyrir 20 árum síðan, fengið afhenta síldarstampa frá kaupandanum, sem áttu að vera ca. 58 ltr., en við mælingu reyndust að taka ca. 75 ltr. Slíkt setur illt blóð meðal sjómanna og leiðir af sér, meir en góðu hófi gegnir, hatur og ósamlyndi milli sjómanna og kaupanda, eða þess, sem afhendir vöruna, og móttakanda. Síldarkassarnir fyrir ísvarða síld voru sömuleiðis oft óhæfilega stórir, og orsakaði þetta tortryggni hjá sjómönnum, sem bitnaði á þeim móttakendum og kaupendum á síld, sem raunverulega höfðu rétta mælieining. Útkoman var, að þeir kaupendur, sem höfðu of stóra síldarstampa, fengu of mikla síld, og þeir, sem höfðu rétta stærð af stömpum, fengu of litla síld fyrir peninga sína. Nú á afhending á síld í Noregi að fara fram í löggiltum hektólítramálum bæði við síldarbræðslurnar og söltunarstöðvarnar. Öll önnur mál eru ólögleg. En ekki einu sinni kektólítramálið er það „ideelle" við afhendingu síldar. Sjómönnum finnst, að þeir fylli vel hektólítramálin, og móttakandanum finnst aftur á móti, að þau séu illa fyllt, og svo rís ágreiningurinn aftur.

Um reynslu mína á Íslandi hefi ég að segja:

Fyrsta rekstrarár, 1926, hafði Dr. Paul ekki síldarvigtir við verksmiðju sína, en þá þegar sá hann, að vigtir voru ákjósanlegri og strax 1927 voru keyptar 3 vigtir. Öllum kom ábyggilega saman um, að það var til stórra umbóta. Kaupandinn var viss um, að hann fékk þá síld, sem hann keypti, og sjómennirnir fengu greiðslu fyrir þá síld, sem þeir afhentu.

Af þeirri reynd um yfirburði við vigtun á síld, sem ég hafði, gat ég ekki nema verið ánægður, þegar ég vissi, að Síldarverksmiðja ríkisins ætti að hafa síldarvigtir, og eru 3 vigtir uppsettar þar. Á hverri þessari vigt er hægt að vigta síld frá 2 til 3 skipum samtímis, svo fljótt sem þau geta losað. Þar sem hvert skip getur losað 100 mál á klst., getur maður sem sagt vigtað allt að 300 málum á hverri vigt á klst. Það venjulega er þó, að aðeins 2 skip afhendi við hverja vigt, og þá er maður

viss um, að afgreiðsla skipsins tefst ekki vegna vigtunar. Það er heldur ekki aukinn kostnaður við að vigta síldina, þar sem vigtarmaðurinn við hverja vigt kemur í stað skrifara við talningu mála, þegar síld er mæld, og 1 skrifari getur tæplega skrifað (talið) af fleirum en 2 skipum samtímis.

Að endingu vil ég benda á fylgjandi, sem styður mál mitt um kosti við vigtun á síld við síldarbræðslur:

Í stórum síldarförmum er síldin samanpressuð vegna þrýstings og 150 ltr. af þeirri síld vigta ca. 150 kg. eða meira. Úr smáförmum af alveg nýrri síld fer aftur á móti aðeins ca. 135—140 kg. síldar í eitt mál á 150 ltr. Ef síldin afhendist eftir máli, fær þess vegna sá bátur, sem hefir litla veiði, ca. 8% meira verð fyrir sína síld en hinn, sem hefir stóra veiði. Móttakandinn tapar samsvarandi 8% á litlu veiðinni, þar sem útkoman á olíu og mjöli, talin í kílógr., fer eingöngu eftir þeirri afhentu vigt. Þegar síldin afhendist eftir vigt, kemst maður þess vegna einnig hjá þessum óréttí. Allir fá fyrir síldina sama verð, hvort heldur veiðin er stór eða smá.

Að síðustu vil ég segja, að af þeirri reynslu, sem ég hefi fengið um kostina við vigtun síldar, þá get ég ekki hugsað mér að breyta um aftur til gamla mátans: Mælingar á síld, með öllum þeim óþægindum, sem venjulega fylgja þar með.

Siglufirði, 7. apríl 1932.

Oscar Ottesen.“

Ed. 40. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning ávaxta.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að leyfður verði innflutningur á hinum nauðsynlegustu ávöxtum til landsins og veitt til þess nægileg gjaldeyrisleyfi.

Greinargerð.

Í landi eins og Íslandi, þar sem svo fátt er um hverskonar jarðarávöxt, verða ávextir að teljast til nauðsynjavara, fyrst og fremst vegna þeirra fjörefna, sem í þeim eru. Verður sérstaklega að teljast mikill bagi að því og skaðlegt frá heilsufræðilegu sjónarmiði að verða algerlega að neita börnum um ávexti, en þó einkum í kaupstöðum, þar sem mjög skortir á fjörefni í fæðuna. — Verðmæti innfluttra ávaxta er tiltölulega svo lítið, að ekki munar miklu, þó innflutningur á þeim sé leyfður, en gefur ríkissjóði hinsvegar drjúgar tolltekjur.

Nd. 41. Tillaga til þingsályktunar

um úthlutun gjaldeyrisleyfa.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórn að breyta reglugerðarákvæðum þeim og starfsreglum, sem sett hafa verið í sambandi við núgildandi gjaldeyrislög, þannig, að gjaldeyrisleyfum til verzlunarinnar verði úthlutað beint til smásala (neytendafélaga og smákaupmanna), en ekki til heildsala. Ennfremur að framleiðendur, er þurfa að kaupa inn erlendar vörur til rekstrar síns, svo sem útvegsmenn, iðnaðarmenn, iðnrekendur o. fl., fái, ef þeir óska þess, gjaldeyrisleyfi fyrir þeim sjálfum sér til handa eða samtökum þeirra.

Greinargerð.

Því verður ekki neitað, að núverandi úthlutun gjaldeyrisleyfanna stuðlar að aukinni dýrtíð í landinu. Veldur þar einkum sú regla að veita heildsölum mjög mikinn hluta leyfanna og gefa þeim þannig einokunaraðstöðu gagnvart smákaupmönnum og neytendum. Það myndi því vera hægt að breyta nokkru um til batnaðar, með því að skapa heilbrigða samkeppni á jafnréttisgrundvelli milli neytendafélaga og smákaupmanna, þannig að báðir þessir aðiljar fengju gjaldeyrisleyfin beint til sín. Væri þá afnumin sú óeðlilega einokunaraðstaða, sem heildsalar nú hafa, og þeir knúðir til að keppa um að útvega vöruna sem ódýrast, í stað þess að nú geta þeir skammtað verðið.

Samskonar regla myndi og vera heilbrigðust gagnvart innlendum framleiðendum, þannig að þeir fengju sjálfir gjaldeyrisleyfi fyrir olíu, salti, kolum, hráefnum til iðnaðar o. s. frv., og hefðu þannig rétt og möguleika til að kaupa þessar vörur inn sjálfir eða gegnum samtök sín. Myndi með þessu móti þungum skatti hringa og heildsala létt af innlendu framleiðslunni.

Nánar í framsögu.

Nd. 42. Frumvarp til laga

um teiknistofu landbúnaðarins.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Stofna skal sérstaka teiknistofu, er nefnist teiknistofa landbúnaðarins og hér eftir í lögum þessum nefnist teiknistofan.

2. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eða styrkur er veittur til úr byggingar- og landnámssjóði, nýbýlasjóði, ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins til að veita lán eða styrki til húsagerðar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir lánum eða styrkveitingum úr slíkum sjóðum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

3. gr.

Teiknistofan hefir forgöngu um, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum, að komið verði upp vinnustofum í sveitum til að smíða húsgögn handa sveitaheimilum. Skal teiknistofan láta gera uppdrætti að slíkum húsgögnum og leita aðstoðar íslenzkra listamanna í þeim tilgangi, að komið verði upp þjóðlegum og ódýrum stíl í húsbúnaði sveitabæja. Vinnustofur þessar skulu annast kennslu í slíkri húsgagnagerð, eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Teiknistofunni ber að sjá svo um, að vinnustofurnar selji húsgögnin við kostnaðarverði.

5. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað slíkt, er viðkemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum að húsum og húsgögnum.

Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsa-

gerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins og ákveður laun hans. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn ríkisins undir yfirumsjón landbúnaðarráðherra. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán eða styrki veita til húsabygginga í sveitum, sbr. 2. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðurinn veitir til byggingarinna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Húsnæðismál sveitaheimilanna hefir lengi verið og er enn eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar. Það getur ekki leikið á tveim tungum, að verulegur hluti fólksflutnings úr sveitunum til kaupstaðanna stafar af lélegum húsakynnum sveitanna.

Það er ekki eðlilegt, að sveitafólk uni því, að búa í lélegri húsakynnum en almennt gerist í kaupstöðum landsins. Íbúðir manna eru þýðingarmikill þáttur lífskjaranna, hvar sem er á landinu. Húsakynni í sveitum eru enn mjög léleg víða. Liggja að vísu ekki enn sem komið er neinar nákvæmar skýrslur fyrir um það, á hve mörgum bæjum er þörf endurbyggingar eða verulegra aðgerða, en hitt er þó víst, að ekki verður komizt hjá því, að þjóðfélagið geri allt það, sem í þess valdi stendur, til að bæta húsakynni í sveitunum.

Á síðari árum hefir verið töluvert að þessu gert af ríkisins hálfu, sumpart með lánum og einnig með styrkjum. Má benda á það, að úr Búnaðarbanka Íslands og sjóðum þeim, sem hann hefir yfir að ráða, er lagt fram árlega í styrkjum og lánum til húsbygginga í sveitum nokkuð yfir ½ millj. kr. Af þessu er auðsætt, að ekki skiptir litlu máli, að þessu fé, og því, sem einstaklingar leggja fram, sé vel varið, þannig, að menn fái sem mest þægindi í húsakynnum fyrir fjárhæð, sem er viðráðanleg fyrir þá, sem í húsunum eiga að búa. Kemur hér margt til: Form og allt fyrirkomulag húsanna, hvaða efni er varanlegast, ódýrast og hlýjast, og jafnframt hvernig að húsbyggingunum er unnið. Ef ekki er notuð í þessum málum sú sérþekking og reynsla, sem menn hafa aflað sér með löngu námi og starfi, þá er hætt við, að miklum fjármunum sé kastað í sjóinn, án þess að menn fái fyrir þá þau þægindi, sem ella væri unnt.

Þetta gildir ekki aðeins um húsin sjálf, heldur einnig um þau þægindi, sem í húsunum þurfa að vera: Húsgögnin. Þeir, sem ferðast um sveitir landsins, finna oft til þess, hve mikil vöntun er á húsgögnum í myndarlegum íslenzkum stíl, sem sé hvorttveggja í senn, þægindi fyrir heimilisfólkið og heimilisprýði. Ýmsar þjóðir gera mjög mikið að því, að koma á sérstakri húsgagnagerð í þjóðlegum stíl fyrir sveitaheimilin, og það þarf einnig að komast á hér. Íslenzki stíllinn hefir verið að hverfa smátt og smátt af heimilunum og er nú orðið tæpast til annarsstaðar en í þjóðminjasafninu, en þar eigum við mikið efni, sem getur orðið og á að verða til fyrirmyndar, þegar byrjað verður að smíða þessi húsgögn. Ef vel væri að verið,

ætti ekki að líða á löngu áður en svo að segja á hverju íslenzku sveitaheimili væru til húsgögn í þjóðlegum stíl.

Upphitun íbúðarhúsa í sveitum, þó ný og vönduð séu, er oft mjög ábótavant, til mikilla óþæginda og jafnvel heilsutjóns fyrir þá, sem í þeim búa. Þetta atriði verður stöðugt meira aðkallandi, þar sem baðstofurnar og torfbæirnir eru nú að hverfa úr sögunni og steinhús að koma í staðinn. Er sjálfsagt að taka hér til athugunar, eins og annarsstaðar hefir verið gert, hvort ekki er unnt að framleiða brennsluefni í landinu sjálfu meir en nú er gert.

Tilgangur þessa frv., sem nú liggur fyrir, er að reyna að bæta úr ágöllum í þessum efnum, sem enn eru fyrir hendi, þótt mikið hafi verið unnið til úrbóta hin síðustu ár. Gert er ráð fyrir, að sett verði á stofn teiknistofa sveitaheimilanna, er taki að sér þau verkefni, er teiknistofa byggingar- og landnámssjóðs nú hefir, og ýms fleiri. Teiknistofa sveitaheimilanna á að gera uppdrætti að öllum húsum, sem lán er veitt til eða styrkur úr byggingar- og landnámssjóði eða öðrum opinberum stofnunum til húsabóta í sveitum, og ennfremur uppdrætti að húsgögnum á sveitabæjum. Það er ætlazt til, að gert verði að skilyrði fyrir lán- eða styrkveitingu, að teiknistofan annist teikningarnar. Er þetta gert til þess, að reynsla og sérþekking fái notið sín á þessu sviði og komið verði í veg fyrir mistök, sem óneitanlega hafa verið nokkuð algeng, sem eðlilegt er.

Hlutverk teiknistofu sveitanna á einnig að vera að fylgjast með nýjungum í sveitabyggingum innan lands og utan, og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða. Erlendis hefir þetta fyrirkomulag víða verið haft um langt skeið, og nauðsynlegt, að sá háttur verði einnig tekinn upp hér. Þótt þetta kosti nokkurt fé, sýnir reynsla annara, að þeir peningar margborga sig. Þá verður það og hlutverk teiknistofunnar, eins og verið hefir, að veita umsækjendum um lán eða styrk leiðbeiningar um byggingarkostnað húsa, efnisval og annað slíkt, er máli skiptir. Jafnframt verði tekinn upp sá háttur, sem er nýbreytni, að gefa út handbók með almennum leiðbeiningum viðvíkjandi húsgögnum. Mjög margar leiðbeiningar koma til greina um byggingu húsanna. Það hefir sýnt sig á undanförnum árum, að þrátt fyrir samskonar aðstæður, er kostnaðurinn oft mjög mismunandi. Með því að taka sér langan tíma til undirbúnings byggingunni og nota heimavinnu eða ódýra aðkeypta vinnu, hafa margir bændur sparað sér mikið fé samanborið við þá, sem framkvæmt hafa byggingar undirbúningslítið. Það hefir einnig mjög mikla þýðingu, að notuð séu ódýr en vinnusparandi tæki, að svo miklu leyti, sem unnt er. Er ætlazt til, að teiknistofan haldi uppi fræðslu um þessi atriði með námskeiðum, eftir því sem við verður komið.

Ef koma á til verulegra framkvæmda um smíði á húsgögnum handa sveitabæjum og sölu á þeim, við hæfilegu verði, þá þarf að koma upp húsgagnavinnustofum í sveitunum, þar sem aðstæður eru góðar. Virðist augljóst, að hentugast sé að koma upp slíkum vinnustofum í sambandi við aðrar tegundir af verkstæðum, sem líklegt má telja, að komið verði á fót í sambandi við héraðsskólana. Það virðist bersýnilegt, án þess að frekar verði farið út í það hér, að í héraðsskólunum þarf að koma á stórlega auknu verklegu námi frá því, sem nú er, og að sínu leyti hliðstæðu því, sem fyrirhugað er í bændaskólunum samkvæmt frv., er lá fyrir síðasta þingi og flutt var að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Slík verkstæði í sambandi við héraðsskólana myndu jafnframt gera það auðvelt að koma á námskeiðum í húsasmíði og húsgagnagerð og ýmiskonar verklegu námi.

Landbúnaðarráðuneytið gerir sér vonir um, að frv. þetta, ef að lögum verður, komi að verulegu gagni og sé a. m. k. spor í rétta átt.“

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina:

1. Að breyta 3. gr. starfsreglna gjaldeyris- og innflutningsnefndar á þann veg, að nefndin hafi ótvíræð fyrirmæli um að veita öllum verzlunarfyrirtækjum innflutningsleyfi eftir föstum kvóta, sem miðist eingöngu við innflutning þessara fyrirtækja ákveðið ár eða árabil, svo að kaupmenn og kaupfélög geti útvegað viðskiptamönnum sínum vörur í sama hlutfalli og var áður en innflutningshöftin voru sett, þó þannig, að tekið sé tillit til þeirra iðnaðar- og verzlunarfyrirtækja, sem síðan hafa verið stofnuð.
2. Að leggja fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd:
   a. að birta þegar í byrjun hvers árs áætlun yfir innflutning þann, sem veita á á árinu, og að hafa áætlun þessa svo greinilega, að hver innflytjandi geti sjálfur séð, hve mikinn innflutning hann á að fá á því tímabili, sem áætlunin nær yfir, samkvæmt skýrslu sinni til gjaldeyris- og innflutningsnefndar yfir fyrri innflutning.
   b. að taka við samningu áætlunarinnar tillit til vöruflokkaskiptingar innflutningsins undanfarin 10 ár, og ennfremur að leita álits Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga á henni áður en hún verður birt og kemur til framkvæmda.
3. Að veita heimild til, að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga skipi trúnaðarmenn, er taki við og athugi kærur, er fram kunna að koma frá innflytjendum út af úthlutun innflutningsleyfa, enda veitist þessum trúnaðarmönnum aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum gjaldeyris- og innflutningsnefndar varðandi úthlutunina.
4. Að hlutast til um, að úthlutun bankanna á gjaldeyri til greiðslu á andvirði innfluttra vara verði á hverjum tíma í sem réttustum hlutföllum við úthlutun innflutningsleyfa, þannig að jafnt gangi yfir alla þá innflytjendur, sem leyfi hafa fengið.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

„Fyrirmæli greindra laga um framkvæmd þeirra eru mjög ónákvæm, og ráðherra er að mestu í sjálfsvald sett, hvernig þeim er beitt gagnvart þegnum þjóðfélagsins. Samkvæmt lögunum hefir fjármálaráðherra sett gjaldeyris- og innflutningsnefnd starfsreglur, sem mikla óánægju hafa vakið. Auk þess er kvartað undan framkvæmd laganna yfirleitt. Er því nauðsynlegt, meðan lög þessi eru í gildi, að séð verði um, að framkvæmd þeirra verði réttlát.

Fyrir því þykir hlýða, að Alþingi kveði nokkru nákvæmar á um framkvæmd laganna.

Nánar í framsögu.“

Nd. # 44. Frumvarp til laga

um landaura og verðlagsskrár.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Landaurar nefnast samkv. lögum þessum framleiðsluvörur þær, sem ganga kaupum og sölum frá þeim, sem stunda landbúnað og sjávarútveg, og fullorðinn búpeningur.

2. gr.

Þau verðmæti, sem 1. gr. ræðir um, skulu lögð í hundruð á landsvísu, eftir þeim hlutföllum, sem hér greinir:

I. **Afurðir:**

a. Landbúnaðarafurðir:

20 dilkar á hausti,
180 kg. hvít vorull I. fl.
250 — mislit vorull,
120 — smjör,
1500 lítrar nýmjólk,
6 kg. æðardúnn vel hreinsaður.

b. Sjávarafurðir:

650 kg. I. fl. spánarverkaður stórfiskur,
4600 — ný síld í söltun,
9000 — ný síld í bræðslu,
400 — þorskalýsi I. fl.

Þegar reiknuð er meðalalin í þessum flokki, skal verðeiningin í dilkum, nýmjólk og verkuðum saltfiski færð tvisvar og útkomunni allri deilt með 13.

II. **Búpeningur:**

1 kýr 2—8 vetra, fullmjólkandi,
8 ær með lömbum í fardögum, 2—7 vetra,
14 ær geldar á hausti,
12 sauðir 2 vetra á hausti,
1⅔ áburðarhestur 5—12 vetra í fardögum,
2⅓ hryssa á sama aldri.

Meðalalin skal fundin með því að þrefalda útkomuna í I. flokki, leggja þar við útkomuna í II. flokki og deila síðan með fjórum.

3. gr.

Yfirskattanefnd í hverju sýslufélagi og hverju bæjarfélagi á landinu skal fyrir 15. marzmánaðar ár hvert semja skýrslu um verðlag á framleiðsluvörum og búpeningi, sem gengur kaupum og sölum í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi.

Verðlagið skal, eftir því sem við verður komið, miða við það, sem framleiðendur fá fyrir vöruna, að frádregnum sölukostnaði og öðrum þeim gjöldum, sem falla á vöruna frá því, er eigandinn lætur hana af höndum.

Verðlag á fullorðnum búpeningi skal á sama hátt miða við almennt verðlag innan sýslu- eða bæjarfélags gegn peningagreiðslu.

4. gr.

Nú hefir einhver landaurategund eigi gengið kaupum og sölum innan sýslu eða bæjarfélags, þó hún venjulega sé til sölu, og ber þá yfirskattanefnd að setja það verð á þá vörutegund, sem hún telur hæfilegt, miðað við almennt verðlag.

Eigi skal yfirskattanefnd miða verðlag í verðlagsskýrslu við örfá dæmi, ef hún telur vörutegund selda óeðlilega lágu eða háu verði gegn peningagreiðslu.

Verði nefndarmenn eigi á eitt sáttir um verðlag, skal meðaltal ráða.
Verðlagsskýrsla sé undirrituð af öllum nefndarmönnum.

5. gr.

Verðlagsskrár skulu prentaðar á kostnað ríkissjóðs og skulu gilda frá 16. degi maímánaðar næsta eftir að þær eru samdar til jafnlengdar næsta ár.
Verðlagsskrár skal birta á manntalsþingum og í B-deild Stjórnartíðindanna.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 16 frá 6. nóv. 1897 og lög nr. 22 frá 13. sept. 1901.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:
Landaurareikningurinn gamli var eins og kunnugt er sá verðmælir, sem flest viðskipti miðuðust við hér á landi um langt skeið. Sá verðmælir var bundinn við gangverð þeirra vörutegunda einna, sem framleiddar voru í landinu, og gaf því á hverjum tíma glöggt til kynna, hver breyting varð frá ári til árs á verði þeirra vara, sem hagur framleiðslunnar er fyrst og fremst við bundinn.
Þetta verðlag var ákveðið í verðlagsskrám, sem hver um sig gilti fyrir eitt hérað.
Á síðari tímum hefir þetta breytzt mjög mikið, og allt á þá leið, að áhrif þess verðlags, sem er á framleiðsluvörum landsmanna, hafa minnkað í öllu viðskiptalífi. Verðlagsskrárnar eru að vísu samdar og settar á ári hverju, eins og áður var, en ákvæðin, sem í gildi eru um samning þeirra, eru mjög úrelt, svo þær gefa mjög ófullnægjandi hugmynd um þá niðurstöðu, sem þær eiga að sýna, sem er sú breyting, er verður frá ári til árs á hag framleiðslunnar.
Þetta teljum við flutningsmenn frumvarpsins illa farið, og ber margt til. Í fyrsta lagi teljum við nauðsyn á, að verðlagsskrárnar gefi sem sannasta mynd af þeim verðbreytingum, sem mesta þýðingu hafa fyrir undirstöðu alls fjármálalífs í landinu, framleiðsluna. Í annan stað teljum við réttast, til að ná þessu takmarki, að taka með í verðlagsskrá þær einar vörur, sem hafa almenna þýðingu fyrir hag framleiðslunnar, annarsvegar til sveita, hinsvegar við sjó. Í þriðja lagi virðist okkur ljóst, að þá niðurstöðu, sem fæst með verðlagsskránum, megi nota miklu meira en nú er gert í viðskiptalífi landsmanna, aðeins ef vandað er til þess að fá sem réttasta mynd í þessu efni.
Það má þó taka fram í þessu sambandi, að fyllsta þörf er á að koma samningu verðlagsskránna í rétt horf, án tillits til þess, hverja skoðun menn hafa á notagildi slíks verðmælis í viðskiptalífinu.
Nánar í framsögu.

Nd. 45. Frumvarp til laga

um sumarvinnuskóla alþýðu.

Flm.: Héðinn Valdimarsson og Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Skráning atvinnulausra unglinga 15—20 ára að aldri skal fram fara tvisvar á ári, vor og haust, í öllum kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal á kostnað ríkissjóðs halda uppi framkvæmdum til almenningsheilla um 3 mánaða tíma á hverju sumri, ásamt kennslu, og nefnist sú starfsemi sumarvinnuskóli alþýðu.

3. gr.

Stjórn skólans skipa 3 menn, undir yfirstjórn kennslumálaráðherra, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar af Ungmennafélagi Íslands, en hinn þriðji, sem er skólastjórnarformaður, skal skipaður af kennslumálaráðherra.

4. gr.

Framkvæmdir ríkisins samkv. 2. gr. skulu vera þjóðnytjaverk, sem annars mundi ekki verða veitt fé til í næstu framtíð, svo sem:

1. Fjallavegir milli héraða og ferðamannaleiðir til afskekktra, fagurra og skemmtilegra staða.
2. Skógrækt.
3. Sandgræðsla.
4. Íþróttasvæði, sólskýli, sundlaugar og lögun á sjávarströnd til sundiðkana nálægt kaupstöðum, kauptúnum, öðru þéttbýli og sumargististöðum.
5. Fyrirhleðslur og áveitur.
6. Nýbýlaræktun.
7. Lendingarbætur í litlum kauptúnum eða verstöðvum, sem ekki geta staðið straum af slíkum framkvæmdum.
8. Vernd og viðhald náttúrumenja og fornra mannvirkja.
9. Aðstoð við vísindalegar rannsóknir og rannsóknarleiðangra, fyrst og fremst í beina þágu atvinnuveganna, en einnig þegar um er að ræða hverskonar rannsóknir á eðli landsins og íbúa þess, svo sem rannsóknir í landafræði, jarðfræði, veðurfræði, dýrafræði, mannfræði, heilbrigðisfræði, einnig fornleifarannsóknir o. s. frv.
10. Önnur þjóðnytjaverk, sem annars mundu ekki vera unnin og svipað stendur á um.
11. Matreiðsla fyrir vinnuskólann og hirðing klæðnaðar.
12. Þegar sérstaklega stendur á vegna óþurrka, skal heimilt, með samþykki ráðherra, að senda vinnuflokka til að hjálpa fátækum bændum að bjarga heyi undan skemmdum, ef þeim mundi annars ekki takast það, svo og hverskonar hjálparstarfsemi, sem þörf væri á á þessum tíma vegna skemmda eða hættu á skemmdum af náttúrunnar völdum.

5. gr.

Skólastjórn skal sjá um, að verkstjórn öll sé svo valin og rækt, að nemendum verði kennd öll algeng vinnubrögð og tækni við þá vinnu, sem unnin er, á þann hátt, að lögð sé áherzla á verklagni, með tilliti til þess, að afköst geti orðið sem mest, jafnframt því, að vinnan fari sem auðveldast úr hendi og þreyti sem minnst, enda skal þess vandlega gætt, hvernig hver einstakur unglingur innir verk sín af hendi.

6. gr.

Vinnutíminn er 5 stundir á dag alla virka daga, og fá þátttakendur greiðslu fyrir að loknum skólatímanum, sem nemur kr. 1.50 á dag auk ókeypis fæðis, vistar í tjöldum eða skýlum, ytri vinnufata, þar á meðal skófatnaðar og hlífðarfata, meðan á vinnunni stendur, og loks ókeypis verklega kennslu og utan vinnutímans 3 stundir á dag kennslu í bóklegum fræðum og íþróttum. Bókleg kennsla, sem aðallega fer fram í fyrirlestrum og leshringum, skal fjalla um þjóðfélagsfræði, íslenzku, sögu þjóðarinnar, náttúru landsins, lifandi og dauða, og miða að því að glæða áhuga þátttakenda á félagslífi og samtökum og kenna þeim virðingu fyrir vinnunni, frelsi þjóðarinnar og lýðræði.

7. gr.

Skólastjórnin ræður vana kennara í bóklegum fræðum og íþróttum og valinkunna, og skulu þeir hafa sama aðbúnað sem nemendurnir þennan tíma. Af íþróttum skal sérstök áherzla lögð á sund, svo og hinar félagslegu íþróttir, en ekki alið á metkeppni einstaklinga. Að öðru leyti ákveður ráðherra með reglugerð fyrirkomulag kennslunnar.

8. gr.

Ungir menn á aldrinum 16—18 ára, sem óska að taka þátt í vinnuskóla alþýðu, skulu senda umsóknir til skólastjórnar innan frests, sem auglýstur verður. Skólinn, sem starfar í deildum, tekur við samtals 500 unglingum á hverju sumri, ef svo margir sækja og reynast hæfir. Ef fleiri sækja, sitja þeir fyrir, sem ekki hafa áður sótt skólann og verst eru staddir efnalega eða erfiðast eiga með að útvega sér sumarvinnu. Áður en umsækjendur fá skólavist og taka til starfa, skal skólastjórn sjá um, að þeir undirgangist læknisskoðun, er greiðist af skólanum, enda er fullnægjandi heilbrigðisvottorð skilyrði fyrir aðgöngu. Á meðan skólinn stendur yfir skulu nemendur háðir lækniseftirliti, enda er læknishjálp við skólann ókeypis fyrir þá og greiðist af skólanum, að svo miklu leyti, sem þeir eru ekki tryggingarskyldir í lögboðnu sjúkrafélagi, er skylt sé að greiða sjúkrakostnað þeirra.

Nú sækir unglingur yngri en 16 ára um aðgang að skólanum, og er þá heimilt að veita honum undanþágu, ef hann sannar með læknisvottorði, að hann hafi þroska til að vinna þau störf, sem um er að ræða.

9. gr.

Að loknu sumarnámi skal þátttakendum afhent skírteini, er sýni, hversu þeir hafi leyst námið og störfin af hendi, eftir nánari reglum, sem skólastjórn setur um það. Að árinu 1938 loknu skulu þeir, sem gengið hafa í vinnuskóla og hlotið þar fullnægjandi skírteini, ganga fyrir vinnu hjá hinu opinbera, og gildir þetta jafnt um erfiðisvinnu sem önnur störf, á móts við jafnaldra, sem fæddir eru 1922 eða síðar.

10. gr.

Þegar svo stendur á, að völ er á sumarstarfi, sem er sérstaklega við hæfi unglinga í samræmi við tilgang laga þessara, en ekki verður komið við flokk undir umsjón sérstaks verkstjóra, er sumarskóla heimilt að semja um að ljá fleiri eða færri nemendur sína hluta af skólatímanum til slíks starfs, enda séu nemendurnir til þess fúsir. Ekki skal sú heimild notuð, nema starfið sé talið ekki síður menntandi en dvölin í sumarskólanum, og koma þar einkum til greina störf samkv. 9. tölulið 4. gr., enda ber skólinn ábyrgð á, að nemendur missi ekki heldur að öðru leyti neins í við að vera ráðstafað á þennan hátt.

11. gr.

Kennslumálaráðherra setur reglugerðir þær, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar lögum þessum. Kostnaður allur við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins borið fram frumvörp viðvíkjandi atvinnuleysi unglinga og atvinnubótum og fræðslustarfsemi til að bæta úr því. Á síðasta þingi bar séra Sigurður Einarsson fram frumvarp um þessi mál, er aðallega sneri sér að verklegum skólum fyrir unga menn, en lauslega var vikið þar að möguleika á sumarvinnu. Á þinginu var kosin milliþinganefnd til að fjalla um

þessi mál, og hefir hún enn lítið starfað, en mun aðallega hafa hugsað til skólahalds í handiðnum og búfræði og þess háttar, sem að vísu er nauðsynlegt, en nær ekki til nema lítils hluta æskumanna. Frv. þetta, sem hér er fram borið, er aftur á móti byggt á því að geta náð til flestra eða allra ungra manna, sem atvinnulausir eru á sumrin í bæjum landsins og kauptúnum, á þann hátt, að þeir geti fengið sumarvinnu um 3 mánaða skeið, við ýms þjóðnytjastörf, sem ella mundu ekki unnin verða og sem hljóta að vekja áhuga þeirra fyrir landi okkar og þjóðfélagi. Kaupið, sem þeir fengju, yrði að vísu lítið, en þó mundu þeir að afloknum starfstíma fá rúmar 100 kr. heim með sér, og engu fé þyrftu þeir að eyða til útbúnaðar né dvalar. Vinnan yrði jafnframt verkleg kennsla og samhliða henni yrði kennsla í bóklegum fræðum og íþróttum. Stofnunin yrði nefnd **sumarvinnuskóli alþýðu.** Við kennsluna yrði öll rækt lögð við að ala upp vinnusama og heilbrigða unga menn með áhuga á félagslífi og samtökum, frelsi þjóðarinnar og lýðræði, með virðingu fyrir vinnunni og skilningi á því, hvernig hún er undirstaða hvers þjóðfélags. Í sumarvinnuskóla alþýðu mundu blandast saman allar stéttir bæjanna og nytu þar sama aðbúnaðar og réttar, en þátttaka í skólanum veitti greiðan aðgang að störfum síðar á lífsbrautinni, og mætti því vænta þess, að flestir eða allir ungir menn sæktu þennan sumarvinnuskóla. Með þessum sumarvinnuskóla alþýðu væri ekki einungis hægt að útrýma atvinnuleysi eins árgangs unglinga að minnsta kosti, heldur útvega honum nauðsynlegt félagslegt uppeldi, sem algerlega vantar nú, og það við þjóðnytjastörf. Þeir, sem þekkja til atvinnuleysis unglinga í bæjunum, vita, hversu mannspillandi það er fyrir unglingana sjálfa, hversu mikið vinnuafl fer forgörðum og hvílíkur baggi unglingarnir eru á heimilum sínum, og þá ekki síður hvílík raun er að atvinnuleysinu fyrir unglingana sjálfa, vandamenn þeirra og allan landslýð.

Atvinnuleysi unga fólksins og afleiðingar þess eru þjóðarböl, sem samtakaafl þjóðarinnar þarf að eyða. Þó að það kosti allmikið fé, þá er lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að gerð sé stórfelld tilraun um lausn þessa máls, sem er ekki síður aðkallandi heldur en fjárpestin, en er viðráðanlegra, þar sem menn vita, að hægt er að lækna þetta með vinnu og fræðslu.

Þess skal getið, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir sumarvinnuskóla fyrir ungar stúlkur á sama aldri. Væri þess þó full þörf, og gæti sumarvinna þeirra snúizt að garðrækt á ríkisjörðum, skógrækt, fegrun landsins, húsmæðrafræðslu, barnameðferð í sambandi við barnaheimili o. s. frv. En er tilraunin hefði verið gerð með ungu piltana og gefið góða reynslu, mundi hitt koma á eftir.

Nánar í framsögu.

46. Frumvarp til laga

um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Lagt fyrir Alþingi 1937, 52. löggjafarþing).

1. gr.

Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögin að öðru leyti setja.

Ákvæði laga þessara ná ekki til læknisaðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

2. gr.

Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þessara, eru þrennskonar:

1. **Afkynjanir:** Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.
2. **Vananir:** Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitið sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnaðarfæra.
3. **Fóstureyðingar** (sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

3. gr.

Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum, og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari tölulið þessarar greinar.
2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefir verið sviptur sjálfræði.
3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. greinar, ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.
4. Frá lögreglustjóra, ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka, enda hafi hann fellt úrskurð um. Að því leyti sem slíkur úrskurður er ekki felldur í sambandi við sakamál, skal rannsókn sú, sem úrskurðurinn er byggður á, fara að hætti almennra lögreglumála. Úrskurði lögreglustjóra má áfrýja til æðri réttar.

Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Skal hver umsókn árituð umsögn læknis, er hefir kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

4. gr.

Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Þann, er vera mundi náttúrlegur lögráðamaður viðkomanda, ef hann væri ósjálfráða, skal skipa tilsjónarmann hans, nema eitthvert sérstakt mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefir sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

5. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helzt sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu.

Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. **Afkynjun** skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annara hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.
2. **Vönun** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til

glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.

b. að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.

3. **Fóstureyðingu** skal því aðeins leyfa:

a. að gild rök liggi til þess, að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim, eða öðrum ástæðum, er um getur í tölulið 2. a.

b. að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

Ráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

6. gr.

Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli, í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar ráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

7. gr.

Öllum öðrum en læknum eru óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, og því aðeins eru þær heimilar læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr., enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefir á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefir verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

8. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um greinargerð vísast til ritgerðar eftir landlækni, sem fylgdi frumvarpinu, er það kom fram á síðasta Alþingi. Frumvarpið er óbreytt.

Ed. 47. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa, stækka og starfrækja síldarbræðsluverksmiðjuna á Norðfirði.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa og starfrækja síldar- og fiskimjölsverksmiðju þá, sem nú er á Norðfirði, ef samningar nást um kaupin.

Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að láta stækka verksmiðjuna svo, að hún geti unnið úr allt að 1500 til 2000 málum síldar á sólarhring, og taka lán í því skyni.

2. gr.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn síldarverksmiðjunnar á Norðfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir beiðni bæjarstjórnarinnar á Norðfirði.

Eins og kunnugt er, hefir atvinnulífi á Austfjörðum farið síhnignandi ár frá ári undanfarið. Afli hefir brugðizt þar ár eftir ár, og sum hreppsfélögin hafa gefizt upp og leitað á náðir ríkisins.

Neskaupstaður hefir þó til þessa reynt að berjast gegn þessari óáran til sjávarins, með því að reyna með tilstyrk bæjarfélagsins að skapa á staðnum nýjan atvinnurekstur í stað hins, sem þverrandi fer. Má þar nefna sem fyrstu tilraun byggingu síldarbræðslunnar þar, og síðar, að keyptur var togari, með það einkum fyrir augum að veiða síld að sumrinu fyrir verksmiðjuna.

Þegar verksmiðjan á Norðfirði var reist, var hún fyrsta síldarverksmiðja, sem reist hafði verið á Austurlandi. Hún var höfð lítil, því enginn gerði ráð fyrir, að hlutverk hennar yrði annað en það, að vinna úr fjarðasíld að vetrinum. Af þeim ástæðum var allt til hennar skorið svo við neglur í upphafi, að hún var aðeins höfð fyrir 200—300 mála vinnslu.

En fjarðasíldin hefir ekki komið neitt að ráði hin síðari ár. Og meðan þessi litla verksmiðja var ein á Austfjörðum og fá skip voru gerð út þaðan fékk verksmiðjan mjög litla síld til vinnslu; það var árin 1934 og 1935. Árið 1936 samdi verksmiðjan við togara um að kaupa af honum síld yfir sumarið. Fékk verksmiðjan þá í fyrsta sinn allmikla síld. **En það, sem sérstaklega kom þó í ljós við þessa tilraun, var það, að þau skip, sem veiddu síld með það fyrir augum að leggja hana upp á Norðfirði, fengu ekki minni veiði en hin, sem löndun höfðu á Siglufirði og við Eyjafjörð.** Síldveiðin í sumar staðfesti enn betur þessa reynslu, því nú var komin verksmiðja á Seyðisfjörð, helmingi stærri en Norðfjarðarverksmiðjan, svo nú gátu skipin leitað austur með meiri von um löndun þar.

Vegna þess, hve Norðfjarðarverksmiðjan er afkastalítil og illa útbúin, er hún ekki samkeppnisfær við þær verksmiðjur, sem nú eru komnar víðsvegar um Norðurland. Afkoma bræðslunnar á yfirstandandi ári sýnir þetta mjög greinilega. **Rekstur hennar getur því varla borið sig, þó hún fái mikla síld, nema hún verði stækkuð að miklum mun.**

Lausleg áætlun, sem gerð hefir verið um stækkun í 1500 mál, gerir ráð fyrir, að sú stækkun muni kosta rúml. 100 þús. krónur. Eigandi Norðfjarðarverksmiðjunnar er Neskaupstaður. Bæjarstjórn treystir sér ekki til að stækka verksmiðjuna

nema með hjálp frá ríkissjóði, og því hefir hún samþykkt að bjóða ríkissjóði verksmiðjuna til kaups. Mundi bæjarstjórn selja verksmiðjuna fyrir áhvílandi skuldir, og yrði því aðeins um það að ræða, að ríkissjóður yfirtæki þau lán, er nú hvíla á verksmiðjunni og ríkissjóður er að mestu í ábyrgð fyrir, en lán yrði auðvitað að taka til stækkunar á verksmiðjunni.

Þess skal geta hér, að ríkissjóður er í ábyrgðum fyrir verksmiðjuna fyrir um 100 þús. kr. og hefir að tryggingu fyrir því láni 2. veðrétt í verksmiðjunni. Ef bærinn verður að gefast upp við rekstur hennar, er því sýnt, að ríkissjóður verður að taka við verksmiðjunni og þá annaðhvort að starfrækja hana eða selja hana.

Það má telja fullvíst, að bæjarfélagið muni ekki reyna til að reka verksmiðjuna framvegis eins og hún er nú, því það getur ekki haft annað í för með sér en tap. Þegar aðrar afkastameiri og betur útbúnar verksmiðjur ákveða verðlag á hráefninu og geta oftast, vegna meira framboðs og meiri vissu fyrir kaupanda afurðanna, selt afurðir sínar hærra verði, þá hljóta smáverksmiðjurnar að verða undir í samkeppninni, nema þær byggist að einhverju verulegu leyti á allt öðrum grundvelli, svo sem t. d. er með verksmiðjuna á Akranesi, sem er ein um alla Faxaflóasíldina og hefir auk þess þorskalýsisbræðslu og beinavinnslu af allstórri útgerð, og verksmiðjurnar á Húsavík og Hrísey (ef hún verður byggð), sem eiga aðeins að tryggja örugga síldarsöltun á þessum stöðum.

Með kaupum á Norðfjarðarverksmiðjunni getur Alþingi stuðlað að því tvennu, að tryggja grundvöll undir atvinnulífi á Austurlandi, með því að koma í veg fyrir, að rekstur síldarbræðslunnar í Neskaupstað stöðvist, og jafnframt aukið líkurnar fyrir því, að ríkissjóður tapi ekki því fé, sem hann nú er í ábyrgð fyrir vegna þessarar verksmiðju.

Fylgiskjal.

Símskeyti frá bæjarstjóranum í Neskaupstað.

Ingvar Pálmason alþingismaður Rvík.

Eftirfarandi tillaga samþykkt öllum atkvæðum fundi bæjarstjórnar gær: Bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkir að fela þingmönnum kjördæmisins og forstjóra verksmiðjunnar herra Jónasi Guðmundssyni að hlutast til um við Alþingi og ríkisstjórn að fóðurmjölsverksmiðja Norðfjarðar verði yfirtekin af ríkissjóði með eignum og skuldum og færð undir rekstur síldarverksmiðja ríkisins og stjórnað eftir sömu lögum og þeim. Verði gerðar á verksmiðjunni nauðsynlegar umbætur og hún stækkuð þannig að afköst hennar verði minnst 900 til 1000 mál síldar á sólarhring enda verði verksmiðjan starfrækt í bænum framvegis.

Bæjarstjóri.

Ed. 48. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið, og leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. okt. 1937.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.

Nd. 49. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1935.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1935 og ekkert fundið við að athuga. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. okt. 1937.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason.
Ólafur Thors. Stefán Stefánsson.

Nd. 50. Frumvarp til laga

um bókhald.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofa, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskveiða, mann- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikhúsa (cirkus) og fjölleikhúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málflutningsmannsstörfum.
11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar,

barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnaðarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingarmeistarar, málflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 kr.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í viðskiptabók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni bruttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Þeim fyrirtækjum, sem hafa vélabókhald, er heimilt að færa bækur þær, er um ræðir í 6.—8. gr., sem lausblaðabækur. En þá skal jafnframt færa í sérstaka bók, ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, reikningsjöfnuði aðalbókar og viðskiptamannajöfnuði. Bók þessi má ekki vera lausblaðabók, en skal vera löggilt, og má þá jafnframt nota hana sem efnahagsbók.

10. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

11. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

12. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

13. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

14. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

15. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

16. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

17. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi svnja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þviumlíks, og má þá, ef engin

atvik leggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðiljar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

18. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hlíti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

19. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

20. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—10. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

21. gr.

Brot gegn 1., 12. og 14.—16. gr. varða sektum samkvæmt 20. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 15. og 16. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

22. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Frumvarp nær samhljóða þessu var borið fram á þinginu 1932, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú flutt í samráði við fjármálaráðherra.

Núgildandi lög um verzlunarbækur eru nr. 53 frá 1911, og er ætlazt til, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Það hefir nú um skeið verið ljóst, að lög þessi eru mjög ófullkomin, enda er slíkt að vonum, þar sem viðskipti öll og verzlunarrekstur í landinu hefir tekið gagngerðum breytingum síðan þau voru samin. Sú breyting, sem mestu varðar í þessum

efnum, er aukin notkun lánsfjár til hverskonar atvinnurekstrar. Má svo að orði kveða, að flest atvinnufyrirtæki byggist nú á stórfelldum lánum og gagnkvæmri tiltrú.

Aukin lánsfjárnotkun hefir haft í för með sér fjölgun tækifæra til margskonar fjársvika og óráðvandlegrar meðferðar á annara fé. Á Alþingi 1931 voru sett ný lög um gjaldþrotaskipti. Voru þar lögfest margskonar nýmæli, sem gengu í þá átt, að vernda rétt lánardrottnanna. Mun mega fullyrða, að einn hinn mesti þrándur í götu við framkvæmd laga þessara er ófullnægjandi bókhald þeirra, sem lánsfé nota til atvinnurekstrar síns. Þótt fyrirmælum núgildandi laga um bókhald sé hlýtt til fulls, er það hinum mestu erfiðleikum bundið að rekja til hlítar rekstur fyrirtækjanna og komast að niðurstöðu um, hvernig fjármunum þeim, sem þau hafa haft til notkunar, hefir verið varið. En það hlýtur að verða krafa lánardrottnanna, að með lögum sé fyrirskipað svo fullkomið bókhald, að hvenær sem er sé hægt að sjá, hvernig hag fyrirtækjanna er varið og hvernig þau hafa ráðstafað því fé, sem þeim hefir verið trúað fyrir.

Síðan fyrrnefnd lög voru sett hefir Alþingi samþykkt lög um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt þeim fara greiðslur manna til opinberra þarfa mjög eftir tekjum og eignum, en til þess að unnt sé að ákveða gjöld þessi réttilega, þurfa að liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar frá hverjum einstökum um þessi efni. Það mun hafa komið mjög berlega í ljós, að upplýsingum er mjög áfátt um þessi atriði hjá mörgum þeim, sem reka verzlun eða aðra atvinnu, sem krefur reikningsfærslu, og það jafnvel þótt viðkomandi hafi fært lögskipaðar bækur á réttan hátt.

Orsökina til þessa er að finna í því, að ekki er í núgildandi bókhaldslögum skipað fyrir um færslu neinna yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Er úr þessu bætt í frv., svo sem nánar er rætt í athugasemdum við 4. gr.

Síðast en eigi sízt ber að minnast þeirrar nauðsynjar, sem hverjum atvinnurekanda er á því að fylgjast með rekstri sínum og allri fjárhagsafkomu. En fullyrða má, að slíkt sé eigi kleift fyrir þá, sem hafa mikið fé til notkunar við atvinnu sína, nema með því að færa glöggt og gott bókhald. Fjöldi atvinnurekenda mun þegar hafa skilið þessa nauðsyn, og færa bókhald sitt þannig, að þeir geti til fulls fylgzt með rekstri fyrirtækjanna, og munu þar á meðal ýmsir, sem eigi eru bókhaldsskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Þó munu margir láta sér nægja að færa aðeins þær bækur, sem lögboðnar eru nú, og hefir reynslan sýnt, eins og að framan er drepið á, að mörgum þeirra hefir reynzt því nær ókleift að komast að réttri niðurstöðu um rekstur sinn.

Má því fullyrða, að verði frumvarp þetta að lögum, mun það styðja mjög að meiri gætni í atvinnurekstri og viðskiptum allskonar en ríkt hefir nú undanfarið. Má í mörgum dæmum rekja ófarnað manna í viðskiptum til þess, hve illa þeir hafa fylgzt með atvinnurekstri sínum. Er ekkert ráð til við slíku annað en glögg reikningsfærsla, sem hvenær sem er gefur fullkomnar upplýsingar um rekstur viðkomanda og afkomu alla.

Við samning frv. þessa er að nokkru stuðzt við erlend lög um sama efni, aðallega sænsk, sem öðluðust gildi 1. jan. 1932.

Í frv. eru allmörg nýmæli, og mun þeirra getið í athugasemdunum um einstakar greinar, er hér fara á eftir.

Um 1.—3. gr.

Í núgildandi lögum er ákvæðið um bókhaldsskyldu bundið við atvinnurekstrarleyfi. Eigi þótti fært að fylgja þessu grundvallaratriði í frumvarpinu, þar sem vitanlegt er, að fjöldi atvinnufyrirtækja og einstakir menn hafa mikið fjármagn til notkunar við atvinnurekstur sinn, þótt eigi þurfi þeir að leysa slík leyfisbréf. Hefir því sú stefna verið tekin upp, að skylda þá til að færa bækur, sem líklegt þykir, að noti til muna lánsfé við rekstur fyrirtækjanna, og ennfremur þá, sem sýnt þykir, að eigi muni geta komizt að niðurstöðu um tekjur sínar og gjöld nema

með færslu bóka. Hafa ákvæðin í grein þessari verið sniðin mjög eftir sænsku lögunum, sem að framan getur.

Um 4. gr.

Eins og drepið hefir verið á hér að framan, er einn höfuðgalli núgildandi bókhaldslaga sá, að eigi er skipað fyrir um færslu yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Ef eigi eru færðar aðrar bækur en þær, sem lög mæla fyrir um, verður bókhaldið mjög ófullkomið og óglöggt til eftirlits, niðurstöður ótryggar og lítt ábyggilegar. Virðist svo sem úr þessu verði ekki bætt nema með lögskipun tvöfalds bókhalds, og er ákvæði um það tekið inn í grein þessa. Nauðsyn yfirlitsreikninganna gerir ákvæði þetta óhjákvæmilegt, því með færslu þeirra verður bókhaldið tvöfalt (sjá 8. gr.). Eigi þykir rétt að lögbjóða eitt sérstakt kerfi bókhalds, þar sem sitt hentar hverjum í því efni. Er því tekin upp sú aðferð að skipa ákveðið fyrir um þær bækur, sem sameiginlegar verða hjá öllum fyrirtækjum, og síðan um færslu yfirlitsreikninga (sjá 8. gr.), en mönnum jafnframt í sjálfsvald sett, hversu þeir skipa þeim niður í bækurnar. Af þessu leiðir, að ákvæðum frumvarpsins er hægt að fullnægja með færslu hvaða tvöfalds bókfærslukerfis sem er.

Eitt grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu er, að hver fjárhæð færist tvisvar. Af þessu leiðir, að hægt er hvenær sem er að sannprófa, hvort bækurnar eru rétt færðar. Ennfremur gefur þetta atriði tryggingu fyrir réttum niðurstöðum, og er það hið mesta hagræði fyrir hlutaðeigendur. Ýmsir, sem ókunnir eru málavöxtum, álíta, að miklu meiri vinna sé við færslu tvöfalds bókhalds en þess, sem nefnt er einfalt og fullnægjandi er samkvæmt núgildandi lögum. Gætir hér nokkurs misskilnings. Ef tvöfalt bókhald er fært á haganlegan hátt, er vinnuaukningin hverfandi í samanburði við mismun þann, sem verður á árangrinum af færslu þess annarsvegar og einfalda bókhaldsins hinsvegar. Sé fært einfalt bókhald, getur atvinnurekandinn, ef um veruleg viðskipti er að ræða, alls eigi komizt að niðurstöðu um rekstur sinn, nema með því að „gera upp“ allar bækur sínar, og þar sem slíkt kostar ærna vinnu, er það eigi að öllum jafnaði gert nema einu sinni á ári. Sé tvöfalt bókhald fært á réttan hátt, getur atvinnurekandinn ætíð fylgzt með í rekstri fyrirtækisins, og leiðir það af færslu yfirlitsreikninganna. Er rétt að benda á í þessu sambandi, að haganlegasta fyrirkomulag fyrir flesta atvinnurekendur mun að færa yfirlitsreikninga þá, sem um getur í 8. gr., í sjálfri sjóðbókinni, sem þá nefnist sjóðdagbók samkv. frumv. (dálkakerfið). Verður þá sú eina bók nægileg til fullnægingar ákvæðum frumvarpsins, sé eigi um nein lánsviðskipti að ræða, ella verða ennfremur að færast frumbækur og viðskiptamannabók (sjá 5. og 6. gr.).

Um 5. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Frumbækur þær, sem um ræðir í greininni, eru jafnnauðsynlegar kaupanda og seljanda. Samritið, sem viðskiptavinur fær hjá atvinnurekanda, gerir honum unnt að fylgjast með viðskiptum sínum. Atvinnurekanda eru bækur þessar nær ómissandi til notkunar við samdrátt undir innfærslu í aðrar bækur og yfirlitsreikninga (t. d. viðskiptamannabók, vörureikning o. s. frv.)

Um 6. gr.

Í grein þessari eru engin veruleg nýmæli. Samkvæmt núgildandi lögum er fyrirskipuð færsla sjóðbókar. Eru fyrirmælin um færslu bókarinnar aðeins nokkru ýtarlegri hér. Nauðsynlegt þykir að leyfa færslu undirbóka fyrir sjóðgreiðslu, en jafnframt að skipa fyrir um innfærslu niðurstöðutalna þeirra daglega inn í sjálfa sjóðbókina, til þess að í henni sé ætíð unnt að fá fullt yfirlit um öll peningaviðskipti.

Um 7. gr.

Viðskiptamannabók sú, sem um ræðir í þessari grein, notast að mestu á sama hátt og höfuðbókin, sem fyrirskipuð er í núgildandi lögum. Þó eru í grein þessari

tvenn mikilsverð nýmæli, sem ganga í þá átt að gera mönnum léttara fyrir um færslu bókarinnar.

Hið fyrra er um færslu úttektar þeirrar, er samið er um greiðslu á viku- eða mánaðarlega. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að færa í höfuðbók (= viðskiptamannabók) niðurstöðutölur hverrar frumbókarnótu. Erfiðleikar á að fylgja þessu ákvæði hafa komið greinilega í ljós, einkum í Reykjavík, þar sem ofannefnd viku- og mánaðarviðskipti eru mjög algeng. Er því með ákvæðum greinar þessarar leyft að færa í einni fjárhæð í viðskiptamannabókina viku- eða mánaðaruttekt þeirra, sem samninga hafa svo sem að framan getur. Ennfremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabókinni fyrir þá, sem aðeins hafa slík samningsviðskipti. Verður heimild þessi til hins mesta verksparnaðar við færslu þessara viðskipta, án þess þó að rýra í nokkru tryggingunа, sem lánardrottnum á að vera í bókhaldi skuldunauta, eða gagn það, sem atvinnurekanda sjálfum er að bókhaldinu.

Hið síðara nýmæli er heimildin til þess að nota lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur.

Notkun lausblaðabóka ryður sér nú mjög til rúms til mikils verksparnaðar við reikningsfærslu. En jafnframt því, sem í lögum er gert ráð fyrir notkun þeirra, verður til tryggingar að setja ákvæði um, að í einhverri innbundinni lögskipaðri bók sé færður reikningur yfir öll þau viðskipti, sem tilfærð eru í lausblaðabækur, þar sem ætið er nokkur hætta á, að blöð týnist úr bókum þessum.

Um 8. gr.

Eins og um hefir verið getið í athugasemd við 4. gr., er hér um algert nýmæli að ræða með fyrirskipun færslu yfirlitsreikninga þessara, og er í því fólgin höfuðbreytingin frá fyrirmælum núgildandi laga. Nægir að vísa til athugasemda við sömu grein um skýring á nauðsyn reikninganna og ástæður fyrir því, að eigi er í frumvarpinu skipað nákvæmlega fyrir um, í hvaða bókum þeir skuli færðir.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að hafa heimild til þess að færa bækur þær, sem greinin fjallar um, sem lausblaðabækur þar, sem vélabókhald er.

Um 10. gr.

Fyrirmæli greinar þessarar um samning rekstrarreiknings er nýmæli, sem er bein afleiðing af ákvæðinu um tvöfalda bókfærslu, og hefir það eigi í för með sér aukna fyrirhöfn. Ákvæði greinarinnar um það, hvenær reikningsuppgerð skuli lokið, er í samræmi við ákvæði skattalöggjafarinnar um sama efni.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt þótti að setja ákvæði um, hvernig samningi efnahagsreiknings skyldi hagað í höfuðatriðum.

Um 12. gr.

Ákvæði greinar þessarar er sett með tilliti til þess, að fullkomið yfirlit um hag hlutaðeiganda sé eigi fengið nema þessar upplýsingar séu fyrir hendi. Eru fyrirmæli þessi sniðin að mestu eftir sænsku lögunum, sem að framan um getur.

Um 13. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. málsgr. 6. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 14. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur. Þó þótti rétt að setja ákvæði um, að eigi mætti færa lögskipaðar bækur með blýanti,

aðrar en frumbækur, og eigi mætti rífa eða á annan hátt losa blöð úr bundinni lögskipaðri bók.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað ákvæða 3. gr. núgildandi laga um að halda bréfabók.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett með það fyrir augum, að fyrir gæti komið, að nauðsyn bæri til, að upplýsingar væru fyrir hendi um rekstur hlutaðeiganda yfir langan tíma. Fyrirmælið er að mestu samhljóða ákvæðum sænsku laganna um þetta efni.

Um 17. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt þótti að hafa skýr fyrirmæli um tilhlutunarrétt lögreglustjóra um eftirlit með lögunum.

Um 19.—21. gr.

Þar sem brot gegn lögum þessum geta verið mjög misjafnlega refsiverð, þykir nauðsynlegt, að dómarinn sé eigi mjög bundinn í vali viðurlaga og geti fremur ákveðið hegningu eftir því, sem málefni standa til í hverju einstöku dæmi.

Um 22.—25. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Nd. 51. Frumvarp til laga

um tímabundna heimild handa rafmagnsveitu Reykjavíkur til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum.

Flm.: Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson, Jakob Möller.

1. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að flytja til landsins öll rafmagnstæki til heimilisnotkunar, önnur en útvarpstæki, á tímabilinu frá 1. nóv. 1937 til 31. des. 1938.

2. gr.

Rafmagnsveita Reykjavíkur skal selja eða láta selja rafmagnstæki þessi við svo vægu verði sem kostur er á, og skal verðið miðað við það, að rafmagnsveitan taki ekki hagnað af sölunni.

3. gr.

Tollar og önnur innflutningsgjöld til ríkissjóðs af rafmagnstækjum samkv. 1. gr. falla niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú er rafmagnsframleiðsla er aukin svo mjög með Sogsvirkjuninni, að fullnægja má með rafmagnsorku þörfum Reykjavíkur til hitunar og suðu miklu fremur en verið hefir til þessa, en útrýma að sama skapi þörf á öðru eldsneyti, er það augljóst, að það er til hagsmuna fyrir land og lýð, að rafmagnsframleiðslan verði hagnýtt hið fyrsta svo sem kostur er á.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þrásinnis látið þá ósk í ljós, að hún fái heimild þá, sem fram á er farið í frv., og má tvímælalaust ætla, að heimildin nái tilgangi, þ. e. að rafmagnsnotkun á heimilum bæjarmanna aukist fljótt og hröðum skrefum, ef aðaláhöldin til rafmagnsnotkunar yrðu seld við svo hagkvæmum kjörum fyrir kaupendur sem auðið er, í stað þess, að nú eru þessi tæki seld af einkasölu ríkissjóðs í fjáröflunarskyni fyrir hann.

Nd. 52. Frumvarp til laga

um stofnun húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Flm.: Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Í Reykjavík eða nágrenni hennar skal setja á stofn húsmæðraskóla og í sambandi við hann húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Húsmæðraskólinn skal veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að gegna vel stöðu sinni.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands, sem skal vera framhaldsdeild húsmæðraskólans, skal veita konum þá kunnáttu, sem gerir þær færar um að takast á hendur kennslu við húsmæðraskóla landsins eða við störfum, þar sem þörf er á svipaðri kunnáttu.

2. gr.

Skólinn skal hafa aðstöðu til að geta verið heimangönguskóli fyrir nemendur, sem heimili eiga í Reykjavík. Í skólanum skulu vera heimavistir fyrir 40 til 50 nemendur og kennslustofur eftir því sem þörf krefur, ennfremur íbúð fyrir forstöðukonu, fasta kennara og þjónustufólk, svo og annað húsrúm, er nauðsynlegt er slíkum skóla. Skólinn skal byggður eftir uppdrætti, samþykktum af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum forstöðukonu og skólaráðs. Skal skólinn vera búinn öllum nauðsynlegum tækjum til kennslu húsmæðra og húsmæðrakennara.

3. gr.

Skólinn skal hafa til umráða allt að 5 ha. af landi, þar sem hafa má garðyrkju, alifuglarækt og annan búskap, eftir því sem þörf þykir og ástæður leyfa.

4. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er tekið hefir próf í húsmæðrakennarafræðum. Skal hún skipuð af kennslumálaráðuneytinu, eftir tillögum skólaráðs. Fastir kennarar skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, með samþykki forstöðukonu og skólaráðs, en aðra starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólaráðs. Í skólaráði skulu sitja 3 konur. Skal 1 vera skipuð af kvenfélagasambandi Íslands, 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur og 1 af stjórnarráði Íslands, og skal hún vera formaður skólaráðs.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^2/_3$ af stofnkostnaði skólans, gegn $^1/_3$ annarsstaðar að. Starfræksla skólans skal kostuð af ríkisfé, og stendur skólinn undir umsjón kennslumálaráðuneytisins, sem setur reglugerð um fyrirkomulag hans, svo og hverjar námsgreinir kenndar séu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda, þá er fé hefir verið veitt til stofnunar skólans samkv. 5. gr. hér að framan. Skólaráð og forstöðukonu skal skipa strax og fé hefir verið veitt til stofnunar skólans.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki afgreitt. Fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Frumvarpið er samið að tilhlutun kvenfélagasambands Íslands, sem hefir látið fylgja því til flutningsmanna eftirfarandi athugasemdir og skýringar.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar, sem á seinni árum hafa orðið í þjóðlífinu, stendur sú staðreynd þó óhögguð, að aðalstarf flestra kvenna er húsmóðurstarfið. Það skiptir miklu fyrir þjóðfélagið, að það starf sé vel rækt. Á því veltur að miklu leyti uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar og hagnýting efna þeirra, er þarf til að fæða og klæða þjóðina. Þetta getur því aðeins farið vel úr hendi, að hinum ungu konum sé gefinn kostur á að afla sér þeirrar menntunar, sem gerir þær hæfar til að leysa starf sitt vel af hendi, bæði í andlegum og verklegum efnum. Þessa fræðslu eiga þær að fá á heimilunum, í barnaskólum og húsmæðraskólum. Skulum vér nú sérstaklega taka húsmæðraskólamálið til athugunar.

Það eru nú rúm 60 ár síðan hinn fyrsti kvennaskóli var settur á stofn hér á landi, og 38 ár síðan fyrsti húsmæðraskóli landsins tók til starfa. Síðan þessir skólar hófu göngu sína, hefir mikil breyting orðið á menntamálum kvenna. Konur hafa fengið aðgang að öllum skólum landsins. Einnig hafa verið stofnsettir margir sérskólar fyrir konur. Það mætti því virðast svo sem eigi væri þörf nýrra skóla til menntunar kvenna. Þetta er þó eigi svo í raun og veru, og skulu hér færð nokkur rök því til sönnunar.

Sem stendur er nú húsmæðrafræðsla veitt í þessum skólum:

Vestfirðir: 1 skóli (á Ísafirði, 2 fjögra mán. námskeið, nemendur samt. 32).

Suðvesturland: 1 skóli (á Staðarfelli, 15 nemendur $7^1/_2$ mán., 22 stúlkur hafa sótt síðastliðið ár).

Norðurland: 2 skólar (á Blönduósi og Laugum; á Blönduósi eru nú 33 nemendur, átta mán. námskeið. Fyrir næstu ár hafa nú þegar sótt 50 stúlkur. Á Laugum eru 15 nemendur 6 mán. Auk þess mun bráðlega verða komið upp skóla í Eyjafirði).

Austurland: 1 skóli (á Hallormsstað, 25 nemendur, 6 mán.).

Suðurland: 1 skóli (Húsmæðradeild kvennaskólans í Reykjavík hefir nú þriggja mán. námskeið, 12 nem. á hvoru).

Auk þess, sem hér er greint, hefir verið reynt að bæta úr brýnni þörf með umferðakennslu og stuttum námskeiðum víðsvegar um land.

Eins og séð verður af ofangreindu, munu um 188 nemendur geta notið kennslu í skólum þeim, sem nú eru til. Árið 1930 voru heimili á landinu talin 20976 alls, og skiptast þau þannig: Suðvesturland 9267, Vestfirðir 2450, Norðurland 4934, Austurland 1907, Suðurland 2418. Virðist skýrsla þessi bera með sér, að á Vestur-, Norður- og Austurlandi sé sæmilega séð fyrir húsmæðrafræðslunni. Aftur á móti virðist svo sem löggjafarnir hafi gleymt Suðvesturlandi (a. u. Dalasýslu), Suðurlandi og Reykjavík, þar sem þó eru 9636 heimili og 2526 stúlkur á 15—19 ára aldri, þar af í Reykjavík einni 5574 heimili og 1512 stúlkur á 15—19 ára aldri.

Eins og kunnugt er, hafa íslenzkir húsmæðrakennarar hingað til þurft að sækja menntun sína til útlanda. Nú er það ljóst, að hvert land hefir að einhverju leyti sérstöðu með tilliti til framleiðslu fæðuefna. Er því nauðsynlegt, að húsmæðrakennarar hafi sem víðtækasta þekkingu á innlendri fæðuefnafræði og matargerð, jafnframt því sem tekið er tillit til þeirra nýjunga sem fram koma, innanlands sem utan, í þessari grein. En til þess að þetta geti orðið, þarf að koma á stofn innlendum skóla fyrir húsmæðrakennara, þar sem þeir geti öðlazt menntun, sem sé á borð við það, sem krafizt er af slíkum kennurum á Norðurlöndum.

Gegnum hendur húsmæðranna fara matvæli og fatnaður, og þar af má telja innlendar búsafurðir og fisk 19 millj. króna virði. En vefnaðarvörur og fatnaður hafa verið flutt til landsins fyrir 8400000 kr. Þar við bætist svo kornvara og nýlenduvörur, sem einnig skipta milljónum.

Þar sem vér höfum nú sýnt fram á þörfina á því að stofnsetja nýjan húsmæðraskóla, virðist oss sjálfsagt, að hann verði byggður þannig, að þar geti verið framhaldsdeild fyrir þær konur, sem vilja fá kennaramenntun í húsmæðrafræðum.

Við samningu laganna höfum vér lagt til grundvallar lög nr. 37 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Að því er snertir einstakar greinar frumv. viljum vér taka fram það, sem hér segir.

Við 1. gr.

Skóli sá, er hér ræðir um, er ætlazt til, að sé í tveimur deildum, húsmæðraskóli og húsmæðrakennaraskóli. Viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að skóli þessi standi í eða við Reykjavík, bæði með tilliti til vöntunar á húsmæðraskóla þar, og einnig vegna þess, að það er álit vort, að húsmæðrakennaraskólinn hafi hvergi á landinu jafngóð skilyrði til að hagnýta það bezta, sem völ er á hér á landi að því er varðar kennslukrafta, kennsluáhöld og hráefni.

Í húsmæðradeildinni á að kenna öll þau fræði, sem nauðsynleg eru húsmæðrum, hvort heldur er í kaupstöðum eða sveitum. Kennsla sé bæði verkleg og bókleg. Námstímann mætti miða við 5 mánuði, og væri þá hægt að hafa tvö námskeið á ári hverju. Skóla þessum er ætlað sama verkefni og öðrum húsmæðraskólum landsins.

Húsmæðrakennaraskólinn er hugsaður sem sjálfstæð deild, er taki við þeim nemendum, sem fullnaðarpróf hafa tekið í húsmæðradeildinni eða öðrum húsmæðraskólum landsins og vilja afla sér kennaramenntunar. Vér hyggjum, að námstími í skóla þessum þurfi að vera 2 ár. Ætla þyrfti skólanum húsrúm fyrir 10—12 nemendur. Teljum vér sjálfsagt, að þessir nemendur verði alltaf í heimavist. Próf frá skóla þessum veitir aðgang að kennarastöðum við húsmæðraskóla landsins og við verklegar námsgreinir í barnaskólunum. Einnig ættu þær konur, sem slíkt próf hafa tekið, öðrum fremur að sitja fyrir, þegar veittar eru ráðskonustöður við heimavistarskóla, sjúkrahús eða aðrar slíkar stofnanir.

Við 2. gr.

Ætlazt er til, að skóli þessi verði aðallega heimavistarskóli. En sjálfsagt þykir, að hann geti einnig verið heimangönguskóli fyrir stúlkur úr Reykjavík. Ennfremur er ætlazt til, að þar verði haldin stutt námskeið fyrir húsmæður í Reykjavík. Af þeim 50 heimavistum, sem gert er ráð fyrir, verður stöðugt að ætla 10 til 12 fyrir nemendur húsmæðrakennaraskólans.

Til undirbúnings skólans þarf að vanda eftir beztu föngum. Er því gert ráð fyrir, að leitað sé til sérfræðinga í húsmæðrafræðum um fyrirkomulag byggingarinnar og allan útbúnað. Séð skal fyrir því, að skólinn hafi aðstöðu til rannsókna á hagnýtingu ýmsra innlendra fæðuefna og njóti aðstoðar rannsóknarstofnana ríkisins í þeim efnum. Um ýmsar námsgreinir, svo sem heilsu- og lífeðlisfræði, meðferð ungbarna o. fl. mundi skólinn að sjálfsögðu þurfa að njóta styrktar Háskóla Íslands og landsspítalans.

Við 3. gr.

Nauðsynlegt þykir, að skólinn hafi land til umráða. Ætti það að liggja umhverfis skólabyggingarnar, vera í góðu skjóli og vel fallið til ræktunar, einkum garðyrkju og trjáræktar. Á skólanum þarf að fara fram garðyrkjukennsla, bæði verkleg og bókleg. Ennfremur kennsla í meðferð mjólkurkúa, svína og alifugla. Allt þetta þarf að vera í sambandi við skólann, — þó í smáum stíl — en starfrækt þannig, að til fyrirmyndar sé, enda ætlazt til, að nemendur taki virkan þátt í þessum störfum.

Við 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að ein forstöðukona stýri báðum deildum skólans. Skal hún hafa sér til aðstoðar kennslukonu, er aðallega sér um húsmæðraskólann, svo og aðra kennslukrafta, er þörf er á. Forstöðukonan þarf að hafa mjög góða menntun í öllum þeim greinum, sem að húsmæðrafræðslu lúta, enda sé vandað til annara kennslu-

krafta. Til umsjónar með skólanum sé skipað skólaráð. Í því sitji konur eingöngu. Það á að vera í ráðum með forstöðukonu um öll vandamál skólans.

Við 5. gr.

Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi fram $^2/_3$ af stofnkostnaði skólans, en Reykjavíkurbær eða aðrir $^1/_3$. Þetta ákvæði er í samræmi við lög nr. 37 26. okt. 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Réttmætt þykir, að Reykjavíkurbær leggi fram ofangreindan hluta af stofnkostnaðinum, þar eð stofnun þessa skóla mundi bæta úr mjög aðkallandi þörf og verða til ómetanlegs gagns fyrir bæinn, beint og óbeint. Hinsvegar er oss fyllilega ljóst, að ríkis- og bæjarsjóður hafa, eins og nú standa sakir, lítið fé til umráða fram yfir brýnustu útgjöld. En vel má þó byrja undirbúning allan þegar á þessu ári. Mundi atvinnubótavinnan verða til meiri nytsemdar á annan hátt en þann, að hún væri látin ganga til undirbúnings byggingar húsmæðraskóla? — Vér vonum fastlega, að ríkisstjórnin og bæjarstjórn Reykjavíkur taki þetta mál til athugunar og komi því til leiðar, að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Í reglugerð er ætlazt til, að séu nákvæm ákvæði um alla stjórn og fyrirkomulag skólans, hvernig kennslunni verði hagað og hverjar námsgreinir kenndar séu.

Við 6. gr.

Þarf eigi skýringar að öðru en því, að rétt þykir, að forstöðukona og skólaráð geti verið með í ráðum um allan undirbúning varðandi skólann, þar sem með því má koma í veg fyrir ýmiskonar mistök.

Akureyri, 4. september 1935.

Jónína Sigurðardóttir. Ragnhildur Pétursdóttir. Margrét Friðriksdóttir.

Ed. 53. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um afgreiðslu frv. Varð þegar ágreiningur milli mín og meiri hl. um meðferð frv. í nefndinni og varð það því nær ekki rætt efnislega.

Nefnd sú, er kosin var á síðasta Alþingi af þremur aðalþingflokkunum til þess að rannsaka bankamál vor og gera tillögur um breytingu á bönkunum og fyrirkomulagi þeirra, hefir starfað að þessum málum liðið sumar. Var því eðlilegast, að hún kæmi fram með tillögur um þau atriði, er frv. fjallar um. Þætti æskilegt að hraða þeim breytingum, sem þar um ræðir, mundi nefnd þessi — ef hún álítur, að þær séu hinar heppilegustu —, geta lagt þær fyrir næsta Alþingi strax og það kemur saman, eða áður en liðnir eru fjórir mánuðir hér frá, og yrði það ekki tilfinnanleg töf. En undir öllum kringumstæðum taldi ég það sjálfsagt, að landbúnaðarnefnd leitaði umsagnar bankamálanefndarinnar um þetta mál áður en landbn. afgreiddi það frá sér, svo að síður kæmi til áreksturs milli nefndanna um þessi atriði. Var þetta auðvelt og þurfti nær engum töfum að valda, þar sem bankanefndarmenn eru hér, að minnsta kosti fjórir þeirra, en þeir eru fimm alls. Meiri hl. nefndarinnar felldi þá tillögu mína — að senda bankanefndinni frv. til umsagnar — og ákvað að afgreiða það frá nefndinni þá þegar á fundinum óbreytt.

Þar sem það liggur í hlutarins eðli, að milliþinganefndin í bankamálum vorum taki til athugunar þau breytingaratriði, sem í frv. þessu felast, og formaður nefnd-

arinnar hefir tjáð mér, að svo muni verða, og nefnd sú hefir miklu betri aðstöðu en landbn. til þess að kynna sér, hvernig stjórn Búnaðarbankans yrði haganlegast fyrir komið í framtíðinni, þá legg ég það til, að deildin afgreiði málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem telja verður, að mál það, sem hér liggur fyrir, heyri undir verkahring milliþinganefndar þeirrar í bankamálum, sem kosin var á síðasta Alþingi, og gera má ráð fyrir, að hún skili áliti um ýms atriði í endurskoðun bankalöggjafarinnar — þar á meðal um stjórn Búnaðarbankans — þegar fyrir næsta Alþingi eða í byrjun þess, telur deildin, að eigi sé tímabært að taka nú ákvörðun um mál þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. okt. 1937.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 54. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. apríl 1937, um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. okt. 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson. fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 55. Frumvarp til laga

um heilsuhæli handa drykkjumönnum.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Stofna skal heilsuhæli handa drykkjumönnum svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi fyrir árslok 1938.

2. gr.

Ríkið starfrækir hælið eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Heilbrigðisstjórnin setur því reglugerð og ræður því lækni og forstjóra. Ríkissjóður greiðir allt að ⅘ hlutum meðgjafar með þeim, sem styrkhæfir eru samkvæmt lögum um framfærslu sjúkra manna og örkumla.

3. gr.

Sá, sem sýnir vottorð héraðslæknis síns um, að hann þurfi að dvelja í heilsuhæli drykkjumanna, og skuldbindur sig til að dvelja þar eins lengi og hælislæknir telur nauðsynlegt og að hlýða hælisreglum, á rétt á að fá ábyrgð framfærslusveitar sinnar, eins og um sjúkrahúsvist væri að ræða, ef hann hefir ekki efni á að greiða sjálfur þann hluta kostnaðarins, sem ríkissjóður greiðir ekki.

4. gr.

Berist framfærslunefnd, sveitarstjórn, barnaverndarnefnd eða lögreglustjóra rökstuddar umkvartanir um drykkjuskap manns í því framfærsluhéraði, eða tilmæli frá fjölskyldu hans um, að manninum sé ráðstafað í heilsuhæli drykkjumanna, þá ber lögreglustjóra að rannsaka málið tafarlaust. Leiði slík rannsókn í ljós, að maðurinn spilli heilsu sinni að stórum mun, eða vanræki framfærsluskyldur sínar við heimili sitt, eða misþyrmi konu sinni eða börnum sökum drykkjuskapar, ber lögreglustjóra að fyrirskipa honum dvöl í heilsuhæli drykkjumanna. Greiðslu dvalarkostnaðar hans fer eftir ákvæðum 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Þegar styrkþegi hefir notið framfærslustyrks í hálft ár eða lengur, og það þykir sannað, að drykkjuskap hans sé um að kenna, gilda um hann sömu fyrirmæli og segir í 4. gr. laga þessara, enda þótt engar kærur hafi borizt um drykkjuskap hans.

6. gr.

Fyrirskipun þeirri, sem um getur í 4. og 5. gr., getur hlutaðeigandi maður áfrýjað til ráðherra. Sömu heimild hafa aðstandendur drykkjumanna, ef umkvörtunum þeirra eða kærum um framferði mannsins er ekki sinnt. Úrskurður ráðherra gerir út um málið.

7. gr.

Neiti maður að hlýða fyrirskipunum eða úrskurði um hælisvist, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að sjá um flutning hans til hælisins.

8. gr.

Fari vistmaður burt af hælinu áður en hælislæknir leyfir, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn krafizt þess, að hlutaðeigandi yfirvald flytji hann þangað aftur og að dvalartími hans þar verði lengdur.

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar er stofnað hefir verið heilsuhæli handa drykkjumönnum, eða heilbrigðisstjórnin hefir viðurkennt þesskonar hæli, sem bæjarfélög eða einstakir menn kynnu að stofna.

Verði samsvarandi hæli stofnað fyrir drykkfelldar konur, gilda um það þessi sömu lög.

Greinargerð.

Frumvarpið er að mestu leyti samhljóða frumvarpi því, er ég hefi tvisvar áður flutt hér á Alþingi. Er ótrúlegt, að þörf sé á að láta langa greinargerð fylgja því, þar sem heita má, að úr öllum áttum berist kröfur og áskoranir um að stofna hæli fyrir drykkjumenn. Sé þar nokkur ágreiningur, þá er hann helzt um það, hvort ráðlegast sé, að hælið verði sérstök stofnun uppi í sveit eða nokkurskonar sérdeild í sambandi við eitthvert sjúkrahúsið.

En nauðsynin er svo brýn á, að hafizt sé handa í þessum efnum, að sá ágreiningur má ekki tefja fyrir málinu, og því er frumvarpið þannig orðað, að heilbrigðisstjórn getur samkvæmt því valið þá leiðina, sem hún telur æskilegri.

Til frekari skýringar set ég hér kafla úr greinargerð frumvarpsins, sem lá fyrir þinginu síðastl. vetur:

„Efri deild Alþingis samþykkti árið 1935 þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og löggjöf þar að lútandi.

Haustið 1935 töldu bæjarfógetar á Akureyri, Ísafirði og Neskaupstað 20—25 menn úr þessum kaupstöðum samtals sjálfsagða til dvalar á drykkjumannahæli, ef til væri. Bréfkaflar um það efni, er þeir rituðu barnaverndarráði Íslands, voru birtir

í greinargerð frumvarpsins í fyrra. Þar var og birtur útdráttur úr ýtarlegri skýrslu frá lögreglustjóranum í Reykjavík frá 1. jan. 1931 til 1. nóv. 1935. Sýndi sá útdráttur meðal annars, að þeim fer mjög fjölgandi, sem settir eru í varðhald vegna ölvunar, og að mestur hluti þeirra manna eru menn á bezta aldri, „er höfðu sætt kærum og refsingum mörgum sinnum, og fyrir slæm afbrot".

Þá voru og birt ummæli aðalfangavarðar hegningarhússins í Reykjavík, þar sem hann taldi, að um 60 þeirra, sem oftast væru settir inn fyrir ölvun hér í bæ, væru í raun réttri ósjálfbjarga vegna drykkjuskapar og þyrftu hælisvist, ef til væri.

Í blaðinu „Hvöt", sem bindindisfélög í skólum gefa út, birtist 1. febrúar síðastl. viðtal við Svein Sæmundsson lögregluþjón í Reykjavík. Skýrir það einkar vel frá ástandinu í þessu efni. Þar segir meðal annars: „Mikill hluti stærri glæpa og afbrota, sem eru framin hér í bænum, eiga beint eða óbeint rót sína að rekja til áfengisnautnar." — —

„Árin 1930—1935, að báðum meðtöldum, voru að meðaltali sektaðir eða kærðir fyrir áfengislagabrot 733 menn. Á sama tíma hafa 40 bifreiðarstjórar verið sviptir ökuleyfi að meðaltali árlega vegna áfengisneyzlu eða ölvunar við bifreiðaakstur." — „Árið 1935 fékk lögreglan 947 hjálparbeiðnir vegna ölvunar á opinberum stöðum, og 483 beiðnir vegna ölvunar í heimahúsum, en þar leitar fólk venjulega ekki aðstoðar lögreglunnar fyrr en í fulla hnefa. Auk þess bárust á sama tíma 485 hjálparbeiðnir frá opinberum stöðum, og 791 úr heimahúsum. Í þessum tilfellum verður ölvun ekki talin aðalorsök, en á þó oft mikinn þátt í því, að aðstoðar lögreglunnar þarf með."

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík skýrir svo frá, að árið 1936 hafi samsvarandi tölur verið 698 og 488, hjálparbeiðnir vegna ölvunar eingöngu, en aðrar voru 479 og 1024.

Varðhaldsvistir 1936 vegna ölvunar voru 587, þar af 13 varðhaldsvistir kvenna. Ölvunarbrotin voru 626 það árið, og um 130 þjófnaðarmál komu í hendur lögreglunnar fyrstu 6—7 vikur þessa árs, og voru allmörg þeirra í sambandi við drykkjuskap.

Eru þetta allt hrópandi tölur.

Loks má nefna, að Alþingi barst í fyrra, að tilhlutun Friðriks Á Brekkans, ráðunauts í áfengismálum, áskorun ýmsra mikilsmetandi manna í Reykjavík um að gera þá þegar ráðstafanir til þess, að drykkjumannahæli geti tekið til starfa hið bráðasta. Leyfi ég mér að birta þá áskorun sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, þar eð hún sýnir, að mál þetta á áhrifaríka stuðningsmenn í ýmsum stéttum og stjórnmálaflokkum."

Fylgiskjal.

Þar sem það er lýðum ljóst, að stofnun hælis fyrir drykkjumenn er bæði félagsleg nauðsyn og mannúðarskylda, sem þjóðfélagið getur ekki skotið sér undan, leyfum vér oss hér með að skora á hið háa Alþingi að gera – áður en þessu þingi slítur — nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að slíkt hæli geti tekið til starfa hið bráðasta, og þá, að jafnframt verði gengið frá nauðsynlegri sérlöggjöf, er málið varðar.

Reykjavík, 5. maí 1936.

Fr. Ásmundsson Brekkan, ráðun. í áfengismálum. Vilm. Jónsson, landlæknir. Ingimar Jónsson, skólastjóri. F. R. Valdimarsson, ritstjóri. Halldór Sigfússon, skattstjóri. Gústav A. Jónasson, lögreglustjóri. Jón Guðjónsson, bókari. Jón Helgason, biskup. Sigurbjörn Þorkelsson, kaupmaður. Sig. Jónsson, skólastjóri. Bjarni Jónsson, dómkirkjuprestur. Emilía Borg. Hallgrímur Jónsson, yfirkennari. F. Hallgrímsson, prestur. Ingv. Á. Sigmundsdóttir, kennari. Halldór Kiljan Laxness. Frey-

steinn Gunnarsson, skólastjóri. Sigurður Thorlacius, skólastjóri. Jón Þorsteinsson, íþróttakennari. Björn Magnússon, prestur, Borg. Ben. G. Waage, forseti Í. S. Í. Jón E. Bergsveinsson, erindr. Slysavarnafél. Árni Sigurðsson, fríkirkjuprestur. Þorleifur Guðmundsson. Felix Guðmundsson, form. áfengisvarnan. Rvíkur. Guðjón Guðjónsson, skólastjóri, Hafnarfirði. Gissur Bergsteinsson, hæstaréttardómari. Sigurbj. Á. Gíslason, form. barnaverndarráðs. Benedikt Jakobsson, fimleikastjóri. Sigf. Sigurhjartarson, form. útvarpsráðs. Pálmi Hannesson, rektor menntaskólans. Vilhj. Þ. Gíslason, skólastjóri. Sigurkarl Stefánsson, menntaskólakennari. Sig. Sigurðsson, berklayfirlæknir. Helgi Tómasson, læknir. Valtýr Stefánsson, ritstjóri. Guðm. Thoroddsen, prófessor. Jón Hj. Sigurðsson, yfirlæknir. G. Karl Pétursson, aðstoðarlæknir. Þór. Þórarinsson, ritstjóri. Páll Steingrímsson, ritstjóri. Axel Thorsteinsson, blaðamaður.

Til Alþingis.

Ed. 56. Frumvarp til laga

um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Vangæf börn og unglingar eru í lögum þessum talin drengir og stúlkur, sem eru svo siðferðislega vanþroska, að þau brjóta hegningarlögin, sýna vítaverða ósiðsemi eða eru svo ódæl heima fyrir, að aðstandendur og kennarar ráða ekki við þau.

2. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur.

3. gr.

Ríkið starfrækir heimili þessi á sinn kostnað, eftir reglugerð, er kennslumálaráðherra setur í samráði við barnaverndarráð og fræðslumálastjóra.

4. gr.

Uppeldisheimili þessi skulu geta tekið, hvort um sig, 25—30 börn og unglinga, til 16 ára aldurs, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa þangað. Verði aðsókn meiri en húsrúm leyfir, ganga börn innan 15 ára aldurs fyrir þeim eldri, og þau börn látin sitja í fyrirrúmi, sem fátækust eru eða erfiðust þykja heima fyrir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður, í samráði við barnaverndarráð, hvar þessar stofnanir verða, en þó skulu þær vera í sveit, þar sem er nægilegt landrými til búskapar, svo að börnin og unglingarnir geti vanizt algengri sveitavinnu.

Greinargerð.

Frumvarp þetta bar ég fram á Alþingi í vetur sem leið, og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð, er ég sé ekki ástæðu til að breyta, enda þótt vitna mætti til alveg nýrra ummæla ýmsra sérfróðra manna, sem styðja þetta mál:

„Þann 8. nóv. 1935 var svolátandi þingsályktunartillaga samþykkt í efri deild Alþingis:

„Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga."

Ekki varð þess vart, að ríkisstjórnin hreyfði neitt við málinu, og bar ég því fram frumvarp í fyrra, sem nú liggur aftur lítið eitt breytt fyrir háttv. Alþingi. Málið hlaut eigi afgreiðslu. Situr því allt við sama, nema hvað ráðgert er, að nokkru fé verði varið úr ríkissjóði til að hlynna að barnaverndarmálum. Nauðsyn þess, að hér sé hafin rækileg varnar- og björgunarstarfsemi fyrir vangæf börn og unglinga, fer dagvaxandi, því slíkum börnum og unglingum fjölgar óðum vor á meðal, eins og raun ber vitni um og ég mun reyna að sýna fram á með nokkrum tölum og dæmum.

Barnaverndarnefndir þekkja að sjálfsögðu bezt, hvar komið er vor á meðal í þessum efnum. Nýverið hefir verið birt yfirlit yfir þann starfsþátt barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem snertir börnin beinlínis og eingöngu. Koma þar í ljós ástæðurnar fyrir afskiptum nefndarinnar af einstökum börnum. Langoftast er það þjófnaður, hnupl eða þátttaka í þvílíku, þá óhlýðni, óknyttir og vanræksla, útiverur barna og lausung; þess utan veiklun og heilsuleysi, sem börnunum verður vitanlega ekki gefið að sök.

Síðastliðið ár hafði barnaverndarnefndin afskipti af 102 börnum; þar af höfðu lent í þjófnaði 69 börn, og auk þess komu til afskipta nefndarinnar vegna óknytta, óhlýðni og vanrækslu 19 börn, vegna útiveru og lausungar 7 börn, og vegna óviðráðanlegra ástæðna, svo sem heilsuleysis og veiklunar, alls 7 börn.

Tölur barnaverndarnefndar bera það með sér, að börnunum fjölgar hér í bæ ár frá ári, sem rata í einhver þau vandræði, er hér hafa verið nefnd. Frá því í september til ársloka 1932 eru börnin 50 talsins, samkvæmt athugunum barnaverndarnefndarinnar í Rvík árið 1934 eru þau 58, árið 1935 eru þau 76, og síðastliðið ár eru þau 102, svo sem fyrr greinir. Tölur þessar sýna, að ástandið er orðið allískyggilegt og fullkomin ástæða til að gefa því gaum.

Það, sem hér hefir sagt verið um ástand á meðal barna, varðar eingöngu Reykjavík, en enginn skyldi afsaka aðgerðaleysið í þessum málum með því, að „allt sé í lagi" annarsstaðar á landinu. Síður en svo.

Til barnaverndarnefnda í flestum kaupstöðum landsins komu ýms vandræðamál út af vítaverðri hegðun barna innan 15 ára aldurs, og sum þess eðlis, að mjög illt er fram úr að ráða, og í fámennum sveitum, sem margir munu ætla, að séu alveg lausar við slík hneykslismál, hafa komið fyrir mál á meðal barna, sem sýna, að víðar er pottur brotinn í svona efnum en í kaupstöðunum. Mér þykir óþarfi að kveða fastar að orði um það; menn rekur efalaust minni til þeirra leiðindaatburða allmargra.

Allt er þetta hryggðar- og áhyggjuefni hugsandi manna, og margur spyr: hvað verður gert til þess að koma í veg fyrir háskann, sem bíður þjóðar vorrar, með þessu áframhaldi?

Ég vil í þessu sambandi benda á aðgerðir frændþjóða vorra í nágrannalöndunum, en þar eru fjöldamörg og margskonar barnahæli og uppeldisstofnanir; sumar eru orðnar 150—200 ára gamlar. Má því örugglega byggja á reynslu, sem þar er fengin, og sú reynsla ber það skýrt með sér, að uppeldisstofnanir fyrir vangæfu börnin hafa orðið til ómetanlegs gagns. Hve mörgu mannsefni þær hafa bjargað frá tortímingu, veit kannske enginn, en áhrif slíkra heimila eru harla víðtæk. Ef vér berum oss saman við þessar þjóðir, sem árlega leggja fram stórfé og mikla starfskrafta, æskulýð sínum til verndar og björgunar, hljótum vér að kannast við vanrækslu vora í þessum efnum, og að við svo búið má eigi lengur sitja. Vér hljótum að hefjast handa og taka málefni vangæfu barnanna til rækilegrar meðferðar. Með hverjum hætti verður bætt úr brýnustu þörfinni? Svipaðri spurningu hefir starfsmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur (Maggi Magnúss læknir) svarað nýlega á þessa leið (Morgunblaðið, 47. tbl. 1937): „Það, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur vanhagar einna mest um, er hæli fyrir börn hér í bænum. Það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að nefndin þurfi að koma börnum fyrir með stuttum fyrirvara. Einnig væri æskilegt, að nefnd-

in gæti gert miklu meira að því en nú er mögulegt, að fjarlægja börn úr umhverfi sínu í bili, meðan verið er að athuga allar ástæður.“

Ennfremur segir læknirinn: **„Síðast en ekki sízt þarf að koma upp dvalarheimili fyrir þessi börn í sveit undir öruggri stjórn sérfróðs manns.“** (Leturbreyt. hér.) — — „Hingað til hefir nefndin þurft að hola þeim börnum, sem æskilegt eða nauðsynlegt þótti að koma burt úr bænum, niður á sveitaheimili hingað og þangað, en á slíku eru mikil vandkvæði, sökum kunnugleikaskorts, að velja hverju barni heppilegt heimili.“

Læknirinn lýkur máli sínu þannig:

„Að gera góða þjóðfélagsborgara úr þessu brotasilfri mannfélagsins er eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar.“ Og þetta er einmitt það, sem menningarþjóðirnar leggja svo mikla rækt við, meðal annars með því að stofna heimili fyrir vangæfu börnin og veita þeim þar heilbrigt uppeldi.

Hvað kostnaðarhlið málsins snertir, verður ekki um hana sagt fyrirfram með neinni vissu. Stofnkostnaðurinn fer mjög eftir því, að hve aðgengilegum kjörum komizt verður um húsakost og annað, er heimilið varðar. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar hlýtur að fara mikið eftir því, hvernig búskapurinn gengur, því sjálfsagt er að reka búskap í sambandi við heimilið; hæfileg vinna er eitt hið ákjósanlegasta uppeldisráð, sem ætið reynist flestu öðru betur.

Annars dugir oss ekki að einblína á kostnaðinn, sem slík uppeldisstofnun hefir í för með sér; börnin eru allra dýrmætasta eign sérhverrar þjóðar, og það, sem gert er þeim til bjargar, er gróði þjóðfélagsins, — það verður því allra dýrast að vanrækja þau og týna þeim í spillingu og ómennsku.“

Nd. 57. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Í stað orðanna „fimm ára“ í síðasta málsl. 2. tölul. 3. gr. laganna komi: tíu ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við framkvæmd laganna hefir það komið í ljós, að frestur sá, sem þar er ákveðinn til innlausnar á veiðirétti, er seldur hefir verið undan jörðum, er of stuttur, og er frv. þessu ætlað að kippa því í lag.

Nd. 58. Frumvarp til laga

um lestrarfélög og styrk til þeirra.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist styrktarsjóður lestrarfélaga og er undir stjórn fræðslumálastjóra. Tekna í sjóðinn skal afla með því að innheimta skemmtanaskatt með 10% álagi frá 1. jan. 1938 að telja. Um innheimtuna fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

3. gr.

Stjórn lestrarfélags, er styrks vill njóta, sendir fræðslumálastjóra í lok hvers starfsárs reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu, ásamt félagsmannaskrá. Ennfremur skýrslu um bókaútlán á árinu, þar sem tilgreint sé, hversu margar bækur hafa verið lánaðar út á árinu og hve mörgum félagsmönnum. Skýrslunni fylgi skrá um bækur, sem félagið hefir eignazt á árinu.

4. gr.

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárri upphæð og því verði úthlutað úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga í marzmánuði ár hvert fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva.

6. gr.

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu, Þó má eigi greiða neinu félagi hærri upphæð en sem svarar 2 krónum fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefir greitt. Fyrsta úthlutun fer fram á árinu 1939.

7. gr.

Lestrarfélög, sem eigi hafa sent skilagreinir samkv. 3. gr. fyrir 1. marz, eiga ekki rétt til styrks.

8. gr.

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum ríkisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

9. gr.

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefir verið komið í viðunandi horf.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við ályktun, er gerð var á 5. flokksþingi framsóknarmanna síðastl. vetur um að styðja stofnun og rekstur lestrarfélaga í sveitum og kauptúnum, þar sem hin stærri bókasöfn landsmanna, svo sem Landsbókasafnið, amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn, geta eigi orðið að verulegum notum.

Það er vafalaust, að lestrarlöngunin er eitt hið fegursta og heilbrigðasta í fari íslenzku þjóðarinnar og hefir flestu öðru fremur orðið til verndar íslenzku máli og

menningu. Það er líka kunnugt, að alþýða manna í strjálbýlinu hefir aflað sér mikils fróðleiks úr bókum og að margur maðurinn, sem ekki hefir átt kost skólagöngu, hefir með lestri bóka og eigin rammleik að öðru leyti komizt eins langt í menntun og þeir, sem skólagengnir eru. Reynslan er líka sú, að kennsla sú, er almenningur nýtur í skólum, getur orðið lítils virði, ef þeir, sem skólana hafa sótt, eiga ekki aðgang að bókum eftir að út í lífsstarfið er komið.

Lestrarfélög sveitanna eru merkilegur þáttur í samtakaviðleitni almennings í þá átt að framkvæma átök, sem einstaklingnum eru um megn. En víða eiga þessi félög örðugt uppdráttar. Er því fyllilega tími til kominn, að hið opinbera rétti þessari félagshreyfingu hjálparhönd, með því fyrst og fremst að viðurkenna hana með lagasetningu og í öðru lagi með því að veita henni nokkurn fjárhagslegan stuðning. Með frumvarpinu er að þessu stefnt.

Frv. gerir ráð fyrir, að til stuðnings lestrarfélögum sé aflað tekna á sérstakan hátt, með 10% álagi á skemmtanaskatt. Skemmtanaskatturinn er nú áætlaður 120 þús. kr., og myndu því safnast 12 þús. kr. á þennan hátt. Önnur tegund tekjuöflunar gæti e. t. v. komið til mála. Ekki er gert ráð fyrir, að til þessa stuðnings komi nema svo mikill áhugi sé fyrir málinu heima fyrir, að viðkomandi hreppur eða sýsla vilji líka eitthvað fyrir það gera.

Þá er svo ráð fyrir gert, að ýmsum forlagsbókum ríkisins, sem til eru, sé dreift út um landið til afnota fyrir lestrarfélögin. Upplög ýmsra þessara bóka hlaðast nú upp ár frá ári engum til gagns. Og þó að sum upplögin þyrfti að auka sem þessu svarar um leið og þau eru gefin út, yrði ekki af því aukakostnaður, sem neinu næmi.

Nd. 59. Breytingartillögur

við frv. til l. um bændaskóla.

Frá Stefáni Stefánssyni og Þorsteini Briem.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað „tveir“ í fyrstu málsgr. greinarinnar komi: þrír.
   b. Í stað orðanna „ókeypis ljóss og hita“ í fyrri málsl. fjórðu málsgr. komi: ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.
   c. Fimmta málsgr. falli burt.
   d. Sjötta málsgr. orðist svo:
      Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, eftir því sem með þarf.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað „þriggja missira“ í fyrsta málsl. fyrstu málsgr. greinarinnar komi: tveggja ára.
   b. Fyrir „Bóklega kennslan fari fram“ í síðasta málsl. sömu málsgr. komi: Bóklega kennslan fari aðallega fram.
   c. Fyrir orðin „skal leyft ... vorlagi til hans“ í niðurlagi þriðju málsgr. komi: má leyfa að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum.
3. Við 6. gr. b. Í stað „eitt sumar“ komi: tvö sumur.
4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „sumarið á milli námsvetranna“ í þriðju málsgr. greinarinnar komi: að sumrinu.
   b. Aftan við 5. málsgr. bætist: Svo skulu og þeir nemendur, er þess óska, fá tilsögn í meðferð og hirðingu dráttarvéla.
5. Við 8. gr.
   a. Orðin „tvö seinni missirin“ í fyrri málsgr. greinarinnar falli burt.
   b. Orðin „síðari veturinn“ í síðari málsgr. falli burt.

6. Á eftir 9. gr. komi 6 nýjar greinar, og breytist greinatalan eftir því:
   a. (10. gr.). Við bændaskólann á Hvanneyri skal setja á stofn deild fyrir framhaldsnám í búfræði, sem starfi árlangt, frá 1. okt. til 30. sept. Námið skal vera bóklegt og verklegt. Við verklegu kennsluna skal sérstök áherzla lögð á allt, sem lýtur að jarðyrkju og meðferð búfjár.
   b. (11. gr.). Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru:
      1. Að eigi séu liðin meira en 2 ár síðan nemandinn lauk prófi við bændaskóla með I. einkunn og að hann hafi meiri hluta þess tíma starfað að landbúnaði.
      2. Að nemandinn hafi þá þekkingu í tungumálum, sem ákveðið er í reglugerð.
      3. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

      Heimilt er þó skólastjóra að veita undanþágu hvað 1. og 2. lið áhrærir, ef hann telur sérstakar ástæður mæla með því.
   c. (12. gr.). Við framhaldsnám búfræðinga skulu kenndar þessar námsgreinar:
      Stærðfræði.
      Tungumál: íslenzka og eitthvert norðurlandamál.
      Landbúnaðarefnafræði.
      Grasafræði, með sérstöku tilliti til nytjajurta.
      Jarðræktarfræði, með sérstöku tilliti til jarðræktarverkfræði (Kulturteknik), tilraunafræði, áburðarfræði og ræktun nytjajurta, meðferð þeirra og hagnýting.
      Búfjárfræði, með sérstöku tilliti til byggingar húsdýra, fóðurfræði, kynbóta og helztu búfjársjúkdóma.
      Byggingafræði, sérstaklega um tilhögun bygginga í sveitum, val byggingarefnis og blöndun steinsteypu.
      Land- og hallamælingar og kortagerð.
      Landbúnaðarvélfræði.
      Landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna.
      Búreikningar, landbúnaðarhagfræði og skýrslugerð.
      Leiðbeiningastarfsemi.

      Fyrirkomulag kennslunnar skal að öðru leyti nánar fram tekið með reglugerð.
   d. (13. gr.). Nemendur framhaldsdeildar fá fæði og þjónustu og 200 kr. styrk til bókakaupa úr ríkissjóði, ljúki þeir námi.
   e. (14. gr.). Að loknu námi skulu nemendur taka próf í öllum námsgreinum framhaldsdeildar.
   f. (15. gr.). Þeim nemendum, sem ná I. einkunn við próf framhaldsdeildar, skal veita 500 króna styrk til utanfarar, enda séu þeir ráðnir að ferðinni lokinni til þess að taka að sér héraðsráðunautsstörf fyrir eitthvert búnaðarsamband. Skal skólastjóri í samráði við Búnaðarfélag Íslands hlutast til um að útvega nemendum dvalarstað erlendis, að minnsta kosti sumarlangt, þar sem þeir geti kynnzt hagnýtum nýjungum í landbúnaði og erlendum búnaðarháttum.
7. Við 10. gr. Greinin falli burt.
8. Við 14. gr. Í stað „1937“ komi: 1938.

   Greinatalan breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Ed. 60. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkurs staðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður var við fjárkláða einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og baðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðanum, sem og að fjárhús verði sótthreinsuð, svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður var einhvers sjúkdóms, sem líklegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar baðlyfjanna á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjár-

hafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvíböðuðu fé sitt vegna fjárkláða veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt verður í fjárlögum 1938 til útrýmingar fjárkláða.

Ed. 61. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrri efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:
   Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir, skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið hinum látna, áður en birt hefir verið framboð þess manns, sem býður sig fram í hans stað, teljast greidd hinum nýja frambjóðanda, nema kjósandi óski fyrir kjördag að fá atkvæðaseðil sinn afhentan, enda er honum þá heimilt að kjósa á ný utan kjörstaðar.
2. Síðari málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. falli burtu.

Alþingi, 26. okt. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Guðmundsson, frsm.

Ed. 62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 13. nóvember 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað tölunnar 4 í 5. lið 15. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903 komi talan 6.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra hefir sent nefndinni frv. þetta með beiðni um, að hún flytji það, og vill nefndin verða við þeirri beiðni. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Í samþykkt, sem gerð var í London 2. júní 1934 um samband ýmissa landa til verndar eignarrétti á einkaleyfum, vörumerkjum o. fl., er ákveðið, að tilkynningarfrestur til að fá skrásett vörumerki, sem þegar hefir verið tilkynnt í einu landi, en óskast skrásett líka í öðru landi eða löndum, sem gengið hafa að samþykktinni, skuli vera 6 mánuðir, þannig að síðari tilkynningar innan þessa tíma skuli teljast hafa farið fram um leið og tilkynningin fór fram í fyrsta landinu. Til þess að samræmi verði á meðferð þessara mála hér og í þeim menningarlöndum, sem gerzt hafa aðiljar að téðri samþykkt, virðist rétt að breyta vörumerkjalögunum, nr. 43 13. nóvember 1903, þannig, að frestur sá, sem settur er 4 mánuðir í 5. lið 15. gr. þeirra, verði 6 mánuðir, eins og nú er í téðum löndum.

Nd. 63. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur, sem undirritaður var í London þann 23. marz 1937, milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Þýzkalands, sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, írska fríríkisins, Hollands, Noregs, Póllands og Svíþjóðar, um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski, skuli koma í gildi. Ennfremur er ráðherra heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

Samningurinn, í þýðingu á íslenzku, er prentaður með lögum þessum ásamt fylgiskjölum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

SAMNINGUR

milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Þýzkalands, sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, írska fríríkisins, Hollands, Noregs, Póllands og Svíþjóðar, um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski.

Þ ý ð i n g :

Þar sem ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Þýzkalands, sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Íslands, írska fríríkisins, Hollands, Noregs, Póllands og Svíþjóðar óska að gera samning um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski, hafa þær orðið ásáttar um eftirfarandi atriði:

1. grein.

Samningsríkin skulu, í löndum þeirra, er samningur þessi nær til, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja framkvæmd ákvæða samningsins og (jafnframt) hegningu fyrir brot á sömu ákvæðum.

2. grein.

Skip þau, er þessi samningur nær til, eru fiskiskip og bátar, eins og skilgreint er í fylgiskjali V, er skrásettir eru eða eru í eign í löndum þeim, er samningurinn nær til.

3. grein.

Málshöfðanir út af brotum á þessum samningi skulu gerðar af eða í nafni ríkisins, eða af hlutaðeigandi opinberri stjórnardeild.

4. grein.

Þessi samningur gildir um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi og aðliggjandi höfum, eins og skilgreint er í fylgiskjali I, en til þeirra hafsvæða, er um ræðir í fylgiskjali II, nær samningurinn ekki.

5. og 6. grein skulu þó ekki gilda um hafsvæði, þar sem eitthvert samningsríkjanna hefir einkarétt til fiskveiða.

5. grein.

Það er bannað að hafa um borð eða nota á nokkru fiskiskipi eða bát allskonar botnvörpur, dragnet eða önnur net, sem toguð eru eða dregin eftir hafsbotninum eða nálægt honum, með möskvum, sem eru minni en þeir, er um ræðir í fylgiskjali III.

Slík net, með minni möskvum en þeim, er um ræðir í fylgiskjali III, má þó hafa um borð og nota í fiskiskipum eða bátum, er veiða makríl, síldartegundir, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr. Samningsríkin skuldbinda sig að gera ráðstafanir til þess, að net, sem þessi undanþága gildir um, verði ekki notuð til þess að veiða fiska annarar tegundar en þá, er þessi grein getur um.

6. grein.

Bannað er að nota nokkurn útbúnað til þess að teppa eða minnka á annan hátt möskvana á hvaða hluta netsins sem er.

7. grein.

Bannað er á þeim svæðum, er þessi samningur gildir um, að leggja á land, selja eða sýna eða bjóða til sölu nokkurn sjófisk af þeim tegundum, sem taldar eru í fylgiskjali IV. og er undir þeirri stærð, sem þar er ákveðin fyrir hvern fisk.

Samningsríkin skulu setja lagafyrirmæli og framfylgja þeim, til þess að ekki sé unnt að fara í kringum ákvæði þessarar greinar í þeim tilfellum, þegar fiskur sá, sem

um er að ræða, hefir verið hausaður eða einhver annar líkamshluti hefir verið tekinn burt.

8. grein.

Bannað er að hafa um borð á fiskiskipi eða bát hverskonar sjófisk af þeim tegundum, sem taldar eru í fylgiskjali IV. og er undir þeim stærðum, sem þar eru ákveðnar fyrir hvern fisk. Allur slíkur fiskur skal þegar í stað settur aftur í sjóinn. Fiskinn má þó hafa um borð til þess að flytja hann til annara fiskimiða, og samningsríkin skulu gefa út reglugerðir um geymslu fisks um borð í fiskiskipum og bátum í þessu skyni.

9. grein.

Samningsríkin skulu setja lagafyrirmæli og framfylgja þeim um notkun veiðitækja á fiskiskipum þeirra og bátum til að veiða á makríl, síldartegundir, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækjur, leturhumar eða lindýr, til þess að koma því til leiðar, að sérhver fiskur af tegundum þeim, sem um getur í fylgiskjali IV, og sem er undir þeirri stærð, sem þar er ákveðin, verði, að svo miklu leyti sem þetta verður með sanngirni talið framkvæmanlegt þegar í stað, settur aftur í sjóinn, eftir að hann hefir verið veiddur.

10. grein.

Þessi samningur gildir ekki um veiðar í þágu vísindalegra rannsókna eða um fisk, sem veiddur er í sambandi við slíkar veiðar, að öðru leyti en því, að þannig veiddan fisk má ekki selja eða sýna eða bjóða til sölu, nema því aðeins, að hann samsvari 7. grein þessa samnings og fylgiskjali IV.

11. grein.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að koma á fót fastri nefnd, og skal hvert þeirra tilnefna einn fulltrúa í hana.

Þessari nefnd skal skylt að athuga, hvort ástæða sé til að gera ákvæði þessa samnings viðtækari eða breyta þeim. Í þessu skyni skal nefndin ráðfæra sig við Alþjóða hafrannsóknaráðið og skal taka tillit til sérhverra tillagna, sem það gerir.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands mun kalla saman fund í þessari nefnd innan eins árs frá gildistöku samningsins og síðan að minnsta kosti einu sinni á ári.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands mun senda hinum samningsríkjunum dagskrá hvers fundar ekki síðar en einum mánuði fyrir byrjun fundarins. Formaður nefndarinnar skal senda fundargerðir hennar ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins, sem mun síðan senda fundargerðirnar áfram öllum ríkisstjórnum, sem hafa undirritað eða gengið að samningnum.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að láta koma í framkvæmd, á þeim tíma, er fundargerðin tiltekur, allar tillögur nefndarinnar um vikkun eða breytingar á þessum samningi, sem allir nefndarfulltrúarnir hafa tjáð fyrirvaralaust samþykki sitt til.

Nefndin skal á fyrsta fundi sínum kjósa formann fyrir eitt ár og síðan setja sér fundarsköp. Þessum fundarsköpum má breyta smátt og smátt með meiri hluta atkvæða allrar nefndarinnar. Ef um jöfn atkvæði er að ræða í einhverju slíku máli, skal forseti hafa úrslitaatkvæði.

12. grein.

Með skriflegri yfirlýsingu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands getur samningsríki, við undirritun, fullgildingu, aðildartöku að samningnum, eða síðar, lýst yfir ósk sinni um það, að þessi samningur skuli gilda fyrir allar nýlendur þess eða einhverjar þeirra, fyrir lönd þess í öðrum heimsálfum, verndarríki, eða lönd, sem það stjórnar sem hjáleiguríkjum eða samkvæmt umboði, og skal þessi samningur gilda um öll þau jarðsvæði, sem nefnd eru

í slíkri yfirlýsingu, og ennfremur um fiskiskip og báta, sem skráðir eru þar eða sem þar eru í eign, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins hefir móttekið yfirlýsinguna. Ef slík yfirlýsing er ekki gefin, skal samningurinn ekki gilda um nein slík jarðsvæði.

Á sama hátt getur samningsríki hvenær sem er, með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins, látið í ljós ósk sína um, að þessi samningur skuli ekki gilda lengur fyrir allar eða einhverjar nýlendur þess, um lönd þess í öðrum heimsálfum, verndarríki eða lönd, sem það stjórnar sem hjáleiguríkjum eða samkvæmt umboði, og sem þessi samningur hefir gilt um samkvæmt ákvæðum undanfarandi málsgreina, og skal samningurinn hætta að gilda um jarðsvæði þau, er nefnd eru í tilkynningunni, og um fiskiskip og báta, sem skráðir eru þar eða sem þar eru í eign, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins hefir móttekið tilkynninguna.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins mun skýra öllum ríkisstjórnum, er hafa undirritað eða gengið að þessum samningi, frá öllum yfirlýsingum eða tilkynningum, sem hún móttekur samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum, og skal hún, í hverju tilfelli, tilgreina þann tíma, er þessi samningur hefir hætt eða mun hætta að gilda um það jarðsvæði eða þau svæði, er um ræðir í yfirlýsingunni eða tilkynningunni, eftir því sem við á.

13. grein.

Þessi samningur skal fullgiltur. Fullgildingarskjölin skulu sett til geymslu í skjalasafni ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem mun tilkynna öllum ríkisstjórnum, er hafa undirritað eða gengið að þessum samningi, um öll fullgildingarskjöl, er sett hafa verið til geymslu, og um það, hvenær það var gert.

14. grein.

Samningur þessi skal ganga í gildi þremur mánuðum eftir að allar ríkisstjórnirnar, er hafa undirritað samninginn, hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

15. grein.

Sérhver ríkisstjórn (að undanteknum ríkisstjórnum landa, er 12. grein gildir um), sem hefir ekki undirritað þennan samning, getur gengið að honum á hvaða tíma sem er eftir að hann hefir gengið í gildi samkvæmt 14. grein. Skal þá gengið að samningnum með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og skal hann þá ganga í gildi þegar eftir móttöku tilkynningarinnar. Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins mun tilkynna öllum ríkisstjórnunum, er hafa undirritað eða gengið að þessum samningi, um allar móttökur slíkra tilkynninga og um það, hvenær þær áttu sér stað.

16. grein.

Eftir að þrjú ár eru liðin frá gildistöku þessa samnings, samkvæmt 14. grein, er hægt að segja honum upp með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Uppsögnin skal ganga í gildi að því er snertir þá ríkisstjórn, er gerir hana, þremur mánuðum eftir móttöku hennar, og mun ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins tilkynna hana samningsríkjunum.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, með þar til fullu umboði, undirritað þennan samning í einu eintaki, er skal lagt til geymslu í skjalasafni ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Staðfest endurrit af samningnum skulu send þeim ríkisstjórnum, er undirrita eða ganga að samningnum.

Gert í London þann 23. marz 1937, á ensku, frönsku og þýzku, og gilda allir þrír textarnir jafnt.

F. h. belgísku ríkisstjórnarinnar:
H. Baels. G. Gilson.

F. h. dönsku ríkisstjórnarinnar:
P. F. Erichsen.

F. h. þýzku ríkisstjórnarinnar:
Ernst Woermann. Alfred Willer.

F. h. ríkisstjórnar Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:
Henry G. Maurice. Geo. Hogharth.

F. h. ríkisstjórnar Íslands:
Sveinn Björnsson. Árni Friðriksson.

F. h. ríkisstjórnar írska fríríkisins:
G. P. Farran.

F. h. ríkisstjórnar Hollands:
W. J. Janssens. J. J. Tesch.

F. h. ríkisstjórnar Noregs:
Johan Hjort. Johannes Sellag.

F. h. ríkisstjórnar Póllands:
Profr. Michal Siedlecki.

F. h. ríkisstjórnar Svíþjóðar:
K. A. Andersson.

Fylgiskjal I.

Skilgreining á Norður-Atlantshafi og aðliggjandi höfum.

Orðin „Norður-Atlantshaf og aðliggjandi höf" þýða, að því er snertir samning þennan, Norður-Atlantshaf fyrir norðan miðjarðarlínu, þann hluta Norður-Íshafsins, er liggur milli 80° vestlægrar lengdar og 80° austlægrar lengdar, og ennfremur innhöf þeirra.

Fylgiskjal II.

Þau höf, sem eru undanþegin framkvæmd samningsins, eru:

a) Miðjarðarhafið.
b) Eystrasalt og dönsku sundin, að því leyti sem þau liggja fyrir sunnan og austan línu, sem væri dregin frá Hasenörehoved til Gniben, frá Korshage til Spodsbjerg, frá Gilbjerghoved til Kullen.

Fylgiskjal III.

a) Á þeim hafsvæðum, sem liggja fyrir norðan 66° stig norðlægrar breiddar og fyrir suðaustan Greenwich hádegisbauginn, skal minnsta möskvastærð vera þannig, að þegar teygt er á möskvanum milli gagnstæðra horna, þá skuli flatt

mælingartæki, sem er 105 millimetra breitt og 2 millimetra þykkt, geta auðveldlega komizt gegnum möskvann, þegar netið er blautt.

b) Á öllum öðrum hafsvæðum, er þessi samningur gildir um, skal minnsta möskvastærð vera þannig, að þegar teygt er á möskvanum milli gagnstæðra horna, þá geti flatt mælingatæki, sem er 70 mm. breitt og 2 mm. þykkt, auðveldlega komizt í gegnum möskvann, þegar netið er blautt.

Fylgiskjal IV.

Þær fisktegundir, er 7. og 8. grein þessa samnings gilda um, og sú minnsta stærð á hverri tegund, er leggja má á land, hafa um borð eða selja, eru sem hér segir:

Fisktegundir:	Stærðartakmörk fyrir fiska í heilu líki, mælda frá snjáldursbroddi að sporðblökuenda. cm.
Þorskur (Gadus callarias)	24
Ýsa (Gadus aeglefinus)	24
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30
Skarkoli (rauðspretta) (Pleuronectes platessa)	23
Langlúra (Glyptocephalus cynoglossus)	23
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	23
Tunga (Solea solea)	21
Sandhverfa (Scophthalmus maximus)	25
Sléttþverfa (Scophthalmus rhombus)	25
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	23

Fylgiskjal V.

Skilgreining á fiskiskip eða bátur.

„Fiskiskip eða bátur“ þýðir sérhvert skip eða bát, sem notað er til þess að veiða eða verka sjávarfisk, og sérhvert skip eða bát, sem notað er eingöngu eða að nokkru leyti til flutninga á sjávarfiski.

Greinargerð.

Fry. þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því svo látandi athugasemdir:

Í samráði við utanríkismálanefnd ákvað ríkisstjórnin að taka þátt í fiskimálafundi, er boðað var til af brezku ríkisstjórninni og hófst í London þann 17. marz 1937, og voru fulltrúar Íslands á þeim fundi þeir Sveinn Björnsson sendiherra og Árni Friðriksson fiskifræðingur. Var boðað til fundarins til þess að ganga endanlega frá samningi um stærð möskva fisknetja og lágmarksstærð ýmissa fisktegunda, sem setja mætti á land til sölu, en fulltrúum Íslands á fundinum var jafnframt falið að reyna, eftir megni, að vekja áhuga fundarmanna fyrir algerðri friðun ákveðinna klak- og vaxtasvæða fiskjar, svo sem Faxaflóa, og tókst, fyrir þeirra forgöngu, að fá gerða einróma samþykkt á fundinum þess efnis, að fundurinn vísaði því til alþjóða hafrannsóknaráðsins að taka friðun Faxaflóa upp á dagskrá næsta fundar ráðsins og gangast fyrir frekari vísindalegum rannsóknum, er nauðsynlegar mættu teljast, til þess að ganga úr skugga um, hvort viðhalda mætti eða auka fiskstofninn í hafinu við Ísland, eða jafnvel einnig í öðrum höfum, með friðun Faxaflóa í lengri eða skemmri tíma.

Alþjóða hafrannsóknaráðið hefir, í samræmi við ofangreinda ályktun, tekið að

sér rannsókn friðunarmálsins, en enda þótt svo sé, og að aðaláhugamál Íslendinga sé víðtækara en ákvæði samningsins, er frumvarp þetta fjallar um, fela í sér, telur ríkisstjórnin þó rétt, að samningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu og henni veitt sérstök lagaheimild til framkvæmda á ákvæðum samningsins. Má í því sambandi vísa til 11. gr. samningsins, er fjallar um skipun fastrar nefndar til athugunar á því, hvort ástæða kunni að vera til þess að gera ákvæði samningsins víðtækari eða breyta þeim, en með þátttöku af Íslands hálfu í slíku nefndarstarfi er fengin aukin trygging fyrir því, að friðunarmálunum verði haldið vakandi.

Auk tilvísunar að öðru leyti til ákvæða samningsins vísast til álits, er prentað er hér á eftir, frá Árna Friðrikssyni fiskifræðing, um samninginn:

Alþjóðasamningur um verndun nytjafiska.

Það er alkunnugt, að margir af nytjafiskum heimsins hafa eyðzt stórum vegna veiði síðari ára. Nægir þar að nefna skarkola, ýsu og lúðu hér við land, sem hafa gengið allmjög til þurrðar, einkum lúðan. Sömu söguna er að segja um margar fisktegundir í öðrum löndum. Alstaðar, þar sem nokkuð kveður að fiskiveiðum í sjó, eru menn að sjá það betur og betur, hvílíka nauðsyn ber til þess að gera ráðstafanir, sem að gagni mega koma, nytjafiskunum til hlífðar.

Tillögur um alþjóða friðun nytjafiska eiga sér þegar nokkra sögu að baki. Á alþjóðafundi, sem haldinn var í Haag árið 1930, þar sem voru saman komnir fulltrúar frá 48 ríkjum, þar á meðal Sveinn Björnsson sendiherra fyrir hönd Íslands, var samþykkt tillaga um að vernda nytjafiska fyrir óþarfa eyðileggingu veiðarfæranna. Tillagan sýndi hug fundarmanna til málsins, en lengra komst það ekki að svo stöddu. Dagana 23.—28. nóv. 1936 var svo haldin ráðstefna um friðun nytjafiska í London, og sátu hana fulltrúar frá 12 ríkjum. Engar fullnaðarákvarðanir voru teknar þar, en gert var ráð fyrir að efna til annars fundar snemma á árinu 1937.

Þessi fundur var haldinn í London dagana 17.—23. marz 1937, og mættum við Sveinn Björnsson sendiherra fyrir hönd íslenzku ríkisstjórnarinnar. Þarna voru samankomnir fulltrúar frá 14 ríkjum, nefnilega Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Írska fríríkinu, Íslandi, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Portúgal, Stóra-Bretlandi, Svíþjóð og Þýzkalandi. Öllum fulltrúunum kom saman um það, að æskilegt væri að setja alþjóðalög um það, hvað möskvar í dragnótum og botnvörpum hverskonar mættu vera minnstir, sem og að lögbjóða lágmarksstærð á nytjafiskum ýmsum, sem seldir væru á markaði eða fluttir í land til annara þarfa. Samkomulag náðist allgreiðlega um lágmarksstærð möskva, en um lágmarksstærð nytjafiska voru menn síður á eitt sáttir.

Árangurinn af ráðstefnunni varð sá, að fulltrúar frá 10 löndum rituðu nöfn sín undir samning um ofangreind efni, að tilskilinni síðari fullgildingu. Meðal þeirra vorum við Sveinn Björnsson fyrir hönd Íslands.

Það er lítill vafi á því, að samningur þessi mun öðlast fullgildingu í öllum þeim löndum, sem að honum standa, og væri æskilegt, að við Íslendingar skærumst þar ekki úr leik. Í raun og veru stígum við engin ný spor, sem geta tálmað fiskiveiðum vorum með fullgildingu þessa samnings, en því til stuðnings skal þetta tekið fram:

a) Möskvastærðir þær, sem nú eru almennt notaðar á íslenzkum togurum, munu vera svipaðar, eða sízt minni en sú lágmarksstærð á möskvum, sem gert er ráð fyrir í samningnum.

b) Í reglugerð um dragnótaveiðar í landhelgi, sem atvinnumálaráðuneytið gaf út 14. maí þ. á., er möskvastærð þeirra dragnóta, sem leyft er að nota, miklu meiri en gert er ráð fyrir hér. Lágmarksstærðir þær á nytjafiskum, sem settar eru í reglugerðinni, eru einnig 2—3 cm. stærri en samsvarandi lágmarksstærðir í þessum samningi.

Reykjavík, 11. okt. 1937.

Árni Friðriksson.

Nd. 64. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Stofnun vátryggingarfélaga.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Fiskifélag Íslands gengst fyrir stofnun vátryggingarfélaga fyrir vélbáta í verstöðvum landsins. Takmörk hvers umdæmis ákveðast af Fiskifélaginu í samráði við skipaeigendur. Verði ágreiningur um takmörk umdæmanna, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er sá úrskurður bindandi fyrir alla hlutaðeigendur.

Til greiðslu kostnaðar við stofnun félaganna greiði skipaeigendur 1% af vátryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð, um leið og vátrygging fer fram í fyrsta sinn. Það, sem á kann að vanta að stofnkostnaðurinn sé að fullu greiddur, leggur ríkissjóður til eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, og endurgreiða félögin ríkissjóði þannig útlagðan kostnað, eftir því sem stofnsjóður vex og leyfir.

Allir skipaeigendur skulu skyldir til að taka þátt í stofnun félaga þessara, innan þeirra takmarka, sem um getur í 3. gr. þessara laga.

Vátryggingarfélög þau, sem nú eru starfandi, skulu breyta lögum sínum í samræmi við lög þessi, og skulu þau síðan gilda sem lög fyrir þau. Skal bera félagslögin þannig breytt undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til staðfestingar eða breytingar, eftir því sem hún telur þurfa til þess að þau samrýmist lögum þessum og reglugerðum, sem gefnar kunna að verða út samkvæmt þeim.

3. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 70 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja alla vélbáta sína af nefndri stærð hjá félagi því, sem stofnað hefir verið samkv. 2. gr. laga þessara, innan þess umdæmis, sem báturinn er skrásettur í eða gengur til fiskveiða frá, og með þeim skilmálum, sem lög þessi og reglugerðir, sem settar kynnu að verða samkvæmt þeim, ákveða.

Neiti einhver skipeigandi, sem vátryggingarskyldur er samkvæmt lögum þessum, að vátryggja skip sitt, skal það samt sem áður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmanni hlutaðeigandi félags og vátryggjast sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjald innheimtast með lögtaki samkv. 31. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 150 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 300 000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð verða samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja að minnsta kosti helming þeirra upphæða, er þau taka ábyrgð á, hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hæsta upphæð, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð á einu skipi, má þó eigi fara fram úr 15000 kr., og skulu upphæðir þær, er fara fram úr þessari upphæð eftir að helmingaskiptin hafa farið fram, einnig yfirfærðar til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og skal Samábyrgðinni skylt að taka við þeim. Félögin greiði Samábyrgðinni sömu iðgjöld af upphæðum þeim, sem þau yfirfæra til hennar, og þau sjálf taka.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd verða Samábyrgðinni, skulu ákveðin með samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem stofnuð verða samkv. 2. gr. þessara laga, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ennfremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurkjósa.

Stjórnarnefnd hefir æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefir og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 5000 króna er að ræða. Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefir á hendi fjárvörzlu félagsins. Hann skal hafa að launum 4% af öllum innheimtum iðgjöldum, að frádregnum endurgreiddum iðgjöldum. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver í sínu umdæmi, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 12. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að

aðgerð hefir farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf, eða $\frac{1}{5}$ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefir fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Eigi má fela utanfélagsmönnum að fara með umboð félagsmanna á fundum.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

III. KAFLI

Reikningshald og sjóðir.

9. gr.

Tekjur félaganna eru þessar:

1. Iðgjöld hinna vátryggðu skipa.
2. Tillög skipaeigenda til stofnkostnaðar samkv. 2. gr.
3. Allar aðrar tekjur, er félögunum kunna að áskotnast.

Gjöld félaganna eru þessi:

1. Tjónbætur.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Öll önnur gjöld.

Sjóðir félaganna eru þessir:

1. Aðalsjóður. Í hann renna allar rekstrartekjur félaganna, og skal hann notaður til greiðslu á tjónbótum og öðrum rekstrarkostnaði.
2. Varasjóður. Í hann renna 25% af tekjuafgangi hvers reikningsárs, og skal hann notaður til greiðslu á tekjuhalla félaganna, er verða kann. Af tekjuafgangi skal færa 75% til næsta árs.
3. Stofnsjóður. Í hann renna stofnsjóðsgjöld samkv. 2. gr. Hann skal aðeins nota til greiðslu á stofnkostnaði félaganna samkv. 2. gr. Að öðru leyti má ekki skerða stofnsjóðinn. Þó skal heimilt að nota hann til greiðslu á tekjuhalla, ef varasjóður hrekkur ekki til þessa, en endurgreiða skal stofnsjóði það, er þannig er tekið úr honum, svo fljótt sem ástæður félaganna leyfa það.

10. gr.

Eignir félaganna skal ávaxta í íslenzkum bönkum eða sparisjóðum, sem ráðherra samþykkir.

11. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

IV. KAFLI

Um vátryggingu skipanna.

12. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt áður en skipið verður tekið í trygginguna. Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til ætluð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist þóknunin af hlutaðeigandi skipseiganda.

Skoðun skips gildir til eins árs í senn. Öll áhöld, sem eru á skipsfjöl, að undanteknum matvælum, málningu, olíum, sjóúrum, sjókortum og bókum, skal telja með í virðingarupphæð skipanna.

Nú er skipseigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og er honum þá heimilt að bera mál sitt upp við stjórn félagsins, og sker hún úr um skoðunina og matið.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Félagið ber ávallt „fyrstu áhættu“ á hverju einstöku eignatjóni. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvern bát um sig, til eins árs í senn.

Nú þykir samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna.

Hún getur og látið fara fram yfirmat á skipum yfirleitt, sem endurtryggð eru hjá henni, ef henni þykir ósamræmi í matinu hjá hinum einstöku vátryggingarfélögum í landinu.

13. gr.

Við eigendaskipti fellur vátrygging úr gildi, og endurgreiðist þá hlutfallslega iðgjald þess fyrir þann tíma, er skírteinið átti eftir að gilda, að frádregnum $^{1}/_{4}\%$ af vátryggingarupphæðinni, sem rennur í stofnsjóð félagsins. Hinn nýi eigandi skal þá vátryggja skipið af nýju.

V. KAFLI

Um sjótjón.

14. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerð, sem út kann að verða gefin, eða vátryggingarskírteinum, bætir félagið tjón það, sem verður af sérhverri þeirri áhættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félagið greiðir þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefir engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðilja, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 26. gr.),

Hvert sinn, sem skip verður fyrir bótaskyldu slysi, skal það skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, eða sé skipið statt utan takmarka vátryggingarsvæðis síns, af þeim mönnum, er stjórn félagsins útnefnir, áður en aðgerð á biluninni hefst. Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerð skipa sinna.

15. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerð á skipi, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaðinum eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a. Yngra en ársgamalt, ekkert.
b. 1—9 ára gamalt, 3% fyrir hvert ár.
c. Yfir 9 ára, 25%.

Verði aðgerð á tjóni, sem vátryggt skip hefir orðið fyrir, frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

16. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

18. gr.

Vátryggður hefir rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því, né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess, miðað við þann hluta virðingarverðsins, sem félagið hefir tekið ábyrgð á.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

19. gr.

Nú hefir ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skip yfirgefið af áhöfn úti í rúmsjó og því hefir ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því að það var yfirgefið, og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

20. gr.

Bætur, sem vátryggður hefir orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó eigi fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla megi, að vátryggður hafi ekki vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefir ekki verið í gildu ástandi þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki.
4. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt (sbr. þó 31. gr. 3. málsgr.).
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðis eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er í, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áðurnefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Nú verður skip fyrir einhverri bilun á vél eða útbúnaði og hefir þess vegna þegið hjálp hjá öðrum, og skal þá þóknun fyrir slíka hjálp greidd af vátryggingarfélaginu í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 10%.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags eða, ef málsaðiljar verða ásáttir um, af gerðardómi samkvæmt 33. gr. laga þessara. Þóknunina skal ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefir bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur hún orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skips þess, sem hjálpina þáði, nemur.

24. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefir fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Leifar skips, sem farizt hefir eða dæmt hefir verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti greiðist aðeins, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum og matsmönnum félagsins.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefir fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Þar sem því verður við komið vegna staðhátta og annars, getur stjórn félagsins krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að því 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefðu borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum. Hinsvegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum. Þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $^{3}/_{5}$ tryggingarfjárhæðarinnar, og á félagið þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er. Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjónið stafar af þeim orsökum, sem greinir í 22. gr., 5. og 6. tölul.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Tjónbætur skal miða við aðgerðarreikninga með hliðsjón af tjónmatinu, þannig, að þó að aðgerðarkostnaður fari fram úr matsupphæðinni, skal miða greiðslur við matsupphæð.

Aðgerðarreikningar eða aðrar kröfur vegna sjótjóns, sem ekki eru komnar í hendur stjórnar félagsins áður en 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, eða ef um tjón án aðgerðar, svo sem dráttarhjálp eða annað því um líkt, er að ræða, verða ekki teknar til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu að hennar dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á því að gera kröfu.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

VI. KAFLI

Skyldur vátryggða.

28. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin.

Tjón, sem ekki hefir verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því er það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefir numið.

30. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VII. KAFLI

Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

31. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og starfandi vélbátavátryggingarfélaga.

Þar sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, sem skipinu er ætlað að vera í förum um.

Veita má gjaldfrest á iðgjöldum, en þó eigi frekar en svo, að ¼ hluti þeirra greiðist ávallt fyrirfram fyrir hvern ársfjórðung.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki, og hvíla þau á hinum vátryggðu skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðskuldum í 2 ár, frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi þegar er áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

32. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefir í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefir varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau „liggja uppi“, en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

VIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

33. gr.

Ágreining milli félaganna og skipaeigenda eða Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félögin eiga heimili, skipar oddamann. Ef ágreiningsatriði milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum verða lögð í gerð, skipar atvinnumálaráðherra sem oddamann einn af dómurunum í hæstarétti.

Gerðardómurinn skal háður þar, sem hlutaðeigandi félag á lögheimili, en sé Samábyrgð Íslands á fiskiskipum annar aðili, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefir annarhvor málsaðilja ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það, svo sannanlegt sé, hinum málsaðilja 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans stað.

Nú hefir ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn gerðardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðilja eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðilja.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

34. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

35. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

36. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

37. gr.

Í tilfellum, sem engin ákvæði eru sett um í lögum þessum, skal farið eftir reglum þeim og venjum, sem á hverjum tíma gilda um samskonar tilfelli hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

38. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 9. jan. 1935, um vátryggingar opinna vélbáta, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1938.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var af sjávarútvegsnefnd neðri deildar, en að tilhlutun atvinnumálaráðherra, lagt fyrir tvö síðustu Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarpið er nú að mestu óbreytt lagt fyrir að nýju eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og vísast að öðru leyti til greinargerðar, sem fylgdi því á þinginu 1936 og prentuð er með því á þskj. 266. Alþt. A. 1936. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nd. 65. Nefndarálit

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, mun að fyrirlagi landbúnaðarráðherra hafa verið undirbúið af skólastjórum bændaskólanna og samið í samráði við ráðherrann.

Með bændaskólalögunum frá 1907 var horfið að því ráði að skilja bóklega námið við bændaskólana frá því verklega. Var bóklegt nám eitt gert að skyldu, en nemendum í sjálfsvald sett, hvort þeir stunduðu verknám eða ekki. Þessi breyting var þá gerð vegna þess, að aðsókn var orðin mjög lítil að bændaskólunum undir hinu elzta skipulagi, en þá voru skólarnir ársskólar og stóðu yfir tvö ár, og jöfnum höndum bóklegir og verklegir.

Árið 1930 var bændaskólalögunum breytt. Var þá nemendum gert að skyldu að stunda minnst 8 vikna verklegt nám vor og haust. Hér var stefnt að því að taka upp hina gömlu reglu, að gera verknám að skyldunámi við bændaskólana, þótt ekki væri krafizt meira en þessa 8 vikna námskeiðs.

Höfuðbreyting á bændaskólalögunum frá 1930, sem gerð er með þessu frumvarpi, er það, að bændaskólarnir eru nú gerðir að þriggja missira samfelldum skólum með skyldu til verknáms jafnhliða bóknáminu. Nefndin telur þessa höfuðbreytingu vera til bóta og telur, að nú sé sjálfsagt að auka verknámið við skólana á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá ákveður frv., að skólabúin skuli rekin á kostnað ríkissjóðs. Samkvæmt núgildandi bændaskólalögum er aðeins heimilt að reka búin af ríkinu. Þessa breytingu telur nefndin eðlilega, þar sem rekstur skólabúanna verður að vera með talsvert öðru sniði, þegar 15—25 nemendur eiga að stunda verknám á skólabúunum allt árið. Telur nefndin, að ekki verði hægt að hafa með höndum svo víðtækt verknám á annan hátt en þann, að ríkið reki skólabúin.

Þar sem kennslutími, samkvæmt frv., verður allt árið, er svo ráð fyrir gert, að kennararnir hafi kennslu með höndum allt árið, að undanskildu eins mánaðar fríi að sumrinu. Þetta hefir það í för með sér, að hækka verður laun kennara við bændaskólana frá því, sem verið hefir, enda hafa þeir verið verr launaðir en hliðstæðir starfsmenn aðrir, t. d. kennarar við héraðsskólana. Frv. gerir ráð fyrir allmikilli launahækkun til kennaranna. Nefndin telur réttara, að launin verði ákveðin í launalögum, en ráðherra fái vald til þess að ákveða þau, þar til ný launalög verði sett.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin „undirbúningsmenntun og“ í 1. málsgr. falli burt.
2. Við 2. gr.
   a. Önnur málsgr. orðist svo:
      Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í jarðrækt, garðrækt, kynbótum og fóðrun búfjár, svo og loðdýrarækt.
   b. Í stað „fjölbreytilegust“ í 3. málsgr. komi: fjölbreyttust.
3. Við 3. gr. Orðið „þess“ í niðurlagi 1. málsgr. falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Við hvorn skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu ákveðin í launalögum. Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.
   Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hvorum skóla upphæð, er svarar allt að tveimur kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu.

Skólastjóri ræður aukakennara, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða frí til utanfarar, til þess að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarfrí ár hvert.

5. Við 5. gr. Niðurlag greinarinnar, „og komi að vorlagi til hans", falli niður.
6. Við 6. gr. b.-liður orðist svo: Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti 2 ár eftir að hann varð 12 ára.
7. Við 7. gr. Í stað orðanna „Í báðum deildum skal ennfremur kenna" komi: Ennfremur skal kenna.
8. Við 9. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.
9. Við 14. gr. Í stað „1937" komi: 1938.

Alþingi, 26. okt. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingrímur Steinþórsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Pétur Ottesen. Emil Jónsson.

Nd. 66. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í landinu.

2. gr.

Húsmæðraskólar í sveit, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu.

I. KAFLI
Um húsmæðraskóla í sveitum.

3. gr.

Ríkið viðurkennir og styrkir húsmæðraskóla á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Skólar þessir, og aðrir, er síðar kunna að verða stofnaðir, skulu vera sjálfseignarstofnanir eða eign héraða og sýslufélaga til að geta öðlazt réttindi og skyldur þessara laga. Skólar þessir geta verið deildir við héraðsskóla með sérstökum fjárhag.

4. gr.

Tilgangur skólanna er að styðja uppeldi ungra kvenna á þjóðlegum grundvelli og veita nemendum hagkvæma kunnáttu fyrir lífið, sérstaklega í öllu því, er lýtur að heimilisstörfum.

5. gr.

Nemendur skulu eigi vera yngri en 16 ára. Heimilt er forstöðukonu, í samráði við skólaráð, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Hver nemandi skal njóta minnst 7 mánaða fræðslu, en námstími má vera allt að 14 mánuðir. Lengd námstímans og skipulag kennslunnar í hverjum skóla skal á grundvelli þessara laga ákveðið í reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

7. gr.

Í húsmæðraskólum skal kenna bæði verklegar og bóklegar greinir.

Verklegar námsgreinir eru, eftir því sem við verður komið: Matreiðsla, hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna, garðyrkja, hirðing húsdýra, íþróttir og „hjálp í viðlögum“. — Bóklegar námsgreinir skulu vera þessar, að svo miklu leyti sem auðið er: Íslenzka, matarefnafræði, heilsufræði, reikningur, bókfærsla, uppeldisfræði, barnasálarfræði og meðferð ungbarna, söngur.

8. gr.

Hverjum skóla stjórnar þriggja manna skólaráð, sem skipað er til 4 ára. Landbúnaðarráðherra tilnefnir 1 mann, og er hann formaður. Hinir 2 skulu tilnefndir af þeim aðiljum, er að dómi landbúnaðarráðherra teljast stofnendur skólans. Sé kvenfélagasamband í héraðinu, skal það velja 1 mann í skólaráðið. — Sé húsmæðraskólinn deild af héraðsskóla, skal kvenfélagasamband hlutaðeigandi héraðs velja tvo skólaráðsmenn, sem taka sæti í skólaráði héraðsskólans í sérmálum húsmæðraskólans, enda hafi slíkur húsmæðraskóli ekki annað skólaráð.

9. gr.

Helztu störf skólaráðs eru þessi:

1. að hafa á hendi alla yfirstjórn skólans,
2. að ákveða tölu kennara og ráða forstöðukonu,
3. að hafa yfirumsjón með öllum fjármálum skólans.

10. gr.

Ríkissjóður styrkir húsmæðraskóla eftir þessum reglum:

1. Fyrir allt að 15 reglulega nemendur greiðast 6750 kr.
2. Fyrir hvern reglulegan nemanda, sem þar er umfram, greiðast 400 kr. — Auk þess má veita hverjum skóla sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum.

Nú á skóli arðberandi eignir, þegar lög þessi ganga í gildi, sem geta orðið til stuðnings við rekstur skólans, og er þá heimilt að lækka framlag ríkissjóðs í samráði við skólaráð, en þó eigi meira en svo, að rekstrartekjur skólans verði sambærilegar við tekjur hliðstæðra skóla.

Verði einhver óviðráðanleg atvik þess valdandi, að nemendatalan lækki óeðlilega mikið um stundarsakir við einhvern skóla, úrskurðar ráðherra, hvern styrk skólinn skuli hafa það ár.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir helming alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

12. gr.

Nemendur greiða ekkert skólagjald.

13. gr.

Nú er haldið námskeið við húsmæðraskóla samkvæmt staðfestri reglugerð, og skal þá greiða 10 krónur úr ríkissjóði fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda sé lögð aðaláherzla á verklegar námsgreinir.

II. KAFLI
Um húsmæðrakennaraskóla.

14. gr.

Stofna skal húsmæðrakennaraskóla með tveim ársdeildum að Laugarvatni, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og samkomulag hefir fengizt milli landbúnaðarráðherra og skólanefndar héraðsskólans um rekstraraðstöðu húsmæðrakennaraskólans.

15. gr.

Í hvorri ársdeild mega ekki vera yfir 12 nemendur.

Starf þessa húsmæðrakennaraskóla skal vera að undirbúa nemendur sína til að vera forstöðukonur og kennslukonur við húsmæðraskóla eða matreiðslunámskeið, og erindrekar fyrir kvenfélagasambönd og stærri kvenfélög.

Inntökuskilyrði fyrir kennslukonuefnin í fyrri deild skulu vera þessi: 1. Umsækjandi sé fullra 18 ára að aldri. 2. Hafi glögg skilríki um góða heilsu og reglusemi. 3. Hafi gegnt venjulegum hússtörfum á myndarlegu heimili í eitt ár. 4. Hafi almenna bóklega menntun sem svarar burtfararprófi frá héraðs- eða gagnfræðaskóla. 5. Hafi lokið eins vetrar námi með góðum vitnisburði á viðurkenndum húsmæðraskóla.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð skipulag kennslunnar, skiptingu skólans í deildir, tölu kennara, próf og annað, sem starfi skólans viðkemur.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1938.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi að tilhlutun landbúnaðarráðherra, sem hafði þá látið undirbúa það. Er það enn flutt samkvæmt tilmælum ráðherrans. Alþingi hefir borizt erindi frá stjórn austfirzkra kvenna, þar sem óskað er nokkurra breytinga á frv. Verða þær tillögur að sjálfsögðu athugaðar í þeirri nefnd, er fær frv. til meðferðar.

Þegar frv. var flutt á síðasta þingi, fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„I.

Hér á landi eru engin ákvæði í lögum um húsmæðrafræðslu né styrk til hennar. Byggingarstyrkur hefir verið greiddur eftir sömu reglum og gilda héraðsskólana, en styrkur til annara bygginga en skólahúss hefir annaðhvort verið enginn eða miklu lægri. Framlag til kaupa á innanstokksmunum og áhöldum hefir ekkert verið.

Af þessu hefir leitt, að skólarnir hafa komizt í skuldir vegna stofnkostnaðar, og sumir þeirra skulda mikið. Fjárhagur allra yngri skólanna er erfiður. Rekstrarfé hefir verið veitt hverjum skóla á fjárlögum án nokkurrar reglu. Sýnir reynslan, að það hefir ekki verið nægilegt. Námsstyrkir hafa engir verið veittir.

Þegar borin eru saman fjárframlög og opinber aðstoð við húsmæðra- og bændafræðsluna, er hlutur kvenna miklu lakari. Ríkið hefir rekið 2 bændaskóla í hér um bil aldarþriðjung, en lengst af þeim tíma ekkert skipt sér af fræðslu húsmæðranna. Það hefir reist og útbúið bændaskólana að öllu leyti. Héruð og einstaklingar hafa reist og útbúið húsmæðraskólana; hafa greinileg vanefni komið fram í framlögum til stofnkostnaðar, sem skapar sumum skólunum fjárhagslega erfiðleika um langan tíma, því meira og minna af stofnkostnaðinum hefir færzt yfir á skólana sjálfa. Nemendur bændaskólanna hafa haft fría kennslu. Nemendur húsmæðraskólanna hafa orðið að greiða frá 50—100 krónur í skólagjöld árlega. Piltum hefir verið greitt kaup við verklega námið, en stúlkur orðið að borga með sér.

Eftirfarandi yfirlit sýnir framlög ríkisins fyrir hvern nemanda á árunum 1933—36 við eftirtalda skóla (nem. eru taldir að hausti hvers árs frá byrjun skólaársins):

Á Hólum	kr. 523
— Hvanneyri	— 515
— Blönduósi	— 410
— Laugum	— 333
— Hallormsstað	— 296

Árið 1936 eru framlög ríkisins á hvern nemanda við húsmæðraskólana þrjá sem næst 350 krónur.

Í þessu sambandi má geta þess, að framlag ríkisins á hvern nemanda við ýmsa ríkisskóla hefir verið á sama tíma nálægt 500 krónum. Við suma dálítið undir og við aðra dálítið yfir. Við háskólann er framlagið um 890 krónur fyrir hvern nemanda.

Við þessar athuganir kemur til álita, hvort ekki beri að gera einhverja eða alla húsmæðraskólana að ríkisskólum og bæta aðstöðumuninn á þann hátt. Að þessu sinni verður það ekki lagt til. En hitt þykir sjálfsagt, að bæta aðstöðumuninn hjá skólunum. Er því gengið inn á þá leið, sem farin er í nágrannalöndunum, að setja viss skilyrði um starfsreglur og úthluta styrk eftir ákveðnum reglum.

Ekki þykir fært að svo komnu máli að hafa mismunandi tillag til skólanna, sem miðað er við starfshætti hvers fyrir sig. Það skal þó viðurkennt, að hinn lengri námstími verður að teljast fullkomnara fyrirkomulag, því allt vandað verklegt nám er tímafrekt. Nægir í því sambandi að benda á námstíma iðnaðarmanna, sem er mörg ár í hverri iðngrein, og þá viðleitni, sem nú er gerð til að lengja verklega námið við bændaskólana.

Þetta frumvarp stefnir að eftirtöldum umbótum frá því, sem verið hefir:

1. að ákveða viss skilyrði fyrir styrkveitingu til húsmæðrafræðslu.
2. að bæta aðstöðu stúlkna til að afla sér húsmæðrafræðslu og þar með undirstrika nauðsyn þess náms. Þetta er gert með því að fella niður skólagjöldin og að hækka framlag ríkisins, svo að fjárhagur skólanna versni yfirleitt ekki frá því, sem er, og að veita stúlkum ofurlítinn beinan námsstyrk.
3. að koma á fót sérmenntaðri kennslukonustétt, sem fái menntun sína í landinu og þar af leiðandi sniðna eftir þörfum þjóðarinnar.

Loks skal gerð grein fyrir útgjaldaauka ríkissjóðs til hvers skóla og í heild. Einnig hver áhrif þessi breyting hefir á fjárhag hvers skóla frá því, sem nú er. Miðað er við fjárlög ársins 1937.

Frumstyrkurinn er kr. 450.00 fyrir fyrstu 15 nemendurna og kr. 400.00 fyrir þá, sem þar eru fram yfir. Námsstyrkurinn er ný, sérstök og óákveðin upphæð og því ekki tekin með í þetta yfirlit.

	Nem.	Ríkisframl.	Verður	Hækkun	
1. Hallormsstaður	24	kr. 9500	kr. 10350	+ 850	+1550
2. Laugar	15	— 5500	— 6750	+1250	+ 500
3. Blönduós	32	— 11000	— 13550	+2550	+ 630
Alls	71	kr. 26000	kr. 30650	+4650	
4. Laugaland	28	— 9800	— 11950	+2150	+ 750
5. Staðarfell	15	— 5250	— 6750	+1500	+ 600
Alls	114	kr. 41050	kr. 49350	+8300	

Skólarnir Laugaland og Staðarfell eru ekki teknir á fjárlög 1937, en eru reiknaðir með 350 kr. framlagi á nemanda í fyrsta dálki, sem nú er hér um bil meðaltala.

Hallormsstaður er eini skólinn, sem hefir haft stöðug vornámskeið. Nemendur

vornámskeiðanna eru umreiknaðir í fasta nemendur eftir vikum, þegar meðaltölurnar eru fundnar.

Síðasti dálkur sýnir hagnað og tap skólasjóðanna, þegar skólagjöldin eru dregin frá hinu aukna ríkissjóðstillagi.

Verður breytingin öllum skólunum í vil, nema Hallormsstað; þar hafa skólagjöldin verið langhæst. Allar eru hækkanir þessar nauðsynlegar vegna fjárhags skólanna.

II.

Ágrip af sögu kvennaskóla á Íslandi og yfirlit um húsmæðrafræðslu á Norðurlöndum.

Kvennaskólinn í Reykjavík tók til starfa 1. október 1874. Forstöðukona var frú Thora Melsted. Veitti hún skólanum forstöðu til 14. maí 1906. Þá tók núverandi forstöðukona, frk. Ingibjörg H. Bjarnason, við forstöðunni. Kvennaskólinn á Laugalandi var stofnaður árið 1876, mest fyrir atbeina Eggerts Gunnarssonar og frú Valgerðar Þorsteinsdóttur. Var hún forstöðukona til ársins 1895. Það ár fluttist skólinn til Akureyrar og starfaði þar í nokkur ár.

Eyfirðingar keyptu skólann 1880.

Kvennaskóli Skagfirðinga var stofnaður 1877. Var hann á ýmsum stöðum í héraðinu unz hann var sameinaður kvennaskóla Húnvetninga árið 1883.

Kvennaskóli Húnvetninga var stofnaður árið 1879. Var hann fyrst á ýmsum stöðum, en sameinaðist kvennaskóla Skagfirðinga 1883, eins og áður er sagt.

Hinn sameinaði skóli starfaði á Ytri-Ey í Húnavatnssýslu þangað til um aldamót, að hann var fluttur að Blönduósi, og hefir hann verið þar síðan.

Á öllum þessum skólum var bæði verkleg og bókleg kennsla. Aðalkennslugreinar voru: matreiðsla, hússtjórn, þvottur og saumar.

Allir voru skólarnir upphaflega einkafyrirtæki, sem brátt fengu styrk úr sýslu- og amtssjóðum og síðan frá ríkinu. Styrkti það norðlenzku skólana með 200 krónum hvern, en Reykjavíkurskólann eitthvað meira.

Kennsla í mjólkurfræði byrjaði á Hvanneyri árið 1900. Síðan var skólinn fluttur að Hvítárvöllum og starfaði þar í mörg ár.

Árið 1897 setti frú Elín Briem Jónsson á fót hússtjórnarskólann í Reykjavík. Skólanum var skipt í 4 þriggja mánaða námskeið. 1901 tók Búnaðarfélag Íslands við honum og rak hann til 1907; þá afhenti það forstöðukonunni, frk. Hólmfríði Gísladóttur, skólann, sem hélt honum uppi um langt skeið.

1909 tók hússtjórnardeild kvennaskólans í Reykjavík til starfa í hinu nýja skólahúsi. Voru árlega haldin 2 námskeið, er stóðu í 4½ mánuð hvert. Nemendur voru 12 á hverju námskeiði.

Á síðustu árum hefir þátttaka ekki verið nægileg, svo annað eða bæði námskeiðin hafa fallið niður.

Matreiðsla, hússtjórn, þvottur og ræsting voru aðalnámsgreinarnar.

1912 stofnaði kvenfélagið Ósk á Ísafirði húsmæðraskóla. Hann lagðist niður á stríðsárunum, en tók aftur til starfa 1924. Árlega eru haldin 2 námskeið, og tekur hvert þeirra 16 nemendur.

Aðalnámsgreinar: matreiðsla og hússtjórn, þvottur og ræsting.

Á árunum 1908—1917 voru haldin húsmæðranámskeið á vegum Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri. Stýrði frk. Jóninna Sigurðardóttir frá Draflastöðum þeim.

Á Knarrarbergi við Eyjafjörð hefir frú Guðrún Björnsdóttir haldið uppi húsmæðra- og garðyrkjukennslu um nokkur ár, en nú er sú starfsemi lögð niður.

Frá árinu 1904 hefir verið haldið uppi af kvenfélögum og búnaðarsamböndum umferðakennslu í matreiðslu og garðrækt í öllum landsfjórðungum. Í matreiðslu eru haldin stutt námskeið, en í garðyrkju er kennari sendur heim á bæina.

Erlendis er umferðakennslan styrkt með sérstökum fjárveitingum frá ríkinu. Hér virðist hentara að styrkja þessa kennslu með fjárveitingum gegnum kvenfélagasamböndin og búnaðarsamböndin.

Í vetur starfa húsmæðraskólarnir á Hallormsstað, Laugum og Blönduósi.

Af þessum skólum er Blönduósskólinn elztur. Lengi starfaði hann sem tveggja vetra kvennaskóli, en hefir verið breytt í eins vetrar húsmæðraskóla.

Eigendur: Húnavatnssýslur.

5 manna skólaráð kosið af sýslunefndum A.- og V.-Húnavatnssýslu.

Skólaárið frá 15. september til 25. júní. Rúmar 32 nemendur. Skólagjald 60 kr.

Verkleg kennsla 24—48 st. á viku. Kennt: matreiðsla og hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna og garðrækt.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka, reikningur, danska, 12 st. á viku. Einnig er kenndur söngur og leikfimi.

Í vetur hófust framhaldsnámskeið í vefnaði, handavinnu og matreiðslu; hver námsgrein er sjálfstætt námskeið.

Forstöðukona og 3 fastir kennarar. Einhver aukakennsla keypt.

Húsmæðraskólinn á Staðarfelli tók til starfa haustið 1927. Hann á Staðarfellseignina og hefir verið rekinn af sjóði frú Herdísar Benediktsson.

Skólaárið er frá 15. september til júníloka. Skólagjald 60 kr. Ætlað að taka 12—15 nemendur. Forstöðukona og 1 fastur kennari. Aukakennsla keypt.

Verklegar námsgreinar: matreiðsla og hússtjórn, þvottur, ræsting, mjólkurmeðferð, garðyrkja og hannyrðir.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka, reikningur, næringarefnafræði, eðlisfræði, heilsufræði, húsdýrafræði, þjóðfélagsfræði og garðyrkja.

Húsmæðraskólinn á Laugum tók til starfa 18. nóvember 1929.

Sjálfseignarstofnun.

Rúmar 15 nemendur.

Þriggja manna skólaráð: 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af kvennasambandi Þingeyinga og 1 af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Skólagjald 50 kr.

Forstöðukona og 1 fastur kennari. Aukakennsla keypt að.

Skólaárið 1. október til 30. apríl.

Gerir ráð fyrir 6 vikna vornámskeiði, sem aðeins hefir starfað einu sinni.

Verkleg kennsla: matreiðsla, þvottur, ræsting, vefnaður og handavinna. 36 st. á viku. Bókleg kennsla: íslenzka, reikningur, matarefnafræði, söngur, 6 st. á viku.

Síðari árin starfar skólinn að mestu út af fyrir sig og sækir mjög litla kennslu til alþýðuskólans.

Húsmæðraskólinn á Hallormsstað tók til starfa 1. nóvember 1930. 1927—1930 hafði frú Sigrún Blöndal rekið handavinnuskóla í Mjóanesi; settust nú nemendur hennar í efri deild skólans.

Sjálfseignarstofnun.

Þriggja manna skólaráð: 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af sambandi austfirzkra kvenna og 1 af Búnaðarsambandi Austurlands.

Rúmar 24 nemendur. Skólagjald 60 kr., húsaleigugjald 40 kr. = 100.00 kr.

1 forstöðukona og 2 fastir kennarar. Kaupir nokkra aukakennslu.

Námstíminn 2 vetur: Yngri deild frá veturnóttum til aprílloka. Eldri deild frá 20. september til aprílloka.

4 sjálfstæð 6 vikna námskeið að vorinu í: matreiðslu, vefnaði, handavinnu og garðrækt.

Verklegar námsgreinar: matreiðsla, hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna, 30 st. í yngri deild og 36 st. í eldri deild.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka og íslenzkar bókmenntir, 8 st. á viku hvern vetur, reikningur, heilsufræði, matarefnafræði, fæðuefnareikningur, vefjarfræði, danska, 24 st. á viku.

Húsmæðraskólinn á Laugalandi er ekki tekinn til starfa. Rúmar 28 nemendur.

Skólagjald 50 kr. Eigandi Eyjafjarðarsýsla.

Þriggja manna skólaráð. 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og 1 af sambandi eyfirzkra kvenna.

Skólaárið ákveðið fyrst um sinn frá 1. október til 30. apríl.
Gert ráð fyrir 6 vikna námskeiðum að vorinu.
Forstöðukona og 2 fastar kennslukonur.
Verkleg kennsla: matreiðsla, þvottur og ræsting, vefnaður, handavinna og leikfimi.
Bóklegar námsgreinar: íslenzka, reikningur, heilsufræði, matarefnafræði.

Um húsmæðrafræðslu á Norðurlöndum.

Í Danmörku eru engir opinberir húsmæðraskólar.
Fyrsti skólinn var stofnaður 1877.
Síðan um aldamót hefir skólum fjölgað talsvert. Flestir eru þeir með líku sniði. Venjulega 5 mánaða námskeið og annað þriggja mánaða. Aðalfög: matreiðsla, þvottur, ræsting og þess háttar.
Kvöldnámskeið og umferðakennsla er talsvert almenn.
Húsmæðrakennsluskólarnir eru þrír.
Allir eru skólarnir einkafyrirtæki, eign einstaklinga eða félaga. Viðurkenning er oft bundin við nafn, og verður að leita nýrrar viðurkenningar, ef mannaskipti verða við skólann.
Ríkið styrkir skólana samkvæmt lögum frá 31. marz 1931.
Í núgildandi fjárlögum eru veittar kr. 204000.00 til húsmæðrafræðslu. Skiptist styrkurinn þannig, að skólarnir sjálfir fái 109 þúsundir, en 95 þúsundir eru ætlaðar sem námsstyrkur handa efnalitlum nemendum.
Til þess að skóli geti notið ríkisstyrks þarf hann að uppfylla eftirtöld skilyrði:
1. að skólareglugerð og forstöðukona séu viðurkennd af kennslumálaráðuneytinu.
2. að skólinn lúti eftirliti kennslumálaráðuneytisins.
3. að skólinn hafi 2 námskeið, sem standa 5 og 3 mánuði. Þó má viðurkenna skóla með 1 námskeiði.
4. að skólinn uppfylli vissar kröfur um nemendafjölda.

Fjárstyrkur er veittur eftir þessum reglum:
1. Fastur styrkur til hvers skóla 500 krónur.
2. 50% af kaupi kennara eftir nánar tilteknum reglum um launagreiðslur sveitakennara.
3. 20% af kaupi forstöðukonu sem kennslukonu hækkandi upp í næstu 500 og 1000 krónur.
4. 35% af kostnaði við kennsluefni — Undervisningsmateriale.
5. 10% af byggingarkostnaði eða ákveðinn húsaleigustyrk.

Allt að helmingi nemenda á hverju námskeiði er veittur 35 króna námsstyrkur á mánuði.
Ekki má veita styrk fyrir nemendur, sem eru yngri en 18 ára.
Fyrsti húsmæðraskóli Norðmanna var stofnaður 1865.
Á næstu árum risu upp amtsskólar, aðallega vestan fjalls.
Eftir 1880 tók Selskapet for Norges Vel að hafa afskipti af húsmæðrafræðslunni. Félagið stofnaði 2 tilraunaskóla til að finna hentugt fyrirkomulag. Annar skólinn hafði bæði verklega og bóklega fræðslu, en hinn eingöngu verklega kennslu. Verklegi skólinn lagðist niður eftir 2 ár, en hinn starfaði til 1917. Nemendur heimtuðu strax bóklega kennslu samhliða.
Flestir skólar, er styrks nutu, voru 1 árs skólar. Nemendatala 10—12.
Árið 1898 skipaði ríkið nefnd til að athuga búnaðarmálin. Komst hún meðal annars að þeirri niðurstöðu, að mikið misrétti ætti sér stað milli fjárframlaga til húsmæðra- og bændafræðslu og væru konur beittar miklum órétti.
Amtsskólunum var breytt þannig, að haldin voru 2—5 mánaða námskeið á ári. Þá voru stofnaðir hreppa- og bæjahúsmæðraskólar, og kom til mála að skylda allar 18 ára stúlkur til að sækja einhvern húsmæðraskóla. Norðmenn eiga að minnsta kosti 1 vandaðan húsmæðrakennaraskóla.

Ríkið styrkir húsmæðraskóla að ¾, gegn ¼ annarsstaðar að, samkv. reglugerð frá 1920, og eru þetta helztu skilyrðin:

1. Reglugerðin skal vera staðfest af landbúnaðarráðherra.
2. Krafa um vissan húsakost og helzt að dálítið bú sé rekið í sambandi við skólann.
3. Vissar kröfur um menntun forstöðukonu og matreiðslukennarapróf og samþykki ráðherra um ráðningu og uppsögn forstöðu- og kennslukonu.
4. Ráðuneytinu sé árlega send skýrsla um skólann.
5. Áætlun um tekjur og gjöld fylgi fjárumsóknum.

Ríkisstyrkurinn er veittur eftir þessum reglum:

1. Öll laun forstöðukonu og fastra kennara og tímakennara, og ¾ af kaupi fólks, er vinnur við búið.
2. Til hita, lýsingar og ræstingar 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem býr á skólanum.
3. 21 króna í fæðispeninga fyrir hvern nemanda, sem býr á skólanum, og 9 kr. fyrir þá, sem búa utanskóla.
4. Kostnaður við innkaup og viðhald á kennsluáhöldum og efni — undervisningsmateriale.
5. Styrkur til meðala og læknishjálpar, skrifstofu og prófkostnaðar samkv. gildandi reglum í viðkomandi fylki.
6. Ferðakostnaður handa forstöðu- og kennslukonu, þegar þær eru á fyrirlestra- eða sýningarferðum.

Verkleg kennsla og heimilisstörf, vefnaður, handavinna, skepnuhirðing og garðrækt. Margar bóklegar námsgreinar, en þeim hefir orðið að fækka á 5 manna námskeiðum.

Það er sögð almenn óánægja meðal kennara húsmæðraskólanna yfir hinum stutta námstíma, og þeir óski, að a. m. k. 1 tíu mánaða skóli væri í hverju fylki til að fullnægja þörf þeirra, er vilja fá staðbetri fræðslu.

Svíar fara ekki að sinna húsmæðrafræðslunni fyrr en á þessari öld. Húsmæðraskólar þeirra eru aðallega stofnaðir síðan 1910. Hefir þeim hraðfjölgað. Venjulega hafa skólarnir annaðhvort tvö 5½ mánaða námskeið eða þrjú styttri, 3½ mánaðar.

Aðalnámsgreinar eru: matreiðsla, þvottur, ræsting, mjólkurmeðferð, fjósaverk, alifuglahirðing, garðyrkja og smíðar.

Bókleg kennsla: matarfræði, heilsufræði, mjólkurfræði, hagfræði og bókfærsla, húsdýrafræði, garðrækt, vefnaður og saumafræði o. fl.

Ríkið styrkir að minnsta kosti einn húsmæðrakennaraskóla.

Auglýsing um styrkveitingu til húsmæðrafræðslu er frá 12. des. 1919 og hafa síðar verið gerðir ýmsir viðaukar, einkum launabætur.

Samkvæmt ofangreindri reglugerð eru þetta helztu skilyrði fyrir styrkveitingum:

1. að umsjónarmaður húsmæðraskólanna eða stjórn búnaðarsambands viðurkenni nauðsyn skólans í héraðinu.
2. krafa um lágmarkskennslutíma samkv. þar um settum reglum.
3. að nemendur séu ekki færri en 12 og ekki fleiri en 24. Konungur getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.
4. krafa um ákveðin fjárframlög frá héraðinu, þar með talin kennslugjöld nemenda, sem er rúmlega ¼ á móti framlagi ríkisins.
5. fyrir hverjar 1000 krónur, sem ríkið veitir í styrk til námskeiðsins, fái einn nemandi ókeypis skólavist eða tveir hálfan dvalarkostnað.
6. að skólinn hafi að minnsta kosti einn fastan kennara auk forstöðukonu.

Ennfremur eru ýms ákvæði um launabætur kennara og eftirlit ríkisins með skólanum.

Fjárframlög ríkisins eru þannig:

1. Til skóla með lengri námskeiðum:
   a. fyrra námskeiðið kr. 4500.00,

b. seinna námskeiðið kr. 3600.00.
Þar af fast tillag 2250 krónur fyrir hvort námskeið.
2. Til skóla með styttri námskeiðunum:
a. fyrsta námskeiðið kr. 3200.00,
b. annað námskeiðið kr. 2600.00,
c. þriðja námskeiðið kr. 2000.00.
Þar af 1500 kr. fast tillag fyrir hvert námskeið.

Að auki eru launabætur fyrir kennarana samkv. sérstökum auglýsingum. 1935 voru öll framlögin hækkuð nokkuð."

Ed. 67. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

8. grein laganna orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að ríkissjóður greiði, ef nauðsyn krefur, það, sem á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr. Þó skal aldrei krefja ríkissjóð um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrr en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti, sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Ríkissjóður innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Greinargerð.

Hér er farið fram á, að lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla verði breytt í líkara horf og áður var, að því er snerti berklasjúklinga, þ. e. að ríkissjóður beri allan kostnað af framfærslu sjúklinganna, að svo miklu leyti sem þeir eru ekki færir um það sjálfir.

Frá tvennu sjónarmiði verður þessi breyting að teljast nauðsynleg. Í fyrsta lagi að því er snertir sjúklingana sjálfa. Það eru dæmi til, að berklasjúklingar hafa neitað að fara á hæli vegna ákvæðisins um, að framfærslusveit beri að greiða ¼ hluta kostnaðar; svo þungt fellur mörgum sjúklingum að þurfa að þiggja af sveit sinni, jafnvel þó lögin mæli svo fyrir, að þessi kostnaðarhluti skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Í öðru lagi að því er snertir bæjar- og sveitarfélögin. Fyrir fátæk sveitarfélög er þessi umræddi kostnaður oft þungur baggi. Nú virðast allir þingflokkar vera sammála um, að ráðstafanir þurfi að gera til að bjarga við fjárhag fátækra bæjar- og sveitarfélaga. Þegar á það er litið, ætti að geta orðið samkomulag um það, að nauðsyn beri til að létta af bæjar- og sveitarfélögum þeim útgjaldaauka, sem felst í lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Nd. 68. Frumvarp til laga

um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

Ekki má stofna nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem hann ákveður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinnieign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki mynda sérstaka deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er þeim heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál deildarinnar.

D. Nú hafa verið stofnuð fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag í kaupstað eða kauptúni, og skal þá það félagið, er fyrst hóf byggingarstarfsemi, hafa rétt til ríkisábyrgðar, eða það félag, sem fyrst var stofnað, ef um byggingarstarfsemi hefir ekki verið að ræða. En hafi fleiri félög verið stofnuð eða hafið byggingarstarfsemi í sama kaupstað eða kauptúni samkvæmt lögum þessum, skulu þau hafa rétt til að ganga inn í hið viðurkennda félag, og skal þá röðun meðlima þeirra á félagsskrá miðast við þann tíma, er þeir gerðust félagar í hinu fyrra félagi.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

5. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

6. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.
B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.
C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent honum gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.
D. Að félagsmaður sé fjárráða, heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir. Þeir félagsmenn, er eigi hafa haft yfir 6000 króna skattskyldar tekjur að meðaltali 3 síðastliðin ár og ekki eiga yfir 10 þúsund króna eignir, ganga fyrir öðrum um íbúð.

7. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni, og þarf þó samþykki stjórnarinnar til. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið

gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

13. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

14. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

16. gr.

Lög nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög, og lög nr. 41 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Í þessu frumvarpi felast fjórar tillögur til breytinga á gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög.

Fyrsta breytingartillagan, um að ekki skuli vera nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni, er fram komin sökum þess, að heppilegast mun vera, að ekki séu fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag á hverjum stað. Ef mörg félög eru á sama stað, verður hvert um sig lítið og framkvæmdir litlar, og ekki mun þá, í flestum tilfellum, um áframhaldandi starf vera að ræða, heldur spretta félögin þá upp, hvert af öðru. Nokkrir menn byggja, og þegar því er lokið, fellur starfsemi þess niður. Miklu heppilegra er, að á hverjum stað sé aðeins eitt félag með áframhaldandi starfi. Byrjunarörðugleikarnir koma þá léttar niður, og meiri reynsla fæst um byggingarlag, efni, húsagerð, byggingarskipulag o. fl., þegar sama félagið hefir áframhaldandi byggingarstarfsemi með höndum. Auðveldara ætti einnig að vera fyrir þekkt og öflugt félag að afla lánsfjár til bygginga heldur en lítil og óþekkt félög, og eftirlit með félagsskapnum af hálfu þess opinbera auðveldara og öruggara. Yfirleitt má gera ráð fyrir betri árangri af starfi byggingarfélaganna, ef þau eru stór og öflug, og að því er stefnt með þessari tillögu.

Önnur tillagan er um að fella niður stofnsjóðsgjaldið, 1‰ af kostnaðarverði húsnæðis hvers félagsmanns. Þetta ákvæði er óþarft, þar eð hér er ekki um rekstur að ræða. Hver húseigandi greiðir strax vissan hluta af húsverðinu, og síðan standa húsin sem trygging fyrir því láni, sem út á þau er veitt af láni félagsins. Viðhald hússins er og á ábyrgð hvers húseiganda.

Þriðja tillagan, um sérdeildir innan félagsins, er fram komin til þess að þeir, sem eru í sama lánaflokki og bera sameiginlega ábyrgð á láninu, geti haft með sér sjálfstæðan félagsskap, er fari með sérmál þeirrar deildar og sem hana eina varðar.

Fjórða breytingartillagan er um hvaða félag eigi að öðlast full réttindi og teljast hið löglega félag á hverjum stað. Það er eðlilegt, að það félag, sem fyrst hefir verið stofnað og hafið starfsemi á hverjum stað, öðlist þann rétt, en hinsvegar er öllum félagsmönnum hinna félaganna á staðnum, ef til eru, tryggður fullur réttur í því félagi, sem öðlast réttindi. Bezt er réttur þeirra tryggður með því, að þeir komi í hið löglega félag í þeirri röð, sem þeir hafa gengið í hið fyrra félag.

Fimmta og síðasta breytingartillagan er það viðbótarákvæði, að þeir félagsmenn skuli ganga fyrir um að fá byggt hjá félaginu, sem sökum lítilla tekna eða eigna geta ekki eða eiga örðugt með að byggja sér íbúð af eigin rammleik. Eðlilegt er, að þeir gangi fyrir öðrum um að verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem veitt eru með ríkisábyrgðinni, og þeir, sem svo vel eru efnum búnir, að telja má, að þeir geti af eigin rammleik reist sér hús, sitji ekki í vegi fyrir hinum, sem meiri hafa þörfina á þeim hlunnindum, er þeir verða aðnjótandi í byggingarfélaginu. Markið um tekjur og eignir hefir hinsvegar verið sett svo hátt, að víst sé um, að aðrir útilokist ekki frá hlunnindunum en þeir, sem komizt gætu af án þeirra.

Þar eð breyting á fyrstu lögunum um byggingarsamvinnufélög hefir áður orðið að lögum, er æskilegt, að lög um byggingarsamvinnufélög, nr. 71 frá 23. júní 1932, og lög nr. 41 frá 19. júní 1933, ásamt þeim breytingum, sem í þessu frumvarpi felast, verði felld saman í eina heild.“

Nd. 69. Frumvarp til bifreiðalaga.

Flm.: Bergur Jónsson.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum sérhvert ökutæki, sem knúið er áfram með aflvél í ökutækinu sjálfu og eigi rennur á spori.

Undanþegin lögunum eru þau vélknúin ökutæki, sem eingöngu eru notuð við jarðyrkju eða vegavinnu, þó eigi vatnsbifreiðar. Enginn má stjórna slíkum ökutækjum, nema hann sé fullra 18 ára að aldri, og að öðru leyti getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, hvort frekari skilyrða skuli krafizt, og einnig um akstur og meðferð ökutækja þeirra, er getur í þessari mgr.

Rísi ágreiningur um það, hvort ökutæki sé háð ákvæðum þessara laga eða þeim reglum, er settar verða samkvæmt þeim, úrskurðar dómsmálaráðherra endanlega um málið, en leita skal áður umsagnar fjármálaráðuneytisins, sé um afgjaldsskyldu að ræða.

Lögreglubifreiðar, slökkviliðsbifreiðar og sjúkrabifreiðar eru undanþegnar ákvæðum laga þessara um hámarkshraða, en dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þessar bifreiðar skuli nota ákveðin einkenni og merki og jafnframt bannað öðrum bifreiðum notkun þeirra. Ennfremur getur dómsmálaráðherra undanþegið þessar og fleiri tegundir bifreiða í opinberri þjónustu ákvæðum laga þessara með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bifreiðar, sem í einstökum tilfellum eru notaðar til flutnings sjúkra eða slasaðra, eða annars slíks flutnings, er ekki þolir bið, eru, meðan þær eru í þeirri notkun, undanþegnar ákvæðum þessara laga og reglna, sem samkvæmt þeim kunna að verða settar um hámarkshraða, svo og um takmarkanir á akstri á ákveðnum tíma og vegum, en sá, er notar bifreið þannig, skal innan sólarhrings í síðasta lagi tilkynna lögreglunni aksturinn. Meðan bifreið er notuð samkvæmt þessari heimild, skal til viðvörunar hvít dula fest á áberandi stað framan á bifreiðina.

2. gr.

Sérhver bifreið skal svo gerð, að af notkun hennar leiði ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

Heimilt er að nota bifreið til þess að draga aðra bifreið bilaða. Dómsmálaráðherra getur ennfremur með reglugerð heimilað, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, að bifreiðar séu notaðar til þess að draga vélalausa flutningsvagna og óskrásettar bifreiðar. Ákvæði laga þessara gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, eftir því sem við á.

3. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hver megi vera þyngd bifreiðar eða vagns, sem bifreið dregur.

Atvinnumálaráðherra getur, að fengnum tillögum viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á götum, vegum eða vegaköflum, með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett reglur um gerð og gæði hjólbarða, er nota megi á bifreiðum.

5. gr.

Í sérhverri bifreið skulu vera traust stjórntæki, og skal auðvelt að hafa með þeim fullt vald yfir bifreiðinni.

Í sérhverri fjórhjóla bifreið skulu vera tvennir hemlar, sem séu svo gerðir og ávallt í því ásigkomulagi, að með hvorum þeirra um sig megi stöðva bifreiðina tryggilega og fljótt.

Í hverri tvíhjóla bifreið (bifhjóli) skal vera að minnsta kosti einn hemill, er sé svo gerður og í því ástandi, að hann verki á sama hátt.

6. gr.

Á sérhverri bifreið skal vera horn til þess að gefa með hljóðmerki. Skal vel og haganlega um það búið og það gefa frá sér skýrt og þægilegt hljóð.

7. gr.

Á bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því hálftími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálftími er til sólaruppkomu, og einnig í þoku.

Á fjórhjóla bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa sama ljósmagn og hvítt eða daufgult ljós. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýsa akbrautina framundan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninn og sett og stillt þannig, að miðgeislar þeirra séu í 20 metra fjarlægð á jöfnum vegi eigi hærra en einn metra yfir akbrautinni. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafnframt aftara skrásetningarmerki bifreiðarinnar nægjanlega með hvítu ljósi. Ljóskerið má eigi vera sett þannig, að það skyggi á skrásetningarmerki bifreiðarinnar, og eigi má vera svo um búið, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bílnum, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Dragi bifreiðin einn eða fleiri vagna, skal afturljós vera á vagninum, sem dregˆinn er, og séu þeir fleiri en einn, þá á þeim aftasta.

Á tvíhjóla bifreiðum skal vera eitt framljósker með hvítu eða daufgulu ljósi, er lýsi akbrautina nægjanlega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmerki bifreiðarinnar með hvítu ljósi. Um afturljóskerið má ekki vera þannig búið, að hægt sé að slökkva á því frá sæti ökumanns eða farþega, á meðan ljós er á framljóskerinu, og því má ekki vera svo fyrir komið, að það skyggi á aftara skrásetningarmerkið eða það sjálft hyljist af farangri eða yfirhöfn þess, sem á bifreiðinni situr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ljósaumbúnað bifreiða og um notkun fleiri ljóskera, ef þörf þykir.

8. gr.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að á vöru- og mannflutningabifreiðum skuli vera spegill, og sé honum þannig fyrir komið, að ökumaðurinn geti séð í honum umferðina fyrir aftan bifreiðina.

9. gr.

Í sérhverri fjórhjóla bifreið skal vera hraðamælir, er sýni hraða bifreiðarinnar og farna vegalengd á hverjum tíma.

10. gr.

Stýri, hemlar og tæki til að gefa merki með skulu þannig gerð og þeim svo fyrir komið, að þau séu auðveld í notkun. Skal ökumaðurinn geta beitt þeim án þess að beina athyglinni frá akbrautinni eða umferðinni.

11. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvélin geta knúið hana aftur á bak sem áfram.

12. gr.

Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd þeirra utanmáls sé 192 cm. Þó getur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum vegamálastjóra, veitt undanþágu frá þessu.

13. gr.

Í hverri bifreið skal vera spjald með áletrun, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.

II. KAFLI

Um tilkynningu, skoðun og skrásetningu bifreiða.

14. gr.

Sérhver bifreiðareigandi (umráðamaður bifreiðar) skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin í notkun.

Er lögreglustjóri hefir fengið tilkynningu um bifreið, lætur hann eftirlitsmann bifreiða, er dómsmálaráðherra skipar, framkvæma skoðun á bifreiðinni, og sker hann úr um það, hvort hún fullnægi kröfum þessara laga og reglugerða, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, og yfirleitt, hvort bifreiðin er þannig byggð og gerð, að notkun hennar sé hættulaus.

Fullnægi bifreiðin, að áliti eftirlitsmanns, settum reglum, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina. Til skrásetningar bifreiða heldur lögreglustjóri sérstaka bók, bifreiðaskrá, og skráir í hana nauðsynlegar upplýsingar um bifreiðina og eiganda hennar, en dómsmálaráðherra ákveður nánar um form og innihald skrárinnar. Jafnframt skal sett spjald með umdæmistölumerki bifreiðarinnar aftan á hana og framan. Skrásetningarmerki lætur lögreglustjóri í té fulltilbúin, gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vel læsileg, og má á engan hátt hylja þau, er bifreiðin er í notkun. Eftirlitsmaður bifreiða ákveður að skoðun lokinni, hve marga farþega bifreið megi flytja, þar á meðal sérstaklega, hve marga í sætum við hlið ökumanns, og ritar það í skoðunarvottorð sitt. Skal ávallt geyma það í bifreiðinni sjálfri, og má aldrei flytja fleiri farþega í bifreið en skoðunarvottorð tiltekur.

Eftirlitsmaður ákveður, hve mikinn þunga vörubifreiðar megi flytja og skráir það í skoðunarvottorð. Má aldrei hlaða bifreið meira en heimilað er. Eftirlitsmenn og löggæzlumenn geta í einstökum tilfellum ákveðið fyrirkomulag á hleðslu bifreiðar, og er bifreiðaeigendum og ökumönnum þá skylt að hlíta þeim fyrirmælum.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur bifreiða, sem ekki eru skrásettar, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Má í þessum reglum ákveða, að gjald skuli koma fyrir leyfið og hvernig því skuli varið.

Fyrir skrásetningu greiðir eigandi gjald til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

15. gr.

Glatist skrásetningarmerki bifreiðar eða verði það ónothæft, skal það strax tilkynnt lögreglustjóranum í umdæmi því, er bifreiðin er skrásett, en sé hún stödd í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

16. gr.

Verði eigandaskipti (eða umráðamanns) að skrásettri bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi (umráðamaður) tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Sé nýi eigandinn búsettur utan þess, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóranum í sínu umdæmi eigandaskiptin, og skal bifreiðin þá skráð að nýju þar, en afskráð í umdæminu, sem hún fluttist frá.

Flytji eigandi (umráðamaður) bifreiðar búferlum með bifreið sína í annað lögsagnarumdæmi, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal bifreiðin þá afskráð í umdæmi því, er hún áður var, en skráð að nýju í umdæmi því, sem hún flyzt í, og fær hún þar ný skrásetningarmerki. Sé aðeins um 6 mánaða eða skemmri dvöl að ræða í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og bifreið er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skrásetningarmerkin. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skráningu, flutning og afskráningu bifreiða.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn bifreiða eftir þörfum og ákveður umdæmi þeirra og starfssvið, réttindi þeirra og skyldur. Skulu eftirlitsmenn vera sérfróðir í öllum þeim málum, er bifreiðar varða, bæði að því er snertir gerð og akstur bifreiða, meðferð benzíns og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, svo og lög þau og reglur, er um þær gilda. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hæfni eftirlitsmanna og gefur þeim erindisbréf að öðru leyti um eftirlitið, eftir því sem þurfa þykir.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn bifreiða geta, hvenær sem er, krafizt þess, að bifreið, sem skrásett er eða notuð í umdæmi þeirra, sé færð til skoðunar á tiltekinn stað í umdæminu, svo ganga megi úr skugga um, hvort hún sé í lögmæltu standi. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað sérstaka skoðun með skömmu millibili á bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga.

Lögreglumönnum og eftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva bifreiðar og skoða þær samstundis og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Slíka skoðun skal aðallega framkvæma í því skyni að prófa stýrisútbúnað og hemla bifreiðarinnar.

Komi það í ljós, að bifreið fullnægir ekki lengur lögum og reglum, eða bifreið er eigi færð til skoðunar, er það hefir verið fyrirskipað, getur lögreglustjóri bannað notkun hennar og tekið af henni skrásetningarmerkin, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt.

18. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á því, að bifreiðin sé ávallt í lögmæltu ástandi.

19. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um geymslu og meðferð á benzíni og öðrum eldfimum efnum. Ennfremur getur hann sett reglur um gerð bifreiða, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til öryggis umferðinni, um tilkynningar, skoðun, skrásetningar bifreiða o. s. frv.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett sérstakar reglur um gerð ökutækja, sem knúin eru með gufuvél.

III. KAFLI
Um bifreiðarstjóra.

20. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Í ökuskírteininu skal vera mynd af bifreiðarstjóranum, og skal hann ávallt hafa skírteinið hjá sér, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumenn eða eftirlitsmenn bifreiða krefjast þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandinn sé fullra 18 ára að aldri, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega, að hann hafi notið kennslu í akstri, að honum hafi verið veitt fræðsla um meðferð benzíns og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, og loks að hann hafi staðizt próf í akstri, meðferð bifreiða, bifreiðavéla, benzíns og annara eldfimra efna, umferðareglum og bifreiðalögum. Próf þetta framkvæma sérfróðir menn, er dómsmálaráðherra skipar til þess, og setur dómsmálaráðherra nánari reglur um prófið og ákveður gjald það, er greiða skuli fyrir það. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir með tilliti til fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá nánari reglur um innihald skírteinisins.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann sé fullra 20 ára að aldri, og getur dómsmálaráðherra sett reglur um, að fullnægja skuli frekari skilyrðum til þess að öðlast ökuskírteini, er heimilar akstur slíkra bifreiða.

Dómsmálaráðherra setur reglur um, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskírteini hafa, megi aka bifreið hér á landi.

Ökuskírteinið gildir í 5 ár frá því það er gefið út. Lögreglustjóri getur þó hvenær sem er svipt mann því, ef það upplýsist, að viðkomandi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum til þess að öðlast ökuskírteini. Ef endurnýjunar á ökuskírteini er óskað að 5 árum liðnum, verður viðkomandi að færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra að nýju, að hann fullnægi skilyrðunum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort viðkomandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðarstjóranám.

21. gr.

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans í bifreiðinni sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð bifreiða hefir sá, sem er 25 ára að aldri og hefir ökuskírteini, er heimilar honum akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri og minnst 1 árs æfingu í akstri slíkra bifreiða. Ökukennarinn ber ábyrgð á, að akstursæfingarnar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Engum má veita æfingu í akstri, nema hann hafi aldur til þess að fá ökuskírteini.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „kennslubifreið“. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að kennslubifreiðar séu með tilliti til kennslunnar búnar sérstökum öryggistækjum.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur viðkomandi ökutækja annars er

leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra. Meðal annars getur hann ákveðið, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að mega veita kennslu í bifreiðarakstri.

22. gr.

Eigandi (eða umráðamaður) bifreiðar má ekki fela stjórn hennar manni, sem eigi hefir ökuskírteini.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar er skyldur til þess, þegar lögreglan krefst þess, að upplýsa, hverjir hafi ekið bifreiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

23. gr.

Engínn má neyta áfengis við bifreiðarakstur. Enginn má aka bifreið eða reyna að aka bifreið, er hann er undir áhrifum áfengis. Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið gegn þessu fyrirmæli, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, og er þá viðkomanda skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar, þar á meðal, að tekið sé úr honum blóðsýnishorn. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um læknisrannsóknina. Það er bannað að fá þeim, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar.

Þegar maður á opinberum veitingastað er undir áhrifum áfengis, og veitingamaðurinn eða þjónn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann ætli í þessu ástandi að aka bifreið, þá er veitingamanninum eða þjóni hans skylt að gera það, sem þeim er unnt, til þess að hindra hann í að aka eða reyna það, þar á meðal með því að gera lögreglunni aðvart.

Enginn má aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja eða annara slíkra orsaka er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefir í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga. Tóbaksreykingar eru bannaðar við bifreiðaakstur.

Rétt er í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

24. gr.

Bifreiðarstjóri skal ávallt gæta þess, að öll tæki í bifreiðinni, einkum stjórntæki, hemlar og merkjatæki, séu í lagi og verki vel.

IV. KAFLI

Um akstur á götum, vegum og öðrum svæðum.

25. gr.

Akstur bifreiða er heimill á öllum götum, vegum og svæðum, sem opin eru fyrir umferð almennt, nema því aðeins, að takmarkað sé samkvæmt heimild í lögum eða lögreglusamþykktum að því er snertir einstaka vega- eða götukafla.

26. gr.

Ökuhraðanum skal ávallt haga eftir gerð bifreiðarinnar, umferðinni og ástandi vegarins. Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi bifreiðina á ⅓ þess hluta vegarins, sem auður er og hindranalaus framundan og bifreiðarstjóri hefir útsýn yfir.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn, og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 55 kílómetrar á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 35 kílómetrar á klukkustund.

Með lögreglusamþykktarákvæðum má setja nánari reglur um ökuhraðann. þar á meðal ákveða lægri hámarkshraða en að framan greinir.

Framangreindur hámarkshraði er því aðeins heimill, að akbrautin sé óhindruð og yfirsýn nægileg og að umferð frá hliðarbrautum verði séð í tæka tíð. Á ljósatíma má eigi aka hraðar en brautarlýsingin, þar á meðal lýsingin frá ljóskerum bifreiðarinnar, leyfir. Ökuhraðanum skal ávallt stilla svo í hóf, sem telja verður nauðsynlegt vegna umferðarinnar, og aldrei er heimilt að aka fram úr ökutæki eða vegfaranda, nema akbrautin sé auð og óhindruð á nægjanlega löngu svæði framundan. Ennfremur er bannað að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum. Til hleðslu á bifreiðum skal vandað eftir föngum, en sé hleðsla bifreiðar mikil fyrirferðar, skal draga úr hraðanum að tiltölu við þann trafala, sem slíkt getur haft í för með sér fyrir umferðina.

Þar sem ökumaðurinn sér ekki langt fram á veginn, í kröppum bugðum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé bleyta eða for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Þar sem lögreglan af sérstökum ástæðum telur frekari takmörkun ökuhraðans nauðsynlega, má gera hana með því að festa upp spjald við akbrautina með þar að lútandi áletrun.

27. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra í akstri og meðferð bifreiðar að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni gagnvart nærstöddum og annari umferð yfirleitt, svo og vegna þeirra, sem bifreiðin flytur.

Verði fundin upp tæki, sem reynast nothæf til að hindra, að á vegfarendur eða annað það, sem í námunda er, slettist vegna aksturs bifreiðar í bleytu eða for, getur dómsmálaráðherra með minnst árs fyrirvara fyrirskipað, að bifreiðar skuli búnar slíkum tækjum.

28. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa hljóðmerki í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, en notkun hljóðmerkis undanþiggur ekki bifreiðarstjórann skyldu hans til sérstakrar varkárni. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki og stöðva bifreiðina og gangvél hennar, ef nauðsyn krefur, svo sem ef hestar hræðast eða verða óróir, og eigi má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer framhjá hestum á veginum.

Bannað er að gefa hljóðmerki, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Aki bifreið fram á eða mæti hún ökutæki, ríðandi manni eða öðrum vegfarendum, skal ökumaðurinn gefa hljóðmerki til viðvörunar í tæka tíð og halda bifreiðinni nægjanlega til hægri á akbrautinni, ef hann ætlar að aka fram úr, en til vinstri, ef umferðin kemur á móti honum. Gefi akandi eða ríðandi maður eða maður með gripi bifreiðarstjóra merki, eða ef gripirnir ókyrrast, skal bifreiðarstjórinn bíða þess, hvort gerðar eru varúðarráðstafanir, t. d. með því, að maður stígur af baki, vikið er til hliðar o. s. frv. Annars er bifreiðarstjóra heimilt að aka áfram, en meðan hann ekur framhjá, skal hann gæta sérstakrar varkárni. Ef nauðsyn krefur, er bifreiðarstjóri skyldur til að aðstoða við að flytja hesta og aðra gripi framhjá bifreiðinni. Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðzt til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri einnig veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til þess að koma vögnunum aftur á veginn.

Ef bifreið mætir vögnum eða öðrum vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugur kemst framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast framhjá henni.

Bifreiðarstjóri er skyldur til að víkja til vinstri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá sér, ef unnt er.

Hinsvegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja fyrir þeim að óþörfu.

29. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, ef bifreiðin er á ferð, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

30. gr.

Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að bifreiðin gefi ekki frá sér þéttan reyk, valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra, sem dvelja eða búa nálægt akbrautinni, og að gufa eða óþefur stafi ekki frá bifreiðinni frekar en óumflýjanlegt er.

31. gr.

Þegar bifreiðarstjóri yfirgefur bifreið, skal hann stöðva vélina og ganga svo frá henni, eftir því sem kostur er á, að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang eða hún farið í gang sjálfkrafa.

32. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

33. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um leigu á mannflutningabifreiðum án bifreiðarstjóra.

V. KAFLI

Um skaðabótaskyldu og vátryggingu.

34. gr.

Verði tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það að fullu, enda þótt hvorki honum eða ökumanni bifreiðarinnar verði kennt um tjónið.

Skaðabóta verður þó eigi krafizt, ef sá, sem tjónið beið, hefir sjálfur af ásettu ráði valdið tjóninu eða stuðlað að því. Hafi sá, sem tjónið beið, orðið þess valdandi með stórkostlegu gáleysi, getur hann eigi krafizt bóta, nema því aðeins, að eigandi (umráðamaður) eða ökumaður bifreiðarinnar einnig eigi sök á því. Þá skiptist tjónið að tiltölu við sök þeirra. Ef sá, sem tjónið beið, annars hefir sýnt af sér gáleysi, má taka tillit til þess við ákvörðun skaðabótanna.

Ef tveim eða fleiri bifreiðum lendir saman, skiptist tjónið á þær innbyrðis að tiltölu við sök þeirra á slysinu.

Með framangreindum ákvæðum er eigi skertur neinn sá réttur til skaðabóta, er leiðir af almennum reglum.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmæts umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvíla á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

35. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

36. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi kr. 15000 fyrir tvíhjóla bifreiðar og kr. 30000 fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum.

Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minnu en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Tryggingarskylt er ekki ríkið eða stofnanir, sem það ber ábyrgð á, konungur og fjölskylda hans, útlendir þjóðhöfðingjar eða sendiherrar og sendiræðismenn annara ríkja.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og viðurkenningu á tryggingarfélögum.

Iðgjöld, sem tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Verði tryggingartaki gjaldþrota, skulu iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 83. gr. 4. tölulið skiptalaganna, og gildir það, þó tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Tryggingarfélagið hefir endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr. síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

Sérhver bifreiðareigandi skal tryggja ökumann bifreiðar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjóri kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

37. gr.

Nú er refsimál höfðað gegn manni fyrir lögbrot, sem skaðabótaskyldu getur haft í för með sér samkvæmt 34. gr., og skal þá gefa þeim, sem fyrir tjóninu varð, kost á að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Komi skaðabótakrafa fram, skal viðkomandi vátryggingarfélagi gert aðvart um málið og gefinn sami kostur á því og sökunautar hafa almennt til þess að færa fram varnir gegn slíkum kröfum, enda er þá dómur um skaðabótakröfuna bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því.

Í sérstökum tilfellum, þegar skaðabótamálið út af fyrir sig er mjög flókið og umfangsmikið og sættir takast ekki, getur rétturinn vísað því frá dómi í refsimálinu.

VI. KAFLI

Um refsingu og svipting ökuleyfis.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið eftir að hann hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skal sæta fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. Upphæð sektanna skal sérstaklega miða við fjárhagsástæður sökunauts.

Nú fremur ökumaður, sem ekki er eigandi bifreiðarinnar sjálfur, eða er háður stjórn annars manns, brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, með vitund og vilja bifreiðareigandans eða yfirboðara síns í starfinu, og skal þá einnig bifreiðareigandanum eða yfirboðaranum refsað fyrir brotið.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

39. gr.

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi og kærði hefir eigi áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu. Ökuleyfissviptingu má einnig beita, hafi kærði orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og annars framferðis kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.

Svipting ökuleyfis eða réttar til þess að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og getur hann þá svipt hann ökuleyfi til bráðabirgða. Þó getur viðkomandi dómstóll breytt þeirri ákvörðun lögreglustjóra áður en dómur gengur í málinu.

Hver, sem sviptur hefir verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefir misst það eftir 20. gr., skal afhenda ökuskírteinið lögreglunni. Er maður hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, skal það strax tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

Hafi íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða rétt til þess að öðlast það, þá má svipta hann nefndum réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

40. gr.

Sömu viðurlögum og greinir í 38. og 39. gr. skulu bifreiðarstjórar sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í bifreiðinni, ef þeir eru sjálfir í henni og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það vegna áfengisnautnar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita bifreiðarstjórum áfengi, þegar þeir eru að störfum.

VII. KAFLI
Um útlendar bifreiðar.

41. gr.

Menn, sem koma til Íslands frá útlöndum og flytja með sér bifreiðar, sem eigi eru skráðar hér á landi, eru háðir reglum þessara laga með eftirfarandi breytingum.

Dómsmálaráðherra setur í samræmi við ákvæði í 14. gr. reglur um tilkynningu á skrásetningu bifreiðanna og ákveður, hvort þær skuli skoðaðar af eftirlitsmönnum bifreiða og hvort á þær skuli sett íslenzk kennimerki.

Dómsmálaráðherra setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með slíkum bifreiðum, meðan þær eru hér á landi, þar á meðal, hvaða yfirvaldi skuli gefa skýrslur þær, sem ræðir um í 14. gr. Nú er eigandi (umráðamaður) bifreiðar búsettur hér á landi, og skal þá skrásetja bifreiðina hjá lögreglustjóra þar, sem eigandinn á heima, eða öll kennimerki bifreiðarinnar afhendast lögreglustjóra þar svo fljótt sem unnt er. Ef eigandi (umráðamaður), sem ekki hefir verið búsettur áður hér á landi, sezt hér að, eða ef maður búsettur hér á landi kaupir eða fær umráð yfir slíkri bifreið, þá skal skrásetningin eða afhending kennimerkjanna fara fram með sama hætti.

Nú hefir maður, sem aka vill útlendri bifreið, ekki ökuskirteini, sem heimilar honum að aka bifreið hér á landi, og skal hann þá sækja um leyfi til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem hann fyrst óskar að nota bifreiðina. Lögreglustjóri getur þá látið umsækjandanum í té íslenzkt ökuskírteini, ef skilyrðum til þess er fullnægt, eða leyft honum að nota útlent ökuskírteini um ákveðinn tíma og með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Hver, sem notar útlenda bifreið hér á landi, er skyldur til að vátryggja bifreiðina eins og segir í 36. gr., og fylgir lögtaksréttur iðgjöldunum eins og þar segir. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingu þessara bifreiða.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna o. fl.

42. gr.

Auk þess, sem segir í einstökum greinum laganna, getur dómsmálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd þeirra.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma numin úr gildi l. nr. 70 1931, um notkun bifreiða, orðið „bifreiðarstjórar“ í 21. gr. 1. mgr. laga nr. 33 1935, og öll lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt eldri bifreiðalögum og nú eru í gildi, skulu gilda að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi, unz öðruvísi verður ákveðið með lögum eða reglugerðum.

Greinargerð.

Við samningu frumvarps þessa hefir m. a. verið höfð hliðsjón af dönskum og norskum bifreiðalögum. Eru sum ákvæði þeirra tekin lítt breytt upp í frv., en öðrum breytt eftir íslenzkum staðháttum og þörfum. Þá er ýmsum ákvæðum laga nr. 70 frá 1931, um notkun bifreiða, haldið í frumvarpinu, en það er mun fyllra og skýrara en lögin. Loks hefir verið tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefir hér á landi í þessum efnum. Verða nú helztu breytingar og nýmæli frumvarpsins tekin til athugunar.

Um 1. gr.

Bifreið er skilgreind hér með nokkuð öðrum hætti en í 1. grein bifreiðalaganna frá 1931, þar sem það, eftir 1. málsgr. þessarar greinar, skiptir ekki máli, til hverskonar notkunar ökutækið er ætlað, ef það aðeins er vélknúið og rennur eigi á spori. Í framkvæmdinni mun þetta þó ekki gera verulegan mun frá því, sem áður var, vegna undantekningarinnar, sem gerð er í 2. málsgr. um vélknúin ökutæki til jarðyrkju eða vegavinnu. Veghefillinn mundi t. d. ekki nú frekar en áður verða talinn bifreið. Eðlilegt virðist að miða réttindi til að stjórna slíkum ökutækjum við til-

tekinn aldur. Þau eru ekki hættulaus í notkun. Hinsvegar mun óþarfi að krefjast allra sömu skilyrða til þess að geta öðlazt rétt til að stjórna þeim og ef um venjulegar bifreiðar væri að ræða. Þessi ökutæki eru sjaldnast á ferð á vegum eða almannaleiðum, og þau eru hægfara og því venjulega auðvelt að varast þau. Umferðinni stafar því sjaldnast veruleg hætta af þeim.

Undanþágur greinarinnar frá hámarkshraða fyrir lögreglu-, slökkviliðs- og sjúkrabifreiðar eru ekki nýmæli og sjálfsagðar.

Ákvæðið í síðustu málsgrein er nýtt hér, að öðru leyti en því, að undanþágan kynni í einstökum tilfellum að byggjast á reglum neyðarréttarins. Bifreiðar lækna í læknisvitjunum geta fallið undir ákvæðið.

Um 2. gr.

Ákvæði fyrri málsgr. er sett með það fyrir augum, að koma í veg fyrir, að bifreiðar trufli umferðina með óeðlilegum hávaða, eða valdi farþegum eða öðrum, sem í námunda við þær eru, óþægindum með óþef eða reyk.

Í síðari málsgr. eru heimiluð tilvik, sem lengi hafa viðgengizt, sem sé það, að bifreiðar dragi aðrar bifreiðar bilaðar. Þá tekur niðurlag greinarinnar öll tvímæli af um það, að ákvæði frumvarpsins skuli, eftir því sem við á, gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, en það er ekki talið, að núgildandi bifreiðalög taki til ökutækja, sem svo er ástatt um.

Um 3.—4. gr.

Þurfa ekki greinargerðar.

Um 5. gr.

Engin ákvæði eru í bifreiðalögunum samsvarandi ákvæðunum í fyrstu málsgr., sem eru eðlileg og sjálfsögð.

Ákvæðin um hemla eru svipuð og í bifreiðalögunum, að öðru leyti en því, að hér er ekki, eins og þar, tiltekin ákveðin vegalengd, sem hægt skuli að stöðva bifreið á.

Um 6. gr.

Ákvæðin um það, hvernig horni skuli fyrir komið og hvernig hljóð það skuli gefa, eru ný.

Um 7. gr.

Í frumvarpi þessu eru ákvæðin um ljósaútbúnað bifreiða allmiklu ýtarlegri en í bifreiðalögunum. Eru hér sérstök ákvæði um það, hvernig framljósin skuli vera stillt, sett í samræmi við fengna reynslu manna um það, hvernig stillingin eigi að vera, til þess að þau komi að sem beztum notum við akstur.

Ákvæði um, að á vögnum, sem dregnir eru, skuli vera afturljós, er ekki í bifreiðalögunum, en nauðsynlegt er að hafa slíkt ljós, til þess að draga úr slysahættu af umferð, sem á eftir kemur.

Þá er það ákvæði, að eigi skuli vera hægt að slökkva á afturljóskeri frá sæti ökumanns eða bifreið innanverðri meðan framljósin eru tendruð, og sett meðal annars vegna þess, að hætt er við, að það gleymist að tendra afturljósið eða að það sé slökkt af óvarkárni, ef sérstakur slökkvari er fyrir það.

Um 8. gr.

Útbúnaður sá, sem þessi grein fjallar um, hefir verið algengur í bifreiðum, en ekki fyrirskipaður.

Um 9. gr.

Svo að segja samhljóða ákvæði er í bifreiðalögunum.

Um 10. gr.

Útbúnaður sá, sem þessi grein fjallar um, er venjulega með þeim hætti í bifreiðum, sem greinin fyrirskipar, en í bifreiðal. var ekki samskonar ákvæði.

Um 11. gr.

Þarf ekki greinargerðar.

Um 12. gr.

Leyfileg breidd bifreiða er hér aukin frá því, sem nú er samkvæmt bifreiðalögunum. Er sú breyting í samræmi við þær undanþágur, sem veittar hafa verið nokkuð almennt undanfarið samkvæmt heimild í 3. gr. 1. mgr. bifreiðal.

Um 13. gr.

Samskonar ákvæði er ekki í bifreiðal., en það er hægðarauki fyrir eftirlits- og löggæzlumenn, að þessi merki séu á bifreiðum.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mjög svipuð fyrirmælum bifreiðal. um skrásetningarmerki, en nokkru ýtarlegri, sbr. það ákvæði greinarinnar, að lögreglustjóri skuli halda sérstaka bifreiðaskrá, sem í skal rita nauðsynlegar upplýsingar um bifreið og eiganda hennar, eins og nú er gert, þó bifreiðalögin hafi ekki að geyma bein ákvæði um það.

Þá er hér fyrirskipað, að skrásetningarmerki skuli bæði sett framan og aftan á bifreið.

Ennfremur er eftirlitsmönnum nú heimilað að ákveða, hve mikinn þunga vörubifreiðar megi flytja. Loks er bifreiðaeigendum og ökumönnum skylt í einstökum tilfellum að hlýða fyrirmælum eftirlits- og löggæzlumanna um hleðslu bifreiða. Síðasttöldu ákvæðin eru sett til aukins öryggis.

Um 15. gr

Ákvæði þessarar greinar eru ný, en leiðir af hlutarins eðli.

Um 16. gr.

Í þessari grein er það sjálfsagða nýmæli, að ef aðeins er að ræða um skamma dvöl með bifreið í öðru lögsagnarumdæmi en þar, sem hún er skrásett, þá þurfi umskráning ekki að fara fram.

Um 17. gr.

Skipun eftirlitsmanna bifreiða er hér lögð undir dómsmálaráðherra, en var eftir bifreiðalögunum hjá atvinnumálaráðherra. Sýnist eðlilegra, að eftirlitsmenn heyri undir dómsmálaráðuneytið.

Þá er lögreglu- og eftirlitsmönnum heimilað í greininni að stöðva bifreiðar hvenær sem er og skoða þær. Ætti þetta ákvæði að ýta undir bifreiðaeigendur og ökumenn að reyna að hafa bifreiðar sínar alltaf í lögmæltu ásigkomulagi.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta miðar til þess, að bifreiðaeigendur hafi eftirlit með ásigkomulagi bifreiða sinna.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa aðallega fyrir augum almannaöryggi. Benzín er svo eldfimur vökvi, að gæta verður sérstakrar varúðar við meðferð hans, og þykir því rétt að heimila að setja sérstakar reglur að því er geymslu hans og annara eldfimra efna snertir.

Um 20. gr.

Skilyrðin, sem fullnægja þarf til þess að fá ökuleyfi, eru að mestu þau sömu og áður. Nýmæli er það, að bifreiðarstjóraefnum skuli veitt fræðsla um eldfimihættu benzíns og annara efna, og hverra varúðarráðstafana skuli gætt í því sambandi. Hefir reynsla sýnt, að brýn þörf er fyrir ákvæði þetta, sbr. hæstaréttar-

dóm, uppkveðinn 20. okt. 1937. Þó ekki sé það tekið fram í greininni, er tilætlunin, að andleg heilbrigði, nægilega góð sjón og heyrn og önnur líkamleg heilbrigði verði sönnuð með læknisvottorðum. Reglusemi má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Ennfremur er það nýmæli, að lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir, vegna fyrri hegðunar manns, að veita honum það. Gæti oft verið ástæða til þess, ef hegðunin bæri vott um kæruleysi í starfi eða glæpahneigð. Hinsvegar er dómsmálaráðherra heimilað að leyfa, að ökuskírteini verði veitt mönnum, sem ekki fullnægja almennum kröfum um líkamshreysti. Getur einatt staðið svo á, að ekki sé ástæða til að meina slíkum mönnum að aka bifreið í einstökum tilfellum, t. d. einkabifreið, enda þótt ekki væri rétt að leyfa þeim bifreiðarakstur í atvinnuskyni.

Loks er í greininni það nýmæli, að ökuskírteini gildi aðeins í 5 ár frá útgáfudegi. Ákvæðið er meðal annars sett til þess að koma í veg fyrir, að menn, sem einu sinni hafa fengið ökuskírteini, en halda ekki við ökukunnáttu sinni, hafi ökuleyfi áfram, enda þótt þeir fullnægi þá ekki kunnáttuskilyrðunum til bifreiðaraksturs.

Um 21. gr.

Ákvæði um æfingar bifreiðarstjóraefna í bifreiðarakstri eru ekki í bifreiðal., en sjálfsagt þótti að taka ákvæði um þetta efni upp í frumvarpið. Fyrirmæli greinarinnar um það, hvenær nemandi eða ökukennari skuli teljast stjórnandi kennslubifreiðar, eru í samræmi við hlutarins eðli. Þá er ákvæðið um sérstök auðkenni á kennslubifreiðum sjálfsagt og sett í því skyni, að aðrir vegfarendur geti gætt sérstakrar varúðar, þegar kennslubifreiðar taka þátt í umferðinni.

Um 22. gr.

Ákvæði fyrri málsgreinar þessarar greinar er sjálfsagt.

Síðara ákvæðið er sett til þess að létta lögreglunni rannsóknir í bifreiðamálum.

Um 23. gr.

Í grein þessari eru ýmis nýmæli, er miða til þess að auka öryggi í sambandi við bifreiðaakstur. Í fyrsta lagi er nú, auk neyzlu áfengis við akstur og akstur undir áhrifum áfengis, bannað að reyna að aka bifreið í því ástandi.

Þá er mönnum, sem grunaðir eru um brot á þessum fyrirmælum, nú skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega til þess að komast fyrir það, hvort aðili sé brotlegur við þau. Oft getur leikið vafi á því, hvort maður sé undir áhrifum áfengis, sem ekki yrði úr skorið, nema með rannsókn læknis.

Ennfremur er hér sérstök eftirlitsskylda lögð á herðar veitingamanna og veitingaþjóna á opinberum veitingastöðum, ef þeir hafa ástæðu til að ætla, að gestur ætli undir áhrifum áfengis að aka bifreið.

Loks er í síðustu málsgrein bann við akstri bifreiða í ástandi, sem ætla má, að dragi mjög úr hæfni bifreiðarstjórans.

Um 24. gr.

Hér er lögð sérstök eftirlitsskylda með bifreið á bifreiðarstjórann, sem, ef vanrækt er, getur bakað honum ábyrgð.

Um 25.—26. gr.

Þurfa ekki greinargerðar.

Um 27. gr.

Hér er lögð skylda á bifreiðarstjóra að gæta sérstakrar varkárni í sambandi við bifreiðarakstur. Vanræksla í þessu efni getur varðað hann refsingu, jafnvel þó tjón hljótist eigi af.

Um 28. gr.

Ákvæðum þessarar greinar svipar til samskonar ákvæða í bifreiðalögunum, en eru nokkru ýtarlegri. Hér er bannað að gefa hljóðmerki nema umferðin gefi tilefni til. Er ákvæðið sett til þess að koma í veg fyrir óþarfa hávaða, sem truflað geti umferðina og bakað áheyrendum óþægindi, t. d. raskað næturró þeirra.

Um 29. gr.

Samhljóða ákvæði er í 2. mgr. 9. gr. bifreiðalaganna.

Um 30. gr.

Þetta ákvæði er sett í því skyni, að bifreiðarstjórar hirði vel þær bifreiðar, sem þeir fara með.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta er nýtt, en sjálfsagt. Það hefir sýnt sig, að börn, sem ekki hafa kunnað með bifreiðar að fara, hafa sett þær af stað eða þær hafa runnið af stað sjálfkrafa, hafi þær verið yfirgefnar. Er því nauðsynlegt, að svo vel sé frá bifreiðunum gengið, að slíkt geti ekki átt sér stað, því að ella geta slys af hlotizt.

Um 32. gr.

Samskonar ákvæði er í bifreiðal.

Um 33. gr.

Þarf ekki greinargerðar.

Um 34. gr.

Eftir þessari grein er skaðabótaskylda þess, sem ábyrgð ber á bifreið, nokkru víðtækari en áður. Samkvæmt almennum skaðabótareglum bakar maður sér — utan samninga — aðeins skaðabótaábyrgð með því að valda öðrum tjóni af ásetningi eða gáleysi. Réttarþróunin gengur þó í þá átt, að láta skaðabótaábyrgðina ná lengra, þegar um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða, sem reka hættulega starfsemi. Byggist þetta á þeirri skoðun, að það standi þeim, sem rekur slíka starfsemi, næst að bera áhættuna, sem henni er samfara, enda þótt honum verði ekki gefin subjektiv sök á tjóni, sem verða kann í sambandi við starfsemina. Nú er notkun bifreiða allhættuleg starfsemi, og eru því ákvæði 1. og 2. málsgr. um bótaskyldu vegna tjóns, sem af notkun þeirra hlýzt, í samræmi við framangreinda skoðun. Hin víðtæka bótaskylda greinarinnar tekur aðeins til tjóns, sem hlýzt af notkun bifreiðar. Standi bifreið t. d. kyrr á bifreiðastæði og rekist einhver á hana þar og meiði sig, mundu um það tilvik gilda almennar reglur.

Þá nær þessi víðtæka ábyrgð aðeins til eiganda bifreiðar eða umráðamanns, eða þess, sem notar hana í óleyfi eiganda eða umráðamanns. Bifreiðarstjóri getur auðvitað jafnframt orðið bótaskyldur eftir almennum reglum.

Þá á sá, sem fyrir tjóni verður, enda þótt hann hafi sýnt af sér gáleysi, rétt á bótum hjá eiganda, nema því aðeins, að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða. Ekki er það skilyrði fyrir bótaskyldunni, að um sök sé að ræða hjá eiganda eða umráðamanni. Sé hinsvegar um stórkostlegt gáleysi að ræða hjá þeim, sem tjón bíður, og jafnframt sök hinumegin, ber að skipta tjóninu í hlutfalli við sökina á hvora hlið, þó þannig, að rétt er að taka harðara á sök bifreiðarstjóra.

Samkv. 3. málsgr. gilda almennar skaðabótareglur um tjón á bifreiðum, sem rekast á.

Um 35. gr.

Þarf ekki greinargerðar.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar um tryggingar eru að mestu samhljóða ákvæði bifreiðalaganna. Þó eru tryggingarupphæðirnar hækkaðar talsvert frá því, sem áður var. Er það gert til þess, að nokkurnveginn öruggt sé, að þeir, sem fyrir tjóni verða af bifreiðaslysum, fái tjón sitt bætt.

Þá eru nokkrir aðiljar, sem öruggt má telja, að bótagreiðslur fáist hjá, undanþegnir tryggingarskyldu.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á því, að oft er kostnaðar- og vafningaminnst fyrir þann, sem fyrir tjóni hefir orðið af völdum bifreiðar, að fá skaðabótakröfu útkljáða í refsimálinu, hafi slíkt mál verið höfðað út af slysinu. Þó getur skaðabótakrafan verið svo umfangsmikil, að sameining hennar við refsimálið geti valdið óþægindum, og má þá vísa henni frá samkv. 3. mgr.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru lagðar allmiklu þyngri refsingar við brotum gegn lögunum og reglum, sem samkv. þeim kunna að verða settar, en áður var í bifreiðalögum. Almennu refsingarnar eru hér sektir eða fangelsi, án annarar takmörkunar upp eða niður á við en þessum refsitegundum er sett í lögum. Þá er fangelsisrefsing fyrirskipuð í nokkrum tilfellum, nema alveg sérstakar málsbætur séu fyrir hendi. Ákvæði laga þessara eru meðal annars sett til tryggingar öryggi einstaklinga og almennings. Ýmis brot gegn þeim eru þess eðlis, brjóta svo í bág við réttlætistilfinningu alls þorra manna og hafa svo geigvænlegan háska í för með sér fyrir líf manna, limi og verðmæti, — t. d. það að aka bifreið undir áhrifum áfengis — að taka verður hart á þeim.

Niðurlag 1. mgr. um ákvörðun sektarupphæða er í samræmi við ákvæði 60. gr. hinna alm. hegningarlaga.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa við.

Um 39. gr.

Ákvæðin um sviptingu ökuleyfis eru nokkru rýmri í þessari grein en í bifreiðal. Fleiri tilvik geta varðað ökuleyfissviptingu, en hinsvegar er hér heimild til að svipta ekki ökuleyfi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þar sem í bifreiðal. á að beita ökuleyfissviptingu skilyrðislaust. Er því eftir ákvæðum greinarinnar frekar hægt að taka tillit til allra aðstæðna í hverju einstöku falli.

Þá er hér það sjálfsagða nýmæli, að í stað ökuleyfissviptingar skuli koma missir réttar til að fá ökuskírteini, ef um brot manna, sem ekki hafa ökuskirteini, er að ræða.

Ennfremur er mönnum í 3. málsgr. opnuð leið til þess að fá ökuskírteini aftur. Getur einatt staðið svo á, að ástæður, sem ökuleyfissvipting byggist á, séu ekki lengur fyrir hendi.

Loks er ákvæði í 5. mgr. meðal annars sett í því skyni, að koma í veg fyrir það, að menn, sem sviptir hafa verið ökuskírteini, geti flutzt í annað lögsagnarumdæmi og fengið þar nýtt.

Svipting ökuskírteinis er öryggisráðstöfun og því nauðsynlegt að beita henni án tillits til þess, hvar viðkomandi var staddur, er hann framdi þann verknað, sem að þessum lögum varðar ökuleyfissviptingu eða réttinn til þess að öðlast ökuleyfi. Er síðasta málsgrein því sett.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til samhljóða 21. gr. áfengislaga, nr. 33 1935. Þykir rétt að fella ákvæði þessi inn í bifreiðalögin.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru flest nýmæli, en þurfa ekki greinargerðar.

Nd. **70. Frumvarp til laga**

um landhelgislögreglu.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal landhelgislögreglu. Orðið landhelgislögregla er í lögum þessum skammstafað L.L. Landhelgislögreglan skal sérstaklega starfa að því:

a) að halda uppi löggæzlu og reglu á landhelgissvæðinu umhverfis Ísland og á þeim hafsvæðum, er með lögum kunna að verða sérstaklega friðuð fyrir togaraveiðum.
b) að framkvæma löggæzlu utan landhelginnar að svo miklu leyti sem löggæzla er þar heimil samkvæmt samningum við önnur ríki eða að alþjóðarétti.
c) að inna af hendi hverja þá lögreglustarfsemi, þar með talin tollgæzla, hvort sem er á landi eða sjó, sem dómsmálaráðherra felur eða lætur fela L.L. eða einstökum lögreglumönnum hennar.

Kveða skal nánar á um framkvæmd löggæzlunnar í erindisbréfi, er dómsmálaráðherra setur L.L.

2. gr.

Skip og bátar, sem L.L. hefir til umráða, nefnast einu nafni varðskip ríkisins. Hafa skulu þau heimilisfang í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skulu þau einungis skipuð mönnum úr L.L. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um heimilisfang eru þó þau skip og bátar, sem leigð eru til afnota fyrir L.L. um stundarsakir.

3. gr.

Skipaútgerð ríkisins hefir framkvæmdarstjórn varðskipanna á hendi undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

4. gr.

Dómsmálaráðherra ræður menn í L.L., að fengnum tillögum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í L.L. hefir sá einn:

a) sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 1., 21., 22. og 50. gr. laga nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum,
b) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett verða fyrir skipstjóra í L.L., sbr. 9. gr.

6. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í L.L. hefir sá einn:

a) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1., 19., 20. og 50. gr. laga nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum,
b) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett verða fyrir stýrimenn í L.L., sbr. 9. gr.

7. gr.

Rétt til að vera vélstjóri í L.L. hefir sá einn:

a) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. gr. og 4. og 5. kafla um vélamenn á eimskipum og vélamenn á mótorskipum í lögum nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum,
b) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett verða fyrir vélstjóra í L.L., sbr. 9. gr.

8. gr.

Rétt til að vera háseti í L.L. hefir sá einn:

a) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru um fullgilda háseta í 1. og 2. gr. laga nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum,

b) sem fullnægir þeim skilyrðum, sem verða sett fyrir háseta í L.L., sbr. 9. gr.

Stafliðir a og b skulu gilda einnig fyrir kyndara, kafara, loftskeytamenn og matreiðslumenn.

9. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um, hvers skuli krafizt af yfir- og undirmönnum í L.L. fram yfir það, sem tekið er fram í lögum þessum. Þá setur dómsmálaráðherra reglur um námskeið fyrir lögreglumenn og próf í sambandi við þau. Ennfremur setur dómsmálaráðherra landhelgislögreglunni ýtarlegt erindisbréf.

10. gr.

Nú telur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins þar um, starfsmann í L.L. hafa misst einhver hinna almennu skilyrða til að hafa á hendi lögreglustarf það, sem hann hefir verið ráðinn til, eða hafa gert sig sekan um misferli í starfi sínu, og getur ráðherra þá vikið viðkomandi manni úr stöðu sinni fyrirvaralaust. Rétt er þeim, sem sviptur hefir verið stöðu sinni þannig, að höfða mál með venjulegum hætti gegn ráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins, til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar, enda sé málið höfðað innan 3 mánaða frá því að hún var gerð.

11. gr.

Varðskip ríkisins og skipverjar á þeim skulu undanþegin ákvæðum laga nr. 53 19. maí 1930, um lögskráningu sjómanna. Sömuleiðis ákvæðum 50., 51. og 52. gr. í lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því leyti, sem mannafjölda á varðskipunum varðar. Þó skulu skipverjar varðskipanna slysatryggðir eftir sömu reglum og skipverjar á strandferðaskipum ríkisins.

12. gr.

Þeir, sem öðlazt hafa réttindi sem yfir- eða undirmenn á varðskipum ríkisins, áður en lög þessi gengu í gildi, hafa rétt til að verða starfsmenn L.L., þegar þeir uppfylla þau skilyrði, sem um getur í 5., 6., 7. og 8. gr., staflið b, þessara laga.

13. gr.

Starfsmenn í L.L. eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, sem því fylgja að lögum. Þeim er ekki heimilt að gera verkföll né taka þátt í þeim. Þeir greiða í lífeyrissjóð embættismanna og öðlast þaðan lífeyri fyrir sig og ekkjur sínar eftir þar um gildandi reglum.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin og L.L. þeim vopnum og tækjum, sem þurfa þykir, þar á meðal tækjum til að bjarga strönduðum skipum.

15. gr.

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðist þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður skipsins, en af afganginum tekst fyrst 1%, sem skipstjórinn fær, þá 25%, sem skiptast milli allra skipverja, skipstjóri meðtalinn, í réttu hlutfalli við mánaðarkaup þeirra. Þó skal greiða ákveðna upphæð af hluta skipshafnarinnar, áður en skipti fara fram, til þeirra manna, er lagt hafa sig mest í hættu við björgunina, og skal nefnd upp-

hæð ákveðin af útgerðarstjórninni, að fengnum tillögum skipstjóra varðskipsins. Að öðru leyti renna björgunarlaunin í landhelgissjóð.

16. gr.

Skipstjóri í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 7800.00 á ári, sem hækka eftir 3 ára þjónustu sem skipstjóri í fyrsta flokki um kr. 1000.00 og eftir 6 ára þjónustu um aðrar kr. 1000.00, en úr því um kr. 100.00 árlega upp í hámarkslaun, kr. 10400.00 á ári.

17. gr.

Skipstjóri í 2. launaflokki hefir sömu laun og 1. stýrimaður í 1. launaflokki.

18. gr.

Yfirstýrimaður í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 5500.00 á ári, sem hækka á tveggja ára fresti í 10 ár um kr. 300.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 7000.00 á ári.

19. gr.

Yfirstýrimaður í 2. launaflokki hefir sömu laun og 2. stýrimaður í 1. launaflokki.

20. gr.

2. stýrimaður í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 4300.00 á ári, sem hækka á tveggja ára fresti í 6 ár um kr. 400.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 5500.00 á ári.

21. gr.

2. stýrimaður í 2. launaflokki hefir sömu laun og 3. stýrimaður í 1. launaflokki.

22. gr.

3. stýrimaður hefir að byrjunarlaunum kr. 3450.00 á ári, sem hækka eftir 1 árs þjónustu sem stýrimaður um kr. 250.00 og svo um kr. 200.00 árlega úr því í 3 ár upp í hámarkslaun, kr. 4300.00 á ári.

23. gr.

1. vélstjóri í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 7000.00 á ári, sem hækka á tveggja ára fresti í 12 ár um kr. 300.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 8800.00 á ári.

24. gr.

1. vélstjóri í 2. launaflokki hefir sömu laun og 2. vélstjóri í 1. launaflokki.

25. gr.

2. vélstjóri í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 5800.00 á ári, sem hækka á tveggja ára fresti í 8 ár um kr. 300.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 7000.00 á ári.

26. gr.

2. vélstjóri í 2. launaflokki hefir sömu laun og 3. vélstjóri í 1. launaflokki.

27. gr.

3. vélstjóri í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 5000.00 á ári, sem hækka árlega í 5 ár um kr. 160.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 5800.00 á ári.

28. gr.

3. vélstjóri í 2. launaflokki hefir sömu laun og 4. vélstjóri í 1. launaflokki.

29. gr.

4. vélstjóri í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 4400.00 á ári, sem hækka árlega í 4 ár um kr. 150.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 5000.00 á ári.

30. gr.

1. vélstjóri í 3. launaflokki hefir sömu laun og 4. vélstjóri í 1. launaflokki.

31. gr.

2. vélstjóri í 3. launaflokki hefir sömu laun og 4. vélstjóri í 2. launaflokki.

32. gr.

4. vélstjóri í 2. launaflokki hefir í byrjunarlaun kr. 3600.00 á ári, sem hækka árlega í 4 ár um kr. 100.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 4000.00 á ári.

33. gr.

Loftskeytamaður í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 3600.00 á ári, sem hækka árlega um kr. 120.00 í 10 ár upp í hámarkslaun, kr. 4800.00 á ári.

34. gr.

Loftskeytamaður í 2. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 3000.00 á ári, sem hækka árlega í 10 ár um kr. 120.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 4200.00 á ári.

35. gr.

Matreiðslumaður í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 3800.00 á ári, sem hækka árlega í 12 ár um kr. 100.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 5000.00 á ári.

36. gr.

Matreiðslumaður í 2. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 3300.00 á ári, sem hækka árlega í 10 ár um kr. 100.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 4300.00 á ári.

37. gr.

Matreiðslumaður í 3. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 1800.00 á ári, sem hækka árlega í 4 ár um kr. 100.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 2200.00 á ári.

38. gr.

Háseti í 1. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 3200.00 á ári, sem hækka á tveggja ára fresti í 8 ár um kr. 200.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 4000.00 á ári.

39. gr.

Háseti í 2. launaflokki hefir að byrjunarlaunum kr. 2400.00 á ári, sem hækka á tveggja ára fresti í 6 ár um kr. 200.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 3000.00 á ári.

40. gr.

Námssveinar og vikapiltar hafa að byrjunarlaunum kr. 600.00 á ári, sem hækka árlega í 3 ár um kr. 200.00 í hvert sinn upp í hámarkslaun, kr. 1200.00 á ári.

41. gr.

Kyndarar og aðstoðarmenn í mótorvél í 1. og 2. launaflokki hafa sömu laun og hásetar í 1. og 2. launaflokki, sbr. 38. og 39. gr.

42. gr.

Kafari hefir sömu laun og háseti í 1. launaflokki, en greiðist auk þess kr. 5.00 fyrir hvern klukkutíma, sem hann vinnur við köfun.

43. gr.

Auk launa fá starfsmenn L.L. fritt fæði, og getur útgerðarstjórn skipanna ákveðið, hvort hún heldur leggur til fæði á skipunum fyrir sinn reikning eða greiðir skipverjum fæðispeninga, en þeir fæði sig sjálfir í sameiginlegu mötuneyti. Skal þá miða fæðispeningana við það, sem fæði kostar á 1. flokks matsöluhúsum í Reykjavík, en útgerðin leggur til matreiðslumann og áhöld.

44. gr.

Starfsmenn L.L. fá einkennisföt sér að kostnaðarlausu, samkv. nánari ákvörðun útgerðarstjórnarinnar. Einkennisfötin eru ekki eign starfsmanna, og ber þeim að skila þeim, þegar þeir hætta að vera í þjónustu L.L.

45. gr.

Heimilt er að færa menn til í stöðum, eftir því sem þurfa þykir, og eru starfsmenn skyldir að taka slíkum tilfærslum án mótmæla. Þó skulu menn ekki missa í launum við slíkar tilfærslur.

46. gr.

Nú hefir starfsmaður L.L. sýnt sérstakan dugnað í starfi sínu, og getur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Skipaútgerðar ríkisins, verðlaunað viðkomandi mann, með því að færa hann upp í hærri launaflokk, þó ekki sé tækifæri til að veita honum hærri stöðu.

47. gr.

Aldurshámark allra starfsmanna L.L. skal vera 60 ár. Þó getur dómsmálaráðherra samþykkt, að starfsmaður sé lengur í þjónustu, ef hann telst hafa til þess næga starfskrafta og aðra hæfni.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 9. janúar 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, svo og öll lagafyrirmæli, sem fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dómsmálaráðherra, og fylgdi því frá ráðuneytinu svo hljóðandi greinargerð:

„Það munu varla vera skiptar skoðanir um það, að sjálfbjargarmöguleiki þúsunda sjómanna í fiskiverum við strendur landsins byggist að miklu leyti á því, að hægt sé að verja landhelgina fyrir ágangi landhelgisbrjóta. En því miður hefir það ekki tekizt ætíð sem skyldi, og liggja til þess ýmsar orsakir, og eru sumar þegar kunnar. Þó hefir stórkostleg breyting til batnaðar á orðið nú á síðustu 3 árum, eða síðan sú stefna var tekin upp að fjölga gæzlubátum og vopna þá. Má sjá það bezt á því, að á síðastliðnu ári hafa engar kvartanir um ágang landhelgisbrjóta komið til ráðuneytisins eða Skipaútgerðar ríkisins, en áður var það algengt, að slíkar kvartanir komu, og stundum daglega. Má því segja, að stefnan sé mörkuð að því er varðar stærð og gerð varðskipanna.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um landhelgislögreglu, er næsta og ekki þýðingarminnsta sporið í áttina til þess, að landhelgisgæzlan verði sem fullkomnust.

Er með frumvarpinu stefnt að því að gera þá menn, sem verja eiga landhelgina í framtíðinni, sem bezt til þess hæfa. Það má ekki gleymast, að landhelgin er ákveðin með samningum, sem stórþjóðirnar ráða mestu um. Þess vegna meðal annars er það sérstaklega nauðsynlegt, að engin mistök eigi sér stað, sem geta orðið til þess að vefengja hæfni landhelgislögreglunnar. Lögreglumennirnir verða að vera fyrirmynd annara, ekki einungis hvað sjómennskustarfið snertir og samvizkusemi við það,

heldur einnig um alla reglusemi og prúðmannlega framkomu. Þeir þurfa að ganga á námskeið, þar sem þeim er kennt að taka réttum tökum á öllum hugsanlegum atvikum, sem fyrir kunna að koma og hafa þýðingu fyrir gæzluna. Verður sú kennsla að vera sniðin eftir íslenzkum staðháttum og byggjast á þeirri reynslu, sem þegar er fengin í þessum málum. En til þess að fá slíku framgengt með góðum árangri, er nauðsynlegt að taka á öllum mannaráðningum á varðskipin með fastari tökum en hingað til hefir verið gert. Mennirnir verða að finna, að um sæmilegt framtíðarstarf er að ræða, ef þeir á annað borð standa vel í stöðu sinni. Hingað til hefir það verið þannig, að mennirnir á varðskipunum hafa verið ráðnir eins og aðrir sjómenn á ákveðin skip um ákveðinn tíma eða með ákveðnum uppsagnarfresti, og svo þegar viðkomandi skipi hefir verið lagt eða það hætt gæzlunni, hafa mennirnir verið afskráðir og tapað þá atvinnu um lengri eða skemmri tíma. Hefir þetta gert það að verkum, að alltaf er mikið af alveg óvönum mönnum við gæzlustarfið, og þarf varla að útskýra, að slíkt getur komið sér illa.

Launin eru í flestum tilfellum miðuð við það, sem varðskipamenn bera úr býtum með núverandi launakjörum.

Um efni einstakra greina frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum og samningum við önnur ríki ber ríkisvaldinu að halda uppi löggæzlu utan landhelginnar, sbr. l. nr. 17 frá 8. júlí 1902, tilskipun nr. 2 frá 2. marz 1903 og auglýsingu nr. 3 frá 28. marz 1903, um samning milli Íslands og Stóra-Bretlands um tilhögun á fiskveiðum þegna þessara landa utan landhelgi á hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar.

Með skipun L.L. fær ríkisvaldið til umráða allfjölmennt og vel æft lögreglulið. Þykir sjálfsagt að einskorða ekki störf þess við landhelgisgæzlu einvörðungu, og eru því ákvæðin í c-lið sett. Eru þessi ákvæði í samræmi við 5. gr. laga nr. 92 1933, um lögreglumenn.

Um 9. gr.

Auk þess sem starfsmenn L.L. verða að vera hæfir sjómenn, er nauðsynlegt, að þeir hafi og til brunns að bera þá hæfni, sem krefjast verður af lögreglumönnum almennt.

Dómsmálaráðherra hefir þegar gert ráðstafanir til, að samið verði miklu ýtarlegra erindisbréf en áður hefir gilt fyrir yfirmenn og skipshafnir varðskipanna. Er tilætlunin, að í erindisbréfi þessu verði kveðið á um hegðun og starfsaðferðir landhelgislögreglunnar, svo sem um töku skipa, sem talin eru brotleg við landslög, þar á meðal fiskveiðalöggjöfina, heilbrigðislöggjöfina o. s. frv.

Aðrar greinar frv. þarfnast ekki skýringa, en nánari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í heild og einstökum atriðum þess í framsögu.

Ed. 71. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur við 3. umræðu málsins í deildinni.

Alþingi, 27. okt. 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 72. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Einari Olgeirssyni.

3. liður 1. gr. falli burt.

Nd. 73. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur, sem undirritaður var í Osló þann 3. marz 1937 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um það, eftir hvaða lands slysatryggingalögum skuli farið, ef svo vill til, að atvinnurekandi, búsettur í einhverju samningsríkjanna, hefir atvinnufyrirtæki eða verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna ríkjanna, skuli koma í gildi. Ennfremur er ráðherra heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um það, eftir hvaða lands slysatryggingalögum skuli farið, ef svo vill til, að atvinnurekandi, búsettur í einhverju samningsríkjanna, hefir atvinnufyrirtæki eða verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna ríkjanna.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning um það, eftir hvaða lands slysatryggingalögum skuli farið, ef svo vill til, að atvinnurekandi, búsettur í einhverju samningsríkjanna, hefir atvinnufyrirtæki eða verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna ríkjanna, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:
Henrik Louis Hans Kauffmann, sérlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Osló;

Forseti lýðveldisins Finnlands:
Hugo Robert Wäinö Wuolijoki, sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Osló;

Hans hátign konungur Noregs:
Utanríkisráðherra Halvdan Koht;

Hans hátign konungur Svíþjóðar:
Torvald Magnusson Höjer, sérlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Osló;

sem, eftir að hafa tjáð hver öðrum umboð sín, sem reyndust vera góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

1. grein.

Ef einhver, sem hefir aðalatvinnufyrirtæki sitt í einhverju hinna fimm samningsríkja, eða að einhverju öðru leyti verður að teljast atvinnurekandi þar, hefir verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna samningsríkjanna, við vinnu, sem slysatryggingalög beggja ríkjanna ná yfir, þá skal farið eftir lögum þess lands, þar sem verkið er unnið, um tryggingar fyrir slys, sem koma fyrir við slíka vinnu, enda sé ekki öðruvísi ákveðið í eftirfarandi greinum.

2. grein.

Lögin í því ríki, þar sem atvinnurekandinn hefir aðalatvinnufyrirtæki sitt, skulu gilda:

1) Ef um er að ræða ósérstætt skammvinnt starf (atvinnurekstur), gagnvart verkamönnum, sem ekki eiga heimilisfang í því landi, þar sem verkið er unnið.
2) Einnig um annað starf (atvinnurekstur) en það, sem nefnt er í 1. lið hér að ofan, gagnvart verkamönnum, sem hafa verið sendir sérstaklega til umsjónar eða eftirlits, eða í öðrum sérstökum tilgangi.

Starf, sem ekki varir lengur í hlutaðeigandi ríki en sex mánuði, skal talið skammvinnt.

3. grein.

Að því er snertir samgöngufyrirtæki (land- eða loftumferð), sem rekið er sem atvinnufyrirtæki reglulega í fleiri en einu hinna fimm samningsríkja, gilda lögin í því ríki, þar sem stjórn fyrirtækisins hefir aðsetur sitt. Þó koma verkamenn, sem starfa við slíkt fyrirtæki í einhverju hinna samningsríkjanna og eiga þar heimilisfang, undir þess lands lög.

Sama gildir um fleytingu á viði, skógarvinnu (að undanskilinni skógræktun), vinnu í steinnámum og lík störf, sem unnin eru fyrir sama fyrirtækið beggja megin landamæra tveggja samningsríkjanna.

4. grein.

Ef ferming, afferming eða vinna við viðgerðir um borð í skipi, sem á heimilisfang í einhverju hinna fimm samningsríkja, er framkvæmd meðan skipið hefir viðkomu í einhverju hinna ríkjanna af verkamönnum þess lands, þar sem skipið hefir viðkomu, þá eiga lög þessa sama ríkis við um þá verkamenn.

5. grein.

Danska Verkamannatryggingaráðið (Arbejderforsikringsraadet), Vátryggingaráðið finnska (Vakuutusneuvosto, Försäkringsrådet), hin íslenzka Tryggingastofnun ríkisins, norska Ríkistryggingastofnunin (Rikstrygdeverket) og sænska Ríkistryggingastofnunin (Riksförsäkringsanstalten) skulu, sé um að ræða slys, sem lögin í einhverju hinna samningsríkjanna eiga að gilda um, hver í sínu landi veita þeim, er fyrir meiðslum hefir orðið, þá hjálp, sem hann á tilkall til, og greiða honum, og ef hann deyr, fjölskyldu hans, þær bætur, sem eiga að greiðast samkvæmt nefndum lögum, að áskildum rétti til endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun hins ríkisins á því, er þannig hefir verið greitt.

Ennfremur skulu stofnanir þær, er um ræðir í fyrstu málsgrein, í þeim tilfellum, sem samningur þessi nær til, aðstoða hver aðra endurgjaldslaust, og auk þess, ef óskað er, aðstoða tryggingastofnanir, sem eru einkafyrirtæki, en lögum samkvæmt tryggja gegn slysum við vinnu, í því að útvega skýrslur, launalista og allar aðrar upplýsingar, annast innheimtu á iðgjöldum og öðrum gjöldum og útborgun á slysabótum.

6. grein.

Samningur þessi skal fullgiltur eins fljótt og unnt er, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í utanríkismálaráðuneytinu norska, sem tilkynni það hinum samningsaðiljunum þegar í stað.

Samningur þessi gengur í gildi daginn eftir að minnst tveir samningsaðiljar hafa afhent fullgildingarskjöl sín, og skal farið eftir honum um þau slys, sem kunna að verða eftir þann dag. Samningurinn gengur í gildi fyrir hvert hinna ríkjanna daginn eftir afhendingu fullgildingarskjals hvers þeirra, og skal eftir honum farið um þau slys, sem kunna að verða eftir þann dag.

Sérhvert samningsríkjanna getur, gagnvart sérhverjum hinna samningsaðiljanna, sagt upp þessum samningi með tólf mánaða fyrirvara, og gengur hann þá úr gildi hinn 31. desember á því ári, að liðinn er þessi frestur.

7. grein.

Samningur þessi hefir ekki í för með sér neinar breytingar á samningnum, sem gerður var hinn 14. febrúar 1925 milli Finnlands og Noregs, um fleytingu á viði á Pasvikánni.

Þessu til staðfestu hafa áðurnefndir umboðsmenn undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í einu eintaki í Osló, á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

Oslo, hinn 3. marz 1937.

Henrik Kauffmann.	W. Wuolijoki.	Halvdan Koht.	Torvald Höjer.
(L. S.)	(L. S.)	(L. S.)	(L. S.)

Greinargerð.

Allsherjarn. flytur þetta frv. samkv. ósk ríkisstjórnarinnar, er lét fylgja því svo hljóðandi athugasemdir:

Á norrænum þjóðfélagsmálaráðstefnum, sem haldnar hafa verið öðru hverju nú á seinni árum, hefir meðal annars verið rætt um að gera samning milli Norðurlandaríkjanna, sem skeri úr vafaatriðum um það, eftir hvaða lands slysatryggingalögum skuli farið, ef svo vill til, að atvinnurekandi, búsettur í einhverju samningsríkjanna, hefir atvinnufyrirtæki eða verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna ríkjanna. Slíkt vafaatriði hefir talizt geta risið, ef erlent skip notar erlenda verkamenn við fermingu eða affermingu skips í höfn einhvers samningsríkjanna, og ennfremur þegar erlent fyrirtæki sendir erlenda verkamenn til einhvers hinna ríkjanna til starfa þar um skamman tíma.

Grundvöllurinn, sem slíkur samningur skyldi byggja á, yrði að vera almennt gagnkvæmi um slysabætur, en gagnkvæmissamninga við slysabætur hefir Ísland gert við Danmörku, með samningi 13. október 1927 (sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindunum nr. 64/1927), við Noreg, með samningi 31. maí 1930 (sbr. auglýsingu nr. 74/1931), og við Svíþjóð, með samningi 31. október 1930 (sbr. auglýsingu nr. 79/1930). Gagnvart Finnlandi er hinsvegar ekki nauðsyn slíks gagnkvæmissamnings, þar eð finnsku slysatryggingalögin, á sama hátt og þau íslenzku, veita útlendingum sama rétt og innlendum mönnum, hér á landi.

Eftir að hafa borið málið undir Slysatryggingu ríkisins ákvað ríkisstjórnin, í samráði við utanríkismálanefnd, að gerast aðili að væntanlegri norrænni samningsgerð um þessi efni, og var samningur undirritaður þann 3. marz 1937 í Osló.

Jafnframt því að öðru leyti að vísa til fylgiskjalsins um efni samningsins skal þess getið, að ríkisstjórnin hefir talið rétt, á sama hátt og um aðra norræna samninga, sem Ísland hefir verið aðili að nú á seinni árum, að afla samningnum lagagildis.

Nd. **74. Frumvarp til laga**

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Þá er og bannað, þar til ríkisstjórnin ákveður annað, að flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina og bannið gegn flutningi íslenzks gjaldeyris milli landa, og er heimilt að setja þau ákvæði í reglugerð, að tolleftirlitsmenn megi leita alstaðar í skipum eða öðrum flutningstækjum, til þess að fyrirbyggja brot á reglugerðinni.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, og að eigendum flutningstækja sé óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda nema framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum og innflutningsleyfum úthlutað eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, að fengnum tillögum þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f, og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir. Til þess að standast kostnað við nefndina skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2‰ — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar (tollstjórinn í Reykjavík), hver í sínu umdæmi, skulu láta hagstofunni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofustjóri ákveður.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sömu refsingu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum, auglýsingum eða skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett fyrir leyfisveitingum. Þá er heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt þeim, renna í ríkissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyrir verður eign ríkissjóðs.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við fjármálaráðherra.

Núgildandi gjaldeyrislög hafa verið endurskoðuð og frumvarp þetta samið að þeirri endurskoðun lokinni. Í frumvarpinu eru þó engar breytingar, sem snerta grundvallaratriði gjaldeyrislaganna.

Um 1. gr.

Í þessari grein er tekið fram berum orðum, að heimilt sé að banna inn- og útflutning íslenzks gjaldeyris. Að vísu hefir svo verið gert með stuðningi þeirra ákvæða, sem í lögum eru, en það þykir þó réttara að hafa sérstök ákvæði um þetta í lögum. Nýmæli er það í þessari grein, að krefjast megi skilríkja af ferðamönnum, áður en þeir fara úr landi, fyrir því, að þeir hafi aflað sér gjaldeyris til fararinnar á löglegan hátt.

Um 2. gr.

Í þessari grein er sú breyting ein, að ákveðið er að reglur um úthlutun gjaldeyris skuli settar að fengnum tillögum bankanna. Áður var ákveðið, að þær skyldu settar með samþykki þeirra. Þykir það réttara, fyrst farið er að breyta gjaldeyrislögunum á annað borð, að breyta orðalagi laganna á þennan hátt, þar sem slíkar reglur hljóta að verða samdar í samráði við bankana hvort sem er, en hinsvegar eðlilegra, að reglurnar séu settar af ráðuneytinu.

Um 3. gr.

Hér er ákvæði um, að þeir, sem fái innflutningsleyfi, greiði 2‰ gjald til þess að standast kostnað við nefndina. Verður það að teljast eðlileg stefna, að kostnaður við þær nefndir, sem settar eru til þess að annast ýms almenn verkefni, eins og t. d. afurðasölunefndir, gjaldeyrisnefnd o. fl., sé lagður á þau viðskipti, sem nefndirnar annast.

Um 5. gr.

Þar er svo ákveðið, að hagstofan skuli taka við útflutningsskýrslunum. Er það í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefir.

Um 6. og 7. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um, að heimilt sé að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt, og að upptækar vörur og gjaldeyrir skuli verða eign ríkissjóðs. Ennfremur að sektir samkvæmt lögunum, reglugerðum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt þeim, skuli renna í ríkissjóð.

Nd. 75. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Um menntaskóla kennara.

1. gr.

Í stað kennaraskólans skal í Reykjavík setja á stofn menntaskóla fyrir kennara, er skiptist í fjóra bekki. Skólinn starfar hliðstætt við lærdómsdeildir menntaskólanna og í sambandi við menntaskólann í Reykjavík, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastörf og háskólanám í uppeldisvísindum.

3. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

1. Íslenzku og íslenzkar bókmenntir.
2. Dönsku.
3. Ensku.
4. Þýzku.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði og efnafræði.
7. Náttúrufræði og heilsufræði.
8. Landafræði.
9. Sögu og félagsfræði.
10. Kristinfræði og siðfræði.
11. Kennslufræði.
12. Kennsluæfingar.
13. Teikning.
14. Skrift.
15. Handavinnu.
16. Söng.
17. Íþróttir.

Hver nemandi skal hafa eina kjörgrein, sem hann velur eigi síðar en í byrjun þriðja námsárs, og leggja stund á garðyrkju eigi skemur en átta vikur.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar, og að fyrir þeim liggi að stunda uppeldisvísindi við háskóla og síðar að verða leiðtogar barna og unglinga.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 15 ára, og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild.

2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða önnur lýti, er geri hann óhæfan til kennarastarfs.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

5. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt gagnfræðapróf, sem svarar til gagnfræðaprófs menntaskólanna og haldið er samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórnin setur.

Nú sækja fleiri um inntöku í fyrstu ársdeild en rúmast í einum bekk, og gangi þeir þá fyrir að öðru jöfnu, sem búsettir eru utan kaupstaða, en að öðru leyti skulu einkunnir ráða.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf, og er lokapróf fjórða bekkjar stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í annari og þriðju deild, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á stúdentsskírteini.

Um prófskilyrði í kjörgrein skal sérstaklega ákveðið í reglugerð.

Hver námsmaður skal áður en að stúdentsprófi kemur sanna með vottorði, að hann hafi unnið algenga erfiðisvinnu í a. m. k. sex mánuði á eigi lengri tíma en fjórum árum.

7. gr.

Utanskólamönnum er heimilt að taka próf inn í allar árdeildir, enda taki þeir þá og próf í þeim námsgreinum, sem lokið hefir verið í fyrri árdeildum.

8. gr.

Við skólann skulu vera þrír fastir kennarar, auk skólastjóra, og tveir kennarar í kennsluæfingum. Æfingakennurum er skylt að hafa á hendi kennsluæfingar við háskólann, og háskólakennara í kennslufræðum er einnig skylt að hafa á hendi kennslu í menntaskóla kennara í kennslufræðum.

Skólastjóri og kennarar njóta sömu launa og aðrir menntaskólakennarar.

9. gr.

Menntaskóli kennara og menntaskólinn í Reykjavík skulu hafa samstarf um kennaralið, söfn og húsnæði á þann hátt, sem líklegt er að gefi beztan árangur.

10. gr.

Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal koma upp heimavist fyrir menntaskóla kennara og lærdómsdeild menntaskólans í Reykjavík. Nemendur skulu njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Utanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um heimavistir.

11. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir menntaskóla kennara, og skal reglugerðin í aðalatriðum vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir menntaskólanna.

II. KAFLI

Um háskólafræðslu í uppeldisvísindum.

12. gr.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal taka upp kennslu í uppeldisvísindum í þeim tilgangi að veita kennurum sem fullkomnasta uppeldismenntun.

13. gr.

Heimspekideild annast menntun barnakennara, gagnfræða- og héraðsskólakennara og mennta- og sérskólakennara í uppeldisvísindum.

Þá skal og halda námskeið í uppeldisfræðum fyrir starfandi kennara, eftir því sem ástæður leyfa.

14. gr.

Þrír háskólakennarar skulu hafa með höndum kennslu í uppeldisvísindum, tveir prófessorar auk núverandi prófessors í forspjallsvísindum og almennri heimspeki.

15. gr.

Kennarar heimspekideildar í uppeldisvísindum semja lestrar- og kennsluáætlanir og reglugerð um kennslu og próf í uppeldisvísindum, sem konungur staðfestir.

16. gr.

Heimspekideild starfar að kennarafræðslunni í náinni samvinnu við aðrar deildir háskólans. Ennfremur skal leita til menntastofnana og aukakennara utan háskólans um kennslu í sérgreinum, þegar þess er þörf.

17. gr.

Hver sá, sem lokið hefir stúdentsprófi við menntaskóla kennara, á rétt til að verða skrásettur nemandi í uppeldisvísindum, og aðrir íslenzkir stúdentar, sem hafa aflað sér, eða afla sér meðan á háskólanámi stendur, menntunar og leikni í þeim greinum, sem sérstaklega eru kenndar í menntaskóla kennara, samkvæmt reglugerð, er þar um verður sett.

Stúdentar frá menntaskóla kennara eiga rétt á að stunda nám í öðrum greinum heimspekideildar og í öðrum deildum háskólans, er þeir fullnægja þeim kröfum, sem hver deild setur um viðbótarnám. Reglugerðir þessar skulu staðfestar af konungi.

Ennfremur hafi þeir kennarar, sem aflað hafa sér fullra kennararéttinda áður en kennsla í uppeldisvísindum var upp tekin við háskólann, rétt til að stunda þar nám í þeirri grein. Háskólakennurunum í uppeldisfræðum er heimilt að veita þeim kennurum, sem þess óska, rétt til að segja sig til prófs í einstökum eða öllum námsgreinum.

18. gr.

Þeir einir hafa rétt til kennaraembætta á Íslandi, sem lokið hafa háskólaprófi í uppeldisvísindum. Þó halda þeir allir kennararéttindum, sem hafa öðlazt þau með öðrum hætti, áður en háskólafræðsla í uppeldisvísindum hófst.

Stúdentspróf frá menntaskóla kennara nægir til farkennararéttinda, þar til öðruvísi er ákveðið af kennslumálaráðherra.

Kennslumálaráðuneytinu er heimilt að veita kennararéttindi þeim íslenzkum mönnum, sem lokið hafa sambærilegu námi við erlenda háskóla, enda komi samþykki háskólakennara í uppeldisvísindum til.

III. KAFLI

19. gr.

I. kafli laga þessara kemur til framkvæmda 20. sept. 1938 um fyrsta bekk, og fellur þá jafnframt niður fyrsta ársdeild kennaraskólans, og síðan annar og þriðji bekkur á sama hátt. Falla þá og úr gildi lög nr. 63 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, og breytingar á þeim lögum.

20. gr.

II. kafli laga þessara kemur til framkvæmda 15. september 1942.

Greinargerð.

Frv. er flutt fyrir tilmæli kennslumálaráðherra. Nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frv. Um greinargerð vísast til nefndarálits, sem prentað er í þingskjali nr. 154 frá fyrra þinginu 1937.

Nd. 76. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 (Skemmtanaskattur).

Frá menntamálanefnd.

Efni frv. er að undanþiggja héraðsmót ungmennafélaga skemmtanaskatti, og leggur n. til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. okt. 1937.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm.	Pálmi Hannesson, fundaskr.	Þorsteinn Briem, með fyrirvara.
Bjarni Bjarnason.	Pétur Halldórsson.	

Nd. 77. Frumvarp til laga

um fóðurmjölsbirgðir o. fl.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal gæta þess, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir innlends fóðurmjöls samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal á ári hverju afla upplýsinga hjá fóðurbirgðafélögum og sveitar- og bæjarstjórnum um fóðurmjölsþörf á komanda vetri, og leggur atvinnumálaráðuneytið — landbúnaðarráðherra — þá fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins að selja ekki úr landi það fóðurmjöl, sem Búnaðarfélag Íslands telur þörf á innanlands, og annast verksmiðjurnar geymslu þess.

Skal mjölið vera 1. flokks vara til búpeningsfóðurs að dómi umboðsmanns Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Verði síldarverksmiðjur ríkisins að geyma fóðurmjöl fram yfir áramót vegna laga þessara, endurgreiðir ríkissjóður verksmiðjunum vaxtatap, tryggingargjald og útborguð vinnulaun vegna geymslunnar, þannig að verksmiðjurnar séu skaðlausar af.

4. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja fóðurmjöl það, er í 2. gr. getur, komið í skip á verksmiðjuhöfn, við kostnaðarverði, þó eigi yfir samsvarandi verði á erlendum markaði.

Er Búnaðarfélagi Íslands, eða umboðsmanni þess, heimill aðgangur að þeim gögnum verksmiðjanna, sem þurfa þykir til þess að komast að raun um hið rétta kostnaðarverð.

Verði verðbreytingar á fóðurmjöli, sem verksmiðjurnar verða að hafa í sínum vörzlum til næsta árs vegna laga þessara, skal þess gætt við verðlagningu mjöls á því ári, að þær hafi hvorki ábata né skaða af.

Rísi ágreiningur milli stjórnar verksmiðjanna og Búnaðarfélags Íslands um verð fóðurmjöls, leggur landbúnaðarráðherra þar á fullnaðarúrskurð.

Mjölið skal jafnan greitt við móttöku.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að síldarverksmiðjum ríkisins sé eigi skylt að selja fóðurmjöl við kostnaðarverði öðrum en fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum, sveitar- og bæjarfélögum og samvinnufélögum bænda.

Enginn, sem fengið hefir fóðurmjöl samkvæmt lögum þessum, má láta það af hendi nema til notkunar innanlands.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja fóðurmjölið frá verksmiðjuhöfn til þeirra hafna, er skip Eimskipafélags Íslands, strandferðaskip ríkisins og fjarða- og flóabátar, er styrks njóta úr ríkissjóði, koma á.

7. gr.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands hættu á, að eigi komist nægar birgðir af innlendu fóðurmjöli til einstakra héraða áður en samgöngur teppist af hafís, og er ráðherra þá heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélög, að láta flytja mjölið á þær hafnir, sem henta þykir.

Skulu þá sýslu- og bæjarfélög þau, er í hlut eiga, útvega trygga geymslustaði fyrir mjölið og annast varðveizlu þess, ef þörf krefur.

Aukakostnað, er af þessu leiðir, greiði ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóður að hálfu hvor, að svo miklu leyti, sem eigi þykir fært að leggja hann á fóðurmjölið við sölu þess.

8. gr.

Nú vill fóðurbirgðafélag, hreppur eða sýsla tryggja sér kornforða eða annað kjarnfóður með samningi við verzlun um að hún hafi tilteknar kjarnfóðurbirgðir til ráðstöfunar fyrir samningsaðilja á tímabilinu frá 1. desember, eða áramótum, til maímánaðarloka, og greiðir ríkissjóður þá hálfan vaxta- og geymslukostnað þess hluta forðans, sem ekki þarf til að taka á greindum tíma, þó eigi meira en sem svarar 1 kr. fyrir hver 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

Samning og reikningsskil fyrir kostnaði og notkun forðans skal senda ráðuneytinu.

9. gr.

Ráðherra setur, í reglugerð ef þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru lög nr. 44 11. júlí 1911, um samþykktir um heyforðabúr, og lög nr. 73 14. nóv. 1917, um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, úr gildi numin.

Greinargerð.

Með lögum um fóðurtryggingarsjóði var svo ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja fram allt að 75 þús. kr. árlega til fóðurtryggingarsjóða.

Ekki er vitað, að neitt sýslu- eða bæjarfélag hafi gert samþykktir samkvæmt þeim

lögum, og virðast því ekki líkur til, að þau lög komi verulega til framkvæmda, og ná þau þá ekki tilgangi sínum, þó góður sé.

Greind lög víkja ekki heldur að því, sem telja verður höfuðatriði þessa máls, að tryggja það, að jafnan séu til í landinu þær kjarnfóðurtegundir, sem fyrst og fremst koma til álita og þjóðinni verða af viðskiptalegum ástæðum hagfelldastar, en það eru þær fóðurmjölstegundir, sem hægt er að afla innanlands. Það hefir oftsinnis komið fyrir, að skortur hefir orðið á innlendu fóðurmjöli, vegna sölu úr landi áður en til þurfti að taka, og hafa bændur þá orðið að kaupa í þess stað erlent fóður meira en heppilegt var fyrir þá sjálfa og viðskiptajöfnuð landsins.

Er þess og skemmst að minnast, að setja varð skyndilög þegar á haustnóttum um að banna sölu fóðurmjöls úr landi og kaupa óhentugt fóðurmjöl af einkaverksmiðjum, vegna þess að síldarverksmiðjur ríkisins höfðu þegar selt sitt mjöl.

Frv. þetta miðar í fyrsta lagi að því að tryggja, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir af því fóðurmjöli, sem sjálfsagt er að nota svo sem kostur er.

Í öðru lagi miðar frv. að því að tryggja, að mjöl það, sem síldarverksmiðjur ríkisins selja til notkunar innanlands, sé 1. flokks vara til búpeningsfóðurs, en það fer sem kunnugt er ekki að öllu saman við 1. flokks gæði vörunnar til útflutnings.

Og loks miðar frv. að því að tryggja bændum sem hagkvæmust fóðurkaup, með ákvæði um eftirlit af hálfu Búnaðarfélags Íslands um rétt kostnaðarverð frá hendi verksmiðjanna, með ákvæðum um, að ríkissjóður greiði, verksmiðjunum að skaðlausu, vaxtatap og annan útborgaðan kostnað af geymslu mjölsins, og með heimild þeirri, sem veitt er ríkisstjórninni til að greiða úr ríkissjóði flutningsgjald á mjölinu frá verksmiðjuhöfn til viðkomustaða skipa Eimskipafélagsins, strandferðaskipa ríkisins og þeirra fjarða- og flóabáta, sem styrks njóta úr ríkissjóði til útgerðarinnar.

Að því er tekur til strandferðaskipa ríkisins ætti ekki að vera um teljandi kostnaðarauka að ræða, þó heimildin verði notuð. Oft mundi og mega haga svo ferðum varðbáta, að þeir gætu flutt nokkurt mjöl án sérstakra útgjalda. Og væntanlega gætu samningar tekizt við útgerð skipa og báta, er styrks njóta úr ríkissjóði, um mjög lágt flutningsgjald, ef ekki þætti fært að gera það að skilyrði fyrir styrk, að slík útgerð tæki að sér flutninginn aðeins gegn því að fá greiddan framlagðan aukakostnað. Að minnsta kosti mundi löggjafarvaldið eigi á annan kostnaðarminni hátt geta stutt bændur til að afla sér kjarnfóðurbirgða.

Þá eru í frv. ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til sérstakra ráðstafana, ef hætta þykir á, að fóðurmjölsbirgðir teppist inni á verksmiðjuhöfn af hafís, og þykir það eigi þurfa skýringa.

Loks eru tekin upp í frumvarp þetta ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu vaxta og geymslukostnaðar þess korn- eða kjarnfóðurforða, er fóðurbirgðafélög, hreppar eða sýslur vilja tryggja sér. Er það hliðstætt við þau einu ákvæði gildandi laga um samþykktir um kornforðabúr, sem enn eru notuð svo kunnugt sé. En í greindum lögum, sem nú eru orðin 20 ára gömul, eru ýmis þau skilyrði, er krefjast óþarfa umstangs, og hefir torveldað það gagn, sem orðið hefði af ella. Þykir því rétt að breyta þessu til einfaldara fyrirkomulags, en hámarksákvæði um framlag ríkissjóðs eru hin sömu sem nú gilda.

Rétt þykir að nema jafnframt úr gildi lög um samþykktir um heyforðabúr, frá 1911, þar sem eigi er kunnugt um, að þau hafi verið notuð, og eigi líkur til, að svo verði í framtíðinni.

Um kostnað af þeim ráðstöfunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þykir nægja að vísa til þess, sem áður segir, um að eigi muni nema að litlu leyti þurfa til þeirra 75 þúsunda að taka, sem lög um fóðurtryggingarsjóði gera ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram árlega. Og þykir því rétt að nota þá upphæð, sem við það sparast, til þeirrar fóðurtryggingar, sem frv. gerir ráð fyrir. Þykir því ekki ástæða til sérstakrar fjáröflunar fyrir ríkissjóð, þótt frv. þetta verði að lögum.

Nd. 78. Frumvarp til jarðræktarlaga.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna undir umsjón stjórnar félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn krefur) í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf samkvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefir eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skal hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því bætt, og ef miklar sakir eru, skal víkja honum frá starfi.

Greiðslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili. Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

7. gr.

Kjósa skal til búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, svo og um tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Nú kýs Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem hann telur bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð.

II. KAFLI

Um styrk til jarðræktar og húsabóta.

9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir:

I.	a. Þvaggryfjur, alsteyptar úr járnbentri steinsteypu	kr.	10,00 á m^3
	b. — steyptar með vel tyrfðu járnþaki	—	5,50 —
	c. Áburðarhús, alsteypt	—	7,00 —
	d. — steypt með járnþaki	—	5,00 —
	e. — og safnþrær úr öðru efni	—	1,50 —
	f. Haugstæði með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	—	3,00 á m^2
II.	a. Skurðir, dýpt 1 metri og grynnri	—	1,70 á 10 m^3
	b. — dýpt 1 metri til 1,5 metra	—	2,00 —
	c. — dýpt yfir 1,5 metra	—	2,50 —
	d. Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 metri og dýpri	—	2,50 á 10 m
	e. Viðarræsi	—	2,00 —
	f. Hnausaræsi	—	1,00 —
	g. Pípuræsi	—	2,50 —
III.	a. Þaksléttur í nýrækt	kr.	2,00 á 100 m^2
	b. Græðisléttur í nýrækt	—	1,70 —
	c. Sáðsléttur í nýrækt, eins árs jarðvinnsla	—	2,00 —
	d. — í nýrækt, tveggja ára jarðvinnsla	—	2,50 —
	e. — í nýrækt, þriggja ára jarðvinnsla	—	3,00 —
	f. Þaksléttur í túni	—	2,00 —
	g. Græðisléttur í túni	—	1,70 —
	h. Sáðsléttur í túni, eins árs jarðvinnsla	—	2,00 —
	i. — í túni, tveggja ára jarðvinnsla	—	2,50 —
	j. — í túni, þriggja ára jarðvinnsla	—	3,00 —
	k. Fullkomin endurræktun í túni, sem ekki hefir verið unnið samkv. III. d, e, i eða j lið, enda fari endurræktunarstyrkur, að fyrra styrk meðtöldum, eigi fram úr styrk fyrir þriunnar sáðsléttur	—	1,00 —
	l. Matjurtagarðar og sáðreitir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	—	2,00 —
	m. Grjótnám úr sáðreitum og túni	—	1,00 á m^3
IV.	Girðingar um tún og sáðreiti:		
	a. Gaddavírsgirðing fjárheld 1,10 m. og hærri	—	2,00 á 10 m
	b. Vírnetsgirðing, 6 strengja net með 1 gaddavírsstreng	—	2,50 —
	c. — 5 strengja net með 2 gaddavírsstrengjum	—	2,50 —
	d. Girðingar úr öðru efni, fjárheldar	—	2,00 —

V. a. Þurrheyshlöður steyptar með steinþaki eða járnþaki .... kr. 1,50 á m³
b. — úr öðru efni með járnþaki ..... — 0,75 —
c. Votheyshlöður úr járnbentri steinsteypu með járnþaki .. — 5,00 —
d. — úr ójárnbentri steinsteypu með járnþaki ..... — 3,00 —
e. — úr öðru efni með járnþaki ..... — 0,75 —

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en 50 m³ að rúmmáli fyrir neðan ris.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

Þar, sem grjót er verðmætt til sölu, greiðist eigi styrkur fyrir grjótnám.

10. gr.

Af styrk þeim, sem talinn er í 9. gr., renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa.

11. gr.

Nú hefir jörð eigi kúgæfan heyskap af véltæku túni eða áveitulandi, sem svarar fóðurgildi meðaleftirtekju 6 ha. túns að dómi Búnaðarfélags Íslands, og greiðist ábúanda hennar þá 20% uppbót á styrk fyrir framræslu til túnræktar og fyrir sáðsléttur á árunum 1937—1947, þar til náð er greindu marki.

Ákvæði þetta nær aðeins til jarða samkvæmt skilgreiningu 1. greinar ábúðarlaga, nr. 87 19. jan. 1933, og er uppbótin því skilyrði bundin, að allur frágangur verksins, um framræslu og jarðvinnslu og annað, sé fullkominn að dómi Búnaðarfélags Íslands.

12. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

Til byggingar safngryfja og haughúsa allt að kr. 2000,00
og til þurrheyshlöðubygginga kr. 750,00.

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert lögbýli, sem fengið hefir innan við 6000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að kr. 600,00.

Nú hefir býli fengið 6000 krónur í styrk til jarðræktar, og má árshámarkið þá nema allt að 300 krónum.

Hámarksákvæði þessi taka ekki til votheyshlöðubygginga eða framræslu.

Hámarksstyrkur á ári til einstaklinga, er eigi hafa lögbýli til ábúðar og fengið hafa innan við 3000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að 300 krónum.

Hafi maður, sem eigi hefir lögbýli til ábúðar, fengið 3000 kr. í jarðræktarstyrk, má styrkurinn nema allt að 150 kr. á ári.

Nú er jörð skipt í tvö eða fleiri lögbýli, og skiptist þá upphæð þess styrks, er hún hefir fengið samkvæmt 9. og 11. grein, milli býlanna eftir mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um framhaldsstyrk til hvers býlis samkvæmt því mati.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, er þau hafa notið, og veitist þeim síðan styrkur sem eitt býli væri.

13. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til lóða undir hús, fiskreiti eða annars þess, sem ekki á skylt við jarðrækt.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir Búnaðarfélagi Íslands árlegt framlag til kerfisbundinna jarðvegsrannsókna og tilrauna í hverri grein jarðræktarinnar og í þeim jarðvinnsluaðferðum, er þar að lúta, og skal framlag þetta ákveðið í fjárlögum, að fengnum tillögum tilraunaráðs Búnaðarfélags Íslands.

Skal miða reglur um gerð og tilhögun styrkhæfra jarðabóta við niðurstöður tilraunanna, eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

15. gr.

Þeir ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, eða óska eigi að taka ábúð samkvæmt þeim lögum, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr., og reiknast þær þeim til afgjaldsgreiðslu tvöfalt hærra en nemur þeim styrk, er þeim ella bæri eftir 9. og 11. grein.

Með jarðarafgjaldi telst í þessu sambandi afgjald eftir allar landsnytjar og hlunnindi, sem jörðu fylgja, þó metið sé sérstaklega. Um jarðabótastyrk til leiguliða á greindum jörðum fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI
Um félagsræktun.

16. gr.

Rétt eiga menn að stofna félag um:

a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
b. Að útvega íbúum kaupstaða eða kauptúna og sveitaþorpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eigin nota til eignar eða á erfðaleigu.
c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- og c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 17. gr. áskilur þessum félögum, að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar, að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögunum sé veittur sá réttur.

17. gr.

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt þeim tilgangi, er í 16. gr. getur, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkv. ákvæðum 9. gr. þessara laga.

18. gr.

Þeir, er hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 16. grein, skulu á stofnfundi setja því samþykkt.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félagsins, heimilisfang þess og varnarþing.
b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda, skilyrði fyrir lögmæti þeirra og hvenær aðalfund félagsins skuli halda ár hvert.
d. Hvernig stjórn skuli skipuð og vald hennar í félagsmálum, svo og um kosningatilhögun og kjörtímabil.
e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða, ef fengnar eru, svo eigi verði um villzt.
f. Reikninga, bókhald félags og endurskoðun.
g. Sjóðstofnanir og heimildir til lántöku.
h. Ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.

i. Breytingar samþykkta, viðauka þeirra og félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt félags skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.

19. gr.

Ræktunarfélög, stofnuð samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu skrásett. Atvinnumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, hvernig skrásetning skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

20. gr.

Nú er félag stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en nauðsynlegt þykir vegna félagsræktunarinnar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að gera framræsluskurði, eða annað jarðrask á landi jarðar utanfélagsmanns, og skal félaginu þá heimilt að láta vinna verkið, enda fari um framkvæmd þess og bætur eftir ákvæðum vatnalaga.

21. gr.

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 16. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og getur hún þá fyrir hönd hreppsins krafizt forkaupsréttar á löndunum, á sama hátt og lög mæla fyrir um forkaupsrétt á jörðum.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt að því er tekur til ræktunarlanda innan lögsagnarumdæmis kaupstaðar.

IV. KAFLI

Um verkfærakaupasjóð.

22. gr.

Greiða skal árlega úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðs kr. 80000,00. Upphæð þessi skiptist milli allra hreppabúnaðarfélaga, að hálfu eftir lögbýlafjölda og að hálfu eftir tölu jarðabótamanna í búnaðarfélögunum ár hvert.

Sú upphæð, er sjóði hvers hreppsbúnaðarfélags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera séreign hvers félags.

23. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum til að eignast vélar og verkfæri, sem í 1.—4. lið 24. gr. getur. Heimilt er og að veita kvenfélögum styrk úr sjóðnum til kaupa á áhöldum, sem tilgreind eru í 3. lið 24. gr.

24. gr.

Heimilt er að leggja fram fé úr sjóðnum til kaupa á:

1. Hestaverkfærum til jarðyrkju, forardælum, verkfærum til grjótnáms, svo og vélum og verkfærum vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélum, svo sem sláttuvélum, rakstrarvélum, snúnings- og múgavélum.
3. Tóvinnuvélum til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélum, prjónavélum og vefstólum.
4. Dráttarvélum með tilheyrandi verkfærum, svo og minni skurðgröfum.

Styrkurinn nemi allt að helmingi af kaupverði þeirra verkfæra, er talin eru í 1. og 2. tölulið þessarar greinar, en allt að ⅓ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 3. og 4. tölulið.

Skulu þeir bændur jafnan ganga fyrir um styrkveitingu, sem áður hafa fengið minnstan styrk.

25. gr.

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi.

Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félaginu nauðsynleg.
2. Að áður sé fullnægt beiðnum um styrk á þeim verkfærum, er í 1.—3. lið 24. gr. getur.
3. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
4. Að félagið tryggi sér nauðsynleg hús yfir áhöldin, starfræki þau og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

26. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem ritar þær, ásamt áliti sínu, í gerðabók félagsins, og sendir þær svo, ásamt umsögn sinni, til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

27. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að veita þeim búnaðarfélögum, er þess hafa sérstaklega þörf, lán úr sjóðnum til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin skulu að fullu endurgreidd á næstu tveim árum.

28. gr.

Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annast Búnaðarfélag Íslands, og lætur það hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um vélasjóð.

29. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélar og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

30. gr.

Ríkið greiði vélasjóði nú þegar 50000 krónur.

Skoðast þetta sem stofnfé sjóðsins, ásamt núverandi eignum hans.

Auk þess greiðir ríkissjóður vélasjóði rekstrarframlag, sem ákveðið skal árlega í fjárlögum.

31. gr.

Heimilt er að verja nokkru af stofnfé sjóðsins til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Því, sem ekki er varið til útlána af stofnfé sjóðsins, skal einungis varið til kaupa á vélum þeim, sem í 29. gr. getur, og til starfrækslu þeirra, meðan tilraunir standa yfir.

32. gr.

Kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna skulu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Nú reynist skurðgrafa nothæf, og skal þá ríkissjóður kaupa hana af vélasjóði.

33. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins, en atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands annast kaup á vélum og skurðgröfum fyrir vélasjóð og sér um, að þær verði reyndar til hlítar.

34. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, 4. og 8. kafla, hefir rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og felur Búnaðarfélagi Íslands umsjón með rekstri og viðhaldi þeirra.

35. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$, en $\frac{2}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, eða útvega, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, njóta ekki styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

36. gr.

Allar nothæfar vélar sjóðsins, aðrar en þær, er í 32. gr. getur, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

37. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

VI. KAFLI
Um búferlaflutning.

38. gr.

Búnaðarfélag Íslands felur trúnaðarmönnum sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í sérstaklega mikilli hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum, eða eru sérlega óhægar til búrekstrar.

39. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd og sýslunefnd til umsagnar. Leita skal og umsagnar vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra um, hvort æskilegt megi telja, að byggð sé haldið við á jörðum þessum vegna gistingar fyrir ferðamenn, eða síma- eða vegaeftirlits.

40. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti þeirra aðilja, er í 39. gr. getur, að jörð eða býli geti ekki talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir ráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkv. II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

Ekki má þó svipta jörð ræktunarstyrk gegn tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar.

41. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk samkvæmt 40. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, er honum rétt að láta úttektarmenn meta hús hans á jörðinni til söluverðs. Nú reynist mat þetta undir fasteignamatsverði húsanna, og greiðir ríkissjóður þá ábúanda verðmuninn. Vilji ábúandi reisa nýbýli, skal ríkissjóður og gefa honum kost á nægilegu landi, að dómi Búnaðarfélags Íslands, til afgjaldslausrar lífstíðarábúðar.

Nú fellur ábúandinn eða ekkja hans frá innan 30 ára frá því, er hann tók nýbýlislandið til ábúðar, og skal þá sá niðji hans eða erfingi, er tekur við ábúð þess, hafa landið afgjaldslaust það sem eftir er tímans.

Að öðru leyti fer um ábúð og leigu á landinu eftir lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

VII. KAFLI
Um erfðaleigulönd.

42. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök sveitarfélög, skulu áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða í opinberri eign, sem leigðar hafa verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

43. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að áliti þeirra liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, og eigi eru líkur til, að á þurfi að halda til byggingarlóða eða annara framkvæmda en ræktunar. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfélag Íslands tiltekur.

44. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er í 43. gr. getur, gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vega og framræslukerfis (vatnsæða) og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

45. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til þeirra afnota, og skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið.

Nú takast ekki samningar um kaup eða leigu á landinu, og getur ráðuneytið þá veitt bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimild til að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands telur það nauðsynlegt og mælir með því. Fer um

framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Nú er landið í öðrum hreppi, eða utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og verður það þá ekki tekið eignarnámi án samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar, nema sérstök lagaheimild komi til.

46. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 45. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi eða ábúandi hefir ræktað, né til þess lands, sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar, eigi heldur til þess hluta af óræktuðu en ræktanlegu landi, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands er eiganda eða ábúanda nauðsynlegt að taka til ræktunar, svo tryggð sé aðstaða þeirra til búrekstrar framvegis á jörðinni.

Eigi nær eignarnámsheimildin heldur til þess lands, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

47. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 45. gr., skulu seld á erfðaleigu. Þegar leigusamningur er gerður, skulu metin þau verðmæti, er leigusali á í leigulandi og umbótum á því, þegar það er afhent leigutaka, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands matið. Skal árgjald vera 3% af afgjaldsskyldu verðmæti leigusala á landinu. Nú gerir leigusali síðar umbætur á því á sinn kostnað, og má hann þá leggja á leigutaka árlegt mannvirkjagjald, er má nema allt að 5% af matsverði mannvirkjanna.

Með umbótum á landi teljast í þessu efni girðingar, framræsluskurðir og önnur mannvirki vegna ræktunarinnar, að svo miklu leyti sem leigutaki hefir þeirra not, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Réttur til erfðaleiguábúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafli 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt, með þeim takmörkunum, er segir í lögum þessum.

48. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu, eða tilvísun í tölumerki á uppdrætti í vörzlum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 47. gr., þegar landið er leigt.
4. Um réttindi og skyldur leiguhafa samkvæmt 49.—52. gr. laga þessara.

49. gr.

Í erfðaleigusamningi, samkvæmt 47. og 48. gr., skal áskilið, að leiguhafa sé skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti, ef nota þarf landið undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sundurskiptingar í byggingarlóðir, til fiskreita eða annars atvinnurekstrar en ræktunar. En greiða skal þá leiguhafa fyrir leiguréttindi sín, svo og fyrir kostnað hans við ræktun og mannvirki á landinu, að frádreginni fyrningu, og skal hvorttveggja fara eftir mati, nema öðruvísi semji.

Nú krefst ríki eða leigusali meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur leiguhafi þá krafizt, að allt landið verði tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

50. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 48. og 49. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðbinda leigulandið fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu.

51. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé a. m. k. tíundi hluti ræktunarmannvirkjanna unninn á ári hverju að meðaltali, nema gildar ástæður hamli, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, enda greiði leigusali þá leiguhafa helming af framlögðum ræktunarkostnaði eftir mati, að frádreginni fyrningu.

52. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglur um framræslu og viðhald ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, og er leiguhafa skylt að fylgja þeim. Nú vanrækir leiguhafi að fylgja settum reglum í þessu efni, og getur leigusali þá látið bæta úr því á kostnað leiguhafa, ef honum þykir nauðsynlegt vegna afnota annara af nærliggjandi leigulöndum. Gjöld, er af því leiðir, má taka lögtaki.

53. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er ráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

54. gr.

Sá, er segir Búnaðarfélagi Íslands eða trúnaðarmanni þess vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær reglur, er honum eru settar í erindisbréfi vegna þessara laga, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

55. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin jarðræktarlög nr. 101 23. júní 1936, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir að aðalefni til verið flutt á undanfarandi þingum.

Jarðræktarlögin voru upphaflega til þess sett að auka þjóðarauðinn með nýju landnámi og jafna aðstöðumuninn í atvinnulífi þjóðarinnar.

Aðrar aðalatvinnugreinar þjóðlífsins, sjávarútvegur og iðnaður, höfðu þá öðlazt aðstöðu til þess að færa sér í nyt þá stórauknu tækni, sem aðrar þjóðir höfðu aflað sér í þeim atvinnugreinum. Þær gátu því þá ekki aðeins veitt þeim atvinnurekendum sjálfum meiri tekjur og arð til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, heldur og greitt starfsfólkinu hærri laun, a. m. k. að krónutali. Hinsvegar höfðu sveitirnar

nær enga aðstöðu til þess að taka vélar og nýtízkutækni í sína þjónustu, vegna þess að landið var í rauninni ónumið í nútíma skilningi. En það hefir hvergi annarsstaðar tekizt einni og sömu kynslóð að nema land að fullu, þ. e. að gera hvorttveggja samtímis að rækta landið og reisa þar nauðsynleg hús við hæfi nútímans án opinberrar aðstoðar. Í margra augum gáfu þær atvinnugreinir, sem reknar voru í margmenninu, einnig af öðrum ástæðum glæsilegri vonir um bætt lífskjör.

Þessi stórfelldi aðstöðumunur landbúnaðarins gagnvart öðrum atvinnugreinum stefndi því beint til þess, að landbúnaðinum blæddi út.

Manntalið frá 1920 sýndi ljóslega, hvert stefndi, því að þá hafði búendum og öðrum framfærendum af landbúnaði fækkað úr 20819 manns 1910 um 5448 manns, niður í 15371, eða um fullan ¼ á einum áratug, að búendum í bæjum og kauptúnum meðtöldum.

Sveitabændum og því fólki, sem í sveitum lifir, fækkaði að vísu eigi svo ört. Árið 1910 eru 57719 manns, eða 67,8% af landsfólkinu, í sveitum, en 1920 eru þar 54245 manns, eða 57% af þjóðinni, og er því hlutfallsleg fækkun sveitafólksins tæpur sjöttungur.

Þetta sýnir, að bændum og öðrum framfærendum af landbúnaði hefir á þessu árabili mest fækkað í bæjum og kauptúnum, eða meðal þeirra, sem áttu hægast um valið milli landbúnaðar og annara atvinnugreina.

Hinsvegar hefir tryggðin til föðurtúna og óhægari aðstaða til umskipta haldið sveitabændunum betur við sinn fyrri atvinnuveg.

Árið 1930 hefir búendum og öðrum framfærendum af landbúnaði fjölgað aftur upp í 17459 manns, eða um 2088 manns frá 1920. Hinsvegar hefir mannfjöldi í sveitum minnkað úr 54245 niður í 50475, eða um 3770 manns á sama tímabili.

Sýnir það ekki aðeins, hve þeir menn, sem landbúnað stunda, hafa orðið að draga við sig launað starfsfólk, heldur og, að þessi fjölgun framfærenda af landbúnaði er mestöll í bæjum og kauptúnum, og munu flestir þeirra þá styðjast við önnur störf jafnframt, svo sem daglaunavinnu og fiskveiðar.

Ef treysta má því, er segir í greinargerð fyrir frv. til núgildandi jarðræktarlaga, þá hefir styrkur samkv. II. kafla jarðræktarlaganna, árin 1924—1934, numið í sveitum og smáþorpum um 3,4 milljónum samtals. Á sama tíma hefir styrkur fyrir jarðabætur í öðrum kauptúnum og í kaupstöðunum numið alls um 660 þús. kr., eða um 19,4% af öllum styrk til sveitanna og smáþorpanna.

Að því er næst verður komizt er túnastærð kaupstaða og kauptúna um 3600 ha., eða um 11¼% af allri túnastærð landsins. En þar af hafa um 2500 ha., eða um 69,4%, verið ræktaðir síðan jarðræktarlögin 1923 gengu í gildi.

Öll nýrækt landsmanna á þessu tímabili er um 10400 ha., en þar af er um 25% í kaupstöðum og kauptúnum. Kemur þá í ljós, að nýræktin, sem er 69,4% af túnastærð kaupstaða, er aðeins 7900 ha., eða 27,8% af allri túnastærð í sveitum.

Virðist mega draga af þessu þá ályktun, að **jarðræktarstyrkurinn hafi valdið meiri straumhvörfum í ræktun til sjávar en sveita,** og því komið framfærendum af landbúnaði í kaupstöðum og kauptúnum að tiltölulega enn meiri notum en sveitabændum yfirleitt. Liggja til þess ýmsar orsakir: Hægari markaðsaðstaða, og aðstaða um leiðbeiningar og félagsstarf, og þó einkum stór aðstöðumunur um notkun vinnuvéla og vinnukraft, og um tekjur af annari atvinnu.

Hin mikla ræktun út frá bæjum og þorpum hefir aukið þjóðarauðinn og bætt lífskjör fjölda manna við sjávarsíðuna að miklum mun, einkum nú á kreppuárunum. En ef ræktunin hefði vaxið tiltölulega jafnmikið til sveita og við sjó, ætti túnasléttuninni að vera nálega lokið og nýræktin meira en tvöföld við það, sem hún nú er.

Það er þá ljóst, að **sveitirnar hafa ekki haft fjárhagslega aðstöðu til þess að nota sér almennt jarðræktarstyrkinn að tiltölu við kaupstaði og kauptún.** Með jarðræktarlögunum hefir að vísu tekizt að draga mjög úr þeirri blæðingu sveitanna, sem orðið hefði ella. En það hefir ekki tekizt að stöðva þá blæðingu. Enn er árleg mannfækkun í sveitunum, þrátt fyrir mikla mannfjölgun þjóðarinnar allrar.

Hversu sjávarþorp og kaupstaðir eru við því búnir að taka við fólksfjölgun frá sveitunum, auk sinnar eigin eðlilegu fjölgunar, má m. a. ráða af hinum síhækkandi atvinnuleysingjaskýrslum. Og þótt þar sé um ýmsa möguleika að ræða til aukningar í iðnaði og sumum greinum sjávarútvegs, þá mun þykja allvel á haldið, ef sú aukning gerir meira en að veita þeim mönnum, er þar vaxa upp árlega til viðbótar, nægilega atvinnu.

Vegna sjálfra bæjanna og kauptúnanna og vegna þjóðarheildarinnar allrar þarf því að vinna kappsamlegar, eigi aðeins að því, að blæðing sveitanna stöðvist, heldur og að þær fái haldið sem mestu af því fólki, sem þar vex upp. En til þess þarf sú framleiðsla, sem þar er stunduð, fyrst og fremst að geta borið full vinnulaun, bæði framleiðendum sjálfum og starfsfólki þeirra. Til þess eru tvær leiðir. Önnur er verðhækkun afurðanna. Hin er **lækkun framleiðslukostnaðar.** Eftir þessum leiðum báðum þarf að stefna að markinu. Og mun þá hin síðari meira á voru valdi og öruggari til frambúðar.

Ef litið er á nauðsyn þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarafurða, verður kostnaðurinn við öflun heyjanna fyrst fyrir augum. Verður þá ekki komizt framhjá þeirri staðreynd, að heyöflun á ræktuðu landi gefur eigi þann arð yfirleitt, er svari fullum vinnulaunum við heyskap og hirðingu búfjár. Er það staðfest af þeirri reynslu, að fjöldi bænda, jafnvel á allstórum jörðum, neyðist til að vera einyrkjar allt árið, af því að búskapurinn fær á engan veg borið sig ella. Af búreikningum, sem búreikningaskrifstofa ríkisins hefir haft til meðferðar úr einu af hinum beztu útheyskaparhéruðum landsins, kemur í ljós, hver munur er á vinnukostnaði við heyöflun á túni og útslægjum jafnvel í góðsveitunum. Samkvæmt þeim búreikningum hefir vinnukostnaður á heyhest (100 kg.) verið þessi af meðaltali:

	1933	1934
Taða	kr. 2,26	2,49
Úthey	— 2,61	2,81

Ef gert er ráð fyrir, að 3 útheyshestar séu að fóðurgildi á móti hverjum 2 töðuhestum, þá verður vinnukostnaður á sama fóðurgildi rúmlega 70% meiri á útslægjum en túni. Mun það láta nærri almennt, þegar flæðiengjar og aðrar afburðaslægjur eru frá teknar. En á fjölda jarða verður munur á fóðurgildi og vinnukostnaðarmunur enn meiri, þó þess sé ekki gætt, hve afurðir búfjárins eru yfirleitt miklu tryggari með töðugjöf.

Ræktunin verður því stórlega að aukast, og hinn lakari útslægjuheyskapur að minnka eða hverfa að sama skapi.

Öll tún á landinu eru talin 32000 ha. Þar af 3600 ha. í kaupstöðum, en 28400 ha. í sveitum. Þar sem um 70% af kaupstaðatúnum eru nýrækt og þar er minna horft í áburðarkaupin, má þar gera ráð fyrir meiri uppskeru. Og mun því töðufall af sveitatúnum ekki ná 1 milljón hestburða alls, miðað við búnaðarskýrslur frá árinu 1935.

Allur útheyskapur landsmanna er nú um 1 milljón hestburða, og er sá heyskapur allur í sveitunum. Mun það vel í lagt, að fjórðungur þess heymagns sé af áveituengjum, eða öðrum engjum svo grasgóðum, að arð gefi fram yfir vinnulaun. Þá eru eftir 750 þúsund hestburðir heys af svo lélegum slægjum, að engan arð gefa, og jafnvel tap, ef vinna þarf að þeirri heyöflun með aðkeyptum vinnukrafti.

Um s. l. aldamót mun túnastærð á landinu hafa verið um 17800 ha. Jarðabótaskýrslur bera með sér, að um 9400 ha., eða meira en helmingur þeirra túna, er til voru um aldamót, eru enn ósléttuð. Nokkuð af þeim túnum er að vísu slétt frá náttúrunnar hendi. En fullyrða má, að eigi sé minna af fyrstu túnasléttum aldarinnar orðið þýft aftur. Veldur þar um ónóg framræsla og eðlileg vankunnátta í byrjun um vinnsluaðferðir og viðhald.

Um s. l. aldamót er meðaltöðufengur talinn um 30 hestburðir af ha., og mun sízt að vænta meiri töðufengs almennt af þeim hluta túnanna, sem enn er þýfður, þótt

meðaleftirtekja af öllum túnum landsins sé nú um 40 hestburðir af ha. Verður eftirtekjan af þýfðu túnunum þá um 280 þús. hestburðir alls.

Nú mun mjög orka tvímælis, hvort þessi hluti túnanna gefur arð, ef miðað er að öllu við aðkeypta vinnu. Skársta túnþýfið mun gefa arð sem svarar vinnulaunum, en hið lakara ekki, ef allur kostnaður er með talinn.

Af þeim 2 milljónum heyhesta, sem aflað er árlega í sveitum landsins, er þá um **1 milljón hesta, eða helmingur, fenginn af lélegum útslægjum og þýfðu túni, sem vart borgar full vinnulaun,** miðað við aðkeyptan vinnukraft.

Fullt kaup fyrir vinnu sína fær þá meðalbóndinn og skyldulið hans aðeins meðan verið er að nytja það af túnunum, sem fullræktað er. En um helming allra heyja og meira verður meðalbóndinn að afla með undirmálskaupi fyrir sjálfan sig og skyldulið sitt. Má það ljóst vera, að framleiðslukostnaður fær eigi lækkað meðan svo er. Eitt hið allra fyrsta, sem vinna þarf að, er því að auka það land, sem gefur full vinnulaun. Er þá fyrst fyrir að fullsléttа túnin, sem þegar eru til.

Með núgildandi jarðræktarlögum er í þessu efni sporið stigið aftur á bak, þar sem styrkurinn fyrir túnasléttur er lækkaður, jafnvel hjá þeim, sem minnst hafa áður ræktað og versta hafa aðstöðu. Úr þessu er hin mesta nauðsyn að bæta nú þegar. Og er það ein ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt.

Hér er því lagt til, að styrkur fyrir allar sæmilega vandaðar túnasléttur verði eigi lægri en hann áður var, og jafnframt gert ráð fyrir hækkun frá því, sem var áður, á styrk á fullunnar og vandaðar sáðsléttur, en styrkur fyrir sáðsléttur með eins árs jarðvinnslu aftur lækkaður að sama skapi. Sú reynsla er m. a. staðfest af hinum merku tilraunum Ræktunarfélags Norðurlands, að sáðsléttur gefa stórum mun betri arð en aðrar sléttur. Sýna **tilraunir Ólafs Jónssonar** í Ræktunarstöðinni við Akureyri, að með sama áburðarmagni gefur sáðslétta úr óræktarmóa ⅓ meiri eftirtekju en þakslétta og ⅙ meira en græðislétta á 2.—4. ári, ef notaður er tilbúinn áburður, en tæpum ⅔ meira en þakslétta og rúmum ⅔ meira en græðislétta, ef venjulegur áburður er notaður. Sáðslétta úr túnþýfi gefur hinsvegar með tilbúnum áburði 3/11 meiri uppskeru en þakslétta og tæplega 1/11 meira en græðislétta á 2.—4. ári með sama áburði. Með venjulegum áburði gerir sáðsléttan ¼ betur en þaksléttan og ⅜ betur en græðisléttan, þó í túni sé.

Kostnaðarmunur er hinsvegar allverulegur á sáðsléttu og græðisléttu, og er því lagt til, að nokkur hluti þess aukakostnaðar komi fram í styrk, þegar um sáðsléttur með þriggja ára jarðvinnslu er að ræða.

Því meiri arð gefur ræktunin, því betur endist hún og því minni er áburðarþörfin, sem framræslan er meiri og jörðin oftar unnin. En hingað til hefir enginn munur verið á gerður í styrk, hvort um eins árs eða fleiri ára jarðvinnslu á sáðsléttu væri að ræða. Þetta er hvorki sanngjarnt né heppilegt fyrir ræktun landsins. Er því lagt til, að styrkurinn fari stighækkandi fyrir hverja ársjarðvinnslu. Má þá sá í flagið höfrum eða byggi meðan á ræktuninni stendur, eða rófum eða jarðeplum, og ætti þá matjurtagarðastyrkur að fást strax, en afgangurinn þegar sáðsléttan er fullunnin.

Menn gætu litið svo á, að þar sem sýndir eru þvílíkir yfirburðir sáðsléttuaðferðarinnar fram yfir aðrar sléttunaraðferðir, þá beri eingöngu að styrkja þá aðferð. Þetta er þó eigi lagt til. Í töðugóðum túnum og beztu valllendismóum smáþýfðum getur græðisléttunaraðferðin átt rétt á sér, einkum meðan menn hafa eigi almennt vanizt sáðsléttunaraðferðinni til hlítar.

Jafnvel þaksléttunaraðferðin getur sumstaðar komið til greina, þegar hægt er að vinna að ofanafristunni af heimilismönnum á þeim tíma, er ekkert annað kallar að og annari jarðræktarvinnu verður ekki við komið. Er því lagt til, að fyrir hana verði veittur sami styrkur sem veittur var eftir eldri jarðræktarlögunum.

Hinsvegar þykir sjálfsagt að örva menn sem mest til að gera vandaðar sáðsléttur,

með því að sú vinnsluaðferð á án efa framtíðina fyrir sér, eigi sízt er oss lærist betur að nota sáðskipti eins og aðrar þjóðir.

Jafnframt þykir réttmætt að veita þeim bændum, sem áður hafa notað ódýrari túnasléttunaraðferð og því ekki náð fullum árangri af ræktuninni, styrk til að endurbæta tún sín með fullkominni **endurræktun.** Er því lagt til að veita styrk fyrir slíka endurræktun, svo að sá styrkur ásamt fyrri styrk nemi samtals þeim styrk, sem er veittur fyrir sáðsléttur.

En jafnhliða því, sem frv. þetta gerir ráð fyrir hækkun á styrk fyrir túnasléttun upp í það, sem áður var, og meiri hækkun fyrir vönduðustu sáðsléttunar, er hér stefnt að því að skapa **straumhvörf í ræktunarframkvæmdum á þeim býlum, þar sem ræktunin er skemmst komin.** Er því lagt til, að á næstu 10 árum verði veittur 20% viðbótarstyrkur fyrir vandaðar sáðsléttur til þeirra býla, er hafa minni kúgæfan heyskap af véltæku túni eða áveituengi en sem svarar meðaleftirtekju af 6 ha. túni, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Enn er ræktun sveitanna eigi lengra komið en svo, að í flestum sauðfjársveitum a. m. k. mundi það kallast meðaljörð, er hefði 6 ha., eða 19 dagsláttna fullræktað véltækt tún, og nægilegt beitiland, þó aðrar slægjur væru lítilfjörlegar eða litlar. Er því með þessu ákvæði að því stefnt, að hvert byggilegt kot fái orðið að meðaljörð, eftir þeim mælikvarða, sem nú er víðast, en njóti síðan venjulegs styrks til frekari umbóta.

Er þá til þess ætlazt, að er bóndinn fær aflað þessara kúgæfu heyja af véltæku landi, þá gefi heyskapurinn honum meiri tíma afgangs til framhaldsræktunar. Verður sú ræktun þá frekar unnin í heimavinnu manna og hesta, svo að sá áfanginn ætti að verða bóndanum léttari, sem eftir er þangað til hann getur framfleytt öllum þeim búpeningi, er fjölskylda hans þarf til framfæris, á heyjum af véltæku landi. En að því verður að stefna, að svo verði sem víðast.

Ýmsir munu líta svo á, sem réttara mundi að miða þennan viðbótarstyrk við fóðurþörf ákveðinnar tölu búpenings á hverjum stað, en hún er sem vitað er mjög misjöfn í héruðum og jafnvel í sömu sveit.

En hvorttveggja er, að vandhæfi mundi á að setja um það reglu fyrir hvert býli, þar sem jafnan „veldur hver á heldur" og að oft hafa hinar beztu beitarjarðir og fóðurléttustu þá galla, er vega þar fullkomlega á móti, svo sem erfiðari fénaðarferð, lakari aðstöðu til samgangna og þar af leiðandi einhæfari markaðsskilyrði.

Hinsvegar eru jarðsæld og góðir landkostir svo mikil verðmæti, að rétt er að veita mönnum aðstöðu til að nota þau gæði landsins sem önnur. Og hefir því þótt réttmætt og raunar sjálfsagt mál, að landkostasveitirnar fram til fjalla og úti á annesjum fengju a. m. k. að þessu leyti sama rétt til að njóta sinna gæða sem þær sveitir, er meira hafa úr býtum borið í vegaframlögum og annari aðstöðu.

Fela verður túnaðarmönnum að gera jafnóðum og þarf þær mælingar, er leiðir af þessu ákvæði, þar til fullkomnar túnamælingar hafa fram farið.

Næst þegar túnamælingar fara fram þarf og að mæla fyrir nauðsynlegri framræslu túna og bezta túnefnis, og jafnframt þurfa uppdrættirnir að sýna í aðaldráttum jarðvegsástand túnanna, svo að hafa megi til stuðnings við jarðræktarleiðbeiningar. En allt þetta er svo mikið mál og krefst svo mikils undirbúnings, að eigi þykir fært að bera fram um það frv. að þessu sinni.

En um leið og styrkur til ræktunar er hækkaður þykir ekki verða hjá því komizt að lækka nokkuð **árshámark ræktunarstyrks** til hvers býlis. Er þó **styrkur til framræslu og votheyshlöðubygginga undanþeginn hámarksákvæðum,** svo að framræslukostnaðurinn fæli menn síður frá að taka frjóefnaríkasta landið til ræktunar og til að jafna aðstöðu milli jarða, er hafa mismunandi framræsluþörf, og að því er

tekur til votheyshlöðubygginga að skapa eigi misrétti milli héraða, er hafa mjög ólíka þörf fyrir votheyshlöður vegna veðráttu.

Þá hefir og þótt rétt að setja með hámarksákvæðum o. fl. **skorður við því, að um of þrengist um ræktunarlönd fyrir verkamenn í kaupstöðum** vegna þess, að einstakir menn leggi þar undir sig of stór ræktunarlönd.

Áburðurinn er grundvallarskilyrði allrar ræktunar. Hina brýnu áburðarþörf má nokkuð marka af því, að þrátt fyrir viðskiptahömlur og gjaldeyrisvandræði hefir innfluttur áburður numið um 500 þús. kr. hin síðari ár, og mun þó áburðarþörfinni alls ekki hafa verið fullnægt sem vera þurfti, ef fé hefði verið fyrir hendi til meiri áburðarkaupa.

Þessi áburðarkaup gætu hinsvegar minnkað að mun, ef hirðing heimafengins áburðar kæmist í það lag, sem vera á, því að búfénaðurinn framleiðir næga fosfórsýru og kalí til viðhalds allri þeirri ræktun, sem nú er í landinu, og ⅔ þess köfnunarefnis, sem ræktun landsmanna þarfnast.

Geymslurúm fyrir nautpeningsáburð landsmanna hefir verið varlega áætlað um 300000 m.³ og fyrir annan áburð er áætlað, að þurfi um 60000 m.³, eða 360000 m.³ samtals, og mun sízt of í lagt. Þar af hefir í árslok 1935 verið byggt um 140000 m.³, eða um 38,8% af því, sem nú þarf.

En þess ber að gæta, að í þessu efni hafa sumar sýslur dregizt mjög aftur úr, svo að 8 sýslur eru fyrir neðan 20%, og ein jafnvel neðan við 10%.

Þótt sýnt sé, hver þörf er bráðra umbóta í þessu efni, þykir samt eigi fært að þessu sinni að hækka styrk fyrir aðrar áburðargeymslur en safnþrær, og er hann hækkaður í frv. þessu um kr. 0,50 — kr. 1,50 á m.³ eftir gerð.

Í fáu er ræktun vorri eins tilfinnanlega ábótt sem um nægilega **framræslu.** Áburðurinn og frjóefni jarðvegsins sjálfs notast því illa. Töðufall og fóðurgildi verður miklum mun minna, og jarðabæturnar endast verr.

Árin 1921—1933 hefir aðeins 28,5% af nýræktinni verið framræst, og af öllu ræktuðu landi er aðeins um 7% ræst fram. Svo rammt kveður að víða, að allmikill hluti töðunnar getur ekki talizt kúgæft afurðafóður, vegna ónógrar framræslu.

Á þennan lið ræktunarinnar verður því að leggja hina mestu áherzlu. Og það því fremur, sem íslenzkt mýrlendi hefir að dómi kunnáttumanna ýmsa mikilsverða kosti til ræktunar fram yfir mýrlendi nágrannalandanna, sem svo miklu er kostað til framræslu á. Í jarðvegsdjúpu mýrlendi eigum vér það ræktunarland, sem minnstu þarf að kosta til áburðar á, ef nógu vel er ræst fram.

Er því í frv. þessu lagt til, að styrkur fyrir opna skurði verði hækkaður um 50 aura á hverja 10 m.³ og styrkur fyrir lokræsi um 30—80 aura á hverja 10 m. eftir gerð.

Vegna hinnar brýnu nauðsynjar landsmanna að verða sjálffærir um framleiðslu garðávaxta, hefir þótt rétt að hækka styrk fyrir **matjurtagarða** um 20 aura á hverja 100 m.² Og til að ýta undir menn um **kornyrkjutilraunir** er öðrum sáðreitum ætlaður sami styrkur.

Eigi þykir rétt að sleppa allri flokkun **girðinga,** svo sem gert er í gildandi jarðræktarlögum. Munu netgirðingar með 1—2 strengjum yfir vera um fimmtungi dýrari en venjulegar gaddavírsgirðingar, þó þeim sé nú ætlaður sami styrkur. Er gaddavírnum þar gert of hátt undir höfði samanborið við kostnað, og eigi síður ef litið er á þær girðingar frá sjónarmiði mannúðarinnar, þar sem fénaður fer mikið um. Hefir því þótt rétt að miða styrkveitingu fyrir þessar tvær gerðir girðinga meir við stofnkostnað en gert er nú í lögum, og er því styrkur fyrir vírnetsgirðingar færður í frv. þessu upp í það, sem hann var áður en hin nýju jarðræktarlög voru sett.

Fátt léttir meir starf einyrkjans vetur og sumar en **hlöður** yfir heyfenginn. Og í vangæfri heyskapartíð geta hlöður yfir þurrhey og votheý verið bjargráð.

Hér er því lagt til, að styrkur fyrir **þurrheyshlöður** sé hækkaður um 25—50 aura á m.^{3} og fyrir steyptar **votheyshlöður** ójárnbentar um 50 aura á m.^{3}, en allmiklu meira, ef um vönduðustu gerð er að ræða.

Jafnframt er lagt til, að á vel gerðar **votheyshlöður úr öðru efni** sé og veittur nokkur styrkur. Getur verið rétt að styrkja þá gerð votheystófta, þar sem eigi hafa enn verið tök á að skipa svo vel peningshúsum sem nauðsynlegt er, svo og þar sem illt er um steypuefni, eða efnahagur leyfir eigi dýrari gerð.

Með því að eigi hafa á undanförnum þingum fengizt samþykkt lög um alhliða tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, er lagt til í þessu frv., að lögbundið verði **árlegt framlag til Bf. Ísl. til kerfisbundinna jarðvegsrannsókna og tilrauna** í hverri grein jarðræktarinnar og í þeim jarðvinnsluaðferðum, er þar að lúta, og séu reglur um gerð og tilhögun styrkhæfra jarðabóta miðaðar við niðurstöður tilraunanna á hverjum tíma.

Eru framhaldstilraunir í þessu efni svo mikið grundvallaratriði í ræktunarmálum landsins, að sjálfsagt þykir, að sett séu ákvæði um þetta í jarðræktarlögum, meðan eigi fást sett lög um alhliða tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Þá eru í þessu frv. numin burtu þau ákvæði gildandi jarðræktarlaga, sem skerða sjálfsforræði Búnaðarfél. Íslands. Ennfremur þau ákvæði II. kafla laganna, er mestri óánægju valda meðal bændanna, svo sem **kvaðir á jarðeignum.** Þykir þetta eigi þurfa skýringa.

Í frv. þessu eru nokkru fyllri ákvæði um **félagsræktun** en nú eru í lögum. Ennfremur um **verkfærakaupasjóð og vélasjóð.**

Reynt er í frv. þessu að **tryggja betur áhrifarétt sveitar- og héraðsstjórna** um, hvort jörð skuli svipt jarðræktarstyrk.

Loks eru í frv. sett ýmis ákvæði um **erfðaleigulönd,** til samræmis við þá reynslu, sem fengizt hefir hin síðustu ár.

Flm. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til samvinnu um öflun tekna, eða sparnað á öðrum útgjöldum ríkissjóðs, til móts við þann útgjaldaauka, er tillögur frv. hafa í för með sér.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um I. kafla.

Um 1.—8. gr.

Við kafla þennan eru gerðar þær breytingar, sem samþykktar voru einróma á síðasta búnaðarþingi, og þurfa þær væntanlega ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Til gleggra yfirlits yfir þær breytingar á jarðræktarstyrk, er felast í frv. þessu frá því, sem nú er eða áður hefir verið, er hér gerður samanburður á styrk fyrir einstakar ræktunarframkvæmdir samkvæmt eldri jarðræktarlögunum og þeim, er nú gilda, og samkv. tillögum frv.

Er í tillögum þessum að mestu fylgt frv. 1. flutningsmanns á undanförnum þingum (sjá Alþt. 1936, A. þskj. 40, bls. 264—269), en meiri hluti búnaðarþings bar svipaðar tillögur fram á síðasta búnaðarþingi.

Samanburður á styrk samkv. eldri jarðræktarlögum og þeim, er nú gilda, og samkv. tillögum frv.

	Eftir eldri jarðr.lögum	Eftir þeim lögum er nú gilda	Eftir frv.
I. a. Þvaggryfjur alsteyptar úr járnbentri steinsteypu	7,50 á m^3	8,50 á m^3	10,00 á m^3
b. — steyptar með vel tyrfðu járnþaki ..	5,00 – —	5,00 – —	5,50 – —
c. Áburðarhús alsteypt	6,00 – —	7,00 – —	7,00 – —
d. — steypt með járnþaki	5,00 – —	5,00 – —	5,00 – —
e. — og safnþrær úr öðru efni	1,50 – —	1,50 – —	1,50 – —
f. Haugstæði með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	,,	3,00 – —	3,00 á m^2
II. a. Skurðir, dýpt 1 metri og grynnri	1,11 á 10 m^3	1,20 á 10 m^3	1,70 á 10 m^3
b. — — 1 metri til 1,5 metra (1,3 m. áður)	1,25 – — —	1,50 – — —	2,00 – — —
c. — — yfir 1,5 metra (1,3 m. áður)	1,66 – — —	2,00 – — —	2,50 – — —
d. Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 metri og dýpri	1,66 á 10 m	1,70 á 10 m	2,50 á 10 m
e. Viðarræsi — — — — —	1,11 – — —	1,20 – — —	2,00 – — —
f. Hnausræsi — — — — —	0,55 – — —	0,70 – — —	1,00 – — —
g. Pípuræsi — — — — —	1,66 – — —	2,00 – — —	2,50 – — —
III. a. Þaksléttur í nýrækt	2,00 á 100 m^2	1,60 á 100 m^2	2,00 á 100 m^2
b. Græðisléttur í nýrækt	1,66 – — —	1,40 – — —	1,70 – — —
c. Sáðsléttur í nýrækt, eins árs jarðvinnsla	2,50 – — —	2,50 – — —	2,00 – — —
d. — - — tveggja ára jarðvinnsla ..	2,50 – — —	2,50 – — —	2,50 – — —
e. — - — þriggja ára jarðvinnsla ...	2,50 – — —	2,50 – — —	3,00 – — —
f. Þaksléttur í túni	2,00 – — —	1,40 – — —	2,00 – — —
g. Græðisléttur í túni	1,66 – — —	1,25 – — —	1,70 – — —
h. Sáðsléttur í túni, eins árs jarðvinnsla	2,50 – — —	2,50 – — —	2,00 – — —
i. — - — tveggja ára jarðvinnsla	2,50 – — —	2,50 – — —	2,50 – — —
j. — - — þriggja ára jarðvinnsla	2,50 – — —	2,50 – — —	3,00 – — —
k. Fullkomin endurræktun í túni, sem ekki hefir verið unnið skv. IIÌ. d, e, i eða j lið. Þó eigi hærri en svo, að áður veittur styrkur og endurræktunarstyrkurinn nemi styrk fyrir þriunnar sáðsléttur af beztu gerð	0	0	1,00 – — —
l. Matjurtagarðar og sáðreitir úr órækturðu landi eða þýfðu túni	1,66 – — —	1,80 – — —	2,00 – — —
m. Grjótnám úr sáðreitum og túni	1,00 á m^3	1,00 á m^3	1,00 á m^3
IV. Girðingar um tún og sáðreiti:			
a. Gaddavírsgirðing, fjárheld 1,10 metra og hærri ..	2,00 á 10 m	2,00 á 10 m	2,00 á 10 m
b. Vírnetagirðing 6 strengja net með 1 gaddavírsstreng	2,50 – — —	2,00 – — —	2,50 – — —
c. — 5 strengja met með 2 gaddavírsstrengjum	2,50 – — —	2,00 – — —	2,50 – — —
d. Girðingar úr öðru efni, fjárheldar og jafngildar 6 strengja gaddavírsgirðingu	2,00 – – — / 2,50 – – —	2.00 – — —	2,00 – — —
V. a. Þurrheyshlöður steyptar með steinþaki eða járnþaki	1,00 á m^3	1,00 á m^3	1,50 á m^3
b. — úr öðru efni	,,	0,50 – —	0,75 – —
c. Votheyshlöður úr járnbentri steinst. með járnþaki	1,66 – —	2,50 – —	5,00 – —
d. — úr ójárnbentri steinst. með járnþaki	1,66 – —	2,50 – —	3,00 – —
e. — úr öðru efni með járnþaki	0	0	0,75 – —

Ber samanburðartaflan með sér, að aðaláherzlan er lögð á að hækka styrk fyrir túnasléttur upp í það, sem hann áður var, og að styðja sem bezt að framræslu, sem mjög hefir verið vanrækt til þessa.

Nýmæli er það að veita styrk til endurræktar á túnum og nýrækt, sem ekki hefir verið unnin með fullkominni aðferð, svo að samtals nemi styrk fyrir vel gerða sáðsléttu.

Jafnframt er í styrkveitingum **meir miðað við vöndun jarðvinnslu og frágang verksins** en áður. Verður að fela trúnaðarmönnum nákvæmt eftirlit í því efni, og eiga reglur þar að lútandi heima í reglugerð.

Þá er og lagt til að hækka styrk til betri hirðingar á verðmætustu efnum áburðarins.

Loks er lagt til, að styrkur til hlöðubygginga, einkum til votheysverkunar, verði hækkaður. Réttmætt þykir og að veita nokkurn styrk fyrir votheyshlöður úr öðru efni en steinsteypu. Er þar þrennt haft í huga: 1. Að eigi er minnst ástæða til þess, að þeir fái styrksins notið, sem fátækastir eru og eigi hafa efni eða aðstöðu til að gera þær steyptar. 2. Að víða er eigi komin sú skipun á byggingar peningshúsa, að rétt sé að einbinda styrkinn nú þegar við steinsteypu. 3. Að víða gæti hentað að hafa votheyshlöður smærri og fleiri, en allar jafnvíðar, og fara síðan að dæmi ýmsra erlendra búhölda, að steypa eigi votheyshlöður í fullri hæð, heldur hafa efsta hlutann, allt að 2 metra, úr flekum, er setja megi saman og taka burt þegar sigið er, og nota þannig sömu flekana á margar steyputóftir. Er það sparnaður bæði fyrir bændur og ríkissjóð.

Einsætt er, að veita eigi styrk fyrir grjótnám, þar sem grjót er verðmætt til sölu, svo sem sumstaðar er í kaupstöðum.

Um 10. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 11. gr.

Hér er stefnt að því að **jafna aðstöðu býlanna innbyrðis,** með það fyrir augum að auðvelda svo fyrsta og erfiðasta ræktunaráfangann, að hægra verði um meiri umbætur síðar.

Þess er vænzt, að **nýbýli** í sveit geti, þegar nýbýlastyrk sleppir, komizt í tölu jarða samkv. skilgreiningu ábúðarlaga, og nái uppbótarstyrkur því einnig til þeirra.

Sjálfsagt þykir, að það sé skilyrði fyrir uppbót á styrk, að fullkomlega sé vandað bæði til undirbúnings á ræktunarlandinu og sjálfrar ræktunarinnar.

Um 12. gr.

Þar sem þess má vænta, að sumar þær sveitir, sem miður eru fallnar til sauðfjárræktar, snúi sér að nautgriparækt eingöngu, þykir rétt að hækka nokkuð **hámarksstyrk til áburðargeymslna.**

Eigi þykir rétt að setja hámark á styrk til votheyshlöðubygginga. Jafnar það aðstöðu þurrviðra- og votviðrahéraða. Tilraunir sýna og, að fóðra má að miklum hluta á votheyi, ef brýn er þörf.

Þar sem stefnt er að ákveðnu marki um ræktað land hverrar jarðar, en **framræsluþörf er mjög misjöfn,** þykir eigi rétt að binda styrk til hennar við ákveðna fyrirfram tiltekna upphæð, og er því lagt til, að hámarksákvæðin taki ekki til hennar. Hinsvegar er árshámark til annara ræktunarframkvæmda bundið við 600 kr. á býli, þar til býli hefir fengið 6000 kr. styrk.

Þá þykir og rétt að binda þann styrk, sem býli fær þar umfram, við 300 kr. árshámark.

Svo getur staðið á, t. d. er bóndi vill rækta land til undirbúnings fjölbýlis á jörð sinni handa óuppkomnum börnum, að eigi sé réttmætt að svipta jörð hans öllum rétti til framhaldsstyrks, þó að allmikið hafi þegar verið ræktað. Þykir því réttara að lækka heldur árshámarkið verulega, svo sem hér er lagt til.

Eigi þykir réttmætt, að hver einstaklingur í kaupstað hafi jafnan rétt fyrir sig **einan** og hvert **býli**, sem hver bóndinn situr fram af öðrum. Og með því að það er fremur tilgangur frv. að styrkja þá kaupstaðabúa, sem hafa stopula atvinnu, til þess að geta haft nokkra ræktun sér til stuðnings og þægilegra og hollara viðurværis, heldur en hitt, að stuðla að stórbúskap á dýru kaupstaðarlandi, þá er hér til varúðar lagt til, að árshámark sé hálfu lægra hjá slíkum einstaklingum en á lögbýlum. Því að venjulega ræktendur í kaupstöðum skiptir það ekki máli, þó að þeir fái ekki hærri ræktunarstyrk á ári en sem svarar styrk fyrir 1 ha.

Um 13. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 14. gr.

Þar sem svo margt er enn ónumið í íslenzkri jarðvegsfræði og ræktunaraðferðum, þykir nauðsyn að tryggja sem bezt framhaldstilraunir á því sviði, og miða allar reglur um gerð og tilhögun jarðabóta við niðurstöður þeirra tilrauna á hverjum tíma.

Tilraunaráð Búnaðarfélags Íslands var stofnað á síðasta búnaðarþingi, og virðist einsætt, að því sé ætlaður árlegur styrkur í fjárlögum til þeirra tilrauna, sem gerðar verða á vegum þess.

Um 15. gr.

Lagt er til, að þeir ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, sem eigi óska að taka ábúð samkvæmt erfðaábúðarlögum, hafi sama rétt sem þeir, er þess eiga ekki kost. En þar sem styrkurinn hækkar verulega, er haldið sömu hlutföllum sem nú eru.

Um III. kafla.

Rétt þykir að setja ýmis nánari ákvæði um félagsræktun en nú eru í lögum, svo sem um formlega stofnun ræktunarfélaga, samþykktir þeirra og staðfestingu á þeim. Þá hefir og þótt rétt að setja ákvæði um íhlutunarrétt sveitar- og bæjarstjórna, er sérstaklega stendur á. Ennfremur um aðstöðu ræktunarfélags til annara aðilja, er lönd eiga að því landi, sem tekið er til félagsræktunar.

Um 16. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir þykja vegna kunnugleika og annarar aðstöðu sjálfsagður aðili um að gæta þess, að tryggður sé sá réttur einstakra félagsmanna, er í b-lið getur.

Rétt þykir, að í þessum kafla séu ákvæði, er taki til annarar félagsræktunar en þeirrar, sem bundin er við sameiginleg eignar- eða leiguumráð á landi, m. a. vegna nauðsynlegra ákvæða um afstöðu til annara aðilja (sbr. 20. gr.).

Um 17. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 18. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði um samþykktir ræktunarfélaga og að þær séu staðfestar af ráðuneytinu.

Um 19. gr.

Vegna þeirra ræktunarfélaga, sem í miklar framkvæmdir kunna að ráðast, þykir rétt, að félögin séu skrásett.

Um 20. gr.

Rétt þykir, að fram sé tekið, að um þessi efni fari eftir ákvæðum vatnalaganna.

Um 21. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir eru sjálfkjörnir aðiljar, ef hætta þykir á, að ræktunarlönd þau, er í 16. gr. getur, geti við eigendaskipti komizt í fárra manna hendur, svo

að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hrepps- eða bæjarbúa, og er því lagt til, að um þessi lönd gildi sömu ákvæði sem um forkaupsrétt á jörðum.

Um IV. kafla.

Við IV. kafla eru þessar breytingar helztar:

1. Fé verkfærakaupasjóðs skiptist milli hreppabúnaðarfélaga að hálfu eftir lögbýlafjölda, en að hálfu eftir tölu jarðabótamanna í búnaðarfélögum.
2. Styrkhæfum verkfærum fjölgað.
3. Heimilað að veita kvenfélögum styrk til tóvinnuvélakaupa.
4. Ákvæði sett um, að þeir búnaðarfélagar skuli jafnan ganga fyrir um styrkveitingar, er áður hafa fengið minnstan styrk.
5. Ákvæði um, að verkfæri til heimavinnu að ræktun, heyskap og tóvinnu gangi fyrir stærri verkfærum um styrkveitingu.

Um 22. gr.

Í kaupstöðum hafa menn þegar aflað sér þeirra jarðræktarvéla, sem mest eru notaðar. Hinsvegar henta ýmis heimilisverkfæri, svo sem hestaverkfæri, þar miður og eru lítt eða ekki notuð, nema þar, sem einn maður eða fleiri afla sér þeirra til að skapa sér sérstaka atvinnu með þeim í vinnu hjá öðrum, svo sem plægingarmenn við plægingu matjurtagarða, og þeir, er taka að sér vélslátt fyrir aðra sem atvinnu.

Einstaklingunum verður þar of dýrt að eiga sjálfir verkfærin, þó styrk fái, af því að notin verða svo lítil hjá hverjum vegna landsmæðar hjá hverjum einum. Fé hefir því safnazt fyrir frá ári til árs í verkfærakaupasjóði hjá sumum kaupstaðabúnaðarfélögum án þess að koma að notum, vegna aðstöðunnar.

Verkfærakaupaþörfin fer því hlutfallslega minnkandi í kaupstöðunum, þó að ræktun haldi þar áfram að aukast.

Í sveitum verða hinsvegar jafnan erfiðleikar á að eiga heimavinnuverkfæri í félagi. En þörfin á þeim vex eftir því, sem fleiri býli ræktast.

Og þar sem tilgangur sjóðsins hefir frá upphafi verið sá, „að létta undir með bændum“, þykir það nær tilganginum að miða við tölu lögbýla en félagatölu, sem ekki er einu sinni bundin við neinar landsnytjar eða þátttöku í ræktun.

Er hér því lagt til, að hlutdeild hvers búnaðarfélags í fé verkfærakaupasjóðs fari að hálfu eftir tölu lögbýla og að hálfu eftir tölu jarðabótamanna ár hvert, en ekki að nokkru eftir félagatölu, eins og nú er í lögum.

Um 23. gr.

Réttmætt þykir að heimila, að kvenfélögum sé veittur styrkur til tóvinnuvélakaupa, og eru þar einkum hafðar í huga handspunavélar, sem vel hentar, að menn eigi í félagi. Mun þá eigi lakar lánast um fjáröflun til vélakaupanna og félagsnotkun þeirra síðar, að slík sameign sé í höndum kvenfélaga en búnaðarfélaga.

Að sjálfsögðu tekur 26. gr. til þessa ákvæðis.

Um 24. gr.

Auk þeirra verkfæra og véla, sem styrkur er nú veittur til að lögum, er og lagt til, að styrkur verði veittur til kaupa á verkfærum til grjótnáms, forardælum og múgavélum.

Að því mun geta komið í búnaðarfélögum, þar sem hver bóndi vinnur árlega að jarðabótum, að hver þeirra um sig hafi fengið 400 kr., eða hámarksstyrk samkv. gildandi lögum, til verkfærakaupa, þó enn bætist við séreign félagsins í verkfærakaupasjóði, enda mun þá, með verkfæraverði nú, vanta um 700 kr. til, að hver bóndi hafi fengið þann styrk, sem heimilt er að veita til kaupa á heimavinnuverkfærum samkv. gildandi lagaheimild, ef eigi væri svo bundið hámarkið.

Líklegt má telja, að eitthvað af þeim verkfærum, sem ungur bóndi kaupir í byrjun búskapar, geti, m. a. vegna framfara í tækni og vélagerð, talizt ónothæft áður en hann hættir búskap, þó að verið hafi á sínum tíma af fullkomnustu gerð.

Þykir því eðlilegra, að í stað hámarksákvæðis þess, sem nú er í lögum, komi almennt ákvæði um, að þeir bændur skuli jafnan ganga fyrir um styrkveitingar til verkfærakaupa, er áður hafa fengið minnstan styrk. Verður að treysta Bf. Ísl. um eftirlit í því efni, og geta nánari ákvæði um það átt heima í reglugerð.

Um 25. gr.

Þykir rétt að styðja að því, að jarðabótavinnan geti að sem mestu leyti orðið heimavinna manna og hesta með verkfærum, sem heimilið á og gripið verður til þegar bezt hentar. Er því ætlazt til, að þau verkfærakaup gangi um styrkveitingar fyrir öðrum dýrari félagsverkfærum, sem orðið hafa sumum búnaðarfélögum allfjárfrek um rekstur og viðhald, m. a. vegna hinna dýru og erfiðu milliflutninga, þar sem eigi er því betri aðstaða.

Um 26.—28. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um V. kafla.

Þar sem eigi verður komizt hjá miklum halla af kaupum á nýjum vélum til tilrauna og af starfrækslu þeirra meðan á tilraununum stendur, þykir eigi verða hjá því komizt að ætla vélasjóði nokkurt rekstrarfé í fjárlögum.

Um 29.—37. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um VI. kafla.

Búferlaflutningur að opinberri tilhlutan tekur svo mjög inn á atvinnusvið þeirra bænda, er fyrir verða, að gæta verður allrar varúðar áður en þau ráð eru tekin. Verður að treysta sveitarstjórnum bezt til að gæta réttar einstaklinga og heildar í því efni, og því þykir rétt að veita sveitar- og héraðsstjórnum meira vald um þessi mál en nú er í lögum.

Það þykir og sanngjarnt, að ábúandi jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk, fái nokkru meiri bætur en nú er í lögum fyrir skaða sinn, og þó einkum meiri tryggingu fyrir því, að fjölskylda hans fái fremur upp borið kostnað hans við stofnun nýbýlis, ef hann sjálfur fellur fljótlega frá eftir stofnun þess.

Um 38. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 39. gr.

Þar sem nauðsynlegt getur verið, að haldið sé við byggð á afskekktum jörðum vegna gistingar fyrir ferðamenn eða vegna síma- og vega-eftirlits, þykir rétt, að leitað sé álits vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra, áður til þess er stofnað, að jörð sé lögð í eyði að opinberri tilhlutan.

Af sömu ástæðum m. a. þykir og rétt, að málið komi einnig til umsagnar sýslunefndar áður en felldur er fullnaðarúrskurður.

Um 40. gr.

Það getur skipt litið sveitarfélag svo miklu, ef stefnt er til eyðingar eins eða fleiri býla innan hreppsins, að eigi þykir fært, að jörð sé svipt jarðræktarstyrk gegn tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar.

Um 41. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður greiði að fullu mismun fasteignamatsverðs og söluverðs að mati úttektarmanna, ef lægra er. Þykir rétt, að úttektarmenn meti, því að

fara má í kringum núgildandi ákvæði. Rétt þykir, að kveðið sé á um, að hvers dómi nýbýlisland skuli vera nægilegt, og ætti Bf. Ísl. að vera þar um réttur dómari.

Sýnt er, að fjölskylda ábúanda ber skarðan hlut, ef hann fellur frá, er hann hefir stofnað nýbýlið og kona hans er dáin eða má eigi við bú haldast. Er því lagt til, að niðji hans njóti sama réttar það sem eftir er þess tíma, er ætla má, að lífstíðarábúð taki að jafnaði.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru allmargar breytingar frá því, sem nú er í lögum. Miða sumar þeirra að því að tryggja rétt heildarinnar, svo sem um rétt bæja og kauptúna til leigulands, sem síðar þarf á að halda undir byggingarlóðir, ef byggð vex örar en fyrir varð séð. Aðrar breytingar lúta hinsvegar að því að styrkja aðstöðu einstakra ræktenda, t. d. ef leiguhafi ræktunarlands fær eigi af einhverjum ástæðum ræktað það, sem tilskilið er á ári hverju.

Þá hefir og þótt ástæða til að setja nánari ákvæði um nokkur þau atriði, er reynsla síðari ára í þessu efni gefur tilefni til, svo sem um viðhald ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum og rétt sveitar- og bæjarstjórna, ef vanefndir verða.

Um 42. gr.

Það er meginhugsun kafla þessa, að ræktunarlönd þau í kauptúnum og kaupstöðum, sem eigendur ekki rækta sjálfir, komist í eign hrepps eða bæjarfélags til sundurskiptingar á erfðaleigu. Og er hreppsnefndum og bæjarstjórnum veitt sérstök aðstaða til þess að festa sér slík lönd, ef þau eru í einstaklingseign og fást eigi leigð til ræktunar á erfðaleigu með góðum kjörum. Þykir því rétt að miða fyrirmæli þessarar greinar við þau ræktunarlönd, sem í opinberri eign eru, enda mundi ella of nærri gengið ákvæðum stjórnarskrárinnar, a. m. k. á meðan ekki eru sett almenn lagaákvæði um hámarksleigu á jörðum, lóðum og lendum.

Um 43.—44. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um 45. gr.

Rétt þykir, að um heimild bæjar- og sveitarstjórna til að taka land leigu- eða eignarnámi til ræktunar séu fyrirmælin hliðstæð ákvæðum 81. gr. vatnalaganna, þannig að heimild frá ráðherra þurfi til leigu- eða eignarnáms í hvert sinn, þegar Búnaðarfélag Íslands telur nauðsyn bera til.

Varhugavert þykir að gefa slíka almenna eignar- eða leigunámsheimild, ef landið er í öðrum hreppi eða lögsagnarumdæmi og hreppsnefnd þar mótmælir. Gæti þar verið of opin leið til að ganga á rétt annara sveitarfélaga, og þykir því rétt, að þar verði sérstök lagaheimild að koma til í hvert sinn.

Um 46. gr.

Það gæti leitt til óafsakanlegs misréttis, ef gefin væri ótakmörkuð eignar- eða leigunámsheimild á öllu landi jarða í nánd við kauptún eða kaupstaði, svo að ábúendur þeirra væru ef til vill alveg sviptir atvinnuaðstöðu sinni. Þykir því eigi rétt, að hin almenna eignarnáms- og leigunámsheimild nái lengra en svo, að ábúanda eða eiganda slíkrar jarðar sé eftir sem áður tryggð aðstaða til búrekstrar framvegis á jörðinni, að dómi Bf. Ísl., en ella verði sérstök lagaheimild að koma til.

Um 47. gr.

Sjaldnast mundi liggja fyrir fasteignamat á hverri skák, þegar gera þarf erfðaleigusamning. Verður því að fara fram sérstakt mat á landinu, er getur verið mismunandi eftir legu, væntanlegum framræslu- eða grjótnámskostnaði og öðrum aðstöðumun milli skáka innbyrðis, er eigi kemur fram í hinu almenna fasteignamati. Virð-

ist því sérstakt mat í hvert sinn eða á samskonar löndum verða réttlátastur mælikvarði við ákvörðun afgjalds.

Þar sem hrepps- og bæjarfélög munu að jafnaði verða að taka lán til ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, þykir ekki fært að setja hámark mannvirkjagjalds lægra en 5%, sbr. vexti Ræktunarsjóðs, enda mundi óvíða að vænta stórra framlaga af þeirra hendi ella.

Um 48. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 49. gr.

Rétt þykir, að leiguhafa sé gert að skyldu í upphafi að láta erfðaleiguland af hendi, ef byggð vex svo, að nauðsyn sé á landinu til sundurskiptingar í byggingarlóðir; ella gæti óeðlileg verðhækkun af hlotizt. En tryggja verður leiguhafa jafnframt endurgjald fyrir leiguréttindi og kostnað við ræktun og önnur mannvirki betur en nú er í lögum.

Um 50. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 51. gr.

Staðið getur svo á, að leiguhafi geti eigi eitthvert ár ræktað 1/10 erfðaleigulands síns, vegna sjúkdóms eða annara óviðráðanlegra atvika það ár, og tekur þetta einkum til verkamanna og annara, sem minnst hafa efnin.

Er þá ósanngjarnt, að leiguhafi missi fyrir það erfðaleiguréttinn bótalaust, eins og nú er í lögum. Auk þess verður vandaðri fullnaðarræktun oft vart við komið fyrr en á 3.—4. ári. Þykir því rétt að miða við, að 1/10 ræktunarmannvirkjanna sé unninn á ári hverju að meðaltali, þegar framræsla, grjótnám og annar undirbúningur er meðtalinn. Heimilað er og málskot til Búnaðarfélags Íslands.

Þá þykja það og allharðir kostir, ef leiguhafi hefir lagt í mikinn kostnað, að leigusali greiði honum alls ekkert fyrir unnin mannvirki, ef hann er sviptur réttindum sínum. Þykir því ekki mega minna vera en að leiguhafi fái endurgreiddan helming ræktunarkostnaðar, að frádreginni fyrningu, ef leiguréttur inn er af honum tekinn.

Um 52. gr.

Allvíða er mjög áfátt viðhaldi ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, einkum framræsluskurða. Geta vanefndir í því efni eigi aðeins valdið leiguhafanum sjálfum tjóni, heldur og öðrum, er lönd eiga í nánd.

Er því nauðsyn að tryggja rétt hreppsnefnda og bæjarstjórna til aðgerða á kostnað leiguhafa, ef eigi verður á annan veg ráðin bót á.

Um 53. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um VIII. kafla.

Um 54. gr.

Eigi þykir ástæða til að setja hér refsiákvæði um brot starfsmanna Búnaðarfél. Íslands gegn öðrum reglum, sem þeim eru settar í erindisbréfi, en þeim, sem settar eru vegna laga þessara, og er því lagt til, að þessu sé breytt.

Um 55.—56. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina að kaupa Efra-Hvol í Rangárvallasýslu.

Flm.: Helgi Jónasson, Sveinbjörn Högnason.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa jörðina Efra-Hvol í Rangárvallasýslu ásamt húsum og mannvirkjum, ef viðunandi samkomulag næst um kaupin við núverandi eiganda.

Greinargerð.

Við sýslumannaskiptin í Rangárvallasýslu hafa komið fram örðugleikar á því að fá húsnæði og hentugan dvalarstað fyrir hinn nýja sýslumann. — Eins og kunnugt er, er ekkert þorp og enginn kaupstaður í sýslunni, og því ógerningur að fá leigt húsnæði, jafnvel um stundarsakir, fyrir sýslumann og skrifstofu hans. Að þessu leyti er öðruvísi ástatt um þessa sýslu en allar aðrar sýslur á landinu. Hinsvegar er það sýslubúum nauðsyn, að sýslumaður þeirra sé þannig settur, að sem hægast sé að ná til hans með samgöngum þeim, sem fyrir hendi eru. Er enginn efi á því, að í því tilliti er hentugast, að hann sitji þar, sem flestar samgönguleiðir mætast innansýslu, en það er í Hvolhreppi, og er það enda mest miðsvæðis í sýslunni.

Nú vill svo til, að fráfarandi sýslumaður, Björgvin Vigfússon, mun vilja selja Efra-Hvol, sem uppfyllir þessi skilyrði prýðilega, og virðist því í alla staði réttmætt, að ríkisstjórninni sé heimilað að kaupa af honum hús og mannvirki, ef viðunandi samkomulag næst.

Ed. 80. Frumvarp til laga

um lántöku fyrir ríkissjóð.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 3 milljónum íslenzkra króna, enda verði lánið tekið innanlands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því frá honum svo hljóðandi athugasemdir:

Árlegar afborganir af föstum lánum ríkissjóðs og ríkisstofnana hafa nú um 3 ár verið sem hér segir:

1935	1051	þús. kr.
1936	1170	— —
1937	1351	— —

Til þess að ríkissjóður gæti staðið straum af þessum föstu afborgunum, þ. e. a. s., lækkað skuldir sínar um nærfellt 1200 þús. til jafnaðar á ári og nærfellt 1,4 millj. á yfirstandandi ári, hefði hann þurft að hafa frá 800 þús. til einnar millj. króna tekjuafgang á rekstrarreikningi á ári hverju. Árið 1935 hafði ríkissjóður að vísu 374 þús. kr. tekjuafgang, en árið 1936 varð tekjuafgangur lítill, og eftir því, sem bezt verður séð, má búast við svipaðri útkomu á árinu 1937. Ástæðuna fyrir því, að ekki hefir

verið meiri tekjuafgangur, sem hægt væri að verja til lækkunar skuldum, er fyrst og fremst að finna í lækkuðum tekjum af hinum eldri tollaákvæðum, ásamt algerlega óvæntum útgjöldum (vegna sauðfjárveiki o. fl.). Er nánar gerð grein fyrir því í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á þessu þingi. Heildarniðurstaðan hefir því orðið sú, að enda þótt ríkissjóður hafi ekki aukið skuldir sínar, þær, sem hann stendur straum af, þá hefir orðið að taka lán, einkum í Landsbanka Íslands, til þess að mæta afborgunum á hinum föstu lánum ríkissjóðs. Vitaskuld verður að keppa að því, og ekki síst ef batnar í ári, að ríkissjóður geti fremur lækkað skuldir sínar, og verður nánar vikið að tilraunum í þá átt í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna fyrir 1938.

Efni þessa frumvarps er hinsvegar, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka fast lán innanlands, og er þá ætlazt til þess, að láninu verði eingöngu varið til þess að greiða með lausaskuldir, myndaðar fyrir árslok 1937, og þeim þannig breytt í föst lán.

Samkv. efnahagsreikningi ríkissjóðs pr. 31/12 1936 skuldaði ríkissjóður þessar lausaskuldir innanlands (nokkrar smáupph. ekki meðtaldar):

1.	Víxill í Búnaðarb. endurseldur í Landsb.	kr.	610000
2.	Skuld á hlr. 1039 í Landsb.	—	199686
3.	Skuld á hlr. ríkisféhirðis í Landsb.	—	567000
4.	Lausaskuld við landhelgissjóð	—	269412
	Samtals	kr.	1646098
	Áætlaðar skuldir frá 1937 ca.	—	1400000
		Kr.	3046098

Er því heimildin miðuð við 3 milljónir króna.

Ekki verður neinu um það spáð til hlítar, hversu takast muni um lántöku þessa, en gera verður ráð fyrir því, að ekki fáist allt lánið á einu ári. Ríkissjóður hefir ekki tekið innanlandslán í því formi, sem hér er ráðgert, síðan 1920. Alltaf þegar grípa hefir þurft til lántöku, hefir verið leitað út fyrir landsteinana. Í flestum löndum eru árlega boðin út ríkisskuldabréf á lánamörkuðum, og eru þau lán, sem þannig eru tekin, mjög oft sama eðlis og það, sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. tekin til þess að greiða afborganir af föstum lánum, þegar tekjur hrökkva ekki til skuldalækkunar.

Ed. 81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 32. grein kosningalaganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir, skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið hinum látna, áður en birt hefir verið framboð þess manns, sem býður sig fram í hans stað, teljast greidd hinum nýja frambjóðanda, nema kjósandi óski fyrir kjördag að fá atkvæðaseðil sinn afhentan, enda er honum þá heimilt að kjósa á ný utan kjörstaðar.

Þegar eftir að framboð staðgengils hins látna hefir borizt yfirkjörstjórn símar hún dómsmálaráðuneytinu um það, en ráðuneytið birtir framboðið í útvarpinu og sendir öllum yfirkjörstjórnum landsins tilkynningu um það.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, við kosningar samkvæmt 135. grein kosningalaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **82. Frumvarp til laga**

um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í jarðrækt, garðrækt, kynbótum og fóðrun búfjár, svo og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvern skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu ákveðin í launalögum. Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.

Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hvorum skóla upphæð, er svarar allt að tveimur kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða frí til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarfrí ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari aðallega fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal leyft að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.

b. Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti 2 ár eftir að hann varð 12 ára.
c. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Ennfremur skal kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), landmælingar, steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum, eða öðrum stöðum, þar sem verklega kennslan fer fram, fá nemendur fæði og þjónustu tvö seinni missirin, án sérstaks endurgjalds. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 9. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við

skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingar. Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að nemendur skólans fái fæði og þjónustu á skólabúinu með kostnaðarverði.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumanna, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið, til að kenna matreiðslu og geymslu garðávaxta og annara íslenzkra fæðutegunda.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1938.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar

um þátttöku í alþjóða-hafrannsóknum.

Frá sjávarútvegsnefnd Nd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita upptöku fyrir Ísland í alþjóða-hafrannsóknaráðið.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkv. tilmælum ríkisstjórnar, og fylgdu henni eftirfarandi athugasemdir:

Ísland mun vera, af helztu fiskveiðalöndum Evrópu, eina landið, sem ekki er meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna (Conseil Permanent International pour l'Exploration de la Mer). Þegar stofnað var til félagsskapar þessa, laust eftir aldamótin síðustu, voru Íslendingar ekki komnir á bekk öndvegisþjóða í fiskveiðum, eins og þeir eru nú. Þá var landið einnig hluti danska ríkisins. Síðan hefir viðhorfið breytzt við það, að vér höfum endurheimt sjálfstæðið og erum orðnir einhver mesta fiskveiðaþjóðin í Evrópu. Þetta út af fyrir sig gerir það æskilegt, að Ísland verði þátttakandi

í alþjóða-hafrannsóknunum, en auk þess er margt annað, sem einnig mælir með því, eins og nú skal bent á.

Kostnaður og aðrar kvaðir. Gjald það, sem Ísland þyrfti að greiða árlega, ef það væri meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna, er 10000 -- tíu þúsund -- danskar krónur. Auk þess yrði að senda mann á fund hafrannsóknaráðsins (í Kaupmannahöfn), sem er einu sinni á ári. Kostnað við það mun ríflegt að áætla um 2000 kr., og er þá gert ráð fyrir prentun eða fjölritun skilríkja, sem Ísland kynni að vilja leggja fram, sem og óvissum útgjöldum, auk ferðakostnaðar. Allur kostnaður við það að vera meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna yrði því um 12000 kr. á ári. Þátttakan er skuldbindandi í 5 ár, en um aðrar skuldbindingar er ekki að ræða. Hver meðlimur er t. d. sjálfráður um sínar rannsóknir.

Hlunnindi. Á móti þeim kostnaði myndi landið fá þau hlunnindi, sem því fylgja, að vera meðlimur þessa félagsskapar:

a) Íslenzkir vísindamenn, sem að hafrannsóknum vinna, ættu frjálsan aðgang að tímaritum rannsóknanna (t. d. Journal du Conseil og Rapports et Proces Verbeaux) með þær ritgerðir, sem þangað ættu erindi, landinu að kostnaðarlausu.

b) Ísland fengi sömu áhrif á stefnu alþjóða-hafrannsókna eins og sérhvert annað land, sem er meðlimur (t. d. England, Frakkland, Þýzkaland). Það er auðsætt, hvaða þýðingu það gæti haft fyrir Íslendinga, að hafa formlega samvinnu um aðkallandi rannsóknir við nágrannaþjóðirnar, ekki sízt þegar þess er gætt, að viðfangsefni eru hér mörg, sem bíða úrlausnar, og smæð okkar og ástæður gera það æskilegt að njóta aðstoðar og samvinnu stærri þjóða.

c) Alþjóða-hafrannsóknirnar yrðu vettvangur fyrir ýms erindi og áhugamál, sem kynni að bera nauðsyn til að koma á framfæri, og mætti þar sem dæmi nefna friðun hrygningar- og uppvaxtarsvæða nytjafiska, sbr. Faxaflóa. Sú bætta aðstaða, sem þannig fengist til þess að vinna að slíkum áhugamálum, yrði trauðla metin til fjár.

d) Allur sá kostnaður, sem kynni að verða vegna þátttöku Íslands í sérfræðingafundum, höldnum að tilhlutun þessa félagsskapar, yrði greiddur af fé alþjóða-hafrannsóknanna. Undanskilinn er kostnaðurinn við að sækja hinn árlega fund hafrannsóknaráðsins, sem getið er að framan.

e) Íslendingar myndu fá öll rit alþjóða-hafrannsóknanna, og gætu því betur fylgzt með öllu markverðu, sem gerist á sviði hafrannsókna um allan heim.

Nauðsyn. Á fundinum um friðun nytjafiska í London í marz síðastl. og á fundi hafrannsóknaráðsins í Kaupmannahöfn í júlí þ. á. urðu fulltrúar ríkisstjórnarinnar, sem falið var að mæta á þessum fundum, þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, og Árni Friðriksson, fiskifræðingur, þess mjög varir, hve óheppilegt var, að Ísland skyldi ekki vera meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna. Sátu fulltrúarnir báða þessa fundi aðallega til þess að vinna að friðun Faxaflóa. Þótt þeir nytu hins mesta skilnings, bæði í London og í Kaupmannahöfn, voru þeir þó þar aðeins sem gestir, og höfðu sem slíkir ekki sömu réttindi og aðrir fulltrúar, ef út í það hefði verið farið.

Hér skulu því næst, til yfirlits, talin þau lönd, sem nú eru meðlimir alþjóða-hafrannsóknanna, og sýndur afli þeirra og verðmæti hans fyrir árið 1934.

Land	Aflamagn (1000 smál.)	Verðmæti (millj. shillings)
Stóra-Bretland	957,9	298,4
Noregur	796,6	55,4
Þýzkaland	391,2	78,3
Frakkland	284,1	141,8
Portúgal*	137,0	34,3
Holland	136,5	32,4
Svíþjóð	98,7	24,7
Danmörk	86,6	30,6
Finnland	25,7	5,7
Belgía	28,5	13,5

Land:	Aflamagn (1000 smál.)	Verðmæti (millj. shillings)
Lettland*	14,0	2,5
Pólland*	14,0	3,1
Írland	7,8	2,9
Spánn	?	?

Þetta sama ár veiddu Íslendingar 312,2 **þús. smál.** fyrir 13,4 millj. shillings. (Allt reiknað í gull-shillings). Íslendingar eru því 4. mesta fiskveiðiþjóðin í Evrópu, miðað við aflamagn, en nr. 10 í röðinni miðað við verðmæti aflans. Þessar tölur eru þó ekki einasti mælikvarði á þá þýðingu, sem fiskveiðarnar hafa fyrir þjóðirnar. Fiskveiðarnar hafa margfalt meiri þýðingu fyrir oss Íslendinga en fyrir nokkra aðra þjóð í álfunni, en það sést bezt á því, að Íslendingar veiða um 3 **smálestir** árlega að meðaltali á hvert einasta mannsbarn á landinu, en Norðmenn, sem koma næstir, aðeins 300—400 kg. Bretar veiða t. d. um 20—30 kg., en Frakkar og Þjóðverjar aðeins 5—6 kg. Lægstir eru Pólverjar, með nokkur hundruð grömm á mann, en þó eru þeir í alþjóðahafrannsóknunum og greiða sitt tillag.

Ísland er tilbúið til þátttöku í alþjóða-hafrannsóknunum.

Undanfarin ár hefir sú fjárupphæð stöðugt farið vaxandi, sem varið hefir verið til hafrannsókna hér á landi. Síðan 1935 hafa dýrir rannsóknarleiðangrar verið gerðir út árlega, og væntanlega verður því haldið áfram, Með stofnun hinnar nýju atvinnudeildar við háskólann, sem nú er tekin til starfa, ættu hafrannsóknir vorar að vera komnar á fastan grundvöll. Sá skerfur, sem lagður er nú árlega af mörkum til þekkingar á nytjafiskastofnunum hér við land, er þegar orðinn það stór, að engin þjóð myndi gera frekari kröfur til afkasta frá vorri hendi. Hér eru nú gerðar alveg samskonar rannsóknir og þær, sem framkvæmdar eru undir merkjum alþjóða-hafrannsóknanna annarsstaðar, svo þess vegna gætu Íslendingar verið meðlimir þeirra. Eins og nú standa sakir, kemur það starf, sem Ísland innir af hendi í þágu fiskirannsókna, ekki greinilega fram út á við. Ennfremur sýnir reynslan, að vér getum þurft að leita aðstoðar alþjóða-hafrannsóknanna án þess að nokkuð komi í staðinn frá okkur og án þess að eiga nokkuð tilkall til þeirra.

Ætla má, að það yrði auðsótt að verða meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna. Það má telja víst, að Ísland fengi upptöku í alþjóða-hafrannsóknaráðið, ef þess væri farið á leit.

Þá skal, í sambandi við undanfarandi greinargerð, skýrt nokkuð frá þeim afskiptum, sem alþjóða-hafrannsóknaráðið hefir þegar haft af tillögu Íslendinga um friðun Faxaflóa, og vísast um það efni til útdráttar, er hér fer á eftir, úr skýrslu Sveins Björnssonar, sendiherra, og Árna Friðrikssonar, fiskifræðings, um fund alþjóða-hafrannsóknaráðsins, sem þeir sátu í Kaupmannahöfn 5.—10. júlí þ. á.:

„Samkvæmt fyrirlagi ríkisstjórnarinnar sóttum við undirritaðir, Sveinn Björnsson, sendiherra, og Árni Friðriksson, fiskifræðingur, fund þann, er alþjóða-hafrannsóknaráðið hélt hér í Kaupmannahöfn daganna 5.—10. þ. m.

Fundinn sátu fulltrúar frá 13 löndum, þeim er þátttakendur eru í hafrannsóknaráðinu (Þýzkaland, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Stóra-Bretland, Írland, Lettland, Noregur, Holland, Pólland, Portúgal, Svíþjóð; frá Spáni, sem er 14. landið, kom enginn fulltrúi). Auk þess sátu fundinn sem gestir, auk okkar, fulltrúar frá Bandaríkjunum í N.-Ameríku, Canada og Danzig. Höfðum við málfrelsi á fundunum, sem við notuðum okkur báðir. Árni Friðriksson hélt sérstakt erindi um rannsóknir sínar árin 1936—1937.

Aðaláhugamál okkar var málið um friðun Faxaflóa, sem Lundúnafundurinn í marz (um möskvastærð fisknetja og minnsta mál á fiski) hafði samþykkt að fela hafrannsóknaráðinu til athugunar og undirbúningsrannsókna. Skyldi það mál tekið fyrir á þessum fundi.

*) þýðir, að tölurnar eru frá 1933.

Var málið reifað þannig, að á fyrsta almenna fundinum lagði forseti ráðsins það fyrir með tilvísun til samþykktarinnar á Lundúnafundinum.

Eftir að forseti ráðsins hafði reifað málið, var það falið einni aðalnefndanna, sem nefnist „The Consultative Committee". Forseti hennar er Norðmaður, prófessor Johan Hjort. Á fundi þeirrar nefndar samdægurs var málið um friðun Faxaflóa, eftir tillögu forseta, falið nefnd, sem nefnist „North Western Area Committee". Formaður hennar er Daninn Dr. Tåning, sem sýnt hefir áður talsverðan áhuga fyrir máli þessu.

Á fundi þeirrar nefndar daginn eftir, 6. þ. m., reifaði dr. Tåning málið, sagði sögu þess og benti á þær rannsóknir, sem þegar hefðu verið gerðar. Sveinn Björnsson bætti þar við nokkrum orðum og lét í ljós þá ósk, að rannsóknunum og undirbúningi málsins yrði flýtt eftir föngum, án þess þó að sleppa niður nokkru því, sem nauðsynlegt væri talið.

Að loknum umræðum var sett sérstök undirnefnd í málið (Faxa-bay committee). Var hún skipuð þessum mönnum: Dr. Tåning (Danmörk) formaður, Árni Friðriksson (Ísland), Mr. Davis, Mr. Graham (England), dr. le Danois (Frakkland), prófessor Hagmeier (Þýzkaland), dr. Tesch (Holland), prófessor Johan Hjort (Noregur), dr. Clark (Skotland).

Eftir að þessi undirnefnd hafði rætt málið ýtarlega, voru samþykktar tillögur þær (samdar af Árna Friðrikssyni og dr. Tåning), sem felast í prentaðri fundarskýrslu North Western Area Committee (II. Sub-Committee on the Faxa-bay question og III. „Recommendations" 2. liður), sjá fundarskýrsluna bls. 3 (öflun upplýsinga um veiði ýmsra þjóða í Faxaflóa og framhaldsrannsóknir varðandi fiskveiðarnar í Faxaflóa). Eftir að forsætisráð fundarins og The Consultative Committee höfðu fallizt á tillögurnar, þ. á m. á fjárveitingu þá, sem leiðir af II. 2. lið (fiskirannsóknir í Faxaflóa í október 1937 og febrúar 1938), voru tillögurnar og fjárveitingin samþykkt einróma á almennum fundi 10. þ. m.

Samkvæmt ósk formanns Faxaflóanefndarinnar lofuðum við honum aðstoð okkar við framkvæmd málsins. Má gera ráð fyrir því, að talsverð vinna leggist á Árna Friðriksson í sambandi við mál þetta. En kostur ætti það að vera, að framkvæmdirnar verða mjög í höndum formanns nefndarinnar, dr. Tånings, og Árna Friðrikssonar.

Skildist okkur yfirleitt, að málinu væri vel tekið og talsverður áhugi fyrir því á þessum vettvangi.

Faxaflóa-nefndin er nú þegar tekin til starfa, og hefir hún byrjað á því að senda öllum þeim löndum, sem ætla má, að áhuga hafi á veiðum í Faxaflóa, spurningar viðvíkjandi öllu því, er ætla má, að einstök lönd geti gefið upplýsingar um. Spurningarnar eru sendar gegnum skrifstofu hafrannsóknaráðsins, einnig til Íslands. Annars leggur nefndin kapp á að vinna úr öllum þeim gögnum, sem til eru og snerta flóann, og er það ósk hennar, að „Þór" haldi áfram rannsóknum í flóanum undir stjórn Árna Friðrikssonar í október þ. á. og febrúar n. á. Nefndin mun svo halda fund á komanda vetri og ræða árangur þann, sem fengizt hefir, og frekari aðgerðir."

Hefir ríkisstjórnin að sjálfsögðu hlutazt til um, að innt verði af hendi þau störf, sem Íslendingum voru falin, samkvæmt samþykkt hafrannsóknaráðsins.

Þess skal að lokum getið, að stjórn Fiskifélags Íslands hefir gert samþykkt þess efnis, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Ísland yrði þátttakandi í alþjóða-hafrannsóknunum, og að utanríkismálanefnd hefir lagt það til, að Ísland gerðist aðili að þeim.

Ed. 84. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1935.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. nóv. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 85. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það verður sífellt torveldara að fá héraðslækna í hin afskekktustu og fámennustu héruð, og er nú ekki útlit fyrir annað en að sum þeirra fáist alls ekki skipuð. Tilgangur þessa frv. er að gera þessi læknishéruð eftirsóknarverðari, ef unnt væri.

Nd. 86. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 23. júní 1932, um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Orðin „Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsgr., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum“ í síðustu málsgr. lagagreinarinnar falli burt.

Greinargerð.

Það virðist engin sanngirni mæla með því, að hið opinbera gangi svo ríkt eftir gjöldum hjá þeim fátækustu, að það taki af þeim rúm, sængurföt og fatnað eða annað, sem þeir ekki geta án verið. Hinu opinbera er að þessu lítið gagn, því eignir þessar eru næsta lítils virði og eyðileggjast oft, meðan þær eru geymdar til uppboðs. En fyrir fátækasta hluta alþýðunnar þýðir þetta oft missi síðustu eignanna, sem menn sízt geta án verið.

Það virðist ekki réttlátt, að hið opinbera sýni slíkt miskunnarleysi í innheimtum sínum, sem einstaklingum er bannað að sýna, þegar um þeirra skuldir er að ræða. Og sérstaklega kemur það sér illa á slíkum atvinnuleysistímum, sem nú eru, að svona harðýðgi sé beitt, ekki sízt þegar tillit er tekið til þess, hve mjög rýrar tekjur verkamanna eru skertar með öðrum gjöldum, sem tekin eru af launum þeirra.

Þess vegna mælir öll sanngirni með, að undantekningarákvæði þetta sé fellt úr lögum.

Ed. 87. Frumvarp til laga

um ýmsar bráðabirgðaráðstafanir vegna skulda þeirra bænda, er fyrir tjóni verða eða hafa orðið af völdum mæðiveikinnar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs og stjórnir annara opinberra lánsstofnana, sem veitt hafa bændum lán gegn veði í sauðfé, skal eigi heimilt að segja upp þessum lánum, þrátt fyrir þar að lútandi ákvæði laga og reglugerða þessara stofnana, þótt veð fyrir lánum þessum rýrni af völdum mæðiveikinnar, þannig að féð fellur verðlaust eða verðlítið.

2. gr.

Nú fellur fé, veðsett fyrrnefndum lánsstofnunum, verðlaust eða verðlítið, svo að eignir skuldunauts minnka að verulegu leyti, og heimilast þá stjórnum stofnana þessara að afskrifa skuldirnar allt að því, er veðrýrnun eignanna nemur.

3. gr.

Stjórnum fyrrnefndra lánsstofnana skal eigi heimilt að taka andvirði þess fjár, sem slátrað er vegna mæðiveikinnar eða yfirvofandi hættu á henni, og sem þær telja, að veðsett sé fyrir lánum við þessar stofnanir, til að lækka skuldirnar, heldur aðeins að hafa eftirlit með því, að andvirðinu sé varið til að koma upp stofninum að nýju eða afla annara arðbærra og veðhæfra eigna.

4. gr.

Nú stendur skuldunautur opinberra lánsstofnana eða sjóða höllum fæti við búrekstur sinn af völdum mæðiveikinnar, og heimilast þá stjórnum þessara lánsstofnana að veita honum gjaldfrest á afborgunum allra lána og uppgjöf vaxta um óákveðinn tíma, eða þar til öðruvísi verður ákveðið.

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að nefndum lánsstofnunum og sjóðum verði fært að veita gjaldfrest þann og uppgjöf vaxta, sem um getur í 4. gr.

6. gr.

Nú hafa opinberar lánsstofnanir eða sjóðir þegar gert ráðstafanir til að ganga að bónda vegna vanskila á vöxtum og afborgunum af lánum eða vegna rýrnunar á veðum, eða andvirði sláturfjár hefir verið tekið til þess að lækka skuldirnar fram yfir umsamdar afborganir, en telja verður, að vanskil bóndans eða rýrnun veðsins orsakist að verulegu leyti af tjóni vegna mæðiveikinnar, og skal þá stjórnum hlutaðeigandi stofnana heimilt að hverfa frá þeim ráðstöfunum og láta fara með málið samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í samræmi við kröfur þær, sem fulltrúar bænda af fjárpestarsvæðunum samþykktu á fundi, sem haldinn var í Fornahvammi 29. okt. síðastl., og má gera ráð fyrir, að flestir séu sammála um, að þetta séu þær minnstu ráðstafanir í skuldamálum bænda á mæðiveikisvæðinu, sem nauðsyn ber til að framkvæma strax, til bráðabirgða, þar til tekin verður til meðferðar ný skipun á skuldamálum bænda um land allt.

Þetta er aðeins einn þáttur þeirra aðkallandi ráðstafana, sem gera verður til að hjálpa bændum á fjárpestarsvæðinu og taka verður til meðferðar og leiða til lykta áður en þessu þingi lýkur.

Nánar í framsöguræðu.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar

um styrk til fóðurbætiskaupa vegna óþurrkanna sumarið 1937.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að úthluta þeim hluta framlags þess, er um getur í lögum nr. 80 1936, 2. gr., en ekki kemur til útgjalda samkvæmt téðum lögum á þessu ári, sem óafturkræfum styrk til þeirra bænda, sem vegna lélegra heyja síðastliðið sumar er nauðsynlegt að fá fóðurbæti, en eru þess ekki megnugir að greiða hann sjálfir.

Um úthlutun styrksins skal farið eftir reglum, er landbúnaðarráðherra setur.

Greinargerð.

Óþurrkarnir síðastliðið sumar hafa valdið bændum í mörgum héruðum landsins svo þungum búsifjum, að hætta stafar af. Verður að líta svo á, að það minnsta, sem Alþingi getur gert til að hjálpa þeim bændum, sem verst hafa orðið úti, sé að nota að fullu þá fjárveitingarheimild, sem felst í lögum þeim um fóðurtryggingar, sem samþykkt voru síðastliðið ár, og ekki kemur nema að mjög litlu leyti til framkvæmda á næsta ári.

Ed. 89. Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra viðvíkjandi styrk til bænda á fjárpestarsvæðinu.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Hefir hæstvirtur landbúnaðarráðherra athugað þann möguleika, að veita þeim bændum, sem harðast hafa orðið úti af völdum mæðiveikinnar, styrk til framfærslu heimila sinna úr bjargráðasjóði, og telur ráðherrann rétt og framkvæmanlegt að veita slíkan styrk?

Nd. 90. Breytingartillögur

við frv. til l. um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Fyrir „30. apríl“ í fyrstu málsgr. komi: 15. apríl.
2. Við 8. gr. Fyrri málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
   Fyrir verkleg störf á skólabúunum eða öðrum þeim stöðum, sem verklega kennslan fer fram á, fá nemendur annaðhvort ókeypis fæði og þjónustu tvö síðari missirin eða upphæð, sem því svarar, ef hentara þykir, að nemendur hafi sameiginlegt mötuneyti.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu, skal það selt við kostnaðarverði. Ella sjái hlutaðeigandi skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.
4. Við 11. gr. Niðurlag greinarinnar frá orðinu „matreiðslunámskeið“ falli burt.

Nd. 91. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. nóv. 1937.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr.	Sveinbjörn Högnason.
	Stefán Stefánsson.	

Ed. 92. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í jarðrækt, garðrækt, kynbótum og fóðrun búfjár, svo og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvern skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu ákveðin í launalögum. Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.

Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hvorum skóla upphæð, er svarar allt að tveimur kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða frí til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarfrí ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari aðallega fram á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal leyft að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
b. Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti 2 ár eftir að hann varð 12 ára.
c. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Ennfremur skal kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), landmælingar, steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum eða öðrum þeim stöðum, sem verklega kennslan fer fram á, fá nemendur annaðhvort ókeypis fæði og þjónustu tvö síðari missirin eða upphæð, sem því svarar, ef hentara þykir, að nemendur hafi sameiginlegt mötuneyti. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 9. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingar. Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu, skal það selt við kostnaðarverði. Ella sjái hlutaðeigandi skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumanna, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1938.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 93. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um fasteignaskatt, nr. 66 27. júní 1921.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

Á eftir orðunum „3 af þúsundi hverju“ í 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist inn ný málsgr., svo hljóðandi:

Ennfremur skal greiða aukreitis af þeim lóðum, þar sem fermetrinn er að fasteignamati 10 kr. eða þar yfir, svo sem hér segir:

1 af þúsundi, þar sem fermetrinn er metinn á 10 kr. og allt að 20 kr.
2 — — — — — — — — 20 — — — — 30 —
3 — — — — — — — — 30 — — — — 40 —

og þannig hækkandi um 1 af þúsundi við hverjar 10 kr., sem bætast við hvern fermetra lóðarinnar að fasteignamatsverði.

2. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af húsum þeim, sem notuð eru fyrst og fremst til íbúðar eða til atvinnurekstrar (framleiðslu), 1½ af þúsundi hverju. En af húsum, sem notuð eru til verzlunar eða skrifstofuhalds fyrst og fremst, greiðist 3 af þúsundi, nema þau séu metin á yfir 100000 kr. að fasteignamati, þá greiðist 5 af þúsundi.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi ný grein, er verði 2. gr., og breytist greinatalan samkv. því:

Af óbyggðum byggingarlóðum í kaupstöðum landsins skulu eigendur þeirra greiða aukaskatt í ríkissjóð, er nemi 2% af fasteignamatsverði lóðanna. Skattur þessi fellur niður frá og með því ári, þegar byrjað er að byggja á lóðinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi og skulu, er þau hafa hlotið staðfestingu, felld inn í gildandi lög um fasteignaskatt og síðan gefin út sem ný lög.

Greinargerð.

Fasteignaskatturinn til ríkissjóðs verður að teljast lágur, eins og nú standa sakir, og hann er ekki stighækkandi. Samkvæmt þessu frumvarpi er fasteignaskatturinn á lóðum gerður stighækkandi í hlutfalli við dýrleika þeirra. Miðar þetta um leið að

því að hindra þá geipilegu og óheilbrigðu verðhækkun lóða, sem á sér stað einkum í Reykjavík og verður í rauninni þungur skattur á allri framleiðslu.

Hvað fasteignaskattinn á húsum snertir, þá þykir rétt að haga honum nokkuð með tilliti til þess, til hvers húsin eru notuð, og skattleggja þá verzlunar- og skrifstofuhús fyrst og fremst, en hækka ekki skattinn á öðrum húsum. Auk þess sem þessi skatthækkun miðar að öflun tekna í ríkissjóð, stefnir hún að því beinlínis að skattleggja verzlunina og ýta óbeint undir það, að húsin séu frekar notuð til íbúðar og atvinnurekstrar en verzlunar, þar sem vitað er, að hlutfallslega allt of miklu húsnæði hefir verið varið til verzlunarinnar að undanförnu.

3. gr. frumvarps þessa miðar að því að hindra, að menn kaupi upp lóðir og liggi með þær ónotaðar lengi í gróðaskyni.

Nánar í framsögu.

Nd. 94. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Orðin í 5. gr. laganna: „Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsgr.“ falli niður.

Í stað orðanna í sömu (5.) gr. „Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú“ komi: „Skal þá verðjöfnunargjaldið miðast við meðalársnyt kúa á verðjöfnunarsvæðinu, þó aldrei minna en 2500 lítra ársnyt úr hverri kú.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir ósk mjólkursamlags Eyfirðinga ákvað mjólkursölunefnd á síðastliðnu sumri verðlagssvæði Akureyrar, og skömmu síðar komu lög nr. 1 7. jan. 1935 til framkvæmda þar.

Við framkvæmd þessara laga kom strax mjög megn óánægja í ljós, og var það aðallega tvennt, sem óánægjunni olli. Fyrst það, að ósanngjarnt þótti og enda óþolandi, að bláfátækir mjólkurframleiðendur á Akureyri mættu ekki neyta sinnar eigin mjólkur án þess að greiða verðjöfnunargjald af henni, eða réttara sagt, því af henni, sem færi beint til heimilisþarfa. Í öðru lagi þóttu ákvæði 5. gr. laganna ósanngjörn, þar sem miða skal verðjöfnunargjaldið við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú.

Eins og högum manna er háttað á Akureyri, hefir jarðrækt og garðrækt um langt skeið verið stór liður í sjálfbjargarviðleitni fjölda bæjarbúa, en við jarðræktina hefir þá aðallega allverulegt kúahald verið bundið. Nú er það víst, að hávaðinn af kúaeigendum í bænum eru bláfátækir fjölskyldufeður, sem eiga 1 eða 2 kýr, hafa hæfilegt ræktað land til fóðurframleiðslunnar og hafa með þessu móti verið að reyna að komast hjá því að þurfa að þiggja fátækraframfærslustyrk. Er enginn vafi á því, að ef engin breyting yrði gerð á gildandi lögum um meðferð og sölu mjólkur og framkvæmd þeirra, eins og þar hefir átt sér stað, mundi brátt draga mjög úr þessari sjálfbjargarviðleitni manna, kúahald á Akureyri mundi fara mjög þverrandi og ræktuninni hnigna að stórum mun. Þó að Akureyri hafi máske sérstöðu að þessu leyti, þá er hitt og víst, að líkt eða svipað muni eiga sér stað víðar, og því ekki ástæða til að halda, að slíkar breytingar, sem hér er farið fram á, séu stílaðar á Akureyringa eina saman.

Tilgangur laganna hefir aldrei getað verið sá, að gera smæstu mjólkurframleiðendum bæjanna sem erfiðast fyrir eða jafnvel ómögulegt að hafa slíkan búskap sér

til hjálpar við hliðina á stopulli daglaunavinnu. Enda er skýrt ákveðið í 2. gr. laganna, að verðjöfnunargjaldið sé gjald, sem lagt er á alla neyzlumjólk og rjóma, sem selt er. Og í sömu grein er undanþegin verðjöfnunargjaldi mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í o. s. frv. En það er alveg eins og löggjafarnir hafi fengið eftirþanka í miðri lagasmíðinni, því að það, sem gefið er í 2. gr. gildandi laga, er tekið aftur í 5. gr. sömu laga.

Meðalársnyt kúa á verðjöfnunarsvæði Akureyrar mun vera sem næst 2700 lítrar, eftir þeim tölum að dæma, sem mjólkursamlag Eyfirðinga hefir gefið upp fyrir síðastliðið ár. Virðist það eðlilegast og sanngjarnast, að sú raunverulega meðalársnyt á hverju verðlagssvæði ráði, en að ekki sé búin til einhver tala, langt fyrir ofan meðallag, og við hana eigi svo að miða verðjöfnunargjaldið.

Nánar í framsögu.

Nd. 95. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 132 31. des. 1935, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Í E-lið 1. greinar bætist eftir orðið „segl“: Trékassar, unnir og hálfunnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Innflutningsgjöld á timbri eru: Vörutollur, 9 aurar á teningsfet, og viðskiptagjald 2%. Gjöld þessi eru hin sömu hvort heldur timbrið er algerlega óunnið tré, með sömu ummerkjum og þegar þeim var fleytt til sjávar úr skóginum, eða búið er að hálfvinna eða fullvinna úr því kassa, þannig, að það er heflað, plægt og límt með áletruðum merkjum, er kassarnir eiga að bera, svo aðeins er eftir að negla hinar tilsmíðuðu hliðar saman. Fyrirferð efnisins er í þessu unna ástandi, að því er nefndinni hefir verið tjáð, allt að 30% minni en í óunnu efni. Tollurinn verður því í raun inni þessum mun lægri á unna efninu, og kemur fram sem verndun fyrir hina erlendu vinnu á því.

Kassagerð Reykjavíkur hefir hvað eftir annað kvartað undan þessu misrétti og hefir farið fram á það, að lagður verði 15% verðtollur á fullunnið og hálfunnið kassaefni.

Iðnaðarnefnd hefir fallizt á, að ekki sé rétt, að erlend framleiðsla í þessari grein njóti tollívilnana fram yfir innlenda framleiðendur, eins og nú á sér stað óbeinlínis, en vill hinsvegar stilla svo í hóf tollálagningu á hina erlendis unnu vöru, að hún geti ekki leitt til verðhækkunar, er neinu verulegu muni fyrir þá, er þessa nauðsynjavöru nota. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir aðeins 10% verðtolli á unna og hálfunna kassa.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 25. október 1937.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Eins og við höfum áður tjáð háttvirtri iðnaðarnefnd, höfum við síðastliðin 5 ár unnið að smíði umbúðakassa úr efni, sem við höfum sjálfir flutt óunnið til landsins, og hefir notkun á kössum farið mjög vaxandi, einkum 2 síðustu árin.

Allan þennan tíma höfum við orðið að stríða við mjög harða og að okkur finnst óheilbrigða samkeppni frá erl. verksmiðjum, sem meðal annars byggist á því, að þessi innlendi iðnrekstur á við verri tollkjör að búa heldur en erlend framleiðsla af sömu tegund. Eftir núgildandi tollalöggjöf er tollur af timbri kr. 0.09 pr. teningsfet, hvort sem það er flutt inn eins og það kemur fyrir úr skóginum eða í hefluðum, plægðum og hálfsamsettum kössum, en við vinnslu á slíkum kössum rýrnar efnið að minnsta kosti um 30%, og greiðist því raunverulega 30% lægri tollur í ríkissjóð af þeim kössum, sem unnir eru erlendis.

Við förum því þess eindregið á leit við heiðraða iðnaðarnefnd, að hún hlutist til um, að úr þessum misrétti verði bætt á yfirstandandi Alþingi, með því að lagður verði 15% verðtollur á unna og hálfunna kassa og efni, sem unnið er í erl. verksmiðjum sérstaklega til notkunar í kassa hér. Annars mætti virðast, að algerlega væri óþarft að flytja inn hálfunnið efni, þar sem við höfum á s.l. ári fullkomnað verksmiðju okkar og keypt kassaiðnaðarvélar af fullkomnustu gerð og lagt í það tugi þúsunda króna, svo okkar framleiðsla er samkeppnisfær við beztu erl. verksmiðjur.

Það virðist ekki vera ósanngjarnt, að sami tollur verði lagður á þessa vörutegund eins og hurðir og glugga o. þ. u. l., sem nú er tollað með 15% verðtolli. Einnig má benda á, að tollur af tilbúnum síldartunnum er kr. 1.00 pr. 50 kg., eða sama sem ca. kr. 56.00 pr. standard, en af 1 standard af unnum kössum er tollurinn nú ca. 14.00 til 15.00 kr. Einnig má benda á það, að óunnið tunnuefni er tollfrjálst með öllu, og af innfluttum pappakössum er 19% verðtollur. Þessi tilfærðu dæmi sýna glögglega ósamræmið í tollalöggjöfinni um þessar samstæðu vörutegundir.

Í sambandi við þessa málaleitun skal nefndinni tjáð, að s.l. ár greiddum við í vinnulaun við kassasmíði kr. 70000.00 og í tolla af óunnu efni í kassa kr. 14000.00. Ef þessir kassar hefðu verið fluttir unnir til landsins, myndu vinnulaun hér innanlands aðeins hafa numið kr. 8—10000.00 og tollur ca. kr. 9000.00. Það er því ljóst, að með því að vinna kassana í landinu er þrennt unnið: aukin vinna í landinu, meiri tollur í ríkissjóð og sparaður erl. gjaldeyrir.

Á síðasta þingi hafði iðnaðarnefnd mál þetta til meðferðar og varð sammála um, eftir því sem form. nefndar tjáði okkur, að lagður væri sami tollur á hálfunna kassa og kassaefni eins og fullunnir kassar eru tollaðir nú, en vegna þingrofsins s.l. ár gat málið ekki náð afgreiðslu, og væntum við fastlega, að heiðruð iðnaðarnefnd taki málið til rækilegrar meðferðar og sjái um, að málið verði afgreitt á þessu þingi. Óski nefndin annara upplýsinga, sem við getum gefið, verða þær að sjálfsögðu fúslega gefnar.

Virðingarfyllst

Kassagerð Reykjavíkur

Kr. Jóh. Kristjánsson.

Nd. 96. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

1. gr. laganna fellur burt. Töluröð greinanna breytist samkv. því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þegar lögin um síldarverksmiðjur ríkisins voru sett á þinginu 1934, var meiri hluti Alþingis þeirrar skoðunar, að aukning síldarverksmiðja mundi verða of mikil og ör, ef það væri öllum Íslendingum frjálst að byggja síldarverksmiðjur. Af þessu stafa ákvæði 1. gr. laganna, er banna byggingar nýrra verksmiðja og viðauka við þær verksmiðjur, sem fyrir eru, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Reynsla sú, sem síðan er fengin, hefir sýnt það, að þrátt fyrir talsverða aukningu verksmiðjanna síðan lögin voru sett, hefir mikið á það skort, að þær gætu tekið við allri síld af síldveiðiflotanum, án þess að tafir, til verulegs tjóns fyrir veiðiskip, ættu sér stað. Hafa veiðiskip mjög oft orðið að bíða afgreiðslu svo dögum skipti, og jafnvel upp í viku. Jafnframt sannast það betur og betur með hverju ári, sem líður, að með fáu eða engu er fljótgerðara og öruggara að auka verðmæti útflutningsins en með aukinni síldarvinnslu.

Að fenginni þessari reynslu mun það nú skoðun flestra manna á landi hér, að fremur beri að hvetja menn og styðja til þess að reisa síldarverksmiðjur á hentugum stöðum en að leggja á það hömlur.

Fyrsta viðurkenningin á þessu á að vera sú, að Alþingi nemi úr lögunum um síldarverksmiðjur ríkisins ákvæði 1. greinar þeirra, er banna byggingar og viðauka síldarverksmiðja, nema heimild atvinnumálaráðherra komi til.

Ed. 97. Nefndarálit

um frv. til laga um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta. Telur hún óhjákvæmilegt að orða flestar greinar þess um og ber því fram allmargar brtt. í þá átt, en ekki breyta þær efni frv. svo teljandi sé. Hinsvegar áskilur nefndin og einstakir nefndarmenn sér rétt til að bera síðar fram frekari brtt., eða vera með brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt til 3. umr. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Undirbúningur fyrsta mats eftir lögum þessum skal hafinn þegar eftir að lögin hafa öðlazt gildi, enda skal því mati vera lokið fyrir árslok 1941 og fasteignabók fullprentuð fyrir árslok 1942.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fasteign hver skal metin sanngjörnu söluverði. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er af fasteigninni fást, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumála þann, sem á henni er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin kann að hafa verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og brunabóta, þegar um húseign er að ræða. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins og getur fyrirskipað, að yfirmatsnefnd skuli á árinu 1938 meta 1—3 fasteignir í hverju matshéraði, til leiðbeiningar fyrir undirfasteignamatsnefndir. Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum, en bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um

allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er yfirmatsnefnd lætur prenta, og skal senda þær formönnum undirmatsnefnda nokkru áður en aðalmat á að hefjast í hvert sinn.

Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum og einstökum mönnum að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska og kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. Við 4. gr. 2., 3. og 4. málsgr. orðist svo:

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið reist á þeim eða ekki. Verði um það ágreiningur milli undirmatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé sami eigandi að báðum.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi, sem seld eru undan jörðum.

5. Við 5. gr. Fyrir „fasteigna“ í upphafi greinarinnar komi: jarðeigna.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, ber að meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. um mat á fasteignum þessum, ef styrkur hefir verið veittur til þeirra samkvæmt jarðræktarlögum eða nýbýlalögum.

7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

8. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver hún er. Nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Um jarðeignir skal þess getið, hvort landamerki séu ágreiningslaus eða ekki.

9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Tíunda hvert ár, í fyrsta skipti 1938, skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn til 10 ára í yfirfasteignamatsnefnd, og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn í yfirmatsnefnd skal skipa jafnmarga og til sama tíma.

11. Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr., svo hljóðandi:

Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd, hvort heldur undirmats- eða yfirmatsnefnd, skal undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi. Nefndarmenn allir eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, er því fylgja að lögum.

12. Við 11. gr. (sem verður 12. gr.). Greinin orðist svo:

Milli þess er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús, svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annarsstaðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja

tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Í Reykjavík skal þó mat þetta framkvæmt af formanni yfirmatsnefndar og 2 mönnum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu. Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með því, að aukamat fari fram þegar ástæða er til, og skal hún jafnan endurskoða slíkt mat eins og aðalmat væri.

13. Við 12. gr. (sem verður 13. gr.). Greinin orðist svo:

Formaður yfirmatsnefndar hefir fast árskaup, sem fjármálaráðherra ákveður, en aðrir matsmenn, í yfir- og undirmatsnefndum, taka þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því, og skal sú þóknun ákveðin af ráðherra á hverjum tíma, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar og með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði.

14. Við 13. gr. (sem verður 14. gr.). Fyrri málsgr. orðist svo:

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd fasteignamats og störf matsnefnda, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat á fram að fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið.

15. Við 14. gr. (sem verður 15. gr.). Greinin orðist svo:

Við mat fasteigna skal gera eiganda eða umráðamanni kost á að bera fram þær skýringar, sem hann óskar, að teknar verði til greina við matið.

Nú er eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þykir ekki samræmi í mati í hreppi, sýslu eða kaupstað, og getur hann þá kært það til undirmatsnefndar, enda skal hann þá leggja fram skrifleg rök máli sínu til stuðnings eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða. Að því búnu skal nefndin senda matsgögn öll til yfirmatsnefndar og láta fylgja lýsingu fasteignar, þær kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið við matið og hana varðar, svo og umsögn eða úrskurð sinn í málinu.

Heimilt er aðilja að skjóta úrskurði undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

16. Við 15. gr. (sem verður 16. gr.). Greinin orðist svo:

Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með störfum undirmatsnefnda, undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

Að loknu hverju aðalmati semur yfirmatsnefnd og lætur prenta fasteignabók samkvæmt matsgerðum undirmatsnefnda, með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefndar. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindi án endurgjalds.

17. Við 16. gr. (sem verður 17. gr.). Greinin orðist svo:

Aukamati samkv. 12. gr. ber að ljúka fyrir 1. desember ár hvert, og skal það liggja frammi allan desembermánuð. Um kærur og aðfinnslur fer eftir því, sem segir í 15. gr. Í janúar næstum á eftir skal síðan senda matsgerðirnar til yfirmatsnefndar. Yfirmatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum þeim, er hlut eiga að máli, þær breytingar, er verða á fasteignamati við aukamat.

18. Við 17. gr. (sem verður 18. gr.). Greinin orðist svo:

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, er aðalmat fer fram, og skal hann þá senda yfirmatsnefnd um það rökstudda beiðni. Yfirmatsnefnd úrskurðar síðan, hvort endurmat skuli fram fara eða ekki.

19. Á eftir 17. gr. (sem verður 18. gr.) komi ný gr. (sem verður 19. gr.), svo hljóðandi:
Aukamatsmenn fá þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Þó skal sá, er krefst endurmats, sbr. 18. gr., greiða matskostnaðinn, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.
20. 18. og 19. gr. verði 20. og 21. gr.

Alþingi, 4. nóv. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar

um breyting á löggjöf um héraðsskóla.

Flm.: Jónas Jónsson, Bjarni Bjarnason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um þá breyting á löggjöf og skipulagi héraðsskólanna, að bóklegt nám verði minna en nú tíðkast, en kennsla í verklegum störfum karla og kvenna aukin, svo að hún verði allt að 2 stundir daglega fyrir hvern nemanda. Jafnframt verði skólunum veittur ríflegri stofnstyrkur, svo að þeir geti á næstu árum komið upp nauðsynlegum vinnustofum fyrir þessa kennslu og fullkomnað skólana svo um áhöld og húsbúnað, að þeir geti orðið fullkomnir gististaðir að sumrinu til, eftir þeim kröfum, sem sanngjarnt er að gera hér á landi.

Greinargerð.

Héraðsskólarnir taka nú móti um 500 nemendum árlega og eru nú þegar, að því er snertir sveitirnar og hin minni kauptún, þær stofnanir, sem æskan leitar mest til. Það er almennt viðurkennt, að heimilislífið í þessum skólum, íþróttalífið, söngur og vakning í þjóðlegum fræðum fullnægir sanngjörnum kröfum þeirra, sem senda þangað sonu sína og dætur. En reynslan sýnir jafnframt, að þessi fjölmenni æskumannahópur þarf að fá aðstöðu til meira verklegs náms, en því verður ekki komið við nema með auknum húsakosti og breyttri kennslu. Piltarnir þurfa að læra steinsteypu, trésmíði, einfalda húsgagnagerð og undirstöðuatriði í þeirri fræði, hversu reisa má á haganlegastan hátt húsakynni fyrir litlar fjölskyldur. Konur þurfa fyrir sitt leyti að fá æfingu í venjulegri matreiðslu, saumum, prjóni og vefnaði. Allur þorrinn af ungu fólki í byggðum landsins þarf sjálft að geta byggt upp ný heimili, bæði hið ytra og innra, með eigin vinnu. Tilgangurinn með umræddri breytingu á héraðsskólunum er að gera þá svo úr garði, að nemendur þaðan geti hjálpað sér sjálfir við að byggja og endurbyggja landið.

Vinnustofur þær, sem hér er um að ræða, geta verið mjög ódýrar þar, sem hverahiti er eða ódýrt rafmagn. Nemendur á Laugarvatni byggðu sjálfir með 2 smiðum eitt af stærstu leikfimishúsum landsins með hjáverkavinnu á 2 mánuðum. Slíkt hið sama má víðar gera.

Héraðsskólarnir eru nú orðnir helztu gististaðir landsins á sumrin, og bæta þannig úr vöntun, sem tæplega varð leyst á annan hátt. En á öllum skólunum vantar húsbúnað og áhöld til að geta, svo sem sæmd landsins krefur, breytt þeim að sumrinu í nýtízku gististaði. Úr því má að mjög verulegu leyti bæta með vinnukennslu þeirri, sem hér er gert ráð fyrir. Héraðsskólarnir myndu þá byggjast upp smátt og smátt, með margháttaðri vinnu heimilismanna, um leið og æska landsins fengi þar æfingu, sem yrði ómetanleg fyrir þann mikla fjölda ungmenna, sem gengur í skólana.

Sþ. 99. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1936.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. nóv. 1937.

Bjarni Bjarnason, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Héðinn Valdimarsson, fundaskr.
Þorst. Þorsteinsson.	Helgi Jónasson.	Þorbergur Þorleifsson.
Jakob Möller.	Jón Pálmason.	Pétur Ottesen.

Nd. 100. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Thor Thors.

1. gr.

Í stað orðanna „Sáðsléttur í túni kr. 2,00 á 100 m²“ í 9. gr. III. f. jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936, komi: Sáðsléttur í túni kr. 2,50 á 100 m².

2. gr.

11., 12. og 13. gr. laganna falli burt, en í stað þeirra komi ein grein, svo hljóðandi:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

Til byggingar safngryfja og haughúsa allt að kr. 2000,00
og til þurrheyshlöðubygginga kr. 750,00.

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert lögbýli, sem fengið hefir innan við 6000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að kr. 600,00.

Nú hefir býli fengið 6000 krónur í styrk til jarðræktar, og má árshámarkið þá nema allt að 300 krónum.

Hámarksákvæði þessi taka ekki til votheyshlöðubygginga eða framræslu.

Hámarksstyrkur á ári til einstaklinga, er eigi hafa lögbýli til ábúðar og fengið hafa innan við 3000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að 300 krónum.

Hafi maður, sem eigi hefir lögbýli til ábúðar, fengið 3000 kr. í jarðræktarstyrk, má styrkurinn nema allt að 150 kr. á ári.

Nú er jörð skipt í tvö eða fleiri lögbýli, og skiptist þá upphæð þess styrks, er hún hefir fengið samkvæmt 9. grein, milli býlanna eftir mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um framhaldsstyrk til hvers býlis samkvæmt því mati.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, er þau hafa notið, og veitist þeim síðan styrkur sem eitt býli væri.

3. gr.

16. og 17. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli burt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, varð þegar í upphafi allmikil óánægja í sveitum landsins með hin nýju jarðræktarlög (nr. 101/1936). Nokkur bót var ráðin á ágöllum laganna með breytingu þeirri, er gerð var á I. kafla þeirra á síðasta þingi (l. nr. 25/1937), en eftir eru þó stórir ásteytingarsteinar, er nema verður burt.

Á þinginu síðasta var í hv. efri deild borið fram frv. til nýrra jarðræktarlaga, þar sem teknar voru í þær breytingar allar, er ýmsir hafa talið sumpart nauðsynlegar og sumpart æskilegar, en ekki komst það neitt áleiðis. Sama frv. er nú borið fram á ný, af 2 hv. þingm. í Nd. (þskj. 78). En þar sem það má að ýmsu leyti kalla of viðamikið að kollvarpa að formi til allri löggjöfinni um þetta efni þegar í stað (þótt reyndar mörgum ákvæðum sé haldið óbreyttum), enda lítil von um framkvæmd þess máls eins og Alþingi er enn skipað, þykir flm. rétt að bera fram í sérstöku frv. þau höfuðatriði breytinganna, sem vafalaus meiri hluti alls búaliðs landsins óskar framkvæmd án tafar, svo sem er um lagfæring á ákvæðum jarðræktarlaganna um hámarksstyrk m. m. (11.—13. gr.), svo og niðurfelling hinnar umþráttuðu 17. gr. („fylgiféð"), sem ekki orkar tvímælis um, að er eitt óvinsælasta ákvæði þessara laga.

Ætti að mega gera sér vonir um, að þingmenn vildu vinna saman um að koma þeim breytingum fram, sem hér eru teknar til, því að svo bezt verður jarðræktarmálum þjóðarinnar unnið gagn, að áframhaldandi þróun þeirra verði ekki hindruð, heldur aukin og glædd.

Ákvæði þau, sem hér eru tekin í 2. gr. þessa frv., er 12. gr. frv. á þskj. 78 (orðrétt), því að við það þykir mega hlíta.

Það getur vitanlega verið álitamál, hvort taka bæri fleiri ákvæði laganna til endurskoðunar þegar (þar á meðal ákvæðin um erfðaleigulönd, VI. kafla). Því er þó sleppt hér, sbr. hér að framan, með því líka að engin reynsla er komin á sum þeirra, en þetta verður væntanlega athugað í nefnd þeirri í hv. deild, sem fjallar um þessi mál.

Nánar í framsögu.

Nd. 101. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita bæjarfélögum, sem þess óska, einkaleyfi til bæjarrekstrar.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Ríkisstjórn er heimilt að veita bæjar- og sveitarfélögum, er þess óska, einkaleyfi til þess að annast uppskipun og útskipun vara á höfnum sínum. Slíkt einkaleyfi nær þó ekki til skipa, sem fiskveiðar stunda, eða báta, sem eru undir 15 tonn að stærð.

2. gr.

Nú hefir bæjarfélagi verið veitt einkaleyfi samkvæmt 1. gr., og skal bæjarstjórn þá semja gjaldskrá yfir upp- og útskipun, sem síðan skal staðfest af atvinnumálaráðuneytinu og gefin út í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Ríkisstjórn getur veitt bæjarfélögum, er þess óska, einkaleyfi til sölu á kolum eða öðrum nauðsynjum, ef hún telur það æskilegt, einkum vegna þess, að hætta sé

á, að annars verði ekki nægar birgðir fyrir hendi til þess að fullnægja þörfum bæjarbúa. Einkaleyfi það, sem nefnt er í þessari grein, nær til allrar sölu á viðkomandi vörutegund innan takmarka bæjarins, en þó skulu iðnaðar- eða útgerðarfyrirtæki, sem sjálf hafa keypt frá útlöndum kol til starfrækslu sinnar, hafa rétt til þess að gera það áfram þrátt fyrir einkasölu bæjarfélagsins.

4. gr.

Nú hefir bæjarfélagi verið veitt einkaleyfi, sem um ræðir í 3. gr., og skal þá ríkisstjórn, eftir að henni hafa borizt tillögur viðkomandi bæjarstjórnar, ákveða, hve mikil álagning skuli heimiluð.

5. gr.

Ríkisstjórn getur veitt bæjarfélögum einkaleyfi til rekstrar kvikmyndahúsa innan takmarka sinna. Nú hefir bæjarfélag fengið slíkt einkaleyfi, og getur þá bæjarstjórn, að fengnu leyfi ráðuneytisins, krafizt þess, að kvikmyndasýningahús, sem í bænum kunna að vera, séu tekin eignarnámi til handa bæjarfélaginu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga fer víðast stöðugt vaxandi. Hið stöðuga kreppuástand í sjávarútvegi, sérstaklega saltfiskframleiðslunni, veldur því, að skattstofnar þeir, sem nú eru, nægja ekki til að standa straum af gjöldum bæjar- og sveitarfélaga. Hinsvegar eru víða á þessum stöðum ýms fyrirtæki, og sérstaklega þau, er um ræðir í 1. og 5. gr. frumvarpsins, áhættulaus og arðbær í höndum einkafyrirtækja, sem víðast hafa samkeppnislausa einokunaraðstöðu. Virðist því sanngjarnt, að bæjar- og sveitarfélög ættu kost á að reka þessi fyrirtæki til almenningsþarfa, og væri þá jafnframt skapaður möguleiki fyrir þau að auka tekjur sínar að verulegu leyti án þess að íþyngja almenningi með auknum álögum.

3. gr. frumv. er annars eðlis og ekki ætluð sem fjáröflunarleið, heldur ráðstöfun viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga til þess að tryggja íbúunum, að vörur þær, sem þar um ræðir (kol), séu til á staðnum, en þess eru dæmi, að þær hafa þrotið um lengri eða skemmri tíma, án þess að öðru verði um kennt en hirðuleysi þeirra verzlana, sem vörurnar hafa að jafnaði á boðstólum.

Nánar í framsögu.

Nd. 102. Frumvarp til laga

um framlög úr ríkissjóði til Vestmannaeyja til verklegra framkvæmda.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Árlega skal ríkissjóður leggja fé til verklegra framkvæmda í Vestmannaeyjum, og skal upphæðin ákveðin þannig, að hún sé jafnmikill hluti af heildarupphæð þeirri, sem veitt er til vegamála ár hvert, og íbúafjöldi Vestmannaeyja er mikill hluti af íbúum landsins.

2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar ákveður, hvernig þessu fé skuli varið, en þær ákvarðanir skulu lagðar fyrir atvinnumálaráðuneytið til staðfestingar.

3. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er skylt að verja fé þessu til ákveðinna verklegra framkvæmda, svo sem vegagerðar, gatnagerðar, vatnsöflunar o. fl. þess háttar, og er ríkisstjórn óheimilt að greiða út féð nema til slíkra framkvæmda, og þá jafnóðum og þau eru unnin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Árlega er stórum fjárhæðum veitt til vegamála úr ríkissjóði. En sem kunnugt er hafa Vestmannaeyjar engin bein not af þjóðvegum landsins, þó hinsvegar Vestmannaeyjabúar greiði alveg á við aðra borgara þjóðfélagsins í ríkissjóð. Hér virðist því vera um bersýnilega ósanngirni að ræða, þar eð íbúar Vestmannaeyja greiða sinn hluta af framlagi ríkisins til atvinnubóta, en hafa engin bein not af vegunum. Það er því eðlilegt, að Vestmannaeyjum sé bætt þetta upp með því að ríkissjóður leggi þeim ákveðna fjárupphæð, er standi í hlutfalli við íbúafjölda eyjanna. Íbúar Vestmannaeyja eru nú um 3% af íbúum landsins, en til vegamála eru áætlaðar rúm 1,5 millj. kr. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1938, sem lagt hefir verið fyrir þingið. Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum yrði því um 45000 kr.

Nánar í framsögu.

Nd. 103. Nefndarálit

um frv. til l. um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 5. og 6. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ tvisvar í 5. gr. og einu sinni í 6. gr. komi alstaðar: dómsmálaráðherra.

Alþingi, 8. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Garðar Þorsteinsson.
Thor Thors.	Gísli Guðmundsson.	

Ed. 104. Frumvarp til laga

um síldarverksmiðju á Sauðárkróki.

Flm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Ef félag einstakra manna hefir ekki fyrir 1. apríl 1938 fengið leyfi til að reisa síldarbræðsluverksmiðju á Sauðárkróki og lagt fram fullnægjandi skilríki fyrir, að

það hafi fé til þess, lætur ríkisstjórnin reisa þar síldarbræðsluverksmiðju, sem vinni úr minnst 2000 málum síldar á sólarhring, og er heimilt að taka að láni fyrir hönd ríkissjóðs það fé, sem þarf í þessu skyni, enda sé verksmiðjan fullgerð fyrir lok júnímánaðar 1939 og geti tekið til starfa þá.

2. gr.

Sauðárkrókshreppur leggur til ókeypis lóð undir verksmiðjuna, ef hún verður reist fyrir fé ríkissjóðs.

3. gr.

Um stjórn og rekstur verksmiðjunnar fer eftir þeim reglum, sem gilda um aðrar slíkar verksmiðjur ríkissjóðs, ef hún verður reist fyrir hans fé.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Sauðárkróki er nú verið að gera höfn, sem mun kosta að minnsta kosti 600000 kr. Er tilætlunin, að hún verði fullgerð haustið 1938. Á Sauðárkróki er ekki, eins og stendur, mikil útgerð til fiskveiða, en það er kunnugra en frá þurfi að segja, að síldarganga er oft mikil á Skagafirði. Liggur því beint við að setja á stofn síldarbræðsluverksmiðju þar, enda er hafin þar talsverð síldarsöltun, en hún getur tæpast þrifizt þar til lengdar og aukizt, nema jafnframt sé hægt að bræða þar þá síld, sem ekki reynist söltunarhæf.

Sauðárkrókur er meðal stærstu kauptúna landsins, og liggur í augum uppi, að nauðsynlegt er að hrinda af stað þar fyrirtæki, sem geti veitt þorpsbúum atvinnu.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir frv. og einstökum ákvæðum þess.

Nd. 105. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. er komið frá efri deild. Nefndin leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ein. Hlíðar

Sigurður Kristjánsson. Bergur Jónsson.

Nd. 106. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. apríl 1937, um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. er komið frá efri deild. Nefndin leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sig. Ein. Hlíðar.

Sigurður Kristjánsson. Bergur Jónsson.

Nd. 107. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um raforku frá Soginu til almenningsnota.

Frá Eiríki Einarssyni.

Hve langt er komið undirbúningsrannsóknum á raforkuveitum frá Soginu til almenningsnota, og hvað ætlar ríkisstjórnin fyrir sér um lagasetningu og annað, er lýtur að framgangi þeirra mála?

Nd. 108. Frumvarp til laga

um strandferðasjóð.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist strandferðasjóður. Tilgangur hans er að stuðla að bættum samgöngum á sjó meðfram ströndum landsins með því að:

a. styrkja strandferðirnar með fjárframlögum, og einkum í því augnamiði að fjölga skipaviðkomum á þær hafnir, sem annars verða útundan í því efni,
b. leggja fram fé til kaupa á hentugum skipum til strandferða.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. 10% af öllum far- og farmgjöldum, greiddum og ógreiddum, með skipum milli hafna innanlands.
b. Afgangur, sem kann að verða af því, sem veitt er í fjárlögum til strandferða á hverjum tíma.
c. Hverskonar aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast eða ákveðnar kunna að verða síðar.

3. gr.

Nú verður fé það, sem veitt er í fjárlögum, ekki nægilegt til rekstrar strandferða, og ber þá strandferðasjóður, ef fé er fyrir hendi af árstekjum sjóðsins, hálfan hallann móti ríkissjóði.

4. gr.

Fjármálaráðherra hefir yfirstjórn sjóðsins á hendi. Hann ákveður, hvernig ávaxta skuli eignir sjóðsins, og setur reglur um, hvernig innheimta skuli tekjur hans.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, ekki lægri en sem nemur fjórfaldri þeirri upphæð, sem sjóðnum hefði annars borið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er af öllum viðurkennt, að eitt af frumskilyrðum þess, að atvinnuvegirnir geti blómgazt, eru greiðar samgöngur milli héraðanna innanlands og við umheiminn. Þau byggðarlög, sem verða útundan með samgöngur, hljóta að dragast aftur úr, hvað góða framleiðslumöguleika sem þau hafa að öðru leyti. Því ber að leggja megin-

áherzlu á það, með lagasetningum og fjárframlögum, að tengja og treysta samgöngukerfið sem bezt á sjó og landi. Á eylandi, eins og okkar land er, má ekki láta undir höfuð leggjast að nota þá samgöngumöguleika, sem bundnir eru við hinar sjálfgerðu leiðir, á hafnirnar víðsvegar umhverfis landið. Þetta hefir mönnum og verið ljóst; því hefir verið komið á strandferðum, sem ríkið annast, á allar færar hafnir umhverfis landið. Eru þessar strandferðir til ómetanlegs gagns fyrir alla landsmenn, framleiðslu alla og atvinnuvegina í heild.

Aðstaða héraðanna til þess að njóta þess skapandi máttar, sem tryggar og öruggar samgöngur veita, er ákaflega misjöfn. Ýmsar hafnir, sem stór og blómleg héruð liggja að, eru ekki færar fyrir hin stærri millilandaskip, þótt góðar séu og öruggar fyrir hæfilega stór skip.

Eins og samgöngumálum okkar er nú komið, er ekki mikil hætta á, að þau héruð, sem liggja að stærri höfnunum, sem millilandaskipin koma à, séu ekki nokkurnveginn tryggð með að hafa ábyggilegar samgöngur. En fólkið í þeim héruðum, sem liggja að smærri og lakari höfnunum, á það alltaf yfir höfði sér, að úr samgöngum á þær hafnir verði dregið, svo óviðunandi sé og til vandræða horfi, þar sem strandferðunum, sem eru í flestum tilfellum aðalsamgöngurnar, sem ýms þessi héruð hafa, er haldið uppi með fjárframlögum úr ríkissjóði, sem alltaf hljóta að miðast meira og minna við getu ríkissjóðs til fjárframlaga á hverjum tíma. — Á krepputímum, þegar illa árar fyrir ríkissjóð, má búast við því, að jafnan verði gripið til þeirra ráða, að draga úr fjárframlögum frá því, sem áður hefir verið, og þá líka af fjárframlögum til samgangna, en á slíkum tímum eykur það erfiðleikann enn meira, ef dregið er úr samgöngum frá því, sem áður hefir talizt nauðsyn.

Þessu frumv., ef að lögum verður, er ætlað að koma í veg fyrir þá yfirvofandi hættu, sem alltaf er á því, að samgöngur til hinna ýmsu héraða verði vanræktar af ástæðum, sem áður eru nefndar. Strandferðasjóðnum er ætlað að tryggja það, að fé verði fyrir hendi til þess að kaupa skip til strandferða, þegar nauðsyn ber til, og einnig það, að tryggja í framtíðinni ábyggilegar strandferðir á hverja höfn umhverfis landið, strandferðir og samgöngur óháðar kreppum og duttlungum hinnar líðandi stundar.

Hinar einstöku greinar frumv. verða skýrðar í framsögu.

Ed. 109. Frumvarp til laga

um aðstoðarpresta í Reykjavík.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík er heimilt, í samráði við kirkjumálaráðherra og biskup, að kalla tvo aðstoðarpresta til starfs í dómkirkjusöfnuðinum, eftir því sem nánar verður ákveðið í erindisbréfi, er kirkjumálaráðherra setur.

2. gr.

Aðstoðarprestarnir hafa sömu laun og sóknarprestar, og greiðast þau úr prestlaunasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Prestsstarf í hinum fjölmenna dómkirkjusöfnuði í Reykjavík er orðið svo mikið, að langur vegur er frá því, að tveir prestar geti annað því eins og þörf er á. Hafa því

verið uppi tillögur um það, að skipta dómkirkjusöfnuðinum í nokkur prestaköll, en ekki hafa þær tillögur náð samþykki Alþingis. Á síðasta þingi kom fram frumvarp um það, að mynda sókn með sérstökum presti í Laugarnesskólahverfi, en það frumvarp var ekki afgreitt.

Hér er nú farið inn á nýja leið í máli þessu, til þess að bæta í bráð úr því, sem enga bið þolir lengur. En það er sú leið, að bæta við starfskröftum í dómkirkjusöfnuðinum. Tveir prestar til aðstoðar dómkirkjuprestunum ættu að geta innt af hendi nokkuð af því, sem áfátt er. Og þó að erfitt verði um fullkomið prestsstarf fyrir 4 presta við eina kirkju, þá ætti samt að mega láta þá alla fá ærið starf með því til dæmis að láta hina nýju presta starfa í sérstökum hverfum bæjarins, líkt og séra Garðar Svavarsson hefir starfað undanfarandi í Laugarnesskólahverfinu.

Kostnaður ríkissjóðs við þetta, tvenn prestslaun, er hverfandi lítill, þegar litið er á það, hve mikið þessi söfnuður greiðir í prestlaunasjóð. Það yrði samt sem áður ekki nema nokkur hluti þess, sem gengi til prestsþjónustu í söfnuði þessum.

Að hér er farið fram á, að sóknarnefnd „kalli" prestana til starfsins, í stað þess að söfnuðurinn kjósi þá, stafar af því, hvernig hér er ástatt. Þessir prestar munu vafalaust starfa á ákveðnum svæðum í söfnuðinum aðallega, svæðum, sem á hinn bóginn eru ekki þannig afmörkuð, að unnt sé að koma þar á kosningum. Enda er hér um aðstoðarpresta að ræða, en þeir eru jafnan ráðnir, en ekki kosnir, og virðist eðlilegast, að sóknarnefnd og biskup geri um þetta tillögu til ráðherra.

Nd. 110. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við a-lið 7. greinar laganna bætist:

Fæði og húsnæði skipverja á skipum kemur þó eigi hér til greina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meðal þess, sem meta ber til skattskyldra tekna samkv. a-lið 7. greinar tekjuskatts- og eignarskattslaganna frá 1935, er talið fæði og húsnæði, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

Hlunnindi þessi munu af skattanefndum almennt metin á 2 kr. á dag, að því er snertir skipverja. En þótt fæði og húsnæði á skipum kosti útgerðirnar eflaust þetta eða meira, er hitt víst, að skipverjarnir sjálfir, að minnsta kosti þeir, sem fjölskyldu hafa fram að færa, hafa af þessum hlunnindum litinn eða engan sparnað á heimilum sínum. Mun óhætt að fullyrða, að hin verri aðstaða, sem skipverjinn hefir til þess, vegna fjarveru sinnar frá heimilinu, að afla nauðsynja til þess á haganlegan og ódýran hátt, vegur fullkomlega á móti því, sem neyzlan á heimilinu verður minni við það, að hann er þar ekki á fæði.

Öll rök styðja það því, að þessi hlunnindi reiknist ekki til skattskyldra tekna.

Ed. 111. Nefndarálit

um frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og rætt um það á fundi við fjármálaráðherra.
Leggur hún til, að frv. verði samþykkt, en Magnús Jónsson skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 9. nóv. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Ed. 112. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í millirikjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja með því, að frv. verði samþykkt, en telur betur fara, að í stað orðanna „minnsta mál" komi: lágmarkslengd. Samkvæmt því leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „minnsta mál" komi: lágmarkslengd.
Fyrirsögn frv. breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 10. nóv. 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. 113. Frumvarp til laga

um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Undirbúningur fyrsta mats eftir lögum þessum skal hafinn þegar eftir að lögin hafa öðlazt gildi, enda skal því mati vera lokið fyrir árslok 1941 og fasteignabók fullprentuð fyrir árslok 1942.

2. gr.

Fasteign hver skal metin sanngjörnu söluverði. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er af fasteigninni fást, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumála þann, sem á henni er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin kann að hafa

verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og brunabóta, þegar um húseign er að ræða. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins og getur fyrirskipað, að yfirmatsnefnd skuli á árinu 1938 meta 1—3 fasteignir í hverju matshéraði, til leiðbeiningar fyrir undirfasteignamatsnefndir. Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum, en bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er yfirmatsnefnd lætur prenta, og skal senda þær formönnum undirmatsnefnda nokkru áður en aðalmat á að hefjast í hvert sinn.

Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum og einstökum mönnum að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska og kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er fornt býli eða býli byggt úr landi annarar jarðar.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið reist á þeim eða ekki. Verði um það ágreiningur milli undirmatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé sami eigandi að báðum.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi, sem seld eru undan jörðum.

5. gr.

Við mat jarðeigna skal:

1. Meta sér verðmæti landsins, að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög.
2. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja (sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög).
3. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar.
4. Meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag.
5. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á.
6. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög.

Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annara jarða.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, ber að meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. um mat á fasteignum þessum, ef styrkur hefir verið veittur til þeirra samkvæmt jarðræktarlögum eða nýbýlalögum.

7. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver hún er. Nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Um jarðeignir skal þess getið, hvort landamerki séu ágreiningslaus eða ekki.

9. gr.

Tíunda hvert ár, í fyrsta skipti 1938, skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn til 10 ára í yfirfasteignamatsnefnd, og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn í yfirmatsnefnd skal skipa jafnmarga og til sama tíma.

11. gr.

Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd, hvort heldur undirmats- eða yfirmatsnefnd, skal undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi. Nefndarmenn allir eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, er því fylgja að lögum.

12. gr.

Milli þess er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús, svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annarsstaðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Í Reykjavík skal þó mat þetta framkvæmt af formanni yfirmatsnefndar og 2 mönnum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu. Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með því, að aukamat fari fram þegar ástæða er til, og skal hún jafnan endurskoða slíkt mat eins og aðalmat væri.

13. gr.

Formaður yfirmatsnefndar hefir fast árskaup, sem fjármálaráðherra ákveður, en aðrir matsmenn, í yfir- og undirmatsnefndum, taka þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því og skal sú þóknun ákveðin af ráðherra á hverjum tíma, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar og með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði.

14. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd fasteignamats og störf matsnefnda, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat á fram að fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið.

Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa á venjulegan hátt, hvenær þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

15. gr.

Við mat fasteigna skal gera eiganda eða umráðamanni kost á að bera fram þær skýringar, sem hann óskar, að teknar verði til greina við matið.

Nú er eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þykir ekki samræmi í mati í hreppi, sýslu eða kaupstað, og getur hann þá kært það til undirmatsnefndar, enda skal hann þá leggja fram skrifleg rök máli sínu til stuðnings eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða. Að því búnu skal nefndin senda matsgögn öll til yfirmatsnefndar og láta fylgja lýsingu fasteignar, þær kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið við matið og hana varðar, svo og umsögn eða úrskurð sinn í málinu.

Heimilt er aðilja að skjóta úrskurði undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

16. gr.

Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með störfum undirmatsnefnda, undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

Að loknu hverju aðalmati semur yfirmatsnefnd og lætur prenta fasteignabók samkvæmt matsgerðum undirmatsnefnda, með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefndar. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindi án endurgjalds.

17. gr.

Aukamati samkv. 12. gr. ber að ljúka fyrir 1. desember ár hvert, og skal það liggja frammi allan desembermánuð. Um kærur og aðfinnslur fer eftir því, sem segir í 15. gr. Í janúar næstum á eftir skal síðan senda matsgerðirnar til yfirmatsnefndar. Yfirmatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum þeim, er hlut eiga að máli, þær breytingar, er verða á fasteignamati við aukamat.

18. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, er aðalmat fer fram, og skal hann þá senda yfirmatsnefnd um það rökstudda beiðni. Yfirmatsnefnd úrskurðar síðan, hvort endurmat skuli fram fara eða ekki.

19. gr.

Aukamatsmenn fá þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Þó skal sá, er krefst endurmats, sbr. 18. gr., greiða matskostnaðinn, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, lög nr. 14 frá 19. júní 1922, um skattmat fasteigna, lög nr. 41 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 114. Nefndarálit

um frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er ætlað að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum um gjaldeyrisverzlunina. Hefir eigi náðst samkomulag um frv. í nefndinni. Vill meiri hl. samþ. frv. óbreytt, en minni hl. getur ekki aðhyllzt nokkur þeirra nýmæla, sem í frv. felast, og skal nú gerð stutt grein fyrir skoðun minni hl. í málinu.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. gr. frv. Þar segir, að úthluta skuli gjaldeyrinum og innflutningsleyfum eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, að **„fengnum tillögum** þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd", en í gildandi lögum stendur **„samþykktum** af bönkum þeim, er fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd". Breytingin er m. ö. o. í því fólgin, að vald bankanna í þessum efnum verði einskorðað við tillögurétt, í stað neitunarvaldsins, er þeir til þessa hafa haft, og gildir því um að gera sér ljóst, hvort þessi tilfærsla valdsins frá bönkunum yfir í hendur ráðherra er til bóta.

Minni hl. hefir aflað sér nokkurra gagna um löggjöf nágrannaþjóðanna og reglugerðir um gjaldeyrisverzlunina. Er af þeim auðsætt, að þess eru engin dæmi, að ráðherra sé ætlað svipað vald yfir gjaldeyrisverzluninni og frv. þetta gerir ráð fyrir. Mun vald ráðherra í þessum efnum vera hvað mest í Danmörku, en er þó þar háð samningum við þjóðbankann, en auk þess í höndum gjaldeyrisráðsins (Valutaraadet) og gjaldeyrisnefndar (Valutacentralen), sem hvortveggja eru mannmargar nefndir, skipaðar fulltrúum framleiðenda, verzlunar, iðnaðar o. fl. Hefir gjaldeyrisnefndin með höndum úthlutun gjaldeyrisleyfa, þó þannig, að þar sem því verður við komið skal úthluta eftir tillögum frá félögum kaupsýslumanna. En auk þessa eru svo ýms öryggisákvæði í sjálfum gjaldeyrislögunum, svo sem t. d. að gjaldeyrisnefndinni skuli skylt að sjá um, að þeir, sem samskonar innflutningsverzlun reka og eru viðurkenndir innflytjendur, njóti allir sama réttar til innflutnings, án hliðsjónar af hvort um einstaklinga, hlutafélög, samvinnufélög eða aðra er að ræða (sbr. 1., 2., 3. og 6. gr. dönsku gjaldeyrislaganna frá 31. marz 1937).

Af þessu sést, að jafnvel þar, sem vald ráðherra yfir gjaldeyrisverzluninni er hvað víðtækast, fer því þó mjög fjarri, að ráðherra sé einráður, heldur er valdinu skipt milli **margra** aðilja, svo sem þjóðbanka, gjaldeyrisnefnda o. fl., auk þess sem sjálfur löggjafinn með beinum ákvæðum laganna tryggir borgurum landsins visst jafnrétti, sem í aðalefnum miðar að því að skerða ekki, eða sem minnst, afkomuskilyrði þeirra, er þurft hafa og þurfa erlendan gjaldeyri til starfrækslu sinnar.

Þegar nú Íslendingar hafa í hyggju að taka upp nýja stefnu í gjaldeyrismálunum, alveg þveröfuga við þær grundvallarreglur, er aðrar þjóðir — sem lengri hafa reynslu og meiri fjármálaþroska — fylgja, verður að teljast eðlilegt, að um það sé spurt, hvort nokkuð sé það, er sérstaklega helgi, að öðrum reglum sé fylgt hér en í nágrannalöndunum að því er gjaldeyrisúthlutun snertir. Hefir minni hl. engin slík rök heyrt fram færð, og telur þau ekki heldur vera fyrir hendi, nema ef vera skyldi, að fremur bæri að stefna í öfuga átt við það, er frv. gerir, og setja ráðherravaldinu **þrengri** skorður hér en annarsstaðar.

Það er augljóst mál, að með reglum um úthlutun gjaldeyris er mjög auðvelt að svipta mannmargar stéttir í þjóðfélaginu lífsviðurværi, en fá jafnframt öðrum í hendur sérréttindi til að reka alla innflutningsverzlun þjóðarinnar. Um það getur ekki verið ágreiningur, að varhugavert sé, að snöggar breytingar, sem færa myndu atvinnumissi yfir mikinn fjölda manna, verði á þessu sviði atvinnulífsins sem öðrum. En af því leiðir, að löggjafanum ber skylda til að miða þau ákvæði gjaldeyrislaganna, er að þessu lúta, einmitt við það, að sem bezt sé girt fyrir slíka skaðlega jafnvægisröskun.

Minni hl. lítur svo á, að alveg sé tvímælalaust, að sú tilfærsla valdsins yfir úthlutun gjaldeyris — frá bönkunum til ráðherra —, sem frv. mælir fyrir um, miði í skakka átt. Bankastjórarnir eru venjulega mjög kunnugir öllum högum og háttum atvinnulífsins. Þeim er ljóst, að saman fer hagur bankanna og almennings um að forðast allar byltingakenndar raskanir í atvinnulífinu, og almennt hlýtur að mega treysta því, að þeir hafi enga tilhneigingu til að miða tillögur sínar við neitt annað.

Mjög mikil hætta er hinsvegar á, að allt öðru máli geti gegnt um ráðherra. Harðvítugar flokkadeilur valda eðlilega nokkurri einsýni þeirra, er mikinn virkan þátt taka í þeim, en auk þess verður að viðurkenna, að sé einum einasta stjórnmálamanni falið einræði um úthlutun alls gjaldeyris þjóðarinnar, er fullkomin ástæða til að óttast, að baktjaldaáhrif ágengra samherja geti neytt hann til að ganga jafnvel lengra í misbeitingu þessa örlagaríka valds en réttlætiskennd hans sjálfs hefði óskað.

Annarsstaðar hefir þetta sjónarmið öðlazt viðurkenningu í löggjöf og framkvæmd. Hér er þess því meiri þörf, sem stjórnmálabaráttan er harðvítugri og persónulegri en annarsstaðar og reynsla okkar Íslendinga um siðsemi og réttlæti hins pólitíska framkvæmdavalds misjafnari en annara þjóða.

Minni hl. er því algerlega andvígur þessu ákvæði frv., en er fús til samkomulags um breytingar á ákvæðum núgildandi laga, er um þetta fjalla, að því tilskildu, að ekki sé aukið vald ráðherra yfir úthlutun gjaldeyris frá því, sem nú er, enda er vald ráðherra að óbreyttum lögum ákaflega mikið, bæði samkvæmt beinum lagabókstaf og allri aðstöðu til áhrifa á bankana og gjaldeyrisnefnd.

Minni hl. telur rétt, í sambandi við þessa fyrirhuguðu lagabreytingu, að vekja athygli á því, að á síðari árum er Alþingi að ganga æ lengra inn á þá braut, að fá ráðherra í hendur vald, sem ýmist á að liggja hjá Alþingi sjálfu eða dómstólum landsins. Miðar slíkt mjög í einræðisátt og hefir þegar dregið mjög úr virðingu almennings fyrir Alþingi, en jafnframt skapað allríka skoðun á því, að ráðherra séu allir vegir færir, hvað sem líði lögum og rétti.

Fer illa á slíku í lýðræðislandi.

Í 1. gr. frv. er beint fyrirmæli um, að óheimilt sé að „flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri". Samskonar ákvæði munu lögfest í einræðislöndunum, a. m. k. í Þýzkalandi. Í Danmörku er hinsvegar heimilt þeim, er úr landi fara, að hafa með sér 100 kr. í seðlum, og innflutningur seðla er frjáls, hvort heldur seðlarnir hafa komizt úr landi á löglegan hátt eða verið smyglað.

Útflutningur og innflutningur seðla hefir að undanförnu verið bannaður hér á landi, þótt hæpin eða engin heimild standi til, og sér minni hl. ekki ástæðu til að beita sér gegn því.

Þá er í 1. gr. nýmæli, er bannar mönnum að fara utan án skírteinis „gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt."

Ekki er ólíklegt, að finna megi svipuð ákvæði í löggjöf einhverra einræðislanda, — en annarsstaðar tæplega. Á Norðurlöndum er hvergi neitt útflutningsbann á fólki. Í Danmörku er bönkum og öllum gjaldeyrissölum frjálst að selja hverjum, sem þess óskar, erlendan gjaldeyri til ferðaþarfa, að því einu tilskildu, að kaupandi undirriti æru- og samvizkuyfirlýsingu um, að hann ætli ekki að verja gjaldeyrinum til annars en ferðakostnaðar, og hafi eigi fengið annarsstaðar gjaldeyri til ferðarinnar.

Lagaákvæði sem þetta eru gagnslítil, vekja andúð og munu áður en varir geta orðið beinlínis skaðleg. Má að vísu vera, að einhverjir lendi í banni gjaldeyrisnefndar, en varla til verulegs sparnaðar, enda er með því alls ekki sett undir versta lekann, og munu menn hér eftir sem hingað til finna ýms ráð til að afla sér erlends gjaldeyris, og eyða í utanferðum, langt umfram það, sem gjaldeyrisnefnd hefir veitt leyfi til, en einmitt sú eyðsla skiptir miklu meira máli en þótt eitthvað hafi eyðzt í siglingu efnalítils og oft ungs fólks, er farið hefir utan meira til frama en af beinni nauðsyn.

En skaðlegt getur þetta útflutningsbann orðið með þeim hætti, að aðrar þjóðir beiti okkur sama bragði og setji sínum þegnum samskonar reglur um gjaldeyri til

Íslandsferða og hér gilda. Myndi þá taka fyrir tekjuvonir af ferðamennsku hingað, en þær tekjur ættu auðvitað að verða margfaldar við utanfarakostnað Íslendinga.

Í 3. gr. frv. er nýmæli um 2% skatt af upphæð innflutningsleyfa. Má að vísu bæði deila um þá stefnu, er þar kemur fram, sem og hver nauðsyn sé, að gjaldið sé svo hátt, en ekki mun minni hl. flytja um það breytingartillögu.

Minni hl. flytur brtt. í samræmi við það, sem að framan greinir, en vill auk þess gera tvær breytingar á frv. Önnur fjallar um það, að til viðbótar þeim lánum, sem frv. ákveður, að heimilt sé að greiða af erl. afborganir, — en það eru lán ríkissjóðs, lán, sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir, og þarfir bankanna, — komi lán bæjar- og sveitarfélaga, enda verður að viðurkenna, að slík lán eru mjög svipaðs eðlis og lán með ábyrgð ríkissjóðs, m. a. vegna þess, að þau eru aldrei tekin án samþykkis ríkisstjórnarinnar. Hafa tveir nefndarmanna (SkG og SvbH) tjáð sig samþykka þeirri breytingu, en ekki gefizt kostur að ræða hana við aðra tvo (StSt og ÁÁ).

Hin breytingin er um heimild útvegsmönnum til handa til ráðstöfunar á þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöru þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hans til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar. Hefir frv. þess efnis áður verið flutt af tveim þm. í Nd. og notið að maklegleikum mikils fylgis í öllum flokkum, þótt enn hafi það eigi náð lögfestu. Er það mál svo kunnugt, að eigi þykir ástæða til að rökstyðja það sérstaklega hér.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „þangað til öðruvísi verður ákveðið“ í 1. málsgr. komi: Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erl. gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar.
   b. Aftan við 2. málsgr. bætist: með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.
   c. 3. málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „að fengnum tillögum þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd“ komi: samþykktum af bönkum þeim, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd.
   b. Á eftir orðunum „af lánum ríkissjóðs“ komi: lánum bæjar- og sveitarfélaga.

Alþingi, 11. nóvember 1937.

Ólafur Thors.

Nd. 115. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. Við 2. gr. Á eftir orðunum „í fyrsta sinn“ í fyrri málsl. 2. mgr. komi: Undanþegnir greiðslu þessari eru þeir skipaeigendur, er þegar eiga upphæð, sem nemur stofnsjóðsgjaldi, eða meiri, í stofnsjóði starfandi bátaábyrgðarfélags.
II. Við 3. gr. 1. mgr. Orðin „eða gengur til fiskveiða frá“ falli burt.
III. Við 6. gr.
   a. Aftan við 2. málsgr. bætist: Á sama hátt skal kjósa 3 menn til vara í stjórn

og 2 endurskoðendur. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

b. Í stað orðanna „Hann skal hafa ... endurgreiddum iðgjöldum“ í 4. málsgr. komi: Stjórnin ákveður þóknun til hans.

IV. Við 7. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

V. Við 8. gr. Aftan við 6. málsgr. bætist: nema veðhafi sé í vátryggðu skipi.

VI. Við 9. gr. „Gjöld félaganna“

a. 3. liður orðist svo: Endurgreiðslur.

b. Á eftir 3. tölul. komi nýr tölul. (4.), svo hljóðandi: Öll önnur gjöld.

VII. Við 12. gr. Í stað „eins árs í senn“ í 3. málsgr. komi: tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til.

VIII. Við 13. gr. Eftir orðin „úr gildi“ komi: ef hinn nýi eigandi flytur skipið úr umdæmi félagsins.

IX. Við 18. gr. Aftan við 3. tölulið bætist: Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

X. Við 31. gr. Aftan við 4. málsgr. bætist: Þó skal stjórnin gefa veðhafa kost á að greiða hið vangoldna iðgjald áður en hún upphefur tryggginguna.

XI. Við 33. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Ágreining milli félaganna og skipaeigenda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hver málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félögin eiga heima, skipar oddamann.

Ágreining milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum má leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra sem oddamann einn af dómurunum í hæstarétti.

Nd. 116. Breytingartillaga

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Finni Jónssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 5. gr.

a. Í stað „15000“ í 2. málsl. fyrri málsgr. komi: 25000.

b. Við fyrri málsgr. bætist: Þó skal félögum því aðeins heimilt að hafa yfir 15000 kr. í einu skipi í eigintryggingu, að félagið eigi fastan sjóð, er nemur minnst 10% af þeim hluta vátryggingarupphæðar, er félagið ábyrgist, og hafi meðmæli banka eða annara peningastofnana, sem ávaxta sjóði félagsins.

Ed. 117. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Magnús Jónsson.

Síðari málslið stafliðs d. í 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal orða þannig:

Ennfremur skal draga frá iðgjöld af ólögboðinni líftryggingu eða lífeyri, sem greidd hafa verið á árinu, þó aldrei hærra iðgjald, lögboðið og ólögboðið samtals, en 1000 kr.

Greinargerð.

Með breytingu þessari er d-liður sumpart gerður skýrari, en sumpart er frádráttarhæft iðgjald hækkað. Líftryggingar verða að teljast svo heilbrigð ráðstöfun, að þær ber að örva, þó að vitanlega verði að setja takmörk. Eins og nú er ákveðið er takmarkið of þröngt.

Ed. 118. Nefndarálit

um frv. til l. um heilsuhæli handa drykkjumönnum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. á nokkrum fundum og er sammála um, að mikil þörf sé á að gera ráðstafanir til bjargar þeim mönnum, sem sjúkir mega teljast af hneigð til áfengra drykkja. Hefir nefndin leitað álits og tillagna yfirlæknisins á Nýja Kleppi, dr. med. Helga Tómassonar, um málið. Á þinginu 1936 leitaði nefndin, sem þá var skipuð sömu mönnum og nú, álits landlæknis um málið, og kom það í ljós, að báðir þessir læknar voru, að minnsta kosti í aðalatriðum, sammála um, hvað réttast væri að gera í þessu máli. Báðir leggja þeir megináherzlu á, að heilbrigðisstjórninni sé heimiluð fjárupphæð nokkur, sem hún gæti varið til þess að gera tilraun til að lækna þá menn, sem hér um ræðir, af meinsemd þeirra. Hinsvegar telja þeir ekki brýna nauðsyn til að reisa sérstakt hæli fyrir þessa menn, heldur megi við það una fyrst um sinn að leita annara ráða.

Að þessu athuguðu hefir nefndin horfið að því ráði að leggja ekki til að svo komnu máli, að reist verði eða stofnað heilsuhæli í þessu skyni, enda mundu vera á því erfiðleikar fjárhagsins vegna, því að óhjákvæmilegt yrði, að slíkt hæli yrði talsvert dýrt í rekstri, auk þess sem stofnkostnaður hlyti að verða mikill. Aftur á móti vill nefndin leggja til, að fé verði veitt í þessu skyni í fjárlögum, og sé það fé til ráðstöfunar fyrir heilbrigðisstjórnina, eftir því, sem hún telur bezt til fallið. Nefndin getur að sjálfsögðu ekki einskorðað, hversu há þessi fjárhæð ætti að vera, en henni hefir komið til hugar 15000—25000 kr. á ári. Eru allar líkur á, að nokkuð mætti draga úr hinu hryggilega böli þessara manna með þessu.

Verði fallizt á þessa tillögu nefndarinnar, hugsar hún sér, í samræmi við ráðleggingar dr. Helga Tómassonar, að útvegaður verði bráðabirgðastaður fyrir þá menn, sem taka verður burtu af heimilum sínum. Á þessum stað ættu þeir að dvelja meðan það er rannsakað, hvaða meðferð mundi henta þeim bezt. Sumum mætti sennilega sleppa bráðlega, öðrum mundi ef til vill henta dvöl á góðu sveitaheimili, nokkrir kunna að þarfnast lengri spítalavistar, og einhverjir má ætla að séu ólæknandi.

Í nefndinni kom það til tals, hvort ekki mundi nauðsynlegt að breyta lögum um lögræði, til þess að hægt væri að svipta þá menn, sem hér um ræðir, eða suma þeirra, fjárræði og sjálfræði, því að það er auðsætt, að ef slíkur sjúklingur vill ekki fara að ráðum læknis, þá er ekki hægt að knýja hann til þess, nema með því að svipta hann bæði fjárræði og sjálfræði. Nefndin sá þó ekki næga ástæðu til, að minnsta kosti að svo stöddu, að flytja frv. um breytingu á lögræðislögunum, því að hún telur heimildina til lögræðissviptingar í 5. gr. laganna svo rúma, að hana megi nota í þeim tilfellum, sem hér ræðir um, enda ber ekki að beita svo skæðu og örlagaríku vopni sem lögræðissvipting er, nema annað sé óhjákvæmilegt.

Verði sú rökstudda dagskrá, sem nefndin ber fram og hér fer á eftir, samþykkt í hv. deild, mun nefndin senda hana fjárveitinganefnd þingsins með beiðni um, að hún taki upp í tillögur sínar fjárveitingu í áðurnefndu skyni.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur réttara, eins og nú er, að reisa ekki eða stofna heilsuhæli handa drykkjumönnum, heldur taka upp í fjárlög fjárveitingu, sem sé til ráðstöfunar fyrir heilbrigðisstjórnina í þeim tilgangi að hjálpa slíkum mönnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. nóvember 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Guðmundsson, frsm.

Nd. 119. Frumvarp til laga

um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögin að öðru leyti setja.

Ákvæði laga þessara ná ekki til læknisaðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

2. gr.

Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þessara, eru þrennskonar:

1. **Afkynjanir:** Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.
2. **Vananir:** Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitið sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnaðarfæra.
3. **Fóstureyðingar** (sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

3. gr.

Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum, og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari tölulið þessarar greinar.
2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefir verið sviptur sjálfræði.
3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. greinar, ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.
4. Frá lögreglustjóra, ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka, enda hafi hann fellt úrskurð um. Að því leyti sem slíkur úrskurður er ekki felldur í sambandi við sakamál, skal rannsókn sú, sem úrskurðurinn er byggður á, fara að hætti almennra lögreglumála. Úrskurði lögreglustjóra má áfrýja til æðri réttar.

Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í

té. Skal hver umsókn árituð umsögn læknis, er hefir kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

4. gr.

Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Þann, er vera mundi náttúrlegur lögráðamaður viðkomanda, ef hann væri ósjálfráða, skal skipa tilsjónarmann hans, nema eitthvert sérstakt mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefir sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helzt sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu.

Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. **Afkynjun** skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annara hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.
2. **Vönun** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.
   b. að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.
3. **Fóstureyðingu** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim, eða öðrum ástæðum, er um getur í tölulið 2. a.
   b. að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

   Dómsmálaráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

6. gr.

Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli, í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar dómsmálaráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

7. gr.

Öllum öðrum en læknum eru óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, og því aðeins eru þær heimilar læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr.,

enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefir á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefir verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

8. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum. 100—10000 krónum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Við Þaralátursfjörð í Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar fullnægt hefir verið skilyrðum laga nr. 61 10. nóv. 1905 um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Þaralátursfirði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. tilmælum þess fólks, er býr á austanverðum Hornströndum, frá Horni og að Geirólfsgnúpi, en það á einhverja erfiðustu leið til aðdrátta og til að koma frá sér afurðum sínum, allra landsmanna. Hinsvegar er á þessu svæði kjörhöfn, þar sem er Þaralátursfjörður, rétt nefnd líflöfn í öllum veðrum, þegar inn er komið, og innsiglingin engu erfiðari, nema síður sé, en á fjöldamargar hafnir, sem kunnar eru og mikið sóttar. Hafa hafnarskilyrði á Þaralátursfirði verið lengi rómuð, sbr. það, er segir í sögu Guðmundar biskups góða um hrakninga hans fyrir Hornströndum: „vildo norðr fire til Þaralátrsfjarðar, því at þar var örogg höfn".

Nú er það hugsun þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að fá Þaralátursfjörð viðurkenndan sem verzlunarstað, bæði vegna rekaviðarverzlunar sinnar, sem mjög hefir aukizt hin síðustu ár, og enn má gera meira úr, og einnig í því skyni að reisa þar sláturhús, þar sem slátrað mundi verða allt að 1000 fjár árlega, en í sambandi

við sláturhúsið mætti hafa vörugeymslu, enda yrðu þá fluttar þangað vörubirgðir til byggðarlagsins a. m. k. tvisvar á ári.

Ég hefi borið þetta mál undir vitamálastjóra, og skýrir hann mér frá því í bréfi, dags. 11 nóv. síðastl., að „sjómælingar (hafi) verið gerðar fyrir utan mynni fjarðarins“ og að „sigling (megi) teljast tiltölulega greiðfær að firðinum frá norðaustri eða með því að leita fyrst Íraboða, sem er upp úr sjó, og halda frá honum beint inn fjörðinn“. Vitamálastjóri hefir og fyrir satt, að „fjörðurinn sé góður í öllum áttum, þegar legið er undan bænum í Þaralátursfirði“. Þá segir forstjóri skipaútgerðar ríkisins mér í bréfi, dags. 10. nóv., en ég hafði spurt hann um líkindi fyrir því, hvort strandferðaskipin mundu fást til að koma við á Þaralátursfirði, eftir að þar hefði verið löggilt höfn, að „siglingaleið inn á fjörðinn (sé) ekki til hindrunar því, að skipin geti komið þar við“, enda verði „legustaður skipanna ... afmarkaður á sjókortinu“, en „fjörðurinn sjálfur er uppmældur“ og „mun vera án hættulegra skerja“.

Hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu — en í þeim hreppi er Þaralátursfjörður — hefir áréttað tilmæli þeirra hreppsbúa, sem hér eiga hlut að máli, með því að gera ályktun um að fela mér að flytja frv. um þetta efni.

Ed. 121. Breytingartillögur

við frv. til l. um fasteignamat.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 2. gr. Orðin „og getur ... fyrir undirfasteignamatsnefndir“, í næstsíðasta málslið greinarinnar, falla niður.
II. Við 12. gr. Málsliðurinn: „Í Reykjavík ... kýs hlutfallskosning“, fellur niður.

Ed. 122. Breytingartillögur

við frv. til l. um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 5. gr. 2. tölul. Fyrir „(sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög)“ komi: (sbr. jarðræktarlög, nýbýlalög og lög um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum).
2. Við 8. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Geta skal þess, hvort landamerki og lóðamörk eru ágreiningslaus eða ekki.

Nd. 123. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:
Aftan við 2. gr. laga nr. 52 8. sept. 1931 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er til sykur-

söltunar á þorski og þorskhrognum (gotu) til útflutnings, enda sé sannað með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið sykurmagn sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir verið gerð tilraun með það að sykursalta þorsk til útflutnings. Þorskur sá, sem þannig er verkaður, er seldur upp úr salti, og eru allar horfur á, að með þessari verkunaraðferð sé hægt að rýmka nokkuð sölumöguleika á saltfiski. Því er hér farið fram á, að tollur af þeim sykri, sem notaður er til þessa, verði endurgreiddur, svo sem nú er gert þegar um er að ræða sykursöltun á síld og gotu til útflutnings.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar

um verð á síldarmjöli til fóðurbætis o. fl.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja bændum í óþurrkahéruðum landsins síðastliðið sumar allan nauðsynlegan síldarmjölsfóðurbæti fyrir veturinn, við verði, er ekki sé hærra en kr. 16.50—18.00 hver 100 kg., eftir vörugæðum, miðað við afhendingu á þeim höfnum, sem næstar eru þeim byggðarlögum, er varan skal flytjast til, enda greiði ríkissjóður flutningskostnað til þeirra hafna. — Skal verðlag þetta ná jafnt til þess síldarmjöls, er ríkið selur sjálft frá verksmiðjum sínum, og síldarmjöls, sem bændur kaupa af öðrum. Að því leyti, sem mjölið er keypt af öðrum en síldarverksmiðjum ríkisins, greiðir ríkissjóður þann hluta verðsins, sem fram yfir er það verð, er bændur njóta samkvæmt ofanskráðu, enda sé þá miðað við sanngjarnt söluverð.

Einnig heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að kr. 15000.00 upp í flutningskostnað á vörunni til þeirra bænda, er lengst eiga aðdrátta frá uppskipunarhöfn.

Ívilnanir þær, sem veittar eru með tillögu þessari, ná jöfnum höndum til þeirra bænda á óþurrkasvæðunum, er nú þegar hafa greitt og dregið að sér umrædda vöru, og hinna, sem enn eiga það ógert.

Allt hið framanskráða skal ríkisstjórnin framkvæma í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að fengnum upplýsingum og tillögum frá búnaðarsamböndum þeim, er hlut eiga að máli.

Greinargerð.

Óþurrkarnir síðastliðið sumar hafa valdið bændum í heilum landsfjórðungum meira og almennara tjóni á heyöflun en gamlir og glöggir menn muna til, að orðið hafi öðru sinni. — Hin miklu fóðurbætiskaup til þessara héraða, er voru af Búnaðarfélagi Íslands áætluð í sept. síðastl. að nema mundu á 4. þúsund smálestum af síldarmjöli, auk mikillar erlendrar korn- og mjölvöru, munu ekki ætluð til annars en að tryggja hinn hrakta og rýra heyafla, svo að búpeningur veslist ekki upp. Fækkun á fénaði, vegna þess hve heyin eru lítil meðal margra, er óhjákvæmileg, þrátt fyrir hinn mikla kostnað, er fóðurbætiskaupin hafa í för með sér.

Með tillögu þessari er ekki farið fram á meiri ívilnanir á síldarmjölsverðinu en svo, að greiðsla kaupenda svarar nokkurn veginn til heildsöluverðs á síldarmjöli 2

síðustu árin. Mun mörgum bóndanum fullerfitt að greiða það verð, hvað þá meira, fyrir vöru þessa, jafnframt öðrum skuldaskilum til kreppulánasjóðs og annara lánardrottna, auk hins erlenda fóðurbætis, er þar kemur til viðbætis meðal margra.

Það er óhjákvæmilegt, að liðsinni ríkisvaldsins verði hlutfallslega hið sama við alla, sem hér eiga hlut að máli, enda er efnahagur bændastéttarinnar, því miður, svipaður á meðal flestra, þröngur og þolir ekki óvenjulegar íþyngingar.

Fyrir tillögu þessari verður að öðru leyti gerð grein, er hún kemur til umræðu á Alþingi.

Ed. 125. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. nóv. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.

Nd. 126. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á undirstöðuatriðum nýrrar verðlagsskrár o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela hagstofunni að rannsaka fyrir næsta þing, hver leið sé heppilegust til að fá árlega rétta verðlagsskrá yfir aðalframleiðsluvörur landsmanna, er verið geti öruggur mælikvarði á þær breytingar, sem verða frá ári til árs á hag framleiðenda landsins.

Í öðru lagi sé athugað, á hvern hátt sé auðveldast að fá rétta verðvísitölu um framfærsluþarfir neytendanna, er verið geti mælikvarði á breytingu þeirra frá ári til árs.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað frumvarp Jóns Pálmasonar þm. A.-Húnvetninga um „landaura og verðlagsskrár“ og telur það vera merkilegt og þýðingarmikið mál. Er líka sammála flutningsmanni um það, að gildandi lög um verðlagsskrár séu með öllu úrelt. Hinsvegar telur nefndin hér um svo vandasamt og flókið mál að ræða, að sjálfsagt sé að undirbúa það vandlega áður en ný lög eru sett með bindandi ákvæðum fyrir langa framtíð. Nefndin er líka sammála um, að ekki skipti miklu máli, hvort slík lög ná fram að ganga á þessu þingi eða næsta, og því sé rétt að fela Hagstofu Íslands að athuga málið fyrir næsta Alþingi.

Jafnframt vill nefndin láta rannsaka, hverjir möguleikar eru til að fá rétta verðvísitölu um framfærsluþarfir neytendanna í landinu.

Að öðru leyti mun verða gerð frekari grein fyrir afstöðu nefndarinnar í framsögu.

Nd. 127. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933, um húsabótaskyldu landsdrottins koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt lögum þessum, enda á þá ríkissjóður endurgreiðslukröfu að sínum hluta stofnkostnaðar byggingarinnar samkv. 12. gr. laga nr. 87 1933.

Greinargerð.

Styrkur samkvæmt lögum frá síðasta þingi um endurbyggingar sveitabýla er bundinn því skilyrði, að jarðir þær, sem styrkur er veittur til endurbyggingar á, séu annað tveggja, í sjálfsábúð eða heimilt sé að byggja þær í erfðaábúð. Eru þessi skilyrði sjáanlega þannig ákveðin vegna þess, að talið hefir verið, að fyrir endurhýsingu á jörðum, sem eru í einkaeign, hafi verið séð með ákvæðum ábúðarlaganna, þar sem landsdrottni er lögð á herðar skyldan til að hýsa jörð sína. Og er það vitanlega rétt sjónarmið, þegar til framkvæmda kemur. Hins hefir ekki verið tekið tillit til, að þessi skylda landsdrottins kemur ekki til framkvæmda fyrr en einhverntíma á árinu 1938.

Nú eru nokkrir leiguliðar, sem byggt hafa á þessu ári, vegna aðkallandi nauðsynjar, sem ekki varð frestað til næsta árs, og sumir þeirra hafa gert það í þeirri trú, að þeim myndi hægt að fá einhvern styrk til þess samkvæmt lögunum frá síðasta þingi um endurhýsingar sveitabýla. Eru þessir menn sérstaklega illa settir, ef ekki verður úr bætt, og vegna þess er frumvarp þetta fram borið.

Ed. 128. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og lágmarkslengd á fiski.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur, sem undirritaður var í London þann 23. marz 1937, milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Þýzkalands, sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, írska fríríkisins, Hollands, Noregs, Póllands og Svíþjóðar, um möskva fisknetja og lágmarkslengd á fiski, skuli koma í gildi. Ennfremur er ráðherra heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

Samningurinn, í þýðingu á íslenzku, er prentaður með lögum þessum ásamt fylgiskjölum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

SAMNINGUR

milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Þýzkalands, sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, írska fríríkisins, Hollands, Noregs, Póllands og Svíþjóðar, um möskva fisknetja og lágmarkslengd á fiski.

Þ ý ð i n g :

Þar sem ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Þýzkalands, sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Íslands, írska fríríkisins, Hollands, Noregs, Póllands og Svíþjóðar óska að gera samning um möskva fisknetja og lágmarkslengd á fiski, hafa þær orðið ásáttar um eftirfarandi atriði:

1. grein.

Samningsríkin skulu, í löndum þeirra, er samningur þessi nær til, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja framkvæmd ákvæða samningsins og (jafnframt) hegningu fyrir brot á sömu ákvæðum.

2. grein.

Skip þau, er þessi samningur nær til, eru fiskiskip og bátar, eins og skilgreint er í fylgiskjali V, er skrásettir eru eða eru í eign í löndum þeim, er samningurinn nær til.

3. grein.

Málshöfðanir út af brotum á þessum samningi skulu gerðar af eða í nafni ríkisins, eða af hlutaðeigandi opinberri stjórnardeild.

4. grein.

Þessi samningur gildir um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi og aðliggjandi höfum, eins og skilgreint er í fylgiskjali I, en til þeirra hafsvæða, er um ræðir í fylgiskjali II, nær samningurinn ekki.

5. og 6. grein skulu þó ekki gilda um hafsvæði, þar sem eitthvert samningsríkjanna hefir einkarétt til fiskveiða.

5. grein.

Það er bannað að hafa um borð eða nota á nokkru fiskiskipi eða bát allskonar botnvörpur, dragnet eða önnur net, sem toguð eru eða dregin eftir hafsbotninum eða nálægt honum, með möskvum, sem eru minni en þeir, er um ræðir í fylgiskjali III.

Slík net, með minni möskvum en þeim, er um ræðir í fylgiskjali III, má þó hafa um borð og nota í fiskiskipum eða bátum, er veiða makríl, sildartegundir, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr. Samningsríkin skuldbinda sig að gera ráðstafanir til þess, að net, sem þessi undanþága gildir um, verði ekki notuð til þess að veiða fiska annarar tegundar en þá, er þessi grein getur um.

6. grein.

Bannað er að nota nokkurn útbúnað til þess að teppa eða minnka á annan hátt möskvana á hvaða hluta netsins sem er.

7. grein.

Bannað er á þeim svæðum, er þessi samningur gildir um, að leggja á land, selja eða sýna eða bjóða til sölu nokkurn sjófisk af þeim tegundum, sem taldar eru í fylgiskjali IV. og er undir þeirri stærð, sem þar er ákveðin fyrir hvern fisk.

Samningsríkin skulu setja lagafyrirmæli og framfylgja þeim, til þess að ekki sé unnt að fara í kringum ákvæði þessarar greinar í þeim tilfellum, þegar fiskur sá, sem um er að ræða, hefir verið hausaður eða einhver annar líkamshluti hefir verið tekinn burt.

8. grein.

Bannað er að hafa um borð á fiskiskipi eða bát hverskonar sjófisk af þeim tegundum, sem taldar eru í fylgiskjali IV. og er undir þeim stærðum, sem þar eru ákveðnar fyrir hvern fisk. Allur slíkur fiskur skal þegar í stað settur aftur í sjóinn. Fiskinn má þó hafa um borð til þess að flytja hann til annara fiskimiða, og samningsríkin skulu gefa út reglugerðir um geymslu fisks um borð í fiskiskipum og bátum í þessu skyni.

9. grein.

Samningsríkin skulu setja lagafyrirmæli og framfylgja þeim um notkun veiðitækja á fiskiskipum þeirra og bátum til að veiða á makríl, síldartegundir, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækjur, leturhumar eða lindýr, til þess að koma því til leiðar, að sérhver fiskur af tegundum þeim, sem um getur í fylgiskjali IV, og er undir þeirri stærð,. sem þar er ákveðin, verði, að svo miklu leyti sem þetta verður með sanngirni talið framkvæmanlegt þegar í stað, settur aftur í sjóinn, eftir að hann hefir verið veiddur.

10. grein.

Þessi samningur gildir ekki um veiðar í þágu vísindalegra rannsókna eða um fisk, sem veiddur er í sambandi við slíkar veiðar, að öðru leyti en því, að þannig veiddan fisk má ekki selja eða sýna eða bjóða til sölu, nema því aðeins, að hann samsvari 7. grein þessa samnings og fylgiskjali IV.

11. grein.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að koma á fót fastri nefnd, og skal hvert þeirra tilnefna einn fulltrúa í hana.

Þessari nefnd skal skylt að athuga, hvort ástæða sé til að gera ákvæði þessa samnings víðtækari eða breyta þeim. Í þessu skyni skal nefndin ráðfæra sig við Alþjóða hafrannsóknaráðið og skal taka tillit til sérhverra tillagna, sem það gerir.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands mun kalla saman fund í þessari nefnd innan eins árs frá gildistöku samningsins og síðan að minnsta kosti einu sinni á ári.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands mun senda hinum samningsríkjunum dagskrá hvers fundar ekki síðar en einum mánuði fyrir byrjun fundarins. Formaður nefndarinnar skal senda fundargerðir hennar ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins, sem mun síðan senda fundargerðirnar áfram öllum ríkisstjórnum, sem hafa undirritað eða gengið að samningnum.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að láta koma í framkvæmd, á þeim tíma, er fundargerðin tiltekur, allar tillögur nefndarinnar um vikkun eða breytingar á þessum samningi, sem allir nefndarfulltrúarnir hafa tjáð fyrirvaralaust samþykki sitt til.

Nefndin skal á fyrsta fundi sínum kjósa formann fyrir eitt ár og síðan setja sér fundarsköp. Þessum fundarsköpum má breyta smátt og smátt með meiri hluta atkvæða allrar nefndarinnar. Ef um jöfn atkvæði er að ræða í einhverju slíku máli, skal forseti hafa úrslitaatkvæði.

12. grein.

Með skriflegri yfirlýsingu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands getur samningsríki, við undirritun, fullgildingu, aðildartöku að samningnum, eða síðar, lýst yfir ósk sinni um það, að þessi samningur skuli gilda fyrir allar nýlendur þess eða einhverjar þeirra, fyrir lönd þess í öðrum heimsálfum, verndarríki, eða lönd, sem það stjórnar sem hjáleiguríkjum eða samkvæmt umboði, og skal þessi samningur gilda um öll þau jarðsvæði, sem nefnd eru í slíkri yfirlýsingu, og ennfremur um fiskiskip og báta, sem skráðir eru þar eða sem þar eru í eign, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins

hefir móttekið yfirlýsinguna. Ef slík yfirlýsing er ekki gefin, skal samningurinn ekki gilda um nein slík jarðsvæði.

Á sama hátt getur samningsríki hvenær sem er, með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins, látið í ljós ósk sína um, að þessi samningur skuli ekki gilda lengur fyrir allar eða einhverjar nýlendur þess, um lönd þess í öðrum heimsálfum, verndarríki eða lönd, sem það stjórnar sem hjáleiguríkjum eða samkvæmt umboði, og sem þessi samningur hefir gilt um samkvæmt ákvæðum undanfarandi málsgreina, og skal samningurinn hætta að gilda um jarðsvæði þau, er nefnd eru í tilkynningunni, og um fiskiskip og báta, sem skráðir eru þar eða sem þar eru í eign, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins hefir móttekið tilkynninguna.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins mun skýra öllum ríkisstjórnum, er hafa undirritað eða gengið að þessum samningi, frá öllum yfirlýsingum eða tilkynningum, sem hún móttekur samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum, og skal hún, í hverju tilfelli, tilgreina þann tíma, er þessi samningur hefir hætt eða mun hætta að gilda um það jarðsvæði eða þau svæði, er um ræðir í yfirlýsingunni eða tilkynningunni, eftir því sem við á.

13. grein.

Þessi samningur skal fullgiltur. Fullgildingarskjölin skulu sett til geymslu í skjalasafni ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem mun tilkynna öllum ríkisstjórnum, er hafa undirritað eða gengið að þessum samningi, um öll fullgildingarskjöl, er sett hafa verið til geymslu, og um það, hvenær það var gert.

14. grein.

Samningur þessi skal ganga í gildi þremur mánuðum eftir að allar ríkisstjórnirnar, er hafa undirritað samninginn, hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

15. grein.

Sérhver ríkisstjórn (að undanteknum ríkisstjórnum landa, er 12. grein gildir um), sem hefir ekki undirritað þennan samning, getur gengið að honum á hvaða tíma sem er eftir að hann hefir gengið í gildi samkvæmt 14. grein. Skal þá gengið að samningnum með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og skal hann þá ganga í gildi þegar eftir móttöku tilkynningarinnar. Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins mun tilkynna öllum ríkisstjórnunum, er hafa undirritað eða gengið að þessum samningi, um allar móttökur slíkra tilkynninga og um það, hvenær þær áttu sér stað.

16. grein.

Eftir að þrjú ár eru liðin frá gildistöku þessa samnings, samkvæmt 14. grein, er hægt að segja honum upp með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Uppsögnin skal ganga í gildi að því er snertir þá ríkisstjórn, er gerir hana, þremur mánuðum eftir móttöku hennar, og mun ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins tilkynna hana samningsríkjunum.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, með þar til fullu umboði, undirritað þennan samning í einu eintaki, er skal lagt til geymslu í skjalasafni ríkisstjórnar sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Staðfest endurrit af samningnum skulu send þeim ríkisstjórnum, er undirrita eða ganga að samningnum.

Gert í London þann 23. marz 1937, á ensku, frönsku og þýzku, og gilda allir þrír textarnir jafnt.

F. h. belgísku ríkisstjórnarinnar:
H. Baels. G. Gilson.

F. h. dönsku ríkisstjórnarinnar:
P. F. Erichsen.

F. h. þýzku ríkisstjórnarinnar:
Ernst Woermann. Alfred Willer.

F. h. ríkisstjórnar Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:
Henry G. Maurice. Geo. Hogharth.

F. h. ríkisstjórnar Íslands:
Sveinn Björnsson. Árni Friðriksson.

F. h. ríkisstjórnar írska fríríkisins:
G. P. Farran.

F. h. ríkisstjórnar Hollands:
W. J. Janssens. J. J. Tesch.

F. h. ríkisstjórnar Noregs:
Johan Hjort. Johannes Sellag.

F. h. ríkisstjórnar Póllands:
Profr. Michal Siedlecki.

F. h. ríkisstjórnar Svíþjóðar:
K. A. Andersson.

Fylgiskjal I.

Skilgreining á Norður-Atlantshafi og aðliggjandi höfum.

Orðin „Norður-Atlantshaf og aðliggjandi höf" þýða, að því er snertir samning þennan, Norður-Atlantshaf fyrir norðan miðjarðarlínu, þann hluta Norður-Íshafsins, er liggur milli 80° vestlægrar lengdar og 80° austlægrar lengdar, og ennfremur innhöf þeirra.

Fylgiskjal II.

Þau höf, sem eru undanþegin framkvæmd samningsins, eru:

a) Miðjarðarhafið.
b) Eystrasalt og dönsku sundin, að því leyti sem þau liggja fyrir sunnan og austan línu, sem væri dregin frá Hasenörehoved til Gniben, frá Korshage til Spodsbjerg, frá Gilbjerghoved til Kullen.

Fylgiskjal III.

a) Á þeim hafsvæðum, sem liggja fyrir norðan 66. stig norðlægrar breiddar og fyrir suðaustan Greenwich hádegisbauginn, skal minnsta möskvastærð vera

þannig, að þegar teygt er á möskvanum milli gagnstæðra horna, þá skuli flatt mælingartæki, sem er 105 millimetra breitt og 2 millimetra þykkt, geta auðveldlega komizt gegnum möskvann, þegar netið er blautt.

b) Á öllum öðrum hafsvæðum, er þessi samningur gildir um, skal minnsta möskvastærð vera þannig, að þegar teygt er á möskvanum milli gagnstæðra horna, þá geti flatt mælingartæki, sem er 70 mm. breitt og 2 mm. þykkt, auðveldlega komizt í gegnum möskvann, þegar netið er blautt.

Fylgiskjal IV.

Þær fisktegundir, er 7. og 8. grein þessa samnings gilda um, og sú minnsta stærð á hverri tegund, er leggja má á land, hafa um borð eða selja, eru sem hér segir:

Fisktegundir:	Stærðartakmörk fyrir fiska í heilu líki, mælda frá snjáldursbroddi að sporðblökuenda. sm.
Þorskur (Gadus callarias)	24
Ýsa (Gadus aeglefinus)	24
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30
Skarkoli (rauðspretta) (Pleuronectes platessa)	23
Langlúra (Glyptocephalus cynoglossus)	23
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	23
Tunga (Solea solea)	21
Sandhverfa (Scophthalmus maximus)	25
Slétthverfa (Scophthalmus rhombus)	25
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	23

Fylgiskjal V.

Skilgreining á fiskiskip eða bátur.

„Fiskiskip eða bátur" þýðir sérhvert skip eða bát, sem notað er til þess að veiða eða verka sjávarfisk, og sérhvert skip eða bát, sem notað er eingöngu eða að nokkru leyti til flutninga á sjávarfiski.

Nd. 129. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess

Alþingi, 12. nóv. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Pétur Ottesen.

Emil Jónsson. Jón Pálmason.

Ed. 130. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Orðin „er ekki hafa hærri tekjur en í 24. gr. segir", í 22. gr. laganna, falla niður.

2. gr.

24. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef bæjar- eða sveitarfélög, opinberar stofnanir eða atvinnurekendur, hvort heldur eru félög eða einstaklingar, hafa komið upp eða koma upp lífeyris- eða eftirlaunasjóðum fyrir starfsmenn sína, þar sem starfsmönnum er tryggður ekki minni réttur en samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri, og frá sjóðunum er gengið á tryggilegan hátt, að dómi tryggingarráðs, þá er starfsemi slíkra sjóða heimil, enda eru hinir tryggðu starfsmenn og konur þeirra ekki tryggingarskyldir samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru tvær breytingar á lögunum um alþýðutryggingar.

Hin fyrri, sem felst í 1. og 2. gr. frumvarpsinns, snertir sjúkratrygginguna. Er þar farið fram á að nema burtu það afaróeðlilega ákvæði, að nokkur hluti þeirra, sem gert er að skyldu að „tryggja" sig gegn sjúkdómum, og greiða lögmælt gjöld í því skyni, eru eftir sem áður ótryggðir. Ef reisa á lögin á tryggingargrundvelli, getur ekki verið um nema tvennt að ræða, að láta alla vera tryggða, þ. e. hafa bæði skyldur og réttindi sjúkrasamlagsins, eða að undanþiggja þá, sem tekjur hafa fyrir ofan ákveðið mark, alveg, láta þá alls ekki vera með. Þeir mundu þá ekki taka annan þátt í þessum ráðstöfunum en þann, sem leiðir af því, að þeir eru gjaldþegnar — og það hæstu gjaldþegnarnir — í ríkissjóð og bæjarsjóði, sem standa straum af kostnaðinum að hálfu. Virðist það vera ærin þátttaka, þegar engin réttindi fylgja, þótt þeir séu ekki auk þess krafðir um fullt „iðgjald" af engu.

Hitt virðist þó fullt svo eðlilegt, úr því að meginþorri manna er tekinn undir tryggingarnar, að láta þá vera með. Hér er hvort sem er ekki um nema tiltölulega fámennan hóp að ræða, og t. d. í Reykjavík er enginn vafi á, að sjúkrasamlagið myndi vel þola það, að þessir menn nytu réttinda þess, að svo miklu leyti, sem þeir myndu óska þess.

Sérstaklega virðist það ósanngjarnt, að svipta þá, sem hafa yfir 4500 kr. skattskyldar tekjur, öllum réttindum, þegar þess er gætt, að samkvæmt 34. gr. má endurgjalda hluta iðgjaldsins þeim tryggðu meðlimum, sem ekki leita hjálpar samlagsins árlangt eða lengur.

Hér er því fullkomin nauðsyn að bæta úr.

Hin breytingin felst í 3. gr. Hefir risið mikil og réttmæt óánægja meðal þeirra, sem nú eru tryggðir í lífeyris- og eftirlaunasjóðum bæja og stofnana, og það miklu hærra en er samkvæmt alþýðutryggingarlögunum, að þurfa einnig að greiða gjöld til hins almenna lífeyrissjóðs, án þess að þeir geti haft von um nokkuð í aðra hönd. Virðist svo sem tilgangi laganna, að allir skuli tryggja sér eftirlaun eða lífeyri, sé algerlega fullnægt, ef menn eru tryggðir í sjóðum, sem viðurkenndir eru.

Nd. # 131. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Stofnun vátryggingarfélaga.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Fiskifélag Íslands gengst fyrir stofnun vátryggingarfélaga fyrir vélbáta í verstöðvum landsins. Takmörk hvers umdæmis ákveðast af Fiskifélaginu í samráði við skipaeigendur. Verði ágreiningur um takmörk umdæmanna, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er sá úrskurður bindandi fyrir alla hlutaðeigendur.

Til greiðslu kostnaðar við stofnun félaganna greiði skipaeigendur 1% af vátryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð, um leið og vátrygging fer fram í fyrsta sinn. Undanþegnir greiðslu þessari eru þeir skipaeigendur, er þegar eiga upphæð, sem nemur stofnsjóðsgjaldi, eða meiri, í stofnsjóði starfandi bátaábyrgðarfélags. Það, sem á kann að vanta að stofnkostnaðurinn sé að fullu greiddur, leggur ríkissjóður til eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, og endurgreiða félögin ríkissjóði þannig útlagðan kostnað, eftir því sem stofnsjóður vex og leyfir.

Allir skipaeigendur skulu skyldir til að taka þátt í stofnun félaga þessara, innan þeirra takmarka, sem um getur í 3. gr. þessara laga.

Vátryggingarfélög þau, sem nú eru starfandi, skulu breyta lögum sínum í samræmi við lög þessi, og skulu þau síðan gilda sem lög fyrir þau. Skal bera félagslögin þannig breytt undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til staðfestingar eða breytingar, eftir því sem hún telur þurfa til þess að þau samrýmist lögum þessum og reglugerðum, sem gefnar kunna að verða út samkvæmt þeim.

3. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 70 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja alla vélbáta sína af nefndri stærð hjá félagi því, sem stofnað hefir verið samkv. 2. gr. laga þessara, innan þess umdæmis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem lög þessi og reglugerðir, sem settar kynnu að verða samkvæmt þeim, ákveða.

Neiti einhver skipeigandi, sem vátryggingarskyldur er samkvæmt lögum þessum, að vátryggja skip sitt, skal það samt sem áður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmanni hlutaðeigandi félags og vátryggjast sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjald innheimtast með lögtaki samkv. 31. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 150 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 300 000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða

tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð verða samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja að minnsta kosti helming þeirra upphæða, er þau taka ábyrgð á, hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hæsta upphæð, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð á einu skipi, má þó eigi fara fram úr 15000 kr., og skulu upphæðir þær, er fara fram úr þessari upphæð eftir að helmingaskiptin hafa farið fram, einnig yfirfærðar til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og skal Samábyrgðinni skylt að taka við þeim. Félögin greiði Samábyrgðinni sömu iðgjöld af upphæðum þeim, sem þau yfirfæra til hennar, og þau sjálf taka.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd verða Samábyrgðinni, skulu ákveðin með samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI
Stjórn félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem stofnuð verða samkv. 2. gr. þessara laga, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ennfremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurkjósa. Á sama hátt skal kjósa 3 menn til vara í stjórn og 2 endurskoðendur. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefir æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefir og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 5000 króna er að ræða. Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefir á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver í sínu umdæmi, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 12. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að aðgerð hefir farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf, eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefir fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Eigi má fela utanfélagsmönnum að fara með umboð félagsmanna á fundum.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

III. KAFLI
Reikningshald og sjóðir.

9. gr.

Tekjur félaganna eru þessar:

1. Iðgjöld hinna vátryggðu skipa.
2. Tillög skipaeigenda til stofnkostnaðar samkv. 2. gr.
3. Allar aðrar tekjur, er félögunum kunna að áskotnast.

Gjöld félaganna eru þessi:

1. Tjónbætur.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Endurgreiðslur.
4. Öll önnur gjöld.

Sjóðir félaganna eru þessir:

1. Aðalsjóður. Í hann renna allar rekstrartekjur félaganna, og skal hann notaður til greiðslu á tjónbótum og öðrum rekstrarkostnaði.
2. Varasjóður. Í hann renna 25% af tekjuafgangi hvers reikningsárs, og skal hann notaður til greiðslu á tekjuhalla félaganna, er verða kann. Af tekjuafgangi skal færa 75% til næsta árs.
3. Stofnsjóður. Í hann renna stofnsjóðsgjöld samkv. 2. gr. Hann skal aðeins nota til greiðslu á stofnkostnaði félaganna samkv. 2. gr. Að öðru leyti má ekki skerða stofnsjóðinn. Þó skal heimilt að nota hann til greiðslu á tekjuhalla, ef varasjóður hrekkur ekki til þessa, en endurgreiða skal stofnsjóði það, er þannig er tekið úr honum, svo fljótt sem ástæður félaganna leyfa það.

10. gr.

Eignir félaganna skal ávaxta í íslenzkum bönkum eða sparisjóðum, sem ráðherra samþykkir.

11. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

IV. KAFLI
Um vátryggingu skipanna.

12. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt áður en skipið verður tekið í trygginguna. Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til ætluð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist þóknunin af hlutaðeigandi skipseiganda.

Skoðun skips gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem eru á skipsfjöl, að undanteknum matvælum, málningu, olíum, sjóúrum, sjókortum og bókum, skal telja með í virðingarupphæð skipanna.

Nú er skipseigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og er honum þá heimilt að bera mál sitt upp við stjórn félagsins, og sker hún úr um skoðunina og matið.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Félagið ber ávallt „fyrstu áhættu“ á hverju einstöku eignatjóni. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvern bát um sig, til eins árs í senn.

Nú þykir samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna.

Hún getur og látið fara fram yfirmat á skipum yfirleitt, sem endurtryggð eru hjá henni, ef henni þykir ósamræmi í matinu hjá hinum einstöku vátryggingarfélögum í landinu.

13. gr.

Við eigendaskipti fellur vátrygging úr gildi, ef hinn nýi eigandi flytur skipið úr umdæmi félagsins, og endurgreiðist þá hlutfallslega iðgjald þess fyrir þann tíma, er skírteinið átti eftir að gilda, að frádregnum $^{1}/_{4}$ % af vátryggingarupphæðinni, sem rennur í stofnsjóð félagsins. Hinn nýi eigandi skal þá vátryggja skipið af nýju.

V. KAFLI
Um sjótjón.

14. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerð, sem út kann að verða gefin, eða vátryggingarskírteinum, bætir félagið tjón það, sem verður af sérhverri þeirri áhættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félagið greiðir þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefir engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðilja, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 26. gr.),

Hvert sinn, sem skip verður fyrir bótaskyldu slysi, skal það skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, eða sé skipið statt utan takmarka vátryggingarsvæðis síns, af þeim mönnum, er stjórn félagsins útnefnir, áður en aðgerð á biluninni hefst. Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerð skipa sinna.

15. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerð á skipi, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaðinum eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a. Yngra en ársgamalt, ekkert.
b. 1—9 ára gamalt, 3% fyrir hvert ár.
c. Yfir 9 ára, 25%.

Verði aðgerð á tjóni, sem vátryggt skip hefir orðið fyrir, frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

16. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

18. gr.

Vátryggður hefir rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því, né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess, miðað við þann hluta virðingarverðsins, sem félagið hefir tekið ábyrgð á.

Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

19. gr.

Nú hefir ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða

bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skip yfirgefið af áhöfn úti í rúmsjó og því hefir ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því að það var yfirgefið, og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

20. gr.

Bætur, sem vátryggður hefir orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó eigi fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla megi, að vátryggður hafi ekki vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefir ekki verið í gildu ástandi þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki.
4. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt (sbr. þó 31. gr. 3. málsgr.).
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðis eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er í, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áðurnefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Nú verður skip fyrir einhverri bilun á vél eða útbúnaði og hefir þess vegna þegið hjálp hjá öðrum, og skal þá þóknun fyrir slíka hjálp greidd af vátryggingarfélaginu í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 10%.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags eða, ef málsaðiljar verða ásáttir um, af gerðardómi samkvæmt 33. gr. laga þessara. Þóknunina skal ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefir bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur hún orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skips þess, sem hjálpina þáði, nemur.

24. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefir fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Leifar skips, sem farizt hefir eða dæmt hefir verið ónýtt, svo og verð braks,

sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti greiðist aðeins, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum og matsmönnum félagsins.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefir fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Þar sem því verður við komið vegna staðhátta og annars, getur stjórn félagsins krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að því 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefðu borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum. Hinsvegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum. Þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $^3/_5$ tryggingarfjárhæðarinnar, og á félagið þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er. Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjónið stafar af þeim orsökum, sem greinir í 22. gr., 5. og 6. tölul.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Tjónbætur skal miða við aðgerðarreikninga með hliðsjón af tjónmatinu, þannig, að þó að aðgerðarkostnaður fari fram úr matsupphæðinni, skal miða greiðslur við matsupphæð.

Aðgerðarreikningar eða aðrar kröfur vegna sjótjóns, sem ekki eru komnar í hendur stjórnar félagsins áður en 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, eða ef um tjón án aðgerðar, svo sem dráttarhjálp eða annað því um líkt, er að ræða, verða ekki teknar til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu að hennar dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á því að gera kröfu.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

VI. KAFLI
Skyldur vátryggða.

28. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin.

Tjón, sem ekki hefir verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því er það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefir numið.

30. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VII. KAFLI

Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

31. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og starfandi vélbátavátryggingarfélaga.

Þar sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, sem skipinu er ætlað að vera í förum um.

Veita má gjaldfrest á iðgjöldum, en þó eigi frekar en svo, að ¼ hluti þeirra greiðist ávallt fyrirfram fyrir hvern ársfjórðung.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki, og hvíla þau á hinum vátryggðu skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðskuldum í 2 ár, frá gjalddaga þeirra að telja. Þó skal stjórnin gefa veðhafa kost á að greiða hið vangoldna iðgjald áður en hún upphefur trygginguna.

Vátryggingin gengur í gildi þegar er áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátryggingunа.

32. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefir í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefir varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau „liggja uppi", en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

VIII. KAFLI
Ýms ákvæði.

33. gr.

Ágreining milli félaganna og skipaeigenda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hver málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félögin eiga heima, skipar oddamann.

Ágreining milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum má leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra sem oddamann einn af dómurunum í hæstarétti.

Gerðardómurinn skal háður þar, sem hlutaðeigandi félag á lögheimili, en sé Samábyrgð Íslands á fiskiskipum annar aðili, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefir annarhvor málsaðilja ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það, svo sannanlegt sé, hinum málsaðilja 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans stað.

Nú hefir ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn gerðardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðilja eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðilja.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

34. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

35. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

36. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

37. gr.

Í tilfellum, sem engin ákvæði eru sett um í lögum þessum, skal farið eftir reglum þeim og venjum, sem á hverjum tíma gilda um samskonar tilfelli hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

38. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 9. jan. 1935, um vátryggingar opinna vélbáta, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1938.

Nd. 132. Breytingartillaga

við frumvarp til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Ísleifi Högnasyni.

Við 3. gr. Síðasti málsliður („Til þess að standast kostnað ... leyfið hljóðar um") falli burt.

Nd. 133. Lög

um viðauka við lög nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 15. nóv.).

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 134. Lög

um breyting á lögum nr. 5 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Afgreidd frá Nd. 15. nóv.).

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 135. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

Flm.: Bergur Jónsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu. Takist eigi samningar um kaup á jörðinni, er ríkisstjórninni heimilt að taka hana eignarnámi samkvæmt lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um eignarnám.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Jörðin Reykhólar í Reykhólahreppi, sem verið hefir eitt af merkustu höfuðbólum þessa lands, er komin í niðurníðslu, einkum hvað húsakost snertir. Jörðin er nú eign dánarbús, en í því búi er óvenjumikill fjöldi erfingja. Jörðin er aðaleign dánarbúsins og því mjög óhægt um vik að skipta búinu, nema sala takist á jörðinni. Reykhólar eru, auk óvenjumikils landrýmis, ein með mestu kostajörðum á landinu. Jarðhiti er þar afarmikill og áreiðanlega nægur til þess að hita upp öll þau hús, sem reist kynnu að verða á jörðinni, jafnframt því, að hann myndi nægja til þess, að reka mætti þar mikla garðrækt, svo sem kartöflurækt og aðra ræktun jarðarávaxta í ríkum mæli, og ennfremur margskonar jarðyrkjuframkvæmdir. Æðarvarp og selatekja

er mikið. Beitilönd góð og ræktunarskilyrði óvenjumikil og hagstæð. Fullyrða má, að hvergi vestanlands er betri aðstaða til nýbýlastofnana og samvinnubyggðar. Væntanlegur héraðsskóli fyrir Breiðfirðinga væri hvergi betur kominn, enda hefir Ungmennasamband Breiðfirðinga sent Alþingi áskorun um að reisa slíkan skóla þar.

Að öllu þessu athuguðu virðist sjálfsagt og nauðsynlegt, að ríkið tryggi sér eignarráð yfir Reykhólum og síðan verði um það séð, að þessari dýrmætu eign verði sá sómi sýndur, sem hæfir.

Nánar í framsögu.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar

um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta halda áfram á næsta sumri sjómælingum og rannsóknum fiskimiða í nánd við Ísland.

Heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór við rannsóknir þessar, og að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, er af rannsóknunum leiðir, að því leyti, er hann ekki fæst greiddur annarsstaðar frá.

Á s t æ ð u r.

Rannsóknir þær, sem í tillögu þessari er farið fram á, að áfram sé haldið, byrjuðu sumarið 1936, og var haldið áfram síðastl. sumar. Telja má víst, að Alþingi sé því fylgjandi ágreiningslaust, að rannsóknunum sé haldið áfram, en stjórnin þarf þó til þess sérstaka heimild. Mundi sjálfsagt bezt fallið, að sú heimild yrði tekin í fjárlögin á þann hátt, að veitt yrði árlega í fjárlögum áætluð fjárhæð til sjómælinga og rannsókna fiskimiða. Nú gerir þó ekki fjárlagafrumvarp það, sem fyrir þessu þingi liggur, ráð fyrir neinum útgjöldum í þessu skyni, og er tillaga þessi af því fram komin. Verður henni eflaust vísað til fjárveitinganefndar, og mun þá flutningsmaður athuga þá lausn málsins, að nefndin taki fjárveitinguna í fjárlögin.

Sþ. 137. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Jóhann Jósefsson.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að innflutningur á kornvöru og nýlenduvöru verði gefinn frjáls frá næstu áramótum, þar sem það hefir sýnt sig, að innflutningur á þeim hefir undanfarin ár verið veittur eftir neyzluþörfum landsmanna.
2. Að núverandi starfsreglugerð gjaldeyris- og innflutningsnefndar verði úr gildi felld og ný reglugerð gefin út, þar sem meðal annars öllum kaupmönnum, smásölum sem heildsölum, séu tvímælalaust tryggð sömu réttindi til innflutnings og pöntunar- og kaupfélögum, og réttur þeirra neytenda, sem kjósa að skipta við kaupmannaverzlanir, sé viðurkenndur til jafns við rétt annara neytenda.
3. Að birt verði þegar í byrjun hvers árs áætlun gjaldeyris- og innflutningsnefndar yfir innflutning þann, sem veita á á árinu, og sé áætlun þessi svo greinileg, að hver innflytjandi geti sjálfur séð, hve mikinn innflutning hann á að fá

á því tímabili, sem áætlunin nær yfir, samkvæmt reglum nefndarinnar um úthlutun.

4. Að framvegis verði engin leyfi veitt til einstaklinga, sem engan verzlunarrekstur hafa.
5. Að betra eftirlit sé haft með því en hingað til hefir verið, að vörur, sem leyfðar eru til iðnaðar, séu í raun og veru notaðar til hans, en ekki seldar óunnar sem verzlunarvara, og þess sé vandlega gætt, að innflutningsleyfi, sem hljóða um efnivörur til iðnaðar, séu ekki notuð til að flytja inn nálega eða alveg fullunnar vörur. Ennfremur að hert sé á lögreglueftirliti með því, að á millilandaskipunum séu ekki hafðar á boðstólum vörur, meðan þau liggja í höfn.
6. Að innflutningsleyfin verði veitt með nægum fyrirvara, og að minnsta kosti ekki síðar en viðkomandi úthlutunartímabil byrjar, og að fyrirspurnum og umsóknum til gjaldeyris- og innflutningsnefndar sé jafnan svarað fljótt og greiðlega.
7. Að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga fái heimild til að skipa trúnaðarmenn, er taki við og athugi kærur, er fram kunna að koma frá innflytjendum út af úthlutun innflutningsleyfa, enda veitist þessum trúnaðarmönnum aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum gjaldeyris- og innflutningsnefndar varðandi úthlutunina.
8. Að úthlutun bankanna á gjaldeyri til greiðslu á andvirði innfluttra vara verði á hverjum tíma í sem réttustum hlutföllum við úthlutun innflutningsleyfa, þannig að jafnt gangi yfir alla þá innflytjendur, sem leyfi hafa fengið.

Nd. 138. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1938 með viðauka.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1938 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1938 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og ennfremur verðtoll (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928, lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935), þó ekki verðtoll af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og olíufatnaði.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir og ½% eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1938 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í frumvarpi þessu er farið fram á framlengingu á nokkrum heimildum, sem nú eru í lögum, til þess að innheimta ríkissjóðsgjöld með viðaukum. Virðist ekki minni þörf á þessum heimildum nú en verið hefir undanfarið.

Ed. 139. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 122 [Fasteignamat].

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. tölul. Orðin „eða ekki“ í niðurlagi till. falli niður.

Nd. 140. Frumvarp til laga

um fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Undirbúningur fyrsta mats eftir lögum þessum skal hafinn þegar eftir að lögin hafa öðlazt gildi, enda skal því mati vera lokið fyrir árslok 1941 og fasteignabók fullprentuð fyrir árslok 1942.

2. gr.

Fasteign hver skal metin sanngjörnu söluverði. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er af fasteigninni fást, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumála þann, sem á henni er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin kann að hafa verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og brunabóta, þegar um húseign er að ræða. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins. Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum, en bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er yfirmatsnefnd lætur prenta, og skal senda þær formönnum undirmatsnefnda nokkru áður en aðalmat á að hefjast í hvert sinn.

Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum og einstökum mönnum að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska og kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er fornt býli eða býli byggt úr landi annarar jarðar.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið reist á þeim eða ekki. Verði um það ágreiningur milli undirmatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé sami eigandi að báðum.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi, sem seld eru undan jörðum.

5. gr.

Við mat jarðeigna skal:

1. Meta sér verðmæti landsins, að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög.
2. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja (sbr. jarðræktarlög, nýbýlalög og lög um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum).
3. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar.
4. Meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag.
5. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á.
6. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög.

Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annara jarða.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, ber að meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. um mat á fasteignum þessum, ef styrkur hefir verið veittur til þeirra samkvæmt jarðræktarlögum eða nýbýlalögum.

7. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver hún er. Nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Geta skal þess, hvort landamerki og lóðamörk eru ágreiningslaus.

9. gr.

Tíunda hvert ár, í fyrsta skipti 1938, skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu

skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn til 10 ára í yfirfasteignamatsnefnd, og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn í yfirmatsnefnd skal skipa jafnmarga og til sama tíma.

11. gr.

Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd, hvort heldur undirmats- eða yfirmatsnefnd, skal undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi. Nefndarmenn allir eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, er því fylgja að lögum.

12. gr.

Milli þess er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús, svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annarsstaðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Í Reykjavík skal þó mat þetta framkvæmt af formanni yfirmatsnefndar og 2 mönnum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu. Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með því, að aukamat fari fram þegar ástæða er til, og skal hún jafnan endurskoða slíkt mat eins og aðalmat væri.

13. gr.

Formaður yfirmatsnefndar hefir fast árskaup, sem fjármálaráðherra ákveður, en aðrir matsmenn, í yfir- og undirmatsnefndum, taka þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því, og skal sú þóknun ákveðin af ráðherra á hverjum tíma, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar og með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði.

14. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd fasteignamats og störf matsnefnda, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat á fram að fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið.

Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa á venjulegan hátt, hvenær þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

15. gr.

Við mat fasteigna skal gera eiganda eða umráðamanni kost á að bera fram þær skýringar, sem hann óskar, að teknar verði til greina við matið.

Nú er eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þykir ekki samræmi í mati í hreppi, sýslu eða kaupstað, og getur hann þá kært það til undirmatsnefndar, enda skal hann þá leggja fram skrifleg rök máli sínu til stuðnings eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða. Að því búnu skal nefndin senda matsgögn öll til yfirmatsnefndar og láta fylgja lýsingu fasteignar, þær kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið við matið og hana varðar, svo og umsögn eða úrskurð sinn í málinu.

Heimilt er aðilja að skjóta úrskurði undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð.

16. gr.

Yfirmatsnefnd hefir eftirlit með störfum undirmatsnefnda, undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar.

Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð.

Að loknu hverju aðalmati semur yfirmatsnefnd og lætur prenta fasteignabók samkvæmt matsgerðum undirmatsnefnda, með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefndar. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindi án endurgjalds.

17. gr.

Aukamati samkv. 12. gr. ber að ljúka fyrir 1. desember ár hvert, og skal það liggja frammi allan desembermánuð. Um kærur og aðfinnslur fer eftir því, sem segir í 15. gr. Í janúar næstum á eftir skal síðan senda matsgerðirnar til yfirmatsnefndar. Yfirmatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum þeim, er hlut eiga að máli, þær breytingar, er verða á fasteignamati við aukamat.

18. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, er aðalmat fer fram, og skal hann þá senda yfirmatsnefnd um það rökstudda beiðni. Yfirmatsnefnd úrskurðar síðan, hvort endurmat skuli fram fara eða ekki.

19. gr.

Aukamatsmenn fá þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Þó skal sá, er krefst endurmats, sbr. 18. gr., greiða matskostnaðinn, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, lög nr. 14 frá 19. júní 1922, um skattmat fasteigna, lög nr. 41 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 141. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.
Thor Thors. Gísli Guðmundsson.

Ed. 142. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1938 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1938 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af	afg.									
—	2000—	3000	—	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	—	—	—									
—	3000—	4000	—	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	—	—	—									
—	4000—	5000	—	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	—	—	—									
—	5000—	6000	—	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	—	—	—									
—	6000—	7000	—	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	—	—	—									
—	7000—	8000	—	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	—	—	—									
—	8000—	9000	—	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	—	—	—									
—	9000—	10000	—	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	—	—	—									
—	10000—	11000	—	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	—	—	—									
—	11000—	12000	—	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	—	—	—									
—	12000—	13000	—	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	—	—	—									
—	13000—	14000	—	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	—	—	—									
—	14000—	15000	—	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	—	—	—									
—	15000—	16000	—	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	—	—	—									
—	16000—	18000	—	—	—	—	3600	—	—	16000	—	—	38	—	—	—									
—	18000—	20000	—	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39	—	—	—									
—	20000—	22000	—	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40	—	—	—									
—	22000—	24000	—	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41	—	—	—									
—	24000—	26000	—	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42	—	—	—									
—	26000—	28000	—	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43	—	—	—									
—	28000	og þar	yfir	—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44	—	—	—									

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri,

stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolía, umbúðastrigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.
2. Með 7% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminium, beikalít, beini, blý, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínupletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, tímarit, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi, þótt vörurnar hafi verið fluttar til landsins fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr.

laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1. Til malbikunar:
   a. Elliðaárvegur ..... allt að 50000 kr.
   b. Hafnarfjarðarvegur ..... — — 50000 —
2. Til akvega:
   a. Til Suðurlandsbrautar ..... allt að 70000 kr.
   b. — Holtavörðuheiðarvegar ..... — — 45000 —
   c. — Austurlandsvegar ..... — — 20000 —
   d. — Geysisvegar ..... — — 5000 —
   e. — vega út frá Akureyri ..... — — 10000 —
   f. — Vopnafjarðarvegar til Möðrudals ..... — — 5000 —
   g. — Ljósavatnsskarðsvegar ..... — — 5000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 260000 krónum, leggist í sérstaðan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1939.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 með 10% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 10% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins áður en lög þessi öðluðust gildi, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir framlengingu á nokkrum þeim ákvæðum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, sem verið hafa í lögum og eru í lögum á yfirstand-

andi ári. Er þar átt við ákvæði um hátekjuskatt, sérstakt aðflutningsgjald og benzínskatt.

Nýmæli frumvarpsins eru hinsvegar þessi:

1)	Aðflutningsgjaldið hækkað um 5% af þeim vörum, sem aðflutningsgjald er greitt af samkvæmt núgildandi lögum, og ættu tekjur af því að nema um	kr. 1000000.00
2)	Að 2% aðflutningsgjald sé lagt á þær vörur, sem áður voru undanþegnar gjaldinu. Ætti það ákvæði að gefa í tekjur	— 325000.00
3)	Að ríkisstjórninni er heimilað að innheimta alla skatta og tolla til ríkissjóðs með 10% álagi, að undanskildu útflutningsgjaldi, og ættu tekjur af því að nema	— 1325000.00
	Tekjuaukinn samkvæmt frv. ætti því að nema ca.	kr. 2650000.00

Samkvæmt frumvörpum, sem flutt hafa verið og flutt verða að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, er ætlazt til:

a)	Að útflutningsgjald af saltfiski sé fellt niður, og nemur það um	kr. 225000.00
b)	Að af því útflutningsgjaldi, sem þá er eftir í lögum, verði látnar renna til fiskimálasjóðs, til stuðnings við sjávarútveginn.	— 400000.00
c)	Að til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga renni af tekjum samkvæmt þessu frumvarpi	— 700000.00
	Samtals	kr. 1325000.00

Af ofannefndum 2650000.00 kr. fer réttur helmingur, eða kr. 1325000.00, til þess að vega upp útflutningsgjaldið, sem hættir að mestu að verða tekjuliður fyrir ríkissjóð, og til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga. Heildartekjur ríkissjóðs sjálfs hækka hinsvegar um kr. 1325000.00 samkvæmt frumvarpinu.

Eins og kunnugt er, þá er um 900000.00 kr. greiðsluhalli á fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir Alþingi. Er þó eftir að taka til greina í frumvarpinu nokkrar hækkanir vegna aukinnar dýrtíðar og þar af leiðandi aukins kostnaðar við ríkisreksturinn. Tekjur í fjárlagafrumvarpinu eru áætlaðar nokkuð í samræmi við það, sem þær reyndust árið 1936, og er því ekki hægt að áætla þær hærri, ef fulla varasemi á að sýna um afgreiðslu fjárlaga. Ástæðurnar fyrir þessum greiðsluhalla fjárlaganna hafa verið margsinnis raktar. Orkar þar mestu, að tolltekjurnar samkvæmt hinum eldri tolllögum hafa farið stórminnkandi undanfarin ár. Nægir að minna á það í þessu sambandi, að vörutollurinn og verðtollurinn reyndust um kr. 1800000.00 lægri s.l. ár en árið 1925, og nærri 1000000.00 kr. lægri en 2 árum áður, — árið 1934. Enda þótt nokkrar hækkanir á sköttum og tollum hafi verið lögleiddar, þá hafa heildartekjur ríkissjóðs farið sáralítið hækkandi. Hér kemur og til greina, að framlög til verklegra framkvæmda og nauðsynjamála atvinnuveganna hafa verið hækkuð nokkuð undanfarið. Þegar nú þessa er gætt og tekið til greina, að óhjákvæmilega þarf að bæta í fjárlagafrumvarpið nokkrum verulegum upphæðum til styrktar landbúnaðinum í þeim héruðum, þar sem fjárpestin hefir geisað, og að bæta verður einnig í frumvarpið styrkjum og framlögum til ýmissa nauðsynjamála einstakra héraða, þá verður það ljóst, að sízt mun veita af þeim viðbótartekjum til ríkissjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eða kr. 1325000.00. Til þess að tekjur ríkissjóðs, að viðbættum þeim, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, hrökkvi til þess að standast allar greiðslur ríkissjóðs, **verður vafalaust einnig að grípa til þess, að færa niður ýmsa útgjaldaliði fjárlaganna, og er þá ekki hægt að neita því, að fyrir munu verða einhverjir þeir liðir, sem menn gjarnan vildu halda óbreyttum og út af fyrir sig eru nauðsynlegir.** Þeir, sem kunnugir eru fjárlögunum, vita það, að ef ekki væri nú gripið til neinnar tekjuöflunar til viðbótar þeim tekjum, sem fyrir eru, **þá yrði að skera stórkostlega niður verklegar framkvæmdir og framlög**

til sjálfra atvinnuveganna, og ennfremur að láta undir höfuð leggjast að sinna þeirri þörf, sem bæði landbúnaður og sjávarútvegur hafa fyrir aukinn stuðning nú. Heldur en að láta þannig allan nýjan stuðning niður falla og sinna ekki að neinu þörf atvinnuveganna eða skerða tilfinnanlega þann stuðning, sem veittur hefir verið að þessu, þá hafa stjórnarflokkarnir tekið það ráð, að leggja til með þessu frumvarpi, að tekjur ríkissjóðs séu nokkuð auknar frá því, sem þær hafa verið, og þar að auki vegið upp á móti útflutningsgjaldinu, sem nú verður varið til stuðnings sjávarútveginum.

Þá skal víkja að þeim leiðum til tekjuöflunar, sem valdar hafa verið. Fyrir liggur, að beinir skattar, þ. e. a. s. tekju- og eignarskattur, eru orðnir svo háir hér á landi, þegar tekið er tillit til þeirra útsvara, sem á eru lögð af bæjar- og sveitarfélögum, að almennt mun litið svo á, að ekki geti orðið um neina verulega tekjuöflun að ræða eftir þeim leiðum einum saman. Undanfarin ár hafa þessir skattar verið hækkaðir verulega á hærri tekjum og eignum, og gjöldin til ríkissjóðs þannig færð til meira réttlætis en áður var. Að þessu athuguðu þótti því réttast að byggja nýjar greiðslur til hins opinbera að verulegu leyti á þeim grundvelli, sem lagður hefir verið undanfarið, og heimila að leggja á alla skattana og tollana 10%.

Ef ekki hefði þurft öðru að sinna en tekjuöflun til ríkissjóðs út af fyrir sig, þá hefði slíkur viðauki getað nægt nokkurnveginn, en það þurfti einnig að afla sveitar- og bæjarfélögum tekna og láta af hendi við sjávarútveginn meginhluta útflutningsgjaldsins, og því varð að grípa til annara úrræða jafnframt. Eins og þráfaldlega hefir verið bent á, og síðast hér að framan, þá hafa tolltekjur ríkissjóðs af innfluttum vörum farið sífellt minnkandi, vegna þess, hve innflutningshöftunum hefir verið beitt stranglega og hve framleiðsla tollvara í landinu sjálfu hefir færzt í vöxt. Það hefir verið ljóst mál, að þetta gat ekki gengið svo til lengdar, og að annaðhvort yrði að leggja tolla á innlendu framleiðsluvörurnar eða hækka aðflutningsgjaldið á þeim vörum, sem fluttar eru til landsins þrátt fyrir innflutningshöftin. Nú liggja ekki fyrir nægilegar rannsóknir á því, hvort innlendi iðnaðurinn myndi þola auknar tollgreiðslur, eða réttara sagt, hvort það myndi ekki gera hann með öllu ósamkeppnisfæran við erlendan iðnað, ef framleiðslutollur yrði settur á. Þótti því réttara að grípa til þess úrræðis, að hækka það útflutningsgjald, sem fyrir er, en þá verður vitanlega alls ekki hjá því komizt, að það nái til annara vara en þeirra, sem lítt þarfar eru, af þeim einföldu ástæðum, að innflutningur á lítt þörfum vörum er sáralítill. — Meginhækkunin, 5%, kemur fram á þeim vörum, sem áður voru gjaldskyldar, en lítilsháttar hækkun, 2%, á þeim vörum, sem áður voru gjaldfrjálsar. Eru í þessum flokki nauðsynlegar vörur, en gjaldið svo lágt, að lítið verður vart við það í framkvæmd, þótt það hinsvegar muni ríkissjóð nokkru. Þótti réttara að leggja þannig á lágt gjald, er næði til allra vara, heldur en bæta enn hærra hundraðshluta ofan á aðflutningsgjaldið, sem fyrir var.

Eins og frumvarp þetta og önnur svipuð bera með sér, er tollalöggjöf okkar orðin mjög flókin, og átti sú staðreynd sinn þátt í því, að þær leiðir, sem valdar hafa verið til þess að afla aukinna tekna, eru mjög einfaldar og óbrotnar í framkvæmd. Mikill hluti af tolltekjum ríkissjóðs er fenginn með svokölluðum bráðabirgðaákvæðum. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú öra breyting, sem orðið hefir á utanríkisverzluninni og innflutningstollunum í sambandi við hana. Er orðin hin mesta nauðsyn að taka öll þessi mál til ýtarlegrar athugunar, bæði skattálagningu, tollinnheimtu og tollgæzluna sjálfa, en slíkt verður ekki gert nema með mjög mikilli vinnu, og mun ríkisstjórnin væntanlega leggja til við Alþingi, að þessi mál verði tekin til athugunar á næsta ári. Eitt af því, sem þá verður alveg sérstaklega að taka til athugunar, eru möguleikar til tollgreiðslu af ýmsum innlendum iðnaðarvörum. Það virðist ekki geta náð nokkurri átt, þegar til lengdar lætur, að ýms iðnfyrirtæki, sem framleiða tiltölulega nauðsynlegar vörur, hafi 25—30% tollvernd, og selji þó vörur sínar ekki lægra verði en erlendar vörur fást fyrir. Með því móti fær iðnaðurinn það fé frá almenningi, sem ríkissjóður hefir áður fengið,

en hækka verður í þess stað aðflutningsgjöld til ríkissjóðs á aðfluttum vörum. Töluverður hluti af þeirri hækkun aðflutningsgjalda, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, á rót sína að rekja til þessa ástands.

Nd. 143. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Garðar Þorsteinsson.
Thor Thors. Gísli Guðmundsson.

Nd. 144. Nefndarálit

um frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. ÓTh og StSt gera grein fyrir fyrirvara sínum við umræður.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Skúli Guðmundsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason, frsm.
Ólafur Thors, með fyrirv. Stefán Stefánsson, með fyrirv.

Nd. 145. Breytingartillögur

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr.
   a) Í stað „Þá er og“ í 2. málsl. komi: Jafnframt er.
   b) Síðasta málsgr. orðist svo:
      Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf, og að eigendum eða forráðamönnum flutningstækja skuli óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda, nema fyrir liggi vottorð frá lögreglustjóra um, að nefnd skýrsla hafi verið gefin fyrir honum.
2. Við 3. gr. Aftast við greinina bætist: en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

Nd. 146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó fjármálaráðuneytinu heimilt að lækka, og jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sérstakar málsbætur eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, er svo ákveðið, að hver, sem ekki lætur stimpla stimpilskylt skjal innan tveggja mánaða, skuli greiða í sekt stimpilgjaldið fimmfalt. Þó þótti vera nokkuð ósanngjarnt, að þessu yrði beitt í öllum tilfellum, og var stjórnarráðinu heimilað að lækka sektir eða fella þær alveg niður fyrstu tíu árin eftir að lögin öðluðust gildi. Heimild þessi féll niður í ársbyrjun 1932, og komu brátt í ljós ýms dæmi, sem sýndu, að það kom oft ranglátlega niður að beita sektunum fortakslaust. Með lögum nr. 129 31. des. 1925 var heimildin til að lækka eða fella niður sektirnar framlengd til 1. júlí 1937. Það hefir þó komið í ljós, að þetta hefir ekki verið nægilegt, og koma fyrir dæmi, þar sem bersýnilegt er, að ófyrirsjáanleg atvik hafa valdið því, að stimplun bréfanna hefir dregizt lítið eitt fram yfir tvo mánuði, og oft þannig, að sá, sem fyrir sektinni yrði, á enga sök á því.

Er því með frumvarpi þessu farið fram á, að fjármálaráðuneytið hafi áfram heimild til þess að lækka eða fella niður sektina.

Nd. 147. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Flm.: Emil Jónsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í *feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk*, svo að fullgild vara sé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að 1/10 af þyngd þurrefnis brauðsins. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.

3. gr.

Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir

er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun.

4. gr.

Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra felur matvælaeftirliti ríkisins að hafa með höndum eftirlit með þurrmjólkurvinnslustöðvum og með því, að ákvæðum reglugerðar, sem gefin er út samkvæmt lögum þessum, sé hlýtt.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðefni til rannsóknar úr brauðgerðarhúsum. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, enda skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

6. gr.

Engum er heimilt að starfrækja þurrmjólkurvinnslustöð, nema með leyfi landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita byggingarstyrk til þurrmjólkurvinnslustöðva eftir sömu reglum og gildandi eru á hverjum tíma um styrk til mjólkurbúa.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af lögum þessum sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögum sé að ræða.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp, í aðalatriðum samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Frumvarpinu fylgdi þá ýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um skýringar á því.

Ed. 148. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Jón Baldvinsson.

I. KAFLI
Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, allt að 2%.

2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðafjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

9. gr.

Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

II. KAFLI
Um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

10. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga.

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til sjóðs þessa af tekjum þeim, sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

11. gr.

Hlutverk jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, þó þannig, að hámark það, er getur í 73. gr. nefndra laga, fellur niður á meðan þessi kafli laganna er í gildi.
2. Að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

12. gr.

Árlega skal verja tekjum jöfnunarsjóðs til jöfnunar milli bæjar- og sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum, og gilda um þá jöfnun ákvæði VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935.

Því af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar samkvæmt framansögðu, skal skipt jafnt milli bæjar- og sveitarfélaga í réttu hlutfalli við samanlagðan árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

Ef um smávægilegar eftirstöðvar er að ræða í þessu skyni, er ráðherra heimilt að ákveða, að þær skuli geymdar til næsta árs.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

14. gr.

Árlega skal semja reikning jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

15. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu jöfnunarsjóðs setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

III. KAFLI
Um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, og ákveður hann þá laun hans, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

17. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta framfærslumál hreppa og kaupstaða, tillög þeirra til tryggingarmála, svo og

annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáist um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

18. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna er jafnframt forstjóri jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og hefir á hendi öll dagleg störf og afgreiðslu sjóðsins. Hann annast skiptingu framfærslufjár og annara greiðslna úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga.

19. gr.

Þegar lokið er skiptingu á fé jöfnunarsjóðs, skal leggja skýrslu um skiptinguna fyrir atvinnumálaráðherra, og er hún hefir hlotið samþykki ráðherra, er forstöðumanni sjóðsins heimilt að ávísa greiðslum til bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt henni.

20. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er eftirlitsmanni þá skylt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

21. gr.

Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að safna upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggi á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag sveitarfélaga landsins. Honum er og skylt að veita þeim þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, á því sviði, er snertir fjárhagsmál þeirra, og leiðbeina þeim um framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

22. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum.

23. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að fela eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna að hafa með höndum skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur þar að lútandi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

IV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

25. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

26. gr.

Frá 1. janúar 1939 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.

2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
5. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
6. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
7. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
8. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
9. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
10. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Bráðabirgðaákvæði.

Að svo miklu leyti sem tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga hrökkva til þess, skal framkvæma á árinu 1938 fulla jöfnun framfærslukostnaðar fyrir árin 1936 og 1937, áður en framkvæmd verður jöfnun fyrir framlög til elli- og örorkutrygginga og kennaralauna, og eigi heldur framkvæmd skipting eftirstöðva í sjóðnum, þó einhverjar verði, fyrr en fullri jöfnun er lokið fyrir bæði árin 1936 og 1937.

Greinargerð.

Það hefir verið almennt viðurkennt á undanförnum þingum, að nauðsyn bæri til að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir fleiri tekjustofnum og meiri tekjum en þau nú hafa, þó samkomulag hafi ekki náðst um lausn þeirra mála.

Með þessu frv. eru bornar fram till. um lausn málsins, sem helzt virðist geta orðið samkomulag um, að nái fram að ganga og muni aflétta verstu vandræðunum í þessu efni.

Í fyrsta lagi eru í frv. teknar upp tillögur milliþinganefndar, sem skipuð var í þetta mál árið 1936, um **fasteignaskatt.** Eru þær tillögur óbreyttar að öðru en því, að fasteignaskatturinn er ekki neinsstaðar lögboðinn samkv. frv., heldur aðeins heimilaður. Þykir þá ekki heldur ástæða til að ákveða lágmark skattsins, né heldur að hafa sérákvæði fyrir sveitir, þar sem sveitarfélög geta hagað þessu eftir vild og þörfum. Að öðru leyti nægir að vísa um þetta efni til greinargerðar, er fylgdi frv. milliþinganefndar frá 1936 (Alþt. 1936, A. þskj. 33).

Í öðru lagi er hér lagt til, að af tekjum þeim, sem innheimtar verða samkv. lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum, renni 700 þús. kr. í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, er sé varið til styrktar þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem þyngstar byrðar bera vegna fátækraframfærslu, elli- og örorkutrygginga og kennaralauna. Eru þetta þau gjöld, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa sízt á valdi sínu að takmarka, jafnvel þó þau séu í fjárþröng. Upphæð sú, sem til þessa er ætluð samkv. frv., er að vísu ekki há, og nokkrum hluta hennar ætlað að koma í stað þess, sem ríkissjóður ver nú til fátækrajöfnunar, en þar eð fé þetta kemur fyrst og fremst þeim bæjar- og sveitarfélögum til góða, sem verst eru stæð, ætti þessi ráðstöfun þó að geta komið að miklum notum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að komið verði á eftirliti með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna. Virðist sjálfsagt, að það fylgist að, að þegar ríkisvaldið veitir beinlínis fé til styrktar bæjar- og sveitarfélögum, þá hafi það einnig nokkurt eftirlit með því, hvernig fénu sé varið. Rétt virðist og, að þau bæjar- eða sveitarfélög, sem komast í greiðsluþrot eða eru í vanskilum gagnvart ríkinu, séu háð sérstöku eftirliti og verði að lúta fyrirmælum ríkisvaldsins um fjárstjórn sína.

Að öðru leyti þykir nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. milli-

þinganefndar 1936 (Alþt. 1936, A. þskj. 33) og frv. Bernharðs Stefánssonar og Jónasar Guðmundssonar á síðasta þingi (þskj. 81 og 112).

Frv. þetta er flutt í samráði við atvinnumálaráðherra og fyrir hans hönd, og því ekki önnur ákvæði í því en þau, sem hann gat fallizt á. Hinsvegar áskilur annar af flutningsmönnum (BSt) sér rétt til að bera síðar fram brtt. við frv. eða vera með brtt., sem fram kunna að koma.

Við látum fylgja skýrslu yfir útreikning á jöfnunarfé fyrir kaupstaði og kauptún, þ. e. þau sveitarfélög, sem eru í 1. jöfnunarflokki, er sýnir, hvernig skiptingin verður í þessum flokki þegar lögð er til grundvallar framfærslan 1936, en það er fyrsta árið eftir að framfærslulögin nýju öðluðust gildi.

Útreikningi í 2. jöfnunarflokki er enn ekki lokið, og því ekki hægt að birta hann nú.

Fylgiskjal.

Skýrsla um útreikning og skiptingu framfærslujöfnunarfjár í I. jöfnunarflokki fyrir árið 1936.

	Mannfjöldi 18—60 ára	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Meðal fátækrabyrði	Meðal fátækrabyrði ± 10 %	Fátækrabyrði ársins	Tillag úr ríkissjóði
		kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Reykjavík	20335	24449350	62430500	899354	1967924	1771132	1856822	»
Aðrir kaupstaðir								
Hafnarfjörður	2035	1190500	4172600	88517	145717	131145	199285	45426
Ísafjörður	1575	864100	2187500	59548	102357	92121	158828	44471
Siglufjörður	1415	602200	2768200	84975	101198	91078	99594	5677
Akureyri	2436	1677700	7673500	114975	199931	179938	203125	15458
Seyðisfjörður	472	188350	776400	25460	31616	28454	31074	1747
Neskaupstaður	590	159300	820800	16360	31244	28120	51425	15537
Vestmannaeyjar	1767	1146400	4571900	89590	139414	125473	107409	»
Samtals	10290	5828550	22970900	479425	751477	676329	850740	128316
Kauptún með yfir 500 íb.								
Keflavíkur hreppur	644	254500	931700	21262	37945	34150	32956	»
Ytri-Akranes	821	320400	1190500	24546	47422	42680	40557	»
Borgarnes	311	107100	432300	8655	17203	15483	1341	»
Stykkishólms	294	94900	312500	8655	15694	14125	20016	3927
Patreks	330	174950	308700	6893	18608	16747	2685	»
Hóls	377	75650	241300	8584	16986	15287	29227	9293
Sauðárkróks	451	60550	572200	9552	20693	18624	30384	7840
Ólafsfjarðar	430	23700	402000	8044	17530	15777	9706	»
Húsavíkur	489	80650	427900	14839	23325	20993	36394	10267
Eskifjarðar	383	49550	223100	9325	16478	14830	45514	20456
Búða	294	40750	185700	9058	13435	12091	16286	2797
Eyrarbakka	277	104950	370600	6934	15290	13761	7383	»
Samtals	5101	1387650	5598500	136347	260608	234548	272449	54580
Kaupstaðir og kauptún alls	35726	31665550	90999900	1515126	2980010	2682009	2980011	182896

Nd. 149. Breytingartillögur

við frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

I. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
1. Við 8. gr. Aftan við 6. málsgr. bætist: nema veðhafa í vátryggðu skipi.
2. Við 31. gr. Síðari málsl. 4. málsgr. falli burt.

II. Frá *Sigurði Hliðar* og *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 2. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Heimilt er þó þeim bátaábyrgðarfélögum, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, að halda þeim umdæmistakmörkum, sem þau nú hafa, ef þau óska þess.

Ed. 150. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu stýrimanna- og vélfræðiskóla í Reykjavík.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd á næsta ári byggingu nýs skólahúss, er veiti nægilegt húsrúm til kennslu fyrir nemendur í siglingafræði, vélfræði, rafmagnsfræði, loftskeytafræði og matreiðslu fyrir sjómenn. Bygging þessi fullnægi nútímakröfum, sem gerðar eru til samskonar skóla í nálægum löndum, og að öðru leyti samkvæmt fyllstu reglum, sem gerðar eru um nýbyggða skóla innanlands.

Greinargerð.

Stýrimannaskólinn er á næsta ári 40 ára gamall. Húsið er byggt úr timbri og hefir frá upphafi vega verið álitið timburhjallur, sem með aldrinum hefir mjög hrörnað, þrátt fyrir dýrt og mikið viðhald. Á síðari árum hefir húsið verið notað til kennslu handa vélfræðinemum ásamt stýrimannaefnum. Hver herbergiskytra hefir því verið notuð fyrir skólastofu. Skólastofa farmannaefna hefir síðari árin verið í þröngu þakherbergi. Nú eru þrengslin í skólanum orðin svo mikil, að líkur eru til, að rýma verði vélskólanum burtu úr húsinu á næsta vori, og því sýnt, að leigja verður fyrir hann nýtt húsnæði. Sökum óviðunandi húsnæðis og þrengsla er það því krafa þeirra manna, sem hafa áhuga fyrir framtíðarmenntun íslenzku sjómannastéttarinnar, að nýtt hús verði byggt eftir nútíma kröfum, þar sem að nemendum sé ekki lakar búið en öðrum æskumönnum, er búa sig undir lífið með námi í öðrum skólum. Sjómannastéttin lítur svo á, að starf hennar og strit í þágu þjóðfélagsins sé svo mikill og virkur þáttur í fjárhagslegri afkomu þess, að ekki sé vansalaust að búa lakar að henni en öðrum stéttum, þegar um menntun hennar er að ræða og undirbúning undir starf hennar. Núverandi ástand um aðbúð nemenda í siglingafræði og vélfræði er orðið óviðunandi, og hrein vöntun á húsnæði fyrir ýmsar starfsgreinar, svo sem loftskeytanema og matreiðslumenn. Meðal nágrannaþjóða okkar hafa á seinni árum verið gerðar merkilegar umbætur með byggingu nýrra skólahúsa, með fullkomnustu tækjum fyrir allar starfsgreinar, sem sérþekkingu þurfa að hafa í starfi sínu á sjónum, bæði hvað bóklega menntun snertir og verklega tækni. Bót á þessu fæst ekki ráðin hjá okkur nema með byggingu nýs skólahúss, þar sem skilyrði eru fyrir hendi að kenna það, sem kenna þarf, og við á þann hátt getum staðið nokkurnveginn jafnfætis nágrannaþjóðum okkar um menntun farmanna- og fiskimannastéttarinnar í framtíðinni.

Nd. 151. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Sigurður Kristjánsson áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu við frumvarpið.

Alþingi, 17. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
Sig. Ein. Hlíðar.	Bergur Jónsson.	

Nd. 152. Frumvarp til laga

um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útsöluverð og/eða verzlunarálagning í heildsölu og smásölu á tilteknum vörutegundum megi ekki vera hærri en verðlagsnefnd ákveður. Heimild þessi nær þó ekki til þeirra vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum.

2. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum: 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðilja, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra menn í nefndina í þeirra stað.

3. gr.

Hlutverk verðlagsnefndar er að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, eftir því hvort hentara þykir, í heildsölu og smásölu á þeim vörum samkv. 1. gr., sem ríkisstjórnin hefir á hverjum tíma ákveðið, að störf nefndarinnar skuli taka til. — Skal ríkisstjórnin, þegar lög þessi koma til framkvæmda, gefa út auglýsingu um þær vörutegundir, eða vöruflokka, sem hún ætlast til, að verðlagsákvæði verði sett um, og á sama hátt auglýsa, ef nýjum vörutegundum verður bætt við síðar. Ef um hámarksálagningu er að ræða, skal hún takmörkuð við ákveðinn hundraðshluta af kostnaðarverði vörunnar, kominnar á sölustað. Heimilt skal nefndinni, ef henni þykir ástæða til, að skipta landinu í verðlagssvæði.

4. gr.

Nefndin hefir vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum um innkaupsverð, útsöluverð og framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

5. gr.

Allar ákvarðarnir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og störf verðlagsnefndar setur ríkisstjórnin með reglugerð. Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Nú telur einhver, að verðlag á vöru fari í bága við verðlagsákvæði, sem sett hafa verið samkæmt lögum þessum, og er honum þá rétt að snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra og óska rannsóknar á málinu. Telji lögreglustjóri kæruna nægilega rökstudda, skal hann svo fljótt sem kostur er á taka málið til rannsóknar, og er málsaðiljum skylt að gefa allar þær upplýsingar og leggja fram þau gögn, sem lögreglustjóri telur máli skipta. Á sama hátt getur nefndin, hvenær sem hún telur ástæðu til, óskað rannsóknar, og skal þá lögreglustjóri tafarlaust taka málið til rannsóknar.

8. gr.

Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 4. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

9. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða allt að 10000 króna sektum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum, eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

10. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem rís út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 frá 1915 og lög nr. 7 frá 1917, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi að tilhlutun atvinnumálaráðherra. Fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Á síðastliðnu hausti skipaði atvinnumálaráðherra þriggja manna nefnd til

þess að athuga og gera samanburð á verðlagi á olíu, kolum og salti og öðrum nauðsynjum útgerðarinnar hér á landi og í nágrannalöndunum. Ennfremur hefir atvinnumálaráðherra látið gera nokkrar athuganir á verðlagi á ýmsum öðrum vörum. Við þessar athuganir hefir það komið í ljós, að álagning á einstakar vörutegundir, einkum þær, sem mjög er takmarkaður innflutningur á, er stórum hærri en eðlilegt getur talizt, og má telja mjög líklegt, að meiri brögð séu að þessu en vitað er með vissu. Einnig hefir þótt nokkuð bera á því, að sumar vörutegundir, sem nú eru að nokkru eða miklu leyti framleiddar innanlands, séu seldar óeðlilega háu verði. Verður að telja sjálfsagt, að girt sé fyrir það, að einstaklingar eða fyrirtæki geti, í skjóli nauðsynlegra innflutningstakmarkana og gjaldeyrisskömmtunar, skapað sér óeðlilegan ábata og skattlagt þannig þá, sem vöruna kaupa.

Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að ákvæðum þessa frumvarps sé fyrst og fremst beitt gegn óeðlilegri verðhækkun á nauðsynjavörum almennings, svo og nauðsynlegum vörum við framleiðslu landsmanna."

Frv. er nú aftur flutt fyrir tilmæli atvinnumálaráðherra.

Nd. 153. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er til sykursöltunar á þorski og þorskhrognum (gotu), og af efnum, sem notuð eru til verkunar grásleppuhrogna til útflutnings. Sá, sem fá vill tollinn endurgreiddan, skal sanna með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið magn þessara efna er að ræða.

Nd. 154. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Ásgeirsson, Helgi Jónasson, Bjarni Bjarnason, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum.

Gjald þetta ákveðst fyrirfram af mjólkursölunefnd, og má breyta því svo oft sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkurbús eða mjólkursamsölu á sölusvæðinu skal renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórnin telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu, og slík verðjöfnun jafnan, eftir því sem við verður komið, miðuð við það, að allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölu-

stað verðjöfnunarsvæðisins (sbr. þó 13. gr. . Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu þó fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. Stöðvarkostnaður allur, þar í talinn vinnslukostnaður hverrar tegundar, skal talinn jafn hjá öllum framleiðendum, en slíkan kostnað ákveður mjólkursölunefnd, eftir því sem hún telur hæfilegt, að fengnum skýrslum um slíkan starfrækslukostnað mjólkurbús eða mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi (sbr. þó 5. gr.) er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur á sölusvæðinu geta tryggt til sölu og selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir umfram jöfnunarverð til framleiðenda. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á um áramót.

2. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna („Verðjöfnunargjaldið skal vera ... á verðjöfnunarsvæðinu") fellur niður.

3. gr.

Aftan við orðin í 5. gr. laganna: „... 3000 lítra ársnyt úr hverri kú" bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þessarar nýtur, að undanskilja til heimilisþarfa ½ lítra á dag á hvern heimilismanna.

4. gr.

2. og 3. málsgr. 15. gr. laganna falli niður, en í stað þeirra komi svo hljóðandi málsgr.:

Ef mjólk, rjómi eða skyr er flutt inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa þar til sölu á þeim, eða ef þær finnast í bátum, skipum, bifreiðum eða öðrum flutningatækjum, svo nærri sölusvæði eða á leið til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hefir að flytja vörurnar inn á svæðið í heimildarleysi, þá skulu vörur þessar gerðar upptækar, og sá, er flutninginn annast, eða aðrir, sem meðsekir reynast, skulu sæta sektum samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

Andvirði upptækrar vöru rennur í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Greinargerð.

Frv. í höfuðatriðum samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi að tilhlutun landbúnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Þegar mjólkurlögin voru upphaflega sett fyrir 2 og 2½ ári síðan, var talið, eftir því sem næst varð komizt, að öll mjólkurframleiðsla til sölu, er kom til mjólkurbúanna austan og vestan heiðar, mundi nema ca. 6,4 millj. lítrum. Var þá sölumjólk 3,4 millj. lítrar og vinnslumjólk 3 millj. lítrar.

Við þetta ástand og þessi söluhlutföll mjólkurframleiðslunnar á þessu svæði voru verðjöfnunarákvæði laganna upphaflega að mestu miðuð. Var þá talið, að 8% verðjöfnunargjald myndi nægja til að framkvæma fulla verðjöfnun meðal framleiðenda með hagkvæmari verkaskiptingu milli allra mjólkurbúanna.

Á þessu er nú orðin sú breyting, sem fáa óraði fyrir, að kæmi svo fljótt sem raun er á orðin, að hjá mjólkurbúunum á svæðinu hefir mjólkurframleiðslan aukizt um 83%, eða er nú 11,7 millj. lítrar, í stað 6,4 millj. lítra 1933. Aukningin hjá mjólkurbúunum er því orðin 5,3 millj. á þessum árum. Þess skal getið, að hvorki

nú né 1933 er talin með sú mjólk, sem seld er á svæðinu utan samtaka mjólkurbúanna. Til samanburðar má geta þess, að hjá Norðmönnum, sem settu sér mjólkurlög 1930, hefir mjólkuraukning austanfjalls þar orðið ca. 27% á þeim 6 árum, sem síðan eru liðin, og er það talið gífurlega mikið þar. Þegar þess er nú gætt jafnframt, að langmestur hluti þessarar aukningar hjá oss fer í verðminnstu vinnsluvörurnar, eins og t. d. ost til útflutnings, gefur það að skilja, að verðjöfnunargjaldið, sem miðað var við að gæti jafnað verð á 3 millj. lítra, sem færi í vinnsluvörur, hrekkur skammt, þegar þetta er orðið eins og nú er, 6,7 millj. lítrar, og aukningin fer mestöll í verðminni vörur en vinnsluvörur þær, sem upphaflega þurfti að verðuppbæta.

Eftirfarandi yfirlit um greiðslur og tekjur verðjöfnunarsjóðs á árinu 1936 sýna þetta þá líka ljósast:

Kröfur til verðuppbóta á árinu 1936:

1. vegna vinnslu á mjólkurvörum		kr. 280682.87
2. vegna útflutnings á ostum		— 107805.36
		kr. 388488.23
Tekjur verðjöfnunarsjóðs á árinu 1936 hafa numið kr. 183596.96		
Af þessu hafa verið greiddar eftirstöðvar verðuppbóta fyrir árið 1935	— 52436.48	
		— 131160.48
Á vantar		kr. 257327.75

Á þessu sést, að mjólkuraukningin fer strax á fyrsta ári fullkomins skipulags samkvæmt lögunum langt fram úr því, sem gert hefir verið ráð fyrir, og það svo, að enda þótt sölustjórnin ákvæði í upphafi, að 2 aurum skyldi greiða lægra fyrir vinnslumjólk búanna á sölustað en neyzlumjólk, vantar þó 52 þús. kr. á, að hægt sé að framkvæma þessa verðjöfnun. En það samsvarar ca. 1 eyr. á alla vinnslumjólkina. Er hún þá orðin 3 aurum lægri á sölustað en neyzlumjólkin. Þessi mismunur fer vitanlega vaxandi með auknu mjólkurmagni, og má bezt gera sér grein fyrir því með einföldu yfirliti um mjólkurmagn og kröfur til verðjöfnunar ár hvert:

Mjólkurmagnið 1935	9,9 millj. lítrar
Neyzlumjólk	4,8 — —
Vinnslumjólk	5,1 — —
	9,9 millj. lítrar

Verðjöfnunarsjóður:

Tekjur	185 þús. kr.
Kröfur	238 — —

og vantar þá ca. 1 eyri á hvern lítra vinnslumjólkur til að ná þessari verðjöfnun, eins og fyrr segir, eða **52 þús. kr.**

Mjólkurmagn 1936	11,7 millj. lítrar
Neyzlumjólk	5 — —
Vinnslumjólk	6,7 — —
	11,7 millj. lítrar

Verðjöfnunarsjóður:

Tekjur	183 þús. kr.
Kröfur	440 — —
(Þar með taldar 52 þús. kr. eftirst. frá f. ári.)	

og vantar þá 257 þús. kr., eða nálega 4 aura á hvern lítra vinnslumjólkurinnar, og er þá bilið á sölustað orðið í stað 2 aurar, eins og áætlað var, sem næst 6 aurar.

Með því að ekki verður annað séð en að aukinn aðflutningur að mjólkurbúunum sé enn fram undan, fer bil þetta vitanlega vaxandi, ef við svo búið er látið standa.

Er því bersýnilegt, að þau mjólkurbúin, sem hafa vinnsluvörurnar á markaðinum, síga niður ár frá ári í verði, meðan hin, sem hafa neyzlumjólkina, standa í stað með sitt verð. Þetta hlýtur að leiða til þess, að verkaskiptingin **verður** að hætta og takast upp skipting á markaðinum, sem tryggir öllum sama verð, ef lögin veita ekki heimild til fullkomnari verðjöfnunar en verðjöfnunargjaldið eitt hrekkur til. Yrði slíkt vitanlega öllum framleiðendum óhagstæðara.

Í lögunum eins og þau eru nú er ekkert ákvæði um það, hversu langt verðjöfnun skuli framkvæmd milli hinna ýmsu framleiðenda, sem senda vörur sínar á markaðinn, og var til þess ætlazt, að slíkt yrði samkomulagsatriði milli mjólkurbúanna sjálfra eða fulltrúa þeirra. En einmitt að þetta atriði var lagt í sjálfsvald þeirra, hefir máske meira en nokkuð annað orðið þess valdandi, að ósamkomulag og tortryggni hefir orðið mikil milli mjólkurbúanna við framkvæmd laganna, og hver viljað hafa sinn hlut sem mestan, eins og verða vill. Sé það hinsvegar sett inn í lögin, eins og hér er gert ráð fyrir, að öll mjólkurbúin skuli hafa sama verð, miðað við sölustað, er reiptog þetta útilokað, og allir hafa jafnan hag af því, að sölufyrirkomulagið haldist sem bezt. Sú hefir meðal annars orðið reynslan meðal Norðmanna, að samkomulag framleiðenda um söluna hefir mjög batnað síðan þeir tóku upp til fulls þetta ákvæði.

Rétt mun vera að benda á það, að enda þótt verðjöfnun milli mjólkurbúanna yrði þannig að fullu framkvæmd, að þau fengju jafnt verð fyrir vöru sína miðað við sölustað, þýðir það engan veginn, að allir framleiðendur fái sama verð fyrir mjólk sína. Þeir, sem næst eru sölustað, losna vitanlega við margvíslegan kostnað móts við hina, er fjær búa, og fá því áfram hæsta verðið í sínar hendur. Þessu til skýringar má benda á, að árið 1935, þegar mismunur á sölustað varð raunverulega 3 aur. á lítra milli vinnslu- og neyzlumjólkur, varð mismunurinn milli framleiðendanna miklu meiri. Þeir, sem þá seldu neyzlumjólkina, sem voru þeir, er næst voru sölustað, meðlimir Mjólkurfélags Reykjavíkur o. fl., fengu þá 6,6 aur. hærra fyrir hvern lítra en meðlimir mjólkurbúanna, sem fjær eru, — sé tekið meðaltalið hjá þeim. Er þá miðað við, að flutningskostnaður hjá þeim, sem seldu neyzlumjólkina, sé að meðaltali 1 eyrir, og vinnsluafföll voru, eftir því sem þeir gáfu upp, ½ eyrir á lítra.

Þó að full verðjöfnun miðað við sölustað hefði því verið framkvæmd á árinu 1935, hefðu bændur þeir, sem nær búa og forgangsrétt fengu þá til sölu neyzlumjólkurinnar, samt fengið að meðaltali 3,6 aur. hærra verð fyrir hvern lítra en þeir, sem sendu mjólk sína til vinnslubúanna. Þetta kemur til af því, að auk flutningsins að mjólkurbúunum, sem allir framleiðendur hafa, verða fjarliggjandi mjólkurbúin auk þess að kosta flutning til sölustaðar. Auk þess er samkv. þessum ákvæðum til þess ætlazt, að mjólkurbúin hvert um sig beri ábyrgð á rekstri sínum, og þá að jafnaði miðað við það búið, sem minnstan hefir rekstrarkostnað. Það er því sjáanlegt, að hlutur þeirra, sem nær búa sölustað, verður ávallt betri, þrátt fyrir jöfnuð þann, sem hér er áformaður.

Með breytingu refsiákvæðanna er það ekki tilætlunin að gera þau strangari en ákvæði gildandi laga eru um þau efni, heldur einungis hitt, að skýra þau svo, að þau nái til þess verknaðar, sem þau áttu að gera. En raunin hefir orðið sú undanfarið, að ógerningur hefir reynzt með gildandi ákvæðum að hafa það eftirlit, sem þörf er á til að hindra brot á lögunum. Má slíkt vera ljóst, þar sem ekki hefir verið talið hægt að koma fram ábyrgð á hendur hinum seku, fyrri en þeir hafa að fullu selt og afhent hinar óleyfilegu vörur.

Nd. 155. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og fellst að öllu leyti á hugsun þess, sem er, að þegar frambjóðandi fellur frá og annar býður sig fram í hans stað með fulltingi meiri hl. meðmælenda hins látna frambjóðanda, falli utankjörfundaratkvæði, sem þegar hafa verið greidd hinum fyrri frambjóðanda, á hinn síðari, nema kjósandi hafi greitt atkv. að nýju. Hinsvegar eru bersýnilegir formgallar á frv., svo sem:

1) 1. gr. frv. er tengd við 32. gr. kosningalaganna, eins og hún eigi við hana í heild, þó að hún geti ekki átt við nema sum ákvæði hennar.
2) Sama frvgr. virðist gera ráð fyrir því, að kjósandi megi ekki endurtaka utankjörfundaratkvæðagreiðslu sína, nema hann fái sér áður afhent hið fyrra atkvæði sitt, en það getur verið óframkvæmanlegt fyrir það, að atkvæðið sé í fjarlægð, sem er jafnvel tíðara en hitt, auk þess sem þetta stangast við ákvæði kosningalaganna um að utankjörfundaratkvæði, sem geymd eru í innsigluðum atkvæðakassa, verði ekki afhent.
3) Ef þetta ákvæði á að ná tilgangi sínum, verður bersýnilega í þessu sambandi að gera undantekningar frá banni kosningalaganna við því, að kjósandi sendi frá sér fleiri utankjörfundaratkvæði en eitt við hinar sömu alþingiskosningar.
4) Á því stigi málsins, þegar um það er að ræða, hverjum frambjóðanda eigi að teljast utankjörfundaratkvæði, verður ekki séð, hvenær það atkvæði hefir verið greitt, og er hér auðsæ hugsunarvilla í frvgr.
5) Með því að setja öll nauðsynleg ákvæði þessu viðvíkjandi í eina gr. kosningalaganna, ruglast hin kerfisbundna niðurskipun þeirra, sem á sínum tíma var reynt að vanda sem bezt, til hagræðis fyrir alla þá, sem þessi flóknu lög eiga að framkvæma, og miklu varðar um, að framkvæmd séu með nákvæmni.

Fyrir Alþingi 1936 lá frv. til laga um breyt. á 24. gr. kosningalaganna, af tilefni hæstaréttardóms, sem leitt hafði í ljós þann galla þeirrar greinar, að ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn að liðnum kærufresti setur á kjörskrá menn, sem ekki eiga kosningarrétt, getur verið ógerningur að fá þá tekna út af kjörskrá aftur, og það þó að tvímælalaust sé, að á kjörskrá eigi þeir ekki að vera. Frv. þetta, sem miðar að því að bæta úr þessum ágalla, náði ágreiningslausu samþykki allsherjarnefndar neðri deildar, svo og neðri deildar Alþingis, en dagaði uppi í Ed. Þykir allsherjarnefnd sjálfsagt að nota nú tækifærið og leiðrétta kosningalögin einnig að þessu leyti.

Samkv. framansögðu leyfir allshn. sér að bera fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Framan við 1. gr. frv. bætist ný gr., er verði 1. gr., svo hljóðandi:

   24. gr. laganna orðist svo:

   Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

2. Í stað 1. gr. frv. komi 6 greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Aftan við 43. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Ef frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).
   b. (3. gr.) Síðari málsgr. 66. gr. laganna orðist svo:
      Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefir greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð, eða varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa.
   c. (4. gr.) Aftan við 100 gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.
   d. (5. gr.) Aftan við 2. tölul. 110. gr. laganna bætist: (sbr. þó 112. gr.).
   e. (6. gr.) Aftan við 112. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Utankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefir boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., teljast greitt hinum síðari frambjóðanda.
   f. (7. gr.) Aftan við 11. tölul. 147. gr. laganna bætist: (sbr. þó 66. gr.).
3. 2. gr. frv. falli burt.
4. 3. gr. frv. verði 8. gr.

Alþingi, 18. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 156. Fjáraukalög

fyrir árið 1936.

(Afgreidd frá Sþ. 18. nóv.).

Samhljóða þskj. 31.

Nd. 157. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af saltfiski.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1938 skal saltfiskur undanþeginn útflutningsgjaldi í ríkissjóð, sem ákveðið er í lögum nr. 63 frá 28. jan. 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar, og eru ástæður fyrir frv. þær, að svo sem kunnugt er hafa saltfiskveiðarnar yfirleitt verið reknar með tapi undanfarin ár, vegna hins lága verðs á saltfiski og aflatregðu. Þykir því rétt að afnema gjald þetta. Tekjurýrnun sú, er ríkissjóður verður fyrir með samþykkt þessa frv., er, ef miðað er við útflutning síðustu tveggja ára, um 220 þús. kr., og er séð fyrir tekjum í staðinn með frv. um tekjuöflun samkv. samkomulagi milli núverandi stjórnarflokka.

Nd. 158. Breytingartillaga

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Gísla Guðmundssyni og Sigurði Hlíðar.

Við 8. gr. 6. málsgr. orðist svo: Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Nd. 159. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Pétur Ottesen.

Á eftir VIII. kafla frv. komi: IX kafli. Bráðabirgðaákvæði.

1. Undanþegin skyldutryggingu samkvæmt lögum þessum eru um fimm ára skeið frá því er lög þessi öðlast gildi þau vátryggingarfélög fyrir vélbáta, sem nú eru starfandi í landinu, svo og þeir vélbátaeigendur, er nú hafa vátryggt báta sína í innlendu vátryggingarfélagi, enda sendi aðili ósk um slíka undanþágu Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 1. ágúst 1938.
2. Með sama hætti eru og eigendur opinna vélbáta undanþegnir skyldutryggingu á bátum sínum um jafnlangan tíma.

Nd. 160. Þingsályktun

um rannsókn á undirstöðuatriðum nýrrar verðlagsskrár o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 126.

Ed. 161. Frumvarp til laga

um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson, Magnús Guðmundsson, Bernharð Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðjur hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefir hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfsvið framkvæmdarstjóra og laun.

5. gr.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu þrír, skipaðir af atvinnumálaráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til eins árs í senn.

6. gr.

Ekki er verksmiðjustjórninni heimilt að gera endurbætur á verksmiðjunum né bæta við nýbyggingum, er nemi yfir 75 þúsund krónum á ári, nema að fengnu leyfi Alþingis.

7. gr.

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

8. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

9. gr.

Verksmiðjurnar taka við síld af framleiðendum til vinnslu fyrir þeirra reikning.

10. gr.

Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verk-

smiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verða reknar það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

11. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgun af stofnkostnaði síldarverksmiðjanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.
3. Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum.
4. 5% gjald í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 9. gr., má greiða eigendum með allt að 85% við afhendingu til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, eða þá er ársreikningur er fullgerður.

12. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.

Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af síldarmjöli, sem þau telja sig þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar.

Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

13. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. júlí ár hvert.

Að þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og ríkisreikningnum.

14. gr.

Verksmiðjurnar skulu greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þær greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

15. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins, og lög nr. 35 13. júní 1937, um breyting á lögum um síldarverksmiðjur ríkisins 9. jan. 1935.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 5 manna í verksmiðjustjórn, samkv. 4. gr., skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar. Skipun endurskoðenda samkvæmt 5. grein fer fram strax og verksmiðjustjórn hefir verið kosin. Fyrningargjöld af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau 2 ár, sem eftir er að greiða fyrrverandi eiganda afborganir af andvirði verksmiðjunnar samkvæmt samningi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum og skipulagi síldarverksmiðjanna. Hér er aftur tekin upp hin eldri regla, að stjórnarnefndarmenn séu fimm, og lagt til, að allir séu þingkosnir. Þeim er lögð á herðar sú skylda að vera allan starfstíma verksmiðjanna hvert ár við fyrirtækin, í stað þess, að stjórnarnefndarmenn hafa stundum áður fyrr verið langdvölum burt frá verksmiðjunum meðan þær störfuðu. Þá er lagt til, að ríkið beri aðeins ábyrgð á stofnfé sínu í fyrirtækinu, en ekki á rekstrinum, og að ekki megi festa fé í meiri háttar breytingum á verksmiðjunum nema með heimild Alþingis. Þá er lagt til, að tekin sé upp sú regla, að borga framleiðendum við móttöku hrávörunnar ekki yfir 85% af áætluðu nettóverði, en bæta eigendum síðar upp það verð, ef varan selst betur.

Frv. er að því er snertir stjórn verksmiðjanna samið af meiri hluta nefndar, sem atvinnumálaráðherra skipaði til að undirbúa löggjöf um það efni, og lauk störfum í byrjun yfirstandandi þings.

Einn flutningsmanna (MG) áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við nokkrar gr. frv., sérstaklega 9. gr.

Ed. 162. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 73.

Nd. 163. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Orðin „nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði“ í 5. málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Síðari málsl. 2. gr. laganna, „Getur ríkisstjórnin“ o. s. frv., falli niður.

3. gr.

Orðið „þrjá“ í 2. málsgr. 2. málsl. 12. gr. laganna falli niður.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður skal vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. 14. gr. laga þessara.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði 400000 kr. árlega til sjóðsins af útflutningsgjaldi sjávarafurða.
2. Við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skal greiða gjald í sjóðinn, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.

Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

5. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru.
2. Að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. áliti ráðherra og fiskimálanefndar eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert hraðfrystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að ¼ kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið síðustu tvö árin, svo og þau frystihús, er á sama tíma hafa komið upp hraðfrystitækjum til fiskfrystingar, geta einnig orðið hlunninda þessara aðnjótandi.
3. Að styrkja félag sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtízku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu. Félagið sé stofnað undir eftirliti fiskimálanefndar, og er öllum sjómönnum og verkamönnum, sem fullnægja ákveðnum, almennum skilyrðum, er nefndin setur, heimil þátttaka.

   Þeim, sem fá styrk til togarakaupa, er óheimilt að veðsetja skip, er styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárhæð en kostnaðarverði, að frádregnu framlagi fiskimálasjóðs. Nú er slíkt skip selt, og skal þá endurgreiða fiskimálasjóði þann hluta söluverðsins, sem er hlutfallslega jafn framlagi sjóðsins, til togarakaupanna, þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.
4. Að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða.
5. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

Fiskimálanefnd annast um veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði, að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. jan. 1938.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 42 13. júní 1937, um viðauka við lög nr. 121 12. des. 1935, inn í lög nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og eru ástæður fyrir því þessar:

Það er nú almennt orðið viðurkennt, að vegna hinnar miklu sölutregðu á saltfiski og hins lága verðlags á þeirri vöru, þarf að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að breyta atvinnuháttum fólksins við sjóinn og beina framleiðslu þess á útflutningsvörum inn á nýjar brautir. Saltfiskur var um mörg undanfarin ár aðalútflutningsvara vor Íslendinga, en nú hefir útflutningur á honum minnkað svo mjög, að á síðastl. ári nam verðmæti hans aðeins um 14,5 milljónum króna og á þessu ári mun útflutningur verða svipaður. Árið 1930 nam útflutningur þessarar vöru hinsvegar um 36 milljónum króna og á árinu 1933 nær 31 milljón króna. Útflutningsverðmæti þessarar vörutegundar hefir þannig minnkað síðan 1930 um 22 milljónir króna og síðan 1933 um rúmar 16 milljónir króna. Má nærri geta, hvílík geysiáhrif þetta hefir haft á fjárhag þjóðarinnar í heild og ríkisins. Hefir þannig komið í ljós, hve misráðið var að hafa framleiðslu sjávarafurða svo einhæfa sem raun var á.

Á árinu 1935 var af hálfu núverandi stjórnarflokka með stofnun fiskimálanefndar hafizt handa til þess að bæta úr þessu öngþveiti. Var þá af hálfu ríkisins lagt fram fé í fiskimálasjóð, sem varið hefir verið til ýmiskonar nýbreytni í verkun og hagnýtingu sjávarafurða. Styrkur hefir verið veittur til karfaveiða, harðfiskverkunar, stofnunar rækjuverksmiðju, hraðfrystihúsa og ýmsra annara framkvæmda fyrir sjávarútveginn. Hefir þetta orðið til þess, að nú eru útfluttar ýmsar sjávarafurðir fyrir verulega fjárhæð, sem ekki voru hagnýttar áður.

Þar eð ekki er útlit fyrir, að útflutningur á saltfiski aukist að mun í náinni framtíð, er augljóst, að enn er þörf á að auka þessa starfsemi, og miðar frv. þetta að því.

Sérstök ástæða virðist til að efla frekari tilraunir með niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða, þar sem vitað er, að vinnulaun eru mikill hluti af útflutningsverði ýmsrar niðursuðuvöru, og hér við land eru margar tegundir fiska og sjávardýra, sem eru einkar vel fallnar til slíkrar hagnýtingar.

Þá má geta þess, að kolaveiðar með dragnót hafa á þessu ári verið mjög stundaðar og að hraðfrystur koli er verðmæt og seljanleg útflutningsvara. Ennfremur er mikil vinna við að flaka hann og hraðfrysta. Fiskimálanefnd hefir haft forgöngu um verkun kolans og styrkt nokkur íshús til að koma upp hraðfrystitækjum nú á þessu ári. Er sýnilegt, að þörf er fyrir fleiri hraðfrystihús, og því er gert ráð fyrir í frv., að fiskimálasjóður styrki byggingu þeirra og kaup á hraðfrystitækjum.

Mörgum hefir verið áhyggjuefni, hve togaraflotinn hefir gengið úr sér, án þess hann væri endurnýjaður. Auk þess eru flestir togararnir orðnir gamlir og því dýrir í rekstri, ennfremur vantar í þá ýms nýtízku tæki, til þess að unnt sé að hagnýta aflann sem bezt. Þar sem nauðsynlegt verður að teljast, að gerðar séu tilraunir með rekstur nýtízku togara, er hér lagt til, að fiskimálasjóður veiti styrk til slíkra togarakaupa. Þá verður og að teljast rétt, að slíkur styrkur sé fyrst og fremst veittur þeim, er að framleiðslunni vinna, og er því ákveðið í frv., að hann skuli veittur félagi sjómanna, verkamanna og annara, er þann félagsskap vilja styrkja með þátttöku sinni.

Þar eð í frv. er gert ráð fyrir talsvert háu beinu fjárframlagi, þykir rétt að tryggja það, að framlagið verði eigi dregið út úr framleiðslunni við eigendaskipti, og eru ákvæði um það í frv.

Gert er ráð fyrir í frv., að ýmsri annari starfsemi fiskimálanefndar, svo sem tilraunum með ný veiðarfæri, leit að aflamiðum, markaðsleitum o. fl. verði haldið áfram, svo sem verið hefir, og þessar framkvæmdir styrktar úr fiskimálasjóði.

Áætlað er, að tekjur fiskimálasjóðs verði samkv. frv. þessu rúm ½ milljón króna á ári, er varið verði til þessarar starfsemi og greiðslu kostnaðar við störf fiskimálanefndar.

Nd. 164. Breytingartillaga

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Finni Jónssyni.

Við 5. gr. Í stað „15000 kr." í fyrri málsgr. 5. greinar komi: 20000 kr.

Ed. 165. Nefndarálit

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til við hv. deild, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Önnur málsgr. orðist þannig:
   Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.
2. Við 4. gr.
   a. Eftir fyrstu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Skólastjóri hefir aðalumsjón með nemendum skólans og húsum hans og áhöldum.
   b. Í stað orðsins „frí" í 4. mgr. komi: leyfi frá starfi.
   c. Í stað „mánaðarfrí" í 5. mgr. komi: mánaðarleyfi.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „skal leyft að sleppa yngri deild" í síðustu mgr. komi: eigi skylt að ganga í yngri deild.
4. Við 6. gr. Aftan við b-lið greinarinnar bætist: Heimilt er skólastjóra að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef ástæða þykir til.
5. Við 7. gr. Orðið „landmælingar" í 8. mgr. falli niður.
6. Við 11. gr. Í stað „forðagæzlumanna" í 2. mgr. komi: forðagæzlumenn.

Alþingi, 20. nóv. 1937.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirv.	Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 166. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og lágmarkslengd á fiski.

(Afgreidd frá Nd. 20. nóv.).

Samhljóða þskj. 128.

Ed. # 167. Frumvarp til laga

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erl. gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar. Jafnframt er bannað, þar til ríkisstjórnin ákveður annað, að flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina og bannið gegn flutningi íslenzks gjaldeyris milli landa, og er heimilt að setja þau ákvæði í reglugerð, að tolleftirlitsmenn megi leita alstaðar í skipum eða öðrum flutningstækjum, til þess að fyrirbyggja brot á reglugerðinni.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf, og að eigendum eða forráðamönnum flutningstækja skuli óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda, nema fyrir liggi vottorð frá lögreglustjóra um, að nefnd skýrsla hafi verið gefin fyrir honum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum og innflutningsleyfum úthlutað eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, að fengnum tillögum þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánum bæjar- og sveitarfélaga og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f, og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir. Til þess að standast kostnað við nefndina skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2‰ — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar (tollstjórinn í Reykjavík), hver í sínu umdæmi, skulu láta hagstofunni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofustjóri ákveður.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sömu refsingu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum, auglýsingum eða skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett fyrir leyfisveitingum. Þá er heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt þeim, renna í ríkissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyrir verður eign ríkissjóðs.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 168. Nefndarálit

um frv. til l. um nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir sjávarútvegsnefnd efri deildar síðan í byrjun þings, en ekki náðst samkomulag um það í nefndinni að afgreiða það að svo komnu máli.

Minni hl. hefir, í því skyni að ná fullu samkomulagi við aðra nefndarmenn um málið, frestað hvað eftir annað að kljúfa sig frá meiri hlutanum, og nú síðast vegna þess, að lofað var áliti síldarbræðslustjórnar ríkisins á fundi nefndarinnar í dag, sem þó ekki lá fyrir þegar til kom.

Hér er svo mikið hagsmunamál fyrir vélbátaflotann og hin smærri skip yfir höfuð að ræða, að minni hl. telur það óverjandi, að framganga þess sé látin dragast úr hömlu á þessu þingi, en það gæti vel orðið, ef frestað yrði öllu lengur að skila því úr nefnd.

Minni hl. leggur því til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, en áskilur sér rétt til þess að koma fram með breytingartillögur, eða fallast á þær, er fram kunna að koma, ef það þykir réttara og tilefni gefst við meðferð málsins í deildinni.

Alþingi, 22. nóv. 1937.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 169. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen.

I. Á eftir B. 2. í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Lundarreykjadalsvegur:* Frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
   b. *Grímsárbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Hesti um Varmalæk og Stóra-Kropp á Reykholtsdals- og Hálsasveitarveg.

II. Á eftir B. 3. í sömu lagagrein bætist nýr liður:
Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl fyrir Akrafjall um Klafastaði og Kúludalsá á þjóðveginn ofan við Skipaskaga.

Greinargerð.

Breyting sú á vegalögunum, sem lagt er til að gerð verði með þessu frv., er í fullu samræmi við þá stefnu, sem við afgreiðslu og samþykkt vegalaga á Alþingi á undanförnum árum hefir verið lögð til grundvallar því, hversu háttað skuli vera umferð og legu þeirra vega, er taka beri upp í tölu þjóðvega.

Nú um allmörg ár hefir verið unnið að vegalagningu fram Lundarreykjadal, með hliðsjón af brýnni þörf þessa byggðarlags á því að komast í akvegasamband við kauptún héraðsins, og þá einnig og ekki síður með það fyrir augum, að vegurinn úr Lundarreykjadalnum um Uxahryggi á Kaldadalsveginn yrði gerður akfær. Samkvæmt rannsókn, sem á því hefir verið gerð að tilhlutun vegamálastjórnarinnar, hefir það komið í ljós, að með tiltölulega litlum kostnaði er hægt að gera akfært yfir Uxahryggi á Kaldadalsveginn. Með því að gera þessa leið akfæra er í verulegum mæli greitt fyrir samgöngum milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur, því um Uxahryggi er skemmst leið úr Borgarfirðinum suður á bóginn

Um Grímsárbraut er það að segja, að unnið hefir verið að byggingu þess vegar á undanförnum árum, og með smíði Grímsárbrúarinnar hjá Fossatúni, sem lokið var við á síðastl. sumri, og væntanlegu framhaldi á vegagerð á þessari leið og byggingu brúar á Reykjadalsá á næsta ári, eins og ég hefi lagt fram tillögur um, er leiðin frá Vesturlandsvegi hjá Hesti og á þjóðveginn í Reykholtsdal orðin bílfær. Þegar svo er komið, verður þess að sjálfsögðu skammt að bíða, að vegurinn um Grjóthál á Norðurlandsbraut verði gerður akfær, því með því móti styttist bílleiðin milli Vestur- og Norðurlands og Reykjavíkur til stórra muna, en mestu munar þó, ef áður eða jafnframt yrði vegurinn úr Lundarreykjadalnum, sem fyrr getur, um Uxahryggi á Kaldadalsveginn, gerður akfær.

Það er því hin mesta nauðsyn, bæði með tilliti til samgangnanna innanhéraðs og þá ekki síður langferðanna, að því sé hraðað sem allra mest að kostur er á að gera þessar leiðir akfærar.

Eins og kunnugt er, hefir bústofn bænda hrunið niður á þessum svæðum af völdum fjárpestarinnar. Væri það því einkar hagkvæmt að leggja nú kapp á að gera þessar leiðir akfærar og sameina þar brýna atvinnuþörf fólksins, sem misst hefir bústofninn, og þann stórfellda ávinning, sem í því felst að stytta hina fjölförnu landleið milli Vestur- og Norðurlands og Reykjavíkur um tugi kílómetra.

Unnið hefir verið að Akrafjallsvegi nú um mörg undanfarin ár, og hefir vegamálastjóri látið framkvæma mjög gaumgæfilega athugun á allri tilhögun á vegalagningu á þessu svæði, og er sú útfærsla á þjóðvegakerfinu, sem þar um ræðir, í alla staði eðlileg.

Ed. 170. Nefndarálit

um frv. til laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. 2. málsliður greinarinnar orðist svo:
Um skipun tilsjónarmanns fer eftir sömu reglum og um skipun lögráðamanns, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Alþingi, 19. nóv. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.

Nd. 171. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

24. gr. laganna orðist svo:
Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

2. gr.

Aftan við 43. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Ef frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).

3. gr.

Síðari málsgr. 66. gr. laganna orðist svo:
Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem

þegar hefir greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð, eða varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa.

4. gr.

Aftan við 100. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

5. gr.

Aftan við 2. tölul. 110. gr. laganna bætist: (sbr. þó 112. gr.)

6. gr.

Aftan við 112. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Utankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefir boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., teljast greitt hinum síðari frambjóðanda.

7. gr.

Aftan við 11. tölul. 147. gr. laganna bætist: (sbr. þó 66. gr.).

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Aftan við 2. gr. laga nr. 52 8. sept. 1931 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er til sykursöltunar á þorski og þorskhrognum (gotu), og af efnum, sem notuð eru til verkunar grásleppuhrogna til útflutnings. Sá, sem vill fá tollinn endurgreiddan, skal sanna með vottorði fiskimatsmanns, um hve mikið magn þessara efna er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 173. Lög

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 62.

Nd. 174. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Hofsósi.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Hofsósi í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, $^2/_5$ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 120000,00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — gegn $^3/_5$ hlutum frá hafnarsjóði Hofshrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 120000,00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Hofsóss kann að taka, en þó aldrei meira en $^2/_5$ kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Hofsóss.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hofsóss. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hofsóss.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Hofshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Sveitarstjórn Hofshrepps fer með stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa þrír menn, kosnir af sveitarstjórn Hofshrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Sveitarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Hofsósshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að ¼ hlutar af hverjum vélbát 12 smál. eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að $^1/_6$ hlutar af smærri vélbátum en 12 smál. og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Hofsóss semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a., b. og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarreikninga.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hofsós við Skagafjörð er einn elzti verzlunarstaður á landinu, og er þar dálítið þorp. Íbúar þess munu nú vera um 300. Þetta fólk lifir aðallega á útgerð, því að þótt nokkur ræktun hafi verið gerð þar hin síðustu árin og landbúskapur þess vegna aukizt, er sjávarfangið þó aðaltekjur íbúanna.

Aðstaða til lendingarbóta er betri á Hofsósi en annarsstaðar við Skagafjörð. Þó er ómögulegt að stunda þaðan sjó að staðaldri, nema fá þar gerðar allverulegar hafnarbætur. Allmargir mótorbátar („trillur") hafa verið gerðir út þaðan að undanförnu. Er stutt á fiskimið og tiltölulega gott til fanga, ef lending er trygg.

Tvo undanfarin sumur hefir verið unnið að hafnarbótum á Hofsósi. Hefir nú verið gerð þar góð bátahöfn, ásamt „plani" til síldarsöltunar. Mannvirki þetta hefir kostað um 140 þúsund krónur. Framlag ríkisins hefir verið miðað við lendingarbætur, eða ⅓ af kostnaði. Nú verður það sýnilega ofraun einu fátæku hreppsfélagi að standa straum af þessu mannvirki. Þess vegna er hér borið fram frumvarp um hafnargerð á Hofsósi. Er svo til ætlazt, að ríkissjóður leggi fram sama hluta og við aðrar hafnargerðir, eða ⅔ af kostnaðarverði.

Samkvæmt frumvarpinu er búizt við, að höfnin muni kosta allt að 300 þús. krónur fullgerð. En þess skal getið, að ekki er gert ráð fyrir að vinna meira við hafnargerðina fyrst um sinn en nú er þegar búið. Enda kemur höfnin að fullum notum fyrir mótorbáta og smærri síldarskip eins og hún nú er. En síðar meir mundi hafnargarðurinn lengdur svo, að stærri skip gætu lagzt við hann.

Nánar í framsögu.

Nd. 175. Frumvarp til laga

um tekjuöflun fyrir ríkissjóð til atvinnuaukningar o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

Til þess að standast aukin útgjöld ríkissjóðs til atvinnubóta, verklegra framkvæmda og til styrktar smáútvegsmönnum og bændum, skal innheimta skatta svo sem hér segir.

I. KAFLI
Stóríbúða- og háleiguskattur.

2. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 18000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni stóríbúðaskatt. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 2500 kr. og lækka það um sömu upphæð fyrir hvern mann, sem heimilismenn eru færri en 5. Þó skulu íbúðir, sem að fasteignamati eru 12000 kr. virði eða minna, jafnan vera skattfrjálsar.

Stóríbúðaskatturinn skal nema:

Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarverðsins er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af 5000—15000 kr.	greiðast	150 kr.	af 5000 kr.	og 3.5% af afgangi.
— 15000—25000 —	—	500 —	— 15000 —	— 4 — — —
— 25000—35000 —	—	900 —	— 25000 —	— 4.5— — —
— 35000—45000 —	—	1350 —	— 35000 —	— 5 — — —
— 45000—55000 —	—	1850 —	— 45000 —	— 5.5— — —
— 55000—65000 —	—	2400 —	— 55000 —	— 6 — — —
— 65000—75000 —	—	3000 —	— 65000 —	— 6.5— — —
— 75000 og þar yfir	—	3650 —	— 75000 —	— 7 — — —

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. maí 1938.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra ríkja.

3. gr.

Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meira en 15% af kaupverði húseignarinnar, að meðtalinni lóð, skal húseigandinn greiða háleiguskatt af því, sem umfram er. Kaupverðið telst það verð, er eigandi eignaðist eignina fyrir í upphafi, að viðbættu hæfilega metnu andvirði endurbóta og viðbygginga, en að frádreginni eðlilegri fyrningu. Hafi eigandi fengið eignina að erfðum, vegna stofnunar eða slita hjúskapar eða á annan þvílíkan hátt, telst kaupverðið það, sem eignin var honum útlögð fyrir. Ef um gjöf er að ræða, skal eignin sérstaklega metin í þessu skyni til verðs, svo sem það telst verið hafa á þeim tíma, er eigandinn fékk hana í hendur.

Háleiguskattinn skal reikna af þeim hluta húsaleigunnar, sem er umfram 15% af kaupverði, og skal hann nema:

Af því, sem leigan nemur yfir 15% allt að 20% af kaupverði, greiðist 10%
— — — — — — 20— — — 25— — — — 20—
— — — — — — 25— — — 30— — — — 30—
— — — — — — 30— — — 35— — — — 40—
— — — — — — 35— — — 40— — — — 50—
— — — — — — 40— — — 45— — — — 60—
— — — — — — 45— — — 50— — — — 70—
— — — — — — 50— — — 55— — — — 80—
— — — — — — 55— — — 60— — — — 90—
— — — — — — 60— — — 65— — — — 100—

Skattur þessi hvílir sem lögveð á eignunum, hefir lögtaksrétt og greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. maí 1938.

Öryrkja fólk, sem jafnframt er efnalítið og ekki hefir meiri tekjur, að meðtöldum tekjum af húsaleigu, en svo, að nægi til framfæris, má undanþiggja háleiguskatti.

Háleiguskatt skal ekki greiða af húsaleigu í húsum, sem byggð eru eftir að lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Skattur samkv. 2. og 3. gr. ákveðst af skattstjóra í Reykjavík, en af skattanefndum utan Reykjavíkur. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um ákvörðun skattsins, ákvörðun kaupverðs og mat á endurbótum, viðbyggingum og fyrningu, um hversu greina skal sundur og meta einstaka hluta í sama húsi til eignar, kaupverðs eða leigu, og um undanþágur handa öryrkja fólki.

II. KAFLI
Vaxtaskattur.

5. gr.

Greiða skal skatt af eftirgreindum vaxtatekjum:

1. Vöxtum af innstæðum hjá lánsstofnunum, svo sem bönkum, sparisjóðum, innlánsdeildum félaga og öðrum lánsstofnunum.
2. Vöxtum af skuldabréfum eða víxlum, sem tryggðir eru með veði í fasteign, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum, skuldabréfum bæjar- og sveitarsjóða og öðrum slíkum opinberum verðbréfum.

   Afföll af veðskuldabréfum teljast til vaxta, og skal telja öll afföll til vaxtatekna á því ári, sem afföllin eru tekin.

6. gr.

Af hinni skattskyldu vaxtafjárhæð samkv. 7. gr. skal greiða vaxtaskatt: 10% af vöxtum allt að 5%, 11% af vöxtum 5—6%, 12% af vöxtum 6% og yfir. Sami skattstigi skal gilda við greiðslu skatts af afföllum samkv. síðustu málsgr. 5. gr.

7. gr.

Gjalddagi vaxta er gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum, en af innstæðum í bönkum og öðrum lánsstofnunum er gjalddagi 1. júlí og 31. des. ár hvert. — Skattskyldan vaxtatíma skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins og í fyrsta sinn frá þeim tíma sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögin hefðu verið í gildi.

8. gr.

Undanþegnir greiðslu vaxtaskatts eru:

Konungur og ættmenn hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög, bæjarfélög og sýslusjóðir og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, bankarnir og þeir sparisjóðir,

er engan arð greiða stofnendum sínum og ábyrgðarmönnum, erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita, og loks sjóðir, sem ótvírætt vinna að almenningsheill, svo sem sjóðir verklýðsfélaga og líknarfélaga, og ákveður fjármálaráðherra nánar með reglugerð, hverjir þeir séu. Auk þess eru undanþegin vaxtaskatti þrotabú og dánarbú, sem ekki eiga fyrir skuldum.

Geti einhver, er greitt hefir vaxtaskatt, sannað það með vottorði skattanefndar eða skattstjóra, að hann hafi hvorki skattskyldar eignir né tekjur, skal vaxtaskattur hans endurgreiddur.

9. gr.

Vaxtagreiðandi, hvort sem það eru stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf, eða útgefendur einstakra veðskuldabréfa, skal greiða vaxtaskatt. Skal hann standa skil á skattinum til viðkomandi skattheimtumanns samkv. 11. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinargerð um það, hvernig skatturinn er reiknaður. Vaxtaskuldari afhendir síðan vaxtahafa kvittun fyrir skattgreiðslunni. Greiðsla vaxtaskatts af afföllum dregst frá afborgun bréfsins. — Vanræki vaxtagreiðandi að halda eftir vaxtaskatti, skal krefja vaxtamóttakanda um skattupphæðina, en vaxtagreiðandi er þó jafnframt ábyrgur fyrir skattinum, þar til hann er að fullu greiddur.

10. gr.

Nú hefir vaxtaskattur ekki verið greiddur áður en 6 vikur eru liðnar frá því gjaldanda hefir verið tilkynnt það, og er þá heimilt að láta fara fram lögtak fyrir skattinum í hinni veðsettu eign, ef um veðskuldabréf er að ræða.

11. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, innheimta vaxtaskatt samkv. fyrirmælum 9. gr.

12. gr.

Eftirlit með greiðslu vaxtaskatts hafa skattanefndir (skattstjóri í Reykjavík). Skulu skattheimtumenn láta skattanefndum (skattstjóra) í té skrá yfir greiðslu vaxtaskatts undanfarið ár fyrir 15. febr. ár hvert, og skal skránni fylgja greinargerð skattgreiðanda.

13. gr.

Til þess að gera auðveldara eftirlit skattanefnda (skattstjóra) um greiðslu vaxtaskatts, skal fjármálaráðherra gefa út reglugerð um nafnaskrásetningu eigenda allra verðbréfa, og skal skrásetning þessi fara fram í fyrsta sinn í janúar 1938 og síðan í hvert skipti sem eigendaskipti verða á verðbréfum. Skulu í reglugerð þessari felast ákvæði um það, að vaxtagreiðandi sé ekki skyldur til vaxtagreiðslu, hafi skrásetning þessi ekki farið fram. Ennfremur skal í reglugerð nánar ákveðið, hvernig greiðsla vaxtaskatts skuli fara fram, fyrirkomulag innheimtanna og nánari reglur um það, hverjir skuli undanþegnir vaxtaskatti.

14. gr.

Um rannsóknarvald skattanefnda samkv. þessum lögum, kærufresti og kæruúrskurðun, svo og viðurlög fyrir brot á lögum þessum gilda ákvæði laga um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Verðhækkunarskattur við sölu fasteigna.

15. gr.

Í hvert sinn, sem fasteign er seld, skal greiða til ríkisins skatt af verðhækkun fasteignarinnar svo sem hér segir:

Af söluverði fasteignarinnar að frádregnu kaupverði, eins og það er skilgreint í 3. gr. þessara laga, eða kostnaðarverði, hafi eignin ekki verið seld áður, skal seljandinn greiða 10%. Frá söluverði skal þó draga þá hækkun frá síðasta söluverði, sem af endurbótum leiðir, er seljandi hefir látið gera á fasteigninni, hafi hann strax eftir að þær voru fullgerðar beðið um endurmat á fasteigninni og það farið fram.

16. gr.

Nú kemur það fram við sölu á óbyggðri lóð, lóð ásamt byggingum á henni, löndum eða á vatnsréttindum, að þessi verðmæti hafa, frá því þau voru síðast seld eða metin til fasteignamats, hækkað í verði um meira en 50% vegna framkvæmda hins opinbera eða annara aðgerða, án þess eigandi hafi nokkru til kostað eða mjög óverulegu, og skal þá seljandi greiða í ríkissjóð skatt, er nemi 20% af verðhækkun hennar, enda greiðir hann þá ekki skatt samkvæmt 15. gr. þessara laga.

17. gr.

Nú hefir maður á leigu frá ríkinu lönd, er hann leigir öðrum sem lóðir, en hagnýtir ekki sjálfur, og skal hann þá af hverri lóð, er hann leigir út, greiða í ríkissjóð 10% af þeirri fjárhæð, sem leiga sú, er hann tekur, er hærri en sú, er hann geldur af þeirri lóð. Fasteignamatsnefnd ákveður, hve mikill hluti af leigunni, sem ganga skal til ríkisins, fellur á hverja lóð.

18. gr.

Skylt skal hverjum seljanda fasteignar að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, hið sanna söluverð hennar um leið og sala fer fram. Nú lætur seljandi hjá líða að tilkynna sölu á fasteign, eða tilgreinir rangt söluverð, og skal hann þá, auk verðhækkunarskattsins, greiða sekt, er nemi 20% hinnar skattskyldu upphæðar, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Sala er í lögum þessum allir þeir samningar, sem fela í sér framsal á eignarrétti fasteignar, hvenær sem það fer fram á samningstímanum. Nú er fasteign seld á þann hátt, að hún er eign seljanda þar til kaupverðið er að fullu greitt, og skal seljandi engu að síður tilkynna lögreglustjóra, að samningur hafi verið gerður, er feli í sér sölu og hvert sé söluverðið. Skal það og gilda um sölusamninga, er þegar hafa verið gerðir, er lög þessi öðlast gildi, ef afsal hefir ekki átt sér stað. Skal lögreglustjóri síðan reikna út skattupphæðina, er greiða ber, og fellur hún í gjalddaga eftir því, sem kaupverðið er greitt, en þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

20. gr.

Gjöld þau, sem um er rætt í 15. og 16. gr. laga þessara, skulu í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í fasteigninni, sem þau hvíla á, nema öðrum opinberum gjöldum.

21. gr.

Undanþegnar skatti samkv. 15. og 16. gr. þessara laga eru fasteignir ríkissjóðs, bæjar- og sveitarfélaga og erlendra ríkja, að svo miklu leyti sem þær eru notaðar af sendimönnum þeirra.

22. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari reglur um gjalddaga, innheimtur, tilkynningar o. fl., er þurfa þykir í sambandi við gjöld þau, er um ræðir í 15., 16. og 17. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

23. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Ennfremur skal kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum eða öðrum þeim stöðum, sem verklega kennslan fer fram á, fá nemendur annaðhvort ókeypis fæði og þjónustu tvö síðari missirin eða upphæð, sem því svarar, ef hentara þykir, að nemendur hafi sameiginlegt mötuneyti. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 8. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræð-

ingar. Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu, skal það selt við kostnaðarverði. Ella sjái hlutaðeigandi skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1938.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. 185. Breytingartillögur

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „til útgerðar sinnar“ í 1. málsgr. komi: og veiti gjaldeyrisnefnd þeim gjaldeyrisleyfi fyrir þessum vörum, en bankar þeir, sem taka við erlenda gjaldeyrinum af útgerðarmönnum skulu skyldir að hafa jafnan gjaldeyri til reiðu út á gjaldeyrisleyfi þessi.
2. Við 3. gr. Síðasti málsliður („Til þess að standast kostnað ... fyrir hvert einstakt leyfi“) falli burt.

Nd. 186. Tillaga til þingsályktunar

um atvinnu skyldmenna og venzlamanna hjá ríkinu og stofnunum þess.

Flm.: Jóhann G. Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1) að sjá svo um, að í fastar stöður og önnur störf hjá ríkinu eða stofnunum þeim, sem það ræður yfir, sé jafnan skipað þannig, að ekki séu fleiri en einn fyrir-

vinnandi sama heimilis í þjónustu ríkisins á sama tíma, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

2) að sjá svo um, ef náin skyldmenni eru í þjónustu ríkisins, að þau séu þá ekki starfsmenn sömu stofnunar.

Á s t æ ð u r

Það er alkunna, að svo er nú komið í þjóðfélagi voru, að harla oft er lítið um hæfni manna spurt, er menn eru skipaðir í stöður eða þeir valdir til starfa, heldur hitt látið skipta meira máli, til hvaða flokks þeir telji sig í stjórnmálum. Gildir þetta ekki hvað sízt um ríkisvaldið, eins og því hefir verið beitt í þessum efnum nú hin síðari árin. Mætti öllum vera ljóst, hversu hættulegt þetta er fyrir vort fámenna þjóðfélag, og að slík stefna í atvinnuveitingum leiðir til hinnar mestu spillingar. Er í þessum hlutum erfitt að bæta um með ákvæðum, enda þótt full nauðsyn væri á að setja ströng fyrirmæli um veitingu og fjölgun starfa hjá hinu opinbera. En svo illa sem þessu er farið, þá bætir hitt ekki úr skák, að samhliða þessari háskalegu aðferð um veitingu starfa hendir það ósjaldan, að atvinnu er veitt taumlaust, ef svo má kalla, til sama heimilis, þannig til að mynda, að hjón, og jafnvel velflest börn þeirra, eru látin sitja fyrir vinnu, eða beinlínis sköpuð vinna, á sama tíma og aðrar fjölskyldur skortir algerlega vinnu. Hlýtur öllum að vera ljóst, að slíkir hættir í atvinnuúthlutuninni sem þessir hafa í för með sér hið versta ranglæti og geigvænlega siðspillingu. — Þá finnast þess og dæmi, að náið skyldulið sé starfandi í ýmsum stofnunum ríkisins, t. d. bræður, feðgar o. s. frv. Getur slíkt leitt af sér ýmiskonar öryggisleysi og skapað tortryggni viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar, enda hægur vándinn fyrir ríkið að bæta hér úr með því að flytja menn til milli stofnana, þar sem svona stendur á.

Það, sem farið er fram á í tillögu þeirri, sem hér getur, er, að úr þessu sé bætt, með því að ríkisvaldið gæti þess, að öll atvinna og störf, sem það ræður yfir, sé réttlátlega úthlutað, og reynt sé að girða fyrir það, að sifjaliði sé veitt atvinna hjá hinu opinbera úr hófi fram, á sama tíma sem dreifingar atvinnunnar er hin fyllsta þörf.

Erlendar þjóðir, t. d. Englendingar, hafa sett svipuð ákvæði um vinnu sifjaliðs hjá ríkinu og gert er ráð fyrir, að tekin verði upp hér. Og ef þörf er slíkra ákvæða með Englendingum, ætti þeirra ekki að vera minni þörf hér, þar sem vald kunningskaparins og sifjabandanna er svo mjög ráðandi.

Þess skal hér getið, að þeirra endurbóta, sem farið er fram á í framangreindri tillögu um úthlutun eða veitingu vinnu eða starfa af hendi hins opinbera, er einnig full þörf víða annarsstaðar. En því aðeins er hægt að vænta þess, að aðrir atvinnuveitendur taki upp heilbrigðar reglur í þessum málum, að ríkisvaldið sjálft gangi á undan með góðu fordæmi.

Ed. 187. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson.	Ingvar Pálmason,	Magnús Guðmundsson.
form., frsm.	fundaskr.	

Nd. 188. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir klofnað í máli þessu. Minni hlutinn (SK og SEH) fellst algerlega á þau rök, sem fyrir frv. eru færð í greinargerð þess, að sjávarútvegurinn sé þess alls ekki megnugur að standa undir gjaldi þessu. Og yfir höfuð telur minni hl. engin rök réttlæta það, að heimta útflutningsgjald af þeim framleiðsluvörum landsmanna, sem framleiddar eru með tapi. Af þessum ástæðum leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Meiri hl. mun gera grein fyrir sinni afstöðu. Er minni hl. það eitt kunnugt um hana, að allir meirihlutamennirnir greiddu atkvæði með tillögu um það, að málið skyldi afgreitt með dagskrá. En frv. var aldrei rætt í nefndinni.

Saga frumvarpsins á þessu þingi til þessa dags er sem hér segir:

Frumvarpið var lagt fram í Nd. 18. okt. síðastl. og var vísað til sjávarútvegsn. 25. s. m. Það fékkst svo ekki tekið fyrir til afgreiðslu fyrr en í dag, 25. nóvember, og var þá afgreitt sem fyrr segir, með atkvæðagreiðslu umræðulaust.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Sig. Ein. Hlíðar.

Nd. 189. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumv. þetta var lagt fram 18. okt. síðastl. og var vísað til sjávarútvegsnefndar 20. s. m. Það var sent fiskimálanefnd til umsagnar 12. þ. m., en álit reyndist ófáanlegt frá nefndinni.

Málið fékkst loks tekið fyrir til afgreiðslu í dag, og klofnaði nefndin þá um það. Minni hl. (SK og SEH) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. En meiri hl. (FJ, BJ og GG) munu gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Sig. Ein. Hlíðar, frsm. Sigurður Kristjánsson.

Ed. 190. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. 5. málsgr. orðist þannig:
   Bankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur.
2. 6. málsgr. sömu gr. hljóði þannig:
   Gæzlustjóri hefir að árslaunum 2000 krónur og dýrtíðaruppbót á þau laun í samræmi við almenna dýrtíðaruppbót á laun starfsmanna bankans.

Nd. 191. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hl. leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að gert er ráð fyrir í frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., sem liggur fyrir deildinni og gera má ráð fyrir, að nái samþykki Alþingis, að lagt verði fram fé úr fiskimálasjóði til styrktar hraðfrystihúsum, telur deildin ekki ástæðu til að ræða frv. þetta frekar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Bergur Jónsson.

Nd. 192. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisstyrk til byggingar niðursuðuverksmiðja.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hl. leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að gert er ráð fyrir í frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., sem liggur fyrir deildinni og gera má ráð fyrir, að nái samþykki Alþingis, að lagt verði fram fé úr fiskimálasjóði til þess að koma á fót og styrkja niðursuðuverksmiðjur fyrir sjávarafurðir, telur deildin ekki ástæðu til að ræða frv. þetta frekar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Bergur Jónsson.

Nd. 193. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun gera sérstaklega grein fyrir sínu áliti.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form.	Bergur Jónsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.

Nd. 194. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, og mun minni hlutinn gera sérstaklega grein fyrir sínu áliti. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 5. gr. Í stað orðanna „og verkamönnum“ í 3. tölul. 2. málsl. komi: verkamönnum og öðrum.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Bergur Jónsson.

Nd. 195. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisstyrk til byggingar niðursuðuverksmiðja.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta hefir verið hjá nefndinni í 4 vikur, en aldrei verið rætt eða athugað á fundi, fyrr en í dag, að nefndin klofnaði um afgreiðslu þess, án þess að efni þess væri nokkuð rætt. Frv. var 12. þ. m. sent fiskimálanefnd til umsagnar, en álit hennar reyndist ófáanlegt.

Meðan mál þetta var hjá sjávarútvegsnefnd barst nefndinni bréf það, sem hér fylgir, frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. En þrátt fyrir rök þau, er fyrir frv. eru færð í greinargerð þess, og þrátt fyrir bréf þetta, sem undirritað er af öllum stjórnarmeðlimum S. Í. F., einnig þeim stjórnarnefndarmönnum, sem ríkisstjórnin hefir skipað, og annar er trúnaðarmaður Framsóknarflokksins, en hinn Alþýðuflokksins, gat sjávarútvegsnefnd ekki orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Klofnaði nefndin, eins og áður segir. Minni hl. (SK og SEH) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. En meiri hl. (BJ, GG og FJ) mun skila sérstöku áliti.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Sigurður Kristjánsson, frsm.	Sig. Ein. Hlíðar.

Fylgiskjal.

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 19. nóv. 1937.

Stjórn S. Í. F. leyfir sér hér með að tilkynna háttv. Alþingi, að á aðalfundi félagsins, sem haldinn var dagana 29.—30. okt. síðastl., var svo hljóðandi tillaga samþykkt í einu hljóði:

„Aðalfundur S. Í. F., haldinn haustið 1937, skorar á stjórn sölusambandsins að

hefjast handa á yfirstandandi starfsári til að koma á fót niðursuðuverksmiðju fyrir sjávarafurðir, svo og að byrja starfrækslu með niðursuðu þeirra fisktegunda, sem hún telur líklegastar til að ná sölu á erlendum markaði.

Skal verksmiðjan í byrjun eigi vera reist fyrir stóriðju, en þó eigi minni en svo, að hún geti framleitt nægilegt magn til þess að gengið sé úr skugga um, hvað gera megi í fiskniðursuðu til útflutnings í framtíðinni.

Til þess að standast kostnað af verksmiðjubyggingunni, svo og af rekstri í byrjun, skal stjórn S. Í. F. heimilt að taka varasjóð sölusambandsins að láni um ákveðinn tíma gegn 5% ársvöxtum, enda leiti hún þess stuðnings, sem unnt kann að verða að fá til stofnunar og rekstrar, til þess að draga úr áhættu fyrirtækisins.“

Með tilvísun til þessarar samþykktar hefir stjórn S. Í. F. ákveðið að hefjast handa nú þegar um byggingu niðursuðuverksmiðju fyrir fisk og fiskafurðir. Í fyrstu yrði framkvæmd þessa máls aðeins í smáum stíl, sem tilraunastarfsemi, en síðar mætti vænta öflugri starfsemi, ef skilyrði væru fyrir hendi.

Vegna þeirra tillagna, sem þegar eru fram komnar á Alþingi um styrk af hendi ríkisvaldsins til slíkra framkvæmda, leyfir stjórn S. Í. F. sér hér með að mælast til þess við háttv. Alþingi, að S. Í. F. verði veittur styrkur til að koma á fót niðursuðuverksmiðju.

Virðingarfyllst

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Magnús Sigurðsson. Helgi Guðmundsson. Ól. Tr. Einarsson.
Jónas Guðmundsson. Jóhann Þ. Jósefsson. Jón Árnason.
Sigurður Kristjánsson.

Til Alþingis.

Ed. 196. Frumvarp til laga

um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögin að öðru leyti setja.

Ákvæði laga þessara ná ekki til læknisaðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

2. gr.

Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þessara, eru þrennskonar:

1. **Afkynjanir:** Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.
2. **Vananir:** Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitið sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnaðarfæra.
3. **Fóstureyðingar** (sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

3. gr.

Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum, og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari töluliði þessarar greinar.
2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefir verið sviptur sjálfræði.
3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. greinar, ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.
4. Frá lögreglustjóra, ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka, enda hafi hann fellt úrskurð um. Að því leyti sem slíkur úrskurður er ekki felldur í sambandi við sakamál, skal rannsókn sú, sem úrskurðurinn er byggður á, fara að hætti almennra lögreglumála. Úrskurði lögreglustjóra má áfrýja til æðri réttar.

Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Skal hver umsókn árituð umsögn læknis, er hefir kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

4. gr.

Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Um skipun tilsjónarmanns fer eftir sömu reglum og um skipun lögráðamanns, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefir sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helzt sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu.

Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. **Afkynjun** skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annara hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.
2. **Vönun** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.
   b. að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.
3. **Fóstureyðingu** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim, eða öðrum ástæðum, er um getur í tölulið 2. a.
   b. að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir rétt-

vísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

Dómsmálaráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

6. gr.

Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli, í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar dómsmálaráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

7. gr.

Öllum öðrum en læknum eru óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, og því aðeins eru þær heimilar læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr., enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefir á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefir verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

8. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

Sþ. 197. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að ábyrgjast fyrir samvinnufélag eða hlutafélag, sem stofnað verður til þess að reisa og reka strigaverksmiðju á Eskifirði, allt að 300 þúsund króna lán, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

2. að ábyrgjast fyrir Eskifjarðarhrepp allt að 200 þúsund króna lán til nýrrar rafveitu fyrir Eskifjörð og nágrenni hans, gegn ábyrgð sýslunefndar Suður-Múlasýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
Bæði lánin má taka í erlendri mynt.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar samhljóða þessari var flutt af Jónasi Guðmundssyni á síðasta Alþingi, og fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð, sem hér með vísast til:

Það mun öllum landslýð kunnugt orðið, að kauptúnið Eskifjörður hefir átt við mjög stórkostlega örðugleika að stríða undanfarin mörg ár. Fyrir nokkru var þar alloflugur atvinnurekstur. Þaðan var gerður út togari, og um skeið tveir línuveiðarar og margir vélbátar. Nú er þetta að mestu horfið og fólkið situr auðum höndum og bjargarlaust. Ríkissjóður hefir orðið að hlaupa þar undir baggann síðustu árin og veita þangað beinan styrk, til þess að fólkið hungraði ekki.

Það má telja fullreynt, að útgerð muni ekki geta orðið aðalatvinnuvegur Eskfirðinga í framtíðinni. Eskifjörður liggur verr til sjósóknar en verstöðvarnar fyrir sunnan hann og norðan; hinsvegar er þar nokkurt vatnsafl til virkjunar og því sæmileg skilyrði fyrir ýmiskonar iðnrekstur. Verður því, ef því ófremdarástandi á af að létta, sem nú hefir ríkt í atvinnumálum þessa staðar undanfarið, að hefjast handa þar um iðnrekstur, er skapað geti verulega og varanlega atvinnu fyrir íbúana þar.

Nú um tveggja ára skeið hafa forgöngumenn hreppsfélagsins haft með höndum athuganir í þessum efnum og komizt að þeirri niðurstöðu, að margt mælti með því, að þar yrði reist verksmiðja til að vinna umbúðastriga, og væri auðvitað sjálfsagt, að strigasekkjagerð væri í sambandi við verksmiðjuna. Allveruleg athugun á því máli hefir farið fram hjá skipulagsnefnd atvinnumála, og er nánar að því vikið í útdrætti úr bréfi oddvita Eskifjarðarhrepps, er fylgir hér á eftir. Stofnkostnað slíkrar verksmiðju áætlar skipulagsnefnd 283 þús. kr. (Sbr. Álit og tillögur skipulagsnefndar, bls. 403).

Við Íslendingar notum nú óhemju mikið af umbúðastriga (hessian) um saltfisk okkar, og feiknin öll eru notuð af sekkjum um síldar- og fiskimjöl, og fer sífellt vaxandi.

Sjálfsagt er að leita til þeirra tveggja aðilja, sem langmest nota af þessari vöru, um að gerast hluthafar í því félagi, sem í ráði er að stofna til að reisa og reka striga-verksmiðjuna, en það eru síldarverksmiðjur ríkisins og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda. Virðist svo sem mjög létt ætti að vera að koma fyrirtæki þessu á fót, ef allar þær verksmiðjur hérlendar og fisksölufélög og sambönd, sem striga og sekki nota í stórum stíl, gerðust hluthafar í slíku félagi og gerðu þar kaup sín á þessari vöru. Munu forgöngumenn málsins vafalaust reyna þá leið til hlutafjársöfnunar.

Hér er um verulega upphæð að ræða, er ríkissjóður tekur að sér ábyrgð á, en hinsvegar ber og á það að líta, að nú er árlega varið beint úr ríkissjóði 50—60 þús. krónum til styrktar þessu kauptúni, eða íbúum þess, en sá styrkur mundi með öllu falla niður, ef úr framkvæmd þessa verks yrði.

Sá hængur er á að reisa verksmiðjuna á Eskifirði, að þar er ekki nægilega stór rafstöð, og verður því einnig að reisa hana jafnframt. Fyrsta rafstöð landsins var reist á Eskifirði, en nú er hún að verða ónýt og verður að endurnýjast. Er því sjálfsagt að reisa þar jafnframt verksmiðjunni stóra rafstöð, er selt geti orku til verksmiðjunnar og annars þess iðnaðar, er á Eskifirði kynni að skapast. Þess vegna er í tillögunni einnig gert ráð fyrir ábyrgð til rafveitu, er hreppurinn sjálfur reisti.

Þingsályktun þessa hefi ég flutt fyrir tilmæli hreppsnefndarinnar á Eskifirði og annara áhugsamra manna þar, sem vilja að því vinna, að hefja upp að nýju atvinnulíf staðarins.

Hér fer á eftir bréf frá oddvita hreppsins til Alþingis varðandi þetta mál. Er þar gerð nánari grein fyrir ýmsum atriðum málsins, og læt ég nægja að vísa til þess.

Fylgiskjal.

ODDVITI ESKIFJARÐARHREPPS

p.t. Reykjavík, 16. febrúar 1937.

Fyrir rúmu ári síðan skrifaði ég Emil Jónssyni alþingismanni viðvíkjandi atvinnuleysinu á Eskifirði og möguleikum til að útrýma því. Hafði ég þá fengið frumdrög að áætlun um byggingu strigaverksmiðju, sem virtist bera með sér, að þar væri um mjög álitlegt atvinnufyrirtæki að ræða, sem væri líklegt til að bæta að fullu úr þeim vandræðum, sem um langt skeið hafa steðjað að Eskfirðingum. Bað ég Emil að segja álit sitt um þetta fyrirtæki og ljá því lið, ef honum virtist það líklegt til að ná því takmarki, sem fyrir mér vakti.

Emil tók vel í málið, en kvaðst þó ekki geta tekið neina afstöðu til þess að svo stöddu, enda voru upplýsingar þær, sem fyrir lágu, mjög af skornum skammti.

Um sama leyti var stödd í Reykjavík sendinefnd frá Eskifirði, sem var að leita aðstoðar ríkisstjórnarinnar fyrir hreppinn. Nefndin tók verksmiðjumálið upp og lagði það fyrir ríkisstjórnina, sem vísaði því til skipulagsnefndar í atvinnumálum. Skipulagsnefnd komst strax að þeirri niðurstöðu, að hér væri um fyrirtæki að ræða, sem ætti mikinn rétt á sér, en taldi þó hinsvegar ekki heppilegt, að slík verksmiðja væri reist á Eskifirði, án þess þó að rökstyðja það að öðru leyti en því, að Eskifjörður væri fjarri öllum höfuðveiðistöðvum landsins. Hefir það sennilega vakað fyrir nefndinni, að dreifingarkostnaður vörunnar yrði svo mikill frá Eskifirði, að hún yrði ekki samkeppnisfær við erlendan striga, því engum mun detta í hug, að óeðlilegra eða erfiðara yrði fyrir kaupendurna að fá vöruna frá Eskifirði heldur en frá útlöndum, eins og nú er.

Síðan í sumar hefir 1. þingm. Sunnmýlinga, Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra, haft málið með höndum. Lagði hann það aftur fyrir skipulagsnefnd, og hefir hún skilað áliti um það almennt, án þess að binda það við nokkurn sérstakan stað. Leggur nefndin til, að til þessa fyrirtækis verði stofnað hið fyrsta, enda virðist hér um mjög glæsilegt atvinnufyrirtæki að ræða, auk þess sem það mundi spara landinu árlega gjaldeyri, sem svarar 200—300 þús. krónum.

Fyrstu frumáætlanirnar um verksmiðjuna voru byggðar á þýzkum tilboðum um vélar, en áætlanir skipulagsnefndar eru byggðar á vélaverði í Írlandi. Virðast írsku vélarnar vera miklum mun ódýrari en þær þýzku, enda verður rekstraráætlun skipulagsnefndar miklu álitlegri en hinar fyrri áætlanir voru. Auk þess fylgir sá höfuðkostur áætlun skipulagsnefndar, að þar er gert ráð fyrir, að h. u. b. 30 manns fleira fái atvinnu við fyrirtækið en búizt var við eftir þýzku tilboðunum. Sennilega felst sá munur í öðruvísi vélasamstillingu, eða e. t. v. minni „mekaniseringu".

Sjálfsagt þarf ekki um það að efast, að umrædd verksmiðja verði byggð á næstunni. Hitt er og jafnvíst, að hið allra fyrsta verður að stíga eitthvert stórt skref til að ráða fram úr núverandi ástandi á Eskifirði. Liggur því beint við að athuga, hvað geti mælt með því og hvað móti, að verksmiðjan verði reist á Eskifirði.

Við Emil Jónsson höfum gert drög að samanburðaráætlunum um rekstur verksmiðjunnar í Reykjavík eða Hafnarfirði annarsvegar og á Eskifirði hinsvegar. Líta þær áætlanir þannig út:

I. Reykjavík (Hafnarfjörður):

Hráefni	kr.	256600.00
Raforka	—	17000.00
Vextir af stofn- og rekstrarfé og afskriftir	—	34000.00
Vinnulaun	—	151500.00
Skrifstofa og forstjórn	—	18500.00
Flutningskostnaður	—	7000.00
Ýmis kostnaður	—	15000.00
Samtals	kr.	499600.00

II. Eskifjörður:

Hráefni	kr.	256600.00
Raforka	—	22000.00
Vextir af stofn- og rekstrarfé og afskriftir	—	34000.00
Vinnulaun	—	133300.00
Skrifstofa og forstjórn	—	16500.00
Flutningskostnaður	—	10000.00
Ýmis kostnaður	—	13500.00
Samtals	kr.	484900.00

Fyrri áætlunin er í öllum aðalatriðum samhljóða áætlun skipulagsnefndar. Er aðeins gert ráð fyrir ódýrari raforku og dálitið minni dreifingarkostnaði en upphaflega var gert.

Um seinni áætlunina skal þetta tekið fram:

Almennt tímakaup er nú á Eskifirði kr. 1.10 um klst., en kr. 1.36 í Reykjavík. Er því ekki of mikið að gera ráð fyrir, að vinnulaun yrðu 12% lægri á Eskifirði en í Reykjavík við verksmiðjuna, heldur mundi mega gera ráð fyrir ennþá meiri mismun á vinnulaununum, sérstaklega ef samið yrði til langs tíma og á þeim grundvelli, að launin hækkuðu og lækkuðu á hverjum tíma í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem verða kynnu á vinnulaunum í Reykjavík á samningstímabilinu.

Skrifstofukostnaður mundi einnig verða mun lægri á Eskifirði en í Reykjavík, þó gera yrði ráð fyrir sömu launum handa framkvæmdastjóra, sem sennilega yrði aðfenginn til Eskifjarðar.

Gera má ráð fyrir, að ýmis kostnaður yrði a. m. k. 1500 krónum lægri á Eskifirði en í Reykjavík, með tilliti til mismunar á upp- og útskipun, hafnargjöldum o. fl.

Ég skal geta þess, að framkvæmdarstjóri Skipaútgerðar ríkisins telur, að dreifingarkostnaður á striganum mundi alls ekki verða meiri frá Eskifirði en Reykjavík, þó gera mætti ráð fyrir því, að mjög verulegur hluti hans yrði notaður í Reykjavík og nágrenni hennar. Stafar þetta af því, að frá Eskifirði mundi fást mjög mikill afsláttur á flutningsgjöldum, því þaðan, eins og víðar úti um land, vantar skipin yfirleitt flutning, meðan þau fara fullfermd frá Reykjavík.

Þá er það mjög stórt atriði í þessu máli, að nú verður ríkið að leggja Eskifjarðarhreppi a. m. k. 50—60 þús. kr. á ári, sem þó hrekkur varla til að draga fram lífið í hinum atvinnulausa fjölda þar. En með strigaverksmiðjunni og þeim atvinnutækjum, sem enn eru til á Eskifirði, mundi að fullu og öllu bætt úr atvinnuleysinu þar og hreppurinn gerður sjálfbjarga að öllu leyti, ekki síst með tilliti til þess, að bú hans hefir nú verið gert upp á svo hagkvæmum grundvelli, að honum mundi engin byrði verða að gömlum skuldum, ef hann fengi verksmiðjuna.

Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir, hvað helzt gæti mælt á móti því, að verksmiðjan væri byggð á Eskifirði, og ekki getað fest auga á neinu því, er máli skiptir. Hér er ekki um að ræða að taka neitt frá neinum, því til þessa iðnaðar er enn enginn vísir í landinu. Og varla mun kaupendunum þykja verra að fá striga sinn frá Eskifirði en frá Englandi eða Þýzkalandi, ef verðið er samkeppnisfært, en það ætti það ekki síst að vera á Eskifirði, þar sem væntanlegur rekstrarhagnaður þar ætti að vera um 77 þús. kr. móti um 62 þús. kr. í Reykjavík samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum.

Út af framansögðu vil ég leyfa mér að skora á hið háa Alþingi að heimila ríkisstjórninni að veita hlutafélagi eða samvinnufélagi á Eskifirði ábyrgð fyrir allt að 300 þúsund króna láni til að reisa strigaverksmiðju, enda leggi viðkomandi félag fram 10% af andvirði verksmiðjunnar.

Virðingarfyllst

A. Jónsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Ed. 198. Frumvarp til laga

um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi.

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu undir bryggju í Sandvíkurlandi.

Takmörk lóðarinnar mega vera: Í vestur, eftir fjöru, 20 metrar. Í austur, eftir fjöru, 15 metrar, þar með talin breidd bryggjunnar sjálfrar, og svo upp í brún á bugðóttum klettabakka, sem er yfir fjörunni á þessu svæði.

2. gr.

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni oddvita Grímseyjarhrepps.

Tildrög málsins eru þau, að árið 1925 var byrjað á bryggjubyggingu fyrir hreppinn í Sandvíkurlandi, og er nú þegar búið að byggja 20 metra af hinni fyrirhuguðu lengd bryggjunnar, sem er 33 metrar.

Áður en verkið hófst voru engir samningar gerðir við landeiganda, en síðan hefir hreppsnefndin gert ítrekaðar tilraunir um viðhlítandi samninga við hann, en það hefir engan árangur borið. Þess vegna telur oddvitinn nauðsynlega lagaheimild til eignarnáms.

Nd. 199. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegnsnefnd er klofin í máli þessu. Minni hl. (SEH og SK) vill samþykkja frv., en undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að borið hefir verið fram frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski og ennfremur lagt til með frv. til laga um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að verja kr. 400000.00 af útflutningsgjaldi sjávarafurða til styrktar sjávarútveginum, telur deildin eigi ástæðu til þess að ræða mál þetta frekar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Finnur Jónsson, form.	Bergur Jónsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.

Ed. 200. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir rætt mál þetta á nokkrum fundum og borið það undir skipaskoðunarstjóra, sem einnig hefir mætt á fundi til viðræðu um málið. Nefndin er öll á þeirri skoðun, að breytinga sé þörf á gildandi löggjöf um eftirlit með skipum, en viðhorf einstakra nefndarmanna um það, hvaða breytingar skuli gerðar, er mjög mismunandi. Samkomulag gat því ekki orðið í nefndinni, á hvern hátt málið skyldi afgreitt. Minni hl. (JJós) vill vísa því til stjórnarinnar til frekari athugunar. Á þessa lausn gat meiri hl. ekki fallizt. Hann telur, að málið sé nægilega undirbúið og fullkomin nauðsyn sé á því, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, með þeim breytingum, sem meiri hl. vill á því gera og samkomulag hefir orðið um að bera fram. Ingvar Pálmason mun bera fram fleiri breytingartillögur undir meðferð málsins í deildinni.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað „skoðunarstjóra“ í 1. efnismálsgr. komi: skipaskoðunarstjóra.
2. Við 5. gr. Í stað „3 ára“ í næstsíðustu málsgr. komi: 4 ára.
3. Við 6. gr.
   a. b-liður orðist svo:
      Á öllum farþega- og flutningaskipum einu sinni á ári. Í tilskipun eða reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. laganna, skal ákveðið, hver skip teljast farþega- og flutningaskip.
   b. c-liður orðist svo:
      Á öllum fiskiskipum, sem byggð eru úr járni eða stáli og eru yfir 20 ára gömul, og skipum, sem byggð eru úr öðru efni og eldri eru en 25 ára, einu sinni á ári. Á öðrum skipum annaðhvert ár.
4. Við 7. gr.
   a. 1. efnismálsgr. orðist svo:
      Haffærisskírteini gildir um farþega- og flutningaskip og fiskiskip, sem árlega eru skoðunarskyld, í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip um tvö ár frá sama tíma.
   b. Í stað „45“ í 2. efnismgr. komi: 60.
5. Við 8. gr. Í stað síðustu málsgr. kemur:
   Nú fer fram flokkun (klössun) á skipi, sem er eldra en 16 ára, innanlands, og er skipaskoðunarstjóra þá skylt að hafa eftirlit með flokkuninni. Heimilt er honum að setja hæfan mann í sinn stað til eftirlitsins. Kostnaður, sem af slíku eftirliti leiðir, greiðist af skipseiganda.
   Nú fer fram flokkun á skipi erlendis, og er skipseiganda þá skylt að láta skipaskoðunarstjóra í té nákvæma skýrslu yfir viðgerð skipsins, strax að verkinu loknu.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   29. gr. laganna, er verði 31. gr., orðist svo:
   Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, svo og öll fiskiskip, sem sigla til útlanda, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt reglum alþjóðasamþykktar, gerðrar í London 5. júlí 1930, eða þeim, er síðar kunna að verða gerðar.
   Atvinnumálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um mælingar og skoðun, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja.

Ráðherra er ennfremur heimilt að setja með reglugerð fyrirmæli til öryggis gegn ofhleðslu íslenzkra fiskiskipa við strendur landsins.

Kostnaður við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur.

7. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

32. gr. laganna, er verði 33. gr., orðist svo:

Auk hleðslumerkja, sem um getur í 12. gr. (31. gr.), skal marka á fram- og afturstefni allra skipa, sem hleðslumerkjaskyld eru, mælikvarða í desimetrum annarsvegar en í enskum fetum hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggi í sjó. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir skipseigandi.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.

Nd. 201. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum fyrir aukinni notkun raforku frá Ísafirði.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Finnur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta sérfræðinga sína rannsaka og gera grein fyrir því, hvort hagkvæmt sé, þannig að svari kostnaði, að leiða rafmagn frá orkuveri Ísafjarðarkaupstaðar til næstu þorpa: Bolungavíkur, Súðavíkur, Flateyrar og Suðureyrar, með hliðsjón af því, að orkan verði síðar aukin eftir því sem þörf krefur með viðbótarvirkjunum þar á þessum leiðum, sem skilyrði eru bezt.

Greinargerð.

Fyrir Ísafjörð og Eyrarhrepp (Hnífsdal) hefir nýlega verið reist rafmagnsstöð, 850 hestöfl að styrkleika, og má enn auka afl stöðvarinnar með ódýrum viðbótarvirkjunum upp í ca. 1400 hestöfl. Er það meira afl en notað verður af Ísafirði og Hnífsdal hin næstu ár. Liggur þá nærri, að athugað sé, hvort ekki svari kostnaði að leiða rafmagn frá Ísafirði til næstu þorpa, sem sé Bolungavíkur, Súðavíkur, Flateyrar og Suðureyrar, einkum með hliðsjón af því, að á þessum leiðum eru fallvötn, sem hagkvæm eru til virkjunar, og þá fyrst og fremst á leiðinni til Bolungavíkur, þar sem eru mjög góð skilyrði til að virkja allt að 800 hestöfl. En líklegt er, að alls megi á þessu svæði ná saman afli, sem nemur a. m. k. 3000 hestöflum.

Það er tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu, að rannsókn fari fram á þeim möguleikum, sem hér eru fyrir hendi til þess að sjá þessum byggðum fyrir nauðsynlegu rafmagni við hæfilegu verði.

Nd. 202. Nefndarálit

um frv. til laga um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „vörutegundum“ komi: nauðsynjavörutegundum.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „menn í nefndina í þeirra stað“ komi: mann í nefndina í hans stað.

3. Við 6. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og eftirlit með þeim setur ríkisstjórnin (o. s. frv.).
4. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Tveir nefndarmenn skrifa undir nál. með fyrirvara og munu gera grein fyrir honum í umræðum.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form. — Vilm. Jónsson, fundaskr. — Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson, með fyrirv. — Thor Thors, með fyrirv.

Ed. 203. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. er komið frá neðri deild, og hefir nefndin athugað það og vill mæla með því, með þeirri breytingu einni, að lög um þetta gildi til 1. júlí 1940.

Nefndin játar, að oft séu þær málsbætur, að réttmætt sé að lækka sektir, eða láta þær alveg falla niður, en vill þó hafa heimild til þessa tímabundna.

Samkvæmt þessu flytur nefndin eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Aftan við 1. gr. frv. bætist: til 1. júlí 1940.

Magnús Jónsson var fjarstaddur og hefir því óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1937

Jón Baldvinsson, form., frsm. — Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Ed. 204. Nefndarálit

um frv. til l. um rekstrarlánafélög.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir beðið um álit bankanna um þetta frv., og liggur á þessu stigi málsins umsögn fyrir aðeins frá Landsbankanum. Telur bankinn, að þegar frá sé skilin 9. gr. frv., virðist ekki vera um nein ný lagafyrirmæli að ræða eða framkvæmdir, og að félög, slík sem hér ræðir um, megi setja á stofn án nýrra laga. Þá segir bankinn ennfremur, að slíkur félagsskapur geti komið að gagni.

Bankinn undanskilur 9. gr., en hún er höfuðkostur frv., því með henni, ef að lögum yrði, er ríkisstjórn og bönkum gert skylt að útvega lánsfé handa félögum, er stofnuð yrðu samkvæmt þeim lögum, er hér er stefnt að. Sá bankanna, er sérstaklega kennir sig við útveginn, hefir enga umsögn sent.

Hitt getur minni hl. játað, að hér sé, með frv. eins og það er, ekki stigið nægilega

stórt spor til að greiða fyrir samtökum smærri útvegsmanna, og vill hann því gera tilraun til að gera ákvæði frv. fyllri hvað þetta snertir.

Meiri hl. nefndarinnar, þeir Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., og Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk., hefir ekki viljað taka þátt í því með minni hl. að vinna að þessum breytingum. Hinn fyrrnefndi telur sig ekki vilja sinna málinu yfirleitt, en hinn síðartaldi kveður sig ekki geta tekið beina afstöðu til þess. Að þessum málavöxtum athuguðum telur minni hl. sig knúðan til að koma einan fram með þær breytingartillögur, sem ætla má, að geti orðið til bóta. Smáútvegsmenn hafa löngum átt í erfiðleikum með að fá lán til rekstrar síns, og virðist full þörf á því, að löggjafinn láti sig það máli skipta. Ennfremur er félagsskapur slíkra útvegsmanna líka á öðrum sviðum mjög æskilegur og miðar að því að bæta með samvinnu aðstöðu þessara þörfu þjóðfélagsþegna.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „til útgerðar“ í 2. málsgr. komi: og til heimilisþarfa.
   b. Í stað orðanna „til rekstrar síns“ í b-lið komi: sínum.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Leggja skal árlega í félagssjóð hundraðshluta af viðskiptaveltunni, og skal gjald þetta ákveðið í samþykktum hvers félags.
   Sjóðeign útborgast ekki til félagsmanna nema við félagsslit.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í réttu hlutfalli við innflutningsreglur á hverjum tíma.
4. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Rekstrarlánafélög greiða skatta til ríkis og bæjar- og sveitarsjóða eftir sömu reglum og samvinnufélög.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 205. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám útflutningsgjalds af saltfiski.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Vill meiri hl., að frv. verði samþ. óbreytt. En minni hl. telur það bæði ófullnægjandi og óþarft. Vill minni hl. gera þessa grein fyrir afstöðu sinni:

Annað frv. um sama efni er nú á leið gegnum þingið, borið fram í sömu deild og þetta frv. Gengur það frv. miklu lengra en þetta frv. og fullnægir því miklu betur þörf sjávarútvegsins. Er það frv. líka flutt samkv. vilja og óskum sjávarútvegsmanna. Af þeim ástæðum er frv. þetta alveg óþarft, meðan ekki er fullséð um afdrif fyrra frumvarpsins.

Um frv. þetta, á þskj. 157, vill minni hl. að öðru leyti taka þetta fram:

Samkv. frv. á útflutningsgjaldið að falla niður aðeins af þeim fiski, sem verk-

aður er í salt. Og þó ekki af þeim fiski nema að nokkru leyti. Það er hinsvegar sannað, að engu síður er þörf á að létta útflutningsgjaldinu af ísfiski en af saltfiskinum.

Rannsókn, sem fram hefir farið undanfarna daga, hefir leitt í ljós, að tap togaranna á ísfiskveiðum hefir orðið:

Árið 1936 — kr. 10489.11 að meðaltali á togara.

Árið 1937 — kr. 28730.22 að meðaltali á togara.

Þetta sýnir, að engin rök eru fyrir því, að útflutningsgjald á ísfiski haldist.

Í framsögu verður gerð frekari grein fyrir afstöðu minni hl. til þessa máls.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Sig. Ein. Hlíðar.

Nd. 206. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þessu var vísað til sjávarútvegsnefndar að kvöldi þess 23. þ. m. En að morgni þess 24. s. m. var gengið til atkvæða um það í nefndinni. Var okkur, sem undir þetta minnihlutaálit ritum, algerlega synjað um það, að í nefndinni yrðu ræddar tillögur frá okkur um breytingar á frv. Klofnaði þá nefndin, og mun meiri hl. gera grein fyrir sínu máli sérstaklega. En minni hl. vill taka þetta fram:

Það er álit útvegsmanna og fiskeigenda yfirleitt, að afskipti fiskimálanefndar af útvegsmálum hafi að mjög litlu leyti orðið útgerðinni til stuðnings, en að ýmsu leyti til ógagns. Liggur fyrir þinginu yfirlýsing allsherjar félagsskapar fiskeigenda um þetta, og krafa um það, að verkefni þau, sem nefndinni er ætlað að leysa, verði falin ríkisstjórninni og Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

Ályktanir aukafundar S. Í. F. árið 1936 eru svo hljóðandi:

„Aðalfundur S. Í. F., haldinn í Reykjavík 3.—4. apríl 1936, lítur svo á:

1. Að Fiskimálanefnd hafi unnið fisksölunni tjón og álitshnekki með afskiptum af fisksölunni til Norður-Ameríku.

2. Að stjórn S. Í. F. geti annazt flest störf nefndarinnar því nær kostnaðarlaust, og sé betur til þess treystandi að leysa þau vel af hendi. Skorar fundurinn því á Alþingi að láta Fiskimálanefnd hætta störfum nú þegar og ráðstafa verkefnum hennar eins og lagt er til í frv., sem nú liggur fyrir neðri deild Alþingis (þskj. 51)."

Voru þessar ályktanir aukafundarins samþykktar með 182¾ atkv. gegn 43½ atkv.

Að athuguðu þessu áliti Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda á þýðingu nefndarinnar fyrir sjávarútveginn, og einnig að því athuguðu, að nefndin hefir þegar fengið rúmlega **eina milljón króna** til umráða, en tiltölulega lítið fengið afrekað útgerðinni til hagsbóta, treystir minni hl. sér ekki til að mæla með því, að nefndinni sé enn fengið stórfé (ca. ½ millj. kr.) til umráða, og allra sízt, að þess fjár verði aflað með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Sig. Ein. Hlíðar, frsm. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 207. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu fyrir samvinnubyggð eða til annara almenningsnota, enda mæli nýbýlastjórn ríkisins og sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu með kaupunum.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 208. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli niður.

Ed. 209. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hefi eigi getað fylgzt með meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls. Í frv. er fitjað upp á ýmsum nýmælum, sem sumpart eru þörf, en sumpart óþörf eða lítt möguleg í framkvæmd, og með samþykkt þess yrðu aukin allverulega útgjöld þau, sem eigendur skipa og báta eiga nú við að búa.

Nefndin fékk skipaskoðunarstjóra til viðtals um hin ýmsu ákvæði frumvarpsins, og kom það í ljós í þeim viðræðum, að flm. frv. hefir teflt á mjög tæpt vað, er hann fullyrðir í greinargerðinni, að breytingar þær á lögunum, er frv. fer fram á, séu allar gerðar í samráði við skipaskoðunarstjóra. Skipaskoðunarstjóri virtist þvert á móti ósamþykkur hinum mest áberandi breytingum, er í frv. felast.

Út af ákvæðum frv. um hleðslumerki á fiskiskipum hafa Alþingi þegar borizt mótmæli frá fjórðungsþingi fiskideilda Norðlendingafjórðungs og frá hlutafélaginu Huginn á Ísafirði. Báðir þessir aðiljar benda á, að rétt sé að semja reglur um fyrirkomulag á fiskiskipum — mun þar átt aðallega við síldveiðiskip — er forði því, að slys hljótist af hleðslu slíkra skipa. Í erindi hlutafélagsins Huginn, sem er mjög ýtarlegt, er bent á önnur úrræði í þessu efni en í frv. felast, og virðast þau gefa meiri tryggingu fyrir raunverulegu öryggi heldur en hleðslumerkisákvæðin ein, sem

búast mætti við, að erfitt yrði að fá sjómenn til að framfylgja, þegar veiði byðist. Þótt þessi eini aðili, sem hér var nefndur, hafi bent á nokkur haldkvæm ráð, telur minni hl. rétt, að svona atriði og fleiri þessu lík séu athuguð gaumgæfilega af sérfróðum mönnum utanþings, áður en lögfest eru ákvæði í þessu efni.

Þetta mætti vel gera í vetur, áður en þing kemur saman næst, þannig að full not gætu orðið að slíkum fyrirmælum á næstu síldarvertíð, ef þau yrðu sett á Alþingi því, er saman kemur eftir næstu áramót.

Minni hlutinn er fylgjandi því, að með löggjöf um eftirlit skipa og báta séu settar allar þær skorður, sem framkvæmanlegar eru og viðráðanlegar sökum kostnaðar, til þess að tryggja öryggi þeirra, sem á sjónum eru, en þetta má bezt verða þann veg, að unnið sé að undirbúningi slíkrar lagasetningar af mönnum, er hafa yfir fjölhæfri þekkingu að ráða á þessu sviði.

Á síðasta ári var stofnað Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, er háði hið fyrsta þing sitt í júníbyrjun. Þetta samband tekur til allrar formanna- og fiskimannastéttar landsins, og er, úr því það er stofnað, hinn eðlilegasti aðili til að vera leiðbeinandi fyrir Alþingi um þau mál, er varða farmennsku og fiskiveiðar.

Minni hlutanum er það kunnugt, að Farmanna- og fiskimannasambandið óskar að eiga þátt í því að endurbæta þá löggjöf, er nú gildir um eftirlit með skipum, en ekki verður það séð af greinargerð þess frv., er hér ræðir um, að þessir fulltrúar hinna reyndustu og bezt menntuðu meðal hinnar íslenzku sjómannastéttar hafi unnið að þeim breytingum, sem með frv. er farið fram á að lögfesta. Þykir minni hl. þetta gegna furðu.

Í sambandi við þetta má benda á það, að hvergi er gert ráð fyrir því í þessu frv., að leitað sé til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um atriði, er framkvæmd laganna snertir. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að Alþýðusamband Íslands sé haft til ráðuneytis um ákveðin atriði, og má þó vissulega ætla, að Farmanna- og fiskimannasambandið væri þarna réttari aðili.

Þegar þess er gætt, að flm. hefir engan veginn haft þann stuðning skipaskoðunarstjóra að nýmælum sínum, er hann hefir gefið í skyn í greinargerðinni, og hins, að flm. virðist ekki hafa haft til ráðuneytis aðra sérfróða menn við samning frv., og þegar ennfremur þess er gætt, hversu nauðsynlegt er, að þær einar reglur séu lögfestar, sem eru við hæfi bæði áhafnar og eigenda skips í þeim efnum, er hér ræðir um, virðist full þörf á því, að frv. þetta og yfirleitt lögin um eftirlit með skipum fái athugun milli þinga, svo að tillögur um endurbætur löggjafarinnar um eftirlit með skipum, undirbúnar af sérfróðum mönnum og hinum réttu aðiljum, geti legið fyrir næsta þingi.

Samkvæmt framansögðu vil ég því leggja til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fram fara fyrir næsta þing gagngerða endurskoðun á lögum nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, enda verði tilkvaddir skipaskoðunarstjóri ríkisins og fulltrúi fyrir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands ásamt fulltrúum sjómannafélaga í hverjum landsfjórðungi, og leggi tillögur þessara aðilja fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 210. Frumvarp til laga

um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

I. KAFLI
Um tollstjórn.

1. gr.

Yfirstjórn tollmála hefir fjármálaráðherra. Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kauptúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum, hvers um sig. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri.

2. gr.

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð. Með reglugerð skulu og sett fyrirmæli um störf, starfsvið og stjórn tollgæzlumanna. Þeim skal gefið erindisbréf og nákvæmar reglur til að fara eftir í starfi sínu.

3. gr.

Á höfnum, þar sem ekki er tollstjóri, skal tollstjóri í því umdæmi, sem höfnin er, hafa umboðsmann. Tollstjórum ber að senda fjármálaráðuneytinu tilkynning um slíka umboðsmenn jafnskjótt sem þeir eru ráðnir, en ráðuneytið semur skrá yfir umboðsmennina og sendir skrána öllum tollstjórum. Allar breytingar á skránni birtir ráðuneytið þegar í lögbirtingablaði.

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við löggilta höfn.

4. gr.

Tolleftirlitsmenn samkvæmt lögum þessum eru tollstjórar, umboðsmenn þeirra og sérstakir tollgæzlumenn.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að störfum, skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum og framvísa, ef með þarf, einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: Tollmerki Íslands. Rétt er og, að farartæki tolleftirlitsmanna hafi tollgæzlufánann, sem samkvæmt konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn, klofinn að framan, með stóru téi (T) í efri stangarreit fánans.

Komi tolleftirlitsmenn fram í einkennisbúningi sínum eða hafi þeir framvísað framangreindu einkennismerki eða dregið tollfánann við hún, hafa þeir á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tolleftirlitsmenn að starfi.

II. KAFLI
Um tolleftirlit.

5. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á höfnum.

Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur hér að landi frá útlöndum. Er skipið aðkomuskip þar til það hefir verið afgreitt af tolleftirlitsmönnum og þeir hafa leyft samgöngur við skipið.

6. gr.

Íslenzk skip mega ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum, vörum eða öðrum farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

7. gr.

Ákveða má með reglugerð, að farþega- og vöruflutningaskip, sem ekki ganga eftir fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, skuli á leið frá útlöndum koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir til að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi. Ef þau hinsvegar ætla að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi á öðrum höfnum en þeim, sem tilgreindar verða, skuli tilkynna það tollyfirvaldi því, sem í reglugerðinni greinir, með fyrirvara, sem skal ákveðinn þar.

Einnig má í reglugerðinni ákveða, að loftför, flugvélar, flugbátar og önnur flugtæki, sem koma frá öðrum löndum, megi aðeins lenda á tilteknum höfnum eða flugvöllum hér á landi.

Verði slík reglugerð, sem hér er gert ráð fyrir, gefin út, skal hún ekki öðlast gildi fyrr en 3 mánuðum eftir að hún er gefin út, og skal senda hana umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum. Í reglugerðinni má ákveða viðurlög fyrir brot gegn henni, og skulu þau miðuð við lestatölu skipa og farþega- og vörurúm flugtækja.

8. gr.

Öll skip eru háð tolleftirliti, hvort sem þau eru á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, en landhelgi telst samkvæmt lögum þessum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma. Firðir og víkur teljast í landhelgi 4 sjómílur til hafs frá línu, sem dregin er þar, sem 12 sjómílur verða milli nesja, næst fjarðarmynni.

9. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna innan landhelginnar til rannsóknar, og þegar tolleftirlitsmenn gefa til kynna, að þeir vilji hafa samband við skip, er skipstjóra skylt að hægja ferð skipsins eða stöðva það, til þess að slíkt samband geti átt sér stað.

Ef tolleftirlitsmenn óska eftir því að komast á skipsfjöl eða frá borði, er skipstjóra skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

10. gr.

Við rannsókn eða afgreiðslu er tolleftirlitsmönnum heimilt að leita alstaðar í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tolleftirlitsmönnum þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum til að skjóta undan rannsókn, tollgreiðslu eða bannað er að flytja í land eða úr landi.

Meðan stendur á afgreiðslu skips, er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að enginn megi hvorki koma á skipsfjöl né fara frá borði, meðan á rannsókn eða afgreiðslu stendur, nema leyfi tolleftirlitsmanna komi til. Svo er tolleftirlitsmönnum og heimilt að banna skipstjóra að leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirki fyrr en þeir segja til, að það megi.

11. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að rannsókn eða afgreiðslu í skipi, er skipstjóra skylt að veita þeim alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn gangi sem greiðast og án tafar og tálmana, svo og að gefa þeim upplýsingar um farmrúm, geymslurúm, farrúm, vistarverur skipverja, kjölfesturúm og aðra staði í skipi, og um farþega, skipshöfn og annað það, sem tolleftirlitsmönnum er nauðsynlegt að vita vegna rannsóknar eða starfa sinna í skipi.

12. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi, eftir því sem þeim þykir nauðsyn bera til. Skipstjóra er skylt að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni við innsiglun, svo og að vekja athygli tolleftirlitsmanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun myndi ekki koma að haldi.

Innsigli þau, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar skipa, herbergi, hólf eða aðra staði í skipi, má enginn hreyfa eða rjúfa, nema tolleftirlitsmenn, enda ber skipstjóri ábyrgð á því, að þau séu ekki rofin eða hreyfð, meðan skipið er hér við land, nema af tolleftirlitsmönnum.

13. gr.

Þegar aðkomuskip hafnar sig í íslenzkum höfnum, skulu tolleftirlitsmenn annast afgreiðslu þess, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og öðrum lögum, sem í gildi eru og til greina geta komið.

Skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skulu, ef tolleftirlitsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, og skulu þá tolleftirlitsmenn, þegar þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

14. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að afkvía skip, sem lagzt er að bryggju, eða öðru hafnarvirki, og að banna mönnum að koma úr landi á skipsfjöl, þar til afgreiðslu er lokið, svo og að mæla svo fyrir, að farþegar og aðrir megi aðeins fara frá borði á tilteknum stað á skipinu.

15. gr.

Skipstjóra ber að láta tolleftirlitsmönnum í té tollskjöl og önnur afgreiðsluskjöl, sem skipið hefir fengið á síðustu höfn, er það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn hefir verið erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár, farmskrárútdrætti, farmskírteini og önnur skjöl varðandi vörur í skipi.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt, þegar þeir hafa lokið við að afgreiða skip, að taka í sínar vörzlur, þegar þess er þörf, þjóðernisskirteini skipsins, svo og skipshafnarskrána, ef um veiðiskip er að ræða, og önnur skjöl, eftir því sem við á. Varðveita tolleftirlitsmenn síðan skjöl þessi. En er skipið hefir lokið erindum sínum, greitt öll lögboðin gjöld og uppfyllt aðrar skyldur, er lög bjóða, afhenda tolleftirlitsmenn skipstjóra aftur skjöl þessi.

16. gr.

Heimilt er að setja tollvörð í hvert það skip, sem þörf telst á að hafa tollvörð í, svo og að láta tolleftirlitsmenn fara með skipum hafna á milli til eftirlits, og ber í þeim tilfellum skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá tolleftirlitsmönnunum endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

17. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám eða sem póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að flytja þetta allt til rannsóknar á tollgæzlustöð eða annan stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt.

Á þeim stöðum, þar sem ekki eru tolleftirlitsmenn, eða þeir geta ekki annað skoðun á böggulsendingum í pósti, má láta póstafgreiðslumenn annast hana, eftir því sem nauðsyn kynni að krefja.

Setja má með reglugerð ákvæði um, að póstböggla skuli senda frá útlöndum aðeins til tiltekinna póststöðva hér á landi, enda sé erlendum póststjórnum send tilkynning um það með hæfilegum fyrirvara.

18. gr.

Auk þess sem tolleftirlitsmönnum er heimilt að leita alstaðar í skipum, er þeim og heimilt að leita að tollsviknum vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum, og er stjórnendum farartækjanna skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess, að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

19. gr.

Tollstjóri hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu, eftir því sem við á, gilda um loftför, flugvélar, flugbáta og önnur flugtæki, er lenda hér á landi, hvort heldur er á löggiltri höfn, í landhelgi eða á landi, og má farstjóri eigi leyfa samgöngur, fyrr en tolleftirlitsmenn hafa lokið störfum sínum og leyft samgöngur.

21. gr.

Nú er varðskipi eða flugbát falið, í erindisbréfi foringja eða formanns þeirra, að aðstoða tollgæzluna við tolleftirlit, og hafa þá foringi eða formaður og skipverjar þeirra sömu réttindi í því starfi og tolleftirlitsmönnum eru veitt í lögum þessum.

III. KAFLI
Um aðflutning.

22. gr.

Öll skip og önnur farartæki, sem flytja hingað til lands vörur, sem á að setja á land eða umskipa eða flytja í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, skulu hafa meðferðis vöruskrá eða farmskrá (manifest) yfir vörur þessar. Ónauðsynlegt er þó, að settar séu á farmskrá eða vöruskrá þessa vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á því, venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Allir, sem hafa meðferðis vörur eða farangur, sem ekki er nauðsynlegt að skráður sé á farmskrána eða vöruskrána, skulu ótilkvaddir framvísa slíkum vörum eða farangri fyrir tolleftirlitsmönnum, og má enginn án leyfis tolleftirlitsmanna flytja í land farangur eða vörur, sem ekki er nauðsynlegt að skráðar séu á farmskrána eða vöruskrána, fyrr en slíkar vörur eða farangur hefir verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum. Nánari ákvæði um framvísun vara og skýrslu um skipsforða og farangur má setja í reglugerð, svo og um það, hvað telja beri hæfilegan skipsforða og hvað venjulegan farangur ferðamanna.

Allar vörur, sem ætlaðar eru skipi, farþegum eða skipverjum til neyzlu í því og ekki verða taldar hæfilegur skipsforði, skulu tolleftirlitsmenn setja undir innsigli.

Aldrei má gefa eða selja í land af skipsforða, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

23. gr.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur, sem eiga að fara á hverja einstaka höfn.

Aðalfarmskrá og útdrættir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir, svo að auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi hverrar vörutegundar, eða ef um trjávið er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr skipinu, sem flutti þær hingað til lands.

Afgreiðslumenn þeirra skipa, sem eiga að flytja tollskyldar vörur hingað til lands, og skipstjórar þeirra skipa, skulu á síðasta brottfararstað skipsins frá hverju landi, þegar skipið hefir tekið allar vörur, sem það á að taka, undirrita tvö samritin af aðalfarmskránni, sem afhenda ber samkvæmt 24. gr., svo og vottorð ritað á skrárnar um það, að skipið hafi ekki frá hinni tilteknu höfn eða landi tekið aðrar eða meiri vörur til Íslands en þær, sem tilfærðar séu á aðalfarmskránni, að undanteknum þeim, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á skipinu.

24. gr.

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefir meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans tvö samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði, sem sé gefið á þann hátt, sem segir í 155. gr. hegningarlaganna, um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni, og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis skýrir frá, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

Tolleftirlitsmenn á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi, skulu gæta þess, hvort farmskrár séu samdar og útbúnar í fyrirskipuðu formi, svo og hvort skipstjóri hafi meðferðis alla útdrætti, sem afhenda ber á hverri einstakri höfn, sem skipið samkvæmt aðalfarmskrá á að flytja vörur til, og ennfremur hvort útdrættirnir séu samhljóða aðalfarmskrá. Annað samritið af aðalfarmskrá ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda hagstofunni með fyrstu ferð.

Hitt eintak aðalfarmskrár skal tolleftirlitsmaður afhenda aftur skipstjóra, sem ber að skila því tollstjóra eða umboðsmanni hans á síðustu höfn hér á landi, sem skipið flytur vörur til. Sá tollstjóri eða umboðsmaður ráðstafar síðan því eintaki samkvæmt fyrirskipun, sem fjármálaráðuneytið hefir gefið um það.

Tolleftirlitsmenn skulu jafnan, hvort sem skip er í höfn eða utan hafna innan landhelgi, hafa aðgang að farmskrám og útdráttum, sem eru í skipi.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig á hér á landi til þess að setja tollskyldar vörur á land, ber skipstjóra að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans útdrátt úr aðalfarmskrá yfir vörur þær, sem eiga að fara til þess staðar, og vottorð um það, að á þeim stað verði ekki látnar í land aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem á útdrættinum eru. Útdrættir þessir og vottorð skulu síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum tollstjóra.

Eigi má byrja að afferma skip nema með leyfi tolleftirlitsmanns, en slíkt leyfi má ekki veita fyrr en skipstjóri hefir afhent öll framangreind skjöl.

Eftir því, sem nánara verður ákveðið í reglugerð, skal rita á aðalfarmskrá, sem fylgir skipinu, það, sem affermt er á hverri höfn, og þegar affermingu er lokið á síðustu höfn, sem skipið flytur vörur til, vottorð um það, að allt, sem á aðalfarmskrá er talið, sé affermt, eins og áritanir á skrána beri með sér.

25. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vöru, samkvæmt aðalfarmskrá skipsins, á að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands, nema svo standi á, sem segir þegar hér á eftir.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeim stað, þar sem vara er flutt úr skipi, og vöruna á að senda áfram til hans, þá skal afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vara er flutt úr skipi, áður en hann sendir vöruna áfram til viðtakanda, eintak af farmskírteini því, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því. Farmskírteini þetta sendir tollstjóri eða umboðsmaður hans svo til tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar um leið og varan er send, með tilkynningu um það, að aðflutningsgjöld séu ógreidd af vörunni, og eftir atvikum, að ekki sé fullnægt þeim skilyrðum, sem lög setja fyrir innflutningi vörunnar. Tollstjóra eða umboðsmanni hans á ákvörðunarstað ber síðan að innheimta og gera ríkissjóði skil fyrir aðflutningsgjöldum af vöru þessari á sömu leið og varan hefði verið innflutt beint frá útlöndum þangað og gæta þess, að lögmætum skilyrðum fyrir innflutningi vörunnar sé fullnægt.

Ennfremur skal afgreiðslumaður sá, sem vöruna sendir áfram, eða skipstjóri, senda með vörunni til afgreiðslumanns skipsins á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afhenda skipstjóra, eintak af farmskírteini yfir vöruna, eða eftirrit af því, með áritun um það, að ekki megi afhenda viðtakanda eða öðrum vöruna, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar.

Fyrirskipa skal sérstök eyðublöð undir bréf þau, sem tollstjórar á sendingarstað og ákvörðunarstað vara senda á milli sín samkvæmt framangreindum ákvæðum, svo og sérstök eyðublöð fyrir farmskírteini, sem gefin verða út fyrir vörum, sem sendar verða milli innanlandshafna, eins og gert er ráð fyrir hér á undan.

26. gr.

Aðflutningsgjöld, sem miðuð eru við vörumagn, skulu ákveðin eftir vegnu eða mældu vörumagni, eða eftir því, sem framskrá eða farmskírteini segja til um vörumagnið.

Aðflutningsgjöld, sem miðuð eru við verð vörunnar, skulu ákveðin eftir verði eða verðmæti vörunnar kominnar um borð í skip, sem flytur vöruna hingað til lands.

Viðtakendur eru skyldir að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskírteini, innkaupsreikning og önnur skjöl, sem við koma innfluttri vöru og tolleftirlitsmenn þurfa að nota vegna starfa sinna.

27. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast. Ákveða má í reglugerð um meðferð á vörum, sem tollur er þannig fallinn á.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri.

28. gr.

Skipstjórar og afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

29. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjaldi, sektum og málskostnaði, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búið er að greiða gjöld þessi, sektir og málskostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefir tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörurnar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara,

og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru.

30. gr.

Nú vill svo til, að aðflutningsgjaldskyld vara hefir ónýtzt á leið hingað til lands, eða við uppskipun, og skal þá ekki greiða aðflutningsgjöld af henni, ef viðtakandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði tolleftirlitsmanns, að farmskrá skips telji meira en viðtakandi fær, enda skal jafnan kveðja tolleftirlitsmenn til, þegar það kemur í ljós, að vara hefir ónýtzt á leið hingað til lands eða við uppskipun.

Séu seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem vörumagnstollur hvílir á, skal greiða þann toll fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum. Séu hinsvegar seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem verðtollur hvílir á, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu, með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

31. gr.

Ef vara, sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, er endursend aftur ónotuð í því ástandi, er hún var í, þegar hún var flutt hingað til lands, getur sá, er endursendi vöruna, fengið skírteini þar að lútandi hjá tollstjóra, sem innheimt hefir aðflutningsgjöld af vörunni. Ef hann síðar skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sé þangað innflutt, endurgreiðir fjármálaráðuneytið honum aðflutningsgjöldin, að 2% frádregnum.

Þó skal ekki endurgreiða aðflutningsgjöld, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan var flutt hingað til lands, þar til hún var endursend úr landinu aftur.

Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert aðflutningsgjald greiða.

Nú er vara, sem hefir ekki verið vitjað, viðtakandi hefir ekki fundizt að eða neitað hefir verið viðtöku á, endursend innan árs frá því hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fer fram undir umsjón tolleftirlitsmanns, sem gefur út skírteini þar að lútandi, sem fylgir síðan vörunni til útlanda, þá skal ekki heimta af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendir vöruna, afhendir framangreint skírteini tolleftirlitsmanni þeim, er gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skírteininu greinir, sé þangað innflutt. Skal skírteinið svo fylgja tollreikningum. Nú afhendir sá, sem endursendir vöruna, ekki tolleftirlitsmanni innan hæfilegs tíma skírteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endursendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, enda ber tolleftirlitsmanni að ákveða þau áður en varan er flutt út.

IV. KAFLI
Um útflutning.

32. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu yfir hina útfluttu vöru, svo og samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteini, er út hefir verið gefið fyrir vörunni. Skýrslur þessar skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Vottorð lögskipaðra matsmanna um vöruna skulu þó yfirleitt látin nægja, enda er matsmönnum skylt að gefa tolleftirlitsmönnum þær upplýsingar um vörurnar, sem þeir óska eftir. Skýrslur þarf þó ekki að gefa um vörur, sem skip tekur héðan úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu sjálfu, skip-

verjum eða farþegum til neyzlu í því, venjulegan farangur skipverja og ferðamanna, nema þegar tolleftirlitsmenn óska eftir því, að slíkum vörum skuli framvísað, eða ákveðið verður í reglugerð, að jafnan skuli gefa skýrslur um slíkan flutning.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða, ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað, þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er skrásett, ber að senda skýrslu þess tollstjóra þeim, þar sem skipið er skrásett að eiga heima.

Útflytjendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskírteini og önnur skjöl og skilríki um útflutningsvörur, sem tolleftirlitsmenn þurfa að sjá vegna eftirlits og starfa sinna.

33. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa skulu gera farmskrá yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þær í tveim samritum, áður en skip leggur úr höfn, tolleftirlitsmanni, og skulu á farmskránni standa tala, magn, tegund og merki varanna, nöfn sendanda og móttakanda, svo og flutningsgjald. Farmskrár skulu vélritaðar eða greinilega skrifaðar, og skulu vörusendingar tilfærðar á skrám í óslitinni töluröð.

Samrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skip tekur á hverri höfn, skulu vera í skipi þar til skipið leggur úr síðustu höfn hér á landi, en þá skal skipstjóri eða afgreiðslumaður skips hefta samritin saman og vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 155. gr. hegningarlaganna, um það, að skipið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri útflutningsvörur en þær, sem tilfærðar séu á viðfestum samritum af farmskrám, og afhenda síðan tolleftirlitsmanni aðalfarmskrá þessa. Tolleftirlitsmaður ráðstafar síðan aðalfarmskránni, samkvæmt fyrirskipun, sem fjármálaráðuneytið hefir gefið um það.

Ónauðsynlegt er, að settar séu á útflutningsfarmskrár vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, og venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Vörur skulu settar á farmskrá frá þeirri höfn, þar sem þær fara um borð í skipið, sem flytur þær til útlanda.

34. gr.

Skýrslur þær, sem um ræðir í 32. gr., skal afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til útlanda. Heimilt er þó, ef vörur eru fluttar milli hafna til umskipunar í útflutningsskip, að afhenda útflutningsskýrslur og greiða útflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til þeirrar hafnar, þar sem umskipunin á að eiga sér stað og varan á að koma á farmskrá, en vöru þessari ber að fylgja vottorð frá tollstjóra þeim eða umboðsmanni hans, sem skýrslur voru afhentar og útflutningsgjöld greidd til, um að fullnægt sé þeim fyrirmælum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vöru til útlanda.

V. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

35. gr.

Brot gegn 5., 6., 9. og 12. gr. laga þessara varða sektum, svo og fangelsi, ef brot er ítrekað, nema brotið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum.

Brot gegn 2. mgr. 10. gr., 11., 14., 15., 16. og 17. gr. varða sektum, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

36. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra tolleftirlitsmanni frá vörum, sem hann hefir innflutt, haft meðferðis eða tekið við, eða að hafa sagt ranglega til um vörur, og skal hann þá sæta sektum, ekki lægri en 100 kr., svo og fangelsi, ef mjög miklar sakir eru eða ef brot er margítrekað.

Ef maður hefir gefið ranga yfirlýsingu, sem er útbúin á þann hátt, er segir í 155. gr. almennra hegningarlaga, eða á annan samsvarandi hátt, skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri hegningarlagagrein er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 500 krónum.

Ennfremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur, sem undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1., 2. og 3. mgr., skal sá, er þrisvar hefir gerzt sekur um þar nefnd brot, sviptur leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt.

37. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum, fjárframlögum, heitum eða ráðum, að vörur séu ólöglega innfluttar eða tollsviknar, eða sá, sem fær annan til þess að flytja ólöglega inn fyrir sig vörur eða tollsvíkja þær, enda þó þessir menn verði ekki álitnir aðalmenn í verknaðinum sjálfum, skulu sæta sektum, svo og fangelsi, ef sakir eru miklar eða ef brot er margítrekað.

Sömu refsingu skulu þeir sæta, sem aðstoða þá, sem hafa ólöglega innflutt vöru eða tollsvikið hana, við að selja hana, svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita það, eftir öllum atvikum að dæma.

Ennfremur er heimilt að svipta þá menn, sem sekir verða eftir þessari grein, leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma, eða fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað.

38. gr.

Það varðar sektum, ef vanrækt er að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslur þær, sem um ræðir í 32. gr.

Ef slíkar skýrslur eru gerðar rangar, varðar það sektum eða fangelsi, eða hvorutveggja, ef sakir eru miklar. Sömu refsingu sætir sá, sem hefir eða hefði hagnað af rangri skýrslugerð og hin ranga skýrsla er gefin með hans vitund, enda liggi ekki við brotum þessum þyngri refsing samkvæmt hegningarlögunum eða öðrum lögum.

39. gr.

Ef nokkur tregðast við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í 19. gr. laga þessara, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má tollstjóri ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda. Aðför má gera í eignum sökunauta fyrir sektum samkvæmt grein þessari.

40. gr.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 5000 kr., ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að verða í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda farmskrár eða útdrætti tolleftirlitsmanni. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur tolleftirlitsmaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður skips riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipi eða látið rannsaka skipsfarm á kostnað skipseiganda. Annars má tolleftirlitsmaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr eða í skip eða rannsaka skipsfarm, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talningu eða rannsókn.

41. gr.

Sé afferming byrjuð án leyfis tolleftirlitsmanns, varðar það skipstjóra sektum.

42. gr.

Brot gegn 25. gr. varðar afgreiðslumennina eða skipstjórann sektum, og greiði þeir auk þess aðflutningsgjöld þau, sem á vörunni hvíla.

43. gr.

Brot gegn 28. gr. varðar sektum, allt að 5000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalds af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 29. gr. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis tollstjóra eða umboðsmanns hans, þá er viðtakandi skyldur að skýra tolleftirlitsmanni frá því þegar í stað, og greiði hann þá gjaldið um leið.

VI. KAFLI
Ýms ákvæði.

44. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. mgr. 36. gr. sakamálsmeðferð.

45. gr.

Sektir allar renna í ríkissjóð. Ennfremur eru vörur, sem gerðar eru upptækar samkvæmt lögum þessum, eign ríkissjóðs.

46. gr.

Fyrir gjaldheimtu og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

47. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta vörutoll og verðtoll, sem greiða ber samkvæmt gildandi lögum af póstbögglum, sem fluttir eru til landsins frá útlöndum, eftir reglum, sem settar skulu af fjármálaráðherra um þá tollheimtu. Póstafgreiðslumenn fá 4% innheimtulaun af nefndum aðflutningsgjöldum, sem þeir innheimta.

48. gr.

Nánari ákvæði um skilning og framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, og má ákveða þar sektir fyrir brot gegn henni.

49. gr.

Auglýsa skal á skipum, sem annast vöru- og farþegaflutning milli landa, og á öðrum stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum og sérstæðum ákvæðum annara tolllaga og reglugerða, settum samkvæmt þeim.

50. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: 2. gr., 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr. og 5.—15. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911, lög um breyting á þeim lögum, nr. 43 2. nóv. 1914, 2. og 3. mgr. 2. gr. og 4.—5. gr. laga um vörutoll, nr. 54 15. júní 1926, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Þegar litið er á þau mörgu og margvíslegu verkefni, sem tollstjórum og tolleftirlitsmönnum eru falin, þá verður því ekki neitað, að tryggilega þarf að vera að þessum mönnum búið. Tollstjórar innheimta mestallar þær tekjur, sem ríkissjóður fær, og tollstjórar og tollgæzlumenn eiga að tryggja það, að ríkissjóðurinn fái þau gjöld, sem lögákveðin eru, og jafnframt að veita þeim mönnum og stofnunum, sem gjöldin greiða skilvíslega og með samvizkusemi, vernd gegn því, að aðrir komist undan því að greiða gjöldin. Sömuleiðis ber tolleftirlitsmönnum að sjá um, að gjaldeyrislögunum sé hlýtt, bæði hvað varðar innflutning og útflutning, að vörur séu ekki fluttar inn án leyfis innflutningsnefndar og vörur séu ekki fluttar til útlanda án þess að erlendur gjaldeyrir komi fyrir vörurnar. Þá ber tolleftirlitsmönnum að gæta þess, að áfengi, tóbak og aðrar einkasöluvörur séu ekki fluttar inn ólöglega, annast sóttvarnir gagnvart útlöndum og að farið sé eftir lögum um varnir gegn því, að húsdýrasjúkdómar berist til landsins, að lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um skip og siglingar frá útlöndum og til útlanda, sé hlýtt, og hlutaðeigandi skip fái þá vernd og öryggi, sem þau eiga kröfu til, er þau fullnægja settum ákvæðum. Svo skulu þeir og gæta þess, að íslenzkar afurðir séu ekki fluttar til útlanda án leyfis tiltekinna stjórnarvalda, þegar slíkt leyfi til útflutnings er áskilið í lögum, og ennfremur að gæta þess, að afurðir þessar séu metnar af lögskipuðum matsmönnum, þegar það er boðið í lögum. Annars má um störf og skyldur tolleftirlitsmanna vísa til þess, sem segir í þingskjali 439 frá 1932 (Alþtíð. 1932, A. bls. 857—865).

Það, sem mjög háir tolleftirlitinu í starfi þess, er það, hve hinar almennu reglur hinna ýmsu tolllaga um tollheimtuna og tollgæzluna eru ófullnægjandi. Þetta stafar af því, að þessum ákvæðum laganna hefir í raun og veru verið lítið breytt eða umbætt síðan fyrstu tolllög voru sett hér með tilskipun 26. febrúar 1872, um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Með þeim var lagður tollur á eina vörutegund og að því er tolleftirlit snertir mjög treyst á aðstoð dönsku tollgæzlunnar við afgreiðslu skipa þaðan hingað til lands. Síðan hafa hver tolllögin af öðrum tekið upp þessar reglur án þess að umbæta þær að nokkru verulegu leyti, sem tollgæzlustarfinu gæti komið að gagni. Eftir að tolleftirlitið hefir verið aukið á síðari árum, sem var orðið óhjákvæmilegt, hefir það komið meira og meira í ljós, að þessum almennu reglum tolllaganna þarf að breyta, umbæta þær og auka. Að vísu hafa tilraunir verið gerðar til þess af landsstjórnarinnar hálfu, en lagafrumvörp, sem um það hafa verið flutt, hafa ekki orðið útrædd, sjá Alþingistíðindi 1931, A. þingskjöl 5 og 6, bls. 100—133, og Alþtíð 1937, A. þskj. 8, bls. 83—88. Vegna þess að nauðsynleg lagafyrirmæli um þetta hafa ekki fengið framgang, hefir landsstjórnin leitazt við að bæta úr tilfinnanlegustu annmörkunum á því, að slík lagafyrirmæli hefir vantað, með því að gefa út reglugerð um þetta efni 30. janúar 1935, Stjórnartíðindi 1935, B. bls. 22—26. En bæði er það, að ýms bráðnauðsynleg ákvæði vantar í reglugerð þessa, vegna þess að engin lagaheimild var til að setja þau, og svo það, að orkað getur tvímælis, hvort næg lagaheimild sé fyrir einstaka fyrirmælum, sem í reglugerðinni standa, og gæti það orðið mjög óþægilegt fyrir tolleftirlitsmenn eða framkvæmdarvaldið, ef tolleftirlitsmenn og menn, sem reglunum er beitt gagnvart, greindi á, og dómstólarnir út af því kæmust að þeirri niðurstöðu, að ákvæði þau, sem beitt hefði verið, hefðu ekki fulla stoð í lögum.

Til þess að bæta úr öllum þessum annmörkum, sem að framan greinir, hefir lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, verið samið. Í frumvarpið eru tekin öll ákvæði um tollheimtu og tolleftirlit almennt og öll ákvæði hinna ýmsu tollalaga um þetta efni felld niður, svo að eftir verða í gildi aðeins ákvæði tolllaganna um það, hverjar vörur eru tollskyldar eftir þeim og hve háa tolla skuli af þeim greiða (toll-

tarif). Þeim lögum hverjum um sig má svo alltaf breyta án þess að lögin um tollheimtu og tolleftirlit haggist við það.

Eftir því, sem ástandið er nú vaxið um þessi mál og hér á undan hefir verið vikið að, verður ekki hjá því komizt lengur, ef öll tollgæzla og tollheimta á ekki að fara í mola, að fá frumvarp þetta nú þegar afgreitt sem lög.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér eru taldir þeir valdsmenn, sem fara með tollmál, svo að séð verði, hver stjórnarvöld fara með þessi mál.

Um 2. gr.

Talað er um tollgæzlumenn í þessari grein. Ekki þykir rétt að ákveða tölu, stjórn eða störf tollgæzlumanna með lögum, heldur þykir rétt, að slíkt sé ákveðið í reglugerð og fari eftir því, hvernig samgöngum er háttað við útlönd á hverjum tíma, svo og hvaða störf þeim eru falin hverju sinni samkvæmt gildandi lögum.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er fyrir þá, sem við tollmál fást, og fyrir innflytjendur og útflytjendur að hafa aðgang að skrá yfir umboðsmenn sýslumanna á höfnum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er skýrt, hvað átt sé við með orðinu tolleftirlitsmaður í frumvarpinu.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru tekin eftir norskum lagaákvæðum. Þykir rétt að taka ákvæði um þetta efni upp í íslenzka tolleftirlitslöggjöf, til þess að firra tolleftirlitsmenn óþægindum.

Um 5. og 6. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4. gr., í aðalatriðum 3. gr. og 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Ákvæði þessi eru ekki síður nauðsynleg vegna tolleftirlits en sóttvarna, og þess vegna eru þau tekin upp í frumvarpið.

Um 7. gr.

Í norskum lögum er samskonar ákvæði og hér um ræðir, og þykir rétt að taka slíkt ákvæði upp í íslenzka tolleftirlitslöggjöf, enda svipaðir erfiðleikar með tolleftirlit hér á landi og í Noregi, þar sem á báðum stöðum er löng strandlengja og strjálbýli og þannig erfitt og kostnaðarsamt að hafa tryggt og nægilega mannað tollgæzlulið á hverri höfn.

Um 8. gr.

Það er alþjóðaregla, að skip, sem eru í landhelgi tiltekins lands, séu háð tolleftirliti úr því landi. Á Norðurlöndum gildir almennt sú regla, að tolleftirlit nái 4 sjómílur á haf út. Í 2. mgr. 5. gr. áfengislaganna kemur regla þessi fram, og er regla þessarar greinar samhljóða henni. Í öðrum löndum en Norðurlöndum er fylgt annari reglu, en rétt þykir að fylgja Norðurlöndum í þessu efni, eins og gert hefir verið í áfengislögunum.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða tilsvarandi grein í norskum tolleftirlitslögum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessi eru, eins og gefur að skilja, nauðsynleg til þess að tolleftirlit geti komið að fullu gagni, enda lög í öðrum löndum. Greinin er sama efnis og síðari hluti 1. gr. og 11. gr. núgildandi reglugerðar um tollgæzlu.

Um 11.—14. gr.

Greinar þessar eru teknar úr reglugerðinni um tollgæzlu, og eru ákvæði þeirra nauðsynleg fyrir tolleftirlitið.

Um 15. gr.

Fyrirmæli greinarinnar eru tilsvarandi ákvæðum fyrri hluta 8. gr. og 9. gr. reglugerðarinnar um tollgæzlu.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar svarar til 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um tollgæzlu. Ákvæðið er mjög þýðingarmikið, þegar hafðir eru í huga staðhættir hér á landi, þar sem það tolleftirlit kemur að verulegu gagni, að tolleftirlitsmenn fylgi skipum frá fyrstu til síðustu hafnar hér á landi.

Um 17. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nauðsynlegt til þess að nokkurt tolleftirlit geti yfirleitt átt sér stað.

2. mgr. þarfnast engra skýringa.

Tilsvarandi fyrirmæli og ákvæði 3. mgr. er í erlendri póstlöggjöf, og mælir margt með því, að það sé einnig í íslenzkri löggjöf, enda þá hægara um eftirlit með póstbögglaflutningi.

Um 18. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar er tilsvarandi og ákvæði í norskri tolleftirlitslöggjöf, og er nauðsynlegt, að ákvæði um þetta efni sé í íslenzkri löggjöf.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 7. gr. vörutollslaganna og 5. gr. tolllaga, nr. 54/1911, en ákvæði greina þessara verða úr gildi numin með lögum þessum.

Um 20. gr.

Eins og gefur að skilja, er ekki síður nauðsynlegt, að haft sér tolleftirlit með flugtækjum, sem koma frá útlöndum, en með skipum, sem koma þaðan. Rétt er því, að tilsvarandi reglur gildi um flugtæki og skip.

Um 21. gr.

Nauðsynlegt getur verið, að varðskip landsins aðstoði tolleftirlitið. Greinin er samhljóða 12. gr. reglugerðarinnar um tollgæzlu.

Um 22.—24. gr.

Fyrirmæli þessara greina svara til ákvæðanna í 5. og 8. gr. vörutollslaganna, 3. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911, og 8. gr. laga 15. apríl 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi.

Fyrirmæli greina þeirra, sem hér um ræðir, eru gerð skýrari, fyllri og tryggari fyrir tollheimtuna og tolleftirlitið en nefnd núgildandi lagaákvæði eru, enda hefir viljað koma fyrir, að farmskrár og farmskrárútdrættir hafi ekki verið eins vel gerðir og áður tíðkaðist eða nauðsynlegt er, að þær séu, og því vantað á skrárnar fullnægjandi upplýsingar um vörur, sem með skipum hafa verið. Einnig er nauðsynlegt, að litið sé eftir því af tolleftirlitsmönnum, að skrár séu úr garði gerðar eins og fyrirskipað er.

Það nýmæli, sem sérstaklega er þýðingarmikið fyrir tolleftirlitið, er, að samrit af aðalfarmskrá skipsins skuli jafnan vera í skipi frá fyrstu til síðustu hafnar hér á landi, því að þá geta tolleftirlitsmenn fylgzt með allri uppskipun vara.

Um 25. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 2. gr. tolllaganna frá 1911 og 4. gr. vörutollslaganna.

Ákvæði 2. mgr. er þýðingarmikið nýmæli fyrir vöruflutninga milli hafna og skipaafgreiðslurnar.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru sett til þess að tryggja ríkissjóð, með því að fyrirbyggja mistök, sem geta orðið þegar samtímis eru fluttar milli hafna innlendar vörur og vörur, sem komið hafa frá útlöndum.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. og fyrri hluta 2. mgr. eru samhljóða núgildandi ákvæðum vörutollslaganna, verðtollslaganna og tolllaganna frá 1911, að öðru leyti en því, að vörur, sem vörumagnstollar hvíla á, skuli vegnar eða mældar hér, þegar því verður við komið, en ekki verði ávallt farið eftir farmskrám og farmskírteinum, eins og víðast hvar er gert hér á landi, enda virðist ekki vanþörf á því, að svo verði, þar sem komið hefir í ljós, að menn hafa reynt að svikja vörutoll með því að segja rangt til um vöruþunga á farmskírteinum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 27. gr.

1. mgr. svarar til ákvæðanna í síðari hluta 3. mgr. 4. gr. tolllaga frá 1911 og síðustu mgr. 6. gr. vörutollslaganna. Til þess að tryggja ríkissjóð, ef þörf krefur, er gefin heimild til að setja reglugerðarákvæði um meðferð á vörum, sem tollur er fallinn á. Annars eru ákvæðin um gjalddaga óbreytt.

Ákvæði 2. mgr. er nauðsynlegt vegna tollbókhaldsins og endurskoðunar tollreikninga.

Um 28. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 6. gr. vörutollslaganna og 1. mgr. 4. gr. tolllaga frá 1911.

Um 29. gr.

Greinin er sama efnis og 9. gr. tolllaga frá 1911 og 10. gr. vörutollslaganna. Gert er þó ráð fyrir, að lögveð sé einnig í vörunni fyrir málskostnaði.

Um 30. gr.

Efni greinarinnar svarar til 10. gr. tolllaga frá 1911 og 11. gr. vörutollslaganna.

Um 31. gr.

1. mgr. svarar til 14. gr. tolllaga frá 1911 og 12. gr. vörutollslaganna.

Um 2. mgr. er það að segja, að í núgildandi lögum er ekki tiltekið, að menn, sem vilja endursenda vörur og fá endurgreiddan toll af þeim, skuli gera það innan tiltekins tíma frá því vörurnar komu hingað til lands. Af þessu leiðir, að viðtakendur, sem ætla sér ekki að hirða vörurnar, láta þær liggja afskiptalausar, þar til þær verður að selja fyrir tolli. Af þessu stafar og skaði fyrir sendendur varanna og lánstraust út á við, svo og óþægindi fyrir tollheimtuna og afgreiðslu skipanna. Og þó nú svo að tollur sé greiddur til að losna við sölu varanna, er það engu síður tafsamt fyrir tolleftirlitsmenn að rannsaka og sannfæra sig um, hvenær tollur hafi verið greiddur af umræddri vöru, en það er þeim gert að skyldu að votta um, er varan loks er flutt út aftur. Með viðaukatillögunni er því leitazt við að ýta bæði undir viðtakendur og afgreiðslumenn að láta ekki endursendingu varanna dragast úr hófi, er krafa um endurgreiðslu á tolli af þeim tapast, þegar ákveðinn tími er liðinn frá því, að þær voru fluttar hingað til lands. Ársfrestur virðist nægur í öllum tilfellum.

3. mgr. svarar til ákvæðanna í síðasta hluta 2. mgr. 2. gr. vörutollslaganna.

Ákvæði síðustu málsgreinar þessarar greinar eru tekin í frumvarpið samkvæmt tilmælum Eimskipafélags Íslands.

Um 32. gr.

Skýrslur þær, sem um ræðir í greininni, verða tolleftirlitsmenn að fá vegna innheimtu þeirra á útflutningsgjöldum og vegna eftirlits þeirra vegna gjaldeyrislaga og annara laga um verzlun við útlönd. Skjöl þau og skilríki, sem um ræðir í 3. mgr., verða þeir að sjá, svo að eftirlit þeirra komi að fullu gagni.

Um 33. gr.

Það gegnir sama máli um ákvæði þessarar greinar og ákvæði 33. gr., að þau eru sett vegna eftirlits tolleftirlitsmanna með útflutningi og vegna innheimtu þeirra á útflutningsgjöldum, gjaldeyrisskýrslum og útflutningsskýrslum handa hagstofu og fiskifélagi.

Um 34. gr.

Eðlilegasta reglan um það, hvar eigi að afhenda skýrslu um útflutta vöru, er sú, að skýrslan sé afhent þar, sem varan fer um borð í útflutningsskipið. Þar er hægast að fylgjast með útskipun hennar og ásigkomulagi. Þó er gerð sú undantekning, að skýrslu má afhenda tollyfirvaldi á þeirri höfn, þaðan sem varan er send, enda fylgi vörunni vottorð til þeirrar hafnar, þar sem hún fer í útflutningsskipið, og getur tolleftirlitsmaður sá, sem þar er, einnig athugað vöruna og fylgzt með útskipun hennar.

Um 35. gr.

Brot gegn fyrirmælum greina þeirra, sem taldar eru í 1. mgr., eru alvarlegra eðlis en brot gegn fyrirmælum greina þeirra, sem taldar eru í 2. mgr., og því eru refsingarnar hafðar þyngri samkvæmt 1. mgr. en samkvæmt 2. mgr.

Í þessu lagafrumvarpi er yfirleitt ekki tiltekið hámark sekta, en það fer eftir ákvæðum laga nr. 13 8. júní 1925, um sektir.

Um 36. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. svara til fyrirmælanna í 1., 2. og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 43 2. nóv. 1914 og sömu mgr. 9. gr. vörutollslaganna.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að gera megi upptækar tollsviknar vörur, en sú regla gildir víðast hvar erlendis.

Reglur núgildandi laga, að greiða skuli þrefaldan toll af tollsviknum vörum, virðast eiga illa við og hafa reynzt næstum óframkvæmanlegar eftir að gjaldeyrislögin komu í gildi, enda leitt til óeðlilegrar niðurstöðu fyrir sakborninga.

Um 37. gr.

Nú er hlutdeildarmönnum í tollsvikabrotum ekki refsað, ef þeir verða ekki taldir aðalmenn í verknaðinum. Oft er þó lítill munur á aðalmönnum og hlutdeildarmönnum svo nefndum, og því getur verið mjög óeðlilegt, ef hlutdeildarmenn sleppa, en aðalmenn svo nefndir verða einir dæmdir. Tilætlunin er að ráða bót á þessu með ákvæðum þessarar greinar.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru tekin eftir danskri tolllöggjöf, og virðist margt mæla með því, að þau séu tekin í íslenzka löggjöf.

Um 38. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. myndu oft varða við hegningarlögin, en þó þykir rétt að hafa skýr ákvæði um þetta efni í lögum þessum.

Um 39. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 7. gr. vörutollslaga og 2. mgr. 5. gr. tolllaga frá 1911, að öðru leyti en því, að dagsektir eru hækkaðar.

Um 40. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 2. mgr. 8. gr. vörutollslaganna núgildandi.

Um 41. gr.

Hún svarar til síðustu mgr. 5. gr. vörutollslaganna og síðustu mgr. 3. gr. tollaganna frá 1911.

Um 42. gr.

Svarar til fyrirmælanna í 3. gr. núgildandi verðtollsreglugerðar.

Um 43. gr.

Hér eru að mestu leyti tekin upp ákvæði í 6. gr. vörutollslaganna núgildandi, aðeins er ætlazt til, að sektir séu hækkaðar vegna þess, hve mikilsvert það er fyrir tollheimtuna, að fylgt sé fyrirmælum greinarinnar. Auk þess er ætlazt til, að skipstjóri eða afgreiðslumaður, eftir því hjá hverjum sökin er, beri ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum, á sama hátt og segir um viðtakanda í 29. gr. Í framkvæmdinni hefir verið litið svo á og því framfylgt, að auk sektanna beri umræddir menn ábyrgð á greiðslu tolls af ólöglega afhentum vörum, en til þess að aðvara um það, þykir rétt, að það sé beinlínis tekið fram.

Um 44.—46 gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Að efni til er greinin samhljóða því, sem nú gildir, að öðru leyti en því, að það ákvæði er fellt niður, að greiða beri vörutoll með frímerkjum, en póst- og símamálastjóri hefir borið fram kröfu um það, að hætt verði að kvitta tolla með frímerkjum, þar sem það hafi slæm áhrif á sölu og eftirspurn íslenzkra frímerkja úti um heim. Póstmenn hafa nú 4% af frímerkjum.

Um 48.—50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Þess skal getið, að tilætlunin er, að ákvæði laganna um verzlun og siglingar á Íslandi, frá 15. apríl 1854, haldi gildi sínu, að svo miklu leyti, sem þau fara ekki í bág við þessi lög.

Um 52. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 211. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Árneshreppi í Strandasýslu land úr þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, er sé 200 metrar með sjó fram, innan við svo nefnda Thorsteinssens-stöð og á land upp, svo sem þörf er, fyrir síldarverksmiðjubyggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk landbúnaðarráðherra. Áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja breytingartill. við frv. við meðferð þess í deildinni. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Hreppsnefnd Árneshrepps í Strandasýslu hefir farið þess á leit, að veitt verði heimild til að selja land úr þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, er sé hæfilega stórt til þess, að á því verði reist síldarbræðslustöð. Telur hreppsnefndin mikla nauðsyn á því að koma þarna upp síldarbræðslustöð til aukinnar atvinnu fyrir héraðið, en varla hægt að vænta þess, að menn vilji leggja út í slík fyrirtæki án þess að tryggja sér eignarrétt að landi því, sem stöðin verður reist á.

Land það, sem hér um ræðir, var fyrir nokkrum árum leigt til 40 ára, svo ríkið getur ekki í nánustu framtíð ráðið yfir afnotarétti þess, en leigutakar munu fúsir til að framselja leigurétt sinn, ef reist verður síldarbræðslustöð á staðnum, því slík stöð er einnig þeim nauðsynleg.

Fer hér á eftir bréf hreppsnefndar Árneshrepps til ríkisstjórnarinnar og fundargerð hreppsnefndar Árneshrepps um afstöðu hennar til málsins.

Fylgiskjal.

Ófeigsfirði, 1⁰/₁₁ 1937.

Hr. útgerðarmaður Geir Thorsteinsson, Reykjavík, hefir farið þess á leit við hreppsnefnd Árneshrepps, að hún hlutist til um, að hann fái til umráða og afnota land úr jörðinni Eyri við Ingólfsfjörð til að reisa á síldarbræðslustöð. Í tilefni af þessu viljum vér undirritaðir hreppsnefndarmenn leyfa oss að fara þess á leit, að hið háa ráðuneyti gefi Árneshreppi kost á að eignast umrætt land (sem nánar er tiltekið í meðfylgjandi fundargerð) með sem vægustum kjörum.

Þar eð fyrirhugað fyrirtæki myndi hafa í för með sér aukna framleiðslu gjaldeyrisvara og aukna atvinnu, vonum vér, að hið háa ráðuneyti sjái sér fært að verða við þessum tilmælum vorum.

Með mikilli virðingu

Pétur Guðmundsson. Guðmundur P. Guðmundsson.
Ólafur Guðmundsson. Guðjón Guðmundsson.

Til ríkisstjórnar Íslands, Reykjavík.

Ár 1937, þann 10. nóvember, hélt hreppsnefnd Árneshrepps fund í Ófeigsfirði. Á fundinum voru allir hreppsnefndarmenn mættir, að undanskildum einum, hr. Alexander Árnasyni, Kjós.

Á fundinum var tekið fyrir:

I. Lagt fram bréf frá hr. Geir Thorsteinsson, útgerðarmanni í Reykjavík, dags. ²³/₄ 1937, og símskeyti frá sama, dags. ¹/₁₁ 1937, hvorttveggja tilmæli frá fyrrnefndum manni um, að hreppsnefndin útvegi honum land undir fyrirhugaða síldarbræðslustöð í landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð, 200 m. með sjó fram, innan við svo nefnda Thorsteinssens-stöð og upp á land, eins og þörf er fyrir. Land þetta óskar hann að fá til eignar og umráða án endurgjalds eða með sem vægustum kjörum.

Eftir nokkrar umræður kom fram svo hljóðandi tillaga frá oddvita nefndarinnar: „Hreppsnefndin ákveður að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að útvega hr. útgerðarmanni Geir Thorsteinsson, Reykjavík, umbeðið land til eignar með sem vægustum kjörum, og felur hreppsnefndin hr. hreppstjóra Guðjóni Guðmundssyni, Eyri, að leita samninga við ríkisstjórnina um kaup á umræddu landi. Ennfremur að leitast fyrir um, hvort þeir menn, er nú hafa land þetta á leigu, þeir hr. Egill Ragnars og hr. Óskar Halldórsson, eru fáanlegir til að afsala sér leiguréttinum og með hvaða kjörum."

Tillagan var samþykkt í einu hljóði. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Ófeigsfirði, 10. nóv. 1937.

Pétur Guðmundsson. Guðmundur P. Guðmundsson.
Ólafur Guðmundsson. Guðjón Guðmundsson.

Ed. 212. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og um eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á tveim fundum, og vill meiri hl. nefndarinnar greiða fyrir því, að málið gangi fram, en hefir ekki að fullu tekið ákvörðun um breytingartillögur, sem minnzt hefir verið á í nefndinni. Einn nefndarm. (MG) var forfallaður (veikur), er ákvörðun var tekin um að láta málið ganga til 2. umr.

Alþingi, 27. nóv. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.

Nd. 213. Nefndarálit

um frv. til l. um fasteignamat.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Skúli Guðmundsson, form. Sveinbjörn Högnason, frsm. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr.

Ólafur Thors. Stefán Stefánsson.

Nd. 214. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýms gjöld 1938 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. Ólafur Thors. með fyrirv.

Sveinbjörn Högnason. Stefán Stefánsson.

Sþ. 215. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á Gilsnámu í Hólshreppi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á Gilsnámu í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Sérstaklega sé rannsakað magn surtarbrands í námunni og aðstaða til að vinna hann. En einnig sé rannsakað, hvort í námunni finnast önnur verðmæt jarðefni, sem svara mundi kostnaði að vinna.

Nd. 216. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „1937“ í 1. gr. laganna komi: 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er í rauninni aðeins farið fram á framlengingu laga nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp, en í lögunum er tollundanþágan ákveðin til ársloka 1937. Má vísa til sömu raka nú og þá, er lögin náðu samþykki.

Tunnusmíði í landinu fullnægir ekki nándarnærri þörf landsmanna, og þá einkum síldarsaltenda, á tunnum. Má telja, að árlega þurfi um 200 þús. tunnur til síldarsöltunarinnar. Af þessari tunnutölu eru smíðaðar hérlendis 60—80 þús. Á síðari árum hefir sumstaðar verið lagt kapp á að auka tunnusmíði, t. d. á Akureyri, þar sem atvinnuþörf verkalýðsins er og hefir verið mjög aðkallandi. Í vetur er gert ráð fyrir, að smíðaðar verði um 60 þús. síldartunnur í tunnuverksmiðju Akureyrarkaupstaðar. Er hér um einhverja heppilegustu atvinnubótavinnu að ræða, sem framkvæmd er þann tíma árs, er minnst er um aðra atvinnumöguleika fyrir allan þorra verkamanna.

Slíkri tunnugerð yrði skiljanlega mikill styrkur í tollundanþágu þeirri, sem hér er farið fram á, en þjóðfélaginu í heild er tryggður meiri hagur óbeint með undanþágunni en sem nemur tekjurýrnun þeirri, sem ríkissjóður hlýtur í bili.

Svipað má segja um tollundanþágu á hampi, enda hefir forstjóri Veiðarfæragerðar Íslands eindregið lagt til, að slík framlenging á tollundanþágu fengist.

Ed. 217. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa, stækka og reka síldarbræðsluverksmiðjuna á Húsavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa og reka síldarbræðslu- og fiskimjölsverksmiðju þá, sem reist var á Húsavík 1937, ef samningar takast um kaupin, og þá jafnframt að láta stækka verksmiðjuna svo, að hún geti unnið úr 1000—1200 málum síldar á sólarhring.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán til kaupa og stækkunar á verksmiðjunni, ef til kemur.

3. gr.

Ef notuð er kaupheimild sú, er ræðir um í 1. gr., fer um stjórn og rekstur verksmiðjunnar eftir þeim reglum, sem gilda um síldarverksmiðjur ríkisins.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni áhugamanna í stjórn hinnar nýbyggðu síldarverksmiðju á Húsavík. Staðurinn virðist vera mjög heppilegur fyrir síldarverk-

smiðju, ef annars þarf að leggja út í slíkar nýbyggingar á Norðurlandi í nánustu framtíð.

Nánar í framsögu.

Nd. 218. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

a. 2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Forstjóri stjórnar Tryggingarstofnun ríkisins, í samráði við tryggingarráð, undir yfirstjórn ráðherra, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tryggingarráði er skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir. Tryggingarráð leggur fullnaðarúrskurð á allar kröfur um slysa-, sjúkra- og örorkubætur og ellilífeyri (ellilaun), svo og um greiðslu iðgjalda, að svo miklu leyti sem ágreiningur er um. Skal tryggingarráð taka öll slík mál fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annarhvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, og má þá bera málið undir dómstólana.

b. Orðin „ríkisins og“ í 3. málsgr. sömu gr. falli burt.

2. gr.

a. Á eftir e-lið 8. gr. laganna komi tveir nýir liðir, sem verði f- og g-liðir, svo hljóðandi:

f. Þvotta- og ræstivinna, þ. e. vinna í þvottahúsum, ræsting á gluggum, hreingerningar- og ræstivinna í skipum, skólum, verzlunum, skrifstofum, veitingahúsum og samkomuhúsum, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

g. Sendisveinastörf.

b. 6. málsgr. sömu gr. orðist svo:

Nú tekur maður að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir. Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

c. Aftan við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér frjálsa tryggingu á einstökum mönnum með hærri eða lægri bótum en ákveðið er í lögum þessum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru í skyldutryggingu. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskírteini fyrir hvern einstakling. Slík trygging getur einnig náð til greiðslu dagpeninga í sjúkdómum. Jafnframt veitist slysatryggingunni heimild til að slysatryggja farþega í einkabifreiðum, sem bifreiðalög ná ekki yfir. Tryggingarstofnunin leiti endurtrygginga á þeim hluta af áhættu, sem fer fram yfir það hámark, er tryggingin telur fært að taka í eigin ábyrgð. Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingu þessari.

3. gr.

a. 1. tölul. 10. gr. laganna orðist svo:

Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, sem fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og $^{3}/_{4}$ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega

örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Dagpeningar greiðast aldrei fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær. Frá þeim tíma greiðast dagpeningar, nema hinn tryggði haldi kaupi, sem er að minnsta kosti jafnhátt dagpeningunum, og hefjast dagpeningagreiðslur þá jafnskjótt og kaupgreiðsla fellur niður.

b. Aftan við 1. tölul. sömu gr. bætist nýr tölul., sem verður 2. tölul., svo hljóðandi:
Útgerðarmanni skal skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld eru samkvæmt lögum þessum og hann ber samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, og ber slysatryggingunni þá að greiða slasaða, auk slysabóta samkv. 1. tölul. greinar þessarar, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

c. 2. tölul. sömu gr. verður 3. tölul.

4. gr.

a. 3. tölul. 11. gr. laganna orðist svo:
Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, hlýtur 200 krónur fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.

b. 5. tölul. sömu gr. orðist svo:
Foreldri hlýtur minnst 500 kr. bætur, og allt að 1500 kr., eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 12. gr. laganna bætist: Skipverjar teljast í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

a. Á eftir 4. málsgr. 13. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

b. Í stað „Lögreglustjóra ber ... en 12 lestir“ í upphafi 5. málsgr. sömu gr. komi: Lögreglustjóra eða umboðsmanni slysatryggingarinnar ber ... en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið.

7. gr.

a. Aftan við 2. málsgr. 15. gr. laganna komi: Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

b. Aftan við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

8. gr.

19. gr. laganna orðist svo:
Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta frá slysatryggingunni, framselja henni rétt sinn til bótanna, ef hún óskar þess. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

9. gr.

23. gr. laganna orðist svo:
Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára og búsettur á samlagssvæðinu eða stundar þar atvinnu lengur en 6 mánuði, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn af alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þó hefir sá, sem haldinn er slíkum sjúkdómi, rétt til að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum. Sá, sem notið hefir sjúkrahús- eða hælis-

vistar vegna alvarlegs, langvarandi sjúkdóms, hefir rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé sjúkdómurinn ekki lengur virkur, en nýtur þar þó ekki hlunninda þannig, að hann fái greidda sjúkrahúsvist eða aðra meiri háttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms. Sjúkrasamlagi er skylt að taka í tryggingu menn eldri en 67 ára, ef þeir sanna með vottorði læknis, sem samlagið hefir tilnefnt, að þeir séu tryggingarhæfir.

10. gr.

Á eftir 1. málsgr. 24. gr. laganna komi: Þó er stjórn sjúkrasamlags heimilt að ákveða í samþykktum sínum að veita þeim rétt til hlunninda, sem hærri tekjur hafa, ef þeir greiða að minnsta kosti helmingi hærra iðgjald en aðrir samlagsmenn.

11. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Skipar Tryggingarstofnun ríkisins formann samlagsins, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn, eftir því, sem bæjarstjórn ákveður. Skulu þeir kosnir samtímis, á sama hátt og til jafnlangs tíma og fastanefndir eru kosnar. Tryggingarstofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

12. gr.

a. 1. málsgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal fara fram atkvæðagreiðsla um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef hreppsnefndin ákveður eða fimmti hluti kjósenda æskir þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna á sama hátt og sveitarstjórnarkosningar. Stofna skal sjúkrasamlag í hreppnum, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélagsins, greiðir atkvæði með því. Nú næst meiri hluti atkvæða með því að stofna sjúkrasamlag, án þess þó að sá meiri hluti sé meira en helmingur atkvæðisbærra manna í hreppnum, og skal þá fara fram atkvæðagreiðsla á ný innan fjögra vikna, og ræður þá einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Sé fellt að stofna sjúkrasamlag, getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram á ný fyrr en að ári liðnu.

b. 3. málsgr. sömu gr. falli burt.

13. gr.

a. Í 1. málsgr. 28. gr. laganna komi í stað orðanna „3 mönnum“: 2 eða 4 mönnum; í stað orðanna „verði tala stjórnarmanna jöfn“: standi tala stjórnarmanna þá á stöku; og í stað orðsins „oddamann“: 2 menn.

b. Aftan við sömu málsgr. sömu gr. bætist:

Tryggingarstofnun ríkisins skipar formenn samlaganna.

14. gr.

a. 1. málsgr. 29. gr. laganna falli niður.

b. Á eftir 2. málsgr. sömu gr., sem verður 1. málsgr., komi: sem hefir eftirlit með því, að alls sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra, og er heimilt að setja reglur þar að lútandi, þar á meðal um starfsmannahald og launagreiðslur þeirra, að fengnum tillögum hvers samlags.

15. gr.

a. 1. tölul. 30. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða Tryggingarstofnunin fyrir þess hönd, að fullu á sjúkrahúsi og hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma samlagslæknisins, og að ¾ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við

lækna. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.

b. 2. tölul. sömu gr. orðist svo:
Lyf og umbúðir, sem Tryggingarstofnun ríkisins leyfir samlaginu að greiða og ávísuð eru af tryggingarlækni, greiðist að fullu á sjúkrahúsi og að $^3/_4$ hlutum utan sjúkrahúss.

c. 4. tölul. sömu gr. orðist svo:
Sjúkrasamlögum er ennfremur skylt að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, og heimilt að gera slíka dagpeningatryggingu skylda öllum meðlimum sínum. Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika frá því hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

d. Í næstsíðustu málsgr. sömu gr. falli burt orðin „dagpeninga í sjúkrasamlögum utan kaupstaða".

e. Aftan við síðustu málsgr. 30. gr. bætist: Í samþykktum er og heimilt að ákveða, að fólk, sem flyzt inn og út af samlagssvæði og verður þar tryggingarskylt, fái dregið saman biðtíma sinn frá fleiri en einni dvöl, enda líði ekki yfir tiltekinn tíma á milli.

f. Aftan við sömu gr. bætast 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Sjúkrasamlögum er heimilt að semja um gagnkvæm réttindi og skyldur meðlima sinna, þannig að meðlimir annars samlagsins njóti fullra réttinda þegar þeir dvelja á samlagssvæði hins, enda greiði þeir iðgjöld sín þar.
Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkv. sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

16. gr.

31. gr. laganna orðist svo:
Leita skal staðfestingar Tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.
Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlimum samlagsins eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr.

17. gr.

2. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:
Í samþykktum sjúkrasamlaga skal setja sérákvæði um iðgjaldaupphæð unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalausra foreldra og hafa ekki sjálfstæðar tekjur. Skal gefa eftir iðgjöld þessara unglinga, ef samanlagðar tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið sé í samþykktunum.

18. gr.

Orðin „Dagpeningar og" í upphafi 33. gr. laganna falli burt.

19. gr.

Í stað „9 kr." í 1. málsgr. 35. gr. laganna komi: 10 kr.

20. gr.

a. 3. málsliður 37. gr. laganna orðist svo: Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði iðgjöld annara þeirra manna, sem fyrir fátæktar sakir hafa ekki

getað staðið í skilum með iðgjöld sín, og fer um þessar greiðslur eftir reglum, sem bæjar- eða sveitarstjórn setur og staðfestar eru af ráðherra.

b. 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

21. gr.

Í stað „veikist“ og „veikzt“, er kemur fyrir í 38. gr. laganna, komi á fyrri staðnum: nýtur sjúkrahjálpar, — og á síðari staðnum: notið hennar.

22. gr.

Síðasti málsl. 39. gr. laganna falli burt.

23. gr.

Aftan við síðari málsgr. 40. gr. laganna bætist:

Ef heimild þessi er ekki notuð, á samlagið endurkröfurétt á útgerðarmann á þeim kostnaði, sem það kann að hafa greitt vegna veikinda skipverja fyrir þann tíma, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á, en skipverjar greiða aðeins, meðan ráðningartíminn stendur, iðgjöld, sem svara til þeirrar áhættu, sem samlagið ber vegna skipverjanna eftir að ábyrgð útgerðarmanns er lokið.

Samskonar ákvæði gilda að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum samkvæmt hjúalögum.

24. gr.

Niðurlag 42. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefir fram iðgjöld samkv. 37. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi ógoldnum iðgjöldum hans og konu hans eftir af kaupi hans eða gagnkvæmt og greiði það til sjúkrasamlagsins eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Aldrei má þó halda eftir í þessu skyni hærri upphæð en nemur 10% af kaupi. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.

25. gr.

a. Í stað orðanna í 43. gr. laganna: „á næsta mánuði að greiða gjaldið“ komi: á næstu 6 mánuðum að greiða áfallin gjöld.

b. 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

26. gr.

Aftan við 49. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Stofnun, félag eða fyrirtæki, sem stofnað hefir fyrir starfsfólk sitt eða meðlimi eftirlaunasjóð, sem veitir sjóðfélögum meiri réttindi til elli- og örorkulífeyris en Lífeyrissjóður Íslands veitir, getur sótt um viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins á starfsemi sjóðsins. Þegar sú viðurkenning er fengin, fær sérhver sjóðfélagi endurgreiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi sínu, sem nemur meðaliðgjaldi til Lífeyrissjóðs Íslands fyrir sjóðfélaga og konu hans á þeim tíma og á sama stað, sem sjóðurinn starfar. Skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu eru þó, að sjóðurinn skuldbindi sig til að greiða af iðgjaldainnlögum hvers sjóðfélaga, sem úr sjóðnum kann að fara, jafnmikla upphæð til Lífeyrissjóðs Íslands, sem hann hefir fengið frádrátt á fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga, ásamt vöxtum.

27. gr.

Aftan við 50. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem vegna fátæktar eru þess ekki megnugir. Fer um þær greiðslur eftir reglugerð, er bæjar- og sveitarstjórnir setja og staðfestar eru af ráðherra.

28. gr.

Í stað orðsins „tryggingarstjórn“ í 53. gr. laganna komi alstaðar: tryggingarstofnun, þó í fyrsta sinn: Tryggingarstofnun ríkisins.

29. gr.

a. Í stað orðsins „persónuiðgjöldunum“ í 60. gr. laganna komi: iðgjöldunum.
b. Fyrri málsl. 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

30. gr.

Orðin „samkvæmt 49. gr. 2. tölulið“ í 2. málsgr. 61. gr. laganna falli burt.

31. gr.

2. málsgr. 62. gr. laganna og til enda greinarinnar falli niður.

32. gr.

6. tölul. 71. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra, sem ekki hafa fyrir öðrum að sjá og hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls lífsframfæris.

33. gr.

Aftan við 76. gr. laganna bætist: og ávallt skal stofnun sú, er ávaxtar sjóðina, greiða ársvextina að fullu.

34. gr.

Í stað „150 þúsund“ í 78. gr. laganna komi: 200 þúsund.

35. gr.

Orðin „að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna“ í 79. gr. laganna falli niður, svo og orðin „auk þess sem að framan getur“ síðar í sömu gr.

36. gr.

Á eftir 79. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 80. gr., svo hljóðandi:

Lífeyrissjóður greiðir árlega hverju bæjar- og sveitarfélagi til ellilauna og örorkubóta:

1. Vexti af ellistyrktarsjóði bæjar- eða sveitarfélagsins og ennfremur hluta þess af ¼ af framlagi lífeyrissjóðs samkv. 77. gr. 2. tölulið. Þessi hluti ákveðst sem hér segir: Lífeyrissjóðsiðgjöld þau, sem á voru lögð árið fyrir, eru talin saman í þrjá flokka: Iðgjöld frá öllum kaupstöðum í einn flokk, iðgjöld frá öllum þorpum með yfir 300 íbúum í annan flokk og iðgjöld frá öllum sveitum í hinn þriðja. Ennfremur eru öll gamalmenni landsins 67 ára og eldri talin saman í þrjá flokka þannig: Tala gamalmenna í kaupstöðum, tala gamalmenna í þorpum með yfir 300 íbúum og tala gamalmenna í sveitum. Síðan er þessum ¼ af lífeyrissjóðsframlaginu skipt í þrjá staði: að ⅔ í hlutfalli við iðgjaldaupphæð hvers flokks, en að ⅓ í hlutfalli við gamalmennatölu hvers flokks. Er þannig fenginn hluti kaupstaða, hluti þorpa með yfir 300 íbúum og hluti sveita. Hlut kaupstaðanna er nú skipt á milli hinna einstöku kaupstaða: Hálfri upphæðinni í hlutfalli við tölu gamalmenna 67 ára og eldri í hverjum kaupstað og hinum helmingnum í hlutfalli við veitt ellilaun og örorkubætur úr bæjarsjóði hvers kaupstaðar árið áður. Hlut þorpa með yfir 300 íbúum er skipt milli hinna einstöku þorpa og hlut sveita milli hinna einstöku sveitarfélaga eftir sömu reglum. Tryggingarstofnun ríkisins tilkynnir hverju bæjar- og sveitarfélagi fyrir 1. okt. ár hvert, hver sé upphæð vaxtanna af ellistyrktarsjóði þess og hver geti orðið hluti þess af ¼ lífeyrissjóðsframlagsins samkvæmt 77. gr. 2. tölulið, en bæjar- eða sveitarfélagið leggur jafnháa upphæð á móti og það notar af hluta sínum af ¼ lífeyrissjóðsframlagsins.

Upphæð þá, sem til úthlutunar kemur samkvæmt þessum tölulið, má eingöngu nota til styrktar gamalmennum og öryrkjum, sem komizt geta af með styrk, sem nemur minna en hálfum ellilífeyri, eftir því sem næst verður komizt, að hann geti orðið, er lífeyrissjóður hefir tekið til fullra starfa, án þess að leita framfærslustyrks að auki.

2. Afganginum, ¾ hlutum, af framlagi lífeyrissjóðs samkvæmt 77. gr. 2. tölulið. Hluti hvers bæjar- og sveitarfélags af þessum hluta lífeyrissjóðsframlagsins ákveðst á sama hátt og í 1. tölulið, með þeirri einu breytingu, að við skiptinguna milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga koma veitt ellilaun og örorkubætur yfirstandandi árs í stað veittra ellilauna og örorkubóta árið áður. Í hlut hvers kaupstaðar fellur þó aldrei hærri upphæð samkv. þessum tölulið en til jafns við úthlutað framlag kaupstaðarins úr bæjarsjóði til ellilauna og örorkubóta á árinu. Nú er hlut hvers kaupstaðar skipt á milli einstakra gamalmenna og öryrkja kaupstaðarins, annara en þeirra, sem styrks njóta samkv. 1. tölulið og ekki hafa næsta ár á undan notið almenns framfærslustyrks, jafnframt ellilaunum eða örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði. Má hlutur hvers einstaks ekki nema hærri upphæð en hálfum áætluðum ellilífeyri (sbr. 1. tölul.), og ekki vera hærri en svo, að árleg ellilaun og örorkubætur, sem úthlutað er samanlagt úr lífeyrissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði, svari eðlilegum meðalframfærslueyri einstaklings, miðað við það byggðarlag, þar sem hann dvelur. Skal fara um þetta og annað hér að lútandi eftir reglum Tryggingarstofnunar ríkisins, er ráðherra staðfestir. Hlut hvers þorps með yfir 300 íbúum og hlut hvers sveitarfélags er síðan skipt milli hinna einstöku gamalmenna og öryrkja eftir sömu reglum.

Að svo miklu leyti sem allt framlag lífeyrissjóðs samkvæmt 77. gr. 1. og 2. tölulið fellur ekki til útborgunar á þennan hátt, rennur það aftur inn í lífeyrissjóð, unz það á næsta ári er lagt við framlag hans, er þá verður úthlutað.
Greinatalan hér á eftir breytist samkvæmt þessu.

37. gr.

a. Framan við 80. gr. laganna, sem verður 81. gr., bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Ár hvert skulu bæjar- og sveitarstjórnir ákveða upphæð til úthlutunar ellilaunum og örorkubótum, hver í sínu umdæmi, og ber þeim framlag úr lífeyrissjóði á móti þeim hluta upphæðarinnar, sem er umfram vexti ellistyrktarsjóðs hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, eftir reglum 80. gr.

b. Aftan við 1. málsgr. sömu gr., sem verður 2. málsgr., bætist: hafa misst meira en helming starfsorku sinnar og njóta ekki styrks samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla sér til framfærslu. Ennfremur til gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk samkv. eldri lögum um ellistyrk.

38. gr.

a. Orðið „(framfærslunefndir)“ í 1. málsgr. 81. gr. laganna, sem verður 82. gr., falli burt.

b. Síðari málsl. sömu málsgr. sömu gr. orðist svo: Skal haga úthlutuninni svo, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki fyrirsjáanlega að njóta almenns framfærslustyrks, og er heimil aukaúthlutun í því skyni, þegar kunn er orðin úthlutun lífeyrissjóðs.

c. Aftan við 2. málsgr. sömu gr. bætist: ennfremur gamalmenni á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk, samkv. eldri lögum um ellistyrk.

39. gr.

Aftan við 82. gr. laganna, sem verður 83. gr., bætist: og öryrkja, ennfremur, hverjir þeirra hafa árið fyrir notið almenns framfærslustyrks jafnframt ellilaunum eða örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði.

40. gr.

83. gr. laganna, sem verður 84. gr., orðist svo:

Þegar Tryggingarstofnunin hefir fengið skýrslur af öllu landinu samkv. 83. gr., reiknar hún út, hvaða upphæð úr lífeyrissjóði hverju einstöku bæjar- og sveitarfélagi og hverju einstöku gamalmenni og öryrkja ber samkv. reglum 80. gr., og innir síðan greiðslurnar af hendi til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga. Greiða svo bæjar- eða sveitarstjórnir hlutaðeigandi gamalmennum og öryrkjum til upphótar hverjum sinn hlut, ásamt aukaúthlutun samkv. 82. gr., ef fram hefir farið.

41. gr.

Á eftir 87. gr., sem verður 88. gr., komi ný grein, er verður 89. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingarstofnanir um gagnkvæm hlunnindi íslenzkra og erlendra þegna, hvað snertir tryggingar gegn slysum, sjúkdómum, örorku, elli og atvinnuleysi.

Greinatalan hér á eftir breytist samkv. þessu.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

43. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, hefir inni að halda ýmsar lagfæringar á alþýðutryggingarlögunum, sem reynslan hefir leitt í ljós, að þörf er á, og er miðað við hvorttveggja, að afkoma tryggðinganna megi verða öruggari en áður og þó að ýmsu leyti aukin réttindi hinna tryggðu.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir farið yfir frv. og gert við það þær athugasemdir, sem hér fara á eftir:

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið nokkru nánar á um starfssvið tryggingarráðs.

I. Slysatryggingar.

Í 2. gr. a-lið er bætt við tveimur starfsflokkum af tryggingarskyldri vinnu; ræstivinnu, þar sem hún er rekin sem atvinnugrein, og sendisveinastörfum.

Báðum þessum starfsgreinum fylgir ekki óveruleg slysahætta, og þykir því rétt að láta tryggðinguna ná einnig til þessara starfa.

Í sömu gr. c-lið er slysatryggingunni heimilað að taka að sér frjálsa tryggingu á einstökum mönnum, sem stundum er leitað eftir, og nær það einnig til þeirra manna, sem eru skyldutryggðir, ef þeir óska eftir hærri bótum.

Tryggingarstofnun ríkisins skal leita endurtryggingar á þeim hluta áhættunnar, sem hún álítur, að fari fram úr því, er hún telur sér fært að hafa á eigin ábyrgð.

Í 3. gr. er sú heimild, sem áður var fyrir útgerðarmenn til þess að tryggja sig fyrir þeirri áhættu vegna slysa, sem þeir bera samkv. sjómannalögunum, gerð þeim að skyldu. Eru engar nýjar byrðar lagðar með þessu á útgerðina, en breytingin ætti að geta orðið til hagnaðar bæði fyrir sjómenn og útgerðarmenn.

Í 4. gr. er breytt reglunni um dánarbætur til foreldra. Með alþýðutryggingarlögunum var yfirleitt gengið lengra í þá átt en áður var, að taka tillit til ómegðar hins látna, og dánarbætur auknar til mikilla muna, þegar ómegðin er þung. Hinsvegar var það ætlunin að raska ekki verulega grundvelli þeim, sem iðgjaldagreiðslurnar byggjast á, og varð því að draga úr bótagreiðslum í þeim tilfellum, þegar hinn

látni hafði engan á sínu framfæri. Við framkvæmd laganna hefir það þó komið í ljós, að óánægja hefir orðið yfir því, að bætur væru ekki greiddar til foreldra, þegar t. d. ungur, ógiftur maður hefir farizt, og þrátt fyrir það, þótt foreldrarnir væru að engu leyti á framfæri hans. Því verður ekki heldur neitað, að í slíkum tilfellum missa foreldrarnir stoð, sem gæti orðið þeim til styrktar í ellinni, og með tilliti til þessa er breytingartillagan borin fram.

Aðrar breytingartillögur við þennan kafla laganna skýra sig sjálfar.

II. Sjúkratryggingar.

Með 9. gr. frumvarpsins er tryggingarskyldan afnumin fyrir gamalmenni eldri en 67 ára. Um þessa breytingu er það að segja, að töluverðir örðugleikar eru á því að sjúkratryggja gamalmenni, sem eru komin yfir vissan aldur, enda er það óalgengt að taka þau með í venjulegum sjúkratryggingum. Elliárunum fylgir óhjákvæmilega ellihrumleiki, auk áhættunnar fyrir öðrum sjúkdómum, og það er því augljóst, að gamalmennin yrðu þung byrði fyrir samlögin, ef þau ættu að bera allan sjúkrakostnað, sem leiðir af venjulegum ellihrumleika. Hinsvegar er hætt við, að það valdi óánægju, ef ellisjúkdómarnir eru undanskildir, og í mörgum tilfellum erfitt að skera úr um það, hvort um ellihrumleika eða bótaskyldan sjúkdóm sé að ræða. Af þessum sökum hefir því þótt réttast að takmarka tryggingarskylduna við 67 ára aldur, en þó þannig, að samlagi er skylt að taka í tryggingu gamalmenni, þó eldri séu, ef læknisvottorð sýnir, að þau séu tryggingarhæf.

Þá er það ákvæði, að þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum (króniskum), virkum sjúkdómi, geta ekki tryggt sig gagnvart þeim sjúkdómi, en hafa hinsvegar rétt til að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum, og skyldu frá þeim tíma, sem sjúkdómurinn hættir að vera virkur, þó þannig, að þeir njóta ekki réttinda til að fá greidda sjúkrahúsvist eða aðra meiriháttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms, ef hann tekur sig upp aftur. Ef sá, sem þegar er tryggður í sjúkrasamlagi, veikist af slíkum sjúkdómi, greiðir samlagið fyrir hina fyrstu sjúkrahúsdvöl hans í allt að 26 vikur, en síðan ekki vegna hins sama sjúkdóms. Hér er fylgt þeirri tryggingarreglu, að ekki er hægt að tryggja sig gegn þeim skaða, sem þegar er orðinn. Auk þess mundi það verða sjúkrasamlögunum algerlega ofviða að taka að sér allan þann kostnað, sem leiðir af langvarandi sjúkdómum. Er hér fyrst og fremst átt við sjúkdóma eins og berklaveiki, holdsveiki og geðveiki, en aðra króniska sjúkdóma aðeins að svo miklu leyti, sem þeir ná því stigi að gera sjúklinginn að varanlegum heilsuleysingja, er stöðugrar meiri háttar læknisþjónustu þarfnist eða siendurtekinna sjúkdómsdvala, enda eigi hann þá rétt á að koma til greina við styrkveitingar samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nema góður efnahagur hans sé því til fyrirstöðu.

Með 10. gr. er slakað á því ákvæði laganna, að þeir, sem hærri skattskyldar tekjur hafa en kr. 4500.00, skuli ekki njóta fullra réttinda, og er sjúkrasamlögunum framvegis heimilt að veita þeim rétt til hlunninda, ef þeir greiða a. m. k. tvöfalt hærra iðgjald en þeir, sem hafa tekjur undir þessu hámarki.

Í 11. gr. felast tvær breytingar, og eru þær báðar í samræmi við tillögur þær, er fulltrúafundur, sem haldinn var af fulltrúum allra sjúkrasamlaganna, á Akureyri í sumar, samþykkti einróma.

Gengur sú fyrri út á, að Tryggingarstofnun ríkisins skipi framvegis formenn sjúkrasamlaganna. Er þessi tillaga fram komin til þess, að Tryggingarstofnun ríkisins geti sem bezt fylgzt með allri starfsemi samlaganna, og hafi tryggingu fyrir því, að alltaf geti verið í stjórnum samlaganna fastur kjarni, er kunnugur sé sjúkrasamlagsmálum, enda eru hagsmunir bæjar- og sveitarfélaganna nægilega tryggðir, þar sem þeir kjósa alla hina stjórnarmeðlimina.

Hin breytingin er um, að Tryggingarstofnun ríkisins ákveði þóknun stjórnenda og greiðist hún úr samlagssjóði, enda er það eðlilegra fyrirkomulag heldur en að launin séu ákveðin af bæjarstjórnum, en greidd úr samlagssjóði.

Í 12. gr. eru að nokkru rýmkaðir möguleikarnir til að stofna sjúkrasamlög í kauptúnum og sveitum.

15. gr.

1. Aðalbreytingarnar eru, að framvegis er samlögunum skylt að greiða almenna læknishjálp hjá samlagslækni að fullu, í stað þess að áður var aðeins skylt að greiða ¾ hluta kostnaðarins.

2. Nú er sjúkrasamlögunum skylt að tryggja öllum meðlimum sínum dagpeninga. Með samþykkt frumvarpsins fellur þessi skylda niður, en í hennar stað er þeim heimilað að taka upp almenna skyldutryggingu á dagpeningum, en ef þau gera það ekki, er þeim skylt að tryggja dagpeninga gegn sérstöku iðgjaldi, þeim sem þess óska. Þar með er dagpeningatryggingin í raun og veru aðskilin frá sjúkratryggingunni.

Þessi breyting er sérstaklega nauðsynleg vegna sjúkratrygginganna í Reykjavík. Dagpeningaupphæðin er sem sé lögákveðin í Reykjavík, en þau iðgjöld, sem greiða verður fyrir þá tryggingu, eru svo há, að aðeins örlítill hluti tryggingarskyldra manna hefir séð sér fært að tryggja sér dagpeninga fyrr en eftir svo langan biðtíma (16 vikur), að tryggingin verður af þeim sökum lítils virði. Þess vegna er lagt til hér að aðskilja dagpeningatrygginguna frá sjúkratryggingunni.

Í 17. gr. er hert á heimild þeirri, sem í lögunum er gefin til að fella niður iðgjöld atvinnulausra unglinga á heimilum fátækra foreldra.

Í 19. gr. er hækkað hámarkið fyrir ríkis- og bæjarstyrk úr 9 upp í 10 kr.

Einnig er hert á ákvæðum um, að bæjar- og sveitarsjóðir skuli greiða iðgjöld þeirra manna, sem sökum fátæktar hafa ekki getað staðið í skilum með iðgjöld sín.

24. gr. Í þessari gr. er ábyrgð atvinnurekenda aukin. Áður bar hann aðeins ábyrgð á ógoldnum iðgjöldum þeirra manna, sem hjá honum unnu, en nú er svo ákveðið, að atvinnurekandi ber ábyrgð á ógoldnum iðgjöldum hins tryggða og konu hans eða gagnkvæmt, en hinsvegar má þó aldrei halda eftir hærri upphæð en sem nemur 10% af kaupi í þessu skyni. Með þessu ákvæði er tekið fyrir það, að samlögin gangi lengra í innheimtunni en samræmanlegt er sjálfsagðri mannúð.

25. gr. Hér er breytt ákvæðinu um það, á hvern hátt menn, sem fallið hafa úr tryggingu vegna vanskila, geti komizt í trygginguna á ný. Ákvæði laganna um nýjan 6 mánaða biðtíma strax og 2 mánaða gjöld eru ógreidd virðast óþarflega ströng og gætu komið þungt niður, sérstaklega á stöðum þar sem atvinna liggur niðri frá því á haustmánuðum og fram eftir vetri.

III. Elli- og örorkutryggingar.

26. gr. Ýmsar stofnanir, svo sem Landsbankinn, Útvegsbankinn, Reykjavíkurbær o. fl., höfðu stofnað eftirlaunasjóð fyrir starfsmenn sína áður en lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi. Veita sjóðir þessir sjóðfélögunum meiri hlunnindi en Lífeyrissjóður Íslands, og hjá flestum þeirra nema eftirlaun það miklu, að sjóðfélagarnir geta aldrei fengið ellilífeyri. Virðist því ekki rétt að heimta af þeim fullt lífeyrissjóðsgjald. Þar sem hinsvegar mikill hluti af tekjum lífeyrissjóðs kemur fram sem hluti af skattskyldum tekjum, væri það tjón fyrir sjóðinn, ef mörgum mönnum, sem hafa yfir meðaltekjur, væri sleppt við greiðsluskyldu, og er því lagt til, að gefið sé eftir sem svarar meðaliðgjaldi fyrir hvern sjóðfélaga og konu hans, en jafnframt gert að skilyrði, að sjóðurinn fái viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins fyrir starfsemi sinni og tryggi það, að Lífeyrissjóður Íslands verði haldinn skaðlaus, ef sjóðfélaginn fer úr sjóðnum og getur þannig eignazt rétt á lífeyri frá Lífeyrissjóði Íslands.

29. gr. Með þessari gr. er ákveðið, að innheimtumenn lífeyrissjóðsgjaldanna fái 2% af öllum innheimtum iðgjöldum, í stað þess, að áður fengu þeir 2% fyrir innheimtu persónuiðgjaldanna. Innheimtumennirnir hafa kvartað undan, að erfitt væri að ákveða, hvað af greiddum iðgjöldum væru persónuiðgjöld og hvað væri tekjuskattstillag, þegar greiddur er einhver hluti lífeyrissjóðsgjaldsins.

Hinar breytingartillögurnar við þennan kafla skýra sig sjálfar, og er breytingartillagan við 62. gr. staðfesting á að fella niður þær greinar, sem frestað var framkvæmd á á síðasta þingi.

IV. Atvinnuleysistryggingar.

Á þessum kafla eru engar efnisbreytingar gerðar.

V. Ellilaun og örorkubætur.

Aðalbreytingarnar við þennan kafla laganna eru þessar:

33. gr. Mikið af fé ellistyrktarsjóðanna er geymt í Söfnunarsjóði, en samkv. lögum hans er óheimilt að greiða út meira en ½ vexti.

Undanfarin ár hefir öllum vöxtum ellistyrktarsjóðanna verið úthlutað, eins og alþýðutryggingarlögin ákveða, en þar sem Söfnunarsjóður hefir aðeins greitt hálfa vexti, hefir Lífeyrissjóður Íslands orðið að leggja fram hálfa vextina til bráðabirgða. Þessi grein kveður því á um, að framvegis skuli stofnun sú, er ávaxtar sjóðina, greiða ársvextina að fullu.

34. gr. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs Íslands er hækkað úr 150 þús. upp í 200 þús. kr., til þess að framlag Lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta þurfi ekki að lækka við það, að hrepps- og bæjarfélög fái vextina til frjálsrar úthlutunar.

36. gr. Við þennan kafla laganna hafa úr tveim áttum komið fram óskir um breytingar. Annarsvegar frá sveitarfélögunum, sem hafa kvartað yfir því, að hreppssjóður þurfi að leggja á móti vöxtum ellistyrktarsjóðanna, og hafa þau óskað eftir því, að fá a. m. k. vextina af ellistyrktarsjóði hreppsfélagsins til frjálsrar úthlutunar án framlags úr hreppssjóði á móti. Hinsvegar hafa komið fram raddir um það, að bæjar- eða hreppsfélag, sem vildi það við hafa, gæti notað allt lífeyrissjóðstillagið til þess að létta fátækraframfæri sitt án þess að gamalmenni bæjarins eða hreppsins fengju nokkuð ríflegri úthlutun en áður var, og hefir úr þeirri átt verið óskað eftir, að skorður væru settar við því. Til þess að verða við báðum þessum óskum er stungið upp á þeirri leið, sem í breytingartillögunum felst.

Eins og nú er, nemur framlag lífeyrissjóðs tæpum 400 þús. kr., og ef fallizt yrði á að hækka framlag ríkissjóðs (í 50 ár) úr 150 þús. upp í 200 þúsund krónur á ári, gæti framlag lífeyrissjóðs orðið upp undir 500 þús. kr. á ári fyrst um sinn, meðan ellilaunafyrirkomulagið er í fullum gangi, en færi svo minnkandi eftir því, sem lífeyrisgreiðslurnar vaxa. Af þessari upphæð eru ca. 100 þús. kr. vextir af ellistyrktarsjóðunum. Með breytingartill. er stungið upp á að skipta heildarupphæðinni í 2 hluta:

1. Til þeirra gamalmenna og öryrkja, sem komizt geta af með lægri upphæð en sem nemur hálfum ellilífeyri miðað við það, sem hann getur orðið, er lífeyrissjóður hefir tekið til fullra starfa.

Til þessara manna er veitt:

a. Vextir ellistyrktarsjóðanna ca. 100000 kr.
b. Ca. 100000 kr. framlag frá Lífeyrissjóði Íslands.
c. Frá bæjar- og sveitarfélögum sama upphæð og í b-lið.

Skilyrðið fyrir því að fá þessar 100000 kr. frá Lífeyrissjóði Íslands er, að bæjar- og sveitarfélög leggi fram jafnháa upphæð (sbr. c-lið).

Framlagi lífeyrissjóðs er skipt á eftirfarandi hátt í 3 flokka á milli kaupstaða, kauptúna með yfir 300 íbúa og sveitarfélaga:

Að $^2/_3$ hlutum í hlutfalli við álögð lífeyrissjóðsgjöld frá fyrra ári og að $^1/_3$ í hlutfalli við tölu gamalmenna, 67 ára og eldri, á sama tíma.

Innan hvers flokks er upphæðinni síðan skipt að hálfu eftir tölu gamalmenna og að hálfu eftir úthlutun ellilauna og örorkubóta á síðasta ári. Á þennan hátt er hægt að reikna út fyrirfram, hversu háa upphæð hvert bæjar- og sveitarfélag fær til úthlutunar til þessara styrkþega, en hingað til hefir það verið í óvissu, hve hátt framlag Lífeyrissjóðs Íslands yrði, fyrr en búið var að úthluta á öllu landinu.

2. Til þeirra gamalmenna og öryrkja, sem ætla má, að ekki geti komizt af með upphæð, sem svarar hálfum lífeyri:

Framlag Lífeyrissjóðs Íslands, 300000 kr. á móti a. m. k. jafnháu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum. Framlagi Lífeyrissjóðs Íslands er skipt á sama hátt í 3 flokka, á milli kaupstaða, kauptúna og sveita, eins og áður er greint, en innan hvers flokks að hálfu eftir tölu gamalmenna og að hálfu eftir úthlutun ellilauna og örorkubóta á árinu.

37. gr. b-liður. Í þessari gr. felst staðfesting á bráðabirgðalögum um að gamalmenni á aldrinum 60—67 ára, sem fengið höfðu ellistyrk samkvæmt eldri lögum um ellistyrk, skuli koma til greina við úthlutun ellilauna.

38. gr. b-liður. Þar er þannig fyrir mælt, að haga skuli úthlutuninni svo, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að njóta framfærslustyrks, og er heimil aukaúthlutun í því skyni, þegar kunn er orðin úthlutun Lífeyrissjóðs Íslands.

Aðrar breytingar, sem felast í frumvarpinu, skýra sig sjálfar.

Ed. 219. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé að sjá ríkissjóði og jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga fyrir þeim tekjum, sem lagt er til í frv. þessu, og vill því mæla með því. Ákvæði frv. um úthlutun benzínskattsins mun nefndin þó taka til sérstakrar athugunar fyrir 3. umr.

Einn nefndarmanna, Magnús Jónsson, var ekki viðstaddur á þeim fundum, sem nefndin hafði málið til meðferðar, og hefir því óbundið atkvæði um það, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. 3. málsgr. Á eftir orðunum „samkv. 2. gr.“ komi: sömu laga.

Alþingi, 27. nóv. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.

Sþ. 220. Tillaga til þingsályktunar

um innheimtu og endurgreiðslu berklavarnagjalds fyrir 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Sigurður Hlíðar, Thor Thors.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta falla niður innheimtu á berklavarnagjöldum sýslu- og bæjarsjóða fyrir árið 1936, og endurgreiða gjaldið þeim sýslu- og bæjarsjóðum, er þegar hafa greitt það.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi (fyrri hluta þ. á.) var þáltill. sama efnis og þessi fram borin, en dagaði þá uppi vegna þingrofsins. Ástæðurnar fyrir henni eru enn þær sömu. Í grg. fyrir henni þá segir:

„Berklavarnagjaldið til ríkissjóðs hefir á undanförnum árum verið með þungbærustu byrðum héraðanna, og hafa af þeim sökum verið bornar fram tillögur á síðustu þingum um lækkun þess eða niðurfelling með öllu. — Með nýrri löggjöf er gjald þetta nú horfið af sýslu- og bæjarsjóðum, frá 1. jan. þ. á., og komið að hluta á hreppssjóðina, sem ekki er heldur sanngjarnt. En að öllu athuguðu má réttmætt kallast, að héruðin verði leyst undan gjaldskyldunni fyrir þetta síðasta ár. ... Sumar sýslur og kaupstaðir hafa ekki greitt um árabil, og hefir þannig myndazt óhafandi misrétti.“

Í okt. í haust var ógreitt af þessum gjöldum milli 130 og 140 þús. kr.

Nánar í framsögu.

Ed. 221. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. Mælir nefndin með samþykkt þess, þó þannig, að allir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að bera fram brtt., er þeir þá bera fram sérstaklega, eða vera með brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 29. nóv. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Ed. 222. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 1. gr.
   a. Á eftir „vörum til útgerðar sinnar“ í 1. málsgr. kemur: eða til greiðslu á endurtryggingariðgjöldum.
   b. Þriðja málsgr. fellur niður.

II. Við 2. gr. Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 2. málsl. kemur: að fengnu samþykki.

Ed. 223. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr.

a. Fyrir orðin „einkarétt til að“ í 1. málsl. komi: einkarétt til þess að.
b. 2. málsliður 1. málsgr. falli burt.
c. Orðin „með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein“ í niðurl. 2. málsgr. falli burt.

Ed. 224. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó fjármálaráðuneytinu heimilt að lækka, og jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sérstakar málsbætur eru, til 1. júlí 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 225. Frumvarp til laga

um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útsöluverð og/eða verzlunarálagning í heildsölu og smásölu á tilteknum nauðsynjavörutegundum megi ekki vera hærri en verðlagsnefnd ákveður. Heimild þessi nær þó ekki til þeirra vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum.

2. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum: 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðilja, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra mann í nefndina í hans stað.

3. gr.

Hlutverk verðlagsnefndar er að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, eftir því hvort hentara þykir, í heildsölu og smásölu á þeim vörum samkv. 1. gr., sem ríkisstjórnin hefir á hverjum tíma ákveðið, að störf nefndarinnar skuli taka til. — Skal ríkisstjórnin, þegar lög þessi koma til framkvæmda, gefa út auglýsingu um þær vörutegundir, eða vöruflokka, sem hún ætlast til, að verðlagsákvæði verði sett um, og á sama hátt auglýsa, ef nýjum vörutegundum verður bætt við síðar. Ef um hámarksálagningu er að ræða, skal hún takmörkuð við ákveðinn hundraðshluta af kostnaðarverði vörunnar, kominnar á sölustað. Heimilt skal nefndinni, ef henni þykir ástæða til, að skipta landinu í verðlagssvæði.

4. gr.

Nefndin hefir vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum um innkaupsverð, útsöluverð og framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

5. gr.

Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem

síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og eftirlit með þeim setur ríkisstjórnin með reglugerð. Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 4. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

8. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða allt að 10000 króna sektum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum, eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem rís út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 frá 1915 og lög nr. 7 frá 1917, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 226. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu fyrir samvinnubyggð eða til annara almenningsnota, enda mæli nýbýlastjórn ríkisins og sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu með kaupunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 227. Þingsályktun

um byggingu stýrimanna- og vélfræðiskóla í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 176.

Nd. 228. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar.

Flm.: Sigurður Hlíðar, Finnur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 milljóna króna lán fyrir Akureyrarkaupstað til rafvirkjunar, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði raforkuveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1922 var núverandi raforkustöð Akureyrar reist með vatnsafli úr Glerá. Hugðu forráðamenn bæjarins þá og verkfræðiráðunautar, að rafveita þessi mundi nægja bæjarbúum um alllangt árabil til ljósa og eitthvað til suðu og iðnrekstrar. En það kom brátt í ljós, að rafveitan var ófullnægjandi. Einkum varð tilfinnanlegur skortur á vetrum, þegar vatnsrennsli árinnar var minnst. Var úr þessu bætt í bráð með 165 ha. hjálparmótor. Var svo upprunalega til ætlazt, að mótor þennan skyldi aðeins nota þegar vatnsskortur væri í ánni, en reynslan varð sú, að án hans varð ekki komizt af mestan part ársins, og hrökk ekki til.

Á þeim 15 árum, sem rafveitan hefir starfað, hefir íbúum bæjarins fjölgað allverulega, og auk þess varð ekki hjá því komizt að láta Glerárþorpi og Kristneshæli rafmagn í té. Samtímis hefir mönnum lærzt að nota rafmagn til heimilisþarfa miklu meir og örar en ráð var gert fyrir í fyrstu. Þá var og lítill iðnrekstur á Akureyri, sem vænta mátti, að rafmagn yrði notað við. Nú aftur á móti hefir margskonar iðnaði fleygt þar fram á síðari árum, og færri geta nú fengið raforku til iðnrekstrar en vilja. Og loks má á það benda, að þeir menn, sem bera hag bæjarins mest fyrir brjósti, álíta, og það með ríkum rökum, að framtíð bæjarins og afkomumöguleikar fólksins séu mjög undir heppilegri lausn rafmagnsmálsins komnir. Þegar á þetta er litið, ætti mönnum að verða ljóst, hver knýjandi nauðsyn er á, að kleift verði að reisa nægilega stórt orkuver með þarfir Akureyrarkaupstaðar og nærliggjandi sveita fyrir augum.

Með aðstoð ríkisstjórnarinnar hafa rannsóknir farið fram á undanförnum árum um nýja og fullkomna rafvirkjun fyrir Akureyri og nærliggjandi sveitir. Liggja nú fyrir nákvæmar mælingar, útreikningar og kostnaðaráætlanir um slíka rafvirkjun við helztu fallvötn í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu. Að öllu athuguðu þótti ákjósanlegast að virkja Laxárfossa að Brúum í Suður-Þingeyjarsýslu. Með það fyrir augum voru samþykkt lög á síðasta Alþingi, nr. 47 13. júní 1937, um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem bæjarstjórn Akureyrar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Laxá til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa, en

ábyrgð ríkissjóðs á láni til rafvirkjunarinnar fékkst þá ekki. Þótti þá ekki fullreynt, að aflað yrði láns án ríkisábyrgðar. Síðan hefir verið reynt að fá slíkt lán erlendis, svo sem í Svíþjóð, Danmörku og Englandi, en ekki tekizt. Er þar með öll von úti um það, að hægt verði að hrinda þessu mikla nauðsynja- og þrifamáli í framkvæmd, nema með svofelldu móti, að ríkisábyrgð á láni til fyrirtækisins komi til. Hinsvegar eru nú miklar líkur til, ef ekki full vissa fyrir því, að fá megi hagstætt lán erlendis til virkjunarinnar, ef ábyrgð ríkissjóðs fæst.

Nánar í framsögu.

Nd. 229. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin „nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði" í 5. málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Síðari málsl. 2. gr. laganna, „Getur ríkisstjórnin" o. s. frv., falli niður.

3. gr.

Orðið „þrjá" í 2. málsgr. 2. málsl. 12. gr. laganna falli niður.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður skal vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. 14. gr. laga þessara.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði 400000 kr. árlega til sjóðsins af útflutningsgjaldi sjávarafurða.
2. Við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skal greiða gjald í sjóðinn, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.

Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

5. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru.
2. Að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. áliti ráðherra og fiskimálanefndar eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert hraðfrystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að ¼ kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið síðustu tvö árin, svo og þau frystihús, er á sama tíma hafa komið upp hraðfrystitækjum til fiskfrystingar, geta einnig orðið hlunninda þessara aðnjótandi.
3. Að styrkja félag sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtízku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu

og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu. Félagið sé stofnað undir eftirliti fiskimálanefndar, og er öllum sjómönnum, verkamönnum og öðrum, sem fullnægja ákveðnum, almennum skilyrðum, er nefndin setur, heimil þátttaka.

Þeim, sem fá styrk til togarakaupa, er óheimilt að veðsetja skip, er styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárhæð en kostnaðarverði, að frádregnu framlagi fiskimálasjóðs. Nú er slíkt skip selt, og skal þá endurgreiða fiskimálasjóði þann hluta söluverðsins, sem er hlutfallslega jafn framlagi sjóðsins, til togarakaupanna, þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.

4. Að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða.
5. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

Fiskimálanefnd annast um veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði, að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. jan. 1938.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 42 13. júní 1937, um viðauka við lög nr. 121 12. des. 1935, inn í lög nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Nd. 230. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að annaðhvort útsöluverð eða verzlunarálagning í heildsölu og smásölu á tilteknum nauðsynjavörutegundum, eða hvorttveggja, megi ekki vera hærra en verðlagsnefnd ákveður.

Ed. 231. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 2. des. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Árni Jónsson.

Ed. 232. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 233. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

a. Á eftir orðunum „telst þar til" í fyrstu málsgr. 1. gr. laganna bætist inn í: húsnæði, fatnaður, ljós, hiti o. s. frv.

b. Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:

Skal atvinnumálaráðuneytið skipa sérfróða nefnd, sem í byrjun hvers fjárhagsárs, að fengnum tillögum framfærslunefnda og sveitarstjórna, gerir áætlun um nauðsynlega framfærslu heimilis samkv. gildandi verðlagi á hverjum stað, og birtir sundurliðaða skrá yfir framfærslukostnað, er hún telur fjölskyldum nægilegan á hverjum stað og farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður samkvæmt skránni. Að minnsta kosti tvær konur skulu jafnan eiga sæti í nefnd þessari, og skal önnur þeirra jafnan vera reynd húsmóðir.

2. gr.

Orðin „enda hafi hún foreldraráð yfir þeim" í 1. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar framfærsluþurfi að búa utan heimilis framfærslumanns, og skal hann þá fá af almannafé svo sem 1. gr. ákveður. Viðkomandi lögreglustjóri úrskurðar síðan og innheimtir greiðslu þessa hjá framfærslumanni að nokkru eða öllu leyti, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns. Úrskurði yfirvalds í þessu efni má skjóta til stjórnarráðsins.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Yfirvald ákveður, þar sem framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

6. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Fráskilin kona á rétt á að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt, en heimilt er þó sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðilja breytast, þó svo, að aldrei sé greitt minna en meðalmeðlag með börnunum.

7. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Landið er eitt framfærsluhérað, og á sérhver íslenzkur ríkisborgari rétt á framfærslu í dvalarsveit sinni.

8. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Framfærslumaður eða ríki á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og hjú, skipverji og iðnnemi, ef þau neyta eigi réttar síns.

9. gr.

13. og 14. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

10. gr.

Í stað orðsins „meðlagsúrskurði“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi: samningi.

Alstaðar þar, sem stendur „meðalmeðlag“ í greininni komi: meðalmeðgjöf.

11. gr.

16. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Í stað orðanna "í heimilissveit sinni“ í 18. gr. laganna komi: hér á landi.

13. gr.

Við 20. gr. laganna bætist: og kemur ekki til niðurjöfnunar samkv. þessum lögum.

14. gr.

a. Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi:

Sama rétt á og kona öryrkja og manns, sem þjáist af langvarandi sjúkdómi og nýtur eigi dagpeninga úr sjúkrasamlagi, og ennfremur kona manns, sem dvelur langdvölum í fangelsi eða á vinnuhæli.

b. Við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skal konan leggja fram skriflega umsókn og fylgja henni skýrsla gefin af henni sjálfri. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita umsagnar um skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

15. gr.

Á eftir orðunum í 23. gr. „hljóða á nafn hinna yngstu“ komi: Heimilt er að úrskurða meðlag allt að því ár aftur í tímann, ef fjárhagsástæður eru þannig, að þess gerist þörf.

16. gr.

Í stað „ekkjunnar“ í 23. gr. og „ekkjan“ í 24. gr. laganna komi: konunnar og konan.

17. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Meðlög með börnum samkvæmt úrskurði og barnsfararkostnaður skal greiðast

af lögreglustjóra, þar sem úrskurðinum er framvísað. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess krafizt. Meðlagsúrskurðir og barnsfararkostnaður kemur eigi til niðurjöfnunar samkv. lögum þessum.

18. gr.

26. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

19. gr.

Aftan við 28. gr. laganna bætist: í umboði stjórnarráðsins.

20. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal vera framfærslunefnd, skipuð 5 mönnum, til að annast framkvæmdir framfærslumálanna í kaupstaðnum.

Í Reykjavík kýs fulltrúaráð verklýðsfélaganna einn mann og verklýðsfélögin í kaupstöðum annarsstaðar einn mann. Bæjarstjórn kýs þrjá menn hlutbundnum kosningum. Ráðuneytið tilnefnir einn mann til jafnlangs tíma og nefndarmenn eru kosnir, og er hann formaður nefndarinnar.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Í kaupstöðum skal nefndin vera launuð.

21. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að stofna framfærslunefnd, er skipuð sé þrem mönnum, tveim kosnum hlutfallskosningu af hreppsnefnd og formanni, er ráðuneytið skipar.

22. gr.

Aftan við 32. gr. laganna bætist:

Á sama hátt er hverjum einstökum meðlim framfærslunefndar heimilt að áfrýja úrskurði meiri hluta nefndarinnar.

23. gr.

Í stað orðanna „sveitarfélagi sínu“ í síðari málsgr. 33. gr. laganna komi: framfærslustjórn.

24. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun og framkvæmd framfærslumála á hverjum stað. Meðal annars skal tiltekið í þeirri reglugerð, hvaða kröfur skuli gerðar til heimila og stofnana, sem taka að sér börn og aðra styrkþega, hvernig eftirliti skuli hagað með gamalmennum, börnum og sjúklingum o. s. frv.

25. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá senda framfærslunefnd eða sveitarstjórn skriflega beiðni, þar sem greinir frá ástæðum og heimilishögum hans, atvinnu, ómagafjölda, heilsufari, eignum og skuldum. Er honum skylt að greina rétt frá högum sínum að viðlögðum drengskap. Skal ráðherra láta gera eyðublöð fyrir þessar umsóknir og senda framfærslunefndum og sveitarstjórnum.

Framfærslustyrkur skal greiddur í peningum, nema styrkþegi óski annars. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera gott og heilsusamlegt að dómi héraðslæknis.

Styrkþega skal heimilt að velja sér húsnæði eða dvalarstað sjálfur, ef kröfur hans fara ekki fram úr því, sem heilbrigðisnefnd telur sanngjarnt, enda hafi framfærslunefnd ekki sambærilegt húsnæði til handa styrkþega.

26. gr.

41. gr. laganna orðist svo:
Aldrei má framfærslunefnd eða sveitarstjórn sundra heimilum sakir fátæktar.

27. gr.

a. Í 43. gr. laganna falli niður orðin: „að því leyti sem við verður komið“.
b. Aftan við sömu gr. bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefndar, samkv. næstu málsgr. á undan, til stjórnarráðsins.

28. gr.

a. Í stað „Innansveitarmenn“ í upphafi 2. málsgr. 44. gr. komi: Félög eða einstaklingar.
b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú þykir lögreglustjóra ástæða til, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, að láta í té til bráðabirgða aðstoð eða hjálp, og fellir hann þá úrskurð þar að lútandi, enda er þá sveitarsjóði skylt að leggja út þann kostnað, er úrskurðurinn kynni að hafa í för með sér. Áfrýja má úrskurði lögreglustjóra til ráðherra, en hlíta skal úrskurði lögreglustjóra þar til fullnaðarúrskurður fellur.

29. gr.

45. gr. laganna orðist svo:
Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem eru undir hennar umsjá, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.

30. gr.

2. málsgr. 48. gr. laganna falli niður.

31. gr.

49. gr. laganna orðist svo:
Nú hefir heimilisfaðir vinnu, sem nægja mundi til framfærslu heimilisins, eða þiggur nægan framfærslustyrk, en lætur heimilið bjargarlaust vegna drykkjuskapar eða annarar óreglu, og er framfærslunefnd eða sveitarstjórn þá heimilt, að fengnum úrskurði lögreglustjóra, að skylda atvinnurekanda þann, sem viðkomandi vinnur hjá, að greiða allt kaupið eða hluta þess til konunnar, eða ef um framfærslustyrk er að ræða, skal henni afhentur styrkurinn.

32. gr.

a. 1. málsgr. 50. gr. laganna orðist svo:
Sveitarstjórn skal, svo sem auðið er, sjá vinnufærum framfærsluþurfum fyrir viðunanlegri vinnu, sem gerir þeim fært að sjá heimili sínu farborða, enda sé hún greidd með venjulegu kaupgjaldi á staðnum.
Skylt er framfærsluþurfa að taka þá vinnu, sem sveitarstjórn hefir vísað honum á, nema hann hafi frambærilegar ástæður til neitunar, svo sem: 1) að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði, 2) að heimilisástæður hamli því, að hann geti sótt til vinnu langt frá heimilinu, 3) að vinnan sé ekki í hans fagi, ef um fagfólk er að ræða, 4) að atvinnan sé svo léleg eða skammvinn, að hún nægi ekki til lífsframfæris, en geti hinsvegar orðið til þess að hann verði af betri vinnu annarsstaðar.
b. Í stað orðanna í 2. málsgr. sömu greinar „Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann“ komi: Sveitarstjórn getur látið barnsföður.
c. Síðasta málsgr. sömu greinar falli niður.

33. gr.

51. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

34. gr.

a. Í stað „framfærslusveit“ í 52. gr. laganna komi: heimilissveit.
b. Orðin „að viðlögðu fangelsi skv. 53. gr.“ í lok sömu gr. falli burtu.

35. gr.

53. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

36. gr.

Yfirskrift VII. kafla verði: Um endurgreiðslu framfærslustyrks og jöfnun framfærslukostnaðar.

37. gr.

54. og 55. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

38. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurgreiða hann ríkinu sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur samkv. þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því ekki stefnt í hættu. Aldrei má þó gera fjárnám í meðlagsúrskurði með börnum né barnsfararfúlgu.

Ennfremur getur faðir eða móðir, sem meðlag eiga að greiða, fengið með úrskurði valdsmanns undanþágu frá endurgreiðsluskyldu fyrir lengri eða skemmri tíma, ef ástæður eru fyrir hendi, svo sem veikindi, atvinnuleysi, ómegð eða annað slíkt.

39. gr.

Tvær síðari málsgr. 58. gr. laganna falli niður.

40. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Nú vanrækir barnsfaðir að endurgreiða ríkinu meðlag, sem greitt hefir verið samkv. úrskurði, og er þá heimilt að leggja löghald á kaup hans eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má þá hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

41. gr.

60. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

42. gr.

61. gr. laganna orðist svo:

Nú deyr foreldri, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og á þá móðir barnsins eða fósturforeldri rétt á að fá hið úrskurðaða barnsmeðlag greitt, sem telst þá styrkur veittur munaðarlausu barni. Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins, áður en hann dó.

43. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður, eða frá

ríkinu að barnsföður lifandi, og á hún þá áframhaldandi rétt til meðlagsgreiðslu, svo lengi sem úrskurðurinn er í gildi.

Valdsmaður getur numið úrskurð úr gildi, ef sannað er, að fjárhagsástæður móðurinnar hafa breytzt svo, að tryggt sé, að hún geti alið barnið upp án meðlags.

44. gr.

a. Við 63. gr. laganna bætast nýir töluliðir:
   8. Styrkur veittur í veikindum fyrirvinnu heimilis, er eigi nýtur dagpeninga úr sjúkrasamlagi.
   9. Styrkur veittur vegna ómegðar.
b. Aftan við setninguna „sem hér um ræðir“ bætist: nema meðlögin, sem ríkið greiðir.

45. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefndar, að ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega, og skal þeim heimilt að ákveða, að svo skuli ekki, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans sjálfs eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, atvinnuleysi hans eða vegna annara óhappa. Ákvörðunum sveitarstjórna getur styrkþegi eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það framfærsluskuld veitt honum til handa.

46. gr.

65. gr. laganna og þær greinar, sem á eftir koma, falli allar niður. Í stað þeirra bætast þrjár nýjar greinar í áframhaldandi röð:

a. Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn atvinnumálaráðuneytinu yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu.

   Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður framfærslukostnaði allra sveita á landinu á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna á landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni í samanburði við tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu.

   Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar framfærslukostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim bar, samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem greitt hafa of mikið. Skal innheimtu og endurgreiðslu lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.
b. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938, og falla þá jafnframt úr gildi öll þau lagaákvæði, er kynnu að brjóta í bága við þau.
c. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt fyrst og fremst til þess að taka verstu agnúana af núverandi framfærslulöggjöf. Það verður því að líta á þetta frv. sem bráðabirgðabreytingu, á meðan tryggingalöggjöf landsins er ekki komin í það horf, er gerir alla framfærslulöggjöf í núverandi mynd óþarfa. Frv. felur samt í sér allverulegar breytingar á framfærslulöggjöfinni, sem gera hana í senn einfaldari í framkvæmdinni og hagkvæmari fyrir styrkþurfa.

Helztu breytingarnar eru þessar:

1. **1. gr. frv.** Þó að 1. gr. í núgildandi framfærslulögum eigi að fela í sér skyldu hins opinbera til þess að sjá þeim borgið, sem sjálfir af einhverjum orsökum eru þess ekki megnugir, þá er framkvæmd laganna víðast hvar svo, að styrkþurfinn finnur ekki, að hann eigi neinn rétt. Hið opinbera tekur ekki tillit til neins annars en þess, að framfærslan kosti sem allra minnst á hverju augnabliki. Aðferðin verður auðvitað oft hin dýrasta, þar sem heilsu styrkþurfa er stefnt í voða af skorti á lífsnauðsynjum, auk þess sem slík aðferð hefir siðspillandi áhrif á þá, sem styrk þurfa að þiggja. Enginn mælikvarði er til um það, hver sé réttur þess, sem fullan framfærslustyrk þarf. Til þess að ná einhverju, verður styrkþurfinn oft að beita ýmsum brögðum, t. d. skríðandi auðmýkt eða ofstopa og frekju, sem að vísu er þó sjaldgæfara en orsök er til. Það væri því mikil nauðsyn á að ákveða í lögum um lágmarksupphæð fullkomins framfærslustyrks, sem tryggði styrkþegum rétt til ákveðins styrks, sem þeir gætu krafizt, er þeir hefðu sannað, að þeir þyrftu styrksins með, eins og t. d. dagpeninga í sjúkrasamlagi. Framfærslustyrkurinn er ekkert annað í eðli sínu en trygging, sem allir hafa borgað eftir efnum og ástæðum, og á auðvitað ekki eingöngu að miða að því að halda lífinu einhvernveginn í styrkþurfum, heldur fyrst og fremst að því að tryggja, að þeir geti sem fyrst orðið færir um að verða sjálfbjarga aftur, og þegar um barnafjölskyldu er að ræða, þá að tryggja það, að heilsa og þroski barnanna sé ekki sett á vonarspil.

   Sú leið að ákveða lágmarksupphæð er þó ekki farin hér, enda er mjög torvelt að festa í lögum, hvað styrkur skuli vera minnstur, sökum hinna öru verðlagsbreytinga, sem eiga sér stað frá ári til árs. Hér er aftur á móti sú lausn fundin, að sérfróð nefnd geri áætlun um nauðsynlegan framfærslukostnað heimila, samkv. gildandi verðlagi á hverjum tíma og á hverjum stað.

   Það virðist ekki nema sanngjarnt, að slík nefnd sé skipuð af yfirstjórn framfærslumálanna, ríkisstjórninni, þegar ríkið verður eitt framfærsluhérað. Það er að vísu mikill galli, að slík nefnd hefði hið afgerandi orð um upphæð framfærslustyrks og styrkþurfum yrði lokuð sú leið að áfrýja úrskurði hennar. Hinsvegar yrði sú skrá, sem hún semdi yfir þurftarstyrk, réttur styrkþega á hverjum stað, sem hann gæti krafizt að fá greiddan, ef hann þyrfti fullan styrk.

   Því verður að treysta, að slík nefnd skoðaði það fyrst og fremst skyldu sína að ákveða gjaldskrána þannig, að miðað sé við þá upphæð, sem á hverjum stað verður að teljast nauðsynleg til sómasamlegrar framfærslu heimilis.
2. **2. gr. frv.** Þessi breytingartillaga er gerð með tilliti til þess, að foreldraráð og framfærsluskylda fylgjast ekki alltaf að. Faðir hefir t. d. aldrei foreldraráð yfir óskilgetnu barni sínu. Kona hans hefir því enga framfærsluskyldu við óskilgetin börn manns síns, hversu góðar ástæður sem hún hefir. Eru dæmi til þess, að Reykjavíkurbær hefir ekki getað endurkrafið meðlag frá efnuðum föður vegna þess, að konan hafði fjárráðin á heimilinu.
3. Við 7. gr. laganna er gerð breyting, sem heimilar framfærsluþurfa, sem á framfærsluskylda frændur á lífi, að kjósa sér sjálfir dvalarstað, þar sem fjöldamörg dæmi eru til þess, að nú verða þeir annaðhvort að hálfsvelta til þess að komast hjá því að leita til sveitar eða framfærslumanna sinna eða þá að dvelja sér um geð á heimili framfærslumanns. Þetta ákvæði núgildandi laga hefir í mörgum tilfellum eyðilagt heimilislífið og komið af stað missætti, sem hefði mátt komast hjá.
4. Breytingin við 12. gr. laganna er ein hin mikilvægasta, sem gerð er við lögin, þar sem er ákvæðið um, að ríkið skuli vera eitt framfærsluhérað. Þar með er fengin trygging fyrir því, að hinn illræmdi sveitarflutningur hverfur, enda gerir frv. alstaðar skýlausan sjálfsákvörðunarrétt styrkþurfans, sbr. og breyt. við 7., 39., 41. og 50. gr. laganna..

5. **14. gr. frv.** Reynslan hefir sýnt, að verst er séð fyrir í núgildandi lögum heimilum, þar sem húsbóndinn er fatlaður, veikur eða fjarvistum um lengri tíma. Úr þessu er reynt að bæta með því að koma þessum heimilum undir sömu ákvæði og heimilum ekkjunnar.
6. Í 17. gr. frv. er tekið upp það nýmæli að láta greiða meðlög hjá lögreglustjórum, í stað þess að nú annast bæjar- og sveitarstjórnir slíkar greiðslur. Réttara virðist og sanngjarnara, að ríkið greiði meðlög með börnum, og myndi þetta fyrirkomulag á greiðslu styrksins verða til mikils hagræðis fyrir barnsmæðurnar.
7. **20. gr. frv.** Það hefir komið í ljós við framkvæmd framfærslulaganna, sem og ýmsra annara laga, að jafnvel hagkvæm ákvæði geta snúizt til tjóns í höndum þeirra, sem ýmist eru miður velviljaðir eða ekki þekkja nægilega ástæður, kjör og hugsunarhátt fólksins, sem lögin ná til. Með því að láta verklýðsfélögin eða fulltrúaráð þeirra kjósa einn mann í framfærslunefnd, er fengin nokkur trygging fyrir því, að réttur framfærsluþurfa sé ekki fyrir borð borinn vegna vanþekkingar á kjörum hans. Í sveitum þótti hinsvegar ekki fært að setja þetta ákvæði, með því að víða eru þar engin verklýðsfélög starfandi, enda sumstaðar óþarflega viðamikið að hafa sérstaka framfærslunefnd.
8. 27. og 28. gr. eru samhljóða 7. og 8. gr. frv., sem Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson fluttu á síðasta Alþingi, og vísast því hér til greinargerðar með því frv., svo hljóðandi:

   „Í 8. gr. frv. eru tvær nýjar smábreytingar. Önnur er smávægileg breyting á 2. málsgr. 44. gr., er ekki þykir ástæða að ræða frekar um. Hin er auki við sömu framfærslulagagrein (44. gr.), þar sem lögreglustjóra er heimilað að úrskurða um bráðabirgðahjálp til framfærsluþurfa. Hefir þetta verið gert einstöku sinnum í Reykjavík, án þess að til þess væri skýr heimild í framfærslulögunum. Þykir því réttara að hafa til þess ákveðna lagaheimild."
9. **29. gr. frv.** Hörmulegur misbrestur hefir löngum verið og er enn á uppeldi munaðarlausra barna, sem sveitarstjórnir eiga að sjá fyrir. Með þessari grein er viðurkenndur réttur slíkra barna til eigi lakara uppeldis heldur en þess, er bjargálna foreldrar reyna að veita börnum sínum.
10. **30. gr. frv.** Þessi niðurfelling sýnist tæplega þurfa skýringar við. Virðist það í alla staði óréttlætanlegt, að þó fólk hafi neyðzt til að fá styrk eða lán hjá sveitinni, þá sé það undir öðrum réttarfarslögum en aðrir ríkisborgarar, eða að það sé svipt fjárráðum af þeim einum ástæðum, að það hefir komizt í skuld við sveitina.
11. **31. gr. frv.** Með því að breyta 49. gr. laganna á þann hátt, sem hér er gert, er öllum gert jafnt undir höfði, hvort sem þeir þiggja framfærslustyrk og „fara ráðlauslega með efni sín", eins og segir í greininni, eða svalla út kaupi sínu, svo að heimilið verður oft verr stætt heldur en fyrirvinnulaust. Þessi takmörkun á fjárforræði, sem um getur í frv., virðist vera nægileg, enda hætt við, að ákvæðum 49. gr. verði misbeitt.
12. **32. gr. frv. (a).** Það þykir einsætt, að sveitarstjórnum og öðrum, sem um framfærslumál fjalla, beri siðferðisleg og þjóðfélagsleg skylda til að sjá vinnufærum mönnum fyrir vinnu, í stað þess að gera menn að æfilöngum styrkþegum, svo sem oft vill verða, ef um langvarandi atvinnuleysi er að ræða, sem drepur niður bæði líkamlega krafta og viljaþrek manna. En sú vinna, sem mönnum er fengin, verður að vera valin við hæfi hvers eins og ekki sem ófrjálsra manna vinna.
13. **45. gr. frv.** Það virðist með öllu ástæðulaust að láta framfærsluskuldir hrúgast upp á þá menn, sem sýnilega verða aldrei færir um að greiða þær, jafnvel þótt heimilishagur þeirra batnaði svo, að þeir gætu komizt af hjálparlaust, enda til lítillar uppörvunar fyrir styrkþega, ef þeir eiga að rogast með margra ára

skuldasúpu, vitandi það, að hver eyrir, sem viðkomandi aflaði sér fram yfir brýnustu þarfir, yrði tekinn til lækkunar á skuldinni.

14. **46. gr. frv.** er um niðurjöfnun framfærslustyrksins á milli sveitarfélaganna, og er þar farið eftir frv. Jóns Baldvinssonar á þinginu 1932 (þingskjal 159).

Nd. 234. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita þeim Karel Hjörtþórssyni verkstjóra, Theodór Jónssyni bókara og Sveinbirni Jónssyni byggingameistara, öllum til heimilis í Reykjavík, sérleyfi til fóðurmjölsframleiðslu úr þangi til sölu, ef þeir leiða að því þau rök, er ríkisstjórnin tekur gild, að þeir geti hafið þessa framleiðslu og rekið hana og framleitt góða og óskaðlega vöru.

Sérleyfið má veita til allt að 10 árum frá því er lög þessi öðlast gildi, enda sé á því tímabili öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að framleiða þessa vöru til sölu.

2. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki hafið framleiðslu í nokkuð stórum stíl, að dómi ríkisstjórnarinnar, innan þriggja ára frá veitingu sérleyfisins, eða falli framleiðslan niður um tveggja ára skeið á sérleyfistímabilinu, getur ríkisstjórnin fellt sérleyfið úr gildi.

3. gr.

Sérleyfishafar skulu háðir þeim reglum, sem ríkisstjórnin kann að setja við veitingu sérleyfisins til að tryggja vörugæði framleiðslunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Greinargerð sú, er hér fer á eftir, er samin af umsækjendum þeim um sérleyfið, er nefndir eru í 1. gr. frv.

Um nokkurra ára skeið hefir Karel Hjörtþórsson gert athuganir og tilraunir með fóðrun húsdýra, sérstaklega mjólkurkúa, á sjávargróðri. Fékk hann síðan í lið með sér þá Theódór Jónsson og Sveinbjörn Jónsson, sem á síðastliðnu ári gerðu ásamt honum tilraunir og athuganir með að ná skaðlegum efnum úr sjávargróðrinum, þurrka hann, mala og blanda þeim efnum, að hann, þannig tilreiddur í mjöl, yrði heilnæmt og kjarngott húsdýrafóður, er þyldi geymslu á venjulegan hátt.

Eftir að efnagreiningar á Rannsóknarstofu ríkisins höfðu sýnt þann árangur, er fylgiskjal 1 ber með sér, og eftir að hafa ráðfært sig við Búnaðarfélag Íslands, framleiddu sérleyfisbeiðendur nokkur hundruð kílógrömm af þangmjöli, sem þeir blönduðu að litlum hluta með síldar- og fiskimjöli. Doktor Jón Vestdal gerði efnagreiningu á mjölinu óblönduðu (fylgiskjal 2) og reiknaði út efnasamsetningu fóðurblöndunnar (fylgiskjal 3). Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands var svo hr. efnafræðingur Þórir Guðmundsson fenginn til að gera fóðurrannsóknir með þangmjölið, þannig blandað með síldar- og fiskimjöli. Fylgir hér með afrit af efnagreiningu hans og áliti (fylgiskj. 4). Auk þessarar tilraunar Þóris var fóðurmjölið reynt lítilsháttar af öðrum sem kúa- og hænsnafóður, og virtist þeim það gefast mjög vel.

Þótt aðferðin við framleiðslu mjölsins sé sérstök og að mestu leyti fundin upp af sérleyfisbeiðendum sjálfum, þá er hún ekki á þann veg, að hægt sé að fá venjulegt einkaleyfi (patent) á henni. En þar sem til framleiðslunnar þarf mikinn útbúnað og tæki, en markaðurinn hinsvegar takmarkaður, er ógerningur að fara af stað með framleiðslu án þess að hafa nokkurskonar vernd fyrir offramleiðslu og óheilbrigðri samkeppni. Ætti það einnig að vera trygging fyrir góðri og ódýrri vöru, að fóðurmjölið væri framleitt af einu og sama fyrirtæki fyrir allt landið, er þá nyti alls markaðarins og gæti haft efnafræðing í þjónustu sinni og þannig betur staðið straum af rannsóknum og tilraunum, sem gera þarf, svo að sem beztur árangur fáist.

Hin tekniska hlið framleiðslunnar er ekki fyllilega ákveðin, svo að ekki er hægt að gera grein fyrir henni eða stofnkostnaði fyrirtækisins. Framleiðslumagn er ekki heldur hægt að áætla. En eins og kunnugt er, er mjög mikið notað af erlendum fóðurbæti, maís, rúgmjöli o. fl., sem þangmjölið gæti komið í staðinn fyrir. Þannig virðist hafa verið flutt inn í landið 1935 ca. 2500 tonn af maís. Kunnugur maður í þessum efnum hefir athugað, hve mikið landsmenn hafa notað af erl. og innl. fóðurbæti árin 1933—1935, og telst honum til, að það muni hafa numið að verðmæti 1½ millj. kr. hvert árið. Þar af hafi ⅔ hlutar verið útlendur fóðurbætir. Það er því augljóst, náist sá árangur, sem vænta má eftir tilraunum sérleyfisbeiðenda, að mikill sparnaður getur orðið á útlendum gjaldeyri við framleiðslu þangmjölsins, og kemur innlend vinna á við það í staðinn. Kostnaður við framleiðslu mjölsins er að langmestu leyti innlendur. Þó þarf útlent efni til framleiðslunnar, umbúðir, benzín og viðhald bíla til flutninganna. Allt þetta mun nema ca. 15% af framleiðslukostnaðinum.

Sérleyfisbeiðendur hafa sent sýnishorn af þangmjölinu og efnagreiningu þess til Belgíu og fengið svar til baka, sem gefur miklar vonir um, að talsverður markaður fáist fyrir það þar. —

Fylgiskjal I.

Árangur af rannsókn á sýnishorni af fóðurblöndu, framkvæmdri 29. júní 1936 á Efnarannsóknarstofu ríkisins:

Vatn	15,2%
Aska	10,6—
Köfnunarefnissambönd	23,0—
Hráfita	4,4—
Tréni (aðferð Weende)	1,8—
Önnur efni	45,0—
	100,0%

Amiðefni	2,8%
Eggjahvítuefni (% af köfnunarefnissamb.)	20,2—
Eggjahvítuefni, meltanleg (% af eggjahvítuefnum)	15,0—
Matarsalt (Na Cl)	1,4—

Rannsóknarstofa ríkisins (stimpill).

Bjarni Jósefsson (Sign).

Fylgiskjal II—III.

Dr. Ing. Jón E. Vestdal,
efnafræðingur.

Reykjavík, 23. nóv. 1936.

Ég hefi rannsakað fyrir yður eitt sýnishorn af þangi og hafa niðurstöður rannsóknarinnar orðið þessar:

Vatn	15,07%
Aska	16,16—
Hráfita (etúrextrakt)	2,78—
Hráprótein	8,60—
Hreint prótein	7,55—
Önnur efni	57,39—
Meltanleiki eggjahvítu	16,00—

Fóðurblanda: 450 kg. þangmjöl, 100 kg. síldarmjöl og 50 kg. fiskimjöl, farið eftir meðalanalysu á mjöltegundunum, verður útreikningur á fóðurblöndunni þessi:

Vatn	14,31%
Aska	17,68—
Matarsalt (NaCl)	1,38—
Hráfita	3,95—
Hráprótein	20,74—
Hreint prótein	18,80—
Önnur efni	43,41—
Meltanleg eggjahvíta	12,40—
Meltanleiki eggjahvítu	66,00—

Jón E. Vestdal (Sign).

Fylgiskjal IV.

Um þangmjöl.

Í vetur hefi ég gert nokkrar athuganir á fóðurblöndun, sem framleidd hefir verið að tilhlutun Sveinbjarnar Jónssonar byggingameistara o. fl. —

Fóðurblöndun þessi er þannig samsett:

75% þangmjöl, þ. e. afvatnað, þurrkað og malað þang, 16⅔% síldarmjöl og 8⅓% fiskimjöl.

Tilraun var gerð með mjólkurkýr á Vífilsstöðum og þetta fóður borið saman við blöndun úr karfamjöli og rúgmjöli í hlutföllunum 1 : 3. Reyndist þangmjölsblöndunin nokkuð lakari til mjólkurframleiðslu en karfamjölið og rúgmjölið, þannig að eftir niðurstöðum tilraunarinnar að dæma virtist þurfa 1,2—1,3 kg. af þangmjölsblönduninni í hverja fóðureiningu. Kýrnar átu 1—2 kg. af henni á dag — að meðaltali 1,6 kg. — án þess að hún væri blönduð öðru kjarnfóðri, og varð ekki séð, að þeim yrði meint af á nokkurn hátt, en kýrnar átu þangmjölsblönduna tregar en samanburðarkjarnfóðrið. Voru þó í tilraunina valdar kýr, sem höfðu betri lyst á henni en Vífilsstaðakýrnar yfirleitt. Samtímis gerði ég athuganir, sem sýndu, að með því að blanda töluverðu af venjulegu kjarnfóðri saman við þangmjölsblönduna mátti fá flestar kýrnar til þess að éta hana með góðri lyst.

Af fyrrnefndri tilraun og þessum athugunum dreg ég þá ályktun, **að vel megi nota þangmjöl í kjarnfóðurblöndun handa mjólkurkúm, og tel ég líkur til, að blöndunarhlutföllin mættu t. d. vera þannig:**

40% þangmjöl, 30% síldarmjöl eða karfamjöl og 30% maís eða annað korn. —

Eftir reynslunni á Vífilsstöðum að dæma, tel ég lítinn vafa á því, að þessi blöndun mundi étast vel, en samkvæmt því, sem áður var tekið fram um fóðurgildið, þarf þangmjölið að vera töluvert ódýrara en korn.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að þó að niðurstöður tilraunarinnar með mjólkurkýr bendi í þá átt, að 1,2—1,3 kg. af þangmjölsblöndunni þyrfti í fóðureininguna, er ekki hægt að fullyrða neitt um fóðurgildið með aðeins eina tilraun sem grundvöll.

Að lokum vil ég nefna, að ég varð ekki annars var en að þangmjölsblandan geymdist eins vel og t. d. síldarmjöl.

Reykjavík, 19. marz 1937.

Þórir Guðmundsson (Sign).

Ed. 235. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Við 3. gr. 5. liður („Ávextir nýir, ávextir þurrkaðir ... grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað") falli niður.

Ed. 236. Lög

um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.).

Samhljóða þskj. 120.

Nd. 237. Lög

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.).

Samhljóða þskj. 171.

Nd. 238. Lög

um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Afgreidd frá Nd. 2. des.).

Samhljóða þskj. 196.

Ed. 239. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 3. gr.

a. Orðin „kol" og „steinolía" í 1. tölul. falli niður.
b. Úr 3. tölul. falli burt orðið „kaffi".
c. Úr 4. tölul. falli: „skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður" og „vefnaðarvörur og vefnaður allskonar".
d. Úr 5. tölul. falli: „ávextir nýir, ávextir þurrkaðir" og „grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað".

Nd. 240. Breytingartillaga

við frv. til l. um bændaskóla.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 6. gr. Aftan við a-lið kemur nýr liður, er verður b-liður, svo hljóðandi:
Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti 2 ár eftir að hann varð 12 ára. Heimilt er skólastjóra að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef ástæða þykir til.
Stafliðir greinarinnar breytast samkvæmt þessu.

Nd. 241. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Finnur Jónsson, Stefán Stefánsson, Eiríkur Einarsson.

1. gr.

1. töluliður 6. gr. orðist svo: Hafa lokið embættisprófi í lögum.

2. gr.

1. töluliður 13. gr. hljóði svo: Lokið embættisprófi í lögum.
4. töluliður sömu gr. falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. þetta er að efni til hið sama og brtt., er við fluttum á þingi 1935 við frv. til l. um breyt. á l. um hæstarétt. Frv. er flutt að tilhlutun nokkurra lögfræðinga og fylgdi því eftirfarandi greinargerð, sem fylgir hér lítið breytt, þó að einstakir flm. séu ekki samþykkir henni í öllum atriðum.

Með frv. þessu er lagt til, að niður falli munur sá um réttindi til að verða hæstaréttardómari og flytja mál fyrir hæstarétti, sem hæstaréttarlögin gera nú á þeim mönnum, sem hafa hlotið 1. og 2. einkunn við embættispróf í lögum. Ástæður fyrir því, að flm. frv. þykir rétt að fella burtu úr lögunum ákvæði þau, sem hér að lúta, eru þær, sem hér segir:

1. Greinarmunur á 1. og 2. einkunnar mönnum, eins og sá, sem hér ræðir um, er algert einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Við hinar deildir háskólans, svo sem og við alla sérskóla landsins, veitir fullnaðarpróf próftaka fullkomin atvinnuréttindi á viðkomandi sviði, án tillits til þess, hvort hann hefir hlotið hátt eða lágt próf. Virðist þó, ef svo stæði á, að einkunnir frá prófborði gætu talizt öruggur mælikvarði á þekkingu manna og starfhæfni, sem meiri nauðsyn væri að gera slíkan greinarmun annarsstaðar, t. d. á starfssviði lækna. — Að þetta er ekki gert, stafar m. a. af því, að það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að hinir aðrir sérskólar og fakultet útskrifi ekki aðra en þá, sem talið er, að hafi hlotið nægilega kunnáttu til að gegna því starfi, sem nám viðkomanda lýtur að.

2. Væntanlega hefir það vakað fyrir löggjafanum með umræddum ákvæðum hæstaréttarlaganna að tryggja hinum vandasömustu lögfræðistörfum beztu kraft-

ana, sem völ væri á. En honum virðist hafa missýnzt um leiðina til að ná því marki, og einnig missýnzt um það, hvaða lögfræðistörf eru vandasömust og ábyrgðarmest. — Málflutningur fyrir hæstarétti er t. d. í flestum tilfellum vart meiri raun heldur en málflutningur fyrir undirrétti, enda fara afdrif mála fyrir hæstarétti mestmegnis eftir því, hvernig þau hafa verið sótt og varin fyrir undirrétti. — Ef prófhæð væri að treysta sem óskeikulum mælikvarða á hæfni manna, ætti 2. einkunnar lögfræðingum því ekki síður að vera fyrirmunað og flytja mál þar. — En fyrst og fremst ætti þá að skjóta loku fyrir það, að þeir gætu orðið sýslumenn og bæjarfógetar eða gegnt lögreglustjóra- og lögmannsembætti í Reykjavík. Það er auðsætt, að ekki ber að gera hærri kröfur um lagaþekkingu til hæstaréttarmálflutningsmanna en til hértaldra embættismanna.

3. Eins og sýnt hefir verið hér að framan, hafa umrædd ákvæði hæstaréttarlaganna ekki við nein rök að styðjast. Hitt þarfnast ekki langrar útlistunar, hversu ranglát þau eru í garð þeirra manna, sem hafa, af einni eða annari orsök, ekki náð 1. einkunn við lagaprófið, og hvílíkum atvinnuspjöllum þau valda þeim. — Lögfræðingur, sem ekki hefir rétt til að flytja mál fyrir hæstarétti, getur, hversu slyngur sem hann er, aldrei orðið samkeppnisfær í málflutningi við þá, sem þann rétt hafa. Ástæðan til þess er sú, að menn telja yfirleitt heppilegast, að sami maður flytji hvert mál fyrir báðum réttum. Lögfræðingi, sem fyrirmunað er að flytja mál fyrir hæstarétti, er þess vegna *undir flestum kringumstæðum einnig fyrirmunað* að flytja það fyrir undirrétti. Að minnsta kosti á þetta við um allan þorra hinna stærri mála. — Nú er það vitað, að málflutningur er það starf, sem meiri hluti lögfræðinga verður að reisa mestmegnis á atvinnuvonir sínar. Þar er eins og á flestum öðrum sviðum athafnalífsins orðin hörð samkeppni. Það, sem á að ráða úrslitum í þeirri samkeppni, er hæfni og dugnaður, en ekki sérréttindi, sem óþörf og óréttlát lagaákvæði veita nokkrum hluta þessarar stéttar.

Sem dæmi um það, hvort hægt hefir verið fyrr eða síðar að marka hæfni og dugnað íslenzkra lögfræðinga af einkunn þeirra frá prófborði, má minna á nöfn eftirtalinna manna, er hafa hlotið 2. einkunn í lögum, en samt reynzt allir ágætir lögfræðingar og gegnt ýmsum ábyrgðarmestu lögfræðistörfum í þjóðfélaginu: Vigfús Einarsson, skrifstofustjóri, Oddur Hermannsson, skrifstofustj., Guðmundur Sveinbjörnsson, skrifstofustj., Gustav A. Jónasson, skrifstofustj., Gísli Sveinsson, sýslumaður, Magnús Gíslason, sýslumaður, Sigurður Eggerz, bæjarfógeti, Jón H. Sveinbjörnsson, konungsritari, Sveinn Björnsson, sendiherra, Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálflutningsmaður, Lárus Fjeldsted, hæstaréttarmálflutningsmaður, Einar Benediktsson, skáld, Hannes Hafstein, ráðherra.

Sumir hafa talið umræddum sérréttindum það til ágætis, að þau væru mikilsverð hvöt fyrir nemendur í lagadeild til að stunda vel námið. — Um þessa ástæðu er það m. a. að segja, að væri þetta markmið fyrrnefndra lagaákvæða, þá ættu þau ekki heima í hæstaréttarlögunum, heldur í lögum um Háskóla Íslands. Og sjálfsagt væri þá að setja í lög samskonar ákvæði um sérréttindi til handa öðrum 1. einkunnar kandidötum, ef á annað borð væri litið svo á, að háskólinn þarfnist slíkra spora á *nemendur sína*.

Í þessu sambandi er rétt að benda á reynslu, er virðist fengin fyrir því, hver áhrif þessi rérréttindi hafa haft á einkunnagjafir í lagadeild háskólans.

Samkv. athugun, er fram hefir farið, hafa, frá árinu 1919, er hæstaréttarlögin bundu einhver mikilsverðustu atvinnuréttindi *lögfræðinga* við 1. einkunn, og til ársins 1926, útskrifazt úr lagadeild alls 39 lögfræðingar, þar af 21 með 2. einkunn, eða rúmur helmingur. Þetta hlutfall mun vera nokkuð í samræmi við það, er áður tíðkaðist. Á tímabilinu frá 1927 til 1937 hafa útskrifazt úr deildinni alls 70 kandidatar, en þar af aðeins 11 með 2. einkunn.

Nú er fyrir hendi bæði þessi tímabil sama hvöt fyrir nemendur deildarinnar til þess að keppa eftir 1. einkunn. — Af hverju stafar þá þessi mikli munur? — Er ekki auðsætt, að prófessorar lagadeildar hafa smátt og smátt, viljandi eða óviljandi, leiðzt

til þess að hækka einkunnagjafir í deildinni, vitandi um þau atvinnuspjöll, er nemendur þeirra verða fyrir, ef þeir ekki fá 1. einkunn. — En ef umrædd ákvæði hæstaréttarlaganna leiða til slíks, þá er um leið girt fyrir, að þau nái tilgangi sínum.

Um þá réttarbót, sem 2. einkunnar lögfræðingar fengu að nafninu til með hæstaréttarlögunum frá 1935, virðist óþarft að ræða. Skilyrði, sem þar eru sett fyrir því, að þeir geti öðlazt rétt til að starfa við hæstarétt, eru þannig úr garði gerð, að sú réttarbót mun í reyndinni ekki verða annað en pappírsgagn.

Að lokum skal bent á það, að frumvarp þetta er samhljóða áliti, sem samþykkt var á fundi Málflutningsmannafélags Íslands, er var haldinn 18. marz 1935, og síðan var sent Alþingi.“

Sþ. 242. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	5 (Aukatekjur). Fyrir „590000“ kemur	600000
2.	—	2. —	10 (Stimpilgj. af ávísunum og kvittunum). Fyrir „70000“ kemur	75000
3.	—	2. —	12 (Benzínskattur). Fyrir „260000“ kemur	275000
4.	—	2. —	16 (Kaffi- og sykurtollur). Fyrir „1100000“ kemur	1125000
5.	—	2. —	17 (Aðflutningsgjald). Fyrir „80000“ kemur	65000
6.	—	2. —	23 (Veitingaskattur). Fyrir „100000“ kemur	90000
7.	—	3. —	A. 1. I. (Tekjur póstsjóðs). Fyrir „612000“ kemur	650000
8.	—	3. —	A. 1. II. 2 (Pósthúsið í Reykjavík). Fyrir „200000“ kemur	207000
9.	—	3. —	A. 1. II. 4 (Póstflutningur). Fyrir „185000“ kemur	200000
10.	—	3. —	A. 1. II. 5 (Önnur gjöld). Fyrir „30000“ kemur	46860
11.	—	3. —	A. 2. I. (Tekjur landssímans). Fyrir „2200000“ kemur	2330000
12.	—	3. —	A. 2. II. a. (Einkasímar í sveitum). Fyrir „15000“ kemur	20000
13.	—	3. —	A. 2. II. b. 2 (Ritsímastöðin í Reykjavík). Fyrir „200000“ kemur	215000
14.	—	3. —	A. 2. II. b. 3 (Loftskeytastöðin í Reykjavík). Fyrir „37000“ kemur	48000
15.	—	3. —	A. 2. II. b. 7 (Ritsímastöðin á Akureyri). Fyrir „58000“ kemur	62000
16.	—	3. —	A. 2. II. b. 8 (Ritsímastöðin á Seyðisfirði). Fyrir „60000“ kemur	62000
17.	—	3. —	A. 2. II. b. 9 (Ritsímastöðin á Ísafirði). Fyrir „35000“ kemur	39000
18.	—	3. —	A. 2. II. b. 11 (Símastöðin í Vestmannaeyjum). Fyrir „33000“ kemur	34000

19. Við 3. gr. A. 2. II. b. 12 (Símastöðin á Siglufirði).
Fyrir „30000“ kemur 35000
20. — 3. — A. 2. II. d. (Viðbót og viðhald stöðvanna).
Fyrir „45000“ kemur 50000
21. — 3. — A. 2. II. f. (Viðhald landssímanna).
Fyrir „220000“ kemur 255000
22. — 3. — A. 2. II. g. (Framhaldsgjald).
Fyrir „23000“ kemur 25000
23. — 3. — A. 2. II. k. Nýr liður:
Burðargjald 6000
24. — 3. — A. 2. III (Landssiminn. Nýjar símalínur).
Fyrir „55000“ kemur 60000
25. — 3. — A. 2. IV. (Eignabreyt. Út. Til talstöðva í báta og skip).
a. Fyrir „10000“ kemur 15000
b. Nýr liður:
Til loftskeytastöðva í skip 15000
26. — 3. — A. 2. V. Nýr liður:
Til talstöðvar við Hvítárvatn 2000
27. — 3. — A. 3. II. 4 (Áfengisverzl. Annar kostnaður).
Fyrir „60000“ kemur 50000
28. — 3. — A. 5. I. a. (Ríkisútvarpið. Afnotagjöld).
Fyrir „375000“ kemur 390000
29. — 3. — A. 5. I. b. (Ríkisútvarpið. Ágóði viðtækjaverzl.).
Fyrir „60000“ kemur 80000
30. — 3. — A. 5. I. c. (Ríkisútvarpið. Aðrar tekjur).
Fyrir „45000“ kemur 60000
31. — 3. — A. 5. II. 4 (Ríkisútvarpið. Húsaleiga, ljós og hiti).
Fyrir „32000“ kemur 35000
32. — 3. — A. 5. II. 5 (Ríkisútvarpið. Útvarpsstöðin á Vatnsenda).
Liðurinn orðist svo:
Til útvarpsstöðva 120000
33. — 3. — A. 7. II. i. (Landssmiðjan. Laun).
Fyrir „21000“ kemur 21900
34. — 7. — 4 (Vextir af lausaskuldum).
Fyrir „120000“ kemur 274368
35. — 11. — A. 6 (Skrifstofukostn. lögreglustj. í Rvík).
a. (Laun). Fyrir „35400“ kemur 38100
b. (Ljós, hiti og ræsting). Fyrir „10000“ kemur 12200
c. (Ýmis gjöld). Fyrir „10000“ kemur 14000
36. — 11. — A. 10 (Landhelgisgæzla).
Fyrir „450000“ kemur 500000
37. — 11. — A. 11 (Hegningarhúsið í Rvík o. s. frv.).
Fyrir „15000“ kemur 17500
38. — 11. — A. 12. b. (Vinnuhælið á Litla-Hrauni).
Fyrir „10000“ kemur 20000
39. — 11. — B. 4. c. (Fasteignamat).
Fyrir „20000“ kemur 30000
40. — 12. — 3 Læknisvitjanastyrkur. Nýir liðir:
a. Í Reykhólahéraði:
Gufudalssveit 200
b. Í Norðfjarðarhéraði:
Mjóifjörður 300
41. — 12. — 10. B. 1 (Holdsveikraspítalinn. Laun).
Fyrir „14000“ kemur 15000

42. Við 12. gr. 10. B. 4 (Holdsveikraspítalinn. Ljós og eldsneyti).
Fyrir „10500“ kemur 12500
43. — 12. — 11. I. B. 2 (Gamli Kleppur. Matvæli).
Fyrir „39500“ kemur 42000
44. — 12. — 11. I. B. 4 (Gamli Kleppur. Ljós og hiti).
Fyrir „11500“ kemur 13500
45. — 12. — 11. II. B. 2 (Nýi Kleppur. Matvæli).
Fyrir „72000“ kemur 76000
46. — 12. — 11. II. B. 4 (Nýi Kleppur. Ljós og hiti)
Fyrir „17000“ kemur 20000
47. — 12 — 12. B. 1 (Vífilsstaðir. Laun).
Fyrir „65500“ kemur 70000
48. — 12. — 12. B. 2 (Vífilsstaðir. Matvæli).
Fyrir „120000“ kemur 126000
49. — 12. — 12. B. 4 (Vífilsstaðir. Ljós og eldsneyti).
Fyrir „30000“ kemur 38000
50. — 12. — B. 5 (Vífilsstaðir. Þvottur og hreinlætisvara).
Fyrir „22000“ kemur 24000
51. — 12. — 12. B. 6 (Vífilsstaðir. Viðhald húsa og fastra muna).
Fyrir „12000“ kemur 8000
52. — 12. — 12. B 8 (Vífilsstaðir. Fatnaður).
Fyrir „5000“ kemur 6000
53. — 12. — 13. A. (Reykir í Ölfusi. Laun læknis).
Fyrir „4500“ kemur 7400
54. — 12. — 13. B. 2 (Reykir í Ölfusi. Matvæli).
Fyrir „26500“ kemur 27500
55. — 12. — 15. a (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
a. Fyrir „10000“ kemur 11000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af skiptist 1000 kr. sem fyrri greiðsla af tveimur milli þessara staða: Grenivíkur-, Laugaráss-, Eyrarbakka- og Breiðamýrarlæknisbústaða.
56. — 12. — 15. o. (Ýmsir sjúklingar).
Aths. fellur burt.
57. — 12. — 15. p. (Jakob Ó. Lárusson).
Liðurinn fellur burt.
58. — 13. — A. I. 4 (Til aðstoðarmanna og mælinga).
Fyrir „28000“ kemur 34000
59. — 13. — A. II. a. 2 (Hafnarfjallsvegur).
a. Fyrir „5000“ kemur 10000
b. Nýr liður:
Hálsasveitarvegur 2500
60. — 13. — A. II. a. 3 (Álftaneshreppsvegur).
a. Fyrir „4000“ kemur 8000
b. Nýir liðir:
1. Útnesvegur 3000
2. Hellissandsvegur 5000
3. Suðurdalavegur 8000
61. — 13. — A. II. a. 6 (Saurbæjarvegur).
a. Fyrir „3000“ kemur 5000
b. Nýr liður:
Geiradalsvegur 3000
62. — 13. — A. II. a. 8 (Patreksfjarðarvegur til Bíldudals).
a. Fyrir „4000“ kemur 7500

			b. Nýr liður:	
			Barðastrandarvegur	3000
63.	Við	13. gr.	A. II. a. 9. Nýir liðir:	
			a. Núpsvegur	4000
			b. Botnsheiðarvegur	8000
			c. Bolungavíkurvegur	5000
			d. Hnífsdalsvegur	4500
64.	—	13. —	A. II. a. 10 (Langadalsvegur).	
			a. Fyrir „4000“ kemur	5000
			b. Nýr liður:	
			Kaldrananesvegur	3000
65.	—	13. —	A. II. a. 15. Nýir liðir:	
			a. Vestur-Húnavatnssýsluvegur	2000
			b. Vesturhópsvegur	3000
66.	—	13. —	A. II. a. 16. Nýr liður:	
			Skagastrandarvegur	2000
67.	—	13. —	A. II. a. 20. Nýr liður:	
			Stifluvegur	10000
68.	—	13. —	A. II. a. 21 (Siglufjarðarskarð).	
			Fyrir „10000“ kemur	15000
69.	—	13. —	A. II. a. 22. Nýr liður:	
			Svalbarðsstrandarvegur	6000
70.	—	13. —	A. II. a. 30. Nýir liðir:	
			a. Upphéraðsvegur	3000
			b. Hróarstunguvegur	2500
71.	—	13. —	A. II. a. 31. Nýr liður:	
			Borgarfjarðarvegur	2500
72.	—	13. —	A. II. a. 38. Nýr liður:	
			Mýravegur hjá Brunnhól	2000
73.	—	13. —	A. II. a. 40 (Síðuvegur).	
			Fyrir „3000“ kemur	4000
74.	—	13. —	A. II. a. 41 (Mýrdalsvegur).	
			Fyrir „4000“ kemur	5000
75.	—	13. —	A. II. a. 42 (Eyjafjallavegur).	
			Fyrir „4000“ kemur	6000
76.	—	13. —	A. II. a. 44 (Landvegur).	
			Fyrir „4000“ kemur	10000
77.	—	13. —	A. II. a. 45. Nýr liður:	
			Gnúpverjahreppsvegur	3000
78.	—	13. —	A. II. c. 3. Nýr liður:	
			Sogsvegur	15000
79.	—	13. —	A. IX. 5.	
			a. Liðurinn orðist svo:	
			Til kaupa á ferju á Hornafjarðarós frá Höfn að Melatanga	3000
			b. Nýir liðir:	
			1. Til ferju á Héraðsvötn hjá Eyhildarholti	200
			2. Til ferju á Iðu	150
			3. Til kaupa á bílferju á Dýrafjörð	1500
80.	—	13. —	A. XI. (Gistingarstyrkur).	
			Fyrir „4150“ kemur	4450
81.	—	13. —	B. 1. a. (Ríkissjóðstillag til strandferða).	
			Fyrir „330000“ kemur	380000

82. Við 13. gr. C. I. 2 (Laun aðstoðarverkfræðings).
Fyrir „5900“ kemur 5750
83. — 13. — C. VIII. 4 (Hafnargerð á Skagaströnd)
Liðurinn orðist þannig:
1. greiðsla af fimm 18000
84. — 13. — C. VIII. 5. Nýir liðir:
a. Á Þórshöfn, 1. greiðsla af þremur 11000
b. — Dalvík 10000
c. — Suðureyri í Súgandafirði 10000
85. — 13. — C. VIII. 7 (Skagastrandarhöfn).
Liðurinn fellur niður.
86. — 13. — C. IX. d. (Hellissandur).
Fyrir „5000“ kemur 6000
87. — 13. — C. IX. e. (Bryggjugerð á Þórshöfn).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýir liðir:
1. Til Blönduóss, fyrri greiðsla 3500
2. — Stafness 2000
3. — Selárdals 2500
4. — Grímseyjar 2000
5. — Hvallátra 2500
6. — Grafarness, fyrri greiðsla 2000
7. — Hnífsdals, 1. greiðsla af 3 4000
8. — Haganesvíkur, síðari greiðsla 3000
9. — Flateyrar, sjóvarnargarður 2500
88. — 13. — C. IX. Nýir rómv. liðir:
a. Til lendingarbóta, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.
1. Til Unaóss 2000
2. — Þorlákshafnar 5000
3. — Stokkseyrar (Snepilrás) 3000
4. — Gerðavarar í Garði, 1. greiðsla af 3 5000
b. Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1. greiðsla af 4 5000
89. — 13. — C. XI. (Brimbrjóturinn í Bolungavík).
Fyrir „25000“ kemur 35000
90. — 14. — A. b. 3 (Prestlaunasjóður).
Fyrir „280000“ kemur 295000
91. — 14. — B. X. f. Nýir liðir:
a. Til iðnaðarmannafélagsins á Siglufirði, til skólahalds 1200
b. Til iðnaðarmannafél. á Eyrarbakka, til skólahalds 300
92. — 14. — B. XIII. 1 (Laun kennara í föstum skólum).
Fyrir „550000“ kemur 590000
93. — 14. — B. XIII. 4 (Byggingarstyrkur barnaskóla utan kaupstaða).
Fyrir „30000“ kemur 50000
94. — 14. — B. XIV. 2. b. (Stofnkostnaður héraðsskóla).
Fyrir „19000“ kemur 28000
95. — 14. — B. XIV. 3. (Gagnfræðaskólar).
a. Fyrir „50000“ kemur 70000
b. Nýr liður:
Til gagnfræðaskólans á Ísafirði samkv. l., byggingarstyrkur 9000
96. — 14. — B. XIV. 6 (Unglingafræðsla utan kaupstaða).
Fyrir „15000“ kemur 20000

97. Við 14. gr. B. XIV. 9 (Alþýðuskólinn í Reykjavík).
Fyrir „2000“ kemur 4000

98. — 14. — XV. 2. Nýr liður:
Til húsmæðraskólans á Laugalandi:
a. Stofnstyrkur 10000
b. Rekstrarstyrkur 11000

99. — 14. — XV. 6. (Staðarfellsskóli).
a. Liðinn skal orða svo:
Til Staðarfellsskóla:
1. Rekstrarstyrkur 3000
2. Til byggingar rafveitu 2500
b. Nýir liðir:
1. Til íþróttaskólans að Sauðhúsvelli, heimavist ... 1000
2. Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur ... 2000

100. — 14. — XVIII. 4 (Sundlaugastyrkur).
Fyrir „5000“ kemur 10000

101. — 14. — XXII. Nýr rómv. liður:
Til menningar- og fræðslusambands alþýðu 2000

102. — 14. — XXV. Liðurinn orðist svo:
Til íþróttavallar á Laugarvatni 1000

103. — 15. — 10. Nýr liður:
Til lesstofu sjómanna á Siglufirði 1000

104. — 16. — 4 (Sandgræðsla).
Fyrir „27000“ kemur 30000

105. — 16. — 16. Nýir liðir:
a. Til framræslu við Eyrarbakka 5000
b. Til flutnings og viðgerðar á skurðgröfu 13000
c. Til áveitufélags Ölfusinga, styrkur til að nota skurðgröfu við framræslu á Ölfusforunum, samkv. V. kafla jarðræktarlaga 6000
d. Til fyrirhleðslu á Markarfljótsaurum 50000
e. Til flóðgáttar við Rangá vegna Safamýrar, ⅓ kostnaðar, fyrri greiðsla 4500
f. Til rannsóknar á Gilsnámu í Bolungavík o. fl. 1500

106. — 16. — 20. Liðurinn orðist svo:
Til rannsóknarstofu atvinnuveganna:
a. Iðnaðardeild 46500
b. Landbúnaðardeild 15200
c. Fiskideild 26000
d. Sameiginlegur kostnaður 25000
——— 112700
Frá dregst:
a. Tekjur af matvælaeftirliti að frádregnum kostnaði 30000
b. Tekjur af vörurannsóknum 6000
c. Tekjur af happdrætti 17000
——— 53000
Rekstrarhalli 59700

107. — 16. — 27 (Klaksjóður).
Fyrir „1936“ komi: 1937.

108. — 16. — 29. Nýir liðir:
a. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 6000
b. Til ræktunarvegar á Stokkseyri 5000

109. Við 17. gr. 11 (Stórstúkan).
Liðurinn orðist svo:
Til stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi 20000
Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 3500 kr.
110. — 17. — 22. Nýr liður:
Til gamalmennahælis í Hafnarfirði 1000

Ed. 243. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1938 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1938 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	% af afg.
—	2000—	3000	—	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	— — —
—	3000—	4000	—	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	— — —
—	4000—	5000	—	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	— — —
—	5000—	6000	—	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	— — —
—	6000—	7000	—	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	— — —
—	7000—	8000	—	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	— — —
—	8000—	9000	—	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	— — —
—	9000—	10000	—	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	— — —
—	10000—	11000	—	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	— — —
—	11000—	12000	—	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	— — —
—	12000—	13000	—	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	— — —
—	13000—	14000	—	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	— — —
—	14000—	15000	—	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	— — —
—	15000—	16000	—	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	— — —
—	16000—	18000	—	—	—	—	3600	—	—	16000	—	—	38	— — —
—	18000—	20000	—	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39	— — —
—	20000—	22000	—	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40	— — —
—	22000—	24000	—	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41	— — —
—	24000—	26000	—	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42	— — —
—	26000—	28000	—	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43	— — —
—	28000	og þar yfir	—	—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44	— — —

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlut-

anum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Áburðarefni, akkeri og akkerisfestar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, girðingarefni, grastó, hafragrjón, hafrar, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, salt, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolía, umbúðastrigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.
2. Með 7% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminium, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músíkvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínupletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, tímarit, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum,

sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi, þótt vörurnar hafi verið fluttar til landsins fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1. Til malbikunar:
   a. Elliðaárvegur ..... allt að 50000 kr.
   b. Hafnarfjarðarvegur ..... — — 50000 —
2. Til akvega:
   a. Til Suðurlandsbrautar ..... allt að 70000 kr.
   b. — Holtavörðuheiðarvegar ..... — — 45000 —
   c. — Austurlandsvegar ..... — — 20000 —
   d. — Geysisvegar ..... — — 5000 —
   e. — vega út frá Akureyri ..... — — 10000 —
   f. — Vopnafjarðarvegar til Möðrudals ..... — — 5000 —
   g. — Ljósavatnsskarðsvegar ..... — — 5000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 260000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1939.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 með 10% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 10% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins áður en lög þessi öðluðust gildi, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Ed. 244. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Síðasta málsgrein 2. gr. („Sá skattauki ... er á lagður") falli niður.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag á atvinnurekstri landsmanna.

Flm.: Jóhann G. Möller, Thor Thors.

Sameinað Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um, hvar og hvernig bezt megi koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi (Co-partnership og Profit-sharing) í atvinnurekstri landsmanna, og á hvern hátt Alþingi gæti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags.

Nefndin skal kosin hlutfallskosningu og skila áliti á næsta Alþingi, eða svo fljótt sem unnt er.

Nefndin skal vera ólaunuð.

Greinargerð.

Vér Íslendingar höfum ekki farið varhluta af þeim vandræðum, sem atvinnulíf flestra þjóða hefir átt við að etja nú síðustu ár, og hafa ekki minnst birzt í hinum tíðu hagsmunastreitum milli atvinnurekendanna annarsvegar og verkamannanna hinsvegar. Enda er það svo, að vér höfum verið furðu seinlátir í því, að reyna að sníða þessum mismunandi hagsmunum, sem liggja til grundvallar þessari baráttu, sem hér um ræðir, þann stakk, að hún næði aldrei að verða þjóðarheildinni að verulegu tjóni. Fyrir Alþingi, sem nú situr, liggur frumvarp til laga um vinnudeilur. Er ákvæðum þess ætlað að verða til þess að draga úr harðneskju þessarar hagsmunabaráttu og tryggja það, að þjóðarskaði verði sem minnstur að deilunum. Og er engian efi á, að með samþykkt þessa frumvarps myndi stórlega verða girt fyrir, að vinnudeilur yrðu jafnháskalegar alþjóð og raun bera vitni um, eða að þær leiddu til vinnustöðvana.

En vinnulöggjöf og sáttastofnanir eru aðeins að litlu leyti varnarráðstafanir í þessum efnum. Slík ákvæði, sem liggja til grundvallar þessu tvennu, uppræta hvergi nærri alltaf orsakir vinnudeilnanna, en hér sem annarsstaðar, þar sem um meinsemdir er að ræða, varðar það mestu að grafa fyrir rætur meinsins.

Orsakir þessara deilna, sem hér um ræðir, milli atvinnuveitendanna og verkamannanna, má rekja til ýmsra hluta. Þær eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til þeirra hagsmunaandstæðna, sem fyrir hina hröðu þróun atvinnulífsins hafa skapazt á stundum milli vinnusalans og vinnukaupandans, en að verulegu leyti eru þær fram komnar og hafa orðið svo háskalegar þjóðfélaginu fyrir áróður þeirra manna, sem vilja það þjóðskipulag feigt, sem vér búum við. Hinn sífelldi áróður þessara manna um, að í núverandi þjóðskipulagi hljóti vinnusalinn og vinnukaupandinn, verkamaðurinn og vinnuveitandinn, ætíð að vera hinar skörpustu andstæður, hefir gert eðlilega þróun framleiðslustarfseminnar erfiða og verið hinn mesti þrándur í götu hennar.

En einmitt þetta, hvernig þessar hagsmunaandstæður, sem greint hefir verið frá hér, eru til orðnar, knýr alla þá, sem trúa því, að framtíð þjóðskipulags vors og

raunar menningarinnar allrar sé undir því komin, að ekki takist að uppræta sjálfstæða ábyrgðartilfinningu einstaklingsins og athafnalöngun hans, til þess að leysa það viðfangsefni, sem hér um ræðir, að sameina, svo sem frekast er unnt, hagsmuni verkamanns og vinnuveitanda.

Margar leiðir hafa verið ræddar í þessum efnum, en sú leiðin, sem mest hefir verið farin og bezt hefir reynzt, er efling þess atvinnurekstrarfyrirkomulags, sem þingsályktunartillaga sú, sem að framan greinir, fer fram á, að Alþingi hlutist til um, að verði rannsakað og gerðar tillögur um. Hefir fyrirkomulag þetta verið nefnt hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag, en á erlendu máli co-partnership og profit-sharing.

Efling þessa atvinnurekstrarfyrirkomulags með þjóð vorri hefir verið og er eitt af stefnuskráratriðum ungra sjálfstæðismanna. Að vissu leyti hefir þetta fyrirkomulag tíðkazt meðal vor, t. d. í hlutaskiptunum. En það er fyrst á síðari árum, sem því hefir vaxið verulega ásmegin úti um heim, og það tekið á sig mynd ákveðinnar stefnu í atvinnumálum. Hefir verið myndaður sérstakur félagsskapur til eflingar þessu máli. Er það The Industrial Co-partnership Association í London. Er það félagsskapur formælenda þessarar atvinnustefnu og starfar algerlega ópólitiskt.

Hér skal atvinnufyrirkomulagi þessu lýst nokkuð. Arðskiptifyrirkomulagið gengur út á það, að veita starfsmönnum fyrirtækjanna hlutdeild í arði þeirra. Er það eitt út af fyrir sig mjög þýðingarmikið atriði og mjög til bóta frá því, sem nú er víða. Oft er samfara arðskiptingunni eftirlit og nokkur stjórnaríhlutun af hálfu verkamannanna. En hlutdeildarfyrirkomulagið sjálft (co-partnership) miðar að því að veita starfsmönnum fyrirtækjanna áhrifavald í fyrirtækjunum, ekki einungis með þeim hætti að gera þá hluttakandi í arði fyrirtækjanna, heldur með því að gera þá beinlínis að meðeigendum þeirra. Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna hafi hluttöku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stytztu máli segja, að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1) að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum.
2) að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum, eða einhverjum hluta hans, til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum.
3) að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því, a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa, eða með því, b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefir verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni fyrirkomulagsins er svo að segja takmarkalaus, enda hægt að beita því við svo til allar greinir atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.

Það má vera augljóst mál af því, sem nú hefir verið sagt, hver er tilgangurinn með eflingu atvinnurekstrarfyrirkomulags þessa. Og ef kleift er að ná þessum tilgangi, er það auðsætt, að framkvæmd þessa máls er spor í áttina til lausnar eins höfuðvandamáls þjóðfélags vors og kippir fótum undan hinni skefjalausu áróðrarstarfsemi andstæðinga núverandi þjóðskipulags um, að atvinnuveitendur hljóti jafnan að vera andstæðingar ef ekki fjendur verkamannanna. Það er því ekki að ófyrirsynju, að vakin er athygli Alþingis á þessu máli og þess farið á leit, að löggjafarvaldið geri sitt til að efla framdrátt þessa máls með þjóð vorri. Enda er það svo, eins og áður er drepið á, að þessari stefnu í atvinnumálum vex nú óðum fylgi. Hafa mörg stærstu og happadrýgstu fyrirtæki heimsins verið rekin á grundvelli þessa fyrirkomulags. En eitt höfuðeinkenni í rekstri þeirra er, að vinnudeilur koma þar aldrei fyrir, og flest eru þau annáluð fyrir snilldarlegan aðbúnað við verkamenn sína. Margir frægustu þjóðhagsfræðingar og heimsfrægir stjórnmálamenn hafa og séð í þessu atvinnurekstrarfyrirkomulagi lausn höfuðvandamála þjóðfélaga nútímans, og telja margir þeirra, að þegar menn taki að skilja hina dýpri merkingu hlutdeildarfyrirkomulagsins, þegar hún verði bæði verkamönnum og vinnuveitendum ljós, muni verða hægt að mynda hlutdeildarrekstur, sem geri launagreiðslur óþarfar nema sem úttekt á reikning. En þó

það sé langt undan landi, að svo verði, er málið þannig vaxið, að ástæða þykir til að athuga, hversu feikna stórt spor til heilbrigðrar þróunar efnahagslífsins hægt væri að stíga með framkvæmd þessa atvinnu- og rekstrarfyrirkomulags.

Með tillögu þessari, sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að skipuð verði milliþinganefnd til að rannsaka þetta mál. Er það tilgangur vor með slíkri nefndarskipun, að vekja athygli landsmanna á þessu máli og fá hlutlæga rannsókn á því, í hvaða greinum þetta fyrirkomulag mætti bezt koma að gagni og í hvaða mynd í hverri atvinnugrein. Og einnig er gert ráð fyrir því, að nefndin geri tillögur um, á hvern hátt Alþingi gæti stutt að efling þess meðal landsmanna. Geta skal þess, að erlendis, t. d. í Englandi, Hollandi og í Frakklandi, hafa verið skipaðar opinberar nefndir til athugunar á þessu máli á sama grundvelli og hér er farið fram á.

Þess var getið, að erlendis hefðu menn úr flestum stjórnmálaflokkum gerzt formælendur þessa máls. Væri óskandi, að þannig færi um þetta mál hér, að menn skiptust ekki í stjórnmálaflokka í afstöðu sinni til þess.

Ed. 246. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 185 (Gjaldeyrisverzlun o. fl.).

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Í stað orðanna í fyrsta lið „og veiti gjaldeyrisnefnd þeim gjaldeyrisleyfi“ komi: og veiti gjaldeyris- og innflutningsnefnd þeim innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Ed. 247. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. Við 4. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi: og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.
2. Við 16. gr. Í stað orðanna „úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga“ komi: að hálfu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga og að hálfu úr ríkissjóði.

Nd. 248. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 4. gr.
   a. a-liður falli burt.
   b. Í b-lið, sem verður a-liður, komi í stað „1500“: 2000.
2. Við 9. gr.
   a. Orðin „og yngri en 67 ára“ í 1. málsl. falli burt.
   b. Síðasti málsliður („Sjúkrasamlagi er skylt ... tryggingarhæfir“) falli burt.
3. Við 16. gr. Greinin falli burt. Tölusetning breytist í samræmi við það.
4. Við 36. gr. Greinin falli burt. Tölusetning breytist í samræmi við það.

Nd. 249. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill afgreiða málið óbreytt í aðalatriðum, en áskilur sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur við það í smærri atriðum við þessa eða næstu umræðu. Minni hl. mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 3. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Emil Jónsson.

Ed. 250. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvern skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu ákveðin í launalögum. Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.

Skólastjóri hefir aðalumsjón með nemendum skólans og húsum hans og áhöldum.

Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hvorum skóla upphæð, er svarar allt að tveimur kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða leyfi frá starfi til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarleyfi ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari aðallega fram á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal eigi skylt að ganga í yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
b. Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti 2 ár eftir að hann var 12 ára. Heimilt er skólastjóra að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef ástæða þykir til.
c. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en

próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Ennfremur skal kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum eða öðrum þeim stöðum, sem verklega kennslan fer fram á, fá nemendur annaðhvort ókeypis fæði og þjónustu tvö síðari missirin eða upphæð, sem því svarar, ef hentara þykir, að nemendur hafi sameiginlegt mötuneyti. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 8. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingar. Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu, skal það selt við kostnaðarverði. Ella sjái hlutaðeigandi skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1938.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 251. Þingsályktun

um rannsókn á skilyrðum fyrir aukinni notkun raforku frá Ísafirði.

(Afgreidd frá Nd. 3. des.).

Samhljóða þskj. 201.

Sþ. 252. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, er nokkuð breytt frá fjárlögum 1937. Nefndin hefir athugað frv. allnákvæmlega og litur svo á, að nokkrar breytingar verði að gera á því. Allverulegar breytingar verða í sambandi við ýms frv., sem enn eru til umræðu í þinginu, ef þau verða að lögum. Snerta þessi frv. bæði tekjubálk fjárlagafrv. og gjaldahlið þess. Af þessu leiðir, að þær aðalbreytingar, sem gera má ráð fyrir umfram þær, sem nefndin nú leggur fram, verða að bíða þar til séð verður, hversu nefndum frumvörpum reiðir af.

Nefndin hefir varið alllöngum tíma til þess að ræða við forstjóra ríkisstofnana og ráðherra um rekstur þessara stofnana, í þeim tilgangi að fá sem hagstæðastan árangur af starfrækslunni. Jafnframt hefir nefndin gert sér far um að áætla sem nákvæmast tekjur og gjöld ríkisfyrirtækja. Auk þess hefir nefndin ritað nokkur bréf til hlutaðeigenda og skýrt frá gerðum og vilja nefndarinnar um ýms atriði til frekara öryggis.

Nefndin gerir till. um smábreytingar á tekjuliðum frv., sem sundurliðast þannig: Hækkun á 2. gr., að frádregnum lækkunum, ca. 30 þús. kr., og hækkun á 3. gr., að frádregnum lækkunum, ca. 40 þús. kr. Hækka því tekjurnar samkvæmt till. nefndarinnar um ca. 70 þús. kr.

Þrátt fyrir það, þó nefndinni sé ljóst, að bezt væri að geta komizt hjá að hækka útgjöld ríkissjóðs í heild frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. eins og ríkisstjórnin lagði það fram, flytur hún samt allmargar breytingartill., sem valda hækkun, og nema þær alls um 818 þús. kr. Hækkanir skiptast í höfuðatriðum þannig:

7. gr.	Vextir	ca.	154 þús. kr.
11. —	Lögreglumál	—	81 — —
12. —	Sjúkrahús	—	37 — —
13. —	Samgöngumál	—	270 — —
14. —	Kirkju- og kennslumál	—	155 — —
16. —	Verklegar framkvæmdir	—	114 — —
	Allar aðrar hækkanir	—	7 — —

Útgjöld ríkisins á rekstrarreikningi, talin í heilum þúsundum samkv. till. n.

áætluð	ca.	16157000 kr.
og tekjur	—	15896000 —

Tekjuhallinn á rekstrarreikningi frv. er því eins og n. gengur frá því við þessa umr. 261000 kr., en tekjuafgangur var 487000 kr. í frv. stj. og greiðsluhallinn er hinsvegar 1501000 kr. Fjvn. mun gera till. um breyt. á frv. fyrir 3. umr., þannig að það verði greiðsluhallalaust.

Gert er ráð fyrir, að tekjuaukafrv. það, sem liggur fyrir efri deild, gefi ríkissjóði í tekjur ca. 1350000 kr., og ennfremur er í frv. um jöfnunarsjóð sveitar- og bæjarfélaga gert ráð fyrir, að ríkissjóður losni við greiðslu til jöfnunar fátækraframfæris, sem numið hefir 250000 kr. Verði þessi tvö frv. samþ., batnar afkoma ríkissjóðs um ca. 1600000 kr., eða ríflega þá upphæð, sem greiðsluhalli nemur samkv.

till. nefndarinnar við þessa umræðu. Jafnframt ber þó að geta þess, að ófærð eru í frumvarpið öll væntanleg gjöld vegna sauðfjárpestarinnar og ýmsar aðrar greiðslur, sem nefndin tefir talið rétt að láta bíða 3. umr. Er því fyrirsjáanlegt, að færa verður niður útgjöld í frv. við þá umr., og mun nefndin þá flytja ýmsar lækkunartillögur, sem þó eigi hefir verið gengið frá að fullu í nefndinni enn sem komið er.

Nefndin hefir óskað þess, að fjmrh. færi inn á væntanlegt fjárlagafrv. fyrir árið 1939 sundurliðaðar tekjur og gjöld eftirtaldra stofnana: Tóbakseinkasölu, viðgerðarstofu útvarpsins, viðtækjaverzlunar, bifreiðaeinkasölu, raftækjaeinkasölu, skipaskoðunar og skráningarstofu ríkisins, landhelgisgæzlu og strandferða.

Verður þá vikið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

TEKJUBÁLKURINN:

Hækkanir á tekjuliðum, sem breytingartill. nefndarinnar bera með sér, nema 100 þús. kr. Lækkanir nema ca. 30 þús. kr. Mismunur til hækkunar nemur því ca. 70 þús. kr. Gjaldaliðir útvarpsins eru enn óákveðnir að nokkru leyti og bíða til 3. umr.

GJALDABÁLKURINN:

7. gr.

Við athugun virðast vextir af lausaskuldum of lágt áætlaðir. Nefndin telur um 154 þús. kr. hækkun nærri sanni.

11. gr.

Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík fer stöðugt hækkandi. Störfin verða æ viðfangsmeiri; fylgja því vaxandi launagreiðslur, húsnæði og annar kostnaður. Nefndin leggur til, að þessi liður hækki um 8900 kr. Var þó ekki mætt kröfum lögreglustjórans til fulls.

Fjárveiting til landhelgisgæzlu er hækkuð um 50 þús. kr. með tilliti til reynslu ársins 1937 og rekstrar nýja varðbátsins. Er gert ráð fyrir, að varðskipin annist rannsóknir vegna friðunar Faxaflóa. Heildarupphæðin er ennfremur miðuð við 100 þús. kr. framlag úr landhelgissjóði.

Garður fangahússins í Reykjavík er á sumum stöðum ekki hærri en svo, að tala má við fangana yfir hann. Nefndin mælir með 2500 kr. fjárveitingu til hækkunar garðsins.

Vinnuhælið á Litla-Hrauni hefir jafnan haft með höndum nokkrar verklegar framkvæmdir fyrir ríkið, sem hafa haft kostnað í för með sér. Nefndin leggur til, að liðurinn „Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið“ hækki um 10 þús. kr.

Sakamálakostnaður og lögreglumála er áætlaður 70 þús. kr. Nefndin beinir því til ríkisstjórnarinnar, hvort ekki myndi ódýrara og að ýmsu leyti hagkvæmara að launa fasta menn til að annast ýms af þeim störfum, sem til greina koma í þessu sambandi.

Liðurinn B. 4. c., kostnaður af fasteignamati, er nýr. Nokkur óvissa er um kostnað við undirbúning matsins. Nefndin leggur til, að liðurinn hækki um 10 þús. kr.

12. gr.

Kostnaður við rekstur sjúkrahúsanna fer stöðugt vaxandi. Starfsfólki fer nokkuð fjölgandi. Stafar það einkum af vaxandi fríðindum, svo sem sumarleyfum, styttum vinnutíma o. fl. Síðastl. ár hækkuðu vörur nokkuð í verði, einkum þó kolin. Hækkunartill. nefndarinnar eru miðaðar við reynslu síðastl. árs, og eru einkum á þessum liðum: Launum, matvælum, ljósi og hita.

Þess skal þó getið, að nefndin hefir enn ekki gengið frá brtt. við frv. að því er snertir landsspítalann, en mun skila þeim síðar. Breytingartillögur nefndarinnar að öðru leyti eru um hækkun á gjöldum sjúkrahúsanna, samtals að upphæð ca. 36 þús. kr.

Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli leggur nefndin til, að hækki um 1000 kr. og ætlast til, að styrkurinn skiptist þannig:

Til læknisbústaðar í Laugarási	3500 kr.
— —— í Grenivík	3500 —
— —— á Breiðamýri	1000 —
— sjúkraskýlis á Eyrarbakka	2500 —

Þetta er allt fyrri greiðsla.

13. gr.

Kostnaður við stjórn og undirbúning vegagerða hefir aukizt allverulega, en fyrir því eru allgreinilegar ástæður, sem nánar verður skýrt frá í framsögu. Um breytingartillögur nefndarinnar að því er vegina snertir skal það tekið fram, að nefndin gerði sér far um að mæta óskum þingmanna og jafnframt að gæta þess, að kröfunum væri stillt í hóf. Í aðalatriðum er skipting vegafjárins í samræmi við tillögur vegamálastjóra. Samtals hækkar liðurinn til nýrra akvega um 115500 kr. og liðurinn til vega af benzínskatti um 15000 kr.

Ákvörðun um brúagerðir bíður til 3. umr.

Styrk til strandferða er óhjákvæmilegt að hækka. Raunverulega þarf 100 þús. kr. hækkun, en nefndin leggur til 50 þús. kr. hækkun og lítur svo á, að komast verði af með þá upphæð, enda þótt strandferðirnar verði með svipuðu sniði og áður hefir verið. Þannig er litið á í trausti þess, að útgjöld fari lækkandi; að öðrum kosti verði mismunurinn fenginn með hækkuðum far- og farmgjöldum.

Þá hefir nefndin lagt til allmiklar hækkanir á 13. gr. C, framlögum til hafnargerða og lendingarbóta. Nema þær hækkanir:

1. Til hafnargerða, skv. lögum og væntanlegum lögum ..... kr. 31000
2. Til bryggjugerða og lendingarbóta, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að ..... — 20500
3. Til lendingarbóta, gegn jafnmiklu framl. annarsstaðar að ..... — 15000

Ennfremur til Ólafsvíkurhafnar kr. 5000 og lokagreiðsla til brimbrjótsins í Bolungavík, kr. 10000.

14. gr.

Framlag til prestlaunasjóðs er hækkað um 15000 kr.; er hækkunin samkvæmt reynslu.

Framlag til barnafræðslunnar leggur nefndin til, að hækki um 40000 kr. Vegna þess að kostnaður við barnafræðsluna fer stöðugt vaxandi og fræðslulögunum frá 1936 að mestu kennt um, hefir nefndin með símskeyti spurzt fyrir um það hjá skólastjórum barnaskóla bæjanna, hve mörg skólaskyld börn séu í hverjum þeirra, hve margir fastir kennarar og stundakennarar. Upplýst er af fræðslumálastjóra, að hann hafi ekki ætlazt til, að fleiri börn en 45 kæmu á hvern kennara, þegar niðurskipun fór fram í haust. Taldi hann tæplega kleift að framkvæma ákvæði fræðslulaganna um 50 börn á kennara, en framkvæmd þessa ákvæðis hefir allverulega þýðingu að því er snertir kostnað við barnafræðsluna. Að þessu verður nánar vikið í framsögu.

Byggingarkostnaður til barnaskóla utan kaupstaða er lagt til, að hækki um 20 þús. kr. Liðurinn allur samkvæmt till. nefndarinnar, 50 þús. kr., nægir þó hvergi nærri til fullnaðargreiðslu á þeim hluta byggingarkostnaðar, sem ríkinu er ætlað að greiða til þegar reistra skólahúsa.

Rekstrarstyrkur til gagnfræðaskólanna hækkar samkvæmt reynslu um 20 þús. kr.

Um stofnstyrk héraðsskóla má geta þess, að nokkrar beiðnir liggja fyrir um stækkun skólanna og endurbætur. Nefndin leggur til, að liðurinn hækki um 9 þús. kr., verði 28 þús. kr. og skiptist þannig:

Til Reykholtsskóla	6000 kr.
— Reykjaskóla	7000 —
(Þar af endurveiting 3500 kr.)	
— Reykjanesskóla	5000 —
— Núpsskóla	10000 —

Þá er veittur framhaldsstyrkur til byggingar gagnfræðaskólans á Ísafirði, 9000 kr., fyrri greiðsla. Enn leggur nefndin til, að styrkur til alþýðuskólans í Reykjavík hækki um 2000 kr. og að veittar verði 2000 kr. til menningar- og fræðsluhringa alþýðu. Þá leggur nefndin til, að styrkur til unglingafræðslu hækki um 5000 kr. Með því að greiða kr. 1,00 fyrir hverja kennslustund og kr. 1,00 fyrir vikudvöl hvers nemanda í skóla hefði styrkur úr ríkissjóði vegna unglingakennslu þurft að vera skólaárið 1936—1937 22263 kr. Greiddar voru kr. 20 þús., en fjárveiting aðeins 15 þús. kr.

Vegna húsmæðrafræðslunnar leggur nefndin til, að tekinn verði í frv. rekstrarstyrkur til Laugalandsskóla 11000 kr. og stofnkostnaður 10000 kr. Veittar verði 2000 kr. til Árnýjar Filippusdóttur, til húsmæðrafræðslu, og til rafveitu á Staðarfelli 2500 kr.

Þá samþ. nefndin að veita 1000 kr. til iþróttaheimavistarskólans á Sauðhúsvelli í Rangárvallasýslu, og að hækka styrkinn til steinsteyptra sundlauga um 5000 kr.

15. gr.

Nefndin leggur til, að veittar verði 1000 kr. til lesstofu sjómanna á Siglufirði. Aðrar breytingar, sem kunna að koma til greina við 15. gr., bíða til 3. umr. fjárlagafrv.

16. gr.

Nefndin leggur til 3000 kr. hækkun á fjárveitingu til sandgræðslu. Vegna fjölgunar sandgræðslugirðinga er vitanlega vaxandi fjárþörf til viðhaldsins og einlægt mikil nauðsyn á nýjum framkvæmdum.

Þá leggur nefndin til, að varið verði til landþurrkunar á Eyrarbakka 5000 kr. og í Ölfusinu 6000 kr., auk 13000 kr. til aðgerðar og flutnings á skurðgröfu austan úr Safamýri í Ölfusforir.

Vegna þeirra miklu skemmda, sem Markarfljót og Álar ætíð valda á nokkru svæði, samþykkti nefndin að veita til fyrirhleðslu nefndra straumvatna 50 þús. kr. Hefir þegar verið unnið fyrir 20 þús. kr. af þessari upphæð.

Til þess að gera flóðgátt við Rangá vegna þurrkunar og áveitu Safamýrar leggur nefndin til, að veittur verði ⅓ kostnaðar, 4500 kr.

Enn leggur nefndin til, að veittar verði 1500 kr. til rannsóknar á Gilsnámu í Hólshreppi o. fl. náma.

Fjárveiting til atvinnudeildar háskólans er nýr liður í fjárlagafrv., og leggur nefndin til, að liðurinn hækki um 19700 kr., samkvæmt sundurliðun rekstrarkostnaðar, sem fylgir með breytingartill. nefndarinnar.

Loks leggur nefndin til, að veittar verði til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 6000 kr. og á Stokkseyri 5000 kr.

17. gr.

Við þessa grein flytur nefndin aðeins tvær breytingartill. Er sú fyrri um 5000 kr. hækkun til Stórstúku Íslands, og gangi þar af 1000 kr. til bindindisfélaga í skólum landsins, en síðari till. er um 1000 kr. styrk til gamalmennahælis í Hafnarfirði.

18. gr.

Væntanlegar breytingar á 18. gr. bíða til 3. umr. frv.

Alþingi, 3. des. 1937.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.	Héðinn Valdimarsson, fundaskr.	Jón Pálmason, með fyrirv.
Jakob Möller, með fyrirv.	Þorst. Þorsteinsson, með fyrirv.	Pétur Ottesen, með fyrirv.
Helgi Jónasson.	Skúli Guðmundsson.	Þorbergur Þorleifsson.

Ed. 253. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo:

Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi greiðslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 19. maí 1930, 19. gr., svo og erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánum bæjar- og sveitarfélaga og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

Ed. 254. Nefndarálit

um frv. til l. um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta hefir legið fyrir nefndinni um skeið, og hefir hún athugað það frá ýmsum hliðum. Meðal annars var leitað umsagnar stjórnar síldarverksmiðja ríkisins. Ennfremur var nefndinni kunnugt um, að fyrir atbeina atvinnumálaráðherra er nú verið að gera athugun á skrifstofu vitamálastjóra um skilyrði fyrir auknum mannvirkjum á Raufarhöfn. Fullkomin áætlun um það gat ekki að svo komnu legið fyrir nefndinni. Einn nefndarmanna (JJós) vildi ekki bíða eftir þeim gögnum, sem hér hefir verið minnzt á. Meiri hl. nefndarinnar er sammála um það, að krafan um nýja verksmiðju á Raufarhöfn sé á rökum byggð, og er því fylgjandi, að veita ríkisstjórninni heimild til að byggja þar nýja verksmiðju, og ef unnt er á næsta sumri, svo að síldveiðiflotinn hafi hennar not á næstu síldarvertíð. Nefndin varð þó ekki sammála um afgreiðslu málsins. 1. minni hl. (JJós) leggur til, að frumvarpið verði afgreitt óbreytt. Á það gat meiri hl. ekki fallizt, þar sem allar upplýsingar, er nefndin hafði aflað sér, bentu til þess, að slíku mundi mjög miklum vandkvæðum bundið að koma í framkvæmd. Hinsvegar verður að líta svo á, að tillögur þær, er stjórn síldarverksmiðja ríkisins lagði fyrir nefndina, séu eftir atvikum framkvæmanlegar og mundu bæta mjög úr aðkallandi þörf smáskipaflotans. En um það gat 3. nefndarhlutinn (IngP) ekki orðið sammála. Að öðru leyti mun hann skýra afstöðu sína við umræður um málið.

Samkvæmt ofanrituðu legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á næsta sumri. Verksmiðjan skal geta unnið úr minnst 2400 málum síldar á sólarhring og vera útbúin nýjustu tækjum til fljótvirkrar losunar og vinnslu. Byggingunni sé þannig fyrir komið, að auðvelt sé að koma við stækkun á verksmiðjunni síðar.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „einni og hálfri milljón“ komi: einni milljón.

Alþingi, 3. des. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 20. nóvember 1937.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Þér hafið með bréfi dags. 27. f. m. sent oss til umsagnar frv. til l. um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er unnið geti að minnsta kosti úr 5000 málum á sólarhring, er taki til starfa á næsta ári og sé rekin samkv. lögum nr. 14 9. jan. 1935.

Undirritaðir tveir stjórnendur síldarverksmiðja ríkisins viðurkenna, að reynsla tveggja undanfarinna ára hafi sýnt, að mikil þörf sé á, að á Raufarhöfn sé byggð ný verksmiðja, þar eð eigi mun unnt að stækka gömlu verksmiðjuna meira en þegar hefir verið gert.

Hinsvegar verður því eigi neitað, að á þessu eru ýmsir annmarkar, og má þar fyrst nefna dýpið á höfninni, sem ekki mun vera meira en 13 fet með stórstraumsfjöru. Er því augljóst, meðan höfnin er eigi dýpkuð, að verksmiðja á Raufarhöfn verður að öllu leyti að byggja rekstur sinn á afla smáskipa, þar eð stórir línuveiðarar og togarar fljóta ekki þangað inn fermdir síld. Ef síldveiði bregzt við Langanes og Sléttu, yrði því mjög örðugt að fá síld til vinnslu til Raufarhafnar. Ennfremur má benda á, að mjög örðugt er um alla aðdrætti og flutning frá Raufarhöfn, meðan ekki fljóta þangað inn á höfnina önnur skip en þau, er ekki rista dýpra en 13 fet.

Þá má geta þess, að nokkrir erfiðleikar kunna að vera að fá nægilegt vatn handa nýrri verksmiðju á Raufarhöfn og skipum þeim, er þar leggja upp síld. Þyrfti að fara hið fyrsta fram ýtarleg rannsókn á þessu, áður en ráðizt yrði í að reisa nýja verksmiðju.

Í sambandi við það ákvæði frv., að hin nýja verksmiðja skuli rekin samkvæmt lögum nr. 14 9. jan. 1935, viljum vér benda á, að síld sú, er veiðist þarna austur frá, er venjulega um 10% magrari en síld sú, er vestar veiðist á sama tíma. Virðist því full ástæða til að gefa stjórn ríkisverksmiðjanna heimild til að greiða slíka síld í samræmi við fitumagn, því ella gæti svo farið, að ríkisverksmiðjurnar yrðu ekki samkeppnisfærar um síldarverð, þegar tiltölulega mikill hluti af hráefni þeirra yrði mögur austansíld og fituminni en hjá öðrum síldarverksmiðjum á Norðurlandi.

Að framanrituðu athuguðu treystum vér oss ekki til að mæla með því að svo komnu við háttvirt Alþingi, að reist verði stærri verksmiðja á Raufarhöfn en sem svarar 2400 mála vinnslu á sólarhring, sem mætti stækka, ef þörf krefði, í 5000 mála vinnslu.

Í sambandi við þetta viljum vér leiða athygli að því, að vér teljum mikla tvísýnu á, að unnt verði að koma upp slíkri verksmiðju fyrir næstu síldarvertíð, þar eð mjög langan fyrirvara þarf til að fá afgreiddar allar vélar, er til slíkrar byggingar þarf. Hinsvegar viljum vér í þessu sambandi taka fram, að vér munum leggja fyrir ríkisstjórnina tillögu um stækkun verksmiðjanna á Siglufirði um 2400 mála vinnslu á sólarhring. Slík stækkun yrði tiltölulega ódýr og mjög vel framkvæmanleg fyrir næstu síldarvertíð. Erum vér reiðubúnir til að gefa yður allar upplýsingar um þetta, hvenær sem þér óskið.

Einn stjórnarmaðurinn, Þorsteinn M. Jónsson, er því mótfallinn, að ný verksmiðja verði reist á Raufarhöfn að svo komnu, en vill láta athuga möguleika fyrir að byggja verksmiðju á Þórshöfn, en undirritaðir hafa mælt með Raufarhöfn sérstaklega með tilliti til þess, að allur kostnaður við rekstur síldarverksmiðju yrði þar tiltölulega ódýrari, þar sem önnur síldarverksmiðja er þar fyrir.

Virðingarfyllst.

Í stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Þórarinn Egilson. Finnur Jónsson.

Ed. 255. Nefndarálit

um frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Mun nefndin vera þríklofin í málinu. Ég undirritaður legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en geymi mér rétt til afstöðu til breytingartillagna þar til þær eru fram komnar í deildinni.

Alþingi, 4. des. 1937.

Ingvar Pálmason,
form.

Ed. 256. Nefndarálit

um frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Minni hl. telur enga nauðsyn bera til þess, að ríkisvaldið hlutist til um byggingar eða stækkanir á síldarverksmiðjum, sem einstakir menn eða félög standa að og unnt er að koma í verk án aðstoðar ríkisvaldsins. Fyrir því er lagt til, að 1. gr. frv. falli burt. Sama gildir um 2. gr., er snertir forkaupsrétt ríkissjóðs á síldarverksmiðjum þeim, er til eru í landinu.

Ákvæði 4. gr. um búsetu stjórnarnefndarmanna á Siglufirði, eða fast aðsetur meðan verksmiðjurnar eru reknar, telur minni hl. of einstrengingsleg og flytur brtt. samkvæmt því.

Minni hl. þykir upphæð sú, 75 þús. kr., sem samkvæmt 6. gr. má verja til endurbóta eða nýbygginga án þess samþykki Alþingis komi til, of lág, og leggur til, að hún sé hækkuð að mun. Stofnkostnaður verksmiðjanna mun vera hátt á fjórðu milljón króna, og þykir hóflegt, þó verja megi 4% af stofnkostnaði, eða um 150 þús. kr., til þeirra framkvæmda, er hér ræðir um, án sérstakrar heimildar frá Alþingi.

Til þess að benda ótvírætt á það, að hér sé ekki um venjulegt viðhald á vélum eða húsum að ræða, þykir réttara að breyta lítilsháttar orðalagi þessarar greinar.

Samkvæmt 9. gr. frv. eiga verksmiðjurnar framvegis einungis að taka síld til vinnslu af framleiðendum fyrir þeirra reikning.

Minni hl. treystist eigi til þess, ekki síst vegna verksmiðjanna sjálfra, að fella burt þá heimild, sem nú er í lögum um það, að verksmiðjurnar megi kaupa síldina af framleiðendum. Eru ástæður til þess augljósar og þarfnast eigi skýringa. Samkv. þessu leggur minni hl. það til, að breyta 9. gr. frv. þannig, að ekki sé skert sú heimild, sem nú er í lögum og þetta atriði varðar.

Lögin um síldarbræðsluverksmiðjur ríkisins frá 1929 og 1935 gera að vísu ráð fyrir því sem höfuðreglu, að síldin sé ekki keypt, heldur tekin til vinnslu fyrir reikning framleiðenda, gegn greiðslu á ákveðnu hundraðsgjaldi við afhendingu, þótt reynslan hafi orðið sú, að síldin hafi verið keypt öll árin nema fyrsta árið (1930).

Nái sú breyting fram að ganga, sem minni hl. leggur til að gerð verði á 9. gr. frv., áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja við þriðju umr. málsins breytingartillögu við 11. gr., til þess að gera það aðgengilegra en nú á sér stað fyrir viðskiptamenn verksmiðjanna að afhenda þeim síld sína til vinnslu í stað þess að selja hana föstu verði.

Framlag það, sem verksm. er á hverjum stað ætlað að greiða til bæjar- eða sveitarsjóða samkv. frv., þykir minni hl. of hátt og leggur til, að það sé lækkað um helming.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Fyrri hluti 2. málsgr. orðist svo:
   Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefir hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Á einu ári er verksmiðjustjórninni ekki heimilt að láta gera umbætur á verksmiðjunum né bæta við nýbyggingum, er nemi yfir 4% af stofnkostnaðarverði verksmiðjanna, nema að fengnu leyfi Alþingis.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.
6. Við 14. gr. Í stað „1%“ komi: ½%.

Alþingi, 4. des. 1937.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 257. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 4. gr. 1. Á eftir staflið b. komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. Vestmannaeyjavegir allt að 5000 kr.

Ed. 258. Breytingartillaga

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á samkvæmt fasteignamati. Innheimtu skattsins annast lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra, í Reykjavík lögmaður, gegn 2% innheimtulaunum. Skatturinn innheimtist samtímis fasteignaskatti til ríkissjóðs, og skal það fé, sem innheimtist, skiptast milli ríkissjóðs og bæjar- eða sveitarsjóðs í réttu hlutfalli við fjárhæð þá, sem hvorum þeirra ber að fá, ef skattur til beggja greiðist ekki að fullu. Innheimtumenn skattsins gera bæjar- og sveitarstjórnum reikningsskil ársfjórðungslega.

Heimilt er þó bæjarstjórnum og hreppsnefndum að annast sjálfar innheimtu skattsins.

Nd. 259. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Helga Jónassyni.*
Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður (og breytist liðatala frv. samkvæmt því):
Á eftir A. 10. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Ásvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar um Ás og Háfshverfi að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.
b. *Fljótsvegur:* Frá Hemlu um Akurey að Bergþórshvoli.
c. *Miðeyjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar vestan Ála, um Miðey, Lágafell, Skíðbakka að Affalli ofan Úlfsstaðahverfis.

II. Frá *Ólafi Thors* og *Bergi Jónssyni.*
1. Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður (og breytist liðatalan samkv. því):
Á eftir A. 13 í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
b. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut hjá Njarðvíkum í Hafnir.
c. *Stafnesvegur:* Frá Sandgerði að Stafnesi.
d. *Vitavegur:* Af Sandgerðisvegi að Garðskagavita.
2. Í stað „2. gr. laganna" í upphafi frvgr. kemur: sömu lagagrein.

III. Frá *Bergi Jónssyni.*
Aftan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:
1. Aftan við XIV. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist: og þaðan eftir póstleiðinni á þjóðveginn austan Þorskafjarðar.
2. Á eftir XIV. C. í sömu lögum bætast nýir liðir:
a. *Ketildalavegur:* Frá Bíldudal að Selárdal.
b. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Dufansdal að Fossi.
c. *Tálknafjarðarvegur:* Af þjóðveginum við Gileyri að Bakka í Tálknafirði.

IV. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Tölul. C. 9. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 skal orða svo:
Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að vegamótum Kjalvegar hjá Mælifelli.

V. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 72 23. júní 1936.

Nd. 260. Lög

um fasteignamat.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.).

Samhljóða þskj. 140.

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar

um safn, er sýni sveitamenningu liðna tímans.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta athuga, hvar í aðalhéruðum landsins, þar sem samgöngur eru góðar, megi kaupa og endurbæta eða byggja sveitaheimili í fornum stíl, er haldið sé uppi sem safni, er sýni íslenzka sveitamenningu liðna tímans, og leggja tillögur og kostnaðaráætlun þar að lútandi fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Tuttugasta öldin breytir óðfluga siðum þjóðarinnar og menningu og sveitaheimilin og sveitamenningin tekur þeim stakkaskiptum, að innan skamms má gera ráð fyrir, að menjar þeirrar menningar, sem þjóðin hefir haldið uppi um aldaraðir, sjáist hvergi nema í bókum eða á þjóðmenjasafninu í Reykjavík. Það er tilgangur þessarar þáltill., að reistur verði minnisvarði þessarar menningar á viðeigandi hátt, með því að á einum stað að minnsta kosti í sveitum landsins verði haldið við af opinberu fé sveitaheimili, er jafnframt sé safn, er sýni húsagerð, innanstokksmuni, siði og menningu liðna tímans, svo að allir innlendir og erlendir menn, sem þess óska, geti séð þessar menjar í réttri umgerð. Slík sveitasöfn eru til á Norðurlöndum og víðar.

Ed. 262. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „Sá skattauki ... jafna hluta“ í upphafi síðustu málsgr. kemur:

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á samkvæmt þessum lögum, þar með talinn 10% viðaukagjald af tekju- og eignarskatti samkv. 5. gr., skal skiptast í tvo jafna hluta.

Ed. 263. Breytingartillaga

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 10. gr. Í stað „700 þúsund“ kemur: 500 þúsund.

Nd. 264. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Frá landbúnaðarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar (BÁ, StgrSt og EmJ) vill samþykkja frumvarpið óbreytt. Jón Pálmason áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram

kunna að koma, en er samþykkur frv. í aðalatriðum. Fimmti nefndarmaðurinn (PO) var fjarverandi þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 4. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Emil Jónsson, frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.
	Jón Pálmason.	

Nd. 265. Nefndarálit

um frv. til laga um lestrarfélög og styrk til þeirra.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem eru allar fólgnar í, að kennslukvikmyndasafn, sem stofnað yrði af fræðslumálastjórninni og rekið samkvæmt reglum, sem kennslumálaráðherra setur, verði styrkt með líkum hætti og lestrarfélög. Tilgangur kennslukvikmyndasafns (Kulturfilm) er hinn sami og bókasafna, og fer vel á því að hafa ein lög um ríkisstuðning til hvorrartveggja þessarar starfsemi. Leggur nefndin til, að álagið á skemmtanaskattinn verði 12%, í stað 10% í frv., og gangi 8% til lestrarfélaga, en 4% til kennslukvikmynda.

Kennslukvikmyndir eru nú mjög mikið notaðar erlendis í skólum og ýmsum félögum. Notkun þeirra hefir fleygt fram hin síðari árin, síðan farið var að nota „filmur", sem engin íkveikjuhætta stafar af, og síðan samkomulag varð um, að allir notuðu 16 mm. mjófilmu. Sýningarvélar eru nú og orðnar tiltölulega ódýrar, kosta frá 200 til 900 krónur. Mega 200 króna vélar teljast nothæfar í skólastofum og 400 króna vélar dágóðar. Sýnivélarnar eru ekki vandmeðfarnar. Skólakvikmyndasöfn eru nú komin upp alstaðar á Norðurlöndum, og er danska safnið styrkt með líkum hætti og hér er lagt til.

Að sjálfsögðu hefðu allir skólar, sem eignast sýningarvél, viðskipti við kennslukvikmyndasafnið gegn lágu árgjaldi eða leigu fyrir einstakar myndir. Einnig má gera ráð fyrir, að ýms félög, ungmennafélög, íþróttafélög, bindindisfélög, kvenfélög, kaupfélög o. s. frv., mundu vilja eiga skipti við slíkt safn, enda gæti það orðið mikil stoð fyrir alla menningarstarfsemi.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi, og kennslukvikmyndasafn, er stofna skal að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. jan. 1938 skal innheimta skemmtanaskatt með 12% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna í sjóð, er nefnist styrktarsjóður lestrarfélaga og er undir stjórn fræðslumálastjóra, en þriðjungur þess rennur til kennslukvikmyndasafns. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
3. Á eftir 9. grein komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:
   Kennslumálaráðuneytið setur nánari reglur um lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum.

Kennslukvikmyndasafnið er eign ríkisins, en í reglugerð skal ákveðið um íhlutun þeirra skóla og félaga, sem safnið nota, um stjórn þess og árstillög eða leigur fyrir myndir.

4. 10. gr. verður 11. grein.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Alþingi, 4. des. 1937.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Pálmi Hannesson, fundaskr. Þorsteinn Briem.
Jóhann G. Möller. Bjarni Bjarnason.

Nd. 266. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Vill meiri hlutinn vísa því frá með rökstuddri dagskrá, en við undirritaðir viljum láta samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1937.

Jón Pálmason, frsm. Pétur Ottesen.

Ed. 267. Nefndarálit

um frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá 3. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er þríklofin í máli þessu. Undirritaður minni hluti getur ekki fallizt á aðalbreytingar frv. frá gildandi lögum og telur þær vera í öllum atriðum til hins verra og í sumum tilfellum til tjóns eins fyrir verksmiðjureksturinn. Ennfremur miða sumar breytingar á lögunum til þess eins að skapa fiskimönnnum og smáútvegsmönnum lakari aðstöðu um verð fyrir síldina en verið hefir, ef frv. nær fram að ganga óbreytt. En aðalstefna frv. virðist helzt vera sú, að skapa síldarverksmiðjum einstakra manna sterkari aðstöðu en nú er gegn ríkisverksmiðjunum, sem mundi leiða til þess, að þær mundu verða undir í samkeppninni um hráefniskaupin og smátt og smátt tapa þeirri aðstöðu, er þær nú hafa, að vera öryggi síldveiðimanna um réttlátt verðlag á síldinni og trygging fyrir áframhaldandi rekstri á þeim tímum, þegar verð síldarafurðanna er lágt. Með þeim breytingartillögum, sem hér fara á eftir, er stefnt að því marki, að verksmiðjurnar hafi hina sömu aðstöðu og þær hafa haft og reynslan hefir sýnt, að er nauðsynleg. Stjórnin sé skipuð af ráðherra að fengnum tillögum stærstu þingflokka. Ónauðsynlegt virðist að hafa stjórnendur fleiri en þrjá. Hinsvegar verður að teljast nauðsynlegt, að skipaðir séu varamenn, eins og títt er í mörgum tilfellum á öðrum sviðum. Þá virðist engin ástæða til að binda hendur verksmiðjustjórnarinnar um nauðsynlegar endurbætur, sem ávallt eru gerðar í samráði við og með samþykki ríkisstjórnarinnar. Sömuleiðis er engin sjáanleg hætta fyrir ríkissjóð, þótt ríkið ábyrgist rekstrarfé verk-

smiðjanna, enda því skylt, þar sem það er eigandi þeirra. Er því lagt til, að greinar þessar falli burt.

Um breytingartillöguna við 9. gr. skal það eitt tekið fram, að verksmiðjunum er tvímælalaust nauðsynlegt að haga sér í þessu efni eins og einkaverksmiðjur, ef þær eiga ekki að verða undir í samkeppninni um síldarkaupin. Enda er þetta krafa allra þeirra, er við verksmiðjurnar skipta, jafnt fiskimanna sem útvegsmanna. Afskrift af vélum og áhöldum virðist samkvæmt reynslu vera nægileg 3%. Þá er lagt til, að síldarmjölspöntunum innanlands sé lokið fyrir 15. sept., og má ekki seinna vera, ef verksmiðjunum á ekki að verða bagi að. Verð mjölsins sé miðað við markaðsverð. Um hundraðsgjaldið af brúttósölu afurðanna til bæjar- og sveitarfélaga er það eitt lagt til, að í engu sé breytt frá því, sem gilt hefir í því efni.

Samkvæmt þessu leggur undirritaður minni hluti til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara, er atvinnumálaráðherra skipar til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum stærstu þingflokkanna, og skipar ráðherra einn þeirra formann stjórnarinnar.
   Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hún hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.
   Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift allra stjórnarnefndarmanna.
   Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Hún annast sölu afurða í samráði við framkvæmdarstjóra.
   Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.
   Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfssvið og laun framkvæmdarstjóra.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á söluna“ komi: enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjurnar kaupa síld af framleiðendum með sérstakri heimild atvinnumálaráðherra. Skal verð síldarinnar ákveðið áður en síldveiðar hefjast fyrir allt síldveiðitímabilið.
6. Við 11. gr. Í stað „5%“ af vélum og áhöldum“ í 3. tölul. komi: 3% af vélum og áhöldum.
7. Við 12. gr.
   a. Í stað „30. september“ í 1. málsgr. komi: 15. september.
   b. Orðið „kostnaðarverði“ í 2. málsgr. falli niður.
   c. Í stað „30. september“ í sömu málsgr. komi: 15. september.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

Alþingi, 6. des. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 268. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Það gat ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þessa máls í landbúnaðarnefnd. Meiri hl. nefndarinnar ætlar að afgreiða málið óbreytt til deildarinnar, enda þótt hann viðurkenni, að frv. sé óljóst orðað, og það svo á sumum stöðum, að alveg brýtur í bág við þá hugsun, sem meiri hl. vildi álíta, að lögð væri til grundvallar fyrir því, hvernig framkvæmdinni skyldi haga. Minni hl. getur ekki fallizt á þá stefnu, sem frv. þetta er byggt upp á, nema þá að jafnframt sé sýnd einhver viðleitni til þess að draga úr þeirri hættu, sem af því leiðir, að aðstöðumunurinn til þess að nota nýmjólkurmarkaðinn er að mestu leyti þurrkaður út.

Komi það í ljós við 2. umræðu þessa máls, að frv. muni eiga að verða að lögum á þessu þingi, mun minni hlutinn freista þess við 3. umr. að bera fram breytingartillögur við frv., sem miða að því að gera ákvæði frv. skýr og um það, að yfirráð framleiðenda sjálfra um alla framkvæmd þessara mála verði betur tryggð en nú er, og loks um önnur þau ákvæði, er miklu varða.

Alþingi, 6. des. 1937.

Pétur Ottesen, frsm. Jón Pálmason.

Nd. 269. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og gat eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill samþykkja það óbreytt, eða því sem næst, en við undirritaðir teljum óþarft eins og stendur að setja ný lög um þetta efni.

Meðan Deildartungupestin er að geisa um landið er það ástand fyrir hendi, sem enga löggjöf um útrýmingu annara sauðfjárveikinda er hægt að miða við. Eðlilega verður því að fresta útrýmingarböðun samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935 á meðan svo stendur, en sennilegt, að aldrei gefist betra færi til að láta slíka böðun fara fram heldur en ef svo fer, að horfið verður að því ráði að skera niður allt fé á stóru svæði vegna pestarinnar, til að skipta um fjárstofn. Þá verður í bili fátt fé að baða. Hinsvegar duga lögin frá 30. nóv. 1914 vegna þrifabaðana meðan svona stendur, því að svo miklu leyti sem frá þeim þarf að víkja, þá hefir landbúnaðarráðherra fullt vald til samkvæmt lögunum að gefa út reglugerð, og er á þann hátt hægara að koma að öllu því, sem taka þarf til greina eins og nú stendur.

Alþingi, 6. des. 1937.

Jón Pálmason, frsm. Emil Jónsson.

Nd. 270. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri gerir árlega tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Tillögur þessar skal hann gera í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og formann Farmannasambands Íslands. Skal þetta gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft tillögurnar til hliðsjónar við samningu fjárlagafrumvarpsins.

2. gr.

Úr 8. gr. laganna falli orðin „ef ástæður ríkissjóðs leyfa".

3. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
— Borgareyjum	—
— Rauðanesi	—
— Hjörsey á Mýrum	—
— Stapa	—
— Rifi á Snæfellsnesi	—
— Stórfiskaskeri við Hagabót	—
Undir Söðli við Skorarhlíð	—
Á Bjargtöngum	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
— Langanesi í Arnarfirði	—
— Þingeyri við Dýrafjörð	—
— Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
— Flateyri við Önundarfjörð	—
— Sauðanesi	—
— Gelti	radíóviti
— —	hljóðviti
— Æðey	ljósviti
— Sléttueyri í Jökulfjörðum	—
— Aðalvík	—
— Hornbjargi	radíóviti
— —	hljóðviti
— Munaðarnesi	ljósviti
— Krossnesi	—
— Kaldrananesi	—
— Kjörseyri við Hrútafjörð	—
— Bálkastaðanesi	—
— Skagaströnd	—
— Kálfshamarsnesi	stækkun ljósvita
— Skagatá	— —
— Reykjadisk við Skagafjörð	ljósviti
Nyrzt á Málmey	—

Á Siglunesi	radíóviti
— Grímsey	ljósviti
— Húsavíkurhöfða	—
— Snartarstöðum	—
— Grenjanesi	—
— Svínalækjartanga	—
— Langanesi	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Digranesi	ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
— Skálanesi við Borgarfjörð	—
— Glettinganesi	hljóðviti
— Hellisnesi við Norðfjörð	ljósviti
— Grímutanga við Reyðarfjörð	—
— Selnesi á Breiðdalsvík	—
— Seley	—
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Hvalsnesi	ljósviti
— Stokknesi	radíóviti
— Hestgerði	ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
— Stórhöfða	— —
— Faxaskeri	ljósviti
— Loftsstaðahól	—
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
— Reykjanesi	hljóðviti
— Gróttu	radíóviti
— —	hljóðviti

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þessa er flutt fyrir tilmæli Farmannasambands Íslands. Aðalbreytingin, sem með því er farið fram á að gerð verði á lögunum um vitamál og vitabyggingar, er við 9. grein, þ. e.: skrána yfir vita þá, sem skv. lögunum skal byggja.

Til þess að ákveða, hvar vitar skuli standa umhverfis allt landið, svo að af þeim verði fyllst not, þarf mikinn kunnugleika. Munu núverandi skipstjórar strandferðaskipanna standa flestum eða öllum framar í þessum efnum. Samkvæmt athugun þeirra eru nokkrum þeirra vita, sem taldir eru í 9. gr., ákveðnir rangir staðir. Einnig vantar í skrána nokkra vita, sem ekki er síður þörf á en ýmsum þeirra, sem í lögunum eru taldir. Skráin í 9. gr. frumvarpsins er samin eftir fyrirsögn hr. skipstjóra Ásgeirs Sigurðssonar.

Fyrir öðrum atriðum frumvarpsins verður gerð grein í framsögu.

Nd. 271. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir b-lið 10. gr. laganna komi:

Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið eftir gefið fyrir ráðstafanir þess opinbera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir ósk fjármálaráðherra og samkvæmt tilmælum ríkisskattanefndar Íslands. Frv. er til frekari skýringar við framangreindan lið skattalaganna.

Það leiðir af sjálfu sér, að þegar gjaldendur fá eftir gefinn töluverðan hluta af skuldum sínum, eins og t. d. nú hefir átt sér stað við Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, þá fellur um leið niður eða hverfur hluti af rekstrartöpum þeirra undanfarin ár. Þykir því óeðlilegt, að heimildin til þess að færa tap milli ára yfir tvenn áramót til frádráttar tekjum geti náð til taps eða tapsskulda, sem þannig hafa verið eftir gefnar. Mun það og eigi hafa verið tilætlun laganna, en þó þykir rétt, að um þetta atriði verði sett skýrt ákvæði.

Nd. 272. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sérleyfishafar skulu háðir þeim reglum, sem ríkisstjórnin kann að setja við veitingu sérleyfisins um ákvörðun vinnustaðar, trygging vörugæða framleiðslunnar o. s. frv.

Ed. 273. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1936, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Í 26. gr. frumvarps um tekjur bæjar- og sveitarsjóða o. s. frv. (101. mál) er gert ráð fyrir því, að sérákvæði ýmis, er snerta einstök bæjarfélög, gangi ekki úr gildi fyrr en 1. jan. 1939. Í samræmi við það verður að telja sanngjarnt, að Vestmannaeyjar haldi einnig þeim tekjum, sem þetta frumvarp fer fram á, til ársloka 1938. En þar sem lögin eru sjálf tímabundin, verður að framlengja þau með lögum, til þess að þeim tilgangi verði náð. Nefndin leggur því til, að frumvarpið, sem felur þetta í sér, verði samþykkt.

Formaður nefndarinnar (JBald) var fjarstaddur sakir veikinda.

Alþingi, 6. des. 1937.

Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Ed. 274. Breytingartillögur

við frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Þorst. Þorsteinssyni

Við 4. gr.

a. Við 2. tölul. bætist nýr stafl., er orðist svo:
Til Vesturlandsvegar allt að 5000 kr.

b. Í stað „260000“ í síðustu málsgr. kemur: 265000.

Nd. 275. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 265 (Lestrarfélög).

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 2. brtt. Í stað „12%“ komi: 15%.

Ed. 276. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

I. Frá *Guðrúnu Lárusdóttir.*

Við 4. gr.

a. Á eftir „skólahús“ komi: barnahæli.

b. Á eftir „kirkjur“ komi: samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana.

II. Frá *Páli Zóphóníassyni.*

Við 10. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:

Ennfremur skal helmingur af útsvörum þeirra manna, sem taka laun sín úr ríkissjóði eða frá stofnunum, sem reknar eru af ríkinu, renna í jöfnunarsjóð.

Nd. 277. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, allt að 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðafjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

9. gr.

Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

II. KAFLI
Um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

10. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga.

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til sjóðs þessa af tekjum þeim, sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

11. gr.

Hlutverk jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, þó þannig, að hámark það, er getur í 73. gr. nefndra laga, fellur niður á meðan þessi kafli laganna er í gildi.
2. Að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

12. gr.

Árlega skal verja tekjum jöfnunarsjóðs til jöfnunar milli bæjar- og sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum, og gilda um þá jöfnun ákvæði VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935.

Því af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar samkvæmt framansögðu, skal skipt jafnt milli bæjar- og sveitarfélaga í réttu hlutfalli við samanlagðan árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

Ef um smávægilegar eftirstöðvar er að ræða í þessu skyni, er ráðherra heimilt að ákveða, að þær skuli geymdar til næsta árs.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

14. gr.

Árlega skal semja reikning jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

15. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu jöfnunarsjóðs setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

III. KAFLI
Um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, og ákveður hann þá laun hans, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

17. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta framfærslumál hreppa og kaupstaða, tillög þeirra til tryggingarmála, svo og

annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáist um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

18. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna er jafnframt forstjóri jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og hefir á hendi öll dagleg störf og afgreiðslu sjóðsins. Hann annast skiptingu framfærslufjár og annara greiðslna úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga.

19. gr.

Þegar lokið er skiptingu á fé jöfnunarsjóðs, skal leggja skýrslu um skiptinguna fyrir atvinnumálaráðherra, og er hún hefir hlotið samþykki ráðherra, er forstöðumanni sjóðsins heimilt að ávísa greiðslum til bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt henni.

20. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er eftirlitsmanni þá skylt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

21. gr.

Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að safna upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggi á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag sveitarfélaga landsins. Honum er og skylt að veita þeim þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, á því sviði, er snertir fjárhagsmál þeirra, og leiðbeina þeim um framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

22. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum.

23. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að fela eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna að hafa með höndum skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur þar að lútandi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

IV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

25. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

26. gr.

Frá 1. janúar 1939 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.

2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
5. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
6. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
7. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
8. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
9. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
10. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Bráðabirgðaákvæði.

Að svo miklu leyti sem tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga hrökkva til þess, skal framkvæma á árinu 1938 fulla jöfnun framfærslukostnaðar fyrir árin 1936 og 1937, áður en framkvæmd verður jöfnun fyrir framlög til elli- og örorkutrygginga og kennaralauna, og eigi heldur framkvæmd skipting eftirstöðva í sjóðnum, þó einhverjar verði, fyrr en fullri jöfnun er lokið fyrir bæði árin 1936 og 1937.

Nd. 278. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefir ekki getað átt samleið um afgreiðslu þessa frumvarps. Minni hl. nefndarinnar (JPálm, PO) vill samþykkja frv. óbreytt. Meiri hl. nefndarinnar telur hinsvegar, að enn sé svo lítil reynsla fengin um framkvæmd þessara laga, að ekki sé ástæða til þess að fara að breyta þeim nú. Meiri hl. nefndarinnar leggur þess vegna til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem jarðræktarlögin í núverandi mynd hafa aðeins verið í gildi hálft annað ár og þess vegna ekki fengizt nein veruleg reynsla um það, hvernig þau muni gefast, og þar sem síðasta búnaðarþing tók einungis I. kafla laganna til meðferðar, og þar sem þá náðist samkomulag milli Alþingis og búnaðarþings um þann hluta þeirra, telur deildin ekki ástæðu til að taka síðari kafla jarðræktarlaganna til endurskoðunar, fyrr en búnaðarþingi hefir gefizt kostur á að segja álit sitt um þá, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm.	Emil Jónsson.

Ed. 279. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (ÁJ) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. — Ingvar Pálmason, fundaskr.

Sþ. 280. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 og við brtt. á þskj. 242.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 3. gr. A. 4 (Tekjur af tóbakseinkasölu).
Liðurinn fellur burt.
2. Við 8. gr. (Borðfé konungs).
Fyrir „60000“ kemur 15000
3. Við 11. gr. A. 8 (Lögreglukostn. í Rvík).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. A. II. a. 4 (Stykkishólmsvegur).
1. Fyrir „5000“ kemur 10000
2. Nýr liður:
Skógarstrandarvegur 5000

III. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 21 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „10000“ kemur 50000
2. Við 13. gr. A. II. a. 45. Nýr liður:
Suðurlandsbraut 200000
3. Við 13. gr. A. II. c. 3 (Suðurlandsbraut).
Liðinn skal orða svo:
Til Sogsvegar, allt að 100000
gegn framlagi frá Reykjavíkurbæ, er nemi fjórðungi þessarar fjárhæðar.
4. Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Liðurinn fellur burt.

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. A. b. 7. Nýr liður:
Til Sigtryggs Guðlaugssonar prófasts, til þess að launa aðstoðarprest 1500

V. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við brtt. 242,94 (við 14. gr. B. XIV. 2. b. Stofnkostn. héraðsskóla).
a. Fyrir „28000“ kemur 38000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 15000 kr. til Reykjanesskóla í Norður-Ísafjarðarsýslu.

VI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til sundlaugarbyggingar á Siglufirði 20000

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýir liðir:
1. Til Sigurðar Skagfields söngvara 2000
Til vara 1200
2. Til Eggerts Stefánssonar söngvara 2000
Til vara 1200

VIII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 16. gr. 1 (Atvinnubætur).
Fyrir „500000“ kemur 850000
2. Við 16. gr. 11. Nýr liður:
Til að styrkja tilraunastarfsemi bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga í ýmsum verklegum framkvæmdum 75000
3. Við 16. gr. 14. Liðinn skal orða svo:
Til fóðurtryggingarsjóða 75000
Þar af til sérstakra ráðstafana út af óþurrkunum síðastl. sumar 60000 kr.
4. Við 16. gr. 23. Nýir liðir:
a. Til þess að athuga möguleika á því að reisa rafstöðvar og orkuveitur og framkvæma undirbúningsrannsóknir 20000
b. Til þess að athuga möguleika á því að hagnýta raforku frá orkuveri við Sog til húsahitunar í Reykjavík og ef til vill víðar 10000
c. Til þess að athuga möguleika á því að virkja til raforkuvinnslu eitthvert stórt fallvatn, í þeim tilgangi að framleiða svo ódýra orku, að hægt sé að hagnýta hana til stóriðnaðar, t. d. áburðarvinnslu 10000
d. Til skipulagðra vatnsrennslismælinga í fallvötnum, til þess að vinna úr þeim og gefa út skýrslur um þær 15000
e. Til hagnýtra jarðvegsrannsókna 20000
Til þess að annast þessar rannsóknir er ríkisstjórninni heimilt að ráða sérfróðan mann, er sé um leið ráðunautur hennar í öllu, er lýtur að hagnýtingu íslenzkra jarðefna.
5. Við 17. gr. 7. Nýr liður:
Til dagheimila og sumardvalarheimila fyrir börn 10000
Ráðherra úthlutar styrk þessum til félaga, er um það sækja og sanna, að þau geti rekið slík heimili.
6. Við 17. gr. 17. Nýir liðir:
a. Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar 300
b. Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingin á Akureyri 300

IX. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 17. gr. 25. Nýr liður:
Til elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar í Reykjavík 10000

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. i. 20. Nýr liður:
Til Guðmundar Eiríkssonar á Þorfinnsstöðum 300

XI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 20. gr. Út. III. (Nýir vitar).
a. Fyrir „65000“ kemur 225000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af til vita á Meðallandssandi 80000 kr. og til vita við Þormóðssker 80000 kr.

Ed. 281. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám útflutningsgjalds af saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir einróma með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 282. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er samþykk því, að mál þetta nái fram að ganga, en hefir enn ekki að fullu gengið frá breytingartillögum við það. Áskilja nefndarmenn sér rétt til þess að koma með breytingartillögur við málið við meðferð þess í deildinni.

Alþingi, 8. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. 283. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Í stað „Landssambandi iðnaðarmanna“ komi: Félagi íslenzkra iðnrekenda.

Ed. 284. Breytingartillaga

við frv. til l. um bændaskóla.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 6. gr. b-lið. Liðurinn falli niður.

Nd. 285. Frumvarp til laga

um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi, og kennslukvikmyndasafn, er stofna skal að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Frá 1. jan. 1938 skal innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna í sjóð, er nefnist styrktarsjóður lestrarfélaga og er undir stjórn fræðslumálastjóra, en þriðjungur þess rennur til kennslukvikmyndasafns. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

3. gr.

Stjórn lestrarfélags, er styrks vill njóta, sendir fræðslumálastjóra í lok hvers starfsárs reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu, ásamt félagsmannaskrá. Ennfremur skýrslu um bókaútlán á árinu, þar sem tilgreint sé, hversu margar bækur hafa verið lánaðar út á árinu og hve mörgum félagsmönnum. Skýrslunni fylgi skrá um bækur, sem félagið hefir eignazt á árinu.

4. gr.

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárri upphæð og því verði úthlutað úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga í marzmánuði ár hvert fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva.

6. gr.

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu, Þó má eigi greiða neinu félagi hærri upphæð en sem svarar 2 krónum fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefir greitt. Fyrsta úthlutun fer fram á árinu 1939.

7. gr.

Lestrarfélög, sem eigi hafa sent skilagreinir samkv. 3. gr. fyrir 1. marz, eiga ekki rétt til styrks.

8. gr.

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum ríkisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

9. gr.

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefir verið komið í viðunandi horf.

10. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur nánari reglur um lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum.

Kennslukvikmyndasafnið er eign ríkisins, en í reglugerð skal ákveðið um íhlutun þeirra skóla og félaga, sem safnið nota, um stjórn þess og árstillög eða leigur fyrir myndir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 286. Lög

um breyting á lögum nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 172.

Nd. 287. Lög

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.).

Samhljóða þskj. 224.

Nd. 288. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 230 [Verðlag].

Frá atvinnumálaráðherra.

Í stað orðsins „nauðsynjavörutegundum“ í meginmáli tillögunnar komi: vörutegundum.

Nd. 289. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. lið komi svo hljóðandi málsgrein:
   Þó skal bæjarfélögum jafnan skylt að leggja þennan fasteignaskatt á og innheimta hann af þeim lóðum, þar sem fermetrinn er metinn að fasteignamati yfir 20 kr., og skal þá skatturinn ekki vera lægri en 1%.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum „lóðum og lendum“ í 3. lið sé bætt inn: sem eru yfir 1 hektari að stærð.
3. Við 3. gr. Á eftir orðunum „allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð“ komi þessi setning: Þó skal fasteignaskattur á hús, sem notuð eru til verzlunar, skrifstofuhalds og atvinnurekstrar, ávallt vera tvöfaldur á við skattinn á íbúðarhúsum, þar sem hver íbúð er undir 12000 kr. að fasteignamati.
4. 20. gr. falli niður, og tölusetning greinanna breytist í samræmi við það.
5. 22. gr. falli niður, og tölusetning greinanna breytist í samræmi við það.

Sþ. 290. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

I. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýir liðir:
a. Laxárdalsvegur 3000
b. Staðarfellsvegur 2000

II. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 22 (Öxnadalsvegur).
Fyrir „7000“ kemur 12000

III. Frá *Gísla Sveinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 40 (Síðuvegur).
a. Fyrir „3000“ kemur 6000
Til vara 5000
b. Nýr liður:
Meðallandsvegur 3000
Til vara 2000
2. Við 13. gr. A. II. a. 41 (Mýrdalsvegur).
Fyrir „4000“ kemur 10000
Til vara 8000

IV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 7. Nýr liður:
Viðbótarfjárveiting til dýpkunar Vestmannaeyjahafnar 30000

V. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. C. XI. Nýr rómv. liður:
Til brimbáts (dráttarbáts) í Vík í Mýrdal, stofnkostnaður, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að 2500

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 16. gr. 17. Nýr liður:
Til búnaðarfélags Vestmannaeyja, til þess að hafa mann með kunnáttu í dýralækningum árlangt í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu fjárframlagi annarsstaðar að 1500
2. Við 16. gr. 30. e. Nýr liður:
Launauppbót til fiskiyfirmatsmannsins í Vestmannaeyjum fyrir árin 1936, 1937 og 1938 2100

Ed. 291. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Jóhann Jósefsson.

Við 3. gr.

a. 1. tölul. 1. málsgr. orðist svo:

Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Áburðarefni, baðlyf, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, kol, að svo miklu leyti sem þau eru ekki notuð til útgerðar, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, mjaltavélar, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, saumavélar, síldarkrydd, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar,

tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, steinolía og vélaolíur í tunnum og brúsum, sem ekki eru notaðar til útgerðar.

b. Aftan við 2. málsgr. komi: Sömuleiðis björgunartæki og eftirtaldar vörur, að svo miklu leyti sem þær eru notaðar til útgerðar: Akkeri, akkerisfestar, blýsökkur, fiskilínur, fiskinet, kol, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, salt, síldartunnur og efni í þær, steinolía, umbúðastrigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.

Ed. 292. Frumvarp til laga

um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðjur hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefir hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfsvið framkvæmdarstjóra og laun.

5. gr.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu þrír, skipaðir af atvinnumálaráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til eins árs í senn.

6. gr.

Ekki er verksmiðjustjórninni heimilt að gera endurbætur á verksmiðjunum né bæta við nýbyggingum, er nemi yfir 75 þúsund krónum á ári, nema að fengnu leyfi Alþingis.

7. gr.

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

8. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

9. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

10. gr.

Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verða reknar það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

11. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgun af stofnkostnaði síldarverksmiðjanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.
3. Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum.
4. 5% gjald í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 9. gr., má greiða eigendum með allt að 85% við afhendingu til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, eða þá er ársreikningur er fullgerður.

12. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.

Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af síldarmjöli, sem þau telja sig þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar.

Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

13. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. júlí ár hvert.

Að þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og ríkisreikningnum.

14. gr.

Verksmiðjurnar skulu greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þær greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

15. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins, og lög nr. 35 13. júní 1937, um breyting á lögum um síldarverksmiðjur ríkisins 9. jan. 1935.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 5 manna í verksmiðjustjórn, samkv. 4. gr., skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar. Skipun endurskoðenda samkvæmt 5. grein fer fram strax og verksmiðjustjórn hefir verið kosin. Fyrningargjöld af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau 2 ár, sem eftir er að greiða fyrrverandi eiganda afborganir af andvirði verksmiðjunnar samkvæmt samningi.

Nd. 293. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Gísla Sveinssyni* og *Emil Jónssyni*.
Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður:
Á eftir A. 11. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Dyrhólaeyjarvegur: Frá Litla-Hvammi í Mýrdal (af Suðurlandsvegi) um Loftsali að Dyrhólaeyjarvita.

II. Frá *Þorsteini Briem*.
Aftan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:
a. Á eftir B. 8. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 komi nýr liður:
Haukadalsvegur: Frá Haukadalsárbrú á Vesturlandsvegi um Stóra-Vatnshorn að Krossi í Haukadal.
b. Tölulið XII. í lögum nr. 72 23. júní 1936 skal orða svo:
Skarðsstrandarvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell, Skarð og Tjaldanes á Vesturlandsveg í Saurbæ.

Nd. 294. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá Bergi Jónssyni, Thor Thors, Vilmundi Jónssyni.

Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin verði: Frv. til laga um verðlag á vörum.

Nd. 295. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Milli orðanna í 1. málsgr. „landbúnaðarráðherra“ og „skal gjald“ komi: og mjólkursölunefnd hefir ákveðið sem sölusvæði.
   b. Upphaf 3. málsgr. orðist svo:
      Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna o. s. frv.
   c. Í stað orðanna „skulu þó fá“ í 4. málsgr. komi: skulu því fá.
   d. Á eftir orðunum „í stöðvargjaldi búsins“ í 4. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrirfram af mjólkursölunefnd svo oft, sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára.
   e. Upphaf síðasta málsl. 4. málsgr. orðist svo: Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama verðjöfnunarsvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða, en slíkan kostnað o. s. frv.
   f. Aftan við 1. málsl. 5. málsgr. bætist: (miðað við bæjarlöndin eins og þau eru nú).
   g. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur þeir á sölusvæðinu, sem ekki hafa leyfi til sölu beint til neytenda, selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á fyrir næstliðið ár.
   h. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Fyrir það mjólkurmagn, sem framleitt er utan sölusvæðis og selt er af sölusamtökum á því mánuðina okt.—des., skal greiða 1 eyri á lítra umfram jöfnunarverð þá mánuði. Einnig er mjólkursölunefnd heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum að mismuna í útborguðu verði til framleiðenda eftir árstíðum, ef hún telur nauðsyn á til að fullnægja markaðsþörfinni.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna í 5. gr. laganna „Heimilt skal þó ... ársnyt úr hverri kú“ komi: Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til sölusamtakanna og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald eftir því, sem mjólkursölunefnd ákveður það á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hafi hinsvegar meðalársnyt í öðrum þeim lögsagnarumdæmum, þar sem sölusvæði er ákveðið, reynzt lægri samkv. skýrslum nautgriparæktarfélaga þar, skal gjaldið miðað við það.

Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þessarar nýtur, að undanskilja til heimilisþarfa ½ lítra á dag á hvern heimilismanna hans. En til heimilismanna teljast hér þeir, er framleiðandi hefir á framfæri, svo og hjú hans, enda tilkynni hann tölu heimilismanna og færi sönnur á hana, eftir því sem sölustjórn ákveður.

3. Við 4. gr. Í stað orðanna „sá, er flutninginn annast, eða aðrir“, í 2. málsgr., komi: sá, er flutninginn annast, og aðrir.

Nd. 296. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Aftan við 2. málsgr. bætist: Við ákvörðun gjaldsins skal þó tekið hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við mjólkurframleiðsluna á hinum ýmsu stöðum innan verðjöfnunarsvæðis, og má aldrei hækka það svo, að ofboðið sé með því greiðslugetu framleiðenda í nokkru byggðarlagi á verðjöfnunarsvæðinu; skal um þetta stuðzt við álit og tillögur Búnaðarfélags Íslands.
   b. Fyrir orðin „sbr. þó 13. gr.“ í 4. málsgr. kemur: sbr. þó 2. málsgr. þessarar greinar og 13. grein.
   c. 6. málsgr. orðist svo:

      Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu leggja inn í samsöluna og geta tryggt til sölu og selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir umfram jöfnunarverð til framleiðenda. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á um áramót.

2. Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

   Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

   Til þess að standast verðuppbætur þær, er greiða skal samkv. 1. gr., skal auk verðjöfnunargjalds á neyzlumjólk afla fjár í verðjöfnunarsjóð sem hér segir:

   1) Af öllu innfluttu kjarnfóðri á verðjöfnunarsvæði skal greiða innflutningsgjald, er renni í verðjöfnunarsjóð svæðisins, og nemi það 5 aur. á hvert kg. Ef ekki er verðjöfnunarsjóður á svæði, fellur gjaldið niður.

      Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um innheimtu gjaldsins og skiptingu milli mjólkurbúa. Rísi ágreiningur um, hvort vara teljist til kjarnfóðurs, sker ráðherra úr.

      Ef flytja verður inn kjarnfóður vegna harðinda og fóðurskorts, er ráðherra heimilt að undanþiggja það innflutningsgjaldi.

      Heimilt er og ráðherra að endurgreiða innflutningsgjald af kjarnfóðri, sem flutt er inn á verðjöfnunarsvæði, ef sannað er, að það sé þaðan aftur flutt til notkunar utan verðjöfnunarsvæða.

   2) Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að öll brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæði, skuli blönduð að tilteknum hundraðshluta með mjólk eða mjólkurdufti (þar með talin mysa eða mysuduft). Ákveður hann jafnframt, eftir tillögum mjólkurverðlagsnefndar, verð á þeirri mjólk (mjólkurmysu) eða þurrmjólk, sem notuð er á þennan hátt. Sú verðhækkun, sem á mjólkinni verður fyrir þessa notkun, eftir mati mjólkursölunefndar, rennur óskipt í verðjöfnunarsjóð.

3. Við 3. gr. frv. Við greinina bætist ný málsgr.:

   Aftan við sömu grein bætist: Stjórnin skal skipuð á þann veg, að hvert mjólkurbú og framleiðendafélag skipi einn mann, en þó skulu þau mjólkurbú, er taka á móti meira en tveim milljónum lítra á ári, tilnefna tvo menn.

4. Á eftir 3. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. e-liður 9. gr. laganna fellur niður.
   b. Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:
      Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að reist verði þurrmjólkurstöð á hentugum stað, og veitist stjórninni heimild til að láta stöðina njóta styrks á sama hátt og mjólkurbú hafa notið, og jafnframt til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til byggingarinnar.
5. Ákvæði um stundarsakir fellur niður.

Ed. 297. Frumvarp til laga

um verðlag á vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að annaðhvort útsöluverð eða verzlunarálagning í heildsölu og smásölu á tilteknum vörutegundum, eða hvorttveggja, megi ekki vera hærra en verðlagsnefnd ákveður. Heimild þessi nær þó ekki til þeirra vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum.

2. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum: 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðilja, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra mann í nefndina í hans stað.

3. gr.

Hlutverk verðlagsnefndar er að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, eftir því hvort hentara þykir, í heildsölu og smásölu á þeim vörum samkv. 1. gr., sem ríkisstjórnin hefir á hverjum tíma ákveðið, að störf nefndarinnar skuli taka til. — Skal ríkisstjórnin, þegar lög þessi koma til framkvæmda, gefa út auglýsingu um þær vörutegundir, eða vöruflokka, sem hún ætlast til, að verðlagsákvæði verði sett um, og á sama hátt auglýsa, ef nýjum vörutegundum verður bætt við síðar. Ef um hámarksálagningu er að ræða, skal hún takmörkuð við ákveðinn hundraðshluta af kostnaðarverði vörunnar, kominnar á sölustað. Heimilt skal nefndinni, ef henni þykir ástæða til, að skipta landinu í verðlagssvæði.

4. gr.

Nefndin hefir vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum um innkaupsverð, útsöluverð og framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

5. gr.

Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og eftirlit með þeim setur ríkisstjórnin með reglugerð. Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 4. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

8. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða allt að 10000 króna sektum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum, eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem rís út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 frá 1915 og lög nr. 7 frá 1917, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 298. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir 7. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þrifaböðunum þar, sem svo er háttað heilbrigði sauðfjár, að dómi dýralæknis, að hætta geti stafað af böðun.
2. Á eftir 9. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 9. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Pétur Ottesen, frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.

Sþ. **299. Frumvarp til laga**

um bændaskóla.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvorn skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu ákveðin í launalögum. Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.

Skólastjóri hefir aðalumsjón með nemendum skólans og húsum hans og áhöldum.

Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hvorum skóla upphæð, er svarar allt að tveimur kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða leyfi frá starfi til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarleyfi ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari aðallega fram á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal eigi skylt að ganga í yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.

b. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
c. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Ennfremur skal kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum eða öðrum þeim stöðum, sem verklega kennslan fer fram á, fá nemendur annaðhvort ókeypis fæði og þjónustu tvö síðari missirin eða upphæð, sem því svarar, ef hentara þykir, að nemendur hafi sameiginlegt mötuneyti. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 8. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræð-

ingar. Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu, skal það selt við kostnaðarverði. Ella sjái hlutaðeigandi skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1938.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 300. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Helga Jónassyni.

Á eftir 4. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 301. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. des. 1937.

Bergur Jónsson, form.	Thor Thors, frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.
Gísli Guðmundsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Ed. 302. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Við 14. gr. Við 1. málsl. greinarinnar bætist: Þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár.

Nd. 303. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, og vill meiri hl. ekki fylgja frumvarpinu, en flytur í þess stað þingsályktunartillögu um skipun milliþinganefndar til að endurskoða lög og reglur Háskóla Íslands. En þar sem háskólaráð er skv. gildandi reglugerð réttur aðili til að vinna að slíkri endurskoðun, og endurskoðunin þegar hafin af þess hálfu, telur minni hl. ekki ástæðu til að skipa til þess sérstaka milliþinganefnd.

Minn hlutinn hefði að vísu fremur kosið að hafa frumvarp þetta í annari mynd, en þar sem það felur í sér:

1) aukningu á sjálfsákvörðunarrétti háskólans,
2) nokkra leiðréttingu á ranglæti því, sem framið var með veitingu dósentsembættisins í guðfræði þ. 16. f. m., og
3) þar sem ætla verður, að meiri hluti þings standi að frumvarpinu eins og það er, þá vill minni hl. ekki tefla málinu í tvísýnu með því að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og leggur því til, að það verði samþykkt, en áskilur sér þó rétt til að vera með breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 9. des. 1937.

Jóh. Möller, frsm. Þorsteinn Briem.

Nd. 304. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið, og skilar minni hl. (GÞ og TT) sérstöku áliti. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýr stafliður, sem verður a-liður, svo hljóðandi:

   1. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

   Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna og leitast við að ná samkomulagi um, að tilnefningu sé hagað þannig, að einn meðlimur tryggingarráðs verði tryggingarfræðingur eða

hagfræðingur og annar lögfræðingur. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs. Stafliðir breytist samkv. þessu.

2. Við 2. gr. c. Orðin „með hærri eða lægri bótum en ákveðið er í lögum þessum“ falli burt.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

23. gr. laganna orðist svo:

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára, sem búsettur er á samlagssvæðinu eða stundar þar atvinnu lengur en 6 mánuði, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Nú hefir tryggður maður notið sjúkrahúss- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvinns sjúkdóms, og nýtur hann þá ekki hlunninda þannig, að hann fái greidda sjúkrahúsvist eða aðra meiri háttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms. Þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, eiga rétt á að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum. Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu með sömu skilyrðum og aðrir, en eru ekki tryggingarskyldir.

4. Við 19. gr. Aftan við gr. komi ný gr., svo hljóðandi (20. gr.):

Aftan við 36. gr. laganna bætist: (sbr. þó 31. gr.).

Greinatalan breytist samkv. þessu.

5. Við 26. gr. Á eftir orðunum „sem sjóðurinn starfar“ komi: þó aldrei hærri upphæð en nemur greiddum iðgjöldum þeirra.
6. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 79. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 80. gr., svo hljóðandi:

Lífeyrissjóður greiðir árlega hverju bæjar- og sveitarfélagi til ellilauna og örorkubóta:

1) Vexti af ellistyrktarsjóði bæjar- eða sveitarfélagsins og ennfremur hluta þess að ¼ af framlagi lífeyrissjóðs samkv. 77. gr. 2. tölulið. Þessum ¼ hluta af framlagi lífeyrissjóðs er skipt á milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga í hlutfalli við veitt ellilaun og örorkubætur úr bæjar- eða sveitarsjóði árið áður. Tryggingarstofnun ríkisins tilkynnir hverju bæjar- og sveitarfélagi fyrir 1. okt. ár hvert, hver sé upphæð vaxtanna af ellistyrktarsjóði þess og hver geti orðið hluti þess af ¼ lífeyrissjóðsframlagsins samkvæmt 77. gr. 2. tölulið, en bæjar- eða sveitarfélagið leggur jafnháa upphæð á móti og það notar af hluta sínum af ¼ lífeyrissjóðsframlagsins.

Upphæð þá, sem til úthlutunar kemur samkvæmt þessum tölulið, má eingöngu nota til styrktar gamalmennum og öryrkjum, sem komizt geta af með styrk, sem nemur minna en hálfum ellilífeyri, eftir því sem næst verður komizt, að hann geti orðið, er lífeyrissjóður hefir tekið til fullra starfa, án þess að leita framfærslustyrks að auki.

2) Afganginum, ¾ hlutum, af framlagi lífeyrissjóðs samkvæmt 77. gr. 2. tölulið. Hluti hvers bæjar- og sveitarfélags af þessum hluta lífeyrissjóðsframlagsins ákveðst á sama hátt og í 1. tölulið, en miðast við veitt ellilaun og örorkubætur yfirstandandi árs. Í hlut hvers bæjar- og sveitarfélags fellur þó aldrei hærri upphæð samkv. þessum tölulið en til jafns við úthlutað framlag þess úr bæjar- eða sveitarsjóði til ellilauna og örorkubóta á árinu. Hlut hvers bæjar- og sveitarfélags er skipt á milli einstakra gamalmenna og öryrkja bæjar- eða sveitarfélagsins, annara en þeirra, sem styrks njóta samkv. 1. tölulið og ekki hafa næsta ár á undan notið almenns framfærslustyrks jafnframt ellilaunum og örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði. Má hlutur hvers einstaks ekki nema hærri upphæð en svo, að árleg ellilaun og örorkubætur, sem úthlutað er samanlagt úr lífeyrissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði, svari eðlilegum meðalframfærslueyri einstaklings, miðað við það byggðarlag, þar sem hann dvelur. Skal fara um

þetta og annað hér að lútandi eftir reglum Tryggingarstofnunar ríkisins, er ráðherra staðfestir.

Að svo miklu leyti sem allt framlag lífeyrissjóðs samkv. 77. gr. fellur ekki til útborgunar á þennan hátt, rennur það aftur inn í lífeyrissjóð, unz það á næsta ári er lagt við framlag hans, er þá verður úthlutað.

Greinatalan hér á eftir breytist samkv. þessu.

Meiri hl. lætur þess getið, að hann áskilji sér rétt til að bera fram frekari brtt. við frv. við 3. umr.

Alþingi, 9. des. 1937.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Gísli Guðmundsson.

Nd. 305. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ákvæði þessa frv. munu vera meðal þeirra málefna, sem núverandi stjórnarflokkar sömdu um, er þeir loks náðu samkomulagi um áframhaldandi stjórnarsamvinnu. Frumv. felur í sér margvíslegar breytingar á alþýðutryggingunum, réttindum og skyldum hinna tryggðu og framkvæmd tryggginganna. Minni hl. allsherjarnefndar álítur fyllstu þörf á mörgum og miklum breytingum á l. um alþýðutryggingar, en álítur hinsvegar, að þær breytingar geti því aðeins orðið til verulegra og varanlegra bóta, að þær byggist á rækilegri málefnislegri rannsókn allrar þessarar löggjafar í heild. Til þess að svo megi verða telur minni hl. nauðsynlegt, að allir stærstu stjórnmálaflokkarnir á Alþingi tilnefni sinn manninn hver í nefnd, til að endurskoða alla þessa löggjöf og leggja till. sínar fyrir næsta Alþingi. Það er hin brýnasta nauðsyn fyrir framtíð hinna almennu trygginga, að sem mestur samhugur og skilningur ríki um þær og framkvæmd þeirra. Öruggasta leiðin til að ná því marki er sú, að stærstu stjórnmálaflokkarnir reyni til hins ýtrasta að ná sem víðtækustu samkomulagi um málið.

Frv. þetta er svo seint fram komið, að vitað er, að ókleift er, að málið fái hæfilega rannsókn á þessu þingi. Það kemur fyrst til umræðu 2. des. og hefir síðan verið rætt á nokkrum fundum í allsherjarn. Engra umsagna hefir verið unnt að afla um málið. Minni hl. telur, að frv. feli óverulegar og vafasamar réttarbætur í sér, auk þess sem framkvæmd sjúkratryggginganna er teflt í tvísýnu, þar sem bæjar- og sveitarfélög eru svipt yfirráðum þeirra, sem telja verður, að þeim tvímælalaust beri samkv. almennum lýðræðisreglum. Vegna þessa telur minni hl. bæði rétt og skylt að fresta þessu máli til næsta þings og láta fara fram rækilega og alhliða rannsókn þess.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi hið fyrsta þriggja manna nefnd, samkv. tilnefningu stærstu þingflokkanna, til að rannsaka ýtarlega og alhliða lögin um alþýðutryggingar og leggja till. sínar fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. des. 1937.

Thor Thors, frsm.	Garðar Þorsteinsson.

Ed. 306. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1938 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að ríkissjóður hafi ekki minni þörf fyrir viðauka þá, er í frv. getur, heldur en verið hefir undanfarið. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. Þó skrifar einn nefndarmanna (MJ) undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 9. des. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Ed. 307. Breytingartillögur

við frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 4. gr. 1. málsgrein orðist svo:
   Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum, 2 kosnum hlutbundinni kosningu á Alþingi, 1 skipaður af atvinnumálaráðherra, er sé formaður stjórnarinnar, 1 tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og 1 tilnefndur af útgerðarmönnum, er við verksmiðjuna skipta, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
3. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

Nd. 308. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Thor Thors.*
   Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
   Á eftir XI. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
   a. *Eyrarsveitarvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
   b. *Hnappadalsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skagaströnd.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
   Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður.
   Á eftir XV. C. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
   a. *Hvammsvegur:* Frá Þingeyri í Hvamm.
   b. *Höfðavegur:* Frá Gemlufalli að Höfða.
   c. *Ingjaldssandsvegur:* Frá Hjarðardal um Valþjófsdal yfir Klúku að Sæbóli á Ingjaldssandi.
   d. *Flateyrarvegur:* Frá Breiðadal til Flateyrar.

III. Frá *Jóni Pálmasyni, Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*

Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:

Á eftir C. 7. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:

Kolugafjallsvegur: Frá Skagastrandarvegi um Norðurárdal til Sauðárkróks.

IV. Frá *Stefáni Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*

Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:

Tölul. C. 12. í 2. gr. l. nr. 101 19. júní 1933 skal orða svo:

Dalvíkurvegur: Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd, ásamt brautinni að Litla-Árskógssandi, og um Arnarneshrepp, ásamt brautinni til Hjalteyrar, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.

Ed. 309. Breytingartillögur

við frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Verksmiðjustjórninni er óheimilt, án samþykktar Alþingis, að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja, sem fyrir eru.

Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

2. Við 11. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:

Við afhendingu síldarinnar til vinnslu má greiða eigendum hennar allt að 85% af áætlunarverði síldarinnar nýrrar, ákveðnu samkvæmt þessu og með hliðsjón af 9. gr. Komi það í ljós, er allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, að andvirði afurðanna meira en hrökkvi fyrir útgjöldum þeim, sem talin eru upp í 1.—4. lið þessarar greinar, ásamt þeim hluta áætlunarverðsins, sem greiddur hefir verið til þeirra, sem lagt hafa inn síld til vinnslu, og fyrir tilsvarandi hluta af andvirði keyptrar síldar, skal því, er þá kann að vera eftir, skipt í réttu hlutfalli við síldarmagn milli þeirra, er lagt hafa inn síld til vinnslu, og verksmiðjanna sjálfra, er teljast eigendur þeirrar síldar, sem keypt hefir verið á fast verð við afhendingu.

Ed. 310. Breytingartillaga

við frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 14. gr. Í stað „1%“ komi: ½%.

Ed. 311. Tillaga til þingsályktunar

um aukið sjúkrahúsrúm fyrir geðveika menn.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga fyrir næsta þing möguleika til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti á sjúkrahúsrúmi fyrir geðveika menn.

Greinargerð.

Á Kleppi dvelja nú um 178 sjúklingar. Af þeim eru 108 á Nýja-Kleppi, en 70 á Gamla-Kleppi. Upphaflega var 80 sjúklingum ætlað rúm á Nýja-Kleppi og 50 á eldri spítalanum. Má af því sjá, hve þröngt er orðið á hælinu. Af þeim ca. 150 umsóknum, sem árlega berast geðveikrahælinu, er ekki hægt að sinna nema 70—100. Daglega berast fyrirspurnir um sjúkrahúsvist fyrir geðveika menn hvaðanæva af landinu. Langoftast verður að synja slíkum tilmælum sökum rúmleysis, nema ef alveg sérstök atvik verða þess valdandi, að rúm losni, svo sem við dauðsföll eða því um líkt. Alltaf bíða fleiri eða færri eftir sjúkrarúmi, og biðin vill stundum verða æðilöng. Eru þetta ósegjanleg vandræði fyrir aðstandendur sjúklinganna og aðra þá, sem með mál þeirra fara.

Tekið hefir verið til notkunar húsrúm í Laugarnesspítalanum fyrir geðveika menn, 10 talsins í fyrstu, en urðu brátt 12. Völdust þangað eingöngu „rólegir“ sjúklingar, með langvinna eða viðloðandi (króniska) geðveiki, því að vitstola menn (óðir) gátu eigi talizt hæfir til dvalar í nábýli við holdsveiku sjúklingana. En þrátt fyrir þessa húsnæðisviðbót er ástandið á Kleppi hvað húsrými snertir eins og fyrr segir, og kemur það tilfinnanlegast niður á aðstandendum „órólegu“ eða óðu sjúklinganna, þar sem oftast nær reynist illmögulegt að fá rúm á Kleppi fyrir þá sjúklinga. Hverjum vandræðum og kostnaði það veldur, þarf ekki að lýsa; það geta menn gert sér sjálfir í hugarlund.

Þingsályktunartillagan miðar að því að benda á þessi vandræði og ýta undir, að gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta úr þeim hið allra bráðasta.

Ed. 312. Nefndarálit

um frv. til laga um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum og er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt. Þó er fylgi eins nefndarmanns (JJós) bundið því skilyrði, að breytingartill., er hann flytur við frv., verði samþykkt. Allir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. undir meðferð málsins í deildinni.

Alþingi, 10. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 313. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra og mjólkursölunefnd hefir ákveðið sem sölusvæði, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum.

Gjald þetta ákveðst fyrirfram af mjólkursölunefnd, og má breyta því svo oft sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórnin telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu, og slík verðjöfnun jafnan, eftir því sem við verður komið, miðuð við það, að allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað verðjöfnunarsvæðisins (sbr. þó 13. gr.). Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrirfram af mjólkursölunefnd svo oft, sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama verðjöfnunarsvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða, en slíkan kostnað ákveður mjólkursölunefnd, eftir því sem hún telur hæfilegt, að fengnum skýrslum um slíkan starfrækslukostnað mjólkurbús eða mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi (sbr. þó 5. gr.) er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í (miðað við bæjarlöndin eins og þau eru nú). Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur þeir á sölusvæðinu, sem ekki hafa leyfi til sölu beint til neytenda, selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á fyrir næstliðið ár.

Fyrir það mjólkurmagn, sem framleitt er utan sölusvæðis og selt er af sölusamtökum á því mánuðina okt.—des., skal greiða 1 eyri á lítra umfram jöfnunarverð þá mánuði. Einnig er mjólkursölunefnd heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum að mismuna í útborguðu verði til framleiðenda eftir árstíðum, ef hún telur nauðsyn á til að fullnægja markaðsþörfinni.

2. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna („Verðjöfnunargjaldið skal vera ... á verðjöfnunarsvæðinu") fellur niður.

3. gr.

Í stað orðanna í 5. gr. laganna „Heimilt skal þó ... ársnyt úr hverri kú“ komi: Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til sölusamtakanna og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald eftir því, sem mjólkursölunefnd ákveður það á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hafi hinsvegar meðalársnyt í öðrum þeim lögsagnarumdæmum, þar sem sölusvæði er ákveðið, reynzt lægri samkv. skýrslum nautgriparæktarfélaga þar, skal gjaldið miðað við það.

Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þessarar nýtur, að undanskilja til heimilisþarfa ½ lítra á dag á hvern heimilismanna hans. En til heimilismanna teljast hér þeir, er framleiðandi hefir á framfæri, svo og hjú hans, enda tilkynni hann tölu heimilismanna og færi sönnur á hana, eftir því sem sölustjórn ákveður.

4. gr.

2. og 3. málsgr. 15. gr. laganna falli niður, en í stað þeirra komi svo hljóðandi málsgr.:

Ef mjólk, rjómi eða skyr er flutt inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa þar til sölu á þeim, eða ef þær finnast í bátum, skipum, bifreiðum eða öðrum flutningatækjum, svo nærri sölusvæði eða á leið til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hefir að flytja vörurnar inn á svæðið í heimildarleysi, þá skulu vörur þessar gerðar upptækar, og sá, er flutninginn annast, og aðrir, sem meðsekir reynast, skulu sæta sektum samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

Andvirði upptækrar vöru rennur í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 314. Breytingartillögur

við frv. til l. um byggingarsjóð sveitanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum og stofnun nýrra býla.
2. Við 2. gr.
   a. Á undan greininni kemur fyrirsögn: Um byggingarsjóð.
   b. Greinin orðist svo:
      Byggingarsjóðurinn er deild í Búnaðarbanka Íslands.
3. Við 3. gr.
   a. Fyrir „250 þúsund“ í 2. lið komi: 200 þúsund.
   b. 3. liður falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Landsstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 3 milljónum króna, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, handa byggingarsjóðnum, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum. Einnig er

stjórn sjóðsins, með samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að gefa út verðbréf, er innleysist á 30—40 árum, og sé gerð bréfanna, vextir og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ríkisstjórninni.

5. Við 5. gr. Fyrir „25%“ komi: 15%.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Til tryggingar vaxtabréfum samkvæmt 4. gr. er:
   1. Skuldabréf frá lántakendum.
   2. Varasjóður byggingarsjóðs.
   3. Höfuðstóll byggingarsjóðs.
   4. Ábyrgð ríkissjóðs.

   Ef taka þarf til tryggingarnna, sé það gert í þeirri röð, sem hér er talin.
7. Við 11. gr.
   a. Á undan greininni kemur fyrirsögn: Um byggingarstyrk.
   b. Greinin orðist svo:
      Ríkissjóður leggur árlega fram á næstu 10 árum 125 þúsund krónur til að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.
8. Við 12. gr.
   a. 3. liður orðist svo: Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
   b. Við bætist 2 nýir liðir, svo hljóðandi:
      4. Að fasteignamat bæjarhúsa sé ekki yfir 2000 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
      5. Að landverð jarða í opinberri eign fari ekki yfir 8000 krónur.
   c. Aftan við greinina bætist:
      Framlagið til hvers býlis má vera 500—2000 krónur, þó aldrei meira en $^1/_3$ af kostnaðarverði hússins. Lokagreiðsla fer fram þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.
9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nýbýlastjórn ákveður, hverjar jarðir skuli verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, sem um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina á hverja jörð. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru í því sambandi, og sett þau skilyrði um byggingarnar, sem hún telur þurfa til að tryggja, að þær komi að sem fyllstum notum.
10. Við 14. gr.
    a. Á undan greininni kemur fyrirsögn: Um nýbýli og samvinnubyggðir.
       I. kafli. Almenn ákvæði.
    b. Greinin orðist svo:
       Ríkið vinnur að því að skapa skilyrði til þess, að sem mest af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbúnaður verði stundaður sem aðalatvinnuvegur. Veitir ríkið þann stuðning við stofnun býlanna, að stofnverð þeirra verði ekki meira en það, að meðalfjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.
11. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
    Nýbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem reist er hér á landi eftir að lög þessi öðlast gildi og þar sem landbúnaður er rekinn sem aðalatvinnugrein, enda fái hið nýja býli útskipt land með ákveðnum landamerkjum, eftir því sem við á og þörf krefur.

    Til nýbýla má stofna, hvort sem vill með því að reisa það í óræktuðu landi, eða skipta túni heimajarðarinnar til beggja eða allra býlanna. Þegar jörð er skipt í nýbýli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými, að áliti nýbýlastjórnar, að nægi meðalfjölskyldu til framdráttar, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað.

Jörð, sem lagzt hefir í eyði áður en lög þessi öðlast gildi og ekki eru á nothæf hús fyrir fólk eða fénað, telst nýbýli, sé hún tekin til endurbyggingar og ræktunar.

12. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er eiganda jarðar að stofna til nýbýla á þann hátt, að landnot séu að nokkru eða öllu leyti sameiginleg fyrir heimajörðina og nýbýlið, enda samþykki nýbýlastjórn ríkisins, að svo sé.

Því aðeins er þetta þó heimilt, að nægileg hús fyrir fólk og fénað séu til á jörðinni eða verði reist þar til afnota fyrir bæði býlin. Óheimilt er eigendum þessara jarða að sameina býlin aftur, en sé það þó gert, er styrkur ríkisins endurkræfur, og er nýbýlið til tryggingar þeirri greiðslu.

13. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Samvinnubyggðir nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, sem reist eru í sama hverfi, þar sem framkvæmdir allar við byggingu býlanna hafa verið gerðar eftir ákveðnu skipulagi.

14. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ef nýbýlafélög eða einstaklingar, sem eigi ætla að gerast ábúendur á nýbýlinu, vinna að því að koma þeim upp, skulu slík nýbýli afhent væntanlegum ábúendum við kostnaðarverði, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum. Ef slík nýbýli eru leigð um stundarsakir, skal leigan metin þannig, að ekki sé tekin leiga af framlagi ríkissjóðs til býlisins. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum viðkomandi hrepps.

15. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er hverjum jarðareiganda að byggja fleiri en eitt nýbýli á landi jarðar sinnar, ef ákvæðum 15. gr. um lágmarksstærð býlanna er fylgt. Þó getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir, nema nýbýlastjórn samþykki hið nýja býli og fram hafi farið sú rannsókn, sem um getur í 20. gr.

16. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Áður en ráðizt er í framkvæmdir til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, fari fram rannsókn á allri aðstöðu, og sérstaklega á eftirtöldum atriðum:

1. Að náttúruskilyrði og aðstaða til markaðs og samgangna sé svo hagstæð, að líklegt sé, að framleiðslan beri sig.
2. Að land til býlanna geti fengizt með hæfilegu verði.
3. Á efni til húsagerðar o. fl.
4. Hvort skilyrði séu til nýtingar jarðhita eða virkjunar vatnsorku.

17. Á eftir 20. gr. kemur ný kaflafyrirsögn: II. kafli. Stjórn nýbýlamála.

18. Þar eftir koma 4 nýjar greinar, er verða 21.—24. gr., svo hljóðandi:

a. (21. gr.). Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu.

b. (22. gr.). Landbúnaðarráðherra skipar nýbýlastjóra og getur falið það starf bankastjóra Búnaðarbanka Íslands eða búnaðarmálastjóra. — Nýbýlastjóri sér um og hefir með höndum allar framkvæmdir í nýbýlamálum. Verði skipaður sérstakur nýbýlastjóri, skulu laun hans ákveðin af ráðherra, þar til þau verða ákveðin í launalögum. Reiknast þau ásamt þóknun til nýbýlanefndar með kostnaði við nýbýli.

c. (23. gr.). Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nýbýlanefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra skipaður formaður. Hún skal vera ráðgefandi um allar framkvæmdir og gera tillögur um, hvaða nýbýli njóta styrks ár hvert.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, 10 kr. fyrir hvern fund, er þeir sitja, og þó ekki yfir 300 kr. á ári hver.

d. (24. gr.). Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta starfsmenn sína aðstoða

nýbýlastjóra í störfum hans, eftir því sem þörf krefur og um semst milli þess og landbúnaðarráðherra.

19. Þá kemur ný fyrirsögn: III. kafli. Um réttindi og skyldur ábúenda.

20. Eftir fara 7 nýjar greinar, er verða 25.—31. gr., svo hljóðandi:

a. (25. gr.). Hver sá, sem vill reisa nýbýli í landi jarðar sinnar, eða vill láta af höndum land til nýbýlastofnunar, sendir nýbýlastjórn ríkisins tillögur sínar. Nýbýlastjórn lætur athuga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á þessum stað, ef það hefir ekki verið gert áður, og úrskurðar síðan, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

b. (26. gr.). Hinu nýja landnámi sé komið í framkvæmd á þann hátt, sem hér segir:

A. Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 18. gr. Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir, eftir því sem um semst við nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra.

B. Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa slík nýbýli, senda nýbýlastjórn umsókn um það.

Uppfylli umsækjendur ákvæði 28. gr., gerir nýbýlastjóri samning við þá um framkvæmd verksins, og skal þar meðal annars ákveða, hvenær verkinu skuli lokið og á hvern hátt það sé unnið. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má þó ekki standa lengur yfir en 3 ár.

Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða, og skipulagðar framkvæmdir við stofnun þeirra, verður nýbýlastjóri að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

C. Samvinnubyggðir, reistar í landi ríkis, bæjar, sveitar eða nýbýlafélaga.

Um undirbúning framkvæmdanna gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkv. 20. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal nýbýlastjóri tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt 38. gr.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram sem stofnverð.
4. Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli, í samráði við ábúendur, svo og hverskonar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.
5. Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir álit stjórnar þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber að taka til greina tillögur hennar, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

c. (27. gr.). Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita félögum, er hafa að markmiði að reisa samvinnubyggðir, svo og bæjar- eða sveitarfélögum, sem vilja koma upp nýbýlum eða samvinnubyggðum í löndum sínum, rétt til þess að gera það.

Slík félög verða að uppfylla þau skilyrði og hlíta þeim fyrirmælum, sem nýbýlastjórn ríkisins setur þeim um framkvæmd verksins.

d. (28. gr.). Skilyrði til þess, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við

stofnun nýbýlis eða fengið ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum þessum eru þessi:

1. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Að hann, að dómi nýbýlanefndar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og rekið bú á því, en sé þó ekki svo efnum búinn, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. Að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynleg verður að teljast, að dómi nýbýlanefndar, og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.

e. (29. gr.). Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt lögum þessum, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbýlastjóra, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að nýbýlanefnd samþykki hann.
2. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, þá skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefir til þeirra lagt.

f. (30. gr.). Þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, skulu byggð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

g. (31. gr.). Ef nýbýli í einkaeign kemst í niðurníðslu, að dómi nýbýlanefndar, þannig að húsum og mannvirkjum er eigi við haldið, er styrkur ríkisins til stofnunar býlisins endurkræfur, og má þá selja býlið til lúkningar honum, ef þörf krefur.

21. Næst kemur enn ný fyrirsögn: IV. kafli. Um framlög ríkissjóðs og lán til nýbýla og samvinnubyggða.

22. Eftir fara 6 nýjar greinar, er verða 32.—37. gr., svo hljóðandi:

a. (32. gr.). Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 3500 kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera hærri en það, að hann nemi $^{7}/_{17}$ af stofnkostnaði býlisins, og má aldrei verja meiru en $^{2}/_{7}$ af því til ræktunar. Styrkur ríkisins greiðist eftir því sem um semst milli nýbýlanefndar og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýla, sem eru í einkaeign, en byrjað er á byggingum. Til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkv. lögum þessum, má ekki veita styrk samkvæmt jarðræktarlögunum.

b. (33. gr.). Stofnuð skal lánadeild, er nefnist nýbýladeild. Hún skal veita lán til að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Nýbýladeild hefir heimild til að gefa út verðbréf, er innleysist á 20—40 árum, og skal gerð bréfanna og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ráðuneytinu með reglugerð. Bréfin skulu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

c. (34. gr.). Úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs skal veita lán til stofnunar nýbýla, og má það vera allt að kr. 3500.00 á býli, og þó aldrei yfir $^{7}/_{17}$ af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti.

Á undan láni nýbýlasjóðs má aðeins hvíla:

a) hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins, að dómi nýbýlastjórnar, og þó aldrei yfir kr. 1500.00, og

b) 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skal lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra er slíku láni nemur, þannig, að það ásamt láni úr nýbýladeild fari ekki fram úr kr. 3500.00.

Lán nýbýladeildar afborgist á 20—40 árum eftir gerð húsa. Vextir af þeim séu ekki hærri en greiða þarf af verðbréfum, sem sjóðurinn gefur út.

d. (35. gr.). Með hvers árs fjárlögum skal ákveðið, hve mikið fé sé lagt til stofnunar nýbýla á komandi ári. Skal svo nýbýlanefnd gera tillögur um, hvernig því fé skuli skipt milli héraða og hvaða umsækjendur skuli sitja fyrir um styrk. Á sama hátt gerir nýbýlanefnd tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um lánveitingar úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs.

Nýbýlastjóri skal leggja tillögur nefndarinnar um styrkveitingu til nýbýla fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir í samráði við hann.

e. (36. gr.). Ábúendur allra nýbýla og samvinnubyggða, sem stuðnings njóta samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrningargjald af húsum býlisins. Fyrningargjaldið miðast við varanleik húsanna og er ákveðið af nýbýlastjórn í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald, og skal það ekki vera yfir 1% af kostnaðarverði þeirra.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður nýbýla og samvinnubyggða. Sjóðinn skal ávaxta í nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs, og annast sýslumenn innheimtuna á manntalsþingum, og fylgir gjöldunum lögtaksréttur.

Hvert nýbýli og hver samvinnubyggð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar, þegar endurreisa þarf hús býlisins.

Að fengnum tillögum nýbýlastjóra, setur landbúnaðarráðherra með reglugerð nánari fyrirmæli um sjóðinn.

f. (37. gr.). Nýbýlastjóri skal halda skýrslu yfir nýbýli og samvinnubyggðir, sem reistar verða samkvæmt lögum þessum. Þar skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefir veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög nýbýlinga. Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum.

Þá skal og nýbýlastjóri afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er, um rekstrarafkomu hvers býlis.

Í því skyni getur nýbýlastjórn lagt þá kvöð á nýbýlinga, að halda einfalda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna, eftir reikningsformum, sem nýbýlastjórn gefur út.

Heildarskýrslur um þessi efni skal nýbýlastjórn birta öðru hverju.

23. Þá kemur enn ný fyrirsögn: V. kafli. Um samvinnubyggðafélög.

24. Eftir fara 2 nýjar greinar, er verða 38.—39. gr., svo hljóðandi:

a. (38. gr.). Allir þeir, sem ætla að gerast ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð, skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún, til þess að öðlast gildi, vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbýlanefndar. Í samþykkt samvinnubyggðafélags skal ákveða, hvort rekinn skuli einstaklingsbúrekstur eða samvinnubúrekstur í byggðinni.

Nánari fyrirmæli um undirbúning og setningu samþykkta samvinnubyggðafélaga skulu sett með reglugerð.

b. (39. gr.). Tilgangur samvinnubyggðafélaga er.

1. Að kaupa eða leigja land fyrir væntanlega samvinnubyggð og annast undirbúning og framkvæmdir við að koma henni upp, svo og að annast lántökur til þeirra framkvæmda samkv. 33. gr., og skal nánar ákveða um þessi atriði í samþykkt félagsins.
2. Að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn og annast rekstur þeirra.

25. Þessu næst kemur fyrirsögn: Um teiknistofu.

26. Eftir fara 7 nýjar greinar, er verða 40.—46. gr., svo hljóðandi:
    a. (40. gr.). Stofna skal teiknistofu fyrir byggingar- og landnámssjóð.
    b. (41. gr.). Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eða styrkur er veittur til úr byggingar- og landnámssjóði, nýbýlasjóði, ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins til að veita lán eða styrki til húsagerðar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir lánum eða styrkveitingum úr slíkum sjóðum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.
    c. (42. gr.). Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum við alþýðuhæfi til sveita og við sjó. Heimilt er teiknistofunni að leita aðstoðar íslenzkra listamanna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, svo að þau verði sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 41. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga, skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.
    d. (43. gr.). Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, héraðsskóla eða annarsstaðar til þess að annast smíði á húsgögnum við alþýðuhæfi, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við smíði húsgagna.
    e. (44. gr.). Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað slíkt, er viðkemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum að húsum og húsgögnum.

       Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tillögur með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.
    f. (45. gr.). Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar, í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlanefnd. Ræður forstöðumaður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.
    g. (46. gr.). Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán eða styrki veita til húsabygginga í sveitum, sbr. 41. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðurinn veitir til byggingana.
27. Enn bætist við ný kaflafyrirsögn: Um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl.
28. Eftir fara 3 nýjar greinar, er verða 47.—49. gr., svo hljóðandi:
    a. (47. gr.). Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, sem lán eða styrkur hefir verið veitt til frá byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.
    b. (48. gr.). Nú verða ábúenda- og eigendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við byggingar- og landnámssjóð eða hefir fengið styrk frá honum, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram. Þó skal frá því draga nýbýlastyrk eða byggingarstyrk, ef veittur hefir verið til viðkomandi jarðar, en gæta ber þess, ef jörðin í heild hefir fallið í verði frá því styrkurinn var greiddur, að verðfallið sé þá reiknað hlutfallslega á styrkinn. Sker matsgerð úr um það atriði, ef ágreiningur verður.

       Ef um opinbera eign er að ræða, ber að leigja hana samkvæmt lögum

um erfðaábúð og óðalsrétt, en ella má eftirgjaldið ekki vera hærra en 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs, að frádregnum styrk, allt miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðan hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð hærra en hér segir, fellur lán það, er á eigninni hvílir, í gjalddaga fyrirvaralaust, enda er þá og heimilt að krefja eigandann um endurgreiðslu á veittum byggingarstyrk, að nokkru eða öllu leyti, eftir mati.

c. (49. gr.). Um endurskoðun reikninga byggingar- og landnámssjóðs, starfsskýrslu o. fl. fer eins og fyrir er mælt í lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

29. Loks bætast við 3 nýjar greinar, er verða 50.—52. gr., svo hljóðandi:

a. (50. gr.). Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933, um húsabótaskyldu landsdrottins, koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt lögum þessum, enda kemur þá jarðareigandi undir niðurlagsákvæði 48. gr.

b. (51. gr.). Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 35 7. nóv. 1928, um byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim lögum, nr. 54 8. sept. 1931, lög nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, og breyting á þeim lögum, nr. 97 23. júní 1936, og lög nr. 40 frá 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum.

c. (52. gr.). Lög þessi öðlast þegar gildi.

30. Frumvarpið heiti: Frumvarp til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Ed. 315. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 307 og 310 (Síldarverksmiðjur).

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

I. Við brtt. 307, 1. Á eftir orðunum „skipuð 5 mönnum“ komi: til 3 ára í senn.
II. Við brtt. 310. Í stað „½%“ komi: ¼%.

Ed. 316. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Á eftir VIII. kafla frv. komi IX. kafli. Bráðabirgðaákvæði:

1. Undanþegin skyldutryggingu samkvæmt lögum þessum eru um fimm ára skeið, frá því er lög þessi öðlast gildi, þau vátryggingarfélög fyrir vélbáta, sem nú eru starfandi í landinu, svo og þeir vélbátaeigendur, er nú hafa vátryggt báta sína í innlendu vátryggingarfélagi, enda sendi aðili ósk um slíka undanþágu Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 1. ágúst 1938.
2. Með sama hætti eru og eigendur opinna vélbáta undanþegnir skyldutryggingu á bátum sínum um jafnlangan tíma.

Nd. 317. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frumvarpinu, enda þótt einstakir nefndarmenn séu mótfallnir sumum ákvæðum þess. Áskilja nefndarmenn sér því rétt til að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, svo og að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. des. 1937

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason.
Ólafur Thors. Stefán Stefánsson.

Nd. 318. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. des. 1937.

Skúli Guðmundsson, form. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr. Ólafur Thors, frsm.
Sveinbjörn Högnason. Stefán Stefánsson.

Nd. 319. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingarsjóð sveitanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft þetta mál til athugunar og orðið ásátt um að gera á því víðtækar breytingar. Ganga þær út á það í fyrsta lagi að steypa saman við frv. öðrum lögum og frumvörpum, sem snerta byggingar í sveitum, þannig, að ein heildarlöggjöf verði um endurbyggingu sveitabæja og byggingu nýbýla og samvinnubyggða.

1. kafli er um byggingarsjóð, og er gert ráð fyrir að breyta nokkuð ákvæðum frv. um það efni. Hefir ekki tekizt samkomulag um verðbréfasölu fyrir sjóðinn á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, en nefndin leggur til, að um fyrirkomulag bréfasölunnar sé ákveðið með reglugerð, og er þá hægt án lagabreytingar að haga því svo sem henta þykir.

Framlag til sjóðsins frá ríkissjóði er lækkað um 50 þús. kr. frá því, sem er í frv. og nú í lögum, en aftur gert ráð fyrir að hækka byggingarstyrk um 25 þús. frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Framlag ríkisins í heild er því ráðgert 25 þús. kr. lægra en í frumvarpinu.

2. kafli er um byggingarstyrki og ákvæðunum um framkvæmd þess atriðis nokk-

uð breytt frá því, sem er í frv. En ætlazt er til, að á næstu 10 árum verði árlega varið til þessa 125 þús. kr.

3. kafli er um nýbýli og samvinnubyggðir og lögin um það efni og breytingar á þeim tekið upp í frv. að mestu óbreytt.

4. kafli er um teiknistofu og þar með afgreitt frv. um það efni frá tveimur nefndarmönnum á þskj. 42.

5. kafli er um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl. og þar dregin saman í eitt þau ákvæði um þetta efni, sem eru í frv. sjálfu, nýbýlalögunum og lögum frá síðasta þingi um endurbyggingu sveitabæja.

Loks gerir nefndin að tillögu sinni, að sá sjóður, sem með þetta hefir að gera, heiti byggingar- og landnámssjóður áfram og verði deild í Búnaðarbanka Íslands.

Nefndin telur eðlilegast, að öll ákvæði, sem fjalla um byggingar í sveitum, séu í einum og sömu lögum, þar sem öll þau mál eru svo nátengd, að ætla má, að bezt samræmi verði í öllum ráðstöfunum, sem gerðar eru á því sviði, ef ein yfirstjórn hefir þær með höndum.

Nefndarmenn eru ekki að fullu sammála um fyrirkomulag á stjórn þessara mála, en hafa orðið ásáttir um að láta þann ágreining liggja milli hluta, og leggja því til, að um það gildi nálega sömu ákvæði og verið hefir.

Tveir nefndarmenn (EmJ og StgrSt) áskilja sér rétt til að fylgja frekari breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 10. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. síðari hl.	Jón Pálmason, frsm. fyrri hl.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.
	Emil Jónsson.	Pétur Ottesen.

Nd. 320. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Emil Jónssyni.

Við 20. gr. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. Aftan við greinina bætist: Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nemendur sína.

Ed. 321. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á löggjöf um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta endurskoða löggjöf um lax- og silungsveiði, með þá breyting á löggjöfinni fyrir augum, að veiðiár verði flokkaðar og reglur settar um það í löggjöfinni sjálfri, hverjar veiðiaðferðir megi við hafa í flokki hverjum.

Þess er vænzt, að endurskoðun verði lokið svo snemma, að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á Alþingi 1936 af þeim Jóni Baldvinssyni og Pétri Magnússyni, og hefir landbúnaðarnefnd efri deildar orðið ásátt um að flytja tillöguna.

Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar hin nýja veiðilöggjöf var sett árið 1932, vakti það án efa fyrir mönnum, að hún ætti meðal annars að stuðla að því að auka laxmergð í veiðiánum. Til þess benda ótvírætt ýms nýmæli laganna, svo sem ákvæðin um takmörkun á sjávar- og ósaveiði, lenging hinnar vikulegu friðunar, ýmsar takmarkanir, sem settar eru um ádráttarveiði, ákvæðin um fiskiræktarfélög o. fl. Þó reynslan sé nú að vísu ekki löng, sem fengizt hefir af lögum þessum, þá má telja það nokkurnveginn víst, að lögin nái ekki þessum fyrrgreinda tilgangi sínum. Sum ákvæðin hafa ekki orðið og geta ekki orðið annað en pappírsgagn (t. d. ákvæðin um lengd ádráttarneta). Og þó önnur ákvæði kunni að verða til þess, að nokkuð minna verði veitt á sumum stöðum, sérstaklega neðan til í ánum, eru raunverulega engar hömlur lagðar á veiðarnar þegar ofar kemur í árnar, og þar sem víðast er unnt að koma við ádráttarveiði. Það er því síður en svo, að líkur séu til, að veiðilöggjöfin nái þessum höfuðtilgangi sínum, að auka laxmergð í ánum.

En laxveiðilöggjöfin ætti og að hafa annað hlutverk en að stuðla að aukinni laxmergð. Þó mikils sé um það vert, er hitt þó ef til vill engu þýðingarminna, að löggjöfin stuðli að því, að veiðin sé rekin á sem arðvænlegastan hátt, að heildararðurinn geti orðið sem mestur. Um þetta er ekkert sinnt í núgildandi löggjöf. Allar líkur benda til, að þorri laxveiðiánna mundi gefa mestan arð með því að nota þær til stangarveiði. Á þetta við um flestar eða allar bergvatnsárnar. En skilyrði fyrir, að unnt sé að fá sæmilega leigu fyrir árnar til stangarveiði, er, að netaveiði sé alls eigi stunduð í þeim. Flutningsm. till. telja því, að taka eigi til alvarlegrar yfirvegunar, hvort ekki ætti að banna netaveiði í öllum hinum smærri veiðiám. En þá þarf jafnframt að setja lagafyrirmæli um skiptingu arðsins milli veiðieigenda, og koma þar án efa fram mestu vandkvæðin við setningu veiðilöggjafarinnar."

Nánar í framsögu.

Ed. 322. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Jóhann Jósefsson tók ekki þátt í endanlegri afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 11. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. og frsm.

Sþ. 323. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um breyting á l. um héraðsskóla.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1937.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.	Héðinn Valdimarsson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
Skúli Guðmundsson.	Helgi Jónasson.	Þorst. Þorsteinsson.
Jón Pálmason.	Þorbergur Þorleifsson.	Jakob Möller.

Sþ. 324. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að kaupa Efra-Hvol í Rangárvallasýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1937.

Bjarni Bjarnason, form.	Héðinn Valdimarsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Skúli Guðmundsson.	Þorbergur Þorleifsson.
Pétur Ottesen.	Jakob Möller.	Jón Pálmason.

Sþ. 325. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1935.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera athugasemdir um einstaka liði.

Alþingi, 11. des. 1937.

Bjarni Bjarnason, form.	Héðinn Valdimarsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
Þorbergur Þorleifsson.	Skúli Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.
Pétur Ottesen.	Jón Pálmason.	Jakob Möller.

Ed. 326. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

I. Við 3. gr.
1. Við 1. tölulið:
a. Orðið „áburðarefni“ falli burt.

b. Orðið „girðingarefni“ falli burt.
c. Orðið „kol“ falli burt.
d. Orðið „salt“ falli burt.
e. Orðið „steinolía“ falli burt.

2. Við 2. tölulið. Fyrir „7%“ komi: 8%.
3. Við 2. málsgr. Á eftir „tímarit“ komi: áburðarefni, girðingarefni, kol, salt, steinolía.

II. Við 5. gr. 1. málsgr. Fyrir „10%“ komi: 11%.

Nd. 327. Frumvarp til laga

um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Eigendur íslenzkra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenzkrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

3. gr.

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur um það efni.

4. gr.

Ef engin löggilt smiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

5. gr.

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fáist hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda smiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands við viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

6. gr.

Gerðardómur, sem nefndur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, vátryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og forstjórar löggiltra smiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnstum töfum valdi eða baga fyrir skipseigendur.

7. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra um, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr., og telur hann, að ekki hafi verið um skýlaust brot að ræða, skal hann þá vísa málinu til gerðardóms, er um ræðir í 6. grein.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Greinargerð.

Frumvarp líkt þessu var flutt á þingi 1936 og fyrra þingi 1937 af Páli Þorbjörnssyni, en náði ekki fram að ganga, og vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því 1936.

Nánar í framsögu.

Nd. 328. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um afgreiðslu frumvarpsins. Jón Pálmason mun vilja afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá. Emil Jónsson tjáði sig ekki viðbúinn að taka afstöðu til þess. Undirritaðir vilja afgreiða frv. óbreytt. Einn nefndarmanna (PO) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 11. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingrímur Steinþórsson, fundaskr., frsm.

Nd. 329. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur

heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkurs-staðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður var við fjárkláða einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og baðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðanum, sem og að fjárhús verði sótthreinsuð, svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlits-maður var einhvers sjúkdóms, sem líklegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamað-ur sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar baðlyfjanna á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjár-hafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þrifaböðunum þar sem svo er háttað heilbrigði sauðfjár, að dómi dýralæknis, að hætta geti stafað af böðun.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitar-sjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lög-reglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauð-fjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tví-böðuðu fé sitt vegna fjárkláða veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt verður í fjárlögum 1938 til útrýmingar fjárkláða.

Nd. 330. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um breytingar á lögum háskólans og reglugerð.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela kennslumálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka þingsins, til þess að vinna að endurskoðun á lögum og reglum um Háskóla Íslands, með sérstöku tilliti til þess, að sem örugglegast verði um það búið, að jafnan veljist hinir hæfustu menn í fastar kennarastöður við háskólann og að endurskoðuð verði gildandi ákvæði um aukakennara og réttindi þeirra.

Nefndin sé ólaunuð, og skal hún leggja fram álit sitt áður en næsta þing kemur saman.

Greinargerð.

Fyrir menntamálanefnd hefir legið frv. til laga um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, þskj. 181. Nefndin hefir klofnað um málið, og mun meiri hlutinn ekki skila sérstöku nefndaráliti um frv. sjálft, en leggur til, að málið verði afgreitt með framangreindri till. til þál. Við fyrstu umræðu um frv. gaf kennslumálaráðherra þá yfirlýsingu, að hann féllist á að ráða sr. Björn Magnússon sem aukakennara við guðfræðideild háskólans, með réttindum til að prófa kandidata, til loka yfirstandandi skólaárs. Jafnframt hefir kennslumálaráðherra gert ráðstafanir til þess, að endurskoðuð verði gildandi ákvæði um kennaraval við háskólann, en meiri hluti nefndarinnar telur, að þá sé vænlegast um góðan árangur af slíkri endurskoðun, ef milliþinganefnd, skipuð fulltrúum fyrir þrjá stærstu þingflokkana, hafi hana með höndum og undirbúi málið rækilega undir næsta Alþingi. Verður því ekki neitað, að mistök hafa orðið, fyrr og síðar, um kennaraval af hálfu háskólans, og er það öllum aðiljum fyrir bestu, að settar verði reglur um embættaveitingar við háskólann, sem tryggi betur en verið hefir, að hinir hæfustu menn veljist í kennarastöður, og komi í veg fyrir árekstra milli háskólaráðs og veitingarvalds.

Ed. 331. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 226.

Ed. 332. Lög

um afnám útflutningsgjalds af saltfiski.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 157.

Ed. 333. Nefndarálit

um frv. til laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt af fjárhagsnefnd neðri deildar, að tilhlutun fjármálaráðherra. Hefir frv. um þetta efni áður legið fyrir þinginu, og hafa síðan verið á því gerðar breytingar samkvæmt þeim athugasemdum, er við frv. hafa verið gerðar, þá er það var áður fyrir Alþingi.

Frv. hefir nú verið athugað, og er það tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1937.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 334. Breytingartillögur

við frv. til l. um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á árinu 1938 eða 1939, vinni úr um 2400 málum síldar á sólarhring og verði útbúin tækjum til fljótvirkrar losunar og vinnslu. Skal byggingu verksmiðjunnar eftir föngum hagað þannig, að síðar verði auðvelt að koma við stækkun.
   Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2400 mál síldar á sólarhring.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Nd. 335. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Skúla Guðmundssyni, Ólafi Thors, Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 16. gr. Á eftir orðunum „eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna“ komi: er starfi í atvinnumálaráðuneytinu.
2. Við 17. gr. Fyrir orðin „Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna“ í upphafi greinarinnar komi: Atvinnumálaráðuneytið.
3. Við 18. gr. Annar málsl. greinarinnar orðist þannig: Hann annast skiptingu og útborgun framfærslufjár og annara greiðslna úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga, að fengnu samþykki ráðherra.
4. Við 19. gr. Greinin falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.
5. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggi á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita bæjar- og sveitarfélögum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, um fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

Ed. 336. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

Við 1. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra eða tolleftirlitsmanni um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf.

Sþ. 337. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn jarðhitans á Íslandi.

Frá Emil Jónssyni og Steingrimi Steinþórssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að rannsökuð verði stærstu jarðhitasvæðin hér á landi, og þá fyrst þau, sem líklegust eru til að hafa hagnýta þýðingu. Skal leita samvinnu bæjar- og héraðsstjórna á þeim stöðum, þar sem rannsóknirnar eru líklegar til að koma að notum, um fjárframlög til rannsóknanna, enn að öðru leyti skulu þær kostaðar af ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að víðsvegar um land eru jarðhitasvæði allstór, sem líkleg eru til að koma að miklum notum í framtíðinni. Mjög fá þeirra hafa verið athuguð til neinnar hlítar, og flest ekki neitt. Vantar því allan grundvöll undir framkvæmd hagnýtingar þessara náttúrugæða, sem enginn veit, hversu mikils virði eru.

Flest bæjar- og sveitarfélög á landinu hafa ekki efni á að láta framkvæma þessar rannsóknir, nema fyrirfram sé vitað um góðan árangur, en það er í fæstum tilfellum hægt að tryggja. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að ríkissjóður rétti þarna, eins og víða annarsstaðar, hjálpandi hönd og framkvæmi hinar fyrstu og erfiðustu rannsóknir, þangað til nokkuð verður séð um árangur.

Ed. 338. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Jóhann Jósefsson.

Við 3. gr. Aftan við 1. tölul. 1. málsgr. bætist: Endurgreiða skal þó þennan skattauka af öllum þeim vörum, sem hér hafa verið nefndar og ætlaðar eru til útgerðar.

Ed. 339. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 132 31. des. 1935, um viðauka við og breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bj. Snæbjörnsson, fundaskr., frsm.	Jónas Jónsson.

Ed. 340. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1937.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bj. Snæbjörnsson, fundaskr.	Jónas Jónsson.

Nd. 341. Frumvarp til laga

um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðjur hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefir hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfsvið framkvæmdarstjóra og laun.

5. gr.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu þrír, skipaðir af atvinnumálaráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til eins árs í senn.

6. gr.

Verksmiðjustjórninni er óheimilt, án samþykktar Alþingis, að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja, sem fyrir eru.

Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

7. gr.

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

8. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

9. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

10. gr.

Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verða reknar það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

11. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgun af stofnkostnaði síldarverksmiðjanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.

3. Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum.
4. 5% gjald í varasjóð.

Frá Vilmundi Jónssyni, Bergi Jónssyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 19. gr. Aftan við gr. bætist stafliður, svo hljóðandi:
b. Síðari málsliður gr. orðist svo:
Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Fyrri liður gr. verði a.

Nd. 358. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt, en meiri hl. vill láta vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til athugunar fyrir næsta þing. Frv. var af nefndinni sent til umsagnar Sjómannafélags Reykjavíkur, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og ennfremur hr. B. Holtsmark verkfræðings frá a/s Myrens verksted Oslo, sem búið hefir til þau sjálfvirku löndunartæki, sem til eru í síldarverksmiðjum hér á landi. Auk þessa hafa Alþingi borizt áskoranir um mál þetta frá skipstjórafélaginu Bylgjan á Ísafirði og Skipstjóra- og stýrimannafélagi Reykjavíkur.

Umsögnum þessum má skipta í þrjá flokka. Í þeim fyrsta eru umsagnir þeirra, sem selja síld, þ. e. Sjómannafélags Reykjavíkur, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, skipstjórafélagsins Bylgjan á Ísafirði og Skipstjóra- og stýrimannafélags Reykjavíkur. Þarna munu saman komnir menn þeir, sem mesta þekkingu og reynslu hafa á því, hve misjafnlega síldin mælist, þegar notuð eru mál í stað vigtar. Og ber

öllum þessum aðiljum saman um, að miklu réttlátara sé að vigta síldina en mæla, og telja, að síldin mælist allt að því um 10 af hundraði verr en hún vigtast, þegar hún er orðin um eða yfir 2 til 3 daga gömul í skipunum. Er þetta skiljanlegt, því þá er mikið af vatni orðið pressað burtu úr síldinni, enda reynsla, að glæný síld er lítt hæf til bræðslu.

Í öðrum flokknum eru þeir, sem skrifað hafa undir bréf Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Eru það nær undantekningarlaust bræðslusíldarkaupendur, eða tilvonandi kaupendur að bræðslusíld. Telja þeir réttlátara, að síldin sé mæld en vegin, raunar þvert ofan í alla þá reynslu, sem fengin er hér á landi með því að vega síldina, þar sem allar síldarverksmiðjur hér á landi nema h/f Kveldúlfs og h/f Djúpavík hafa horfið frá mælingu bræðslusíldar og tekið upp vigtun með ágætum árangri. Ennfremur telja þeir ýms tormerki á vigtun síldar, sem raunar eru þess eðlis, ef rétt væru, að taka ætti upp á því að mæla alla þungavöru, eins og gert var á tímum hinnar dönsku selstöðuverzlunar.

Í þriðja flokknum er síðan verkfræðingurinn hr. B. Holtsmark. Segir hann þau helzt vandkvæði á vigtun síldar, að það muni hafa talsverðan kostnað í för með sér fyrir þær tvær verksmiðjur, sem hafa sjálfvirk losunartæki, að koma fyrir vigtum og áætlar það allt að 30000 kr. á hverja verksmiðju. Á vigtunum sé engin reynsla frá Noregi, þar sem öll síld sé þar mæld, en ekki vegin, og verið geti, að erfitt sé á afskekktum stöðum að fá aðgerð á þeim, ef þær bili. Hinsvegar muni löndunin geta gengið með sama hraða með sjálfvirkum tækjum, hvort sem síldin sé vegin eða mæld.

Í tilboði um sjálfvirk losunartæki, sem verkfræðingur þessi hefir sent síldarverksmiðjum ríkisins með bréfi dags. 10. f. m., segir hann svo í ísl. þýðingu:

„Á uppdráttinn höfum við sett sjálfvirka vog, en fyrirkomulagið er í rauninni hið sama og þó notuð séu mælitæki, þar sem þau taka nokkurnveginn sama rúm og vogin."

Ennfremur segir hann í sama bréfi:

„Voginni, sem boðin er, er ætlað að vega 250 kg. í einu og skrásetur þá þyngd ásamt væntanlegri yfirvigt. Við höfum þó enga reynslu um það, hvernig vogin vegur síld, en verksmiðjan telur, að hún muni vega hana eins vel og hverja aðra vöru."

Fyrir hin stærri sjálfvirku losunartæki myndi hæfa að taka nokkuð stærri vog, er vegur um 150 smálestir á klukkustund. Um vog þessa segir seljandi í ísl. þýðingu:

„Vogin er, með tilliti til mikillar notkunar, búin til úr bezta efni og er sérstaklega sterkbyggð. Hún hefir reynzt ágætlega þar, sem hún hefir verið notuð í sömu fyrirtækjum áratugum saman. Truflanir eru útilokaðar og vogin vinnur algerlega öruggt."

Eftir að hafa athugað tilboð hr. B. Holtsmark til ríkisverksmiðjanna telur framkvæmdarstjóri þeirra, hr. Gísli Halldórsson, vel framkvæmanlegt að koma fyrir vogum fremst á bryggjunum, þannig, að byggja undir þær sérstaka palla frá grunni, sem séu lausir við bryggjurnar og ekki hreyfist, þó þær kunni að verða fyrir einhverju hnjaski. Aukakostnað við þetta áætlar hann aðeins 750 kr. fyrir hverja vog. Er þetta samskonar fyrirkomulag og haft er við vogir, sem vega þarf á mjög nákvæmlega, og alkunnugt þeim, sem um þesskonar fjalla. Vogir eru um 2000 kr. norskum dýrari en mælingatæki, og verður þá aukakostnaður við þær um 3000 kr. á vog. Yrði það fyrirkomulag tekið upp, sem hr. Gísli Halldórsson mælir með, þyrfti aukakostnaður fyrir verksmiðjur þær, sem þegar hafa sjálfvirk losunartæki, ekki að verða nándar nærri eins mikill og hr. B. Holtsmark áætlar, þó þær skiptu um og tækju vogir fyrir mælitæki.

Þegar á það er litið, að á þessu ári hefir um 12 milljón króna virði af bræðslusíld verið selt hér í síldarverksmiðjurnar, ber vissulega að tryggja það með tvímælalausri löggjöf, þó nokkurn kostnað hafi í för með sér, að þessi verzlun fari þannig fram, að allir kaupendur og allir seljendur standi jafnt að vígi, en það verður að mínu áliti því aðeins, að vigtun síldar verði skýlaust lögboðin.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, tel ég sannað:

1. Að mæling síldar sé ekki réttur mælikvarði á síldarmagnið, þannig að seljandi, útgerðarmenn og sjómenn tapi allt að 10%, ef síldin er ekki glæný.
2. Að vigtun síldar sé auðvelt að koma fyrir við sjálfvirk losunartæki í stað mælingar.
3. Að vigtun hindri á engan hátt hraða losunartækjanna.

Nú á næsta ári munu flestar eða allar síldarverksmiðjur í landinu fá sér sjálfvirk losunartæki. Byrji þær á því að nota mælingu, mun það efni mikillar óánægju, sem gæti haft hættulegar afleiðingar fyrir vinnufriðinn í landinu, þegar verst gegnir. Auk þess yrði aukinn kostnaður við breytingar fyrir verksmiðjurnar, yrðu þær síðar að skipta um og taka vogir, þegar þær væru búnar að kaupa mælitæki. Tel ég því rétt að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt nú þegar á þessu þingi.

Alþingi, 13. des. 1937.

Finnur Jónsson,
form.

Nd. 359. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a. 1. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Ráðherra skipar þriggja manna tryggingarráð eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna og leitast við að ná samkomulagi um, að tilnefningu sé hagað þannig, að einn meðlimur tryggingarráðs verði tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Ráðherra ákveður þóknun tryggingarráðs.

b. 2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Forstjóri stjórnar Tryggingarstofnun ríkisins, í samráði við tryggingarráð, undir yfirstjórn ráðherra, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tryggingarráði er skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir. Tryggingarráð leggur fullnaðarúrskurð á allar kröfur um slysa-, sjúkra- og örorkubætur og ellilífeyri (ellilaun), svo og um greiðslu iðgjalda, að svo miklu leyti sem ágreiningur er um. Skal tryggingarráð taka öll slík mál fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annarhvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, og má þá bera málið undir dómstólana.

c. Orðin „ríkisins og“ í 3. málsgr. sömu gr. falli burt.

2. gr.

a. Á eftir e-lið 8. gr. laganna komi tveir nýir liðir, sem verði f- og g-liðir, svo hljóðandi:
f. Þvotta- og ræstivinna, þ. e. vinna í þvottahúsum, ræsting á gluggum, hreingerningar- og ræstivinna í skipum, skólum, verzlunum, skrifstofum, veitingahúsum og samkomuhúsum, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð.
g. Sendisveinastörf.

b. 6. málsgr. sömu gr. orðist svo:
Nú tekur maður að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir. Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

c. Aftan við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér frjálsa tryggingu á einstökum mönnum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru í skyldutryggingu. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskírteini fyrir hvern einstakling. Slík trygging getur einnig náð til greiðslu dagpeninga í sjúkdómum. Jafnframt veitist slysatryggingunni heimild til að slysatryggja farþega í einkabifreiðum, sem bifreiðalög ná ekki yfir. Tryggingarstofnunin leiti endurtrygginga á þeim hluta af áhættu, sem fer fram yfir það hámark, er tryggingin telur fært að taka í eigin ábyrgð. Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingu þessari.

3. gr.

a. 1. tölul. 10. gr. laganna orðist svo:
Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, sem fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og $^3/_4$ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Dagpeningar greiðast aldrei fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær. Frá þeim tíma greiðast dagpeningar, nema hinn tryggði haldi kaupi, sem er að minnsta kosti jafnhátt dagpeningunum, og hefjast dagpeningagreiðslur þá jafnskjótt og kaupgreiðsla fellur niður.

b. Aftan við 1. tölul. sömu gr. bætist nýr tölul., sem verður 2. tölul., svo hljóðandi:
Útgerðarmanni skal skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld eru samkvæmt lögum þessum og hann ber samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, og ber slysatryggingunni þá að greiða slasaða, auk slysabóta samkv. 1. tölul. greinar þessarar, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

c. 2. tölul. sömu gr. verður 3. tölul.

4. gr.

a. 3. tölul. 11. gr. laganna orðist svo:
Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, hlýtur 200 krónur fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.

b. 5. tölul. sömu gr. orðist svo:
Foreldri hlýtur minnst 500 kr. bætur, og allt að 1500 kr., eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 12. gr. laganna bætist: Skipverjar teljast í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

a. Á eftir 4. málsgr. 13. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

b. Í stað „Lögreglustjóra ber ... en 12 lestir“ í upphafi 5. málsgr. sömu gr. komi: Lögreglustjóra eða umboðsmanni slysatryggingarinnar ber ... en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið.

7. gr.

a. Aftan við 2. málsgr. 15. gr. laganna komi: Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

b. Aftan við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

8. gr.

19. gr. laganna orðist svo:
Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta frá slysatryggingunni, framselja henni rétt sinn til bótanna, ef hún óskar þess. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

9. gr.

23 gr. laganna orðist svo:
Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára, sem búsettur er á samlagssvæðinu eða stundar þar atvinnu lengur en 6 mánuði, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Nú hefir tryggður maður notið sjúkrahús- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvinns sjúkdóms, og nýtur hann þá ekki hlunninda þannig, að hann fái greidda sjúkrahúsvist eða aðra meiri háttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms. Þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, eiga rétt á að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum. Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu með sömu skilyrðum og aðrir, en eru ekki tryggingarskyldir.

10. gr.

Á eftir 1. málsgr. 24. gr. laganna komi: Þó er stjórn sjúkrasamlags heimilt að ákveða í samþykktum sínum að veita þeim rétt til hlunninda, sem hærri tekjur hafa, ef þeir greiða að minnsta kosti helmingi hærra iðgjald en aðrir samlagsmenn.

11. gr.

26. gr. laganna orðist svo:
Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Skipar Tryggingarstofnun ríkisins formann samlagsins, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn, eftir því, sem bæjarstjórn ákveður. Skulu þeir kosnir samtímis, á sama hátt og til jafnlangs tíma og fastanefndir eru kosnar. Tryggingarstofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

12. gr.

a. 1. málsgr. 27. gr. laganna orðist svo:
Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal fara fram atkvæðagreiðsla um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef hreppsnefndin ákveður eða fimmti hluti kjósenda æskir þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna á sama hátt og sveitarstjórnarkosningar. Stofna skal sjúkrasamlag í hreppnum, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélagsins, greiðir atkvæði með því. Nú næst meiri hluti atkvæða með því að stofna sjúkrasamlag, án þess þó að sá meiri hluti sé meira en helmingur atkvæðisbærra manna í hreppnum, og skal þá fara fram atkvæðagreiðsla á ný innan fjögra vikna, og ræður þá einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Sé fellt að stofna sjúkrasamlag, getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram á ný fyrr en að ári liðnu.
b. 3. málsgr. sömu gr. falli burt.

13. gr.

a. Í 1. málsgr. 28. gr. laganna komi í stað orðanna „3 mönnum“: 2 eða 4 mönnum; í stað orðanna „verði tala stjórnarmanna jöfn“: standi tala stjórnarmanna þá á stöku; og í stað orðsins „oddamann“: 2 menn.

b. Aftan við sömu málsgr. sömu gr. bætist:
Tryggingarstofnun ríkisins skipar formenn samlaganna.

14. gr.

a. 1. málsgr. 29. gr. laganna falli niður.
b. Á eftir 2. málsgr. sömu gr., sem verður 1. málsgr., komi: sem hefir eftirlit með því, að alls sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra, og er heimilt að setja reglur þar að lútandi, þar á meðal um starfsmannahald og launagreiðslur þeirra, að fengnum tillögum hvers samlags.

15. gr.

a. 1. tölul. 30. gr. laganna orðist svo:
Almenn læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða Tryggingarstofnunin fyrir þess hönd, að fullu á sjúkrahúsi og hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma samlagslæknisins, og að ¾ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við lækna. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.
b. 2. tölul. sömu gr. orðist svo:
Lyf og umbúðir, sem Tryggingarstofnun ríkisins leyfir samlaginu að greiða og ávísuð eru af tryggingarlækni, greiðist að fullu á sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss.
c. 4. tölul. sömu gr. orðist svo:
Sjúkrasamlögum er ennfremur skylt að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, og heimilt að gera slíka dagpeningatryggingu skylda öllum meðlimum sínum. Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika frá því hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.
d. Í næstsíðustu málsgr. sömu gr. falli burt orðin „dagpeninga í sjúkrasamlögum utan kaupstaða".
e. Aftan við síðustu málsgr. 30. gr. bætist: Í samþykktum er og heimilt að ákveða, að fólk, sem flyzt inn og út af samlagssvæði og verður þar tryggingarskylt, fái dregið saman biðtíma sinn frá fleiri en einni dvöl, enda líði ekki yfir tiltekinn tíma á milli.
f. Aftan við sömu gr. bætast 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Sjúkrasamlögum er heimilt að semja um gagnkvæm réttindi og skyldur meðlima sinna, þannig að meðlimir annars samlagsins njóti fullra réttinda þegar þeir dvelja á samlagssvæði hins, enda greiði þeir iðgjöld sín þar.
Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkv. sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

16. gr.

31. gr. laganna orðist svo:
Leita skal staðfestingar Tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.
Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlimum samlagsins eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr.

17. gr.

2. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal setja sérákvæði um iðgjaldaupphæð unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalausra foreldra og hafa ekki sjálfstæðar tekjur. Skal gefa eftir iðgjöld þessara unglinga, ef samanlagðar tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið sé í samþykktunum.

18. gr.

Orðin „Dagpeningar og“ í upphafi 33. gr. laganna falli burt.

19. gr.

a. Í stað „9 kr.“ í fyrri málsgr. 35. gr. laganna komi: 10 kr.
b. Síðari málsl. síðari málsgr. sömu gr. orðist svo:
Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

20. gr.

Aftan við 36. gr. laganna bætist: (sbr. þó 31. gr.).

21. gr.

a. 3. málsliður 37. gr. laganna orðist svo: Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði iðgjöld annara þeirra manna, sem fyrir fátæktar sakir hafa ekki getað staðið í skilum með iðgjöld sín, og fer um þessar greiðslur eftir reglum, sem bæjar- eða sveitarstjórn setur og staðfestar eru af ráðherra.
b. 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

22. gr.

Í stað „veikist“ og „veikzt“, er kemur fyrir í 38. gr. laganna, komi á fyrri staðnum: nýtur sjúkrahjálpar, — og á síðari staðnum: notið hennar.

23. gr.

Síðasti málsl. 39. gr. laganna falli burt.

24. gr.

Aftan við síðari málsgr. 40. gr. laganna bætist:

Ef heimild þessi er ekki notuð, á samlagið endurkröfurétt á útgerðarmann á þeim kostnaði, sem það kann að hafa greitt vegna veikinda skipverja fyrir þann tíma, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á, en skipverjar greiða aðeins, meðan ráðningartíminn stendur, iðgjöld, sem svara til þeirrar áhættu, sem samlagið ber vegna skipverjanna eftir að ábyrgð útgerðarmanns er lokið.

Samskonar ákvæði gilda að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum samkvæmt hjúalögum og meistara gagnvart iðnnemum samkvæmt lögum um iðnaðarnám.

25. gr.

Niðurlag 42. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefir fram iðgjöld samkv. 37. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi ógoldnum iðgjöldum hans og konu hans eftir af kaupi hans eða gagnkvæmt og greiði það til sjúkrasamlagsins eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Aldrei má þó halda eftir í þessu skyni hærri upphæð en nemur 10% af kaupi. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.

26. gr.

a. Í stað orðanna í 43. gr. laganna: „á næsta mánuði að greiða gjaldið“ komi: á næstu 6 mánuðum að greiða áfallin gjöld.
b. 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

27. gr.

Aftan við 49. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Stofnun, félag eða fyrirtæki, sem stofnað hefir fyrir starfsfólk sitt eða meðlimi eftirlaunasjóð, sem veitir sjóðfélögum meiri réttindi til elli- og örorkulífeyris en Lífeyrissjóður Íslands veitir, getur sótt um viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins á starfsemi sjóðsins. Þegar sú viðurkenning er fengin, fær sérhver sjóðfélagi endurgreiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi sínu, sem nemur meðaliðgjaldi til Lífeyrissjóðs Íslands fyrir sjóðfélaga og konu hans á þeim tíma og á sama stað, sem sjóðurinn starfar, þó aldrei hærri upphæð en nemur greiddum iðgjöldum þeirra. Skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu eru þó, að sjóðurinn skuldbindi sig til að greiða af iðgjaldainnlögum hvers sjóðfélaga, sem úr sjóðnum kann að fara, jafnmikla upphæð til Lífeyrissjóðs Íslands, sem hann hefir fengið frádrátt á fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga, ásamt vöxtum.

28. gr.

Aftan við 50. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem vegna fátæktar eru þess ekki megnugir. Fer um þær greiðslur eftir reglugerð, er bæjar- og sveitarstjórnir setja og staðfestar eru af ráðherra.

29. gr.

Í stað orðsins „tryggingarstjórn“ í 53. gr. laganna komi alstaðar: tryggingarstofnun, þó í fyrsta sinn: Tryggingarstofnun ríkisins.

30. gr.

a. Í stað orðsins „persónuiðgjöldunum“ í 60. gr. laganna komi: iðgjöldunum.
b. Fyrri málsl. 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

31. gr.

Orðin „samkvæmt 49. gr. 2. tölulið“ í 2. málsgr. 61. gr. laganna falli burt.

32. gr.

2. málsgr. 62. gr. laganna og til enda greinarinnar falli niður.

33. gr.

6. tölul. 71. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra, sem ekki hafa fyrir öðrum að sjá og hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls lífsframfæris.

34. gr.

Aftan við 76. gr. laganna bætist: og ávallt skal stofnun sú, er ávaxtar sjóðina, greiða ársvextina að fullu.

35. gr.

Í stað „150 þúsund“ í 78. gr. laganna komi: 200 þúsund.

36. gr.

Orðin „að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna“ í 79. gr. laganna falli niður, svo og orðin „auk þess sem að framan getur“ síðar í sömu gr.

37. gr.

Á eftir 79. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 80. gr., svo hljóðandi:

Lífeyrissjóður greiðir árlega hverju bæjar- og sveitarfélagi til ellilauna og örorkubóta:

1. Vexti af ellistyrktarsjóði bæjar- eða sveitarfélagsins og ennfremur hluta þess að ¼ af framlagi lífeyrissjóðs samkv. 77. gr. 2. tölulið. Þessum ¼ hluta af framlagi lífeyrissjóðs er skipt á milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga í hlutfalli við veitt ellilaun og örorkubætur úr bæjar- eða sveitarsjóði árið áður. Tryggingarstofnun ríkisins tilkynnir hverju bæjar- og sveitarfélagi fyrir 1. okt. ár hvert, hver sé upphæð vaxtanna af ellistyrktarsjóði þess og hver geti orðið hluti þess af ¼ lífeyrissjóðsframlagsins samkvæmt 77. gr. 2. tölulið, en bæjar- eða sveitarfélagið leggur jafnháa upphæð á móti og það notar af hluta sínum af ¼ lífeyrissjóðsframlagsins.

   Upphæð þá, sem til úthlutunar kemur samkvæmt þessum tölulið, má eingöngu nota til styrktar gamalmennum og öryrkjum, sem komizt geta af með styrk, sem nemur minna en hálfum ellilífeyri, eftir því sem næst verður komizt, að hann geti orðið, er lífeyrissjóður hefir tekið til fullra starfa, án þess að leita framfærslustyrks að auki.
2. Afganginn, ¾ hluta, af framlagi lífeyrissjóðs samkvæmt 77. gr. 2. tölulið. Hluti hvers bæjar- og sveitarfélags af þessum hluta lífeyrissjóðsframlagsins ákveðst á sama hátt og í 1. tölulið, en miðast við veitt ellilaun og örorkubætur yfirstandandi árs. Í hlut hvers bæjar- og sveitarfélags fellur þó aldrei hærri upphæð samkv. þessum tölulið en til jafns við úthlutað framlag þess úr bæjar- eða sveitarsjóði til ellilauna og örorkubóta á árinu. Hlut hvers bæjar- og sveitarfélags er skipt á milli einstakra gamalmenna og öryrkja bæjar- eða sveitarfélagsins, annara en þeirra, sem styrks njóta samkv. 1. tölulið og ekki hafa næsta ár á undan notið almenns framfærslustyrks jafnframt ellilaunum og örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði. Má hlutur hvers einstaks ekki nema hærri upphæð en svo, að árleg ellilaun og örorkubætur, sem úthlutað er samanlagt úr lífeyrissjóði og bæjar- eða sveitarsjóði, svari eðlilegum meðalframfærslueyri einstaklings, miðað við það byggðarlag, þar sem hann dvelur. Skal fara um þetta og annað hér að lútandi eftir reglum Tryggingarstofnunar ríkisins, er ráðherra staðfestir.

Að svo miklu leyti sem allt framlag lífeyrissjóðs samkv. 77 gr. fellur ekki til útborgunar á þennan hátt, rennur það aftur inn í lífeyrissjóð, unz það á næsta ári er lagt við framlag hans, er þá verður úthlutað.

Greinatalan hér á eftir breytist samkv. þessu.

38. gr.

a. Framan við 80. gr. laganna, sem verður 81. gr., bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ár hvert skulu bæjar- og sveitarstjórnir ákveða upphæð til úthlutunar ellilaunum og örorkubótum, hver í sínu umdæmi, og ber þeim framlag úr lífeyrissjóði á móti þeim hluta upphæðarinnar, sem er umfram vexti ellistyrktarsjóðs hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, eftir reglum 80. gr.
b. Aftan við 1. málsgr. sömu gr., sem verður 2. málsgr., bætist: hafa misst meira en helming starfsorku sinnar og njóta ekki styrks samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla sér til framfærslu. Ennfremur til gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk samkv. eldri lögum um ellistyrk.

39. gr.

a. Orðið „(framfærslunefndir)“ í 1. málsgr. 81. gr. laganna, sem verður 82. gr., falli burt.
b. Síðari málsl. sömu málsgr. sömu gr. orðist svo: Skal haga úthlutuninni svo, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki fyrirsjáanlega að njóta almenns framfærslustyrks, og er heimil aukaúthlutun í því skyni, þegar kunn er orðin úthlutun lífeyrissjóðs.
c. Aftan við 2. málsgr. sömu gr. bætist: ennfremur gamalmenni á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk samkv. eldri lögum um ellistyrk.

40. gr.

Aftan við 82. gr. laganna, sem verður 83. gr., bætist: og öryrkja, ennfremur, hverjir þeirra hafa árið fyrir notið almenns framfærslustyrks jafnframt ellilaunum eða örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði.

41. gr.

83. gr. laganna, sem verður 84. gr., orðist svo:

Þegar Tryggingarstofnunin hefir fengið skýrslur af öllu landinu samkv. 83. gr., reiknar hún út, hvaða upphæð úr lífeyrissjóði hverju einstöku bæjar- og sveitarfélagi og hverju einstöku gamalmenni og öryrkja ber samkv. reglum 80. gr., og innir síðan greiðslurnar af hendi til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga. Greiða svo bæjar- eða sveitarstjórnir hlutaðeigandi gamalmennum og öryrkjum til uppbótar hverjum sinn hlut, ásamt aukaúthlutun samkv. 82. gr., ef fram hefir farið.

42. gr.

Á eftir 87. gr., sem verður 88. gr., komi ný grein, er verður 89. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingarstofnanir um gagnkvæm hlunnindi íslenzkra og erlendra þegna, hvað snertir tryggingar gegn slysum, sjúkdómum, örorku, elli og atvinnuleysi.

Greinatalan hér á eftir breytist samkv. þessu.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

44. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

Ed. 360. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „70 smál.“ í 1. málsgr. komi: 100 smál.
   b. Orðin „og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland“ í sömu málsgr. falli burt.
2. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
   Senda skal Samábyrgð Íslands á fiskiskipum afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nú verða eigendaskipti að skipi og hinn nýi eigandi flytur skipið í annað vátryggingarumdæmi; skal þá félag það, er skipið var vátryggt hjá, flytja trygginguna í félag þess umdæmis, er skipið flyzt til, enda fær hið síðarnefnda félag vátryggingariðgjaldið frá þeim degi, er skipið kemur í þess umdæmi.
4. Við 15. gr.
   a. Í stað „3%“ í b-lið komi: 1%.
   b. Í stað „25%“ í c-lið komi: 12%.
5. Við 27. gr. 3. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

6. Á eftir 27. gr. komi nýr grein, svo hljóðandi:
   Ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga að einhverju eða öllu leyti, í einstökum tilfellum, skerða aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.
7. Við 31. gr. Í stað 3. og 4. málsgr. kemur ein málsgr., svo hljóðandi:
   Vátryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en eitt ár frá gjalddaga þeirra að telja.
8. Við 34. gr. Við greinina bætist: Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

Nd. 361. Tillaga til þingsályktunar

um strandferðasjóð.

Frá samgöngumálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka ýtarlega, hvort kleift sé að stofna strandferðasjóð, og leggja fram tillögur um það efni á næsta Alþingi, eða svo fljótt sem því verður við komið.

Greinargerð.

Frumvarpið um strandferðasjóð, er Þorbergur Þorleifsson þm. A.-Sk. hefir flutt á þskj. 108, hefir samgöngumálanefnd athugað. Telur hún, að það hafi ekki fengið nægan undirbúning og að leita beri álits og tillagna um þetta mál frá þeim aðiljum, sem það snertir sérstaklega. Hinsvegar er nú svo áliðið þingtímans, að sjáanlegt er, að nefndin getur ekki tekið málið til athugunar á þeim grundvelli, þannig, að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Fyrir því hefir nefndin komið sér saman um að flytja þáltill. um þetta mál.

Ed. 362. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samkomulag um afgreiðslu málsins náðist ekki í nefndinni. Undirritaður leggur til, að við frumvarpið verði samþykktar eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Aftan við 2. málsgr. bætist: Við ákvörðun gjaldsins skal þó tekið hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við mjólkurframleiðsluna á hinum ýmsu stöðum innan verðjöfnunarsvæðis, og má aldrei hækka það svo, að ofboðið sé með því greiðslugetu framleiðenda í nokkru byggðarlagi á verðjöfnunarsvæðinu; skal um þetta stuðzt við álit og tillögur Búnaðarfélags Íslands.
   b. Fyrir orðin „sbr. þó 13. gr.“ í 4. málsgr. kemur: sbr. þó 2. málsgr. þessarar greinar og 13. grein.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgr.:
   Aftan við sömu grein bætist: Stjórnin skal skipuð á þann veg, að hvert mjólkurbú skipi einn mann, en þó skulu þau mjólkurbú, er taka á móti meira en tveim milljónum lítra á ári, tilnefna tvo menn.

3. Á eftir 3. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:
e-liður 9. gr. laganna fellur niður.

Alþingi, 14. des. 1937.

Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 363. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hafnargerð á Suðureyri.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „ábyrgð Suðureyrarhrepps“ komi: og sýslusjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Alþingi, 14. des. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Bergur Jónsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Sþ. 364. Breytingartillaga

við frv. til l. um bændaskóla.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson, Jón Pálmason, Páll Zóphóníasson, Þorsteinn Þorsteinsson.

Við 6. gr. Aftan við a-lið kemur nýr liður, er verður b-liður, svo hljóðandi:
Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti 2 ár eftir að hann var 12 ára. Heimilt er skólastjóra að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef ástæða þykir til.
Stafliðir greinarinnar breytast samkvæmt þessu.

Ed. 365. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Önnur efnismálsgr. orðist þannig:
      Gjald þetta reiknar mjólkursölunefnd út eftir á fyrir tímalengd, sem ákveðin er í reglugerð, þegar séð er, hve mikið þarf til verðjöfnunar samkv. lögum þessum.
   b. Þriðja efnismálsgr. fellur niður.
   c. Í stað orðanna í 1. málsl. 4. málsgr. „sama verð fyrir mjólk sína“ kemur: sama verð fyrir jafngóða mjólk.
   d. Orðið „þó“ í svigum í lok 1. málsl. 4. málsgr. fellur niður.

2. Við 3. gr.
   a. Tveir síðustu málsliðir fyrri málsgr. orðast þannig: Skal verðjöfnunargjaldið miðað við meðalársnyt úr kú í hverju lögsagnarumdæmi, þar sem sölusvæði er ákveðið samkvæmt skýrslum nautgriparæktarfélaga á svæðinu. Sé ekki nautgriparæktarfélag á staðnum eða gefi ekki slíka skýrslu, skal gjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú.
   b. Á eftir greininni kemur ný grein, er svo hljóðar:
      Á eftir „gerlagróðurs í henni“ í 13. gr. laganna kemur: svo og aldurs mjólkurinnar og þeirrar vegalengdar, sem hún er flutt til sölustaðar.
3. Við 4. gr. Á eftir greininni kemur ný gr., er svo hljóðar:
   Ákvæði um stundarsakir í lögunum fellur niður.

Nd. 366. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Hofsósi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „er hafnarsjóður Hofsóss kann að taka“ komi: gegn ábyrgð Hofshrepps og sýslusjóðs Skagafjarðarsýslu.
2. Við 4. gr. Upphaf 3. málsl. orðist svo: Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat.
3. Við 10. gr. Stafliður 2. f. orðist svo:
   Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Alþingi, 14. des. 1937.

Finnur Jónsson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Bergur Jónsson, frsm.
Sig. Ein. Hliðar.	Sigurður Kristjánsson.	

Sþ. 367. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina að kaupa Efra-Hvol í Rangárvallasýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 14. des.).

Samhljóða þskj. 79.

Nd. 368. Frumvarp til laga

um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Til stuðnings bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma á árinu 1938 þær ráðstafanir, er hér segir:

a. Að verja til greiðslu upp í vexti af veðlánum og upp í jarðarafgjöld leiguliða fjárupphæð, er nemur allt að 150000 kr.
b. Að verja til sýslu- og hreppavega á svæðinu fjárupphæð, er nemi allt að 110000 kr.
c. Að verja til byggingar gróðurhúsa við jarðhita, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar, stofnstyrk, er nemi allt að 5000 kr., enda standi félagsskapur bænda að starfseminni.
d. Að veita styrk til stofnunar rjómabúa, allt að helmingi kostnaðar.
e. Að greiða styrk til framræslu og túnasléttunar, er nemi allt að tvöföldum styrk, sem greiddur er til skurðagerðar og túnasléttunar samkv. jarðræktarlögum, og til túnauka allt að jafnháum styrk og veittur er samkv. jarðræktarlögum. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

2. gr.

Um úthlutun fjár þess, sem um getur í 1. gr., fer eftir reglum þessarar greinar:
a. Hver hreppsnefnd á svæðinu skipar einn mann til þess að gera tillögur um úthlutun fjárins að því er snertir þann hrepp.
b. Hver sýslunefnd á svæðinu skipar tvo menn til þess að vera í ráðum um úthlutun fjárins að því er snertir þá sýslu.
c. Landbúnaðarráðherra skipar, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi úthlutun fjárins.

Þeir menn, sem hreppsnefndir skipa, gera tillögur til þeirra manna, sem hlutaðeigandi sýslunefndir hafa valið, um stuðning til bænda samkv. lögum þessum, hver í sínum hreppi.

Þeir menn, sem sýslunefndir hafa valið, gera tillögur til nefndar þeirrar, sem landbúnaðarráðherra skipar, um stuðning til bænda í hlutaðeigandi sýslu.

Nefnd sú, er landbúnaðarráðherra skipar, úthlutar, að fengnum þeim tillögum, er að framan getur, milli bænda fé því, sem er til umráða samkv. lögum þessum.

3. gr.

Hreppssjóðir greiða kostnað þeirra manna, sem ræðir um í a-lið 2. gr., sýslusjóðir kostnað þeirra manna, sem um ræðir í b-lið 2. gr., og ríkissjóður kostnað af starfi þeirrar nefndar, sem um ræðir í c-lið 2. gr.

4. gr.

Nefnd sú, er landbúnaðarráðherra skipar samkv. 2. gr., skal beita sér fyrir því, að lánsstofnanir veiti þeim bændum, sem koma undir ákvæði laga þessara og eigi geta innt af hendi afborganir að dómi hennar, greiðslufrest á afborgunum fyrir árin 1937 og 1938.

5. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá, án þess að greiða dráttarvexti, frest á greiðslu árgjalda fyrir árið 1937, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fá samkvæmt lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar.

Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum þeirrar nefndar, er hann skipar samkv. 2. gr., reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefir haft mál þetta með höndum undanfarið í samráði við ríkisstjórnina og í samvinnu við landbúnaðarnefnd efri deildar. Hefir undirnefnd úr báðum landbúnaðarnefndum staðið að undirbúningi málsins. Frumvarp það, sem nefndin ber hér fram, hefir síðan verið borið undir báðar landbúnaðarnefndir á sameiginlegum fundi, og hafa nefndarmenn allir tjáð sig samþykka því í aðalatriðum. Frumvarpið er að mestu byggt á tillögum, sem samþykktar voru á fundi að Fornahvammi í októbermánuði síðastl., er sóttur var af fulltrúum bænda af því nær öllu fjársýkisvæðinu, og samhljóða þeim í meginatriðum.

Efni frumvarpsins er aðeins bráðabirgðaráðstafanir, lögbundnar um eitt ár í senn, og eru þær tvennskonar:

1) Að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að bændur þurfi að yfirgefa jarðir sínar og bú, vegna þess að lánsstofnanir gangi að veðum þeim, er þær eiga í jörðum og búfjárleifum, vegna vanskila þeirra, er stafa af greiðsluþrotum bænda af völdum fjárpestarinnar, og
2) Að bæta nokkuð upp atvinnumissi bænda og búaliða á fjárpestarsvæðinu, er þeir hafa orðið fyrir í missi fjárstofnsins, með því að gefa þeim kost á nærtækri vinnu, svo sem jarðabótavinnu heima við, með hækkuðum styrk til ákveðinna jarðræktarframkvæmda og aukinnar vegavinnu í viðkomandi sýslum og hreppum, með sérstöku fjárframlagi til slíkra vegabóta. En allar þessar framkvæmdir miða auk þess að því að bæta nokkuð aðstöðu viðkomandi bænda og sveitarfélaga um venjulegan búrekstur í framtíðinni og breytta búnaðarhætti, svo sem mjólkurframleiðslu.

Þá má og minnast á styrk til rjómabúa og gróðurhúsa, sem miðar að því að lyfta undir nýja framleiðsluhætti á þessu svæði.

Um einstakar greinar í frv. skal tekið sérstaklega fram:

1) Þó að b-liður 1. gr. ræði eingöngu um styrk til sýslu- og hreppavega og n. geri ráð fyrir því, að honum verði aðallega varið til þeirra, ætlast hún til þess, að heimilt sé að verja nokkru af honum til þjóðvegakafla, ef svo er ástatt innan einstakra hreppa á svæðinu, að það er talið bezt henta þar, vegna bóta á atvinnu eða almennra framleiðsluskilyrða. Ennfremur, að þótt þar séu eingöngu nefndar vegagerðir, þá megi að sjálfsögðu verja af því fé til smærri brúargerða, sem nauðsynlegar teljast til þess að viðkomandi vegir komi að notum, eftir ákvörðunum þeirra manna, sem með þessi mál fara.
2) Aukastyrkur sá til jarðabóta, sem veittur yrði samkv. e-lið 1. gr., er ætlazt til, að sé að öllu óháður ákvæðum jarðræktarlaga, enda þótt styrkur á einingu sé miðaður við styrk þann, sem þar er ákveðinn. Ætlazt er til, að það liggi undir ákvörðun framkvæmdarnefndar, hverjir koma undir ákvæði þessa liðs, en n. gerir ráð fyrir því, að nánari ákvæði um hann og annað af framkvæmdum þeim, er í frv. greinir, verði sett í reglugerð, ef þurfa þykir.

Nánar í framsögu.

Ed. 369. Nefndarálit

um frv. til laga um aðstoðarpresta í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og kvatt til fundar við sig sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins til skrafs og ráðagerðar, auk þess leitað álits ráðuneytisins og aflað sér ýmsra gagna í málinu. Að athuguðu máli lítur nefndin í heild svo á, að frumvarpið beri fram harla nauðsynlegt mál, en þar eð áliðið er nú þings og

litlar líkur til, að frumvarpið nái afgreiðslu í báðum þingdeildum, en málið hinsvegar aðkallandi, þá hefir nefndin talið heppilegra að afgreiða málið með svofelldu erindi, sem hún hefir í dag sent fjárveitinganefnd Alþingis:

„Menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefir samþykkt í einu hljóði að óska eftir, að fjárveitinganefnd flytji við 22. gr. fjárlagafrv. eftirfarandi tillögu, sem gerð er í samráði við kirkjumálaráðherra:

Kirkjumálaráðherra er heimilt, í samráði við biskup og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, að kalla tvo aðstoðarpresta til starfs í dómkirkjusöfnuðinum og láta greiða þeim úr prestlaunasjóði sömu laun og sóknarprestum."

Alþingi, 14. des. 1937.

Jónas Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 370. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „að minnsta kosti" komi: allt að.
2. Við 11. gr. Greinin falli niður.
3. Við 13. gr. Greinin falli niður.
4. Við 14. gr. a-liður falli niður.
5. Við 32. gr. Greinin falli niður.

Ed. 371. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr.

1. Við 11. tölul. Í stað „56000 kr." komi: 62000 kr.
2. Við 14. tölulið. Í stað „5%" komi: 4½%.
3. Við greinina bætist 2 nýir liðir, er verða 16. og 17. liður, svo hljóðandi:
   a. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
   b. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1938.

Nd. 372. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 9. gr. Á eftir orðunum „enda sé hann eigi haldinn af alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi" í 1. málslið greinarinnar komi: og eigi rétt til hlunninda samkv. lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.
2. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   31. gr. laganna orðist svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður við tryggingarlækna, er stjórn sjúkrasamlagsins heimilt að greiða læknishjálp meðlimum samlagsins eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af þeim kostnaði öllum.

3. Við 39. gr. Í stað stafliðanna a og b komi stafliður a, svo hljóðandi:

1. málsgr. 81. gr. laganna, sem verður 82. gr., orðist svo:

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir taka umsóknirnar til úrskurðar, og skal ákveða þeim gamalmennum ellilaun, sem að dómi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar teljast hafa þeirra þörf, og jafnframt ákveða, hve há ellilaun skuli vera til hvers einstaklings, enda er jafnan skylt að veita öllum þeim gamalmennum ellilaun, sem sanna með umsókn sinni, að þau geti ekki komizt af án opinbers styrks, og skulu ellilaunin ákveðin svo há, með hliðsjón af meðalframfærslukostnaði í byggðarlaginu, að þau séu nægilegur lífeyrir, og að sá, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að leita framfærslustyrks.

Stafliður c verður stafliður b.

Ed. 373. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlag á vörum.

Frá Árna Jónssyni.

Við 2. gr. Í stað „Landssambandi iðnaðarmanna“ komi: Félagi íslenzkra iðnrekenda.

Ed. 374. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. 9. töluliður fellur niður.

Ed. 375. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 2. gr.

a. Í stað orðanna „að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum“, komi: að ákveðnar brauðtegundir, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum.

b. Í stað „brauðsins“ komi: brauðtegundar.

Nd. 376. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Suðureyri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Suðureyri við Súgandafjörð veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 92000.00 — níutíu og tvö þúsund krónur —, gegn ⅗ úr hafnarsjóði Suðureyrarhrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 92000.00 — níutíu og tvö þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Suðureyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Suðureyrarhrepps og sýslusjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu, en þó aldrei meira en ⅖ kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er stunga, grjót eða möl og önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, er hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Suðureyrarhrepps. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Suðureyrarhrepps.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps og sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu.

5. gr.

Bryggjur og önnur mannvirki við höfnina má enginn gera nema í samráði við hafnarnefnd og með samþykki hreppsnefndar Suðureyrarhrepps. Hver sá, er gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigenda.

6. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að innheimta þau gjöld, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Suðureyrarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald,
   b. Vitagjald,
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó þær vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum og bátum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölul. 2. a, b og c.

11. gr.

Ed. 397. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „fimm ára“ í síðasta málsl. 2. tölul. 3. gr. laganna komi: tíu ára.

2. gr.

93. gr. laganna skal orða þannig:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 398. Lög

um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 229.

Ed. 399. Þingsályktun

um endurskoðun á löggjöf um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 321.

Nd. 400. Nefndarálit

um frv. til l. um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „einni og hálfri milljón króna“ komi: eða jafngildi í erlendri mynt.

GG áskilur sér rétt til að flytja brtt. við 2. málsgr. 1. gr. frv., um aukningu á Siglufirði, en SK er yfirleitt móti því, að ríkið auki við verksmiðjur sínar, meðan nægileg aukning er fáanleg fyrir framtak einstakra manna. En vegna hagstæðra skilyrða til að auka afköst verksmiðjanna á Siglufirði getur hann verið samþykkur þeim hluta frumvarpsins, sem um þá aukningu fjallar.

Alþingi, 16. des. 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.

Bergur Jónsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Nd. 401. Breytingartillögur

við frv. til l. um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Til stuðnings bændum í sveitum þeim, er mæðiveikin geisar í, og tjón hafa beðið o. s. frv.
   b. Í stað orðanna „á svæðinu“ í b-lið greinarinnar komi: í mæðiveikisveitunum.
   c. Fyrir orðin „félagsskapur bænda“ í c-lið greinarinnar komi: félagsskapur bænda í mæðiveikisveitunum.
   d. Á eftir orðinu „rjómabú“ í d-lið greinarinnar komi: í mæðiveikisveitunum.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela nefndinni yfirstjórn og eftirlit með vörnum gegn útbreiðslu mæðiveikinnar. Skipar þá landbúnaðarráðherra framkvæmdarstjóra eftir tillögum nefndarinnar, er annist framkvæmd varnanna.
3. Við 4. gr. Á eftir „afborgunum“ síðast í greininni komi: af lánum þeirra í lánsstofnunum.
4. Við 5. gr. Á eftir orðinu „árgjalda“ komi: í lánsstofnunum.

Sþ. 402. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við	3. gr.	A. 3 (Rekstrarhagn. áfengisverzl.).	
		Fyrir „1310000“ kemur	1360000
2. —	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. f. (Viðhald landssímanna).	
		Fyrir „255000“ kemur	230000
3. —	3. —	A. Eignabreyt. Út. III. (Nýjar símalínur).	
		Fyrir „60000“ kemur	75000
4. —	12. —	3. (Læknisvitjanastyrkur).	
		a. Í Stykkishólmshéraði. Nýr liður:	
		Skógarstrandarhreppur	250
		b. Í Dalahéraði (Klofnings- og Fellsstrandarhr.).	
		Fyrir „150“ kemur	200

c. Í Reykhólahéraði (Gufudalssveit).
Fyrir „200“ kemur 250
d. Í Öxarfjarðarhéraði. Nýr liður:
Styrkur til þess að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann 1000
e. Í Mýrdalshéraði (Austur-Eyjafjallahr.).
Fyrir „100“ kemur 200
f. Í Rangárhéraði (Vestur-Eyjafjallahr.).
Fyrir „100“ kemur 200

5. Við 12. gr. Liðurinn orðist svo:
Til Kjartans Guðmundssonar læknis, til að nema geðveikrafræði erlendis 1500

6. — 12. — 15. a. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
Fyrir „10000“ kemur 13000

7. — 12. — 15. b. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði, Reykhólahéraði og Hesteyrarhéraði, allt að 1200 kr. til hvers 3600

8. — 13. — A. I. 1. Liðurinn orðist svo:
Laun vegamálastjóra 7200
enda sé hann ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum.

9. — 13. — A. II. a. 1—44 (Ýmsir þjóðvegir).
Allir liðir lækka um 10%.

10. — 13. — A. II. a. 45 (Vopnafjarðarvegur).
Fyrir „6000“ kemur 9900

11. — 13. — A. II. a. 46.—57 (Ýmsir þjóðvegir).
Allir liðir lækka um 10%.

12. — 13. — A. II. a. 58. Liðurinn orðist svo:
Mýravegur hjá Brunnhól og Suðursveitarvegur hjá Borgarhöfn 3600

13. — 13. — A. II. a. 59.—60 (Ýmsir þjóðvegir).
Liðirnir lækka um 10%.

14. — 13. — A. II. a. 60. Nýr liður:
Skaftártunguvegur 2700

15. — 13. — A. II. a. 61.—66 (Ýmsir þjóðvegir).
Liðirnir lækka um 10%.

16. — 13. — A. II. c. 8 (Vegir út frá Akureyri).
Fyrir „10000“ kemur 15000

17. — 13. — A. II. c. 10 (Vopnafjarðarvegur til Möðrudals).
Liðurinn fellur burt.

18. — 13. — A. III. (Brúargerðir).
Fyrir „70000“ kemur 90000

19. — 13. — A. IV. (Fjallvegir).
Fyrir „25000“ kemur 22500

20. — 13. — A. VI. 1. (Tillög til akfærra sýsluvega).
Fyrir „10000“ kemur 14000

21. — 13. — A. VI. 2 (Til akfærra sýsluvega af bifr.skatti).
Fyrir „20000“ kemur 18000

22. — 13. — A. VII. (Malbikun).
Fyrir „30000“ kemur 20000

23. — 13. — B. 1. b. (Eimskipafélagið).
Fyrir „180000“ kemur 162000

24. — 13. — C. VIII. 1.—4 (Ýmsar hafnir).
Allir liðir lækki um 10%.

25. Við 13. gr. C. VIII. 6 (Vestmannaeyjahöfn). Liðurinn orðist svo:
Vestmannaeyjahöfn, til dýpkunar og uppfyllingar, þriðja greiðsla af fimm 30000
26. — 13. — C. VIII. 7.—9 (Ýmsar hafnir).
Allir liðir lækki um 10%.
27. — 13. — C. IX. b.—m. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Allir liðir lækki um 10%.
28. — 13. — C. IX. m. Nýr liður:
Til Ólafsfjarðar, fyrri greiðsla 1700
29. — 13. — C. X. (Lendingarbætur).
a. Allir liðir lækki um 10%.
b. Nýr liður:
Til Salthólmavíkur 1350
30. — 13. — C. XI. (Hafnargerð í Ólafsvík).
Liðurinn lækkar um 10%.
31. — 13. — C. XII. (Öldubrjótur á Siglufirði).
Liðurinn lækkar um 10%.
32. — 13. — C. XIII. (Brimbrjóturinn í Bolungavík).
Liðurinn lækkar um 10%.
33. — 14. — A. b. 6. Nýir liðir:
a. Til utanfarar presta 2000
b. Til Tjarnarkirkju, vangoldið álag 1500
34. — 14. — A. b. 7. Nýr liður:
Til Sigtryggs Guðlaugssonar prófasts, til þess að launa aðstoðarprest 1500
35. — 14. — B. I. a. (Háskólinn. Laun).
Fyrir „87000“ kemur 91800
Við liðinn bætist aths.:
Þar af til Júlíusar Sigurðssonar og Kristins Stefánssonar, 2400 til hvors.
36. — 14. — B. I. c. Nýr liður:
Til séra Björns Magnússonar, dósentslaun 4500
37. — 14. — B. I. j. (Kennsluáhöld læknadeildar). Liðurinn orðist svo:
Til kennsluáhalda læknadeildar vegna kennslu í líf- eðlis- og líffærafræði 6000
38. — 14. — B. II. b. Nýr liður:
Til Stefáns Pálssonar, til tannlækninganáms 1000
39. — 14. — B. IV. 3. Við liðinn bætist aths.: Af þessu má verja til skólasels allt að 3000 kr.
40. — 14. — B. IX. 2. d. Nýr liður:
Til byggingar kennarabústaðar, fyrri greiðsla 4000
41. — 14. — B. IX. 2. Nýr töluliður:
Vegna laga um bændaskóla 8000
4000 kr. til hvors skóla.
42. — 14 — B. XII. 1. d. Nýr liður:
Til viðgerðar á skólahúsinu 2500
43. — 14. — B. XII. 2 (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Fyrir „11000“ kemur 12000
44. — 14. — B. XIII. 4 (Byggingar barnaskóla).
Fyrir „50000“ kemur 45000
45. — 14. — B. XX. (Ríkarður Jónsson).
Liðurinn fellur niður.
46. — 14. — B. XXIV. (Íþróttasamband Íslands).
a. Fyrir „5000“ kemur 8000

b. Við liðinn bætist aths.: enda sé styrknum varið til leiðbeiningar um félagslega starfsemi í íþróttamálum og kennslu í íþróttum.
c. Nýr liður:
Til glímufélagsins Ármanns, vegna kostnaðar við utanför á síðastl. sumri á kappróðrarmót 750

47. Við 14. gr. B. XXVII. (Stúdentagarðurinn).
Liðurinn orðist svo:
Til greiðslu vaxta og afborgunar af láni til stúdentagarðsins, fyrri greiðsla 14000

48. — 15. — 1. g. Nýr liður:
Til kaupa á Jónsbók 1600

49. — 15. — 2. c. Nýr liður:
Til Björns K. Þórólfssonar, enda vinni hann við safnið 3000

50. — 15. — 3. f. Nýir liðir:
a. Til Víðimýrarkirkju 1000
b. Til Þingeyrakirkju 3000

51. — 15. — 8. c. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði).
Fyrir „1000“ kemur 2000

52. — 15. — 8. d. (Bókasafn Hafnarfjarðar).
Fyrir „1000“ kemur 2500

53. — 15. — 13. Nýr liður:
Til bókhlöðunnar á Húsavík 500

54. — 15. — 24 (Björn K. Þórólfsson).
Liðurinn fellur niður.

55. — 15. — 22. Nýr liður:
Til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 1200

56. — 15. — 26. Nýr liður:
Til hljómsveitar Reykjavíkur 2000

57. — 15. — 27. Nýir liðir:
a. Til Rögnvalds Sigurjónssonar, til hljómlistarnáms 1200
b. Til Guðmundar Matthíassonar, til hljómlistarnáms .. 800

58. — 15. — 28. Nýr liður:
Til Jóns Leifs tónskálds 2500

59. — 15. — 29 (Samband ísl. karlakóra).
Fyrir „4500“ kemur 6000

60. — 15. — 32 (Einar Ól. Sveinsson).
a. Fyrir „1000“ kemur 1800
b. Nýir liðir:
1. Til Boga Ólafssonar, vegna útgáfu kennslubókar í ensku 1000
2. Til séra Eiríks Albertssonar, ritstyrkur 500

61. — 15. — 36 (Þorkell Jóhannesson).
Fyrir „1000“ kemur 1500

62. — 15. — 39. Nýir liðir:
a. Til Jóns Magnússonar skálds 1000
b. Til Halldórs Helgasonar skálds 500

63. — 15. — 40. Nýir liðir:
a. Til Jóhanns Hjaltasonar, til söfnunar þjóðlegra fræða 500
b. Til Jóhanns Sveinssonar, til vísnasöfnunar 500
c. Til Þorsteins Konráðssonar, til söfnunar þjóðlegra fræða 400
enda eignist Landsbókasafnið handritasafn hans.

64. Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Til Svafars Guðnasonar, námsstyrkur 1000
65 — 15. — 45. Nýir liðir:
a. Til Bjarna Jósefssonar, utanfararstyrkur 800
b. Til Skúla Þórðarsonar meistara, til að rita bók um verzlunarsögu Íslands 800
66. — 16. — 1.
a. Í stað „þar af fyrir 100000 krónur að stofnun nýbýla“ í 1. málsl. aths. kemur: þar af til Suðurlandsbrautar 150000 kr.
b. Í stað „20 þús.“ í 3. málsl. aths. kemur: 25 þús.
67. — 16. — 2. Nýr liður:
Upp í kostnað vegna aldarafmælis búnaðarfélagsins 8000
68. — 16. — 3. (Nýbýli og samvinnubyggðir).
Fyrir „180000“ kemur 155000
69. — 16. — 5. b. (Verkfærakaupasjóður).
Fyrir „80000“ kemur 60000
70. — 16. — 6 (Til búfjárræktar).
Fyrir „56000“ kemur 62000
71. — 16. — 7. Liðurinn orðist svo:
Til bygginga í sveitum:
a. Til byggingar- og landnámssjóðs 200000
b. Byggingarstyrkir 125000
72. — 16. — 8 (Jarðakaupasjóður).
Fyrir „20000“ kemur 40000
73. — 16. — 11 (Tilbúinn áburður).
Fyrir „14000“ kemur 12600
74. — 16. — 14 (Fóðurtryggingarsjóðir).
Liðurinn fellur niður.
75. — 16. — 15. e. Nýr liður:
Til Rakelar Þorleifsson línræktarkonu 500
76. — 16. — 20. Liðurinn orðist svo:
Til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 45000
77. — 16. — 23. g. Nýir liðir:
a. Til Þorvarðs Egilson, til að stunda dýralækningar í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 500
b. Til Ólafs Guðmundssonar, til þess að stunda dýralækningar á Akranesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 150
c. Til Valdimars Stefánssonar, til þess að stunda dýralækningar í Austur-Skaftafellssýslu, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 150
d. Til Guðbrands Hlíðar, til dýralækninganáms 1200
enda kynni hann sér loðdýrasjúkdóma.
78. — 16. — 23. i. (Orma- og riðuveiki).
Liðurinn fellur niður.
79. — 16. — 25. Liðurinn orðist svo:
Til kláðalækninga 8000
80. — 16. — 36 (Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Fyrir „6000“ kemur 5400
81. — 16. — 37 (Ræktunarvegur á Stokkseyri).
Fyrir „5000“ kemur 4500

82. Við 16. gr. 42 (Ráðstafanir um inn- og útflutning).
Liðurinn fellur burt.

83. — 16. — 63 (Ungmennafélag Íslands).
Fyrir „4000“ kemur 6000

84. — 16. — 69. Nýr liður:
Til klakstöðvar við Mývatn 1000

85. — 16. — 70 (Ófriðun sels).
Liðurinn fellur burt.

86. — 16. — 74 (Mjólkurbúastyrkur).
Fyrir „77000“ kemur 51300

87. — 16. — 75 (Fasteignaveðslán bænda).
Liðurinn fellur burt.

88. — 16. — 76 (Iðnlánasjóður).
Fyrir „25000“ kemur 22500

89. — 16. — 77 (Frystihús).
Fyrir „20000“ kemur 36000

90. — 16. — 80. Liðurinn orðist svo:
Kostnaður vegna mæðiveikinnar:

A. Til varnar útbreiðslu veikinnar:			
a. Verðir	108000		
b. Girðingar	118000		
c. Annar kostnaður	61000		
d. Kostnaður við rannsóknir	50000		
		337000	
Frá dregst:			
a. Frá bjargráðasjóði	66000		
b. Frá héruðum	90000		
		156000	
			181000
B. Til stuðnings bændum á mæðiveikisvæðinu:			
a. Tillag upp í vaxtagreiðslur og jarðarafgjöld		150000	
b. 1. Til vegagerða á árinu 1938		110000	
2. Til vegagerða á árinu 1937		57500	
c. Tillag til gróðurhúsa		5000	
d. Nefndarkostnaður		5000	
			327500
			508500

91. — 16. — 81. Nýr liður:
Til heimssýningar í New York, fyrri greiðsla, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 62500

92. — 17. — 1. Við aths. bætist: svo og til Gísla Kristjánssonar, Akureyri, upp í sjúkrakostnað hans erlendis, 1500 kr.

93. — 17. — 3 (Fátækraframfæri).
Liðurinn fellur burt.

94. — 17. — 6. Nýr liður:
Til mæðrastyrksnefndarinnar, til sumarheimilis mæðra í Hveragerði 1500

95. — 17. — 15 (Stórstúkan).
a. Fyrir „15000“ kemur 11500
b. Nýr liður:

Til sjúkrasamlagsins á Akranesi, enda breyti samlagið samþykktum sínum í samræmi við sjúkratryggingarlögin 2000

96. Við 17. gr. 26. Nýr liður:
Til starfsemi Rauðakrossins 1000

97. — 17. — 27. Nýr liður:
Til hælisins á Sólheimum, byggingarstyrkur 1500

98. — 18. — II. a. 3. Nýir liðir:
a. Gísli Pétursson læknir 1000
b. Guðmundur Björnsson sýslumaður 1000

99. — 18. — II. a. 4. Nýir liðir:
a. Halldór Steinsson læknir 600
b. Jón Jónsson læknir 500

100. — 18. — II. a. 5. Nýr liður:
Ólafur Finsen læknir 1000

101. — 18. — II. b. 19. Nýr liður:
Margrét Björnsson 1000

102. — 18. — II. b. 23. Nýr liður:
Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja 800

103. — 18. — II. b. 30. Nýr liður:
Soffía Guðmundsson 2000

104. — 18. — II. b. 35 (Þuríður Kvaran).
Liðurinn fellur burt.

105. — 18. — II. c. 2. Nýr liður:
Ásmundur Gíslason prófastur 385

106. — 18. — II. c. 11 (Jakob Lárusson).
Liðurinn fellur burt.

107. — 18. — II. c. 15. Nýr liður:
Matthías Eggertsson 465

108. — 18. — II. c. 16. Nýr liður:
Sveinn Guðmundsson 445

109. — 18. — II. d. 2 (Arndís Pétursdóttir).
Liðurinn fellur burt.

110. — 18. — II. d. 20. Nýr liður:
Helga Ketilsdóttir 300

111. — 18. — II. d. 27 (Kristín Jónsdóttir).
Liðurinn fellur burt.

112. — 18. — II. d. 34. Nýr liður:
Sigríður Kjartansdóttir, 800 kr., auk 300 kr. með hverju barna sinna 2000

113. — 18. — II. d. 42. Nýr liður:
Þórhildur Friðriksdóttir 300

114. — 18. — II. e. 5 (Baldvin Bárðdal).
Liðurinn fellur burt.

115. — 18. — II. e. 8 (Elín Briem).
Liðurinn fellur burt.

116. — 18. — II. e. 9. Nýr liður:
Guðbjörg Kristjánsdóttir 1200

117. — 18. — II. e. 14 (Jóhann P. Pétursson).
Fyrir „200“ kemur 500

118. — 18. — II. e. 23 (Ögmundur Sigurðsson).
Liðurinn fellur burt.

119. — 18. — II. f. 10 (Guðjón Kjartansson).
Liðurinn fellur burt.

120. Við 18. gr. II. f. 26. Nýr liður:
Solveig Árnadóttir póstsekkja 300
121. — 18. — II. f. 35 (Elínborg Vigfúsdóttir).
Fyrir „200“ kemur 400
122. — 18. — II. g. 24. Nýir liðir:
a. Ríkarður Jónsson 3000
b. Sigurður Jónsson, Arnarvatni 1000
123. — 18. — II. i. 12. Nýr liður:
Einar Straumfjörð fyrrv. vitavörður, vegna örorku . 400
124. — 18. — II. i. 31 (Halldór Þórðarson).
Liðurinn fellur niður.
125. — 18. — II. i. 65 (Ólafur Guðmundsson).
Fyrir „400“ kemur 600
126. — 18. — II. i. 67. Nýr liður:
Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar 500
127. — 18. — II. i. 74 (Sigríður Pálsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
128. — 18. — II. i. 84 (Þórunn Gísladóttir).
Liðurinn fellur niður.
129. — 22. — II. Í stað orðanna „ef hún lætur af starfi á árinu“ kemur: þegar hún lætur af starfi.
130. — 22. — IX (Rafveita fyrir Ísafjörð).
Fyrir „135000“ kemur: 280000.
131. — 22. — XIII.
a. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast fyrir Vikurfélagið h/f allt að 50000 kr. lán til vikurvinnslu við Arnarstapa á Snæfellsnesi.
b. Nýr rómv. liður:
Að ábyrgjast fyrir Ytri-Akraneshrepp allt að 20000 kr. lán, sem verja á til þess að steypa garð til varnar hættulegu landbroti (Endurveiting).
132. — 22. — XVI. Nýir rómv. liðir:
a. Að kaupa jarðirnar Tjarnir I og II í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem sæta ágangi Markarfljóts vegna fyrirhleðslu.
b. Að kaupa Reykjarhól í Seyluhreppi fyrir skólasetur.
c. Að kalla, í samráði við biskup og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, tvo aðstoðarpresta til starfa í dómkirkjusöfnuðinum og láta greiða þeim úr prestlaunasjóði sömu laun og sóknarprestum.

Ed. 403. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá neðri deild, og er efni þess, að eigi sé leyfilegt að færa tap eða skuldir milli ára, sem gefnar hafa verið eftir fyrir ráðstafanir þess opinbera.

Fjárhagsnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1937.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 404. Breytingartillaga

við frv. til l. um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Síðari málsgr. (um að auka afköst síldarverksmiðjanna á Siglufirði) orðist svo:

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að láta á árinu 1938 eða 1939 reisa síldarverksmiðju á Þórshöfn, og miðist stærð verksmiðjunnar við það, að hún geti unnið úr um 1200 málum síldar á sólarhring.

Nd. 405. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk, svo að fullgild vara sé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að ákveðnar brauðtegundir, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að 1/10 af þyngd þurrefnis brauðtegundar. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.

3. gr.

Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun.

4. gr.

Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra felur matvælaeftirliti ríkisins að hafa með höndum eftirlit með þurrmjólkurvinnslustöðvum og með því, að ákvæðum reglugerðar, sem gefin er út samkvæmt lögum þessum, sé hlýtt.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðefni til rannsóknar úr brauðgerðarhúsum. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, enda skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

6. gr.

Engum er heimilt að starfrækja þurrmjólkurvinnslustöð, nema með leyfi landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita byggingarstyrk til þurrmjólkurvinnslustöðva eftir sömu reglum og gildandi eru á hverjum tíma um styrk til mjólkurbúa.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af lögum þessum sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögum sé að ræða.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 406. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 2. gr.	1	(Fasteignaskattur). Fyrir „400000“ kemur	445000
2.	— 2. —	2	(Tekjuskattur og eignarskattur). Fyrir „1550000“ kemur	1720000
3.	— 2. —	3	(Hátekjuskattur). Fyrir „200000“ kemur	222000
4.	— 2. —	4	(Lestagjald af skipum). Fyrir „50000“ kemur	55000
5.	— 2. —	5	(Aukatekjur). Fyrir „600000“ kemur	665000
6.	— 2. —	6	(Erfðafjárskattur). Fyrir „50000“ kemur	56000
7.	— 2. —	7	(Vitagjald). Fyrir „440000“ kemur	490000
8.	— 2. —	8	(Leyfisbréfagjöld). Fyrir „25000“ kemur	28000
9.	— 2. —	9	(Stimpilgjald). Fyrir „525000“ kemur	585000
10.	— 2. —	11	(Bifreiðaskattur). Fyrir „370000“ kemur	410000
11.	— 2. —	12	(Benzínskattur). Fyrir „275000“ kemur	305000
12.	— 2. —	13	(Útflutningsgjald). Liðinn skal orða svo: Útflutningsgjald ..... kr. 430000 ÷ til fiskimálasjóðs ..... — 400000	30000
13.	— 2. —	14	(Áfengistollur). Fyrir „1000000“ kemur	1110000
14.	— 2. —	15	(Tóbakstollur). Fyrir „1350000“ kemur	1500000

15. Við 2. gr. 16 (Kaffi- og sykurtollur).
Fyrir „1125000“ kemur 1245000
16. — 2. — 17 (Annað aðflutningsgjald).
Fyrir „65000“ kemur 72000
17. — 2. — 18 (Vörutollur).
Fyrir „1400000“ kemur 1555000
18. — 2. — 19 (Verðtollur).
Fyrir „1100000“ kemur 1220000
19. — 2. — 20 (Gjald af innfl. vörum).
Fyrir „650000“ kemur 1530000
20. — 2. — 21 (Gjald af innl. tollvörum).
Fyrir „450000“ kemur 500000
21. — 2. — 22 (Skemmtanaskattur).
Fyrir „120000“ kemur 135000
22. — 2. — 23 (Veitingaskattur).
Fyrir „90000“ kemur 100000
23. — 3. — A. (Rekstrarhagn. áfengisverzlunar).
Fyrir „1310000“ kemur 1360000
24. — 22. — XIV. Síðari málsgr. skal orða svo:
Ennfremur að endurgreiða Kristni Ólafssyni fyrrv. bæjarfógeta, Högna Björnssyni fyrrv. héraðslækni, Láru Wathne og Ingibjörgu Steinsdóttur fyrrv. símakonum, Önnu Guðmundsdóttur fyrrv. ritara í fjármálaráðuneytinu og Ólafi Sveinssyni fyrrv. vitaverði það fé, sem þau hafa greitt í lífeyrissjóð embættismanna, og Guðmundi Ólafssyni frá Laugarvatni, Guðmundi R. Ólafssyni frá Grindavík, Sigurði Heiðdal, Jakobi Péturssyni, Guðrúnu Pálsdóttur og Ásgerði Guðmundsdóttur, fyrrv. kennurum, það fé, sem þau hafa greitt í lífeyrissjóð barnakennara, allt án vaxta.

Ed. 407. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Hofsósi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 408. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Suðureyri.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1937.

Ingvar Pálmason, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 409. Frumvarp til laga

um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til stuðnings bændum í sveitum þeim, er mæðiveikin geisar í, og tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma á árinu 1938 þær ráðstafanir, er hér segir:

a. Að verja til greiðslu upp í vexti af veðlánum og upp í jarðarafgjöld leiguliða fjárupphæð, er nemur allt að 150000 kr.
b. Að verja til sýslu- og hreppavega í mæðiveikisveitunum fjárupphæð, er nemi allt að 110000 kr.
c. Að verja til byggingar gróðurhúsa við jarðhita, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar, stofnstyrk, er nemi allt að 5000 kr., enda standi félagsskapur bænda í mæðiveikisveitunum að starfseminni.
d. Að veita styrk til stofnunar rjómabúa í mæðiveikisveitunum, allt að helmingi kostnaðar.
e. Að greiða styrk til framræslu og túnasléttunar, er nemi allt að tvöföldum styrk, sem greiddur er til skurðagerðar og túnasléttunar samkv. jarðræktarlögum, og til túnauka allt að jafnháum styrk og veittur er samkv. jarðræktarlögum. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

2. gr.

Um úthlutun fjár þess, sem um getur í 1. gr., fer eftir reglum þessarar greinar:

a. Hver hreppsnefnd á svæðinu skipar einn mann til þess að gera tillögur um úthlutun fjárins að því er snertir þann hrepp.
b. Hver sýslunefnd á svæðinu skipar tvo menn til þess að vera í ráðum um úthlutun fjárins að því er snertir þá sýslu.
c. Landbúnaðarráðherra skipar, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi úthlutun fjárins.

Þeir menn, sem hreppsnefndir skipa, gera tillögur til þeirra manna, sem hlutaðeigandi sýslunefndir hafa valið, um stuðning til bænda samkv. lögum þessum, hver í sínum hreppi.

Þeir menn, sem sýslunefndir hafa valið, gera tillögur til nefndar þeirrar, sem landbúnaðarráðherra skipar, um stuðning til bænda í hlutaðeigandi sýslu.

Nefnd sú, er landbúnaðarráðherra skipar, úthlutar, að fengnum þeim tillögum, er að framan getur, milli bænda fé því, sem er til umráða samkv. lögum þessum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela nefndinni yfirstjórn og eftirlit með vörnum gegn útbreiðslu mæðiveikinnar. Skipar þá landbúnaðarráðherra framkvæmdarstjóra eftir tillögum nefndarinnar, er annist framkvæmd varnanna.

3. gr.

Hreppssjóðir greiða kostnað þeirra manna, sem ræðir um í a-lið 2. gr., sýslusjóðir kostnað þeirra manna, sem um ræðir í b-lið 2. gr., og ríkissjóður kostnað af starfi þeirrar nefndar, sem um ræðir í c-lið 2. gr.

4. gr.

Nefnd sú, er landbúnaðarráðherra skipar samkv. 2. gr., skal beita sér fyrir því, að lánsstofnanir veiti þeim bændum, sem koma undir ákvæði laga þessara og eigi geta innt af hendi afborganir að dómi hennar, greiðslufrest á afborgunum af lánum þeirra í lánsstofnunum fyrir árin 1937 og 1938.

5. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum fyrir árið 1937, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fá samkvæmt lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar.

Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum þeirrar nefndar, er hann skipar samkv. 2. gr., reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 410. Nefndarálit

um frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um mál þetta. Minni hlutinn (FJ) gefur út sérstakt nefndarálit. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (GG og SK) áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við 3. umr. frv.

Alþingi, 16. des. 1937.

Bergur Jónsson, frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskrifari. Sigurður Kristjánsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Ed. 411. Lög

um sauðfjárbaðanir.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 329.

Ed. 412. Lög

um breytingar á lögum nr. 132 31. des. 1935, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 95.

Ed. 413. Lög

um breyting á lögum nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 216.

Ed. 414. Lög

um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 210.

Ed. 415. Lög

um verðlag á vörum.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 297.

Nd. 416. Lög

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.).

Samhljóða þskj. 14.

Ed. 417. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1938.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1938.
5. Kennslu-eftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1938.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1938.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1938 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1938.
8. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1938 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1938 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1938 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sam-

anber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.

12. Á árinu 1938 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1938 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1938 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Sþ. 418. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn jarðhitans á Íslandi.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um að afgreiða þessa þáltill. Ég álít hina mestu nauðsyn að hraða rannsókn stærstu jarðhitasvæðanna og enga ástæðu fyrir hendi til að fresta þessum málum, og legg því til, að tillagan verði samþykkt.

Ég tel hinsvegar rétt, að almenn löggjöf verði sett um jarðhitamálin á næsta þingi og gæti fylgt viðbótartillögu um áskorun á ríkisstjórnina í því efni, ef sérstakar óskir koma fram um þau efni á þinginu, en sé ekki að svo stöddu ástæðu til að koma með tillögu í þá átt.

Alþingi, 16. des. 1937.

Héðinn Valdimarsson.

Sþ. 419. Nefndarálit

um till. til þál. um þátttöku í alþjóðahafrannsóknum.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt, og er þegar hafin af hálfu ríkisstjórnarinnar og utanríkismálanefndar undirbúningur þessa máls á grundvelli tillögunnar.

Alþingi, 16. des. 1937.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Pétur Ottesen. Jón Pálmason.

Ed. 420. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Senda skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum afrit af ársreikningum félagsins, að afloknum aðalfundi ár hvert.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nú verða eigandaskipti að skipi og hinn nýi eigandi flytur skipið í annað vátryggingarumdæmi; skal þá félag það, er skipið var vátryggt hjá, flytja trygginguna í félag þess umdæmis, er skipið flyzt til, enda fær hið síðarnefnda félag vátryggingariðgjaldið frá þeim degi, er skipið kemur í þess umdæmi, og tekur um leið við áhættunni.
3. Við 15. gr.
   a. Stafliður a. hljóði svo:
      10 rúmlesta eða minni, 200 krónur.
   b. Stafliður b. hljóði svo:
      10 til 20 rúmlesta, 350 krónur.
   c. Stafliður c. hljóði svo:
      yfir 20 rúmlesta, 500 krónur.
4. Við 16. gr. Á eftir tölul. 3 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   Af öðrum ástæðum en þeim, sem taldar eru í 1.—3. tölulið, þó með þeim undantekningum, er um getur í 22. gr.
5. Við 17. gr. Á eftir tölulið 3 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   Af öðrum ástæðum en þeim, sem taldar eru í 1.—3. tölulið, þó með þeim undantekningum, er um getur í 22. gr.
6. Við 26. gr. 3. málsliður og til enda greinarinnar orðist svo:
   Hinsvegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu, sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga, að einhverju eða öllu leyti, í einstökum tilfellum, aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.
   Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 22. gr. 5. og 6. tölulið.
   Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.
7. Við 27. gr. 3. málsl. Málsliðurinn orðist svo: Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.
8. Við 28. gr. Á eftir fyrri málsgr. greinarinnar komi: Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum semur og lætur vátryggjendum í té.
9. Við 31. gr. Í stað 3. og 4. málsgr. kemur ein málsgr., svo hljóðandi:
   Vátryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en eitt ár frá gjalddaga þeirra að telja.
10. Við 34. gr. Við greinina bætist: Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

Sþ. 421. Breytingartillögur

við till. til þingsályktunar um rannsókn jarðhitans á Íslandi.

Frá Bjarna Bjarnasyni.

Tillögugreinina skal orða svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til þess, að rannsökuð verði stærstu jarðhitasvæðin hér á landi, og þá fyrst þau, sem líklegust eru til að hafa hagnýta þýðingu. Skal leita samvinnu bæjar- og héraðsstjórna á þeim stöðum, þar sem rannsóknirnar eru líklegar til að koma að notum, um fjárframlög til rannsóknanna, en að öðru leyti skulu þær kostaðar af ríkissjóði.
2. Að láta undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um eignar- og notkunarrétt jarðhita á svipuðum grundvelli og þeim, sem ákveðinn er í frumvarpi á þskj. 17, er nú liggur fyrir neðri deild Alþingis.

Sþ. 422. Nefndarálit

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa nú eins og áður haldið sameiginlega fundi um úthlutun styrks til flóabáta.

Styrkupphæð þessi hefir undanfarið verið í fjárlögum 76 þús. kr., og er sú upphæð tekin í fjárlagafrv., sem liggur fyrir hv. Alþingi. Samgöngumálanefndirnar hafa ekki séð sér fært að láta þessa upphæð halda sér, þótt þær hafi viljað taka hið fyllsta tillit til fjárhagsástæðna ríkissjóðs, og bera þær fram tillögu um lítilsháttar hækkun, úr 76 þús. kr. upp í 80 þús. kr. Er þetta gert vegna aðkallandi nauðsynja, en umsóknir um styrki til bátaferða og hækkun styrkja hafa margar legið fyrir, þótt minnst af því hafi verið tekið til greina.

Forstjóri skipaútgerðar ríkisins hefir mætt á fundum hjá nefndunum og gefið þeim upplýsingar um þau efni, er þær óskuðu eftir. En að öðru leyti ganga nefndirnar út frá, að skipaútgerð ríkisins gangi eftir skilríkjum um ferðir bátanna eins og áður, og **sérstaklega að samið verði um ferðir og flutninga á þeim stöðum, þar sem nú er ekki ákveðinn skipakostur til ferðanna.**

Skiptingu styrksins hefir að mestu verið haldið óbreyttri eins og á f. á. En breytingar (hækkanir) eru þessar: Skagafjarðarbátur (nýr) fær 3000 kr., en þá losnar Norðurlandsbátur við þær ferðir, en tekur í staðinn upp einhverjar fastar ferðir alla leið til Seyðisfjarðar. Stykkishólmsbátur hækkar úr 2600 kr. upp í 3200 kr., Fljótabátur úr 400 kr. upp í 500 kr. og Gilsfjarðarbátur (nýr) fær 300 kr.

Nefndirnar beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún láti skipaútgerð ríkisins athuga fyrir næsta Alþingi, hvort styðja ætti bátasamgöngur milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, og einnig milli Dalvíkur (um Ólafsfjörð) til Siglufjarðar, en um þetta hvorttveggja lágu fyrir beiðnir, sem nefndirnar gátu ekki að svo vöxnu gefið álit um.

Loks telja nefndirnar áríðandi, að eins og áður verði ferðir flóabátanna svo sem verða má samræmdar við áætlanir strandferðaskipanna.

Samkvæmt framanskráðu leggja nefndirnar til, að flóabátastyrknum fyrir 1938 verði skipt sem hér segir:

Djúpbátur	20000
Borgarnesbátur	15000
Norðurlandsbátur	13000

Báturinn heldur ekki uppi ferðum á Skagafjörð, heldur er ætlazt til, að samkomulag náist um fastar ferðir hans austur um land til Seyðisfjarðar.

Flateyjarbátur	7000
Sami bátur, til vélarkaupa (síðasta greiðsla)	2500
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	7500
Suðurlandsskip	3500
Skagafjarðarbátur (Skagafj. á Siglufj.)	3000
Stykkishólmsbátur	3200
með viðkomu á Skógarströnd eins og áður.	
Akranesbátur	1500
(með sama skilyrði og á f. á. vegna mjólkurflutninga).	
Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu	1500
(Þar af 800 kr. til Öræfinga).	
Rangársandsbátur	700
Mýrabátur	500
Fljótabátur	500
Langeyjarnesbátur	300
Gilsfjarðarbátur	300

Samgöngumálanefndirnar telja rétt, að flóabátum, sem skyldaðir eru til þess að flytja póst, sé ekki gert að skyldu að kosta póstflutning af pósthúsi á skip né af skipi til pósthúss o. s. frv., heldur annist póststjórnin um allt slíkt. Er þetta lítilsháttar aðhlynning að þessum nauðsynlegu samgöngum, a. m. k. á sumum stöðum, sem allar eiga við mjög örðugan fjárhag að búa.

Alþingi, 17. des. 1937.

Gísli Sveinsson, frsm. — Sveinbjörn Högnason, form. Nd.-nefndar. — Þorbergur Þorleifsson.

Eiríkur Einarsson. — Páll Hermannsson, form. Ed.-nefndar. — Finnur Jónsson, fundaskr. Nd.-nefndar.

Páll Zóphóníasson. — Árni Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.

Nd. 423. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Allir nefndarmenn standa þó að breytingartill., er nefndin mun flytja við frumvarpið, og vill meiri hl. n. (ÁÁ, SkG, SvbH) samþykkja frv. með þeim breytingum, en minni hl. (ÓTh og StSt) getur ekki fylgt málinu í heild, enda þótt hann telji breytingarnar til bóta.

Minni hl. færir þessar ástæður fyrir aðstöðu sinni:

Hann viðurkennir að vísu, að svo sem komið er um afgreiðslu fjárlaga þarfnist ríkissjóður nýrra tekna. Samt sem áður getur minni hl. ekki sætt sig við að fylgja frv., bæði vegna þess, að hann telur, að ekki hafi enn verið gerð nægilega öflug tilraun til að skera niður útgjaldahlið fjárlaganna, sem og af hinu, að minni hl. er alveg andvígur sumum af þeim álögum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Alþingi, 17. des. 1937.

Ólafur Thors, frsm. — Stefán Stefánsson.

Nd. 424. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali af nefndinni óskiptri.

Alþingi, 17. des. 1937.

Skúli Guðmundsson, form.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr., frsm.	Sveinbjörn Högnason.

Sþ. 425. Fjáraukalög

fyrir árið 1935.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.).

Samhljóða þskj. 30.

Nd. 426. Breytingartillaga

við frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 14. gr. Í stað „½%“ komi: 1%.

Sþ. 427. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

I. Frá *Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 3. gr. A. 4 (Tekjur af tóbakseinkasölu).
Liðurinn falli burt.

II. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 8. gr. (Borðfé konungs).
Fyrir „60000“ kemur 15000

III. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 11. gr. A. 8 (Lögreglukostn. í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. c. 4 (Sogsvegur).
Liðurinn orðist svo:
Til Sogsvegar, allt að 100000
gegn framlagi frá Reykjavíkurbæ, er nemi fjórðungi þeirrar fjárupphæðar.

V. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýir liðir:
1. Laxárdalsvegur 3000
2. Staðarfellsvegur 2000

VI. Frá *Garðari Þorsteinssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 35. Nýr liður:
Ólafsfjarðarvegur 10000

VII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 36 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „15000“ kemur 50000

VIII. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 37 (Öxnadalsvegur).
Fyrir „7000“ kemur 12000

IX. Frá *Gísla Sveinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 60. Nýir liðir:
a. Skaftártunguvegur 3000
b. Meðallandsvegur 2000
2. Við 13. gr. A. II. a. 61 (Mýrdalsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 8000

X. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 66 (Gnúpverjahreppsvegur).
Fyrir „3000“ kemur 4500

XI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 66. Nýr liður:
Suðurlandsbraut 200000
2. Við 13. gr. A. II. c. 3 (Suðurlandsbraut).
Liðurinn fellur burt.

XII. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Liðurinn fellur burt.

XIII. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Fyrir „76000“ kemur 80000

XIV. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 7 (Hafnargerð á Þórshöfn).
Fyrir „11000“ kemur 16000

XV. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. C. XIII. Nýr rómv. liður:
Til brimbáts (dráttarbáts) í Vík í Mýrdal, stofnkostnaður, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að 2500

XVI. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Friðgeirs Grímssonar, til þess að nema útreikning og tilbúning véla 1000
Til vara 500

XVII. Frá *Ísleifi Högnasyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Bjarna Guðjónssonar, til þess að fullkomna sig í myndskurði 1800
Til vara 1500

XVIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 2. b. (Stofnkostn. héraðsskóla).
1. Fyrir „28000“ kemur 38000
2. Aths. á eftir: Þar af til Reykjanesskóla í N.-Ísafjarðarsýslu 10000 kr.

XIX. Frá *Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til sundlaugarbyggingar á Siglufirði 20000

XX. Frá *Sigurði Hliðar.*
1. Við 14. gr. B. XVIII. 4 (Sundkennsla o. fl.).
Við liðinn kemur aths.:
Þar af til sundlaugarinnar á Akureyri 5000 kr.
2. Við 14. gr. B. XXI (Geir Þormar).
Fyrir „600“ kemur 900

Sþ. 428. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 og við brtt. á þskj. 402.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 15. gr. 8. e. (Bókasafn Neskaupstaðar).
Fyrir „800“ kemur 1500
2. Við 15. gr. 8. g. (Bókasafn Siglufjarðar).
Fyrir „1000“ kemur 2000
3. Við 15. gr. 8. h. (Bókasafn Vestmannaeyjakaupst.).
Fyrir „1000“ kemur 2000

II. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. 9 (Bæjarbókasafn Reykjavíkur).
Fyrir „5000“ kemur 7000

III. Frá *Sigurði Hliðar.*
Við 15. gr. 23 (Leikfélag Akureyrar).
Fyrir „1000“ kemur 1500

IV. Frá *Ísleifi Högnasyni.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til Leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað 600

V. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 15. gr. 27. Nýir liðir:
a. Til Eggerts Stefánssonar söngvara 2000
Til vara 1200
b. Til Sigurðar Skagfields söngvara 2000
Til vara 1200
c. Til Einars Markans söngvara 1000
d. Til Eggerts Guðmundssonar listmálara 1000
2. Við 15. gr. 45 (Guðbrandur Jónsson).
Fyrir „1500“ kemur 2400

VI. Frá *Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 16. gr. 1 (Atvinnubætur).
Fyrir „500000“ kemur 850000

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni* og *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 1 (Atvinnubætur).
Aftan við aths. bætist: Af fjárhæð þessari skal ennfremur varið 60 þús. kr. til vinnu við íþróttasvæðið við Öskjuhlíð.

VIII. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 16. gr. 2 (Búnaðarfél. Íslands).
Fyrir „180000“ kemur 200000

IX. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 16. gr. 11. Nýr liður:
Til að styrkja tilraunastarfsemi bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga í ýmsum verklegum framkvæmdum (þar af til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjabæ 25000 kr.) 75000

X. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 16. gr. 14. Liðinn skal orða svo:
Til fóðurtryggingarsjóða 75000
Þar af til sérstakra ráðstafana út af óþurrkunum síðastl. sumar 60000 kr.

XI. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 16. gr. 22. Liðinn skal orða svo:
Til rannsóknar á Gilsnámu í Hólshreppi, allt að 5000

XII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 16. gr. 23. f. Nýr liður:
Til Brands Einarssonar, til þess að stunda dýralækningar í Mýrdal, gegn jafnháu framlagi annarsstaðar að 150

XIII. *Frá Sigurði Hlíðar.*
Við 16. gr. 23. g. (Bragi Steingrímsson).
Fyrir „1200" kemur 2400

XIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 402, 77. a. (Nýr liður við 16. gr. 23. g. Þorvarður Egilson).
Fyrir „500" kemur 800
Til vara 700

XV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 23. h. Nýr liður:
Til Ásgeirs Þ. Ólafssonar dýralæknis, utanfararstyrkur til þess að kynna sér nýjungar í dýralækningum, einkum loðdýra 1500

XVI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 16. gr. 29. Nýir liðir:
1. Til þess að athuga möguleika á því að reisa rafstöðvar og orkuveitur og framkvæma undirbúningsrannsóknir 20000
2. Til þess að athuga möguleika á því að hagnýta raforku frá orkuveri við Sog til húsahitunar í Reykjavík og ef til vill víðar 10000
3. Til þess að athuga möguleika á því að virkja til raforkuvinnslu eitthvert stórt fallvatn, í þeim tilgangi að framleiða svo ódýra orku, að hægt sé að hagnýta hana til stóriðnaðar, t. d. áburðarvinnslu 10000
4. Til skipulagðra vatnsrennslismælinga í fallvötnum, til þess að vinna úr þeim og gefa út skýrslur um þær 15000
5. Til hagnýtra jarðvegsrannsókna 20000

Til þess að annast þessar rannsóknir er ríkisstjórninni heimilt að ráða sérfróðan mann, er sé um leið ráðunautur hennar í öllu, er lýtur að hagnýtingu íslenzkra jarðefna.

XVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 38. e. Nýr liður:
Launauppbót til fiskiyfirmatsmannsins í Vestmannaeyjum 1000
Til vara 800

XVIII. Frá *Pétri Halldórssyni.*
Við 16. gr. 72. Nýr liður:
Framlag til sundhallar í Reykjavík (fyrri hluti) 80000

XIX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 81. Nýr liður:
Upp í kostnað við tilraunir til þess að afla neyzluvatns fyrir Vestmannaeyjar 6000
Til vara 5000

XX. Frá *Ísleifi Högnasyni, Brynjólfi Bjarnasyni og Einari Olgeirssyni.*
Við 17. gr. 7. Nýr liður:
Til dagheimila og sumardvalarheimila fyrir börn 10000
Ráðherra úthlutar styrk þessum til félaga, er um það sækja og sanna, að þau geti rekið slík heimili.

XXI. Frá *Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 17. gr. 19. Nýir liðir:
1. Til sjúkrasjóðs verkamannafél. Akureyrar 300
2. Til sjúkrasjóðs verkakvennafél. „Einingin" á Akureyri ... 300

XXII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 17. gr. 27. Nýr liður:
Til elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar í Reykjavík .. 10000
Til vara 5000

XXIII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 17. gr. 30. Nýr liður:
Til Jóns Einarssonar, Rauðhúsum, styrkur vegna fávita .. 300

XXIV. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. g. 8 (Guðmundur Friðjónsson).
Fyrir „1800" kemur 2400

XXV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 18. gr. II. g. 9 (Guðmundur Hagalín).
Fyrir „1500" kemur 1000

XXVI. Frá *Héðni Valdimarssyni.*
Við 18. gr. II. g. 10 (Guðmundur Kamban).
Liðurinn fellur niður.

XXVII. Frá *Jóni Pálmasyni* og *Skúla Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. g. 11 (Halldór Kiljan Laxness).
Fyrir „5000" kemur 2000

XXVIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. g. 16 (Jakob Thorarensen).
Fyrir „1200" kemur 2000

XXIX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
1. Við 18. gr. II. g. 16 (Jakob Thorarensen).
Fyrir „1200" kemur 1500
2. Við 18. gr. II. g. 21 (Kristmann Guðmundsson).
Fyrir „1800" kemur 1000
3. Við 18. gr. II. g. 24 (Ólafur Friðriksson).
Fyrir „1800" kemur 1000
4. Við 18. gr. II. g. 28 (Theodór Friðriksson).
Fyrir „1500" kemur 1000
5. Við 18. gr. II. g. 31 (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir „2500" kemur 1000

XXX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. i. 20. Nýr liður:
Til Guðmundar Eiríkssonar á Þorfinnsstöðum 300

XXXI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Ísleifi Högnasyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 20. gr. Út III. (Nýir vitar).
Fyrir „65000" kemur 225000

XXXII. Frá *Pálma Hannessyni.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:
Að greiða Jóni Ófeigssyni yfirkennara full laun, ef hann lætur af embætti á árinu eða verður frá starfi sakir sjúkleika.

XXXIII. Frá *Sigurði Hlíðar.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að greiða Steingrími Jónssyni fyrrv. bæjarfógeta á Akureyri 6000 kr. uppbót á skrifstofukostnaði.

XXXIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að kaupa hveralandið í Reykjahverfi vegna grænmetisræktunar og væntanlegrar hitaveitu til Húsavíkur, ef hagstæðir samningar takast um kaupin.

XXXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að endurgreiða hafnarsjóði Vestmannaeyja aðflutningsgjald af járni til hafnarvirkjanna, kr. 6428.14.

XXXVI. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir félög útgerðarmanna, sjómanna eða bæjarfélög lán til kaupa á nýjum diesilmótorskipum, 75—150 smálesta, er séu útbúin þannig, að á þeim megi stunda allar algengustu fiskveiðiaðferðir hér við land. Ábyrgðina má veita fyrir allt að ⅔ kostnaðarverðs skipanna, gegn 1. veðrétti í þeim, og fari ábyrgðir á árinu 1938 eigi fram úr 700000 kr.

XXXVII. Frá *Héðni Valdimarssyni, Jakob Möller* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XVI. Nýr liður:
Að kaupa á árinu 1938 eignina Amtmannsstíg 1 í Reykjavík, hús og lóðir, með því verði og skilmálum, sem um semst, og þó ekki óhagkvæmari fyrir ríkissjóð en boðið hefir verið áður í þá eign.

Sþ. 429. Þingsályktun

um safn, er sýni sveitamenningu liðna tímans.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.).

Samhljóða þskj. 261.

Sþ. 430. Þingsályktun

um breyting á löggjöf um héraðsskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.).

Samhljóða þskj. 98.

Nd. 431. Nefndarálit

um frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er borið fram í efri deild Alþingis, og voru þar bættir á því nokkrir stórir gallar; þó er það ennþá þannig úr garði gert, að ég, með þá reynslu, sem ég hefi haft í stjórn síldarverksmiðja ríkisins nú í tvö ár, get alls ekki fylgt því óbreyttu. Ég tel það óþarft að fjölga stjórnendum ríkisverksmiðjanna úr 3 í 5, og auk þess sem það hefir talsverðan kostnað í för með sér fyrir verksmiðjurnar, getur slík fjölgun bakað þeim tjón. Stórar sölur fara oft fram þannig, að það þarf að svara

tilboðum með mjög litlum fyrirvara, oft nokkurra klukkustunda, og þó stjórnarmönnum sé gert að skyldu að dvelja á Siglufirði yfir rekstrartímann, fara stærstu sölurnar venjulega fram utan þess tíma og þegar stjórnendur eru sinn á hverju landshorni. Þá tel ég það óþarfa aukakostnað að fjölga endurskoðendum úr tveim í þrjá.

Ákvæði frv. um að afnema ábyrgð ríkissjóðs á skuldum verksmiðjanna, stofnuðum eftir 31. des. 1937, tel ég mjög skaðlegt, og mun það miða að því að veikja svo lánstraust þeirra, að útilokað sé, að þær geti keypt bræðslusíldina föstu verði.

Ýms fleiri atriði frv. tel ég, að þurfi breytinga við, og mun gera grein fyrir þeim nánar í framsögu. Vil ég leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 3 mönnum, skipuðum af atvinnumálaráðherra til þriggja ára í senn, að fenginni tilnefningu þriggja stærstu þingflokka, og skipar atvinnumálaráðherra formann stjórnarinnar úr flokki þeirra. Á sama hátt skal hann skipa 3 menn til vara í stjórn ríkisverksmiðjanna.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Endurskoðendur verksmiðjanna eru tveir, kosnir hlutfallskosningu af Alþingi.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 11. gr.
   a. 3. tölul. orðist svo: Ekki minna en 2% fyrningargjald af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
   b. Fyrir orðin „sem keypt hefir verið á fast verð við afhendingu“ í síðustu málsgr. komi: sem keypt hefir verið föstu verði við móttöku.
5. Við 12. gr. Fyrir orðin „með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði“ í 2. málsgr. komi: með hliðsjón af erlendu markaðsverði, og sé verðið aldrei hærra en söluverð á erlendum markaði, að frádregnum öllum kostnaði, þar með talin umboðslaun.
6. Við 14. gr.
   a. Fyrir „½%“ komi: ¼%.
   b. Orðin „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ falli niður.
   c. Við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Gjald þetta skal í fyrsta sinn greiða fyrir rekstur ársins 1938.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrir orðin „þau 2 ár“ komi: það eina ár.

Alþingi, 17. des. 1937.

Finnur Jónsson,
form.

Nd.

432. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

I. Við 4. gr. 2. (Til akvega).
   1. Við e-lið (Til vega út frá Akureyri). Í stað „10000“ kemur: 15000.
   2. Við f-lið (Til Vopnafjarðarvegar til Möðrudals). Liðurinn fellur niður.

3. Á eftir g-lið kemur nýr liður: Til Sogsvegar 15000 kr.
4. Í stað „260000 krónum“ í síðustu málsgr. komi: 275000 krónum.

II. Aftan við 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi:
Á árinu 1938 er ríkisstjórninni heimilt:
a. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt.
b. að falla frá innheimtu aðflutningsgjalds af salti.
Heimild þessi sé þó því aðeins notuð, að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, eða fyrirtæki, sem rekin eru af þeim, veiti útgerðinni hliðstæð hlunnindi, að dómi ríkisstjórnarinnar, með lækkun á gjöldum.
Noti ríkisstjórnin heimild þessa, heimilast henni að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. laga þessara, úr 11% í 12%.

III. 6. gr. verði 7. gr.

Ed. 433. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Páli Zóphóníassyni og Einari Árnasyni.

Við 1. gr. Á eftir 17. lið kemur nýr liður:
Framkvæmd laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, er frestað til ársloka 1938, og fellur niður á þingi því, er samþykkir þessi lög, kosning ráða þeirra, er ræðir um í fyrrnefndum lögum.

Ed. 434. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir yfirfarið frv. og borið það saman við gildandi lög. Telur meiri hl. nefndarinnar breytingar, sem fyrir liggja með frv., til mikilla bóta á lögunum, og er í aðalatriðum þeim samþykkur. Enda þótt einstakir nefndarmenn hefðu óskað að gera ýmsar breytingar á frv., þá telur meiri hluti nefndarinnar varhugavert að bera fram breytingartillögur og þar með að tefla í tvísýnu framgangi málsins, þar sem örstutt mun nú til þingslita. Nefndin er því ósammála um endanlega afgreiðslu þess, þar sem minni hlutinn mun ekki telja sig geta samþykkt frv. óbreytt. Enda þótt meiri hl. leggi áherzlu á, að engar breytingartillögur verði samþ. við frv. af áðurnefndum ástæðum, þá er honum ljóst, að inn í frv. voru sett ákvæði í neðri deild, sem telja verður mjög varhugaverð. Með ákvæðum 32. gr., þar sem sjóðfélagar í eftirlaunasjóðum Landsbankans og Útvegsbankans eru undanþegnir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs Íslands, er gefið fordæmi, sem hættulegt getur orðið viðgangi lífeyrissjóðs. Undanþága sjóðfélaga landsbankasjóðsins er þó að vissu leyti réttlætanleg, þar eð hann starfar samkvæmt landslögum, og mætti nema staðar við það að veita slíkar undanþágur einungis þeim mönnum, sem samkvæmt lögum eru skyldir til að kaupa sér ellitryggingu í sérstökum sjóðum. Sjóður Útvegsbankans er hinsvegar ekki fyrirskipaður með lögum, og verður þá ekki séð, er sjóðfélagar hans hafa fengið undanþágu, hvernig sjóðfélögum annara samskonar sjóða verður með nokkurri sanngirni neitað um sömu fríðindi. Slíkir einkasjóðir eru margir til og opin leið fyrir þá, sem nokkurs eru megnugir og verulegar greiðslur inna af hendi til lífeyrissjóðs Íslands, að koma sér upp sérstökum ellilaunasjóðum og krefjast síðan undanþágu

á iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs Íslands. Mætti þá fara svo, að þeir einir yrðu þar eftir, sem minnst geta lagt af mörkum, og er auðséð, hver áhrif slíkt hlyti að hafa á vöxt og viðgang lífeyrissjóðs Íslands. Nú mun því ekki verða neitað, að aðstæður sjóðfélaga í eftirlaunasjóðum beggja bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, eru mjög svipaðar og erfitt að gera upp á milli þeirra. Ef ekki næst fylgi fyrir því í þinginu — sem líklegt er — að synja báðum um undanþáguna og láta þeim nægja þær réttarbætur, sem felast í 27. gr. frv., mætti gera báða sjóðina fullkomlega hliðstæða með því að lögfesta einnig eftirlaunasjóð Útvegsbankans, með það fyrir augum, að það verði gert þegar á næsta þingi og þá látið staðar numið við að veita slíkar undanþágur aðeins sjóðfélögum lögskipaðra eftirlaunasjóða. Meiri hluti nefndarinnar getur eftir atvikum sætt sig við, að 32. gr. frv. verði fremur samþykkt óbreytt en að eiga á hættu, að málinu í heild verði stefnt í nokkra óvissu með því að hrekja það á milli deilda vegna þessa atriðis. Hinsvegar er meiri hl. nefndarinnar ljóst, að margir ellilaunasjóðir einstakra stofnana og félaga munu koma á eftir og óska lögfestingar, ef að þessu ráði verður hnigið, og telur því nauðsynlegt, að ríkisstjórn í samráði við tryggingarstjórn athugi gaumgæfilega fyrir næsta þing, hve langt skuli farið inn á þessa braut.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Ed. 435. Nefndarálit

um frv. til laga um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið allskostar sammála um meðferð frumvarpsins. Að vísu viðurkenna báðir meðnefndarmenn mínir hið nauðsynlega efni frv., og að bæta beri úr vandræðum, sem yfir þjóðinni vofa, verði ekkert aðhafzt um þessi mál, en telja þó tormerki á framkvæmdum, sakir fjárskorts nú í bili.

Ég get ekki allskostar fallizt á þá ástæðu, því 2. gr. frv. segir skýrt, að þá fyrst verði uppeldisheimili stofnuð, er fé fæst til þess í fjárlögum. Hefir Alþingi það því í hendi sinni að ákveða, hvenær slíkt fé er veitt. Mér þykir það allt of mikið tómlæti í jafnalvarlegu máli, að fresta þannig þing eftir þing að fá um þetta lagafyrirmæli, með skýrum ákvæðum um alla meðferð uppeldisstofnana fyrir vangæf börn og unglinga.

Hvað kostnað snertir, verður auðvitað ekki um hann sagt fyrirfram: stofnkostnaður fer eftir því, hve aðgengilegum kjörum komizt verður að með jarðnæði, húsakost o. fl., og rekstrarkostnaður hlýtur að fara eftir því, hvernig búskapurinn gengur, þar eð mér þykir sjálfsagt, að vinna unglinganna á heimilum þessum yrði til þess að létta undir kostnaðinn. Styð ég þessa skoðun mína meðal annars við álit barnaverndarráðs, sem sendi menntamálanefnd umsögn sína um mál þetta, að tilhlutun kennslumálaráðherrans. Ég vil leyfa mér að birta hér kafla úr bréfi þessu:

„Vér teljum afarmikilsvert atriði, ef frv. þetta nær fram að ganga, að hentugur staður sé valinn uppeldisheimilinu. ... Viljum vér í þessu sambandi benda á jörð, sem vér álítum í alla staði mjög heppilega undir þvílíkt setur, en það eru Reykhólar í Barðastrandarsýslu. Þar eru ræktunarskilyrði nær ótakmörkuð og **jarðhiti** nægur. **Myndu slík skilyrði gera heimilið mjög ódýrt í rekstri,**[1]) svo að ekki er óhugsandi, að það beri sig, er fram líða stundir.“

1) Leturbreyting hér.

Bréf barnaverndarráðs um þetta efni er miklu lengra, en ég læt þetta nægja. Nú hefir verið talað um, að ríkið kaupi Reykhóla. Verði það samþykkt, koma til greina möguleikar, sem virðast framkvæmanlegir í þessum efnum. Vitanlega er um langtum fleiri heppilega staði að ræða; þannig var og bent á aðra jörð í nefndu bréfi barnaverndarráðs — Kleppjárnsreyki í Borgarfirði. Þar eru afargóð ræktunarskilyrði, hægt um afurðasölu og jörðin vel hýst. Þetta bendi ég á til þess að sýna, að með góðum vilja væri ekki ókleift að hefja þetta starf börnum og unglingum til bjargar.

Ég legg það því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað orðanna „til 16 ára aldurs“ kemur: til 18 ára aldurs.

Alþingi, 17. des. 1937.

Guðrún Lárusdóttir.

Ed. 436. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við fyrri tölulið í 25. gr. bætist:

Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- eða silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði eigi upprættur. Í reglum þessum má ákveða fjölda veiðitækja, er notuð eru samtímis í veiðiá. Ennfremur má setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarhring megi samfleytt veiða í á, og má það vera mismunandi langur tími, eftir stærð veiðiár, eftir því hve auðvelt er að veiða og öðru því, sem við kann að eiga. Reglur þessar mega ekki brjóta í bág við friðunarákvæði laganna.

Sþ. 437. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 og við brtt. á þskj. 402.

I. Frá *Thor Thors*.
Við 13. gr. A. II. a. 8 (Stykkishólmsvegur).
1. Fyrir „5000“ kemur 10000
2. Nýr liður:
Skógarstrandarvegur 5000

II. Frá *Magnúsi Jónssyni*.
1. Við 14. gr. A. b. 7. Nýr liður:
Til útgáfu ársskýrslu hinnar íslenzku þjóðkirkju 500
2. Við brtt. 402, 42 (Nýr liður við 14. gr. B. XII. 1. d. Viðgerð á kvennask. í Rvík).
Fyrir „2500“ kemur 5000

III. Frá *Árna Jónssyni*.
Við brtt. 402, 46. a. (Við 14. gr. B. XXIV. Íþróttasamband Íslands).
Fyrir „8000“ kemur 10000

IV. Frá *Sigurði E. Hliðar.*
Við 15. gr. 28. Nýr liður:
Til Jóns Norðfjörðs leikara, upp í námskostnað við leikskóla erlendis 700

V. Frá *Thor Thors.*
1. Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Stykkishólmi 3000
2. Við 16. gr. 60. (Vinnumiðlun).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 17. gr. 5 (Alþýðutryggingar).
Fyrir „545000" kemur 510000
4. Við 18. gr. II. i. 42. Nýir liðir:
a. Til Jóns Indriðasonar sjómanns 500
b. Til Jóns Jónssonar frá Munaðarhóli 600
5. Við 18. gr. II. i. 57. Nýr liður:
Til Magnúsar Magnússonar fyrrv. fiskimatsmanns 600
6. Við 18. gr. II. i. 68. Nýr liður:
Til Pálínu Sigurðardóttur fyrrv. ljósmóður 300

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. IX. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, enda sé lánið greitt fyrir áramót.
b. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

VII. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Ytri-Akraneshrepp allt að 240 þús. kr. lán til vatnsveitu á Akranesi, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði vatnsveitunnar.

Ed. 438. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um eignarnámsheimild á óræktuðum landsvæðum handa kaupstöðum við Faxaflóa.

Flm.: Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta Alþingi löggjöf um eignarnámsheimild á landsvæðum sunnanlands, hentugum til jarðræktar handa kaupstöðum við Faxaflóa, með það fyrir augum að reisa þar nýbýli handa þeim íbúum bæjanna, er áhuga kynnu að hafa fyrir því að búa í sveit.

Greinargerð.

Eitt alvarlegasta áhyggjuefnið er hin öra fjölgun íbúa kaupstaða og kauptúna og tilsvarandi fækkun í sveitum. Er mál þetta hið vandasamasta, og verður ekki með neinni einni ráðstöfun úr þessu bætt, heldur verða margvíslegar ráðstafanir að koma til, ef færa á fólk aftur til sveitanna svo nokkru verulegu nemi.

Með tillögu þessari eru sérstaklega hafðir í huga kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður, þar sem mannfjöldinn er mestur, og telja flutningsmenn, að vel mætti veita úr ríkissjóði stuðning til að stofna nýbýli handa íbúum bæjanna, þó það sé ekki tiltekið í tillögunni. Landsvæði, sem flutningsmenn telja hentug, er fyrst og fremst hið mikla óræktaða land í Ölfusi í Árnessýslu og í Holtum í Rangárvallasýslu, og jafnvel óræktað land í Hnappadalssýslu. Mun fyrir þessu verða gerð nánari grein í framsögu.

Ed. 439. Breytingartillaga

við frv. til l. um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. c. Liðurinn orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar, eftir tillögum þriggja stærstu þingflokka á Alþingi, þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi úthlutun fjárins.

Nd. 440. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Ólafi Thors.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „þangað til öðruvísi verður ákveðið“ í 1. málsgr. komi: Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar.

b. Aftan við 2. málsgr. bætist:
Með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

Nd. 441. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 340 [Gjaldeyrisverzlun].

Frá Einari Olgeirssyni.

Við a-lið. Aftan við liðinn bætist: og veiti gjaldeyris- og innflutningsnefnd þeim gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum vörum, en bankar þeir, sem taka við erlenda gjaldeyrinum af útgerðarmönnum, skulu skyldir að hafa jafnan gjaldeyri til reiðu út á gjaldeyrisleyfi þessi.

Ed. 442. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 1. gr. 3. tölul. falli niður.

II. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 1. gr. 9. töluliður orðist svo: Á árinu 1938 skal ekki greiða samkv. l. nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði, hærri fjárhæð en 3000 krónur til hvors.

Ed. 443. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Sþ. 444. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 og við brtt. á þskj. 427.

I. Frá *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 427, XIII. (Við 13. gr. B. 2. Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 500 kr. [Hækkunin ætluð til Akranesbáts].

II. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Sigurði E. Hlíðar.*
Við sömu brtt.
Aftan við brtt. bætist:
Við liðinn kemur aths.:
Þar af til Skagafjarðarbáts 2000 kr., Norðurlandsbáts 15000 kr. og Hornafjarðar—Austfjarðabáts 6000 kr.

III. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að veita mjólkurbúi Ölfusinga fjárhagslegan stuðning til næsta þings, eftir mati ríkisstjórnarinnar, til þess að greiða til bráðabirgða úr örðugleikum þess vegna byrða af stofn- og starfrækslukostnaði, enda láti ríkisstjórnin athuga, svo fljótt sem verða má, fjárhag mjólkurbúsins og rekstur allan, í því skyni að tryggja afkomu þess í framtíðinni, eftir því sem unnt er.

Nd. 445. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 4. gr. 2. Í stað orðanna „Til Suðurlandsbrautar" í a-lið komi: Til Steingrímsfjarðarheiðarvegar.

Ed. 446. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 (Skemmtanaskattur).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Mjög hefir dregizt afgreiðsla á frv. þessu. Stafar drátturinn meðal annars af því, að frv. var sent til umsagnar fjármálaráðuneytisins laust eftir miðjan síðastl. mánuð, en svar hefir enn ekki komið.

Líður nú mjög að þingslitum, og þykir mér illa farið, að ekkert álit komi fram frá nefndarinnar hálfu um frv., sem að mínum dómi felur í sér sanngjarnlega ósk um eftirgjöf á gjaldi, er hinn fátæki ungmennafélagsskapur vor má tæplega við að greiða. Ég lít einnig svo á, að styrkja beri sérhverja heiðarlega viðleitni til eflingar menningu og íþróttum þjóðarinnar, en ungmennafélögin hafa það á stefnuskrá sinni, svo sem vitað er.

Um sameiginlega afgreiðslu málsins frá nefndarinnar hálfu verður tæplega að vænta úr þessu, en mitt álit er, að rétt sé að samþ. frv., og legg ég til, að svo verði gert.

Alþingi, 16. des. 1937.

Guðrún Lárusdóttir.

Ed. **447. Lög**

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1935.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 29.

Nd. **448. Lög**

um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.).

Samhljóða þskj. 198.

Nd. **449. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.).

Samhljóða þskj. 405.

Sþ. **450. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 428 (Fjárlög).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við XV. (Nýr liður við 16. gr. 23. h. Ásgeir Þ. Ólafsson).
Fyrir „Þ. Ólafssonar“ kemur: Einarssonar.

Sþ. **451. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1938.

Frá Gísla Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni og Pétri Ottesen.

Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að láta fram fara fyrir næsta þing athugun á ritum dr. jur. Jóns Dúasonar um Grænland og Grænlendinga, gera áætlun um kostnað við útgáfu þessara rita og tillögur um, á hvern hátt slíkri útgáfu yrði haganlegast fyrir komið, ef ráðin yrði.

Sþ. **452. Fjárlög.**

fyrir árið 1938.

(Afgreidd 20. desember).

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1938 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	445000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1720000	
3.	Hátekjuskattur	222000	
4.	Lestagjald af skipum	55000	
			2442000
5.	Aukatekjur	665000	
6.	Erfðafjárskattur	56000	
7.	Vitagjald	490000	
8.	Leyfisbréfagjöld	28000	
9.	Stimpilgjald	585000	
10.	Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	75000	
11.	Bifreiðaskattur	410000	
12.	Benzínskattur	305000	
			2614000
13.	Útflutningsgjald kr. 430000		
	÷ til fiskimálasjóðs — 400000		
		30000	
14.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1110000	
15.	Tóbakstollur	1500000	
16.	Kaffi- og sykurtollur	1245000	
17.	Annað aðflutningsgjald	72000	
18.	Vörutollur	1555000	
19.	Verðtollur	1220000	
20.	Gjald af innfluttum vörum	1530000	
			8262000
	Flyt	. . .	13318000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	13318000
21. Gjald af innlendum tollvörum		500000
22. Skemmtanaskattur		135000
23. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	14053000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs	1000	
2. — landssímans	557000	
3. — áfengisverzlunar	1360000	
4. — tóbakseinkasölu	600000	
5. — ríkisútvarps	73800	
6. — ríkisprentsmiðju	55000	
7. — landssmiðju	17100	
8. — Vífilsstaðabús	5000	
9. — Kleppsbús	5000	
10. — bifreiðaeinkasölu	75000	
11. — raftækjaeinkasölu	75000	
Samtals ...	. . .	2823900
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		650000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	37000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	207000	
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur 131000		
b. Bréfhirðingar 23000		
	154000	
4. Póstflutningur	200000	
5. Önnur gjöld	46860	
6. Fyrning	4140	
		649000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	1000

		kr.	kr.
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		2330000
II.	Gjöld:		
	a. Til einkasíma í sveitum	20000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 75000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 215000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 48000		
	4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík 75000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 520000		
	6. Áhaldahúsið 20000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 62000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 62000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 39000		
	10. Símastöðin á Borðeyri 17000		
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 34000		
	12. Símastöðin á Siglufirði 35000		
	13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 130000		
		1332000	
	Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum og 1937, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
	c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	55000	
	d. Viðbót og viðhald stöðvanna	50000	
	e. Kostnaður af ferðalögum etc.	10000	
	f. Viðhald landssímanna	230000	
	g. Framhaldsgjald	25000	
	h. Til kennslu handa símamönnum	2000	
	i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	3000	
	j. Ýms gjöld	10000	
	Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.		
	k. Fyrning á húsum og áhöldum	30000	
	l. Burðargjald	6000	
			1773000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	557000
	Eignabreytingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.		210000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III.	Til nýrra símalína		75000
	að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
IV.	Til talstöðva í báta og skip		15000
V.	Til loftskeytastöðva í skip		15000
VI.	Til stöðvarhúss í Keflavík		15000
VII.	Til talstöðvar við Hvítárvatn		2000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1	. . .	377000

		kr.	kr.
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		1661000
II.	Gjöld:		
	Laun starfsmanna og vinnulaun	140000	
	Útsvar og flutningsgjöld	95000	
	Húsaleiga, ljós, hiti	7000	
	Annar kostnaður	50000	
	Fyrning á fasteign og áhöldum	9000	
			301000
	Fært á 3. gr. A. 3	. . .	1360000
	4. Tóbakseinkasalan.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		785000
II.	Gjöld:		
	Rekstrarkostnaður	140000	
	Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.	45000	
			185000
	Fært á 3. gr. A. 4	. . .	600000
	5. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	390000	
	b. Ágóði viðtækjaverzlunar	80000	
	c. Aðrar tekjur	60000	
			530000
II.	Gjöld:		
	a. Starfræksla:		
	1. Starfsmannalaun 131200		
	2. Útvarpsefni 60000		
	3. Skrifstofukostnaður 45000		
	4. Húsaleiga, ljós, hiti 35000		
	5. Til útvarpsstöðva 120000		
	6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum 20000		
	7. Óviss gjöld 15000		
		426200	
	b. Fyrning á húsi og vélum	30000	
			456200
	Fært á 3. gr. A. 5	. . .	73800

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			445000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	32400		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	241000		
		273400	
2. Efnivörur		57000	
3. Vélarekstur og viðhald		13500	
4. Vextir		7000	
5. Annar kostnaður		23600	
6. Fyrning		15500	
			390000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	55000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		12000	
2. — á járnsmíðadeild		73000	
3. — á trésmíðadeild		6200	
4. — á járnsteypu		4000	
			95200
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		21900	
2. Vextir		10000	
3. Afsláttur og skuldatöp		6500	
4. Annar kostnaður		25700	
5. Fyrning		14000	
			78100
Fært á 3. gr. A. 7		. . .	17100
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs (þjóðjarðir)			20000
2. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka			11000
3. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 340000)	21080		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	33600		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3640		
		58320	
			1680
Samtals ...		. . .	32680

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum		13700
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1350000		81000
4. Aðrir vextir		230000
Samtals ...	. . .	504700

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1938 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		180240
2. Dönsk lán		49636
3. Ensk lán		1175756
4. Vextir af lausaskuldum		274368
Samtals ...	. . .	1680000

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		240000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	245920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	6000		
		36000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	35300		
2. Dómsmálaráðuneytið	27500		
3. Fjármálaráðuneytið	46400		
4. Aðrir starfsmenn	19765		
	128965		
b. Annar kostnaður	31035		
		160000	
4. Ríkisféhirzla og bókhald:			
a. Laun	31550		
b. Annar kostnaður	8450		
		40000	
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		4000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum .	2000		
		22700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans ..		10000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			280746
Flyt		. . .	280746

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	280746
II.	Hagstofan:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	11000	
	2. Önnur laun og aðstoð	30000	
	3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	15000	
	4. Prentun eyðublaða	2000	
	5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	6300	
	6. Annar kostnaður	1000	
			65300
III.	Utanríkismál o. fl.		
	1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 10000		
	b. Húsaleiga 7000		
	c. Kostnaður við embættið 25000		
	d. Til skrifstofuhalds 20000		
		62000	
	2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
	3. Ríkisráðskostnaður	4000	
	4. Kostnaður af sambandslaganefnd	3000	
	5. — vegna samninga við erlend ríki	60000	
			146000
	Samtals ...	. . .	492046

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun	26000	
	b. Annar kostnaður	17000	
			43000
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		131000
3.	Laun hreppstjóra		22000
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun	35600	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	5500	
	c. Ýmis gjöld	6500	
			47600
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	103960	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
	c. Ýmis gjöld	14000	
			126360
	Flyt ...	. . .	369960

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	369960
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun ...	38100	
	b. Ljós, hiti og ræsting	12200	
	c. Ýmis gjöld	14000	
			64300
7.	Toll- og löggæzla:		
	a. Í Reykjavík:		
	1. Laun og aðstoð ... 65800		
	2. Annar kostnaður ... 50000		
		115800	
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun ... 25200		
	2. Annar kostnaður ... 13000		
		38200	
	c. Vegaeftirlit:		
	1. Laun ... 5400		
	2. Annar kostnaður ... 10000		
		15400	
			169400
8.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík		50000
9.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		127100
	Þar af 10 þús. kr., er skiptast milli bæjarfógeta, og 5 þús. kr., er skiptast milli sýslumanna, eftir fyrirmælum dómsmálaráðherra.		
10.	Til landhelgisgæzlu ...		500000
	Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		
11.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangahúsa ...		17500
	(Þar af fyrning 1770 kr. sjá 20. gr.).		
12.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
	a. Rekstrarhalli ...	50000	
	b. Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	20000	
	(Þar af fyrning 5300 sjá 20. gr.).		
			70000
13.	Sakamálakostnaður og lögreglumála ...		70000
14.	Borgun til sjódómsmanna ...		2000
15.	Til setu- og varadómara ...		10000
16.	Kostnaður við löggilding vogar- og mælitækja, samkv. lögum nr. 13 1924 ...		5500
17.	Kostnaður við barnavernd, samkv. l. nr. 43 1932		4500
18.	Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
	Samtals A	. . .	1461760

		kr.	kr.
	B.		
	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
	b. Fyrir embættisskeyti	75000	
			130000
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		27000
3.	Til embættiseftirlitsferða		6000
4.	Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
	a. Skattstofan í Reykjavík 60000		
	÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 54000 kr. 18000	42000	
	b. Skattanefndir	38000	
	c. Fasteignamat	30000	
			110000
5.	Til ríkisskattanefndar		10000
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		34000
	Samtals B	. . .	317000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		216000
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi		8000
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum		12400
	Í Borgarneshéraði:		
	Kolbeinsstaðahreppur 200		
	Eyjahreppur 200		
	Í Ólafsvíkurhéraði:		
	Staðarsveit 200		
	Breiðavíkurhreppur 300		
	Neshreppur utan Ennis 300		
	Í Stykkishólmshéraði:		
	Eyrarsveit 500		
	Miklaholtshreppur 200		
	Skógarstrandarhreppur 250		
	Í Dalahéraði:		
	Klofningshreppur og Fellsstrandarhreppur utan Kjarlaksstaðaár 200		
	Skarðshreppur 150		
	Saurbæjarhreppur 200		
	Í Reykhólahéraði:		
	Gufudalssveit 250		
	Flyt 2950	. . .	236400

		kr.	kr.
Flutt	2950	. . .	236400
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	300		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur	750		
Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.			
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)	600		
Í Hólmavíkurhéraði:			
Óspakseyrarhreppur	200		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Styrkur til þess að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann	1000		
Í Þistilfjarðarhéraði:			
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra	200		
Skeggjastaðahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Flyt	10100	. . .	236400

		kr.	kr.
Flutt	10100	. . .	236400
Í Norðfjarðarhéraði:			
Mjóifjörður	300		
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals	12400		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fari eftir taxta héraðslækna			1200
5. Til augnlækningaferða samkv. l. nr. 12 1934			2400
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Þernhöfts í Reykjavík			800
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			800
Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.			
8. Til Kjartans Guðmundssonar læknis, til að nema geðveikrafræði erlendis			1500
9. Landsspítalinn			141500
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		43000	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun	107900		
2. Matvæli	108000		
3. Lyf og sáraumbúðir	23000		
4. Ljós og eldsneyti	28000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	39000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	22700		
7. — lausra muna (þar með fatnaður) ..	14000		
Flyt	342600	43000	384600

		kr.	kr.
Flutt	342600	43000	384600
8. Fatnaður og vefnaðarvara	10000		
9. Skattar og tryggingar	5400		
10. Sími og skrifstofa	7000		
11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld	25000		
12. Ýmis gjöld	7200		
13. Fyrning	36500		
		433700	
			476700
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	280000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild) ..	50000		
3. Skurðstofugjald	10000		
4. Fæðingarstofugjald	4300		
5. Aukatekjur	400		
		344700	
Rekstrarhalli		132000	
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		9500	
		141500	
10. Holdsveikraspítalinn			70082
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		3600	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	15000		
2. Matvæli	15000		
3. Lyf og umbúðir	1700		
4. Ljós og eldsneyti	12500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	1200		
6. Fatnaður allur	2000		
7. Viðhald húsa og fastra muna	6500		
8. Viðhald lausra muna	2000		
9. Sími	500		
10. Skattar og tryggingar	2800		
11. Flutningskostnaður	800		
12. Ýmisleg gjöld	2000		
13. Fyrning	4482		
		66482	
		70082	
11. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	23000		
2. Matvæli	42000		
3. Lyf og umbúðir	800		
4. Ljós og hiti	13500		
Flyt	79300	5000	454682

		kr.	kr.
Flutt	79300	5000	454682
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	9000		
7. Viðhald lausra muna	3000		
8. Sími og skrifstofa	1500		
9. Flutningskostnaður	2000		
10. Skattar og tryggingar	2000		
11. Fatnaður allur	5000		
12. Ýmis gjöld	3500		
13. Fyrning	3064		
		112864	
Tekjur:		117864	
Daggjöld sjúklinga:			
26800 sjúkradagar á 5,00	134000		
Tekjuafgangur		16136	
	134000	134000	
II. Nýi spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	57000		
2. Matvæli	76000		
3. Lyf og sáraumbúðir	8000		
4. Ljós og hiti	20000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	5500		
7. Viðhald lausra muna	7500		
8. Sími og skrifstofa	2500		
9. Flutningskostnaður	2800		
10. Skattar og tryggingar	2200		
11. Fatnaður allur	9000		
12. Ýmis gjöld	5000		
13. Fyrning	3355		
		211355	
Tekjur:		216355	
Daggjöld sjúklinga:			
43000 sjúkradagar á 5,00	215000		
Tekjuhalli		1355	
	215000	215000	
12. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			44550
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		10000	
Flyt		10000	499232

		kr.	kr.
	Flutt	10000	499232
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	70000		
2. Matvæli	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	13000		
4. Ljós og eldsneyti	38000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	24000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	8000		
7. Viðhald lausra muna	10000		
8. Fatnaður	6000		
9. Sími og skrifstofa	4500		
10. Flutningskostnaður	4000		
11. Tryggingar og skattar	1500		
12. Ýmis gjöld	5000		
13. Fyrning	3350		
		313350	
		323350	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Daggjöld sjúklinga, 56700 sjúkradagar á 4,00 og 5,00		278800	
		44550	
13. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi			4600
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7400	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	13500		
2. Matvæli	27500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	2000		
4. Ljós og eldsneyti	1000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	1500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	3000		
7. Viðhald lausra muna	2500		
8. Fatnaður	1000		
9. Sími	600		
10. Flutningar	1500		
11. Ýmis gjöld	1500		
12. Fyrning	1600		
		57200	
		64600	
Þar frá dregst:			
Daggjöld sjúklinga, 15000 sjúkradagar á 4,00		60000	
		4600	
14. Heilsuhælið í Kristnesi			8730
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknа		8600	
	Flyt	8600	512562

		kr.	kr.
	Flutt	8600	512562
B. Önnur gjöld:			
1. Laun starfsmanna	31060		
2. Fæði	47500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	5000		
4. Ljós og hiti	13000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	6000		
7. Viðhald lausra muna	3300		
8. Fatnaður	3000		
9. Sími og skrifstofa	1200		
10. Skattar og tryggingar	1200		
11. Flutningskostnaður	4000		
12. Ýmis gjöld	1000		
13. Fyrning	8370		
		129130	
		137730	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga, 25800 sjúkradagar á 5 kr.		129000	
		8730	
15. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..		13000	
b. Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði, Reykhólahéraði og Hesteyrarhéraði, allt að 1200 kr. til hvers		3600	
c. Bólusetningarkostnaður		2000	
d. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
e. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ..		2000	
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		35000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		5000	
h. Til annara heilbrigðisráðstafana		2000	
i. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að		15000	
Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.			
j. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu		1000	
k. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi		4000	
	Flyt	97600	512562

	kr.	kr.
Flutt	97600	512562
l. Viðbótarlaun yfirsetukonu i Grimsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
m. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
n. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
o. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis	5000	
		106700
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
		684262
Þar frá dregst samkv. tölul. 11. I.—II.:		
Tekjuafg. gamla spítalans á Kleppi	16136	
að frádregnum tekjuhalla nýja spítalans á Kleppi	1355	
		14781
Samtals	. . .	669481

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra ..... enda sé hann ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum.		7200	
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5750	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi		6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga		34000	
5. Skrifstofukostnaður		18000	
			70950
II. Þjóðvegir.			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur	4500		
2. Hafnarfjallsvegur	9000		
3. Hálsasveitarvegur	2250		
4. Álftaneshreppsvegur	7200		
5. Útnesvegur	2700		
6. Hellissandsvegur	4500		
7. Suðurdalavegur	7200		
8. Stykkishólmsvegur	4500		
9. Ólafsvíkurvegur	2700		
10. Saurbæjarvegur	4500		
11. Geiradalsvegur	2700		
12. Rauðasandsvegur	3600		
Flyt	55350	. . .	70950

		kr.	kr.
Flutt	55350	. . .	70950
13. Patreksfjarðarvegur til Bíldudals ...	6750		
14. Barðastrandarvegur	2700		
15. Breiðadalsheiðarvegur	2700		
16. Núpsvegur	3600		
17. Botnsheiðarvegur	7200		
18. Bolungavíkurvegur	4500		
19. Hnífsdalsvegur	4050		
20. Langadalsvegur	4500		
21. Kaldrananesvegur	2700		
22. Steingrímsfjarðarheiðarvegur	3600		
23. Kollafjarðarvegur	2700		
24. Bitruvegur	3600		
25. Borðeyrarvegur	2700		
26. Holtavörðuheiðarvegur	22500		
27. Vestur-Húnavatnssýsluvegur	1800		
28. Vesturhópsvegur	2700		
29. Húnvetningabraut	5400		
30. Skagastrandarvegur	1800		
31. Blönduhlíðarvegur	3600		
32. Út-Blönduhlíðarvegur	5400		
33. Hofsósvegur	3600		
34. Fljótavegur	3600		
35. Stífluvegur	9000		
36. Siglufjarðarskarð	13500		
37. Öxnadalsvegur	6300		
38. Svalbarðsstrandarvegur	5400		
39. Ljósavatnsskarðsvegur	4500		
40. Kinnarbraut	3600		
41. Kópaskersvegur	5400		
42. Raufarhafnarvegur	4500		
43. Brekknaheiðarvegur	4500		
44. Bakkafjarðarvegur	2700		
45. Vopnafjarðarvegur til Möðrudals ...	9900		
46. Jökulsárhlíðarvegur	2700		
47. Upphéraðsvegur	2700		
48. Hróarstunguvegur	2250		
49. Úthéraðsvegur	6300		
50. Borgarfjarðarvegur	2250		
51. Skriðdalsvegur	2700		
52. Norðfjarðarvegur	7200		
53. Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði	9000		
54. Breiðdalsvegur	7200		
55. Berunesvegur	2700		
56. Geithellnahreppsvegur	2700		
57. Inn-Nesjavegur vestan Hornafjarðarfljóta	1800		
58. Mýravegur hjá Brunnhól og Suðursveitarvegur hjá Borgarhöfn	3600		
Flutt	279450	. . .	70950

		kr,	kr.
Flyt	279450	. . .	70950
59. Öræfavegur	2700		
60. Síðuvegur	3600		
61. Skaftártunguvegur	2700		
62. Mýrdalsvegur	4500		
63. Eyjafjallavegur	5400		
64. Inn-Fljótshlíðarvegur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að	2250		
65. Landvegur	9000		
66. Hrunamannahreppsvegur	7200		
67. Gnúpverjahreppsvegur	2700		
		319500	
b. Viðhald og endurbætur		750000	
c. Til þjóðvega af benzínskatti:			
1. Til malbikunar á Elliðaárvegi, allt að	50000		
2. — Hafnarfjarðarvegar, allt að	50000		
3. — Suðurlandsbrautar, allt að	70000		
4. — Sogsvegar	15000		
5. — Holtavörðuheiðarvegar, allt að	45000		
6. — Austurlandsvegar, allt að	20000		
7. — Geysisvegar, allt að	5000		
8. — vega út frá Akureyri	15000		
9. — Ljósavatnsskarðsvegar	5000		
		275000	
			1344500
III. Til brúargerða			90000
IV. Fjallvegir			22500
V. 1. Til áhalda		25000	
2. Til bókasafns verkamanna		300	
			25300
VI. Til sýsluvega:			
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ..... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		14000	
2. Tillag til akfærra sýsluvega, af bifreiðaskatti ..		18000	
3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		60000	
			92000
VII. Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti			20000
VIII. Til dragferjuhalds:			
1. Á Lagarfljóti		300	
2. — Blöndu		300	
3. — Eldvatni í Meðallandi		300	
4. — Jökulsá í Fljótsdal		200	
			1100
Flyt		. . .	1666350

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	1666350
IX.	1. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá	250	
	2. Til ferju á Hvítá hjá Auðsholti	250	
	3. Til ferju á Jökulsá eystri í Skagafirði	75	
	4. Til ferju á Héraðsvötn utan Flatatungu	125	
	5. Til kaupa á ferju á Hornafjarðarós frá Höfn að Melatanga	3000	
	6. Til ferju á Héraðsvötn hjá Eyhildarholti	200	
	7. Til ferju á Iðu	150	
	8. Til kaupa á bílferju á Dýrafjörð	1500	
			5550
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:		
	a. Hellisheiði	5000	
	b. Holtavörðuheiði	1000	
			6000
XI.	Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		4450
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.		
XII.	Til sæluhúsbyggingar á Holtavörðuheiði		3000
XIII.	Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra		1000
XIV.	Iðgjöld til slysatryggingarinnar		10000
XV.	Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.).		552
	Samtals A.	. . .	1696902
	B.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	380000	
	(Þar af fyrning kr. 50000, sjá 20. gr.).		
	b. Eimskipafélags Íslands	162000	
	enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi sem áður og með eigi minna skipastól, ef efnahagur þess leyfir.		
	c. H/f Skaftfellings, allt að	22000	
	d. H/f Skallagríms, fjórða greiðsla af fimm	10000	
			574000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		80000
	Skipaútgerð ríkisins hefir yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1937 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefir numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1938 og flutningagjaldskrá sé samþykkt af skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess		
	Flyt	. . .	654000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	654000
báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Samtals B.	. . .	654000
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7200	
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót.		
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5900	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	6000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	12000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	3000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	13000	
		47100
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		32000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		150000
IV. Viðhald og endurbætur		15000
V. 1. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa	12000	
2. Til að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund, þriðja greiðsla af fjórum	5000	
		17000
VI. Til áhaldakaupa		7000
VII. Ýmislegt		15000
VIII. Til hafnargerða:		
1. Á Akranesi	18000	
2. — Húsavík	18000	
3. — Ísafirði	18000	
4. — Skagaströnd, 1. greiðsla af 5	16200	
5. — Sauðárkróki, 4. fjárveiting af 10, þó ekki alls yfir ⅖ kostnaðar	25000	
6. Vestmannaeyjahöfn, til dýpkunar og uppfyllingar, þriðja greiðsla af fimm	30000	
7. Á Þórshöfn, 1. greiðsla af þremur	9900	
8. — Dalvík	9000	
9. — Suðureyri í Súgandafirði	9000	
		153100
IX. Til bryggjugerða og lendingarbóta, gegn ⅔ annarsstaðar að:		
a. Til Hofsóss, 3. greiðsla af 5, allt að	8000	
b. — Hólmavíkur, allt að	7200	
Flyt	15200	436200

	kr.	kr.
Flutt	15200	436200
c. Til Vopnafjarðar, allt að	4500	
d. — Hellissands, lokagreiðsla	5400	
e. — Blönduóss, fyrri greiðsla	3150	
f. — Stafness	1800	
g. — Selárdals	2250	
h. — Grímseyjar	1800	
i. — Hvallátra	2250	
j. — Grafarness, fyrri greiðsla	1800	
k. — Hnífsdals, 1. greiðsla af 3	3600	
l. — Haganesvíkur, síðari greiðsla	2700	
m. — Flateyrar, sjóvarnargarður	2250	
n. — Ólafsfjarðar, fyrri greiðsla	1700	
		48400
Ríkissjóðstillagið er bundið því skilyrði, að framlag sé tryggt á móti, ráðherra samþykki áætlun verksins og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd þess.		
X. Til lendingarbóta, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að:		
1. Til Unaóss	1800	
2. — Þorlákshafnar	4500	
3. — Stokkseyrar (Snepilrás)	2700	
4. — Gerðavarar í Garði, 1. greiðsla af 3	4500	
5. — Salthólmavíkur	1350	
		14850
XI. Til hafnargerðar í Ólafsvík, 1. greiðsla af 4		4500
XII. Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar, lokagreiðsla		45000
XIII. Til aðgerða á brimbrjótnum í Bolungavík, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að, lokagreiðsla		31500
XIV. Til sjómælinga		20000
XV. Fyrning (sjá 20. gr.)		80000
Samtals C.	. . .	680450
D.		
Til flugmála		5000
Samtals D.	. . .	5000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	7000	
2. Skrifstofukostnaður	4500	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
VI. Að láta fram fara fyrir næsta þing athugun á ritum dr. jur. Jóns Dúasonar um Grænland og Grænlendinga, gera áætlun um kostnað við útgáfu þessara rita og tillögur um, á hvern hátt slíkri útgáfu yrði haganlegast fyrir komið, ef ráðin yrði.

VII. Að láta blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Ennfremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VIII. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi verða að fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

IX. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdum.

X. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

XI. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

XII. Að kaupa hveralandið í Reykjahverfi vegna grænmetisræktunar og væntanlegrar hitaveitu til Húsavíkur, ef hagstæðir samningar takast um kaupin.

XIII. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 280000 kr. viðbótarlán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs.

XIV. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, enda sé lánið geitt fyrir áramót.

XV. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

XVI. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til

verksins, ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

XVII. Að ábyrgjast fyrir Neskaupstað 15000 króna lán til endurbóta á síldarverksmiðju.

XVIII. Að ábyrgjast fyrir Búðahrepp allt að 20000 króna lán til aukningar á rafveitu hreppsins.

XIX. Að ábyrgjast fyrir Vikurfélagið h/f allt að 50000 kr. lán til vikurvinnslu við Arnarstapa á Snæfellsnesi.

XX. Að ábyrgjast fyrir Ytri-Akraneshrepp allt að 20000 kr. lán, sem verja á til þess að steypa garð til varnar hættulegu landbroti (Endurveiting).

XXI. Að endurgreiða úr lífeyrissjóði embættismanna, án vaxta, það fé, sem Þórir Guðmundsson kennari hafði greitt í sjóðinn, til uppeldis barni hans.

Ennfremur að endurgreiða Kristni Ólafssyni fyrrv. bæjarfógeta, Högna Björnssyni fyrrv. héraðslækni, Láru Wathne og Ingibjörgu Steinsdóttur fyrrv. símakonum, Önnu Guðmundsdóttur fyrrv. ritara í fjármálaráðuneytinu og Ólafi Sveinssyni fyrrv. vitaverði það fé, sem þau hafa greitt í lífeyrissjóð embættismanna, og Guðmundi Ólafssyni frá Laugarvatni, Guðmundi R. Ólafssyni frá Grindavík, Sigurði Heiðdal, Jakobi Péturssyni, Guðrúnu Pálsdóttur og Ásgerði Guðmundsdóttur, fyrrv. kennurum, það fé, sem þau hafa greitt í lífeyrissjóð barnakennara, allt án vaxta.

XXII. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

XXIII. Að greiða á árinu 1938 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1937.

XXIV. Að kaupa jarðirnar Tjarnir I og II í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem sæta ágangi Markarfljóts vegna fyrirhleðslu.

XXV. Að kaupa Reykjarhól í Seyluhreppi fyrir skólasetur.

XXVI. Að kalla, í samráði við biskup og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, tvo aðstoðarpresta til starfa í dómkirkjusöfnuðinum og láta greiða þeim úr prestlaunasjóði sömu laun og sóknarprestum.

XXVII. Að kaupa á árinu 1938 eignina Amtmannsstíg 1 í Reykjavík, hús og lóðir, með því verði og skilmálum, sem um semst, og þó ekki óhagkvæmari fyrir ríkissjóð en boðið hefir verið áður í þá eign.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1938, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1937 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 453. Lög

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 271.

Ed. 454. Lög

um hafnargerð á Suðureyri.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 376.

Ed. 455. Lög

um hafnargerð á Hofsósi.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 377.

Ed. 456. Lög

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 313.

Ed. 457. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Árna Jónssyni.

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „að minnsta kosti“ komi: allt að.
2. Við 11. gr. Greinin falli niður.
3. Við 13. gr. Greinin falli niður.
4. Við 14. gr. a-liður falli niður.

Ed. 458. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 228.

Ed. 459. Lög

um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 285.

Ed. 460. Lög

um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 409.

Nd. 461. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Stofnun vátryggingarfélaga.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Fiskifélag Íslands gengst fyrir stofnun vátryggingarfélaga fyrir vélbáta í verstöðvum landsins. Takmörk hvers umdæmis ákveðast af Fiskifélaginu í samráði við skipaeigendur. Verði ágreiningur um takmörk umdæmanna, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er sá úrskurður bindandi fyrir alla hlutaðeigendur.

Til greiðslu kostnaðar við stofnun félaganna greiði skipaeigendur 1% af vátryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð, um leið og vátrygging fer fram í fyrsta sinn. Undanþegnir greiðslu þessari eru þeir skipaeigendur, er þegar eiga upphæð, sem nemur stofnsjóðsgjaldi, eða meiri, í stofnsjóði starfandi bátaábyrgðarfélags. Það, sem á kann að vanta að stofnkostnaðurinn sé að fullu greiddur, leggur ríkissjóður til eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, og endurgreiða félögin ríkissjóði þannig útlagðan kostnað, eftir því sem stofnsjóður vex og leyfir.

Allir skipaeigendur skulu skyldir til að taka þátt í stofnun félaga þessara, innan þeirra takmarka, sem um getur í 3. gr. þessara laga.

Vátryggingarfélög þau, sem nú eru starfandi, skulu breyta lögum sínum í samræmi við lög þessi, og skulu þau síðan gilda sem lög fyrir þau. Skal bera félagslögin þannig breytt undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til staðfestingar eða breytingar, eftir því sem hún telur þurfa til þess að þau samrýmist lögum þessum og reglugerðum, sem gefnar kunna að verða út samkvæmt þeim.

3. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 70 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja alla vélbáta sína af nefndri stærð hjá félagi því, sem stofnað hefir verið samkv. 2. gr. laga þessara, innan þess umdæmis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem lög þessi og reglugerðir, sem settar kynnu að verða samkvæmt þeim, ákveða.

Neiti einhver skipeigandi, sem vátryggingarskyldur er samkvæmt lögum þessum, að vátryggja skip sitt, skal það samt sem áður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmanni hlutaðeigandi félags og vátryggjast sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjald innheimtast með lögtaki samkv. 31. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 150 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 300 000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð verða samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja að minnsta kosti helming þeirra upphæða, er þau taka ábyrgð á, hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hæsta upphæð, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð á einu skipi, má þó eigi fara fram úr 20000 kr., og skulu upphæðir þær, er fara fram úr þessari upphæð eftir að helmingaskiptin hafa farið fram, einnig yfirfærðar til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og skal Samábyrgðinni skylt að taka við þeim. Félögin greiði Samábyrgðinni sömu iðgjöld af upphæðum þeim, sem þau yfirfæra til hennar, og þau sjálf taka.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd verða Samábyrgðinni, skulu ákveðin með samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélögum, sem stofnuð verða samkv. 2. gr. þessara laga, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ennfremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurkjósa. Á sama hátt skal kjósa 3 menn til vara í stjórn og 2 endurskoðendur. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefir æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefir og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar

skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 5000 króna er að ræða. Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefir á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver í sínu umdæmi, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 12. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að aðgerð hefir farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf, eða ⅓ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefir fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgð Íslands á fiskiskipum afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

III. KAFLI
Reikningshald og sjóðir.

9. gr.

Tekjur félaganna eru þessar:
1. Iðgjöld hinna vátryggðu skipa.
2. Tillög skipaeigenda til stofnkostnaðar samkv. 2. gr.
3. Allar aðrar tekjur, er félögunum kunna að áskotnast.

Gjöld félaganna eru þessi:
1. Tjónbætur.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Endurgreiðslur.
4. Öll önnur gjöld.

Sjóðir félaganna eru þessir:
1. Aðalsjóður. Í hann renna allar rekstrartekjur félaganna, og skal hann notaður til greiðslu á tjónbótum og öðrum rekstrarkostnaði.
2. Varasjóður. Í hann renna 25% af tekjuafgangi hvers reikningsárs, og skal hann notaður til greiðslu á tekjuhalla félaganna, er verða kann. Af tekjuafgangi skal færa 75% til næsta árs.
3. Stofnsjóður. Í hann renna stofnsjóðsgjöld samkv. 2. gr. Hann skal aðeins nota til greiðslu á stofnkostnaði félaganna samkv. 2. gr. Að öðru leyti má ekki skerða stofnsjóðinn. Þó skal heimilt að nota hann til greiðslu á tekjuhalla, ef varasjóður hrekkur ekki til þessa, en endurgreiða skal stofnsjóði það, er þannig er tekið úr honum, svo fljótt sem ástæður félaganna leyfa það.

10. gr.

Eignir félaganna skal ávaxta í íslenzkum bönkum eða sparisjóðum, sem ráðherra samþykkir.

11. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

IV. KAFLI
Um vátryggingu skipanna.

12. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt áður en skipið verður tekið í trygginguna. Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til ætluð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist þóknunin af hlutaðeigandi skipseiganda.

Skoðun skips gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem eru á skipsfjöl, að undanteknum matvælum, málningu, olíum, sjóúrum, sjókortum og bókum, skal telja með í virðingarupphæð skipanna.

Nú er skipseigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og er honum þá heimilt að bera mál sitt upp við stjórn félagsins, og sker hún úr um skoðunina og matið.

Vátryggja skal 9/10 hluta virðingarverðs hvers skips. Félagið ber ávallt „fyrstu áhættu“ á hverju einstöku eignatjóni. Þann 1/10 hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvern bát um sig, til eins árs í senn.

Nú þykir samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna.

Hún getur og látið fara fram yfirmat á skipum yfirleitt, sem endurtryggð eru hjá henni, ef henni þykir ósamræmi í matinu hjá hinum einstöku vátryggingarfélögum í landinu.

13. gr.

Nú verða eigandaskipti að skipi og hinn nýi eigandi flytur skipið í annað vátryggingarumdæmi; skal þá félag það, er skipið var vátryggt hjá, flytja trygginguna í félag þess umdæmis. er skipið flyzt til, enda fær hið síðarnefnda félag vátryggingariðgjaldið frá þeim degi, er skipið kemur í þess umdæmi, og tekur um leið við áhættunni.

V. KAFLI
Um sjótjón.

14. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerð, sem út kann að verða gefin, eða vátryggingarskírteinum, bætir félagið tjón það, sem verður af sérhverri þeirri áhættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félagið greiðir þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefir engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðilja, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 26. gr.),

Hvert sinn, sem skip verður fyrir bótaskyldu slysi, skal það skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, eða sé skipið statt utan takmarka vátryggingarsvæðis síns, af þeim mönnum, er stjórn félagsins útnefnir, áður en aðgerð á biluninni hefst. Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerð skipa sinna.

15. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerð á skipi, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaðinum eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a. 10 rúmlesta eða minni, 200 krónur.
b. 10 til 20 rúmlesta, 350 krónur.
c. Yfir 20 rúmlesta, 500 krónur.

Verði aðgerð á tjóni, sem vátryggt skip hefir orðið fyrir, frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

16. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.

2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

18. gr.

Vátryggður hefir rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess, miðað við þann hluta virðingarverðsins, sem félagið hefir tekið ábyrgð á.

Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

19. gr.

Nú hefir ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skip yfirgefið af áhöfn úti í rúmsjó og því hefir ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því að það var yfirgefið, og á vátryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

20. gr.

Bætur, sem vátryggður hefir orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó eigi fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla megi, að vátryggður hafi ekki vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefir ekki verið í gildu ástandi þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.

3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki.
4. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt (sbr. þó 31. gr. 3. málsgr.).
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðis eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er í, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áðurnefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Nú verður skip fyrir einhverri bilun á vél eða útbúnaði og hefir þess vegna þegið hjálp hjá öðrum, og skal þá þóknun fyrir slíka hjálp greidd af vátryggingarfélaginu í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 10%.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags eða, ef málsaðiljar verða ásáttir um, af gerðardómi samkvæmt 33. gr. laga þessara. Þóknunina skal ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefir bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur hún orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skips þess, sem hjálpina þáði, nemur.

24. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefir fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Leifar skips, sem farizt hefir eða dæmt hefir verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti greiðist aðeins, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum og matsmönnum félagsins.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefir fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

Þar sem því verður við komið vegna staðhátta og annars, getur stjórn félagsins krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að því 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefðu borið fullar bætur. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hinsvegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu, sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða

ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélaga, að einhverju eða öllu leyti, í einstökum tilfellum, aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 22. gr. 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar eða aðrar kröfur vegna sjótjóns, sem ekki eru komnar í hendur stjórnar félagsins áður en 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, eða ef um tjón án aðgerðar, svo sem dráttarhjálp eða annað því um líkt, er að ræða, verða ekki teknar til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu að hennar dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á því að gera kröfu.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

VI. KAFLI

Skyldur vátryggða.

28. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum semur og lætur vátryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefir verið tilkynnt innan hálfs mánaðar frá því er það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefir numið.

30. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VII. KAFLI
Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

31. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og starfandi vélbátavátryggingarfélaga.

Þar sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, sem skipinu er ætlað að vera í förum um.

Vátryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en eitt ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi þegar er áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

32. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefir í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefir varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau „liggja uppi", en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

VIII. KAFLI
Ýms ákvæði.

33. gr.

Ágreining milli félaganna og skipaeigenda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félögin eiga heima, skipar oddamann.

Ágreining milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum má leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra sem oddamann einn af dómurunum í hæstarétti.

Gerðardómurinn skal háður þar, sem hlutaðeigandi félag á lögheimili, en sé Samábyrgð Íslands á fiskiskipum annar aðili, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefir annarhvor málsaðilja ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það, svo sannanlegt sé, hinum málsaðilja 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans stað.

Nú hefir ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn gerðardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðilja eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðilja.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

34. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

35. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

36. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

37. gr.

Í tilfellum, sem engin ákvæði eru sett um í lögum þessum, skal farið eftir reglum þeim og venjum, sem á hverjum tíma gilda um samskonar tilfelli hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

38. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 9. jan. 1935, um vátryggingar opinna vélbáta, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1938.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau innlend vátryggingarfélög, sem starfað hafa 50 ár eða lengur þegar lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegin skyldutryggingum samkvæmt lögum þessum í 3 ár frá gildistöku laganna, enda hafi þau sent Fiskifélagi Íslands tilmæli um undanþágu frá lögunum eigi síðar en 15. ágúst 1938.

Nd. 462. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „fimm ára“ í síðasta málsl. 2. tölul. 3. gr. laganna komi: tíu ára.

2. gr.

Aftan við fyrri tölulið í 25. gr. laganna bætist:

Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- eða silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði eigi upprættur. Í reglum þessum má ákveða fjölda veiðitækja, er notuð eru samtímis í veiðiá. Ennfremur má setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarhring megi samfleytt

veiða í á, og má það vera mismunandi langur tími, eftir stærð veiðiár, eftir því hve auðvelt er að veiða og öðru því, sem við kann að eiga. Reglur þessar mega ekki brjóta í bág við friðunarákvæði laganna.

3. gr.

93. gr. laganna skal orða þannig:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 463. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, allt að 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðafjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

9. gr.

Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

II. KAFLI

Um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

10. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga.

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til sjóðs þessa af tekjum þeim, sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 128 31. des. 1935 og síðari breytingum á þeim lögum.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

11. gr.

Hlutverk jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, þó þannig, að hámark það, er getur í 73. gr. nefndra laga, fellur niður á meðan þessi kafli laganna er í gildi.
2. Að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

12. gr.

Árlega skal verja tekjum jöfnunarsjóðs til jöfnunar milli bæjar- og sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kenn-

aralaunum, og gilda um þá jöfnun ákvæði VIII. kafla framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935.

Því af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar samkvæmt framansögðu, skal skipt jafnt milli bæjar- og sveitarfélaga í réttu hlutfalli við samanlagðan árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum.

Ef um smávægilegar eftirstöðvar er að ræða í þessu skyni, er ráðherra heimilt að ákveða, að þær skuli geymdar til næsta árs.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

14. gr.

Árlega skal semja reikning jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

15. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu jöfnunarsjóðs setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

III. KAFLI

Um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu, og ákveður hann þá laun hans, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

17. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta framfærslumál hreppa og kaupstaða, tillög þeirra til tryggingarmála, svo og annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáist um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

18. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna er jafnframt forstjóri jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og hefir á hendi öll dagleg störf og afgreiðslu sjóðsins. Hann annast skiptingu og útborgun framfærslufjár og annara greiðslna úr jöfnunarsjóði til bæjar- og sveitarfélaga, að fengnu samþykki ráðherra.

19. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er eftirlitsmanni þá skylt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

20. gr.

Atvinnumálaráðuneytið safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggi á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita

bæjar- og sveitarfélögum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, um fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

21. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að fela eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna að hafa með höndum skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur þar að lútandi.

IV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

23. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

24. gr.

Frá 1. janúar 1939 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
5. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
6. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
7. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
8. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
9. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
10. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Bráðabirgðaákvæði.

Að svo miklu leyti sem tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga hrökkva til þess, skal framkvæma á árinu 1938 fulla jöfnun framfærslukostnaðar fyrir árin 1936 og 1937, áður en framkvæmd verður jöfnun fyrir framlög til elli- og örorkutrygginga og kennaralauna, og eigi heldur framkvæmd skipting eftirstöðva í sjóðnum, þó einhverjar verði, fyrr en fullri jöfnun er lokið fyrir bæði árin 1936 og 1937.

Nd. 464. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um breytingar á lögum háskólans og reglugerð.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 330.

Nd. 465. Frumvarp til laga

um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á árinu 1938 eða 1939, vinni úr um 2400 málum síldar á sólarhring og verði útbúin tækjum til fljótvirkrar losunar og vinnslu. Skal byggingu verksmiðjunnar eftir föngum hagað þannig, að síðar verði auðvelt að koma við stækkun.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2400 mál síldar á sólarhring.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni og hálfri milljón króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar, sem leiðir af fyrirmælum 1. gr.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinnar nýju verksmiðju á Raufarhöfn fer að öðru leyti eftir lögum nr. 14 9. jan. 1935.

Nd. 466. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1938 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1938 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af	afg.			
—	2000—	3000	—	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	—	—	—			
—	3000—	4000	—	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	—	—	—			
—	4000—	5000	—	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	—	—	—			
—	5000—	6000	—	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	—	—	—			
—	6000—	7000	—	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	—	—	—			
—	7000—	8000	—	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	—	—	—			
—	8000—	9000	—	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	—	—	—			
—	9000—	10000	—	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	—	—	—			
—	10000—	11000	—	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	—	—	—			
—	11000—	12000	—	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	—	—	—			
—	12000—	13000	—	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	—	—	—			
—	13000—	14000	—	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	—	—	—			
—	14000—	15000	—	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	—	—	—			
—	15000—	16000	—	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	—	—	—			
—	16000—	18000	—	—	—	—	3600	—	—	16000	—	—	38	—	—	—			
—	18000—	20000	—	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39	—	—	—			
—	20000—	22000	—	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40	—	—	—			
—	22000—	24000	—	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41	—	—	—			
—	24000—	26000	—	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42	—	—	—			
—	26000—	28000	—	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43	—	—	—			
—	28000	og	þar	yfir	—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44	—	—	—		

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er á lagður.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Akkeri og akkerisfestar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, grastó, hafragrjón, hafrar, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og tevgjubönd, smjörpappír, umbúða-

strigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.

2. Með 8% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminium, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, stívelsi, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínupletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, tímarit, áburðarefni, girðingarefni, kol, salt, steinolía, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi, þótt vörurnar hafi verið fluttar til landsins fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði 4.—15. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 og 4. gr. laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins

af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1. Til malbikunar:
   a. Elliðaárvegur ..... allt að 50000 kr.
   b. Hafnarfjarðarvegur ..... — — 50000 —
2. Til akvega:
   a. Til Suðurlandsbrautar ..... allt að 70000 kr.
   b. — Holtavörðuheiðarvegar ..... — — 45000 —
   c. — Austurlandsvegar ..... — — 20000 —
   d. — Geysisvegar ..... — — 5000 —
   e. — vega út frá Akureyri ..... — — 15000 —
   f. — Ljósavatnsskarðsvegar ..... — — 5000 —
   g. — Sogsvegar ..... — — 15000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 275000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1939.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1938 með 11% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 11% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins áður en lög þessi öðluðust gildi, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

7. gr.

Á árinu 1938 er ríkisstjórninni heimilt:

a. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt.
b. að falla frá innheimtu aðflutningsgjalds af salti.

Heimild þessi sé þó því aðeins notuð, að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, eða fyrirtæki, sem rekin eru af þeim, veiti útgerðinni hliðstæð hlunnindi, að dómi ríkisstjórnarinnar, með lækkun á gjöldum.

Noti ríkisstjórnin heimild þessa, heimilast henni að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. laga þessara, úr 11% í 12%.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Nd. 467. Breytingartillögur

við frv. til l. um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Fyrir orðin „nr. 14 9. jan. 1935“ kemur: um síldarverksmiðjur ríkisins.
2. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **468. Lög**

um bændaskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.).

Samhljóða þskj. 299.

Sþ. **469. Þingsályktun**

um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.).

Samhljóða þskj. 136.

Sþ. **470. Þingsályktun**

um rannsókn jarðhitans á Íslandi.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til þess, að rannsökuð verði stærstu jarðhitasvæðin hér á landi, og þá fyrst þau, sem líklegust eru til að hafa hagnýta þýðingu. Skal leita samvinnu bæjar- og héraðsstjórna á þeim stöðum, þar sem rannsóknirnar eru líklegar til að koma að notum, um fjárframlög til rannsóknanna, en að öðru leyti skulu þær kostaðar af ríkissjóði.
2. Að láta undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um eignar- og notkunarrétt jarðhita á svipuðum grundvelli og þeim, sem ákveðinn er í frumvarpi á þskj. 17, er nú liggur fyrir neðri deild Alþingis.

Sþ. **471. Þingsályktun**

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag á atvinnurekstri landsmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.).

Samhljóða þskj. 245.

Sþ. **472. Þingsályktun**

um gæzlu- og björgunarskip fyrir Vestfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.).

Samhljóða þskj. 384.

Sþ. 473. Tillaga til þingsályktunar

um eftirlaun.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga, er afnemi framvegis eftirlaunagreiðslur til annara manna en þeirra, sem búsettir eru hér á landi.

Greinargerð.

Flutningsmaður bar fram tillögu um þetta í fjárveitinganefnd, en tími vannst ekki til að afgreiða hana. Það virðist sjálfsagt að breyta núverandi löggjöf í þá átt, að menn, sem ekki vilja búa í landinu áfram að loknu æfistarfi, njóti heldur ekki eftirlauna hins opinbera, enda mun sú regla gilda víða um lönd.

Nd. 474. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 4. gr.

1. málsgr. orðist svo:

Stjórn síldarverksmiðjanna skal skipuð 5 mönnum til 3 ára í senn, 3 kosnum hlutbundnum kosningum á Alþingi, 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og 1 tilnefndum af útgerðarmönnum, er við verksmiðjurnar skipta, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar, til eins árs í senn.

Ed. 475. Frumvarp til laga

um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á árinu 1938 eða 1939, vinni úr um 2400 málum síldar á sólarhring og verði útbúin tækjum til fljótvirkrar losunar og vinnslu. Skal byggingu verksmiðjunnar eftir föngum hagað þannig, að síðar verði auðvelt að koma við stækkun.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2400 mál síldar á sólarhring.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni og hálfri milljón króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar, sem leiðir af fyrirmælum 1. gr.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinnar nýju verksmiðju á Raufarhöfn fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 476. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Pétri Ottesen.

Bráðabirgðaákvæðið skal orða svo:

1. Undanþegin skyldutryggingu samkvæmt lögum þessum eru um 3 ára skeið frá því er lög þessi öðlast gildi þau vátryggingarfélög fyrir vélbáta, sem nú eru starfandi í landinu, svo og þeir vélbátaeigendur, er nú hafa vátryggt báta sína í innlendu vátryggingarfélagi, enda sendi aðili ósk um sílka undanþágu Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 1. ágúst 1938.
2. Með sama hætti eru og eigendur opinna vélbáta undanþegnir skyldutryggingu á bátum sínum um jafnlangan tíma.

Ed. 477. Lög

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 463.

Nd. 478. Lög

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 28.

Ed. 479. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá atvinnumálaráðherra.

Aftan við frv. bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Að svo miklu leyti sem ákvæði laga þessara kunna að koma í bága við samninga einstakra sjúkrasamlaga við lækna eða aðra, ganga lögin að því leyti ekki í gildi fyrr en þeir samningar eru úr gildi fallnir, enda verði þeim sagt upp svo fljótt sem samningar heimila.

Ed. 480. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 9. gr.
   a. Orðin „og yngri en 67 ára“ í 1. málsl. falli burt.
   b. Á eftir orðunum „enda sé hann eigi haldinn af alvarlegum, langvinnum,

virkum sjúkdómi“ í 1. málsl. greinarinnar komi: og eigi rétt til hlunninda samkv. l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

c. Síðasti málsl. greinarinnar falli niður.

2. Við 16. gr.

Greinin orðist svo:

31. gr. laganna orðist svo:

Leita skal staðfestingar tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslu til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður við tryggingarlækna, er stjórn sjúkrasamlagsins heimilt að greiða læknishjálp meðlimum samlagsins eftir reglum sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af þeim kostnaði öllum.

Nd. 481. Frumvarp til laga

um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 392 að viðbættu svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Að svo miklu leyti sem ákvæði laga þessara kunna að koma í bága við samninga einstakra sjúkrasamlaga við lækna eða aðra, ganga lögin að því leyti ekki í gildi fyrr en þeir samningar eru úr gildi fallnir, enda verði þeim sagt upp svo fljótt sem samningar heimila.

Nd. 482. Lög

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 461.

Nd. 483. Lög

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 462.

Nd. 484. Þingsályktun

um strandferðasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 361.

Ed. 485. Þingsályktun

um aukið sjúkrahúsrúm fyrir geðveika menn.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 311.

Nd. 486. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Emil Jónssyni.

Við 4. gr. 2. málsl. 1. mgr. skal orða svo:
Atvinnumálaráðherra skipar formann stjórnarinnar til eins árs í senn.

Nd. 487. Breytingartillaga

við frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: en haga skal kaupum síldar og ákvörðun verðs með það fyrir augum, að heildarafkoma síldarveiðenda á vertíðinni verði sem bezt.

Ed. 488. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Við 4. gr. 2. lið. Nýr liður:
Til Vestmannaeyjavega 5000 kr.

Nd. 489. Lög

um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 341.

Ed. 490. Lög

um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.).

Samhljóða þskj. 475.

Ed. **491. Lög**

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.).

Samhljóða þskj. 466.

Nd. **492. Lög**

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.).

Samhljóða þskj. 392 að viðbættu svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Að svo miklu leyti sem ákvæði laga þessara kunna að koma í bága við samninga einstakra sjúkrasamlaga við lækna eða aðra, ganga lögin að því leyti ekki í gildi fyrr en þeir samningar eru úr gildi fallnir, enda verði þeim sagt upp svo fljótt sem samningar heimila.

Nd. **493. Lög**

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.).

Samhljóða þskj. 417.

Nd. **494. Lög**

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.).

Samhljóða þskj. 354.

Ed. **495. Þingsályktun**

um undirbúning löggjafar um eignarnámsheimild á óræktuðum landsvæðum handa kaupstöðum við Faxaflóa.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.).

Samhljóða þskj. 438.

Sþ. **496. Þingsályktun**

um þátttöku í alþjóða-hafrannsóknum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.).

Samhljóða þskj. 83.

Sþ. 497. Þingsályktun

um rannsókn á Gilsnámu í Hólshreppi.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.).

Samhljóða þskj. 215.

Sþ. 498. Þingsályktun

um eftirlaun.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.).

Samhljóða þskj. 473.

Sþ. 499. Starfsmannaskrá ríkisins 1938.

(Leiðrétt eftir athugun í fjárveitinganefnd).

3. gr. fjárlaga.

1. Póstmál.

	Laun alls	
Póstmálaskrifstofan:		
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	5800
Póstritari (1)	—	4884
Póstfulltrúar (3)	—	12634
Póstafgreiðslumenn (1)	—	3500
Póstaðstoðarmaður (1)	—	2250
Aukamaður (1)	—	4200
Pósthúsið í Reykjavík:		
Póstmeistari (1)	—	6200
Póstfulltrúar (6) (1 + mistaln.)	—	25578
Póstafgreiðslumenn (15) (1 + fæðispen. ca. kr. 800)	—	50750
Aukamenn (1½)	—	5000
Bréfberar (10)	—	36024
Bílstjóri (1)	—	4800
Húsvörður (1) (+ húsn., ljós og hiti)	—	4150
Samtals	kr.	165770

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:		
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	5800
Fulltrúi (1)	—	6590
Aðalgjaldkeri, + mistaln. (1)	—	6590
Símaverkfræðingar (3), yfirverkfr. + 3000 kr. hjá útvarpinu	—	16655
Bókari (1)	—	6000
1. fl. skrifarar (3)	—	15780
2. fl. skrifarar (3)	—	8370
Sendisveinn (1)	—	1200
Landssímastöðin í Reykjavík og Hafnarfirði:		
Ritsímastjóri + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4600
Innheimtugjaldkeri, + mistaln. (1)	—	6610
1. fl. skrifarar (5)	—	21050
Varðstjórar (2)	—	9760
Símritarar (í Hafnarfirði + ljós og hiti) (7)	—	45430
Kvensímritarar (2)	—	6520

		Laun alls
Afgreiðsluvarðstjórar (4)	kr.	13040
Aðstoðarmenn (5)	—	12450
Talsímakonur (23)	—	70040
Sendisveinar (8)	—	8200
Loftskeytastöðin í Reykjavík:		
Loftskeytastöðvarstjóri (1) (skrifst.stj.) + húsn., ljós og hiti	—	6525
Símritarar (4)	—	24130
Aðstoðarstúlka (1)	—	2400
Stuttbylgjustöðin:		
Stöðvarverðir (2) + húsnæði ljós og hiti	—	8480
Talbrúarvörður (1)	—	3800
Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði:		
Bæjarsímastjóri (1)	—	7615
Verkstjórar (4)	—	24580
Aðstoðarverkstjóri (1)	—	5200
1. fl. símvirkjar (5)	—	24820
1. fl. línumenn (2)	—	9750
2. fl. símvirkjar (3)	—	12660
2. fl. línumenn (1)	—	4290
3. fl. símvirkjar (8)	—	29210
3. fl. línumaður (1)	—	3790
Nemar (2)	—	4500
Snikkari (1)	—	4260
Næturvörður (1)	—	4400
Teiknarar (2)	—	7860
Gjaldkeri (1)	—	4270
1. fl. skrifarar (2)	—	7490
2. fl. skrifarar (3)	—	9070
Talsímakonur (5)	—	16490
Innheimtumenn (2)	—	4500
Áhaldahúsið:		
Efnisvörður (1)	—	5030
Aðstoðarmenn (2)	—	8400
Bifreiðarstjóri (1)	—	4200
Akureyri:		
Umdæmisstjóri + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	5415
Varðstjórar (2)	—	9630
Talsímakonur (13)	—	32475
Næturvörður (1)	—	2400
Sendisveinar (2)	—	1440
Seyðisfjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti, + 1650 kr. frá póstsjóði (1)	—	3360
Varðstjórar (3)	—	14530
Símritarar (5)	—	18340
Kvensímritarar (2)	—	6630
Talsímakonur (4)	—	10720
Sendisveinar (2)	—	1800
Ísafjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Símritarar (3)	—	10870
Kvensímritari (1)	—	3255
Talsímakonur (2)	—	5860
Sendisveinar (2)	—	2160

		Laun alls
Borðeyri:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	kr.	4690
Talsímakonur (4)	—	9860
Vestmannaeyjar:		
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	5445
Símritarar (2)	—	9050
Talsímakonur (3)	—	6530
Sendisveinar (2)	—	1680
Siglufjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Símritari (1)	—	3970
Kvensímritari (1)	—	2950
Talsímakonur (5)	—	13470
Sendisveinar (2)	—	1680
Samtals	kr.	709995

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Forstjóri (1)	kr.	9000
Aðalbókari (1)	—	6000
Aðstoðarbókhaldari (1)	—	4200
Fulltrúi lyfjadeildar (1)	—	5500
Gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	—	6000
Bréfritari erl. bréfa (1)	—	5500
Afgreiðslumenn (2)	—	9600
Ritari (1)	—	3000
Aðalverkstjóri í Nýborg (1)	—	6000
Aðstoðarverkstjórar (2)	—	9600
Bifreiðarstjórar (2)	—	7920
Fastir starfsmenn í Nýborg (7)	—	26480
Fastar starfsstúlkur í Nýborg (4)	—	9600
Sendisveinn (1)	—	1200
Efnafræðingur (1)	—	3600
Lausafólk (11)	—	27640
Samtals	kr.	140840

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Forstjóri (1)	kr.	10000
Skrifstofustjóri (1)	—	7000
Birgðavörður (1)	—	5200
Sölumaður (1)	—	5000
Bókarar (2)	—	8600
Gjaldkeri (1)	—	5000
Ritari (1)	—	4900
Afgreiðslumenn (2)	—	7000
Bifreiðarstjóri (1)	—	3900
Innheimtumenn (2)	—	5700
Skrifstofustúlkur (4)	—	10380
Samtals	kr.	72680

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:		
Útvarpsráð (7)	kr.	12000
Útvarpsstjóri (1)	—	7500

	Laun alls
Aðalskrifstofa:	
Skrifstofustjóri (1)	kr. 6600
Verkfræðingur (1)	— 3000
Ritari (1)	— 3600
Vélritari (1)	— 2400
Innheimtuskrifstofa:	
Forstöðukona (1)	— 4000
Aðstoðarstúlka (1)	— 2400
Innheimtumenn (4)	— 11400
Skrifstofa dagskrár:	
Skrifstofustjóri (1)	— 5400
Gæzlumaður plötusafns (1)	— 3600
Ráðunautur útvarpsráðs (1)	— 3000
Fréttastofan:	
Fréttastjóri innl. frétta	— 4000
Aðstoðarfréttaritari (1)	— 3000
Auglýsingastjóri (1)	— 2400
Fréttastjóri erlendra frétta (1)	— 5000
Aðstoðarfréttaritari (1)	— 4800
Tónlistarmenn:	
Tónlistarráðunautur (1)	— 3600
Fiðluleikari og hljómsveitarstjóri (1)	— 5500
Píanóleikari (1)	— 5000
Celloleikari (1)	— 3600
Kontrabassaleikari (1)	— 3600
Útvarpssalur:	
Þulur 1. (1)	— 3900
Þulur 2. (1)	— 1800
Dyravarzla (1)	— 2100
Magnarasalur:	
Magnaraverðir (2)	— 9600
Útvarpsstöðin:	
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	— 4500
Aðstoðarmaður, + húsnæði, ljós og hiti (1)	— 3000
Samtals	kr. 130300
Viðgerðarstofan:	
Forstöðumaður (1)	kr. 6600
Viðtækjaverzlunin:	
Forstjóri (1)	— 8660
Bókari og gjaldkeri (1)	— 5400
Afgreiðslumaður (1)	— 4800
Ritari (1)	— 3800
Pakkhúsmaður (1)	— 3600
Viðgerðarmenn (2)	— 8400
Samtals	**kr. 34660**

6. Ríkisprentsmiðjan.

Forstjóri (1)	kr. 9000
Fulltrúi og gjaldkeri (1)	— 6300
Bókari (1)	— 5400
Afgreiðslumaður (1)	— 4500
Innheimtumaður (1)	— 3300

		Laun alls
Skrifstofustúlka (1)	kr.	2400
Sendimaður (1)	—	1500
Samtals	kr.	32400

7. Landssmiðjan.

Forstjóri (1)	kr.	8400
Aðalbókari (1)	—	6000
Bókari (1)	—	4800
Aðstoðarbókari (1)	—	2700
Samtals	kr.	21900

8. Bifreiðaeinkasalan.

Skrifstofumaður (1)	kr.	5400
Afgreiðslumaður (1)	—	4200
Viðgerðarmaður (1)	—	4800
Samtals	kr.	14400

9. Raftækjaeinkasalan.

Forstjóri (1)	kr.	9000
Verkfræðingur (1)	—	5700
Sölumaður (1)	—	6600
Aðalbókari og gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	—	5740
Birgðabókari (1)	—	5400
Bréfritari og aðstoðarbókari (1)	—	5400
Ritarar (2)	—	7500
Skrifstofustúlka (1)	—	1800
Birgðavörður (1)	—	4500
Afgreiðslumenn (3)	—	12000
Sendisveinn og innheimtumaður (1)	—	1800
Samtals	kr.	65440

9. gr. fjárlaga.

Alþingi.

Fastir starfsmenn:

Skrifstofustjóri (1) (þar af húsal.styrkur kr. 1800)	kr.	6800
Fulltrúi (1)	—	6300
Aðstoðarmaður (1)	—	5200
Ritari utanríkismálanefndar (1)	—	2400
Húsvörður (1)	—	2740
Samtals	kr.	23440

Starfsmenn um þingtímann:

Skjalavörður (1)	dagkaup	kr.	13.00
Ritari (1)	—	—	9.50
Prófarkalesarar (2)	—	—	9.50 og 12.00
Innanþingsskrifarar (17)	—	—	9.50
Dyra- og pallaverðir (5)	—	—	7.50
Símaverðir (2)	—	—	5.00
Fataverðir (3)	—	—	4.00
Þingsveinar (7)	—	—	3.00

10. gr. fjárlaga. Laun alls

I. 3. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af kr. 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (3) 6750, 6150 og 5000	—	17900
Aðstoðarmaður (1)	—	4100
Ritarar (2)	—	7000
Samtals	kr.	36200

Dómsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af kr. 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (2), 6200 og 6000	—	12200
Aðstoðarmenn (2), 5100 og 4200	—	9300
Ritari (1)	—	3000
Samtals	kr.	31700
÷ Innborgað frá kirkjujarðasjóði	—	3500
Samtals	kr.	28200

Fjármálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af fyrir umsjá landsverzl. 1200)	kr.	7200
Fulltrúar (3), 5870, 5580 og 4950	—	16400
Aðstoðarmenn (4)	—	14000
Ritari (1)	—	2000
Aðalendurskoðandi (1)	—	6800
Samtals	kr.	46400

Skrifstofa utanríkismála:

Fulltrúi (1), (þar af kr. 2400 fyrir störf hjá forsætisráðherra)	kr.	7350
Aðstoðarmenn (2)	—	9000
Ritari (1)	—	2500
Samtals	kr.	18850

Dyravarzla:

Dyravörður (1), (auk húsnæðis, ljóss og hita)	kr.	2715
Aðstoðardyravörður (1)	—	3000
Samtals	kr.	5715

I. 4. Ríkisféhirzla og bókhald.

Ríkisbókari (1)	kr.	6000
Fulltrúi ríkisbókara (1)	—	5000
Ríkisféhirðir (1), (þar af mistalningarfé 2000)	—	6950
Fulltrúar (2), 5000 og 3600	—	8600
Ritarar (2), 2750 og 2250	—	5000
Samtals	kr.	31550

II. Hagstofan.

Hagstofustjóri (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	4950
Aðstoðarmenn (3)	—	13700
Ritarar 1. fl. (2)	—	6700
Ritarar 2. fl. (3)	—	7520
Aðstoð	—	2000
Samtals	kr.	40870

III. Utanríkismál.

1. **Sendiráð í Khöfn:**		Laun alls
Sendiherra (1)	kr.	10000
Sendisveitarritari (1)	—	3600
Fulltrúi (1)	—	6000
Ritari (1)	—	2700
Samtals	kr.	22300
2. Fulltrúi í Osló	—	5000
Samtals	kr.	27300

11. gr. fjárlaga:

A.

1. Hæstiréttur:

Dómstjóri (1)	kr.	10000
Dómarar (2)	—	16000
Ritari (1)	—	5000
Samtals	kr.	31000

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna o. fl.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri í Reykjavík (3)	kr.	27000
Bæjarfógetar (2)	—	11200
Bæjarfógeti (1)	—	5000
Sýslumenn og bæjarfógetar (10)	—	52000
Sýslumaður (1)	—	5000
Sýslumaður (1)	—	4950
Sýslumenn (3)	—	14238
Bæjarfógeti (1)	—	4152
Lögreglustjórar (3)	—	7500
Samtals	kr.	131040

4. Skrifstofa lögmanns:

Fulltrúar (3)	—	15800
Gjaldkeri (1)	—	2400
Ritarar (2)	—	5400
Áætluð viðbót vegna breyt. á embættinu	—	12000
Samtals	kr.	35600

5. Skrifstofa tollstjóra:

Fulltrúi (1) og tollritarar (9)	kr.	51500
Ritarar (2)	—	6660
Innheimtumenn (7)	—	30800
Lögtaksfulltrúi (1)	—	5000
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.50)	—	10000
Samtals	kr.	103960

6. Skrifstofa lögreglustjóra:

Fulltrúar (2)	kr.	13200
Gjaldkeri (1)	—	5400
Aðstoðarmenn (2)	—	8400
Ritarar (4)	—	11100
Samtals	kr.	38100

7. Starfsmenn toll- og löggæzlu:

a. **Reykjavík:**	Laun alls
Yfirtollvörður (1)	kr. 5400
Tollþjónar (12)	— 50400
Vöruskoðunarmenn (2)	— 8400
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.60)	— 1600
Samtals	kr. 65800

b. **Utan Reykjavíkur:**	
Tollþjónar (7)	kr. 25200
Löggæzlumaður á vegum (1)	— 5400
Bifreiðaskoðunarmenn (2)	— 10000
Samtals	kr. 40600

10. Hegningarhúsið í Reykjavík:

Fangavörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 2400)	kr. 5400
Aðstoðarmaður (1), (auk fæðis og húsnæðis)	— 2400
Samtals	kr. 7800

11. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Forstöðumaður (1), (auk húsnæðis)	kr. 5100
Verkstjóri og gæzlumaður (1) (auk fæðis)	— 3000
Matreiðslumaður (1) (auk fæðis)	— 3000
Samtals	kr. 11100

15. Löggildingarstofan:

Forstöðumaður (1)	kr. 5400
Aðstoðarmaður (1)	— 3900
Verkstæðismaður (1)	— 3600
Eftirlitsmaður (1)	— 3600
Samtals	kr. 16500

B.

4. Skattstofa Reykjavíkur:

Skattstjóri (1)	kr. 5650
Fulltrúi (1)	— 6000
Aðstoðarmenn (2½ á kr. 5000)	— 12500
Önnur starfslaun	— 20000
Samtals	kr. 44150

12. gr. fjárlaga.

1. Laun lækna:

Landlæknir (1)	kr. 6600
Héraðslæknir í Reykjavík (1)	— 5250
Héraðslæknar (4) á kr. 4950.00	— 19800
Héraðslæknar (4) á kr. 4746.00	— 37968
Héraðslæknar (11) á kr. 4600.00	— 50600
Héraðslæknar (12) á kr. 4036.67	— 48440
Héraðslæknar (6) á kr. 3921.33	— 23526
Héraðslæknar (4) á kr. 3500.00	— 14000
Héraðslæknar (1)	— 3690
Héraðslæknar (2) á kr. 3125.00	— 6250
Samtals	kr. 216124

Skrifstofa ríkisspítalanna:	Laun alls
Formaður stjórnarnefndar (landlæknir)	kr. 2550
Stjórnarnefndarmenn (3)	— 1500
Framkvæmdastjóri (1)	— 7000
Gjaldkeri (1)	— 5600
Ritari (1)	— 3600
Vélritarar (2)	— 4200
Samtals	kr. 24450

9. Landsspítalinn:	
Yfirlæknar (3)	kr. 21600
Aðstoðarlæknar (3)	— 12600
Kandidatar (3)	— 5400
Aukalæknar (sérfræðingar) (2)	— 5000
Yfirhjúkrunarkona (1)	— 2400
Deildarhjúkrunarkonur (3)	— 5400
Hjúkrunarkonur (9)	— 13500
Nuddkona (1)	— 2400
Kona við rannsóknir (1)	— 2400
Kennslukona barna (1)	— 1250
Röntgenkonur (5)	— 11580
Ráðskona (1)	— 2400
Aðstoðarráðskona (1)	— 1200
Yfirljósmóðir (1)	— 2400
Aðstoðarljósmæður (2)	— 2400
Vélamaður (1)	— 3000
Umsjónarmaður (1)	— 3600
Starfsstúlkur (23)	— 17250
Hjúkrunarnemar (24)	— 11520
Laun vegna sumarleyfa	— 7750
Laun til rannsóknarstofu háskólans	— 1200
Laun vegna vorhreingerninga	— 2500
Húsaleiga starfsmanna	— 4500
Samtals	kr. 143250

10. Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi:	
Læknir (1)	kr. 3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	— 2400
Ráðskona (1)	— 1500
Kyndari (1)	— 2520
Starfsstúlkur (6)	— 4650
Prestslaun	— 700
Laun vegna sumarfría	— 1000
Vorhreingerningar	— 500
Samtals	kr. 16870

11. I. Kleppsspítalinn (gamli):	
Yfirlæknir (1)	kr. 5000
Kandidat (1)	— 1800
Yfirhjúkrunarkona (1)	— 2400
Hjúkrunarkona (1)	— 1500
Hjúkrunarmaður (1)	— 1740
Véla- og viðgerðarmaður (1)	— 3000
Ráðskona (að hálfu) (1)	— 900

		Laun alls
Vökukona (1)	kr.	960
Þvottaráðskona (1)	—	960
Starfsstúlkur (7)	—	5250
Bílstjóri (að hálfu) (1)	—	1260
Laun vegna sumarfría	—	1940
Vorhreingerningar	—	500
Samtals	kr.	27210

11. II. Kleppsspítalinn (nýi):

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Kandidat (1)	—	1800
Læknanemar (2)	—	1800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (11)	—	16650
Hjúkrunarmenn (4)	—	6960
Vökukonur (2)	—	1920
Ráðskona (að hálfu) (1)	—	900
Vélamaður (1)	—	3300
Þvottaráðskona (1)	—	1080
Saumakona (verkstýra) (1)	—	1080
Starfsstúlkur (13)	—	9750
Bílstjóri (að hálfu) (1)	—	1260
Laun vegna sumarfría	—	5200
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	60100

12. Vífilsstaðahælið:

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Aðstoðarlæknir (1)	—	5000
II. aðstoðarlæknir (1)	—	2400
Aukalæknir (1)	—	800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (7)	—	10896
Hjúkrunarnemar (4)	—	1920
Kennari (1)	—	640
Ráðskona (1)	—	2400
Aðstoðarráðskona (1)	—	1200
Saumakonur (2)	—	1920
Starfsstúlkur (21)	—	15750
Bifreiðarstjóri (1)	—	2520
Smiður (1)	—	2400
Kyndari (1)	—	2820
Starfsmenn (3)	—	4860
Laun vegna sumarfría	—	4650
Vorhreingerningar	—	2000
Samtals	kr.	69576

13. Heilsuhælið í Kristnesi:

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Aðstoðarlæknir (1)	—	3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Aðstoðarhjúkrunarkonur (2)	—	3120
Hjúkrunarnemar (2)	—	960

		Laun alls
Þvottaráðskona (1)	kr.	1200
Ráðskona (1)	—	1800
Aðstoðarráðskona (1)	—	840
Ráðsmaður (1)	—	4800
Bifreiðarstjóri og vélamaður (1)	—	2280
Starfsstúlkur (12)	—	9000
Vinnumaður (1)	—	1200
Laun vegna sumarfría	—	2500
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	39700

14. Reykjahælið í Ölfusi:

Læknir (1)	kr.	4500
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Ráðskona (1)	—	1800
Vinnumaður (1)	—	1200
Starfsstúlkur (5)	—	3750
Prestur (1)	—	400
Laun vegna sumarfría	—	950
Samtals	kr.	15000

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál:

Vegamálastjóri (enda sé hann vatnamálaráðunautur stjórnarinnar)	kr.	7200
Skrifstofustjóri og bókari (1)	—	6750
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	5900
Verkfræðingar (3)	—	16500
Mælingamaður (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	3300
Ritari (1)	—	2700
Vélamaður (1)	—	4500
Samtals	kr.	51850

B. I. a. Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdarstjóri (1)	kr.	9000
Skrifstofustjóri (1)	—	6500
Bókari (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Innkaupamaður (1)	—	5000
Ritari (1)	—	2100
Verkstjórar (2)	—	9300
Samtals	kr.	41900

C. I.—II. Vitamál:

Vitamálastjóri (1)	kr.	7200
Vitaverkfræðingur (1)	—	5900
Hafnaverkfræðingur (1)	—	5900
Aðstoðarverkfræðingar (3)	—	15570
Gjaldkeri og bókari (1)	—	3600
Efnisvörður (1)	—	4560
Kafari (1)	—	3825

		Laun alls
Ritari (1)	kr.	3000
Vélritari (1)	—	2100
Vitaverðir (54)	—	32000
Samtals	**kr.**	**83655**

14. gr. fjárlaga.

A.
Þjóðkirkjan:

Biskup (1)	kr.	7000
Prestar (2)	—	11900
Prestur (1)	—	5813
Prestar (3)	—	17250
Prestar (3)	—	17100
Prestur (1)	—	5500
Prestar (3)	—	15225
Prestur (1)	—	4920
Prestar (2)	—	9750
Prestur (1)	—	4750
Prestur (1)	—	4480
Prestar (17)	—	71400
Prestar (38)	—	152000
Prestar (3)	—	11850
Prestar (4)	—	15000
Prestar (3)	—	11100
Prestar (4)	—	14000
Prestar (5)	—	17250
Prestar (6)	—	19500
Prestur (1)	—	3200
Prestar (2)	—	6000
Samtals	**kr.**	**424988**

B.
I. Háskólinn.

Prófessorar (8)	kr.	48000
Prófessor (1)	—	5500
Prófessorar (3)	—	15000
Prófessorar (3)	—	14850
Aukakennarar (2), 2000 og 1600	—	3600
Ritari (1)	—	4000
Samtals	**kr.**	**90950**

II. Rannsóknarstofa háskólans.

Forstöðumaður (1), (fyrir ranns. húsdýrasjúkd. kr. 1000)	kr.	8200
Aðstoðarlæknir (1)	—	7200
Aðstoðarstúlkur (7)	—	16800
Vikamaður (1)	—	720
Samtals	**kr.**	**32920**

III. Fræðslumálaskrifstofan.		Laun alls
Fræðslumálastjóri (1)	kr.	7000
Fulltrúi (1)	—	5400
Ritarar (2), 3600 og 2400	—	6000
Samtals	kr.	18400

IV. Menntaskólinn í Reykjavík.		
Rektor (1), (auk þess risnufé 2000, húsaleigustyrkur 3000)	kr.	5000
Yfirkennarar (4)	—	20000
Kennarar (3)	—	15000
Kennarar (2)	—	9492
Kennarar (3)	—	11763
Kennari (1), að ⅔	—	2510
Dyravörður (1)	—	1875
Samtals	kr.	65640

V. Menntaskólinn á Akureyri.		
Skólameistari (1), (auk þess risnufé 2000, húsnæði, ljós og hiti)	kr.	5000
Kennarar (2)	—	10000
Kennarar (2)	—	9492
Kennari (1)	—	4382
Kennarar, settir (3)	—	11763
Samtals	kr.	40637
Aukakennarar (stundakennsla)	—	23500
Samtals	kr.	64137

VI. Kennaraskólinn.		
Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4746
Kennarar (2)	—	7842
Kennari (1)	—	4600
Aukakennari (1)	—	3500
Aukakennari að ⅓	—	1255
Samtals	kr.	21943

VII. Stýrimannaskólinn.		
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr.	4600
Kennarar (2), 5100 og 4382	—	9482
Dyravörður að ⅓	—	600
Samtals	kr.	14682

VIII. Vélstjóraskólinn.		
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr.	4600
Kennarar (2), 5100 og 3500	—	8600
Dyravörður að ⅔	—	1200
Samtals	kr.	14400

IX. Bændakennsla.

	Laun alls	
1. Hólaskóli:		
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr.	2875
Kennarar (2), 3250 og 2125	—	5375
Samtals	kr.	8250
2. Hvanneyrarskóli:		
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr.	2750
Kennarar (2), 2750 og 2000	—	4750
Samtals	kr.	7500

XIII. Barnakennarar.

Í Reykjavík (98)	kr.	171000
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur (68)	—	132000
Fastir kennarar utan kaupstaða (136)	—	247000
Farkennarar (137)	—	78000
Samtals	kr.	628000

XIV. Eiðaskóli.

Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4200
Kennarar (2), 3250 og 2500	—	5750
Samtals	kr.	9950

XVI. Málleysingjaskólinn.

Skólastýra (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	3500
Kennslukonur (3)	—	8437
Samtals	kr.	11937

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

Landsbókavörður (1)	kr.	6000
Bókavörður (1)	—	4600
Bókavörður (1)	—	4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	—	8800
Dyravörður í safnahúsinu (1)	—	1875
Samtals	kr.	25775

2. Þjóðskjalasafnið.

Þjóðskjalavörður (1)	kr.	4950
Aðstoðarmaður (1)	—	3960
Samtals	kr.	8910

3. Þjóðminjasafnið.

Þjóðminjavörður (1)	kr.	5500
Samtals	kr.	5500

42. Friðun Þingvalla.

Umsjónarmaður (1), (auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita)	kr.	4200
Samtals	kr.	4200

16. gr. fjárlaga.

2. Búnaðarfélag Íslands.		Laun alls
Stjórnarnefnd (3)	kr.	1500
Búnaðarmálastjóri (1)	—	6000
Ritstjóri búnaðarblaðs (1)	—	6500
Ráðunautar (7)	—	27350
Aðstoðarmenn (2)	—	7020
Ritarar (2)	—	8200
Ráðunautur um laxaklak	—	2700
Samtals	**kr.**	**59270**

3. Sandgræðslan.		
Sandgræðslumaður (1)	kr.	3600
Samtals	**kr.**	**3600**

15. Skógræktin.		
Skógræktarstjóri (1)	kr.	5240
Skógarverðir (2)	—	3000
Skógarvörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 600)	—	2100
Samtals	**kr.**	**10340**

17. Dýralæknar.		
Dýralæknar (3)	kr.	12110
Dýralæknir (1)	—	3500
Dýralæknir (1)	—	3125
Samtals	**kr.**	**18735**

20. Rannsóknarstofnun atvinnuveganna.

Iðnaðardeild:			
Forstjóri (1), 7200 + 1000 f. forstöðu stofn.	kr.	8200	
Matvælasérfræðingur (1)	—	6000	
Fiskiðnfræðingur (1)	—	1200	
Efnafræðingur (1)	—	5600	
Gerlafræðingur (1)	—	5400	
Stúlkur (3)	—	5400	
			kr. 31800
Matvælaeftirlit:			
Sérfræðingur (læknir) (1)	kr.	5000	
Mjólkurfræðingur (1)	—	3000	
Stúlka (1)	—	2400	
			— 10400
Landbúnaðardeild:			
Sérfræðingur í jarðvegsrannsóknum (1)	kr.	1500	
Sérfræðingur í jurtasjúkdómum (1)	—	4800	
			— 6300
Fiskideild:			
Deildarstjóri (1)	kr.	7200	
Aðstoðarmaður (1)	—	4800	
Hjálparmaður (1)	—	3000	
Stúlkur (2)	—	3000	
			— 18000
Sameiginlegir starfsmenn:			
Umsjónarmaður (1)	kr.	3600	
Skrifstofustúlka (1)	—	2400	
			— 6000
		Samtals	**kr. 72500**

21. Veðurstofan.	Laun alls
Forstöðumaður (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	kr. 6900
Fulltrúi (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	— 7000
Aðstoðarmenn (2)	— 9460
Loftskeytamenn (2)	— 6520
Vélritari (1)	— 1275
Aukavinna	— 2745
Samtals	kr. 33900

22. Rafmagnseftirlit.	
Forstöðumaður (1)	kr. 5830
Skoðunarmaður (1)	— 4200
Skrifstofumaður (1)	— 2760
Samtals	kr. 12790

25. Fiskifélagið.	
Forseti (1)	kr. 7200
Stjórnarnefnd (2)	— 1000
Vélfræðingur (1)	— 6000
Fiskifræðingur (1)	— 4800
Skrifstofustjóri (1)	— 5400
Skrifstofustúlka (1)	— 2400
Erindrekar (4)	— 10000
Samtals	kr. 36800

28. Laun yfirmatsmanna.	
Fiskimatsstjóri (1)	kr. 8000
Fiskimatsmaður í Reykjavík (1)	— 5000
Fiskimatsmenn (3)	— 13800
Fiskimatsmaður (1)	— 3800
Ullarmatsformaður (1)	— 1000
Ullarmatsmenn (3)	— 1500
Kjötmatsmenn (3)	— 2250
Lýsismatsmaður (1)	— 2400
Samtals	kr. 37750

29. Skipaskoðun.	
Skipaskoðunarstjóri (1)	kr. 6000
Skrifstofumaður (1)	— 3000
Skipaskráningarmaður (1)	— 1800
Samtals	kr. 10800

32. Gjaldeyrisnefnd.	
Formaður (1)	kr. 8400
Nefndarmenn (4)	— 16800
Skrifstofustjóri (1)	— 7600
Ritarar (8)	— 33600
Vélritarar (4)	— 7620
Samtals	kr. 74020

61. Húsameistari ríkisins.	
Húsameistari (1), (þar af persónul. uppbót 2400)	kr. 8400
Fulltrúi (1)	— 5400
Aðstoðarmenn (2)	— 9000
Samtals	kr. 22800

69. Ferðaskrifstofa ríkisins.

		Laun alls
Forstjóri (1)	kr.	8000
Skrifstofustjóri og gjaldkeri (1)	—	6000
Bréfritari (1)	—	3600
Samtals	kr.	17600

17. gr. fjárlaga.

5. Tryggingarstofnun ríkisins.

Tryggingarráð (3)	kr.	5400
Forstjóri (1)	—	10000
Yfirlæknir, ½ laun	—	6000
Endurskoðandi, ½ laun	—	2700
Deildarstjóri slysatr. (1)	—	6000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Bókari sjúkratrygginga (1)	—	4800
Skrifstofumaður (1)	—	4200
Skrifstofustúlkur (3)	—	4500
Símastúlka (1)	—	1260
Sendisveinn (1)	—	1260
Samtals	kr.	51120

Stofnanir, sem ekki eru í fjárlögum.

Mjólkursamsalan:

Formaður (þar í ferðakostnaður og dvalarkostn. í Rvík)	kr.	3600
Nefndarmenn (6) (þóknun samkv. lögum, áætl.)	—	1000
Framkvæmdarstjóri (1)	—	12000
Bókarar (2)	—	10800
Gjaldkeri (1)	—	3300
Skrifstofustúlkur (2)	—	3900
Eftirlitsmaður (1)	—	3900
Samtals	kr.	38500

Kjötverðlagsnefnd:

Formaður (1)	kr.	4800
Nefndarmenn (4)	—	3000
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Samtals	kr.	10200

Fiskimálanefnd:

Formaður (1)	kr.	3600
Nefndarmenn (6)	—	14400
Skrifstofustjóri (1)	—	10800
Skrifstofumaður (1)	—	4200
Vélritunarstúlka (1)	—	2700
Harðfisksráðunautur (1)	—	7200
Verkstjóri í hraðfrystistöðinni (1)	—	5100
Vélamaður (1)	—	4500
Samtals	kr.	52500

Síldarútvegsnefnd:

Formaður (1)	kr.	3500
Nefndarmenn (4)	—	10500
Skrifstofustjóri (1)	—	6000

		Laun alls
Bókari (1)	kr.	3600
Starfsmenn ½ árið (3)	—	7800
Samtals	kr.	31400

Síldarverksmiðjur ríkisins:

Stjórnarnefnd (3)	kr.	13500
Framkvæmdarstjóri (1)	—	12000
a. Á Siglufirði:		
Skrifstofustjóri (1)	kr. 8000	
Verkstjóri (1)	— 6000	
Yfirvélstjóri (1)	— 6500	
Vélstjóri (1)	— 6000	
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4300	
Vélsmiður (1)	— 4000	
Rafvirki (1)	— 4000	
Lýsismaður (1)	— 3600	
Skrifstofumenn (2)	— 9000	
Skrifstofustúlka (1)	— 2400	
	—	53200
b. Á Sólbakka:		
Verkstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4800	
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4800	
	—	9600
c. Á Raufarhöfn:		
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	—	3000
Samtals	kr.	91300

Brunabótafélag Íslands:

Forstjóri (1)	kr.	7200
Skrifstofustjóri (1)	—	6000
Gjaldkeri (1)	—	4800
Bókari (1)	—	4200
Ritari (1)	—	3300
Vélritarar (2)	—	6000
Samtals	kr.	31500

Laun eru í starfsmannaskrá þessari talin eins og þau eru greidd 1. jan. 1937, að viðbættum aldurshækkunum hjá þeim starfsmönnum, sem laun taka samkv. launalögum, og nokkrum sambærilegum hækkunum hjá öðrum lágt launuðum starfsmönnum.

Sþ. **500. Nefndaskipun**

(52. löggjafarþing).

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Helgi Jónasson,
Pétur Ottesen,
Skúli Guðmundsson,
Jakob Möller,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bjarni Bjarnason, formaður,
Jón Pálmason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 (1,* n. 252).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
2. Till. til þál. um aukningu landhelgisgæzlu Íslendinga og um það, að Ísland taki að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi (20).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1935 (30, n. 325).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1936 (31, n. 99).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
5. Till. til þál. um að gera Bolungavíkurhöfn að öruggu skipalægi (19).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Till. til þál. um viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn (34).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um endurskoðun á lögum um alþýðutryggingar, nr. 26 1. febr. 1936 (23).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa Efra-Hvol í Rangárvallasýslu (79, n. 324).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
9. Till. til þál. um styrk til fóðurbætiskaupa vegna óþurrkanna sumarið 1937 (88).
   Nefndarálit kom ekki.

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Sp.: Fjárveitinga-, utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir.
Ed.: Fjárhagsnefnd.

10. Till. til þál. um verð á síldarmjöli til fóðurbætis (124).
Nefndarálit kom ekki.
11. Till. til þál. um þátttöku í alþjóða-hafrannsóknum (83, n. 419 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Bjarni Bjarnason.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
12. Till. til þál. um breyt. á löggjöf um héraðsskóla (98, n. 323).
Frsm.: Bjarni Bjarnason.
13. Till. til þál. um rannsókn jarðhitans á Íslandi (337, n. 418 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
14. Till. til þál. um innheimtu og endurgreiðslu berklavarnagjalds fyrir 1936 (220).
Nefndarálit kom ekki.
15. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði (197).
Nefndarálit kom ekki.

2. *Utanríkismálanefnd:*
Bergur Jónsson,
Ólafur Thors,
Bjarni Ásgeirsson,
Jóhann Jósefsson,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Jónas Jónsson, formaður,
Garðar Þorsteinsson.

3. *Kjörbréfanefnd:*
Bergur Jónsson,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Einar Árnason, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Vilmundur Jónsson.
Nefndin rannsakaði kjörbréf 4. (vara)þm. Reykv., Jóhanns G. Möllers, svo og kjörbréf 11. landsk. (vara)þm., Árna Jónssonar. Um bæði þessi kjörbréf lét nefndin uppi munnlegt álit.

4. *Þingfararkaupsnefnd:*
Ingvar Pálmason,
Sigurður E. Hlíðar,
Finnur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson, fundaskrifari,
Páll Zóphóníasson, formaður.

B.

Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari,
Magnús Jónsson,
Jón Baldvinsson, formaður.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um fasteignamat (10, n. 97).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (28, n. 273).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
3. Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (33).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1935 (29, n. 84).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
5. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (26).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð (80, n. 111).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (117).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga (142, n. 219).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
9. Frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl. (167, n. 221).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (146, n. 203).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
11. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1938 með viðauka (138, n. 306).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
12. Frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit (210, n. 333).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (271, n. 403).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
14. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar (228, n. 443).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Páll Hermannsson, formaður,
   Magnús Guðmundsson. fundaskrifari,*
   Páll Zóphóníasson.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 422 (frsm.: Gísli Sveinsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Páll Zóphóníasson, formaður,
   Þorsteinn Þorsteinsson,
   Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (13, n. 38).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.

* Frá 25/11 í hans stað Árni Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands (14, n. 48 (meiri hl.) og 53 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Páll Zóphóníasson.
   Frsm. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um bændaskóla (92, n. 165).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Frv. til l. um ýmsar bráðabirgðaráðstafanir vegna skulda þeirra bænda, er fyrir tjóni verða eða hafa orðið af völdum mæðiveikinnar (87).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (57, n. 356 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk (147, n. 347).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (313, n. 345 (1. minni hl.) og 362 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
   Frsm. 2. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

Nefndin flutti:

Till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um lax- og silungsveiði (321).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum (8, n. 200 (meiri hl.) og 209 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (2, n. 71).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. apríl 1937, um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (4, n. 54).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til l. um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn (27, n. 168 (1. minni hl.) og 254 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
5. Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands (32, n. 282).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til l. um rekstrarlánafélög (35, n. 204 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og menntamálanefndir.

7. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa, stækka og starfrækja síldarbræðsluverksmiðjuna á Norðfirði (47).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski (63, n. 112).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
9. Frv. til l. um síldarverksmiðju á Sauðárkróki (104).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins (161, n. 255 (1. minni hl.), n. 256 (2. minni hl.) og 267 (3. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Ingvar Pálmason.
    Frsm. 2. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
    Frsm. 3. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (172, n. 232).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
12. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (182, n. 312).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
13. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa, stækka og reka síldarbræðsluverksmiðjuna á Húsavík (217).
    Nefndarálit kom ekki.
